

# ALÞINGISTÍÐINDI

2013

HUNDRAÐ FERTUGASTA OG ANNAÐ  
LÖGGJAFARÞING

B

UMRÆÐUR

*Skrifstofa Alþingis hefur annast útgáfu Alþingistíðindanna á vef.*

## ÞINGSETNINGARFUNDUR

fimmtudaginn 6. júní

Árið 2013, fimmtudaginn 6. júní, var hundrað fertugasta og annað löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og sjöunda aukaféing í röðinni en hundrað fimmtugasta og sjöunda samkoma frá því er Alþingi var endur-reist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu, anddyri Skálans, kl. 1.10 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, predikaði. Séra Hjálmar Jónsson, sóknarprestur í Dómkirkjunni, þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands. Frú Agnes lagði út af Lúkasarguðspjalli 12:13–21.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.,
2. Árni Þór Sigurðsson, 8. þm. Reykv. n.,
3. Ásmundur Einar Daðason, 3. þm. Norðvest.,
4. Ásmundur Friðriksson, 7. þm. Suðurk.,
5. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. n.,
6. Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.,
7. Bjarkey Gunnarsdóttir, 9. þm. Norð aust.,
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Suðvest.,
9. Björt Ólafsdóttir, 6. þm. Reykv. n.,
10. Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Norð aust.,
11. Brynjar Níelsson, 5. þm. Reykv. n.,
12. Einar K. Guðfinnsson, 2. þm. Norðvest.,
13. Elín Hirst, 13. þm. Suðvest.,
14. Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.,
15. Eygló Harðardóttir, 2. þm. Suðvest.,
16. Frosti Sigurjónsson, 2. þm. Reykv. n.,
17. Guðbjartur Hannesson, 5. þm. Norðvest.,
18. Guðlaugur Þór Þórðarson, 7. þm. Reykv. s.,
19. Guðmundur Steingrímsson, 7. þm. Suðvest.,
20. Gunnar Bragi Sveinsson, 1. þm. Norðvest.,
21. Hanna Birna Kristjánsdóttir, 1. þm. Reykv. s.,
22. Haraldur Benediktsson, 4. þm. Norðvest.,
23. Haraldur Einarsson, 8. þm. Suðurk.,
24. Helgi Hrafn Gunnarsson, 10. þm. Reykv. n.,
25. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.,
26. Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norð aust.,
27. Illugi Gunnarsson, 1. þm. Reykv. n.,
28. Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.,
29. Jón Gunnarsson, 6. þm. Suðvest.,
30. Jón Þór Ólafsson, 10. þm. Reykv. s.,
31. Karl Garðarsson, 8. þm. Reykv. s.,
32. Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
33. Katrín Júlíusdóttir, 11. þm. Suðvest.,
34. Kristján Þór Júlíusson, 2. þm. Norð aust.,
35. Kristján L. Möller, 7. þm. Norð aust.,

Alþt. 2013. B. (142. lögjafarþing).

36. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.,
37. Líneik Anna Sævarsdóttir, 5. þm. Norð aust.,
38. Oddný G. Harðardóttir, 6. þm. Suðurk.,
39. Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.,
40. Páll Valur Björnsson, 10. þm. Suðurk.,
41. Páll Jóhann Pálsson, 5. þm. Suðurk.,
42. Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.,
43. Ragnheiður E. Arnardóttir, 2. þm. Suðurk.,
44. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 3. þm. Suðvest.,
45. Róbert Marshall, 6. þm. Reykv. s.,
46. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 1. þm. Norð aust.,
47. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 3. þm. Reykv. s.,
48. Sigrún Magnúsdóttir, 7. þm. Reykv. n.,
49. Sigurður Ingi Jóhannsson, 1. þm. Suðurk.,
50. Silja Dögg Gunnarsdóttir, 3. þm. Suðurk.,
51. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norð aust.,
52. Svandís Svavarsdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
53. Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.,
54. Valgerður Bjarnadóttir, 11. þm. Reykv. n.,
55. Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norð aust.,
56. Vigdís Hauksdóttir, 2. þm. Reykv. s.,
57. Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Suðurk.,
58. Vilhjálmur Bjarnason, 9. þm. Suðvest.,
59. Willum Þór Þórsson, 5. þm. Suðvest.,
60. Þorsteinn Sæmundsson, 10. þm. Suðvest.,
61. Þórunn Egilsdóttir, 8. þm. Norð aust.,
62. Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest.,
63. Össur Skarphéðinsson, 4. þm. Reykv. n.

### Forseti Íslands setur þingið.

[14:08]

#### Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Gefið hefur verið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 6. júní 2013.

Um leið og ég birti þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni er hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 3. júní 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 6. júní 2013.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Vonir fólksins fylgja ykkur sem nú myndið nýjan þingheim og berið næstu árin æstu ábyrgð sem lýðræði og stjórnskipun landsins færa kjörnum fulltrúum.

Að baki er erfið glíma, endurreisn efnahagslífsins í kjölfar áfalla sem voru einstæð í sögu þjóðar, tími átaka og umsáturs um Alþingishúsið, vetrarnætur þegar eldar brunnu á Austurvelli og víggirðing lögreglunnar skipti sköpum um öryggi alþingismanna. Þær stundir verða um aldir greypnar í

minni okkar Íslendinga, áminning og viðvörðun um að lýðræðið er brothætt. Bregðist traustið getur grasflötin hér úti á skammri stundu breyst í völl andófs og átaka.

Það er kannski mest um vert, allra verka síðasta kjörtímabils, að friðsæld hins íslenska samfélags var endurheimt, að þjóðin gekk í vor til kosninga með sama hætti og löngum var aðalsmerki okkar lýðveldis og forustusveitir flokkanna gátu gefið sér góðan tíma til myndunar nýrrar ríkisstjórnar.

Og um leið og ég býð alla, einkum þá sem kjörnir eru í fyrsta sinn, velkomna til þings og óska nýjum ráðherrum farsældar færi ég fráfarandi ríkisstjórn og Alþingi þakkar fyrir störf þeirra á undanförunum árum. Þótt verkin væru mörg hver umdeild og orðræðan hér í salnum oft ærið hvöss sýnir svipmót kosninganna, stjórnarmyndunar og setningar Alþingis nú að lýðræðisskipan okkar Íslendinga stóð af sér veðrin. Það tókst að varðveita kjarna hennar, hið friðsæla samfélag sem veitir vilja fólksins öruggan farveg til að breyta um stefnu og velja nýja fulltrúa.

Stjórnskipun landsins, stjórnarskrá lýðveldisins, hefur greitt götu endurnýjunar Alþingis, bæði nú og fyrir fjórum árum, á svo afgerandi hátt að einsdæmi er í sögu okkar og víðar í Evrópu. Þorri alþingismanna er ýmist nýr eða með fáein þingár að baki. Það sýnir ásamt öðru, líkt og ég hef ítrekað á undanförunum árum í nýársávörpum til þjóðarinnar og við embættistöku forseta, að lýðveldisstjórnarskráin sem gildi tók á Þingvöllum 1944 og var endurbætt nokkrum sinnum í breiðri sátt hefur bæði staðist eldraun hrunsins og verið farvegur breytinga.

Þótt bæta megi hana enn, svo sem með ákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslur, þjóðareign á auðlindum og aukid sjálfstæði dómstóla, hefur hún reynst traustur rammi um þá lýðræðisskipan sem Íslendingar kjósa helst, skapaði fyrir fjórum árum leið til stjórnarskipta og nýrra kosninga, gaf stjórnvöldum svigrúm til að verða við kröfum mótmælenda, veitti rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu um ágreiningsefni, gaf fjölda nýrra flokka tækifæri til að afla sér fylgis, skilaði einstæðri endurnýjun á Alþingi og nýrri ríkisstjórn með hefðbundnum hætti.

Eftir umrót liðinna ára er hin lýðræðislega stjórnskipun lýðveldisins á ný föst í sessi, vilji fólksins hreyfiáfl þess sem gera skal en líka vísbending um varðveislu hins sem mestu skiptir.

Alþingiskosningarnar skiluðu mikilvægum boðskap um stjórnarskrána og reyndar einnig skýrri niðurstöðu um framtíðarskipan fullveldisins. Afgerandi meiri hluti hins nýkjörna þings er bundinn heiti um að Ísland verði utan Evrópusambandsins og málið fært í hendur þjóðarinnar.

Á vissan hátt var eðlilegt að Alþingi skyldi fyrir fjórum árum, þegar örlagaþrungin óvissa ríkti í efnahagslífi okkar og hins vestræna heims, sjá kosti í aðildarviðræðum við Evrópusambandið, einkum vegna evrunnar sem þá virtist búa að styrk. En nú blasir við annar veruleiki, enginn veit hvernig Evrópusambandið kann að þróast og evrusvæðið býr við dýpri kreppu en löndin í norðanverðri Evrópu, Ameríku og Asíu.

Viðræðurnar við Ísland hafa líka gengið afar hægt, nú þegar staðið lengur en þegar norrænu EFTA-ríkin, Svíþjóð og Finnland, áttu í hlut. Kjörtímabilinu lauk án þess að

hreyft væri við þeim efnisþáttum sem mestu máli skipta fyrir okkur Íslendinga. Þessi atburðarás og reyndar líka viðræður mínar við fjölmarga evrópska áhrifamenn hafa sannfært mig um að þrátt fyrir vinsamlegar yfirlýsingar sé í raun ekki ríkur áhugi hjá Evrópusambandinu á því að ljúka á næstu árum viðræðum við okkur.

Ástæðurnar eru frá sjónarhóli sambandsins sjálfs að mörgu leyti skiljanlegar. Norræn lýðræðisþjóð felldi aðildarsamning tvisvar í þjóðaratkvæðagreiðslum og áfall yrði ef slíkt gerðist í þriðja sinn með höfnun Íslendinga. Þá virðast litlar líkur á þróun varanlegrar sjávarútvegsstefnu sem Íslendingar teldu þjóna sínum hagsmunum. Þar að auki telja ýmis aðildarríki nær að sigrast fyrst á núverandi erfiðleikum sambandsins áður en farið væri að koma til móts við kröfur Íslendinga.

Því er í senn ábyrgt og nauðsynlegt að deila þeirri sýn með þingi og þjóð að litlu kann að skipta hvort Ísland kys að halda viðræðum áfram, mótaðilann virðist í reynd skorta getu eða vilja til að ljúka þeim á næstu árum.

Við Íslendingar eigum þó engu að síður að gleðjast yfir því að staða okkar á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu er nú traustari en nokkru sinni, ofin sterkum böndum bandalaga og samstarfs við næstu nágranna og öll helstu ríki heims. Norrænt samstarf verður sífellt víðtækara eins og nýleg heimsókn forseta Finnlands sýndi glöggt, aðild að Atlantshafsbandalaginu, EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu áfram vitnisburður um trausta vináttu við lýðræðisríkin í Evrópu og Norður-Ameríku.

Nýlegar breytingar á Norðurskautsráðinu hafa og leitt til þess að tíu af stærstu efnahagskerfum heims, Bandaríkin, Rússland, Kína, Indland, Japan, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Bretland og Kanada, munu framvegis ásamt okkur, öðrum norrænum þjóðum og fleiri ríkjum koma þar saman til að móta farsæla, ábyrga og sjálfbæra framtíð norðurslóða. Þessar breytingar færa Íslandi fjölda nýrra tækifæra. Við eigum efnisrík erindi við allar helstu áhrifaþjóðir heims og þær leita ákaft eftir nánara samstarfi við okkur.

Við erum í reynd að verða vitni að sögulegum þáttaskilum. Ísland er komið í alfaraleið nýs áhrifasvæðis þar sem glíman um loftslagsbreytingar og aukna hagsæld verður einkum háð. Norðrið, heimaslóðir okkar, nú vegvísir um örlög allra jarðarbúa.

Ákvarðanir hins nýja Alþingis munu því skipta miklu, bæði fyrir Íslendinga og okkar góðu granna, Grænlandinga og Færeyinga, en líka fyrir sess okkar í samfélagi þjóða heims.

Alþingi varðaði á sínum tíma veginn að fullu sjálfstæði þjóðarinnar, færði með útfærslu landhelginnar landsmönnum forræði á auðlindum hafsins, lagði grundvöll að velferð og framförum sem hafa þrátt fyrir áföll skilað okkur í fremstu röð. Á þessari vegferð, við mótun arfleifðar sem nú er í ykkar höndum, nýkjörnu þingmenn, hefur það verið gæfa Íslendinga að þegar á reyndi réð samstaðan för, ágreiningi var ýtt til hliðar og gagnkvæm virðing fyrir ólíkum áherslum gerði flokkum og fylkingum kleift að taka höndum saman um brýnustu hagsmuni þjóðarinnar.

Þess er einnig þörf nú, áskorun sem bíður ykkar, prófsteinn sem úrslitum ræður um virðingu þessarar stofnunar. Samstaða í krafti þjóðarvilja er æðsta skylda Alþingis.

Í anda hennar bið ég alþingismenn að rísa úr sætum og minnst ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og forsætisráðherra, **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lífi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég í fjarveru starfsaldursforseta hv. 2. þm. Norðvesturkjördæmis, Einar K. Guðfinnsson, 2. starfsaldursforseta, að ganga til forsetastóls.

[Strengjakvartett flutti lagið *Hver á sér fegra föðurland.*]

### *Ávarp aldursforseta.*

[14:25]

#### **Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Ég býð alla hv. alþingismenn sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 27. apríl 2013 velkomna til starfa á Alþingi. Sérstaklega býð ég velkomna nýkjörna alþingismenn sem ekki áttu hér fast sæti þegar Alþingi lauk störfum í aprílmánuði sl. Ég vil láta í ljós þá von að störf þessa nýkjörna þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

### *Minning Hreggviðs Jónssonar.*

[14:26]

#### **Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Nú verður minnst látins fyrrverandi alþingismanns. Hreggviður Jónsson, framkvæmdastjóri og fyrrverandi alþingismaður, lést á sjúkrahúsi í Bandaríkjunum fyrsta sumardag, hinn 25. apríl sl. Hann var á sjötugasta aldursári.

Hreggviður Jónsson var fæddur í Reykjavík 26. desember 1943. Foreldrar hans voru Jón Guðjónsson vélstjóri og kona hans Kristín Pálsdóttir húsmóðir.

Hreggviður lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1965 og hóf þá nám í lögfræði við Háskóla Íslands, en hvarf síðar frá námi. Hann var þá þegar orðinn virkur þátttakandi í félagslífi og á vinnumarkaði sem framkvæmdastjóri ýmissa félagasamtaka. Frá árinu 1981 og fram til þess tíma að hann var kjörinn alþingismaður 1987 var hann framkvæmdastjóri Skálatúnshemililísins. Eftir að þingsetu lauk 1991 starfaði Hreggviður við heilðsölu meðan starfskraftar leyfðu, en hann bjó við allnokkra vanheilsu á seinni árum.

Lengst og mest léði Hreggviður Jónsson krafta sína íþróttahreyfingunni, knattspyrnu og skíðaíþróttum, svo og íslensku ólympíunefndinni. Hann var einlægur bindindismaður og lét áfengisvarnamál til sín taka. Umhverfismál og ferðamál voru honum hjartfólgin og sjálfur var hann mikill útivistarmaður.

Hreggviður varð snemma handgenginn Albert Guðmundssyni innan íþróttahreyfingarinnar og í stjórnmálum og er Albert klauf sig frá Sjálfstæðisflokknum fyrir kos-

ingarnar 1987 fylgdi Hreggviður honum að málum og varð þingmaður Borgaraflokksins í fjögur ár, sat á fjórum þingum alls. Eftir brotthvarf Alberts úr stjórnmálum klofnaði Borgaraflokkurinn og stofnaði Hreggviður þá þingflokk, Frjálslynda hægri flokkinn, ásamt Inga Birni Albertssyni, en síðar gengu þeir til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Hreggviður náði ekki þingsæti við kosningarnar 1991.

Eins og heyra má kom Hreggviður Jónsson víða við á starfsævi sinni, var þjóðþekktur maður og vinmargur. Hann vildi hafa líf og fjör í kringum sig og umfram allt láta gott af sér leiða. Þótt hann hyrft af vettvangi stjórnmála á góðum aldri lét hann að sér kveða og skrifaði meðal annars greinar í blöð sem eftir var tekið fyrir skýran málflutning. Hreggviður Jónsson skilur eftir sig góðar minningar hjá þeim sem með honum störfuðu á Alþingi.

Ég bið þingheim og gesti að minnst Hreggviðs Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[Strengjakvartett flutti lagið *Ísland ögrum skorið.* ]

### **Kosning kjörbréfanefndar.**

Kjörbréfanefnd var svo skipuð:

Birgir Ármannsson (A),  
Össur Skarphéðinsson (B),  
Vigdís Hauksdóttir (A),  
Unnur Brá Konráðsdóttir (A),  
Árni Þór Sigurðsson (B),  
Silja Dögg Gunnarsdóttir (A),  
Páll Valur Björnsson (B),  
Höskuldur Þórhallsson (A),  
Helgi Hrafn Gunnarsson (B).

[14:31]

#### **Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þingskapa skal nú kjósa nú þingmenn í nefnd til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

Borist hefur listi sem á eru nöfnin Birgir Ármannsson, Össur Skarphéðinsson, Vigdís Hauksdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Páll Valur Björnsson, Höskuldur Þórhallsson og Helgi Hrafn Gunnarsson.

Þar sem ekki eru fleiri tilnefndir en kjósa skal lýsi ég áðurnefnda alþingismenn réttkjörna í kjörbréfanefnd.

Kjörbréfanefnd fer nú til starfa. Þessum þingfundi verður brátt frestað og vil ég biðja þingmenn og gesti að þiggja veitingar í tilefni dagsins í Skála Alþingis. Ég bið hæstvforsætisráðherra að ganga fremstan með mér úr salnum til Skála.

Fundi frestað kl. 14:32.

## ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

fimmtudaginn 6. júní,  
kl. 4 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 82. gr. þingskapa.
3. Kosning í fastanefndir og alþjóðanefndir skv. 13., 14. og 35. gr. þingskapa.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

### Fjarvistarleyfi:

Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.  
Illugi Gunnarsson menntmrh., 1. þm. Reykv. n.  
Kristján L. Möller, 7. þm. Norðaust.  
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.  
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.  
Valgerður Bjarnadóttir, 11. þm. Reykv. n.

### Rannsókn kjörbréfa.

[16:03]

#### Frsm. kjörbn. (Birgir Ármannsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir álit og tillögum kjörbréfanefndar sem hefur verið lagt fram í þingsalnum og þingmenn hafa á borðum fyrir framan sig. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar þau kjörbréf sem landskjörstjórn gaf út 6. maí síðastliðinn í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fóru fram 27. apríl 2013. Innanríkisráðuneytið hefur í samræmi við fyrirsmáli laga sent Alþingi alls 65 ágreiningsatkvæði til meðferðar og nefndinni bærust samtals níu kærur, samanber 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Ég ætla að hlaupa mjög stutt á þeim þáttum. Ég vildi geta þess að kjörbréfanefnd átti fund hér fyrir í dag en fulltrúar allra flokka hafa hins vegar unnið að undirbúningi málsins undanfarna daga. Þeir hafa haldið eina þrjá fundi um það og farið nokkuð ítarlega í gegnum málið fyrir daginn í dag til þess að vinna í haginn, en sú niðurstaða sem liggur fyrir hér er álitid sem nefndin komst að að loknum fundi sínum í dag.

Það er um ágreiningsatkvæðin að segja að þau eru af ýmsum toga. Ég ætla ekki að rekja í smáatriðum hvernig þeir ágallar voru sem höfðu valdið því að yfirkjörstjórnir höfðu ekki náð saman um niðurstöðu hvað það varðar og ýmist úrskurðað atkvæðin gild eða ógild. Það sem skiptir kannski mestu máli í því er að þrátt fyrir nokkurn fjölda ágreiningsatkvæða var alveg ljóst frá upphafi í starfi nefndarinnar að ágreiningsatkvæðin hefðu engu breytt til eða frá um niðurstöður kosninganna. Við fjölluðum í rauninni um þetta, ekki út frá því að það gæti með nokkrum hætti haft áhrif á úthlutun þingsæta eða þess háttar sem áður hafði verið gerð grein fyrir, en við fjölluðum hins vegar um það

efnislega í því skyni að það gæti hugsanlega skapað fordæmi og í samræmi við skyldur kjörbréfanefndar lögum samkvæmt.

Þarna var um ræða að í allnokkrum tilvikum, og flestum tilvikum, voru niðurstöður yfirkjörstjórna staðfestar eða kjörbréfanefnd komst að sömu niðurstöðu og yfirkjörstjórnir, en í nokkrum tilvikum var mat kjörbréfanefndar annað. Ég vildi kannski fyrst og fremst, án þess að fara nánar út í einstök dæmi eða einstök álit eða álitamál sem upp komu að því leyti, geta þess að það var mat okkar í kjörbréfanefnd að æskilegt væri að vinnulag væri samræmt betur milli kjördæma en raunin virðist vera. Eins og það birtist okkur í kjörbréfanefnd hefur að nokkru leyti verið um að ræða mismunandi framkvæmd og mismunandi mat af hálfu yfirkjörstjórna eða einstökum kjördæmum og það var okkar álit að æskilegt væri að þarna væri um meiri samræmingu að ræða.

Kosningakærur voru allnokkrar eins og ég gat um áðan. Án þess að fara ítarlega í það sem er að finna í nefndarálitinu vil ég geta þess að það var mat okkar í kjörbréfanefnd að kærurnar gæfu ekki tilefni til að breyta með nokkrum hætti niðurstöðum kosninganna. Kærurnar lúta í mörgum atriðum að málum sem eiga ekki beinlínis heima undir mat Alþingis heldur ber að kæra til lögreglu samkvæmt kosningalögum. Þau atriði munu hafa verið kærð til lögreglu og er þá hennar að meta hvort þeir annmarkar, meintu annmarkar á framkvæmd kosninganna sem getið er um, gefi tilefni til einhverrar rannsóknar. Það er alla vega ekki atriði sem kjörbréfanefnd taldi í sínum verkahring að fjalla um. Í öðrum tilvikum er um að ræða atriði sem snúast ekki beinlínis um að kosningarnar eða framkvæmd þeirra, ákvarðanir yfirvalda í því sambandi, væru í bága við lög heldur er fyrst og fremst verið að kvarta yfir lögnum, kosningalögnum. Það má segja að þar sé um að ræða atriði sem kjörbréfanefnd tekur að sjálfsgöðu ekki afstöðu til. Vilji menn breyta lögnum þarf að fara aðrar leiðir til þess þannig að þau atriði sem snúa fyrst og fremst að ákvæðum í kosningalögnum komu ekki til skoðunar af okkar hálfu.

Til þess að drepa á helstu atriðin sem var verið að kvarta yfir eða kæra var í fyrsta lagi kvörtun sem laut að því að úthlutun þingsæta væri ekki í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Er það atriði sem hefur áður komið til kasta kjörbréfanefndar og eins og áður komst kjörbréfanefnd að þeirri niðurstöðu að jafnræðisreglan í 65. gr. breytti ekki þeirri sérreglu sem má finna í 31. gr. stjórnarskrárinnar þar sem er gert ráð fyrir ákveðnu misvægi. Það atriði sem slíkt telur kjörbréfanefnd ekki að varði ógildi kosninganna.

Í annan stað voru kærutíðni sem lútu að ýmsum verkagsreglum og framkvæmd á kjörstað og fleira þess háttar. Um þau segjum við sem svo að þau heyri ekki undir úrskurð kjörbréfanefndar en við tökum þó undir það að með sama hætti og í sambandi við ágreiningsatkvæðin sé æskilegt að verklag og framkvæmd séu samræmd meira milli kjördæma og kjörstaða en verið hefur og komum á framfæri almennri ábendingu um það sem er að finna í nefndarálitinu.

Í þriðja lagi voru allnokkrar kærur, fimm kærur, sem voru nokkurn veginn samhljóða og fjölluðu um mörg atriði,

bæði hvað varðar framkvæmd og annað. Það má segja að það sem var nýtt í þeim kærum sé að einstaklingar kærdðu að þeim hefði verið meinað að bjóða fram sem einstaklingar eða persónur í kosningunum en kjörstjórnir höfðu, eins og hv. þingmenn þekkjá, gert kröfu um að menn legðu fram framboðslista. Þetta er atriði sem hefur verið nokkuð til umfjöllunar í fjölmiðlum og var niðurstaða kjörbréfanefndar að ekki væri tilefni til þess að komast að annarri niðurstöðu en kjörstjórnir og önnur yfirvöld um atriðið, þ.e. að framboð einstaklinga í eigin nafni og án þess að þeir væru á listum gætu ekki talist gild. Við vorum í raun og veru, þó að við séum ekki beinlínis að staðfesta niðurstöður kjörstjórna, að komast að sambærilegri niðurstöðu og kjörstjórnir, landskjörstjórn, um það atriði.

Fjórða atriðið sem ég vildi nefna er nafnlaus kæra sem barst vegna óhæfilegs eða óleyfilegs kosningaráróðurs sem hinn nafnlausí kærandi taldi að varðaði kosningaspjöll. Við veltum því nokkuð fyrir okkur hvort við ættum yfir höfuð að taka afstöðu til nafnlausrar kæru en athuguðum hins vegar í því sambandi að kjörbréfanefnd og þingið sem slíkt getur tekið afstöðu til ágalla á kosningum og kosningaframkvæmd þó að ekki sé sérstaklega kært út af þeim atriðum. Þannig að þó að maður hafi kannski tilhneigingu til þess að horfa fram hjá nafnlausu kærinni er kæra ekki skilyrði þess að Alþingi taki álitaefni til meðferðar. Við gerðum það og komumst að þeirri niðurstöðu að ekkert tilefni væri til þess að ógilda kosningarnar á þeim grundvelli að hafður hefði verið í frammi óleyfilegur áróður. Við fórum sem sagt ekki í rannsókn á því hvort kosningaloforð einstakra flokka eða einstakra framboðenda væru raunhæf eða framkvæmanleg eða fælu í sér óleyfileg loforð til einstakra einstaklinga eða hópa.

Síðasta atriðið sem við tókum afstöðu til varðaði það að kosningum og kosningalögum hefði ekki verið breytt til samræmis niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október því að eins og menn muna var þar fjallað um atriði sem snerta kosningalögin. Jafnframt var í því erindi krafa um að nýkjörð Alþingi samþykki breytingar á kosningalögum til samræmis við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Það er auðvitað, eins og hv. þingmenn átta sig á, pólitískt atriði en ekki atriði sem kjörbréfanefnd getur kveðið upp úrskurð um, það á ekki undir úrskurð Alþingis miðað við kosningalögin. Vilji menn fylgja því máli eftir með pólitískum hætti er það auðvitað undir hverjum og einum komið að fylgja því eftir en kjörbréfanefnd sem slík tekur ekki afstöðu til þess eða ógildir ekki kosningar eða kjörbréf einstakra þingmanna á þeim forsendum.

Í niðurlagsorðum nefndarálits er að finna vangaveltur af hálfu nefndarinnar. Nú er kjörbréfanefnd auðvitað fyrst og fremst ætlað að skera úr um gildi kjörbréfa, en fyrir því eru fordæmi að kjörbréfanefnd hafi látið í ljós sjónarmið og það er gert í þessu tilviki. Fram kemur að nefndin telur að það sé að mörgu að huga í sambandi við endurskoðun kosningalaga og nefnir að almenn endurskoðun kosningalaga sé æskileg. Jafnframt nefnum við það í nefndaráliti kjörbréfanefndar að innan nefndarinnar og í þeim umræðum sem áttu sér stað á þeim vettvangi var rætt um frekari jöfnun atkvæðisréttar. Innan nefndarinnar var bent á að með breytingum á kosningalögum mætti jafna atkvæðisrétt milli kjör-

dæma og milli stjórnmalasamtaka meira en er í núgildandi kosningalögum. Þær vangaveltur koma fyrst og fremst til vegna þess að í nýliðnum kosningum var nokkuð meiri munur milli framboða en verið hefur. Við þekkjum muninn sem er milli kjördæma, og stjórnarskrá og kosningalög gera ráð fyrir því, en eins og úrslit féllu í þessum kosningum, sennilega aðallega vegna fjölda framboða, verður nokkuð meiri munur milli framboða en gert er ráð fyrir í stjórnarskránni og við bendum á að leiðir séu í kosningalögum til þess að koma til móts við þau atriði.

Ég verð þó að geta þess að innan nefndarinnar var álítamál hvort nefndin ætti að fara út í vangaveltur af því tagi, ég tel rétt að geta þess hér. Við lögðum hins vegar áherslu á að reyna að ná sem bestri samstöðu um niðurstöðuna og ég held að orðalagið í textanum endurspeglar að komið hafi verið til móts við athugasemdir sem vörðuðu þau atriði.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég vil bara geta þess að nefndin stendur saman að því að leggja til í samræmi við 46. gr. stjórnarskránnar og 2. mgr. 1. gr., samannber 5. gr., laga um þingsköp Alþingis að alþingiskosningarar 27. apríl teljist gildar og að kjörbréf aðalmanna og varamanna verði samþykkt eins og þeir eru tilgreindir í álitu og tillögum nefndarinnar sem hefur verið lagt fram.

Undir þetta álit rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Vigdís Hauksdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Óssur Skarphéðinsson, Árni Þór Sigurðsson, Páll Valur Björnsson, Helgi Hrafn Gunnarsson og Höskuldur Þórhallsson.

Kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna voru þar með samþykkt:

#### *Aðalmenn:*

Gunnar Bragi Sveinsson, 1. þm. Nv.  
Einar K. Guðfinnsson, 2. þm. Nv.  
Ásmundur Einar Daðason, 3. þm. Nv.  
Haraldur Benediktsson, 4. þm. Nv.  
Guðbjartur Hannesson, 5. þm. Nv.  
Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Nv.  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Nv.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Nv.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 1. þm. Na.  
Kristján Þór Júlíusson, 2. þm. Na.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Na.  
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Na.  
Líneik Anna Sævarsdóttir, 5. þm. Na.  
Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Na.  
Kristján L. Möller, 7. þm. Na.  
Þórunn Egilsdóttir, 8. þm. Na.  
Bjarkey Gunnarsdóttir, 9. þm. Na.  
Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Na.

Sigurður Ingi Jóhannsson, 1. þm. Su.  
Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Su.  
Silja Dögg Gunnarsdóttir, 3. þm. Su.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Su.  
Páll Jóhann Pálsson, 5. þm. Su.

Oddný G. Harðardóttir, 6. þm. Su.  
 Ásmundur Friðriksson, 7. þm. Su.  
 Haraldur Einarsson, 8. þm. Su.  
 Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Su.  
 Páll Valur Björnsson, 10. þm. Su.

Bjarni Benediktsson, 1. þm. Sv.  
 Eygló Harðardóttir, 2. þm. Sv.  
 Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 3. þm. Sv.  
 Árni Páll Árnason, 4. þm. Sv.  
 Willum Þór Þórsson, 5. þm. Sv.  
 Jón Gunnarsson, 6. þm. Sv.  
 Guðmundur Steingrímsson, 7. þm. Sv.  
 Ögmundur Jónasson, 8. þm. Sv.  
 Vilhjálmur Bjarnason, 9. þm. Sv.  
 Þorsteinn Sæmundsson, 10. þm. Sv.  
 Katrín Júlíusdóttir, 11. þm. Sv.  
 Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Sv.  
 Elín Hirst, 13. þm. Sv.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, 1. þm. Rs.  
 Vigdís Hauksdóttir, 2. þm. Rs.  
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 3. þm. Rs.  
 Pétur H. Blöndal, 4. þm. Rs.  
 Svandís Svavarsdóttir, 5. þm. Rs.  
 Róbert Marshall, 6. þm. Rs.  
 Guðlaugur Þór Þórðarson, 7. þm. Rs.  
 Karl Garðarsson, 8. þm. Rs.  
 Helgi Hjörvar, 9. þm. Rs.  
 Jón Þór Ólafsson, 10. þm. Rs.  
 Óttarr Proppé, 11. þm. Rs.

Illugi Gunnarsson, 1. þm. Rn.  
 Frosti Sigurjónsson, 2. þm. Rn.  
 Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Rn.  
 Össur Skarphéðinsson, 4. þm. Rn.  
 Brynjar Níelsson, 5. þm. Rn.  
 Björt Ólafsdóttir, 6. þm. Rn.  
 Sigrún Magnúsdóttir, 7. þm. Rn.  
 Árni Þór Sigurðsson, 8. þm. Rn.  
 Birgir Ármannsson, 9. þm. Rn.  
 Helgi Hrafn Gunnarsson, 10. þm. Rn.  
 Valgerður Bjarnadóttir, 11. þm. Rn.

#### Varamenn:

Sigurður Páll Jónsson, 1. vþm. Framsfl. í Nv.  
 Anna María Elíasdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Nv.  
 Jón Árnason, 3. vþm. Framsfl. í Nv.  
 Halldór Logi Friðgeirsson, 4. vþm. Framsfl. í Nv.  
 Ólína Þorvarðardóttir, 1. vþm. Samf. í Nv.  
 Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Nv.  
 Sigurður Örn Ágústsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Nv.  
 Lárus Ástmar Hannesson, 1. vþm. Vinstri gr. í Nv.

Preben Pétursson, 1. vþm. Bjartrar fr. í Na.  
 Hjálmar Bogi Hafliðason, 1. vþm. Framsfl. í Na.  
 Guðmundur Gíslason, 2. vþm. Framsfl. í Na.  
 Katrín Freysdóttir, 3. vþm. Framsfl. í Na.

Bjarnveig Ingvadóttir, 4. vþm. Framsfl. í Na.  
 Erna Indriðadóttir, 1. vþm. Samf. í Na.  
 Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Na.  
 Jens Garðar Helgason, 2. vþm. Sjálfstfl. í Na.  
 Edward H. Huijbens 1. vþm. Vinstri gr. í Na.  
 Ingibjörg Þórðardóttir, 2. vþm. Vinstri gr. í Na.

Guðlaug Elísabet Finnsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Su.  
 Fjóla Hrund Björnsdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Su.  
 Sandra Rán Ásgrímsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Su.  
 Sigrún Gísladóttir, 3. vþm. Framsfl. í Su.  
 Jónatan Guðni Jónsson, 4. vþm. Framsfl. í Su.  
 Björgvin G. Sigurðsson, 1. vþm. Samf. í Su.  
 Geir Jón Þórisson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Su.  
 Oddgeir Ágúst Ottesen 2. vþm. Sjálfstfl. í Su.  
 Sandra Dís Hafþórsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Su.  
 Trausti Hjaltason, 4. vþm. Sjálfstfl. í Su.

Freyja Haraldsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Sv.  
 Sigurjón Norberg Kjærsted 1. vþm. Framsfl. í Sv.  
 Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Sv.  
 Elín Jóhannsdóttir, 3. vþm. Framsfl. í Sv.  
 Björn Leví Gunnarsson, 1. vþm. Pírata í Sv.  
 Magnús Orri Schram 1. vþm. Samf. í Sv.  
 Margrét Gauja Magnúsdóttir, 2. vþm. Samf. í Sv.  
 Óli Björn Kárason, 1. vþm. Sjálfstfl. í Sv.  
 Karen Elísabet Halldórsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Sv.  
 Bryndís Loftsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Sv.  
 Friðjón R. Friðjónsson, 4. vþm. Sjálfstfl. í Sv.  
 Unnur Lára Bryde 5. vþm. Sjálfstfl. í Sv.  
 Rósa Björk Brynjólfssdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Sv.

Brynhildur S. Björnsdóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Rs.  
 Sigrún Gunnarsdóttir, 2. vþm. Bjartrar fr. í Rs.  
 Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Rs.

Jóhanna Kristín Björnsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Rs.  
 Ásta Guðrún Helgadóttir, 1. vþm. Pírata í Rs.  
 Björk Vilhelmsdóttir, 1. vþm. Samf. í Rs.  
 Mördur Árnason, 2. vþm. Samf. í Rs.  
 Sigríður Á. Andersen 1. vþm. Sjálfstfl. í Rs.  
 Áslaug María Friðriksdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rs.  
 Teitur Björn Einarsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Rs.  
 Álfheiður Ingadóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Rs.

Heiða Kristín Helgadóttir, 1. vþm. Bjartrar fr. í Rn.  
 Þorsteinn Magnússon, 1. vþm. Framsfl. í Rn.  
 Fanný Gunnarsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Rn.  
 Halldóra Mogensen, 1. vþm. Pírata í Rn.  
 Skúli Helgason, 1. vþm. Samf. í Rn.  
 Anna Margrét Guðjónsdóttir, 2. vþm. Samf. í Rn.  
 Ingibjörg Óðinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Rn.  
 Elínbjörg Magnúsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rn.  
 Arnar Þórisson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Rn.  
 Steinunn Þóra Árnadóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Rn.  
 Björn Valur Gíslason, 2. vþm. Vinstri gr. í Rn.



**Drengskaparheit unnin.**

[16:18]

**Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Af hinum 27 nýkjörnu alþingismönnum hafa tveir áður setið á Alþingi sem varaþingmenn, einn hinna nýkjörnu þingmanna er ekki viðstaddur svo að 24 nýir þingmenn munu undirrita drengskaparheit á þessum fundi.

[24 þingmenn undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[16:24]

**Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Þeir hv. alþingismenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og ég vil bjóða þá alla sérstaklega velkomna til starfa á Alþingi.

**Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.**

[16:25]

**Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist tilnefning um 2. þm. Norðvest., Einar K. Guðfinnsson. Þá hefur borist önnur tilnefning um Ragnheiði Rikharðsdóttur. Er hreyfð andmæli við því? (RR: Ég er ekki í kjöri.)

Borist hafa andmæli við tilnefningu um Ragnheiði Rikharðsdóttur og er hún því ekki í kjöri til forseta Alþingis samaber 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Einar K. Guðfinnsson er því einn í kjöri. Þar sem aðeins er einn í kjöri er það ætluð forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðsluferfinu. Ef ekki eru athugasemdir við þennan hátt á kosningunni fer atkvæðagreiðslan fram með eftirfarandi hætti: Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega kosningu. Tölflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa nýtt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar.

Þeir sem kjósa Einar K. Guðfinnsson ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult ljós á veggstöflunni.

[16:26]

**Aldursforseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Einar K. Guðfinnsson hefur fengið 48 atkvæði. Fjórði greiða ekki atkvæði, 11 eru fjarverandi. Samkvæmt þessu er Einar K. Guðfinnsson réttkjörinn forseti Alþingis.

**Ávarp forseta.**

[16:27]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Hv. alþingismenn. Ég vil í upphafi þakka fyrir það mikla traust sem mér er sýnt með kjöri sem forseti Alþingis. Á herðar mínar hefur verið lögð sú mikla ábyrgð að hafa forustu um störf þingsins. En þótt segja megji að sá veldur sem á heldur er auðvitað öllum ljóst að til þess að vel takist til þarf að ríkja gott samkomulag um þingstörfin hjá þingmönnum öllum og gagnkvæmt traust stjórnar og stjórnarandstöðu.

Við komum nú saman að loknum alþingiskosningum sem breyttu mjög pólitískum valdahlutföllum í landinu. Þessa mun örugglega sjá stað í störfum þingsins þegar ný ríkisstjórn kynnir áhersluatriði sín í formi þingmála sem eiga eftir að líta dagsins ljós. Slíkar breytingar kalla á umræður eins og eðlilegt er í lýðræðislegu samfélagi þar sem þingið er vettvangur pólitískra skoðanaskipta. Þess má vænta að sumarþingið, sem nú hefur störf, standi ekki ýkja lengi. Í haust komum við svo saman að nýju þar sem gera má ráð fyrir að þingmál nýrrar ríkisstjórnar og áhersluatriði stjórnarandstöðunnar verði grundvöllur pólitískrar umræðu.

Mjög miklar breytingar hafa orðið á skipan Alþingis á undanföllum árum. Síðustu alþingiskosningar leiddu til þess að nú taka 27 nýir þingmenn sæti á Alþingi. Þetta eru 43% þingheims, nær helmingur þingmanna. Í sögulegu samhengi séð eru þetta gríðarlega miklar breytingar. Aðgengilegar tölur um hlutfall nýrra alþingismanna ná um 80 ár aftur í tímann, þ.e. frá árinu 1933. Fram að síðustu alþingiskosningum voru nýir þingmenn sem settust á þing að jafnaði um 28% þingmanna. Í síðustu þrennum kosningum hefur þetta hlutfall þó verið miklu hærra. Þannig voru nýir þingmenn um 38% eftir alþingiskosningar 2007 og tæp 43% tveimur árum síðar, árið 2009. Í dag eru á Alþingi einungis 11 þingmenn sem sátu á 133. þingi veturinn 2006–2007, eða fyrir sex árum. Þetta eru um 17% þingheims. 83% núverandi þingmanna voru því kjörnir á þing árið 2007 eða síðar. Það er því óhætt að segja að aldrei fyrr hafi orðið jafnmikil umskipti á skipan Alþingis og nú á síðustu sex árum. Í umræðu dagsins hefur mjög verið kallað eftir breytingum og má því segja að því hafi verið rösklega svarað í kosningum.

Eflaust eru skiptar skoðanir um þessa þróun. Víst er að í fáum nálægum þjóðþingum hafa slíkar breytingar orðið jafn stórkostlegar og hér.

Á Alþingi þurfa breytingar á vinnubrögðum að eiga sér stað. Þær breytingar verða að koma innan frá, frá okkur sjálfum. Það segir enginn Alþingi fyrir verkum. Við ráðum för í þessum efnum og við þurfum því að gera þær breytingar sem við teljum nauðsynlegar til þess að Alþingi sinni sem best hlutverki sínu sem er fyrst og síðast að setja þjóðinni lög, marka stefnuna og móta þannig samfélagið allt. Til þess höfum við fengið umboð þjóðarinnar á grundvelli stjórnarskrárinnar sem við höfum öll ritað eiðstaf að.

Það hefur margt breyst til góðs á síðustu árum og áratugum hér á Alþingi. Starfsaðstaða þingmanna hefur gjörbreyst og starfskjör batnað. Ný tækni hefur auðveldað okkur verkin. Stofnað var sérstakt embætti umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun heyrir nú undir Alþingi en ekki

framkvæmdarvaldið eins og forðum. Þingið fer fram fyrir opnum fjöldum, í beinni sjónvarpsútsendingu sem þjóðin getur fylgst með. Fagleg aðstoð innan þingsins hefur stórkæmst sem á að geta skilað sér í vandaðri lagasetningu og stefnumótun. Með öðrum orðum, hin faglega umgjörð þingstarfanna hefur orðið mun betri en áður þótt auðvitað megi margt fara betur.

Öll vitum við að það er margt að sem við þurfum að bæta úr. Mælingar sýna að Alþingi nýtur sáralítis trausts almennings. Það er háskalegt í lýðræðislegu samfélagi þegar í hlut á sjálf meginstöðin; Alþingi, löggjafarsamkoman. Undan því verður einfaldlega ekki vikist að treysta að nýju stöðu Alþingis. Til þess stendur vilji okkar allra.

Frumkvæðishlutverk í þessum efnun hlýtur eðli málsins samkvæmt að liggja hjá stjórnarmeirihlutunum á hverjum tíma. Þingmál hins pólitíska meiri hluta setja mestan svip á þingstörfin. Það leiðir af eðli þingræðisins þar sem leiddur er fram vilji þjóðþinga hverju sinni.

Á síðasta kjörtímabili jókst sú tilhneiging að þingmál stjórnarmeirihlutans væru lögð fram fáeinum dögum fyrir lögbundinn frest og jafnvel í stórum stíl eftir það. Á 139. löggjafarþingi voru alls lögð fram 139 stjórnarfrumvörp. 29 þeirra komu fram rétt fyrir eða við lok framlagningarfrests og 37 þeirra voru lögð fram eftir að fresturinn var liðinn. 47% stjórnarfrumvarpa var því dreift rétt fyrir framlagningarfreft eða að honum liðnum. Á næsta löggjafarþingi, því 140., voru lögð fram 132 stjórnarfrumvörp. 77 þeirra komu fram rétt fyrir eða við lok framlagningarfrestsins og sex að honum liðnum, eða alls 63% stjórnarfrumvarpa. Það sjá allir að þetta getur ekki gengið svona. Tími Alþingis nýstilla og svona háttalag kallar beinlínis fram ónaðsynleg átök á Alþingi á aðventunni og vordögum ár hvert. Þetta er plag-siður sem er klár uppskrift að vandræðum og verður að leggja af.

Við þurfum að sjá breytingu á þessu strax á nýju kjörtímabili. Óhjákvæmilegt er að þau þingmál sem stjórnarmeirihlutinn hyggst leggja fram líti sem fyrst dagsins ljós, annars vegar á haustþingi og síðan eftir áramótin. Ekki nokkrum dögum fyrir framlagningarfreft, eða eftir að hann er liðinn, heldur í tæka tíð með skikkanlegum hætti. Þetta á að vera meginregla — og ófrávikjanleg regla þegar um er að ræða viðurhlutamikil mál, svo ekki sé talað um stórpólitísk ágreiningsefni. Það veitir þingmönnum tækifæri til að ræða þau mál innan eðlilegra tímamarka og hafa áhrif á útkomu þeirra í umræðum og með störfum í þingnefndum. Þegar mál koma seint fram á stjórnarandstaða á hverjum tíma ekki margra kosta vól. Í stað þess að umræða og nefndarvinna eigi sér stað eins og við flest kjósum kalla slík vinnubrögð á langar umræður, málþóf og átök af því tagi sem vel má komast hjá. Nýtt háttalag, eins og ég kalla nú eftir, er því forsenda þess að Alþingi geti ástundað vinnubrögð sem ég fullyrði að vilji alþingismanna stendur til.

Breytingar á þingstörfum hafa ekki einasta orðið hér á landi, heldur í velflestum lýðræðisríkjum á síðustu árum. Þessar breytingar hafa alls ekki allar gengið í eina átt. Eitt einkenni Alþingis er virk og mikil umræða um þingmál í þingsal. Þótt viðurkennt sé að slíkar umræður þurfi að lúta ákveðnum reglum, svo sem um ræðutíma, er æskilegt að þessi þáttur þingstarfanna fái að njóta sín áfram. Niðursoð-

in þingstörf sem að mestu fara fram í þingnefndum, með takmörkuðum skoðanaskiptum og ræðum í þingsal, eru alls ekki eftirsóknarverð. Umræður í þingsalnum eru æskileg birtingarmynd lýðræðisins og eiga sér aldalinga sögu og hefð í lýðræðislegum samfélögum. Þetta fyrirkomulag kallar hins vegar á skýrar reglur. Af þeim ástæðum og öðrum er naðsynlegt að halda áfram þeirri endurskoðun þingskapa Alþingis sem var komin vel á veg á síðasta þingi. Æskilegt væri að niðurstaða okkar í þeim efnun geti litið dagsins ljós hið fyrsta.

Við störfum í umboði allrar þjóðarinnar. Íslenska þjóðin hefur trúað okkur fyrir ómetanlegu verkefni, við höfum fengið til þess leiðsögn í alþingiskosningum og sækjum okkur umboð til fólksins í landinu á að minnsta kosti fjögurra ára fresti. Við þingmenn megum aldrei gleyma því að verkefni okkar er einstakt af því að okkur hefur hlotnast trúnaður fólksins. Eða eins og Halldór Laxness orðar það svo vel í *Innansveitarkroniku* sinni: Því sem manni er trúað fyrir því er manni trúað fyrir.

Þennan trúnað við fólkið í landinu rækjum við aðeins með því að sýna sjálf virðingu okkar fyrir Alþingi. Því ef við gerum það ekki með verkum okkar og framkomu, þá er illa komið fyrir okkur, illa komið fyrir Alþingi og illa komið fyrir þjóðinni.

Einhver kynni að segja að seilst sé um hurð til lokunnar þegar ég að síðustu vitna í gamlan pólitískan andstæðing, sem hér sat lengi og ég átti ágætt samstarf við í blíðu og stríðu. Svavar Gestsson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra Alþýðubandalagsins, segir í ævisögu sinni sem út kom á aðventunni í fyrra:

„Alþingi er mikilvægasta stofnun lýðræðisins á Íslandi. Mér vöknar um augu þegar ég sé og heyrri þingmenn sparka í þessa stofnun eins og tíðkast nú orðið. Þá verð ég líka hræddur um lýðræðið.“

Við þetta er engu að bæta.

Ég endurtek þakkar mínar til þingmanna fyrir að fela mér svo mikilvægt verkefni og læt í ljós og ítreka vilja minn til þess að eiga gott samstarf við þingmenn alla hvar í flokki sem þeir standa.

### ***Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 82. gr. þingskapa.***

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiddslu:

1. varaforseti: Kristján L. Möller,
2. varaforseti: Silja Dögg Gunnarsdóttir,
3. varaforseti: Valgerður Gunnarsdóttir,
4. varaforseti: Steingrímur J. Sigfússon,
5. varaforseti: Þorsteinn Sæmundsson,
6. varaforseti: Óttarr Proppé.

### ***Tilkynning um stjórnir þingflokka.***

[16:39]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Eftirfarandi tilkynningar hafa borist um stjórnir þingflokka. Þingflokkur framsóknarmanna: Sigrún Magnúsdóttir

ir formaður, Þórunn Egilsdóttir varaformaður og Ásmundur Einar Daðason ritari.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins: Ragnheiður Ríkharðsdóttir formaður, Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður og Brynjar Níelsson ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Helgi Hjörvar formaður, Oddný G. Harðardóttir varaformaður og Kristján L. Möller ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Svandís Svavarsdóttir formaður, Árni Þór Sigurðsson varaformaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir ritari.

Þingflokkur Bjartrar framtíðar: Róbert Marshall formaður, Brynhildur Pétursdóttir varaformaður og Björt Ólafsdóttir ritari.

Þingflokkur Pírata: Birgitta Jónsdóttir formaður, Helgi Hrafn Gunnarsson varaformaður og Jón Þór Ólafsson ritari.

### **Kosning í fastanefndir og alþjóðanefndir skv. 13., 14. og 35. gr. þingskapa.**

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

#### **Allsherjar- og menntamálanefnd:**

*Aðalmenn:*

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður,  
Páll Valur Björnsson, 1. varaformaður,  
Líneik Anna Svavarsdóttir, 2. varaformaður,  
Guðbjartur Hannesson,  
Helgi Hrafn Gunnarsson,  
Jóhanna María Sigmundsdóttir,  
Svandís Svavarsdóttir,  
Vilhjálmur Árnason,  
Willum Þór Þórsson.

*Varamenn:*

Bjarkey Gunnarsdóttir,  
Brynjar Níelsson,  
Elsa Lára Arnardóttir,  
Haraldur Einarsson,  
Jón Þór Ólafsson,  
Karl Garðarsson,  
Oddný G. Harðardóttir,  
Óttarr Proppé,  
Valgerður Gunnarsdóttir.

#### **Atvinnuveganefnd:**

*Aðalmenn:*

Jón Gunnarsson, formaður,  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 1. varaformaður,  
Haraldur Benediktsson, 2. varaformaður,  
Ásmundur Friðriksson,  
Björt Ólafsdóttir,  
Kristján L. Möller,  
Páll Jóhann Pálsson,  
Þorsteinn Sæmundsson,  
Þórunn Egilsdóttir.

*Varamenn:*

Ásmundur Einar Daðason,  
Elín Hirst,  
Frosti Sigurjónsson,  
Guðlaugur Þór Þórðarson,  
Katrín Júlíusdóttir,  
Páll Valur Björnsson,  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,  
Sigrún Magnúsdóttir,  
Steingrímur J. Sigfússon.

#### **Efnahags- og viðskiptanefnd:**

*Aðalmenn:*

Frosti Sigurjónsson, formaður,  
Pétur H. Blöndal, 1. varaformaður,  
Páll Jóhann Pálsson, 2. varaformaður,  
Árni Páll Árnason,  
Brynjar Níelsson,  
Guðmundur Steingrímsson,  
Steingrímur J. Sigfússon,  
Vilhjálmur Bjarnason,  
Willum Þór Þórsson.

*Varamenn:*

Björt Ólafsdóttir,  
Elsa Lára Arnardóttir,  
Guðlaugur Þór Þórðarson,  
Helgi Hjörvar,  
Jón Gunnarsson,  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,  
Svandís Svavarsdóttir,  
Vigdís Hauksdóttir,  
Þorsteinn Sæmundsson.

#### **Fjárlaganefnd:**

*Aðalmenn:*

Vigdís Hauksdóttir, formaður,  
Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. varaformaður,  
Oddný G. Harðardóttir, 2. varaformaður,  
Ásmundur Einar Daðason,  
Bjarkey Gunnarsdóttir,  
Brynhildur Pétursdóttir,  
Haraldur Benediktsson,  
Karl Garðarsson,  
Valgerður Gunnarsdóttir.

*Varamenn:*

Árni Þór Sigurðsson,  
Birgir Ármannsson,  
Kristján L. Möller,  
Líneik Anna Svavarsdóttir,  
Páll Jóhann Pálsson,  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,  
Róbert Marshall,  
Unnur Brá Konráðsdóttir,  
Willum Þór Þórsson.

**Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd:***Aðalmenn:*

Ögmundur Jónasson, formaður,  
Brynjar Níelsson, 1. varaformaður,  
Birgitta Jónsdóttir, 2. varaformaður,  
Helgi Hjörvar,  
Karl Garðarsson,  
Líneik Anna Sævarsdóttir,  
Pétur H. Blöndal,  
Sigrún Magnúsdóttir,  
Valgerður Bjarnadóttir.

*Varamenn:*

Árni Páll Árnason,  
Elín Hirst,  
Bjarkey Gunnarsdóttir,  
Höskuldur Þórhallsson,  
Jón Þór Ólafsson,  
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,  
Vigdís Hauksdóttir,  
Vilhjálmur Árnason,  
Þorsteinn Sæmundsson.

**Umhverfis- og samgöngunefnd:***Aðalmenn:*

Höskuldur Þórhallsson, formaður,  
Katrín Júlíusdóttir, 1. varaformaður,  
Haraldur Einarsson, 2. varaformaður,  
Birgir Ármannsson,  
Jón Þór Ólafsson,  
Katrín Jakobsdóttir,  
Ragnheiður Ríkhardsdóttir,  
Róbert Marshall,  
Vilhjálmur Árnason.

*Varamenn:*

Ásmundur Friðriksson,  
Birgitta Jónsdóttir,  
Brynhildur Pétursdóttir,  
Guðbjartur Hannesson,  
Jón Gunnarsson,  
Lilja Rafney Magnúsdóttir,  
Páll Jóhann Pálsson,  
Pétur H. Blöndal,  
Silja Dögg Gunnarsdóttir.

**Utánríkismálanefnd:***Aðalmenn:*

Birgir Ármannsson, formaður,  
Ásmundur Einar Daðason, 1. varaformaður,  
Vilhjálmur Bjarnason, 2. varaformaður,  
Árni Þór Sigurðsson,  
Frosti Sigurjónsson,  
Guðlaugur Þór Þórðarson,  
Óttarr Proppé,  
Silja Dögg Gunnarsdóttir,  
Össur Skarphéðinsson.

*Varamenn:*

Árni Páll Árnason,  
Brynjar Níelsson,  
Guðmundur Steingrímsson,  
Haraldur Einarsson,  
Höskuldur Þórhallsson,  
Katrín Jakobsdóttir,  
Ragnheiður Ríkhardsdóttir,  
Valgerður Gunnarsdóttir,  
Þórunn Egilsdóttir.

**Velferðarnefnd:***Aðalmenn:*

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður,  
Þórunn Egilsdóttir, 1. varaformaður,  
Björt Ólafsdóttir, 2. varaformaður,  
Ásmundur Friðriksson,  
Elín Hirst,  
Elsa Lára Arnadóttir,  
Katrín Júlíusdóttir,  
Lilja Rafney Magnúsdóttir,  
Unnur Brá Konráðsdóttir.

*Varamenn:*

Guðmundur Steingrímsson,  
Jóhanna María Sigmundsdóttir,  
Karl Garðarsson,  
Pétur H. Blöndal,  
Valgerður Bjarnadóttir,  
Vilhjálmur Árnason,  
Vilhjálmur Bjarnason,  
Ögmundur Jónasson,  
Össur Skarphéðinsson.

**Íslandsdeild Alþjóðáþingmannasambandsins:***Aðalmenn:*

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, formaður,  
Ásmundur Einar Daðason,  
Birgitta Jónsdóttir.

*Varamenn:*

Helgi Hrafn Gunnarsson,  
Sigrún Magnúsdóttir,  
Valgerður Gunnarsdóttir.

**Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:***Aðalmenn:*

Karl Garðarsson, formaður,  
Brynjar Níelsson,  
Ögmundur Jónasson.

*Varamenn:*

Guðbjartur Hannesson,  
Guðlaugur Þór Þórðarson,  
Jóhanna María Sigmundsdóttir.

**Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA og EES:***Aðalmenn:*

Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður,  
 Árni Páll Árnason,  
 Árni Þór Sigurðsson,  
 Vilhjálmur Bjarnason,  
 Willum Þór Þórsson.

*Varamenn:*

Birgir Ármannsson,  
 Bjarkey Gunnarsdóttir,  
 Elín Hirst,  
 Karl Garðarsson,  
 Katrín Júlíusdóttir.

**Íslandsdeild NATO-þingsins:***Aðalmenn:*

Þórunn Egilsdóttir, formaður,  
 Birgir Ármannsson,  
 Össur Skarphéðinsson.

*Varamenn:*

Kristján L. Möller,  
 Páll Jóhann Pálsson,  
 Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

**Íslandsdeild Norðurlandaráðs:***Aðalmenn:*

Höskuldur Þórhallsson, formaður,  
 Elín Hirst,  
 Helgi Hjörvar,  
 Jóhanna María Sigmundsdóttir,  
 Róbert Marshall,  
 Steingrímur J. Sigfússon,  
 Valgerður Gunnarsdóttir.

*Varamenn:*

Brynhildur Pétursdóttir,  
 Brynjar Níelsson,  
 Guðbjartur Hannesson,  
 Katrín Jakobsdóttir,  
 Pétur H. Blöndal,  
 Þorsteinn Sæmundsson,  
 Sigrún Magnúsdóttir.

**Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:***Aðalmenn:*

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður,  
 Katrín Jakobsdóttir,  
 Oddný G. Harðardóttir,  
 Páll Valur Björnsson,  
 Páll Jóhann Pálsson,  
 Vigdís Hauksdóttir.

*Varamenn:*

Ásmundur Einar Daðason,  
 Haraldur Einarsson,  
 Lilja Rafney Magnúsdóttir,  
 Óttarr Proppé,  
 Jón Gunnarsson,  
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

**Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norður-skautsmál:***Aðalmenn:*

Jón Gunnarsson, formaður,  
 Líneik Anna Sævarsdóttir,  
 Valgerður Bjarnadóttir.

*Varamenn:*

Svandís Svavarsdóttir,  
 Vilhjálmur Bjarnason,  
 Þórunn Egilsdóttir.

**Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:***Aðalmenn:*

Elsa Lára Arnardóttir, formaður,  
 Guðmundur Steingrímsson,  
 Pétur H. Blöndal.

*Varamenn:*

Björt Ólafsdóttir,  
 Frosti Sigurjónsson,  
 Unnur Brá Konráðsdóttir.

[16:40]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég fæ að nota tækifærið og árna nýkjörnum forseta velfarnaðar í veigamiklu starfi.

Á síðasta kjörtímabili voru gerðar breytingar á þingsköpum til þess að greiða fyrir því að í forustu nefnda væru fulltrúar bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu. Við höfum sóst eftir því að koma að forustu nefndanna og ólíkt fyrri stjórnarandstöðu tekið að okkur þau verkefni sem þar eru nú í boði. Þetta skref undirstrikar að þó að okkur hér í þinginu kunni að greina á um einstök málefni er starfið í nefndunum sameiginlegt verkefni okkar. Það er von mín að þetta verði til þess að stjórn og stjórnarandstaða auki samvinnu sína og bæti starfshætti á Alþingi en eftir nýlokið kjörtímabil er ekki vanþörf á hvoru tveggja.

**Afbrigði um sætishlutun.**

[16:47]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum, þ.e. frá lokamálsgrein 3. gr. þingskapa um að hluta skuli um sæti. Samkomulag er um að formenn þingflokka hafi sæti næst innangi í salnum og dragi innbyrðis um þau sæti. Skoðast þau afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Sæti þingflokksformanna eru því þessi: Svandís Svavarsdóttir sæti 7, Ragnheiður Ríkharðsdóttir sæti 8, Birgitta Jónsdóttir sæti 22, Helgi Hjörvar sæti 23, Sigrún Magnúsdóttir sæti 44 og Róbert Marshall sæti 45.

**Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.**

[16:48]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Nú verður hlutað um sæti annarra þingmanna. Sætahlutun fer þannig fram að þingmenn verða kvaddir að forseta- borði með nafnakalli og draga sér sæti. Formenn þing- flokka draga um sæti fyrir fjarstadda þingmenn. Hlutað verður um hver dregur fyrstur.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Frosti Sigurjónsson.
3. sæti hlaut Höskuldur Þórhallsson.
4. sæti hlaut Vilhjálmur Bjarnason.
5. sæti hlaut Valgerður Gunnarsdóttir.
6. sæti hlaut Helgi Hrafn Gunnarsson.
7. sæti hlaut Svandís Svavarsdóttir.
8. sæti hlaut Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
9. sæti hlaut Unnur Brá Konráðsdóttir.
10. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
11. sæti hlaut Ásmundur Einar Daðason.
12. sæti hlaut Vigdís Hauksdóttir.
13. sæti hlaut Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.
14. sæti hlaut Björt Ólafsdóttir.
15. sæti hlaut Karl Garðarsson.
16. sæti hlaut Haraldur Benediktsson.
17. sæti hlaut Guðmundur Steingrímsson.
18. sæti hlaut Óttarr Proppé.
19. sæti hlaut Jón Þór Ólafsson.
20. sæti hlaut Willum Þór Þórsson.
21. sæti hlaut Ásmundur Friðriksson.
22. sæti hlaut Birgitta Jónsdóttir.
23. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
24. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
25. sæti hlaut Þórunn Egilsdóttir.
26. sæti hlaut Páll Valur Björnsson.
27. sæti hlaut Oddný G. Harðardóttir.
28. sæti hlaut Elsa Lára Arnardóttir.
29. sæti hlaut Árni Þór Sigurðsson.
30. sæti hlaut Bjarkey Gunnarsdóttir.
31. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
32. sæti hlaut Haraldur Einarsson.
33. sæti hlaut Brynhildur Pétursdóttir.
34. sæti hlaut Vilhjálmur Árnason.
35. sæti hlaut Silja Dögg Gunnarsdóttir.
36. sæti hlaut Þorsteinn Sæmundsson.
37. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
38. sæti er sæti varamanns.
39. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
40. sæti hlaut Líneik Anna Svavarsdóttir.
41. sæti hlaut Elín Hirst.
42. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
43. sæti hlaut Lilja Rafney Magnúsdóttir.
44. sæti hlaut Sigrún Magnúsdóttir.
45. sæti hlaut Róbert Marshall.
46. sæti hlaut Kristján L. Möller.
47. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
48. sæti hlaut Valgerður Bjarnadóttir.

49. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
50. sæti hlaut Guðbjartur Hannesson.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Brynjar Níelsson.
53. sæti hlaut Jóhanna María Sigmundsdóttir.
54. sæti hlaut Katrín Jakobsdóttir.
55. sæti hlaut Árni Páll Árnason.
56. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
57. sæti hlaut Páll Jóhann Pálsson.
60. sæti er sæti félags- og húsnæðismálaráðherra.
61. sæti er sæti mennta- og menningarmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármála- og efnahagsráðherra.
65. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
66. sæti er sæti iðnaðar- og viðskiptaráðherra.
67. sæti er sæti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
68. sæti er sæti innanríkisráðherra.

**Tilkynning um stefnuræðu forsætisráðherra.**

[16:59]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Næsti fundur verður næstkomandi mánudag 10. júní. Þá flytur hæstv. forsætisráðherra stefnuræðu fyrir hönd ríkis- stjórnarinnar og fara fram umræður um hana. Umræðunum verður útvarpað og sjónvarpað.

Fundi slitið kl. 16:59.

## 2. FUNDUR

mánudaginn 10. júní,  
kl. 7.30 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Drengskaparheit.
2. Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

### Fjarvistarleyfi:

Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.  
Kristján L. Möller, 7. þm. Norðaust.  
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.

### Undirritun drengskaparheits.

[19:30]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Einn nýkjörinn þingmaður, hv. 11. þm. Reykv. s., Óttarr Proppé, var fjarstaddur á þingsetningarfundi er kjörbréf hans var samþykkt. Ég býð hann velkominn til starfa og þings. Hann mun nú undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni samkvæmt 2. gr. þingskapa.

Ég vil biðja skrifstofustjóra Alþingis um að færa hv. þingmanni heitastafinn til undirritunar.

[Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[19:31]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Óttarr Proppé hefur nú undirritað heitastafinn og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[19:31]

### Útbýtt utan þingfundar 8. júní:

Meðferð einkamála, 2. mál, stjfrv. (innanrrh.), þskj. 2.  
Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Stjórn fiskveiða, 3. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 3.

Stjórn fiskveiða o.fl., 4. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 4.

### Útbýtt á fundinum:

Lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegur stuðningur, 7. mál, frv. GuðbH o.fl., þskj. 7.

Slysatryggingar almennatrygginga, 6. mál, frv. GuðbH o.fl., þskj. 6.

Stjórnarskipunarlög, 5. mál, frv. ÁPÁ o.fl., þskj. 5.

[Fundarhlé. — 19:32]

### Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:40]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Nú flytur hæstv. forsætisráðherra stefnuræðu sína fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og fram munu fara umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annari umferð hafa þingflokkarnir sex mínútur en í þeirri þriðju fimm mínútur hver þingflokkur.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Sjálfstæðisflokkur, Björt framtíð og Þratar.

Fyrir Framsóknarflokk talar hæstv. forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, í fyrstu umferð, í annari umferð félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, og í þriðju umferð hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest., Katrín Júlíusdóttir, 11. þm. Suðvest., í annari umferð og Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir, 3. þm. Reykv. s., í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n., í fyrstu umferð, í annari umferð Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest., og í þriðju umferð Bjarkey Gunnarsdóttir, 9. þm. Norðaust.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða í fyrstu umferð fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, í annari umferð Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 3. þm. Suðvest., og í þriðju umferð Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.

Fyrir Bjarta framtíð tala í fyrstu umferð Guðmundur Steingrímsson, 7. þm. Suðvest., í annari umferð Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Norðaust., og í þriðju umferð Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.

Fyrir Pírata talar Jón Þór Ólafsson, 10. þm. Reykv. s., í fyrstu og þriðju umferð, og Helgi Hrafn Gunnarsson, 10. þm. Reykv. n., talar í fyrstu og annari umferð.

[19:42]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Bjartsýni, kjarkur og þor eru forsendur framfara og árangurs. Fátt sýnir það betur en saga íslensku þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan Íslendingar bjuggu við þröngan kost. En þrátt fyrir það var þjóðin stórhuga og horfði til framfara og uppbyggingar.

Sjálfstæðisbaráttan snerist um framfarir, um það hvernig hægt væri að sækja fram með heill þjóðarinnar að leiðarljósi og byggja upp á grundvelli nýrra og skynsamlegra hugmynda í þágu allra íbúa landsins. Drifkrafturinn var trúin á að Ísland hefði að geyma vannýtt tækifæri, ótalin verðmæti sem gætu bætt lífskjör fólks og byggt upp innviði samfélagsins. Baráttan snerist um að Íslendingar fengju frelsi til að nýta þessi tækifæri og virkja þann ómælda kraft sem blundaði með þjóðinni.

Þegar heimskreppan skall á var Ísland nýlega orðið fullvalda ríki. Hér ríkti andi framfara og sannfæringar um að tækifærin væri að finna á Íslandi. Menn brugðust því við kreppunni með því að sækja fram. Samgöngur voru stórfelldar og brýr sameinuðu aðskilda landshluta, hafnarmannvirki voru bætt og vitar byggðir. Skip og önnur atvinnutæki voru keypt og smíðuð hér heima, byggingarframkvæmdir veittu fólki atvinnu, verksmiðjur voru reistar og innlend framleiðsla varð betri og fjölbreyttari en áður hafði þekkt.

Menntun þjóðarinnar var stórefld með byggingu héraðsskóla og barnaskóla um allt land, Landspítalinn tók til starfa og sjúkrahús risu á landsbyggðinni. Þjóðleikhús var byggt, ríkisútvarp stofnað og Þingvellir gerðir að þjóðgarði.

Allt þetta tókust Íslendingar á hendur á krepputímum þrátt fyrir erfiðleika líðandi stundar, því að þeir skildu mikilvægi þess að horfa til framtíðar og nýta þau tækifæri sem fyrir hendi voru.

Framfarir koma ekki af sjálfu sér. Framfarir verða vegna þess að fólk horfir markvisst til framtíðar, leitar skynsamlegra lausna með samvinnu og rökræðu, tekst á við erfið úrlausnarefni í sameiningu og vinnur á þeim bug.

Þar er hlutverk stjórnvalda að varða leiðina til árangurs. Framfarir og bætt lífskjör á Íslandi hafa ætíð byggst á samvinnu og samheldni og við verðum að halda áfram að leysa helstu verkefni þjóðfélagsins af hendi í sameiningu, með óbilandi trú á þjóðina og sóknarfæri okkar í fyrirrúmi.

Framfarir byggja á því að í sameiningu vinnum við að því að nýta auðlindirnar og tækifærin á skynsamlegan hátt, virkja þekkinguna og mannauðinn til að byggja upp samfélag velferðar, atvinnu og réttlætis. Samfélag þar sem enginn á að þurfa að líða skort.

Það hefur verið ánægjulegt að heyra forustumenn stjórnarandstöðuflokka tala um mikilvægi breyttra vinnubragða í stjórnámálum og tækifærin sem felast í samvinnu. Þótt hart hafi verið tekist á um úrlausnir í skuldamálum heimilanna í kosningabaráttunni hafa nokkrir af forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna lýst sig viljuga til að greiða fyrir því að þær lausnir sem ríkisstjórnin hefur boðað nái fram að ganga. Bent er á að það sé eðlileg afleiðing af niðurstöðu kosninganna og að hin nýja stjórnarandstaða muni ekki standa í vegi fyrir því að sú stefna nái fram að ganga, þvert á móti, hún muni greiða götu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Það er ástæða til að fagna þessu viðhorfi og nýta sumarþingið til að setja strax af stað vinnu við lausn þeirra stóru mála sem settu svip sinn á kosningabaráttuna.

Þótt sumarþing standi ekki lengi og sé fyrst og fremst til þess ætlað að þingmenn taki formlega til starfa, skipti með sér verkum og ljúki málum sem þarfnast ekki mikillar umræðu eða langvarandi vinnu í nefndum, er engu að síður mikilvægt að nýta þetta sumarþing til að setja af stað vinnu við þau stóru mál sem tekin verða fyrir á haustþingi.

Það á alveg sérstaklega við um skuldamál heimilanna og annað sem varðar beint hag fjölskyldnanna í landinu. Þess vegna var sérstakt fagnaðarefni að þingmenn stjórnarandstöðu skyldu strax, áður en þing var sett, lýsa sig viljuga til að greiða götu þeirra mála.

Í ljósi þessa mikla vilja til að veita málum sem varða stöðu heimilanna brautargengi munum við fara þá óhefðbundnu leið að biðja þingið að fela ríkisstjórninni að hefja

formlega vinnu við úrlausn á skuldavanda heimilanna. Í því skyni mun ég leggja fram þingsályktunartillögu sem inniheldur aðgerðaáætlun í tíu liðum sem varða nauðsynlegar aðgerðir vegna stöðu heimilanna.

Í aðgerðaáætluninni verður fjallað um undirbúning almennrar skuldaleiðréttingar, höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, möguleikann á stofnun sérstaks leiðréttingarsjóðs, ef önnur fjármögnun gengur of hægt, og setningu svokallaðra lyklalaga. Sérfræðihópur um afnám verðtryggingar af neytendalánunum tekur til starfa sem og verkefnisstjórn um endurskipulagningu húsnæðislánamarkaðarinnar.

Meðal annarra aðgerða sem ríkisstjórnin leggur til í áætluninni er að lögfest verði flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna. Innanríkisráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp þar að lútandi.

Kannaðir verða möguleikar á að sekta fjármálafyrirtæki vegna umtalsverðra tafa á endurútreikningi lána. Einnig er miðað að því að afnema stimpilgjöld vegna húsnæðisakaupa einstaklinga til eigin nota og fella niður eða aðstoða við fjármögnun kostnaðar vegna gjaldþrotaskipta. Framlagning frumvarps um skýrar heimildir fyrir Hagstofu Íslands til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja er einnig hluti af áætluninni.

Kveðið er á um að tillögur sérfræðingahópa og frumvörp samkvæmt aðgerðaáætluninni verði lögð fram þegar á haustþingi.

Allar þessar aðgerðir eru nauðsynlegar og skynsamlegar og það er einlæg von mín að þingmenn jafnt stjórnar og stjórnarandstöðu muni styðja tillöguna af heilum hug og sýni þjóðinni þannig í verki að þegar kemur að heill heimilanna í landinu sé fullur samhugur á Alþingi Íslendinga.

Þótt mikil áhersla verði lögð á skuldamálin eru úrlausnarefni nýrrar ríkisstjórnar mörg og viðamikil. Eins og ég hef þegar nefnt eru horfurnar í rekstri ríkissjóðs miklum mun verri en haldið hefur verið fram. Ríkisstjórnin mun á næstu dögum kynna upplýsingar um raunverulega stöðu ríkisfjármála og horfur eins og þær líta út að óbreyttu.

Það er ekki fögur mynd og mjög ólík þeim spám sem stjórnvöld hafa birt á undanförmum árum. En sem betur fer er hægt að snúa þessari þróun til betri vegar með því að innleiða skynsemissstefnu í rekstri ríkisins og nýta þau tækifæri sem við stöndum frammi fyrir.

Skapist til dæmis stöðugt rekstrarumhverfi fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar mun það að öllum líkindum leysa úr læðingi mikla fjárfestingargetu. Sem betur fer lítur auk þess út fyrir að hægt verði að auka veiðar þegar á næsta fiskveiðarári og auka þar með útflutningstekjur þjóðarinnar umtalsvert.

Fái fólk tækifæri til að hrinda góðum hugmyndum í framkvæmd mun nýjum fyrirtækjum og nýjum störfum fjölga hratt á næstu árum.

Ríkisstjórnin mun vinna að því að skapa aðstæður til að hægt verði að afnema fjármagnshöft. Nauðsynlegt er að greina efnahagsstöðu þjóðarþúsins og útfæra áætlun um afnám hafta. Í núverandi áætlun, frá árinu 2011, er umfang vandans mjög vanmetið eins og komið hefur í ljós.

Ný áætlun þarf að tryggja trausta umgjörð um gjaldeyrismarkaðinn til framtíðar og sjá til þess að skuldaskil fall-



inna fjármálafyrirtækja ógni ekki efnahagslegum stöðugleika. Fersandan fyrir afnámi hafta er sú að heildstæð lausn liggja fyrir um uppgjöf gömlu bankanna og aðra þætti snjóhengjunnar, erlenda fjármögnun íslenskra fyrirtækja og sveitarfélaga og annað hugsanlegt útstreymi fjármagns.

Ljóst er að fullveldisrétturinn veitir íslenskum stjórnvöldum öflugar heimildir til að verja efnahagslegt sjálfstæði landsins. Jafnframt er ljóst að það eru sameiginlegir hagsmunir Íslendinga og erlendra kröfuhafa að skapa aðstæður sem leyfa afnámi hafta.

Íslenska krónan mun verða gjaldmiðill Íslands um fyrirsjáanlega framtíð. Þessa staðreynd voru fulltrúar allra stjórnmalaflokka, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnurekenda sammála um í skýrslu þverpólítískrar nefndar um gjaldmiðilsmál sem kom út síðastliðið haust. Til þess að styrkja krónuna verðum við að auka framleiðslu, ná tökum á verðbólgunni, greiða niður skuldir og efla íslenskt efnahagslíf.

Umræða íslenskra stjórn mála um gjaldmiðilsmál hefur verið tengd stærra máli. Áframhaldandi viðræður um aðild að Evrópusambandinu fælu í sér skýra yfirlýsingu Íslands um vilja til að ganga í ESB og taka upp allt regluverk sambandsins. Pólítískur stuðningur fyrri ríkisstjórnar við umsóknina var byggður á mjög veikum grunni og kannanir sýna ítrekað að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur aðild. Því verður nú gert hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við ESB nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.

Gott samstarf Íslands og ríkja Evrópusambandsins og EFTA verður að sjálfsögðu áfram grunnþáttur í utanríkisstefnu Íslands og áfram verður lögð áhersla á uppbyggileg samskipti við Evrópusambandið á fjölmörgum sviðum eins og hingað til. Að auki verður lagt kapp á að efla tengsl Íslands við lönd um allan heim, ekki hvað síst þau lönd sem eru í örum vexti og sækjast eftir viðskiptum við Ísland.

Eitt af mikilvægustu verkefnum stjórnvalda er að örva atvinnulíf og veita aðstæður fyrir aukna verðmætasköpun. Skattumhverfi þarf að fela í sér jákvæða hvata til að fjölga störfum og bæta afkomu. Gerð verður úttekt á skattkerfinu og tillögur gerðar til úrbóta með það að markmiði að einfalda skattkerfið, breikka skattstofna og draga úr undanskotum. Stöðugt og skynsamlegt skattkerfi hvetur einstaklinga til að nýta starfskrafta sína og fyrirtækin til að fjölga störfum og fjárfesta. Íslenskt efnahagslíf þarfnast sérlega aukinnar fjárfestingar, bæði innlendrar og erlendar.

Grundvallaraðstæður fyrir fjárfestingu eru stöðugleiki og fyrirsjáanlegt viðskiptaumhverfi. Með einföldun skattkerfisins og innleiðingu jákvæðra hvata verður rekstur fyrirtækja einfaldari og skilvirkari. Með lækkuðum skatta á tekjur, vörur og þjónustu má ná fram mikilvægum kjarabótum sem útfærðar verða nánar í samráði við hreyfingar launþega og atvinnurekenda og með hliðsjón af öðrum efnahagsaðgerðum, svo sem afnámi gjaldeyrishafta.

Naðsynlegt er að stjórnvöld taki höndum saman við aðila vinnumarkaðarins um að skapa grundvöll fyrir viðtæka sátt sem orðið getur undirstaða stöðugleika á vinnu-

markaði og stuðlað að langtímahagvexti og sterkara efnahagslífi á komandi árum. Öflugt atvinnulíf er forsenda vaxtar og velferðar.

Sérstök áhersla verður lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki, vöxt útflutningsgreina, umhverfi sem hvetur til nýsköpunar og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar.

Eitt af vaxtartækifærunum er aukinn áhugi erlendra ferðamanna á Íslandi. Naðsynlegt er að halda áfram kröftugu markaðsstarfi, meðal annars til að jafna ferðamannastrauminn yfir árið. Þá þarf að leggja í markvissa uppbyggingu á helstu ferðamannastöðum og meta í samstarfi við ferðaþjónustuna hvernig gjaldtöku af ferðamönnum skuli háttáð. Lítil þjóð, sem mikill fjöldi ferðamanna sækir heim, verður að leggja áherslu á að þar haldist uppbygging, virðing fyrir náttúrunni og aukin arðsemi í hendur.

Á sama hátt þarf að búa að öðrum grunnatvinnugreinum. Almenn sátt ríkir um að sjávarauðlindin er sameign allrar þjóðarinnar. Um nýtingu auðlindarinnar þarf einnig að ríkja viðtæk sátt. Því verður unnið áfram á grunni sáttanefndarinnar að því að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun.

Eðlilegt er að sjávarútvegurinn leggi sitt af mörkum til samfélagsins í formi skatta og gjalda í skiptum fyrir nýtingarréttinn sem orðinn er verðmætur vegna þess að íslenska fiskveiðistjórnkerfið hefur gert hann verðmætan. Íslenskur sjávarútvegur er í senn sjálfbær og hagkvæmur en hann keppir við sjávarútveg í löndum sem stunda ríkisstyrkta ofveiði. Unnið verður að því að endurskoða lög um veiðigjald þannig að almennt veiðigjald endurspegli afkomu úterðarinnar í heild, en sérstakt gjald taki mið af afkomu einstakra fyrirtækja og fisktegunda.

Mikilvægi matvælaframleiðslu á norðurlóðum mun aukast umtalsvert í framtíðinni. Þar eiga Íslendingar ónýtt tækifæri, til dæmis með nýsköpun í landnýtingu, auknu fiskeldi og ylraekt. Sífellt vaxandi eftirspurn eftir mat í heiminum mun skapa íslenskum landbúnaði ótal sóknarfæri. Framleiðsluaukning í landbúnaði getur bæði minnkað gjaldeyrissþörf vegna innflutnings matvæla og gefið aukin tækifæri til útflutnings ef unnið verður kröftuglega að markaðssetningu íslenskra afurða erlendis á næstu árum og áratugum.

En til að geta nýtt tækifæri Íslands í dag verðum við að hugsa til framtíðar. Og til að geta nýtt tækifæri Íslands á morgun verðum við að hefjast handa nú þegar við að undirbúa framtíðina. Þar þurfum við meðal annars að horfa til aukinnar áherslu á samstarf við aðrar þjóðir varðandi nýtingu nýrra tækifæra sem tengjast breyttu loftslagi, nýjum auðlindum og breyttum aðstæðum í heiminum á næstu áratugum.

Ísland þarf að leggja áherslu á að vera í fararbroddi í norðurlóðasamstarfi með tilliti til nýtingar auðlinda á svæðinu, umhverfisverndar og opunar nýrra siglingaleiða um norðurhöf. Mikilvægt er að hefja strax vinnu við að fá til Íslands verkefni tengd hinni hröðu þróun í þessum heimshluta.

Sérstök áhersla verður lögð á eflingu samstarfs og samvinnu við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum. Í því skyni hef ég þegar átt tvíhliða fundi með forsætisráðherrum Norðs, Finnlands og Grænlands og mun eiga slíka fundi með

forsætisráðherrum Svþjóðar, Danmerkur og Færeyja á næstu vikum.

Umhverfisvernd og barátta gegn loftslagsbreytingum er eitt af helstu sameiginlegu viðfangsefnum heimsbyggðarinnar. Þar getur Ísland lagt mikið af mörkum og gert betur. Aukin uppbygging og endurheimt gróður- og jarðvegsauðlinda og efling skógræktar og landgræðslu mun auka kolefnisbindingu. Mikilvægt er að skipuleggja þær aðgerðir vel og stuðla um leið að nýtingu innlendra vistvænna orkugjafa.

Umhverfisvernd snýr að framtíðinni. Auðlindir og hrein náttúra eru verðmæti sem skila þarf áfram til komandi kynslóða þannig að sómi sé að. Því verður að horfa sérstaklega til þess hvernig saman geti farið á faglegan og skynsamlegan hátt vernd náttúrunnar og nýting auðlinda lands og sjávar.

Góðir landsmenn. Bjartsýni, kjarkur og þor eru forsendur framfara og árangurs. Mikilvægt er að við sýnum nú að við búum við úthald og kjark og leitum allra mögulegra leiða til að leiðrétta skuldir heimilanna og bæta hag þeirra.

Við eigum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess. Við eigum að veita fyrirtækjum hvata til að skapa störf, styðja nauðsynleg fjárfestingaverkefni, auka umhverfisvæna orkunýtingu til að byggja upp atvinnu og aflétta fjármagnshöftum.

Við eigum að standa með fólkinu í landinu og taka ákvarðanir sem leysa raunveruleg vandamál þess frá degi til dags. Til þess erum við kjörin.

Í stjórn málum hefur lengi skort samráð og sameiginlegar tilraunir til að leita bestu lausanna. Á Alþingi eiga sæti flokkar með mjög mismunandi stefnur. Það er einlæg von mín að samstarf okkar verði samt með betra horfi nú en undanfarin ár.

Það er ekki síst með það í huga sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa veitt stjórnarandstöðunni aukna hlutdeild í nefndaskipan Alþingis. Það er von okkar að slík tilhögun megi leiða til aukins og betra samstarfs í störfum þingsins.

Stjórnvöldum ber að vinna að öryggi, réttindum og lífsgæðum almennings í landinu. Ráðast þarf í umbætur á innviðum og skilvirkni í stjórnsýslunni og efla enn frekar lýðræði þannig að almenningur fái fleiri og betri tækifæri til þess að hafa áhrif. Löggæsla verður eflað og niðurstaða nefndar um löggæslumál verður leiðarljós í þeirri vinnu.

Heilbrigðismál og öruggar samgöngur eru einnig grundvallaratriði þegar kemur að uppbyggingu öruggs samfélags. Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera samkeppnisfært við nágrannalönd og landsmenn þurfa að njóta aðgengis að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Heilsugæsluna verður að styrkja og auka þarf almenn lífsgæði með eflingu forvarna, lýðheilsustarfs og slysavarna. Þannig má draga úr beinum kostnaði fyrir samfélagið til framtíðar.

Landsmenn eiga að búa við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins. Á þeim grunni er nauðsynlegt að leggja í heildarendurskoðun á húsnæðislánakerfinu.

Mikilvægt er að aldraðir njóti jafnræðis og sanngirni í samfélaginu og virkni þeirra sé tryggð. Stuðla þarf að sveigjanlegum starfslokum og lífeyristökualdri. Fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingum verða endurmetnar

og skerðingar á frítekjumarki vegna atvinnutekna og fjármagnstekna aldraðra og öryrkja, sem tóku gildi um mitt ár 2009, verða afnumdar.

Unnið verður að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða. Allir íbúar landsins eiga að fá notið grunnþjónustu sem eðlileg er í þróðu nútímasamfélagi. Jafnrétti til búsetu byggir meðal annars á því að stuðlað sé að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land, t.d. með dreifingu opinberra starfa og uppbyggingu öflugs fjarskiptanets.

Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að efla menntakerfið með hagsmuni nemenda og þjófðarinnar allrar að leiðarljósi. Öflugt samstarf stjórnvalda við hagsmunaaðila í menntamálum um þróun menntakerfisins og aukin gæði menntunar er lykillinn að uppbyggingu þekkingarsamfélags til framtíðar.

Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og nýtingu nýrrar tækni til að skrá Íslandssöguna og vernda fyrir komandi kynslóðir, auk rannsókna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merki sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innan lands sem utan.

Góðir Íslendingar. Vöxtur byggir á því að samfélagið framleiði verðmæti. Til þess þarf fólk að hafa atvinnu og fyrirtæki að búa við stöðugt umhverfi. Sameiginlegt markmið okkar hlýtur að vera að byggja upp það velferðarsamfélag sem við viljum búa í. Velferð byggir á verðmætasköpun og verðmætasköpun byggir á vinnu.

Við háttvirta þingmenn vil ég segja þetta: Til hamingju með að vera lýðræðislega kjörin fulltrúar íslensku þjóðarinnar. Ábyrgð okkar er mikil. Allt okkar starf verður að grundvallast á því að við séum að vinna að velferð fólksins í landinu. Tilgangurinn með starfi okkar verður alltaf fyrst og fremst að vera að búa áhrif á samfélagið til framfara. Að byggja upp til framtíðar.

Þau gildi sem ríkisstjórn Íslands mun leggja áherslu á við laus viðfangsefna næstu ára og uppbyggingu samfélagsins á kjörtímabilinu mótast af þessari sýn. Bjartsýni, kjarkur og þor eru forsendur framfara og árangurs. Með skynsemi og rökhyggju, samvinnu, staðfestu og óbilandi trú á máttinn sem býr í íslensku þjóðinni eru Íslandi allir vegir færir. Látum þetta þing marka upphaf nýs tíma í íslensku þjóðlífi, tíma samvinnu og kjarks, tíma bjartsýni og vonar, og hefjum á þeim grunni ræktun lýðs og lands.

Horfum til framtíðar. Hugsum til framfara. Þá munum við uppskera eins og við saum.

[20:03]

### Árni Páll Arnason (Sf):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum nú hlýtt á fyrstu stefnuræðu nýs forsætisráðherra og ég óska honum og ríkisstjórninni alls góðs í starfi. Ég fagna einnig sérstaklega nýjum þingforseta okkar allra og óska honum farsældar í störfum. Ég heilsa líka nýju þingi.

Það hefur orðið mikil nýliðun á Alþingi Íslendinga í þessum kosningum og margir hafa áhyggjur af þeirri þróun. Ég deili ekki þeirri skoðun. Ég hef of oft heyrt frá því að ég tók sæti á Alþingi hið margkunna viðkvæði: „Ja, við höfum nú alltaf gert þetta svona.“ Það er sjálfstætt markmið að við finnum saman betri leiðir til að gera hlutina á nýjan hátt, öll

saman hér á Alþingi, og að við þorum að móta saman stjórnarhætti sem styðja við lýðræðislega ábyrgð og gera okkur kleift að takast á um ólíkar skoðanir á lýðræðislegan og friðsamlegan hátt.

Við breyttum um verklag á síðasta kjörtímabili og því kemur stjórnarandstaðan nú að forustu í þingnefndum. En það er þörf á að breyta fleiru. Eitt blasir við: Að koma í veg fyrir slys eins það sem varð fyrir helgi við skipan í karlanefndir og kvennanefndir þingsins. Það slys má ekki endurtaka sig.

Annað: Við þurfum að tryggja að stjórnarandstaða fái allar trúnaðarupplýsingar um efnahagsmál. Síðast þegar þessir tveir flokkar voru í ríkisstjórn héldu þeir því leyndu að bankakerfið riðaði til falls og komu þannig í veg fyrir að unnt væri að grípa tímamót inn í það hættuástand sem þá var í uppsiglingu. Það má ekki endurtaka sig. Við munum ganga ríkt eftir því að allt verði uppi á borðum og almennar leikreglur gildi um ráðstöfun ríkiseigna. Einkavæðingarsagan og þau spor hræða.

Í þriðja lagi er það svo stóra tækifærið sem við stöndum frammi fyrir. Nú hefur verið lagt fram til staðfestingar eftir samþykkt á síðasta þingi nýtt breytingarákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins. Efni þess markar tímamót með því að Alþingi verður ekki lengur einrátt um stjórnarskrárbreytingar heldur fara núna þing og þjóð saman með stjórnarskrárbreytingavaldið. Með samþykkt þeirrar breytingar gefst ríkisstjórninni tækifæri til að standa við fyrirheit sín í stjórnarsáttmála um stjórnarskrárbreytingar. Augljóslega á að hefja verkefnið á haustþingi með nýju ákvæði um þjóðareign á auðlindum.

Við erum líka reiðubúin til að ræða grundvallarbreytingar til góðs á þingsköpum í samhengi við breytingar á stjórnarskrá. Eigum við að sameinast um að veita þriðjungi þingmanna réttinn til að vísa málum í þjóðaratkvæði og binda þar með enda á málþófið?

Ég nefndi áðan hina lýðræðislegu ábyrgð. Til að rísa undir henni þarf fyrst að axla hana. Ný ríkisstjórn komst til valda með því að lofa fleirum meiru en dæmi eru um í Íslandssögunni. Slíkum loforðum fylgir mikil ábyrgð og það er nýrrar ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar hér í þessum sal að axla hana og standa undir henni.

Ríkisstjórnin fer ekki sérstaklega vel af stað í því efni. Umfjöllunin um skuldamálin var veikburða í stefnuræðunni. „Engar nefndir, aðgerðir strax“, sagði formaður Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningar. Nú á að skipa nefnd eftir nefnd. Hæstv. félagsmálaráðherra leiddi á síðasta kjörtímabili nefndastarf á vegum efnahagsráðuneytisins sem hafði það að markmiði að finna leiðir til að draga úr vægi verðtryggingar. Af hverju þarf þá núna nýja nefnd um afnám verðtryggingar? Hvað á sú nýja nefnd að gera sem var ekki hægt að gera í fyrri nefnd?

Forsætisráðherra boðar nú þingsályktunartillögu en engar aðgerðir. Alþingi getur svo sem ályktað að ráðherrar eigi að vinna vinnuna sína, en það leysir þá ekki undan ábyrgðinni að koma með lausnir. Hann sagði við okkur fyrir kosningar að þetta væri hægt — við munum öll eftir alvörubrunnu augnaráðinu úr sjónvarpsauglýsingum Framsóknarflokksins kvöldið fyrir kjördag — og ýmsir hv. þingmenn Framsóknarflokksins lofuðu skuldaniðurfellingu strax núna

í sumar. Það er kominn júní og það eina sem við sjáum er hik.

Forsætisráðherra boðaði í ræðunni skynsemisstefnu í rekstri ríkisins. Ég endurtek: Skynsemisstefnu. Að ná tökum á verðbólgunni, greiða niður skuldir og efla efnahagslíf-ið. Það er allt rétt og í anda efnahagsstefnu síðustu ríkisstjórnar. En hin nýja ríkisstjórn er lögð af stað allt aðra leið. Aukin útgjöld eru boðuð. Fyrsta ríkisfjármálafrumvarpið liggur fyrir og það felur í sér að auka hallarekstur ríkissjóðs. Fjármálaráðherra segist í útvarpsviðtali ætla að lækka fleiri skatta, en hann veit samt ekki alveg hverja. Samt segir forsætisráðherra hér áðan að horfurnar í rekstri ríkissjóðs séu miklum mun verri en haldið hafi verið fram og að það sé ekki fögur mynd sem við blasi. Þetta segir hann þótt allir viti að hann taki við góðu búi.

Bíðum nú við. Rekstrarhorfurnar eru slæmar en samt eru fyrstu verkin að auka útgjöld og draga úr tekjum. Hver er skynsemin í þeirri stefnu? Ríkisstjórnin er ekki mánaðargömúl en hefur samt sett einhvers konar met í sundurleysi. Og ekki er þar ágreiningi milli stjórnarflokka um að kenna. Nei, þvert á móti. Sjálfstæðisflokkurinn situr í aftursætinu og unnr sér þar vel. Það er forustuleysi Framsóknarflokksins sem vekur undrun. Forsætisráðherrann segir að ekki standi til að leggja umhverfisráðuneytið niður, en umhverfisráðherrann segir það standa til. Forsætisráðherrann sagði á Laugarvatni að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna yrði haldin á kjörtímabilinu en umhverfisráðherrann — sem bregður sér líka stundum í hlutverk utanríkisráðherra að því er virðist — segir að svo verði ekki að óbreyttu.

Góðir Íslendingar. Forsætisráðherra sagði margt fallett í stefnuræðunni en mest áberandi var það sem ekki var sagt. 21. öldin kom þar lítið við sögu. Fortíðarþráin er svo sterk að orðið „iðnaður“ er hvergi að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra sagði ekkert áðan um þekkingu sem drifkraft efnahagsframfara. Ekkert um nýjar skapandi greinar sem geta skilað okkur sífellt fleiri þekkingarstörfum. Ekkert um upplýsingatækni sem getur bylt aðstæðum okkar til góðs. Ekkert um bættan markaðsaðgang fyrir íslenskar afurðir og þjónustu á okkar mikilvægustu mörkuðum, sem er hin raunverulega forsenda aukningar matvælaframleiðslu á Íslandi. Lítið um hvernig Ísland geti þróað samskipti sín við umheiminn, en meira um það sem ríkisstjórnin ætlar ekki að gera á því sviði.

Á tímum óvissu er skiljanlegt að leita öryggis með því að draga sig inn í skel. Þannig er glímunni við hið óþekkta frestað. En ný kynslóð Íslendinga getur ekki hopað af hólmi. Nýjar ógnir hverfa ekki þó að við höldum okkur heima. Alvarleg áföll á alþjóðlegum fjármálamörkuðum keyrðu Ísland á kaf fyrst allra ríkja. Við, sem högnuðumst á hræringum 20. aldarinnar — hvers konar styrjöldum, köldum og heitum, og alls konar óáran — njótum nú engrar verndar lengur af landfræðilegri einangrun. Átök og loftslagsbreytingar hafa geigvænleg áhrif á lífsskilyrði fólks víða um heim og flóttamenn undan þeim hörmungum leita líka skjóls hér. Skynsamlegasta flóttamannastefna Íslands felst í að taka þátt í að tryggja fólki frið, umhverfisgæði, öryggi, velsæld og mannréttindi heima hjá sér. Þess vegna þarf Ísland alvöru efnahags-, umhverfis- og utanríkisstefnu.

Þess vegna væri jafn fáránlegt að leggja niður umhverfisráðuneytið og að leggja niður fjármálaráðuneytið. Það er engin skynsemiss stefna í því.

Sama á við um aðildarumsóknina. Það má færa rök fyrir því að rétt sé að anda í kvíðinn og meta aðstæður. En bið er ekki stefna og ríkisstjórnin býður ekki upp á neina aðra trúverðuga sýn. Gamalkunnugt japl um eflingu viðskipta- tengsla við harðstjórnarríki í fjarlægum heimsálfum er innihaldslaut. Þau samskipti eru góð út af fyrir sig en koma ekki í staðinn fyrir tengsl okkar við Evrópu og munu aldrei gera.

Maður spyr sig: Var þetta stefnuræða ríkisstjórnar fyrir aldar? Fannst hún í rykugu djúpi skjallasafns Framsóknarflokksins? Er hér í fæðingu ný pólitísk tilraun gamalgróinna haftaflokka til að finna öryggi sitt í helmingaskiptum af gamalli sort? Hér er enga viðreisnarstefnu að finna sem vísaði út og fram. Þetta er stefna sem vísar inn á við og aftur á bak. Hún á hvorki nokkur svör við langtímaverkefnum íslensks samfélags né nokkra sýn til framtíðar. Fyrir Ísland 21. aldar er slík kyrrstaða ekki valkostur.

Afnám hafta, þjóðarsátt á vinnumarkaði, afskriftir skulda heimila á grundvelli gegnsærra og réttláttra leikreglna, sókn í nýsköpunargreinum atvinnulífsins og áframhaldandi aðild okkar að innri markaði Evrópu eru verkefni sem þola enga biðleiki, ekkert hik, engin ráðvillt svör frá einum ráðherra til annars. Þetta er það sem ríkisstjórn Íslands á að vera að gera, samstillt og óþreyjufull, að leysa varanlega gjaldmiðilsvandann, verðbólguvandann og koma böndum á óstöðugleikann sem rýrt hefur eignir kynslóða á kynslóðir ofan í landi okkar.

Hið sögulega hlutverk jafnaðarmanna er barátta fyrir jöfnum tækifærum og traustri velferð. Þegar allt logaði í ofriði tókst okkur að verja velferðina svo að eftir var tekið um allan heim. Við jukum úrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk og byggðum hjúkrunarheimili um allt land. Nú er fyrsta verk okkar á nýju þingi að leggja fram að nýju frumvarp um almannatryggingar sem bætir enn aðstæður lífeyrisþega. Síðast þegar þessi tveir flokkar sátu í ríkisstjórn stóðu lífeyrisþegar í linnulausum átökum við ríkisstjórnina og þurftu að sækja sjálfsgöð mannréttindi fyrir dómstólum. Við munum standa vaktina í velferðarmálum, enda ekki vanþörf á.

Góðir Íslendingar. Einar Benediktsson lýsti í Íslands- ljóðum þeim vanda þjóðarinnar að búa við sjálfsköpuð takmörk, hlekkir hugarfarsins, geta bjargað sér en ná því ekki. Vera „bjargarlaus við frægu fiskisviðin“, eins og hann sagði. Hvaðning hans til þjóðarinnar er eins og skrifuð til leiðtoga ríkisstjórnar Íslands í dag: „Hve skal lengi dorga, drengir / dáðlaus upp við sand?“ Við búum við gnótt tækifæra. Það eina sem við þurfum er hugrekið til að þora að nýta þau. — Góðar stundir.

[20:16]

### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Á vorin fyllumst við hjartýni og ég er ekki í nokkrum vafa um að hjartir dagar efla með landsmönnum kraft og gleði. Því er við hæfi að nýtt þing komi saman á vorin og ég óska nýrri ríkisstjórn, sem hefur tekið við, velfarnaðar og okkur öllum hér á þingi góðs gengis í þinghaldinu fram undan.

Hæstv. forsætisráðherra varð einmitt tíðrætt um hjartýni í ræðu sinni en kaus um leið að gefa til kynna að staða ríkisfjármála væri mun verri en haldið hefur verið fram. Enn hafa þó engin dæmi verið nefnd um það hvernig staðan er verri. Og fyrstu aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar snúast raunar fremur um að veikja þá erfiðu stöðu sem hæstv. forsætisráðherra sér fyrir sér með því að draga saman tekjur ríkisins.

Staðreyndin er sú að hvorugur þeirra flokka sem sátu í síðustu ríkisstjórn bauð upp á útbólgin kosningaloforð eða ofmat á stöðu ríkissjóðs. Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram heildstæða endurskoðaða ríkisfjármálaáætlun sem byggði á þeirri leið sem var farin á síðasta kjörtímabili með aukinni tekjuöflun og fjölbreyttari stoðum í atvinnuuppbyggingu. Enn fremur lögðum við fram tillögur um hvernig mætti nýta það svigrúm sem hér gæti skapast til að efla samfélagsstoðirnar, heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfið, og tryggja þannig samfélagslega uppbyggingu í þágu fólksins í landinu. Ávallt var bent á að staðan væri enn strembin, áfram þyrfti samstillt átak allra til að koma landinu áfram.

Ef hæstv. núverandi forsætisráðherra hefði lagt betur við hlustir hefði hann kannski lagt fram hófstílltari loforð fyrir síðustu kosningar, því að staðreyndin er sú að staðan er nokkurn veginn sú sem hefur verið kynnt. Það er staðfest í greiðsluuppgjörri ríkissjóðs fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins þar sem fram kemur að tekjur ársins teljist á áætlun, ný hagspá OECD staðfestir batann á Íslandi, hagvaxtarspáin fyrir 2013 er 1,9% og 2,6% fyrir árið 2014. Atvinnuleysi er undir 5% á næsta ári, verðbólga fer áfram niður. Áhugavert er að skoða hið alþjóðlega samhengi en meðaltalshagvöxtur á evrusvæðinu milli ára er neikvæður, mínus 0,1% en á Íslandi er hann 0,8%, og aftur á móti er hækkun frá fyrri ársfjórðungi sú næstmesta frá hrúni eða 4,6%.

Hinn góði árangur í ríkisfjármálum, sem ný ríkisstjórn nýtur nú, er líka staðfestur í nýjasta yfirlitsriti AGS um ríkisfjármál frá því í apríl á þessu ári, þannig að út frá flestum hagrænum mælikvörðum sýnist mér allt staðfesta að Ísland er að komast betur frá kreppunni en flest lönd Evrópu. Og ég er ánægð með að ný ríkisstjórn taki við góðu búi en mér finnst sérkennilegt að tala niður þann árangur með því að gefa til kynna að legið hafi verið á upplýsingum og að staðan sé verri en sagt hafi verið. Kannski er hér um svokallaða væntingastjórnun að ræða enda búið að spenna bogann ansi hátt og þá er ef til vill gott að kaupa sér smáfrið. Staðreyndirnar tala sínu máli en kannski eru horfurnar að versna einmitt vegna þess að kosningaloforð stjórnarflokkanna verða dýrir víxlar fyrir ríkissjóð.

Það verður hins vegar áhugavert að sjá hina endurskoðuðu áætlun og hvað muni felast í henni því að margt er jú snúið í þessu. Nú þegar sjáum við að ríkisstjórnin hyggst draga úr tekjum ríkisins með því að lækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu en frumvarp þess efnis hefur verið boðað á þessu sumarþingi. Það er lækkun á tekjum frá áætlun um einn og hálfan milljarð á ársbasis. Enn fremur hefur verið boðuð svokölluð einföldun á skattkerfinu. Enn vitum við ekki í hverju hún felst en fyrir liggur að menn hafa haft horn í síðu auðlegðarskattsins og ýmsir þingmenn stjórnarflokkanna, þá ekki síst Sjálfstæðisflokksins, hafa einnig

haft horn í síðu hins þrepaskipta skattkerfis sem snýst um að jafna byrðunum þannig að hinir tekjulægri greiði hlutfallslega lægri skatt en hinir tekjuhærri, sú aðferðafræði sem langflestar Evrópuþjóðir, og þótt víðar væri leitað, beita við skattheimtu.

Ég hefði talið skynsamlegast, úr því að hæstv. forsætisráðherra varð tíðrætt um skynsemina, að ný ríkisstjórn héldi óbreyttri stefnu og skilaði afgangi á næsta ári. Ef upp á vantar höfum við lagt til að hægt sé að ráðast í frekari skattlagningu auðlindarentu í orkuíðnaði. Mér fannst líka athyglisvert að lesa hugmyndir núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, sem boðar að skynsamlegt sé að ráðast í frekari skattlagningu fjármálafyrirtækja, en samkvæmt ráðherranum er um einfalda lagabreytingu að ræða og ekkert því til fyrirstöðu að koma með frumvarp strax í þingið og líklegast ekki vanþörf á ef fleiri frumvörp koma fram sem draga úr tekjum ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Allar okkar ákvarðanir þurfa að taka mið af því að Vesturlönd berjast við kreppu. Að mörgu leyti hefur íslenska leiðin — sem við þurfum ekki að eigna neinum einum — skilað ótvíráðum árangri. Sú leið hefur snúist um að fara blandaða leið tekjuöflunar og niðurskurðar, fara ekki í sölu almannaverðmæta og verja eftir fremsta megni innviði samfélagsins auk þess að tryggja jöfnuð. Erlendir sem innlendir fræðimenn hafa einmitt bent á nauðsyn þess að standa vörð um velferðina á krepputímum, ekki síst vegna þess að of mikill niðurskurður á velferð getur haft verri efnahagsleg og samfélagsleg áhrif til lengri tíma en sá skammvinni sparnaður sem hann skilar.

Að sjálfsögðu viljum við öll stytta kreppuna í annan endann. En efnahagsþrengingum á Vesturlöndum er ekki lokið og miklu skiptir hvernig við sem þjóð höldum á spilunum og hvaða leiðir við veljum fram á veg. Og nýjar leiðir í stjórnmálum og efnahagsstjórn þarf að hugsa bæði til langs tíma og skamms, því að ákvarðanir sem við tökum núna skipta ekki bara máli hér og nú, þær skipta líka máli til lengri tíma í stærra samhengi. Á 21. öldinni er nauðsynlegt að allar ákvarðanir okkar grundvallist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, að við hugum að þeim verðmætum sem við viljum skila næstu kynslóðum, hvort sem þau eru náttúruleg, samfélagsleg, efnahagsleg eða menningarleg. Þessar nýju leiðir mátti greina í starfi síðustu ríkisstjórnar og við vinstri græn munum áfram berjast fyrir þeim.

Hæstv. forsætisráðherra sagði einmitt að umhverfisvernd sneri að framtíðinni og hagsmunum ófæddra kynslóða. Ég segi: Allar okkar ákvarðanir í nútímanum eiga að taka mið af framtíðinni og hagsmunum ófæddra kynslóða. Þá gengur ekki að atvinnustefna stjórnvalda snúist um fleiri virkjanir og ný álver. Við hljótum að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún hafi fjölbreytta atvinnustefnu, ekki bara útjaskaða stóriðjustefnu, stóriðjustefnu sem var vandlega falin í kosningabaráttunni en sprettur nú upp eins og kanína úr hatti töframanns, enda nýtur hún ekki sömu vinsælda lengur hjá almenningi sem hefur séð afleiðingar hennar á umhverfi og samfélag. Hér er ekki aðeins um umhverfissjónarmið að ræða heldur efnahagsleg og samfélagsleg sjónarmið þar sem skiptir máli að dreifa áhættunni og veðja ekki öllu á álver á tímum þar sem álverð er í lágmarki.

Ríkisstjórn sem vill vera í fararbroddi á alþjóðavísu í umhverfismálum, samkvæmt stjórnarsáttmála sínum, gengur ekki heldur fram fyrir skjöldu eftir kosningar og þynnir þann málaflökk svo rækilega út að jafnvel kemur til greina að leggja niður umhverfissráðuneytið í byrjun þeirrar aldar þar sem við öll vitum að umhverfismálin verða stóra viðfangsefnið. Á tímum þar sem loftslagsbreytingar af manna völdum ógna lífríki og vistkerfum um allan heim — heilu samfélögin eru í stórhættu út af hækkandi vatnsborði — á tímum þar sem ísinn við norðurskautið bráðnar hraðar en nokkur hafði spáð finnst núverandi hæstv. umhverfissráðherra að það gæfi verið ein niðurstaða stjórnkerfisbreytinga að umhverfissráðuneytið verði óþarft, svo að ég vitni í *Bændablaðið*. Allt eins mætti segja að fjármálaráðuneytið gæti orðið óþarft enda megi flétta verkefnum þess inn í alla aðra málaflökka, en mér er til efs að nokkur mundi fara í þá vegferð, sem segir sitthvað um forgangsriðun málaflökkanna.

Virðulegi forseti. Stjórnarskrármálið var áberandi undir lok síðasta þings. Þá var samþykkt sú breyting á stjórnarskrá að breyta megi stjórnarskrá með samþykki tiltekins hluta þingmanna og 40% þjóðarinnar. Sú tillaga verður lögð fram til staðfestingar nú á þessu sumarþingi. Von mín stendur til þess að áfram verði unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar á nýju kjörtímabili enda hefur mikið verið unnið í þeim efnum og mörg brýn viðfangsefni fram undan. Þau snúast meðal annars um sameiginlegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum, lýðræðisumbætur og fleira. Ég treysti því að allir þingmenn séu reiðubúnir að taka þátt í þessari vinnu enda ljóst að mjög margt þarf að skýra í stjórnskipan landsins þegar því er haldið fram að forseti lýðveldisins fari með svokölluð fullveldismál og leggi línurnar í samskiptum Íslands við önnur ríki. Fræðimenn hafa reyndar nú þegar bent á að þessi túlkun standist ekki skoðun, en auðvitað vekur það spurningar hvaða afleiðingar það hefur þegar stofnanir samfélagsins viðurkenna með beinum eða óbeinum hætti grundvallarbreytingar á lögskýringum, síðum og venjum þannig að upplausnarástand skapast. Ég tel ljóst að hér þurfi þingið að taka til verka og ljúka við endurskoðun stjórnarskrárinnar, þannig að grunnur samfélagsins sé sterkur og skýrt skilgreindur, þannig að við vitum öll hvernig nákvæmlega stjórnskipan landsins sé hagað.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra boðar samvinnu og í stjórnarsáttmálanum, þar sem vindar þjóðhyggju og framfarahyggju blása, er mikið rætt um samvinnu. Það er hárrétt, sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra, að við sem skipum stjórnarandstöðuna á þessu þingi tökum að sjálfsögðu þátt í þeirri samvinnu. Það gerum við meðal annars með því að taka formennsku og varaformennsku í nefndum, eins og gert er ráð fyrir í þingskapalögum, en stjórnarandstaða á síðasta þingi vildi ekki taka að sér. En nú liggur fyrir að leggja á fyrir þingið tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórn verði falið að vinna aðgerðaáætlun í skuldamálum. Ég hef talað fyrir því að við í minni hlutanum greiðum fyrir framgangi þeirra mála þó að ég hafi átt von á skýrari skilaboðum um þessi mál eftir þá kosningabaráttu sem nýlega er afstaðin.

Ég treysti á að málið snúist ekki um að þingið álykti eingöngu að fela ríkisstjórninni að klára málið heldur trúir

ég því einlæglega að efnt verði til þverpólíttískrar samvinnu þar sem minni hlutinn komi að málum. Sama má segja um þá úttekt sem boðuð er á á stöðu viðræðnanna við Evrópu-sambandið, sem mér fannst raunar ég heyrta hæstv. utanríkisráðherra segja að væri hafin — því get ég ekki trúað vegna þess að ég treysti því að þar verði líka boðað til þverpólíttíks samráðs enda liggur fyrir samþykkt þingsins í þessum málum og mikilvægt að þingið komi að því hvernig þeim verði fram haldið.

Kæru landsmenn. Skynsemi, rökhyggja, bjartsýni, kjarkur, þor. Þessi orð voru öll áberandi í máli hæstv. forsætisráðherra og sum þeirra koma líka fyrir, ásamt mjög mörgum ágætum fleiri orðum, í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Ég hef lært það af þátttöku minni í stjórn mála að við Íslendingar erum bjartsýn, skynsöm, kjarkmikil og hugröck þjóð. Um það þarf ný ríkisstjórn ekki að efast. En við ættum að spyrja okkur sjálf hvernig við beitum þess- um eiginleikum í störfum okkar. Við þurfum að beita rök- um en ekki sleggjuddómum, dreifa byrðunum af skynsemi, huga að hagsmunum barna okkar þegar kemur að umgengni við auðlindir og umhverfi, þora að feta nýjar leiðir, ekki setja öll egg í sömu körfu og vera óhrædd við að synda á móti straumi. Síðast en ekki síst þarf kjark, kjark til að standa í lappirnar með almannahag að leiðarljósi en stjórn- ast ekki eingöngu af hinum þrengri hagsmunum. Við skul- um vona að við höfum öll kjark til þess, því að til þess er- um við hér, til að vinna fyrir almenning í landinu. — Góðar stundir.

[20:28]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts- son) (S):

Hæstv. forseti. Kæru Íslendingar. Það er merkileg stund þegar þing kemur saman í upphafi kjörtímabils. Nýir þing- menn taka sæti ásamt þeim sem hafa endurnýjað umboð sitt til að starfa í þágu almennings. Í því felst þungi starfa okkar sem fáum notið þess heiðurs að sitja á Alþingi allra Íslend- inga að þjóna sem best við getum hagsmunum þjóðarinnar í bráð og lengd.

Í fyrsta sinn í sögunni er mynduð ríkisstjórn þar sem enginn hefur gegnt ráðherradómi áður. Öll höfum við þó reynslu af störfum á Alþingi, þekkjum löggjafarstarfið og samspil framkvæmdar- og löggjafarvaldsins. Öll berum við einnig virðingu fyrir venjum og hefðum, en það má búast við að nýju fólki fylgi nýjar áherslur.

Það á líka við um stjórnarandstöðuflokkana sem annað- hvort hafa valið sér nýja forustu eða eru ný öfl í pólitíkinni. Af þeirra hálfu má strax finna vilja til að störf þingsins geti orðið undir merkjum meira samstarfs og samvinnu en á ný- loknu kjörtímabili. Það er mjög ánægjulegt og ég hlakka til að vinna með þingmönnum öllum að málum sem verða landsmönnum til heilla og framfara.

Líkt og kom fram í ræðu nýkjörins forseta Alþingis á fyrsta fundi þingsins þurfa breytingar í vinnubrögðum þingsins að eiga sér stað og þær þurfa að koma innan frá, frá þingmönnum sjálfum. Aðbúnaður og aðstaða þing- manna skiptir einnig miklu. Frá því ég tók sæti á Alþingi árið 2003 hef ég viljað vinna að því að styrkja þingið og auðvelda þingmönnum að rækja skyldur sínar. Þar er enn verk að vinna.

Góðir landsmenn. Við ætlum að horfa fram á við, láta verkin tala. Það skiptir okkur öllu. Standa við gefin fyrir- heit um að fylgja landinu inn í nýtt framfaraskið. En um leið og við hugum að framtíðinni þurfum við að taka á að- kallandi málum sem eru forsenda þess að við getum farið af krafti í uppbygginguna. Það eru mál sem varða skuldir heimilanna, uppgjör við kröfuhafa og stöðu ríkissjóðs. Við ætlum okkur að endurskoða skattkerfið, einfalda það og lækka skatta þar sem það getur augljóslega létt undir með einstaklingum og fyrirtækjum, orðið til þess að örva hag- vöxt og fjölga störfum. Jafnframt er mikilvægt að í fjárlaga- frumvarpi ársins 2014 sjáist þess glögg merki að við ætlum okkur að stöðva hallarekstur og skuldaförnu ríkissjóðs til þess að tryggja að afkoma hans verði aftur sjálfbær, að við eigum fyrir öllum útgjöldum og getum þannig farið að lækka skuldir.

Þótt tölur sem við höfum nú fengið um stöðu ríkisfjár- málna sýni verri stöðu en gert var ráð fyrir breytir það ekki þeirri ætlan okkar að reka hallalausan ríkissjóð. Á yfir- standandi ári var samkvæmt fjárlögum stefnt að því að lækka hallann á ríkisrekstrinum verulega og nálgast heild- arjöfnuð þegar fjárlög eru skoðuð á rekstrargrunni. Tölu- verðar breytingar hafa hins vegar orðið bæði á tekju- og út- gjaldahlíðinni frá því fjárlög voru afgreidd hér undir lok síðasta árs. Ákvarðanir sem voru teknar undir lok ársins um aukin útgjöld byggðu á tekjum, svo sem arðgreiðslum og sölu eigna, sem eru ekki að skila sér að fullu. Þar gæti vant- að um 4 milljarða kr. Hagvöxtur er minni en gert var ráð fyrir og búast má við lægri tekjum vegna þess um aðra 4 milljarða kr. Þá er á þessu stigi útlit fyrir ýmis umframútgjöld sem gætu orðið nálægt 6 milljörðum kr. Það verður þó að sjálfsögðu tekið til skoðunar hjá einstökum ráðuneyt- um hvernig bregðast má við þeirri stöðu. Þessu til viðbótar er rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika að gjaldfæra þurfi verulegan hluta af fyrirhuguðu 13 milljarða kr. framlagi ríkisins til Íbúðalánasjóðs.

Samanlagt breyta þessar forsendur myndinni í ríkisfjár- málum allverulega og má, miðað við þessar forsendur, gera ráð fyrir að það stefni í sama halla og á fyrra ári. Það þýðir rúmlega 30 milljarða halla. Þetta er hið góða bú sem getið hefur verið um af nýkjörnum formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Árna Páli Árnasyni, og öðrum stjórnarandstæðing- um sem í sífellu tala um hið góða bú sem ríkisstjórnin tekur við. Þetta er staðan. Það er mikilvægt að við vitum hver hún er við upphaf kjörtímabilsins.

Til að vinna ofan af þessari stöðu verður ekki nóg að leggja áherslu á varfærni í ríkisútgjöldum heldur verður að skapa hér umhverfi sem gefur af sér meiri hagvöxt en und- anfarin ár. Vel rekin ríkissjóður er liður í því að byggja upp traust fjárfesta á efnahagslegri endurreisn landsins og vissulega forsenda þess að hér verði hægt að aflétta gjald- eyrishöftum án þess að stefna stöðugleika í hættu. Mikil- vægur þáttur í því er að lækka vexti, en hátt vaxtastig vinn- ur gegn fjárfestingu og framkvæmdum. Það eru því sam- rýmanleg markmið að reka hallalausan ríkissjóð og auka hagvöxt.

Traust er í þessu samhengi mikilvægt. Traust fjárfesta á umhverfinu. Traust almennings á því að við munum ekki leggja frekari byrðar á heimilin í landinu og traust okkar á

að einstaklingar og fyrirtæki komi með okkur í þetta verk-efni. Árangurinn veltur á endanum á dugnaði, heiðarleika og skynsemi. Við þurfum að leggja hart að okkur við uppbygginguna. Við verðum að geta treyst því að allir taki þátt í henni og leggi sitt af mörkum til sameiginlegra sjóða og við verðum að horfast í augu við að við getum ekki gert allt í einu. Við höfum mikla trú á því að byrja strax.

Við höfum þegar lagt fram nokkur mál sem styðja við stefnu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsætisráðherra fór hér rétt áðan yfir þingsályktunartillögu sem verður vegvísir fyrir starf næstu mánaða hvað varðar skuldamál heimilanna. Á sviði skattamála er komið fram frumvarp um afturköllun virðisaukaskattshækkunar á ferðaþjónustu sem við í þáverandi stjórnarandstöðu börðumst gegn. Við erum að vinda ofan af þeirri ákvörðun sem fyrri ríkisstjórn tók. Einnig er væntanlegt frumvarp til breytinga á ýmsum skattalögum, en með þeim viljum við byrja að létta byrðar heimilanna. Það er markmið okkar að auka ráðstöfunartekjur heimilanna jafnt og þétt allt kjörtímabilið.

Skattar sem eru til skoðunar fyrir þetta sumarþing eru í þessu samhengi til dæmis eldsneytisskattar og skattar á raforku og heitt vatn sem lagðir voru á heimilin. Við erum líka með til skoðunar að lækka sérstaklega byrðar barnafólks með því að lækka virðisaukaskatt á barnaföt. Allt eru þetta dæmi um mál sem við erum með til skoðunar og koma til greina í skattalagafrumvarp fyrir sumarþingið.

Góðir Íslendingar. Sjálfstæði er okkur mikilvægt til að ráða okkur sjálf og vera þjóð meðal þjóða. Slíkt sjálfstæði verður ekki einungis tryggt með lögum heldur þarf það einnig að endurspeglast í efnahagslegri getu og styrk. Sjálfstæði er nátengt frelsi. Undanfarin ár höfum við þurft að búa við skert frelsi til athafna. Gjalddeyrishöftin hvíla eins og mara á íslensku efnahagslífi. Íslensk fyrirtæki standa höllum fæti gagnvart erlendum vegna þeirra, missa af mikilvægum tækifærum vegna seigju kerfisins og innlendir fjárfestar eiga erfitt með að dreifa áhættu í fjárfestingum sínum vegna takmarkana á fjármagnsflutningum. Meðan höftin standa erum við eins og gölluð vara í augum umheimsins. Ég hef stundum sagt að höftin séu eins og blikkandi ljós yfir landinu þar sem stendur „varúð“.

Við trúum ekki á virði gjaldmiðilsins. Það er ósanngjarnt að land sem býr yfir jafnmiklum og spennandi tækifærum og Ísland skuli vera í þeirri stöðu. Því lengur sem við búum við þetta ástand því óeðlilegra og veikara verður hagkerfi okkar, flækjustig eykst, hætta skapast á bólu myndun og erfiðleikar við að aflétta höftum án verulegra áhrifa á efnahagslífið magnast stig af stigi.

Ég hef þegar nefnt mikilvægi þess að ná tökum á hallarekstri ríkissjóðs í tengslum við afnám haftanna, en fleira þarf að koma til. Í nánustu framtíð verður að finna lausn vegna þrotabúa fallinna banka. Sama gildir um aflandskrónuvandann. Loks er þörf á endurfjármögnun stórra skuldbindinga. Undirbúningur að þessum aðgerðum er þegar hafinn. Við munum setja áætlan í þessum efnunum í forgang með áherslu á að ljúka verkefningu sem fyrst, að því gefnu að niðurstaðan sé íslenska ríkinu hagfelld og þar með þjóðinni. Tíminn verður því ekki látinn ráða för, það er niðurstaðan sem skiptir öllu máli.

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Eitt af stóru málunum

er að tryggja stöðugleika og sátt um kjaramál. Það er mikilvægt að stjórnvöld, vinnuveitendur, stéttarfélag og launþegar séu samtaka í þeim aðgerðum sem farið verður í næstu ár. Við munum því hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir, m.a. um lækkingu tryggingagjalds og frekari lækkanir og breytingar á skattkerfinu, áður en til þeirra verður gripið. Með því að líta heildstætt á þessi mál má vinna gegn víxlverkun launahækkana og verðbólgu. Það er stórmál fyrir okkur öll. Þannig tryggjum við að kjarabætur skili sér í raun og stuðlum að friði á vinnumarkaði.

Á fyrstu dögum mínum í fjármála- og efnahagsráðuneytinu hef ég þegar orðið var við ríkan vilja á vinnumarkaði til þess að láta reyna á nýja nálgun, meiri langtímahugsun og styrkari grunn að gerð kjarasamninga. Markmiðið er bætt kjör og traustari forsendur undir gerð þeirra. Þetta eru jákvæð merki. Friður og sátt er markmið í sjálfu sér sem á við í víðu samhengi.

Við erum svo heppin að það er miklu fleira sem sameinar okkur en sundrar. Við höfum sameiginlega hagsmuni af því að byggja hér upp framsækið samfélag sem byggir á fjölbreyttu atvinnu- og menningarlífi. Slíkt samfélag fagnar skapandi hugsun, framtakssemi og nýjungum, hefur í hávegum farsælar og rótgrónar atvinnugreinar og metur að verðleikum þær auðlindir sem því eru gefnar. Um það snúast áform okkar, að taka upp rammaáætlun, að finna sameiginlegan flöt á virkjun og verndun. Að því hefur verið lát- ið liggja að á bak við þá fyrirætlun sé einungis erindisrekstur fyrir stóriðjusinna. Það er rangt. Markmiðið er ekki að þjóna hagsmunum eins umfram annan heldur að ná sátt um nýtingu auðlinda sem geta skapað hér græna orku um ókomna tíð og um verndun svæða sem við erum sammála um að ekki skulu nýtt. Það er brýnt að höggva á hnút deilna um þessi mál. Það er skynsamlegt að leita til færustu sérfræðinga okkar um góð ráð og varanlega niðurstöðu. Einbeiting okkur síðan að framtíðinni, að því að lifa saman og lifa af landinu, í sátt við það og hvert annað.

[20:41]

### Guðmundur Steingrímsson (Bf):

Virðulegur forseti. Kæru landsmenn. Ég vil byrja á því að óska ríkisstjórninni velfarnaðar og nýkjörnum forseta Alþingis jafnframt gæfu í sínum störfum og minni á að hann er forseti okkar allra þingmanna. Ég vil óska nýjum þingmönnum gæfu og velfarnaðar í störfum og öðrum til hamingju með endurkjörið. Ábyrgð okkar er mikil, ég tek undir þau orð hæstv. forsætisráðherra. Verkefni fram undan er stór.

Ég vil líka nota tækifærið og þakka þeim stjórnmal- mönnum sem eru horfnir af þessum vettvangi og þakka þeim fyrir jafnvel áratugalangt óeigingjarnt starf, þjónustu í þágu lands og þjóðar.

Það eru mikil tímamót núna í pólitíkinni. Ný kynslóð er tekin við stjórnartaumunum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Í þessu felast mjög mikil tækifæri. Við getum raunverulega breytt stjórnmalmenningunni. Það vekur hjart- sýni í mínu brjosti að heyra að sú áhersla er mjög rík í máli allra að við ætlum að einbeita okkur að því að gera stjórn- malmenninguna betri.

Síðasta kjörtímabil var um margt mjög óvenjulegt og

erfitt. Það byrjaði með hrúni efnahagslífs. Það byrjaði með gjaldþroti bæði ríkisins og Seðlabankans, ógnarstórum viðfangsefnum. Það gekk gríðarlega mikið á. Ríkisstjórnin þurfti mjög oft að koma með frumvörp í flýti inn í þingið og sumir höfðu á orði að það þyrfti að stunda einhvers konar skipandi löggjöf hér í þinginu. Við vorum að takast á við fordæmalaus viðfangsefni.

Það er mjög mikilvægt núna þegar betur horfir við í efnahagslífi þjóðarinnar og almennt í þjóðarbúskapnum að við reynum að einbeita okkur að því að tileinka okkur ekki eða að festa í sessi ýmsa ósidi sem urðu til á síðasta þingi í öllum hamaganginum. Við verðum að vanda okkur við það að bæla niður ýmsar tilfinningar sem sjálfsagt bærast í brjóstum margra þingmanna. Freistingin er örugglega talsverð til þess að láta aðra kenna á eigin meðulum.

Hér var til dæmis pontan hertekin mörgum sinnum með langri mælendaskrá. Menn fóru upp í pontu aftur og aftur til að hindra að atkvæðagreiðsla gæti farið fram. Það er sjálfsagt skrytið í huga margra sem sitja núna í minni hluta að heyra þá hina sömu og stunduðu þessi vinnubrögð tala um nauðsyn þess að við komum á sátt og betri vinnubrögðum hér inni.

Sjálfsagt er líka erfitt fyrir þá sem sitja í stjórn núna að halda aftur af þeirri freistingu sinni að beita ýmsu því sem þeir töldu óvönduð meðul á liðnu kjörtímabili. Við þurfum sem sagt öll að einbeita okkur. Við ættum ekki að stunda pólitík eins og við hvert og eitt okkar teljum að aðrir hafi stundað hana verst heldur skulum við stunda hana eins og við teljum að hún sé stunduð best. Það er verkefnið. Við skulum ekki bæta á bölið með því að benda á annað verra.

Þjórt framtíð er nýtt afl. Við komum hér inn á þing með sex þingmenn. Fjórir eru nýir, tveir hafa settið hér áður. Við erum frjálslýnt afl. Við kennum okkur einnig við umhverfisvernd og við erum alþjóðlega sinnuð. Það merkir meðal annars að við teljum að hugsanlegt sé að fullveldi þjóðarinnar sé best borgið í samstarfi við önnur fullvalda ríki sem deila með okkur gildum.

Kveikjan að stofnun Bjartrar framtíðar var jafnframt löngun til þess að breyta stjórnmalunum. Við ætlum að einbeita okkur að því. Við ætlum að stunda uppbyggilega stjórnarandstöðu. Við ætlum að vera gagnrýnin. Við verðum föst fyrir. Við höfum ríkar skoðanir á helstu hitamálum samtímans en við ætlum að vera uppbyggileg. Við ætlum ekki að hindra mál í atkvæðagreiðslu. Við ætlum að reyna að leiða til þess í störfum okkur að mál fái vandaða meðferð og lýðræðislega meðhöndlun.

Þetta verður krefjandi, vissulega, vegna þess að þegar eru mörg stór teikn á lofti um að við séum mjög ósammála ýmsu í áherslum ríkisstjórnarinnar. En það er einmitt í þeim kringumstæðum sem reynir á flokk sem ætlar sér að breyta stjórnmalunum. Við ætlum að einbeita okkur að því.

Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra leggur áherslu á rökræðu, samræðu og samvinnu. Við gerum slíkt hið sama. Ég held að við eigum samleið í mörgum málum, a.m.k. leyfi ég mér að vona það. Ég held að við hljótum að eiga samleið í þeirri áherslu að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf.

Við tveir þingmenn sem vorum fulltrúar Bjartrar framtíðar á liðnu kjörtímabili, lögðum áherslu á að samþykkt yrði fjárfestingaráætlun við síðustu fjárlög þar sem fé var

veitt til skipandi greina, tækni- og hugverkaiðnaðar, til uppbyggingar ferðaþjónustu og til græns iðnaðar. Ég vona innilega að það verði gefið í í þeim efnum vegna þess að við þurfum fjölbreytt atvinnulíf. Við þurfum þessar greinar sterkari því þar er framleiðni mikil. Þetta getur skapað okkur mikinn auð.

Talandi um framleiðni, ég greini þá áherslu í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin vill beita sér í því að auka framleiðni, bæta framleiðni í íslensku samfélagi. Skýrslur hafa leitt í ljós að þar er mikið verk að vinna. Framleiðni á íslensku vinnumarkaði er talsvert minni en í nágrannasamfélögum. Þetta getur kallað á erfiðar ákvarðanir, mikla vinnu, mikla samræðu. En við deilum þessum áherslum.

Ég sakna þess reyndar að hæstv. forsætisráðherra skyldi ekki tala meira um menntakerfið í ræðu sinni. Við leggjum mikla áherslu á að við einbeitem okkur að því að bæta menntakerfið. Tökum á því sem er hryggileg staðreynd í íslensku samfélagi sem brottfall nemenda úr námi. Ekkert er jafn áttakanlegur vitnisburður um sóun á hæfileikum, á tíma og fé, og brottfall úr námi. Ég vona að við munum sameinast í því markmiði okkar að auka sveigjanleika í kerfinu, auka stuðning við nemendur, auka fjölbreytni í námi svo að við getum útrýmt svo að segja brottfalli nemenda.

Ég vona að við einbeitem okkur að því að gera heilbrigðiskerfið sterkara með öflugri heilsugæslu um allt land og með hjúkrunarrýmum. Það er reyndar óljóst í stjórnarsáttmálanum með nýjan spítala. Sá sem við búum við núna er úreltur og það er dæmi um sóun á peningum að byggja ekki nýjan spítala.

Ég vona að við sameinumst líka um ýmis markmið í mannréttindamálum og gleymum því ekki að þar er verk að vinna. Við gleymum oft þegar við tölum um mannréttindi þeim hópum sem þurfa einna mestar mannréttindabætur, t.d. fatlað fólk. Ég vona að við eflum sjálfstætt líf fatlaðs fólks á Íslandi.

Ég vona að við bætum skilyrði barna sem búa á tveimur stöðum og jöfnum aðbúnað umgengnisforeldra og lögheimilisforeldra. Ég vona að við tökum á móti innflytjendum og hælisleitendum af hugþrýði, dirfsku og umburðarlyndi og séum farsýn þjóð í þeim efnum.

Svo eru það hitamál sem ég efast ekki um að við munum deila um á þessu kjörtímabili. Umhverfis- og auðlindamál koma upp í hugann. Mér finnst áhyggjuefni að gefið skuli í skyn að umhverfisráðuneytið verði ekki sjálfstætt. Ég neita að trúá því fyrr en í fulla hnefana að það verði ekki sjálfstætt ráðuneyti. Svo yfirgrípsmikill er þessi málaflökkur að það gengur auðvitað ekki og yrði gríðarleg afturför ef umhverfisráðuneytið yrði ekki sjálfstætt.

Hæstv. forsætisráðherra lagði áherslu á umhverfismál í ræðu sinni áðan. Ég geri ráð fyrir að við eigum samleið þegar kemur að því að auka notkun á vistvænu eldsneyti og vinna gegn loftslagsvánni.

Hins vegar eru þegar teikn á lofti um að farið verði með ákveðnum yfirgangi á hendur þeim sem vilja vernda óspjallaða íslenska náttúru. Það var komið til móts við sjónarmið þeirra við samþykkt rammaáætlunar á yfirstöðnu þingi. Ég mæli eindregið gegn því að sú sátt, sem ég lít á sem sátt, verði rofin. Þessi ríkisstjórn sem leggur svona ríka



áherslu á þjóðmenningu verður að gera sér grein fyrir að það er ríkur þáttur í þjóðmenningunni að tengja sig óspjall- aðri náttúru.

Við verðum líka að spyrja okkur: Af hverju erum við að virkja? Við verðum að selja orkuna á viðskiptalegum forsendum. Það mál finnst mér óútkljáð.

Í ríkisfjármálum blasa við stórar spurningar. Það getur ekki verið einhvers konar sannleikur — við verðum a.m.k. að ræða það sem virðist birtast sem einhvers konar sannleikur í stefnu ríkisstjórnarinnar, að skattalækkanir almennt skapi tekjur. Það getur ekki verið svo. Það er ekki svo. Sumar skattalækkanir geta verið skynsamlegar en almennt séð minnka skattalækkanir tekjur. Ef ríkisstjórnin ætlar að fara mjög bratt í skattalækkanir verður mjög fróðlegt og athyglisvert að sjá næstu fjárlög, vegna þess að þá verðum við að ræða niðurskurð. Það verður mikil hitaumuræða.

Skuldamálin. Margt er óútkljáð í þeim. Hvernig á að afla fjármagnsins til þess að fara í skuldalækkun á heimilunum? Það liggur ekki fyrir. Við í Bjartri framtíð munum spyrja gagnrýninnu spurninga um þessi mál. Vegna þess að ef svigrúm skapast verðum við auðvitað að vekja athygli á því líka að samfélagið er eftir langvarandi kreppu fjársvelt. Það verður krafa um að nota þá peninga hugsanlega til annars konar lífskjarabóta. Það þurfum við að ræða allt saman.

Efnahagsmálin. Þau eru óljós í stjórnarsáttmálanum. Það stendur til að koma á stöðugleika og minnka verðbólgu á Íslandi með krónu án hafta. Það hefur illilega mistekist áður í efnahags sögunni. Það er óljóst hvernig það á að takast núna.

Það leiðir hugann að Evrópusambandinu. Ein ástæða þess að við erum í viðræðum við Evrópusambandið enn þá er sú að margir telja að við mundum njóta góðs af því að taka upp evru sem gjaldmiðil, taka upp stöðugri gjaldmiðil. Nú á að gera hlé. En það er óljóst hvað á að gera svo.

Við í Bjartri framtíð viljum eindregið ljúka viðræðunum og leggja fullbúið plagg til samþykktar eða synjunar fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. En við viljum höggva á þann hnút sem er núna kominn upp í þessum málum. Við ætlum því að leggja til núna á sumarþingi með þingsályktunartillögu að farið verði í þjóðaratkvæðagreiðslu innan árs um það hvort halda skuli viðræðunum áfram. Það er nægur tími til þess að kanna stöðuna á viðræðunum sem þegar reyndar hefur verið gert með góðum skýrslum. Það er nægur tími líka til þess að kanna stöðuna í Evrópu. En þjóðaratkvæðagreiðslan — við verðum að fá á hreint hvort við ætlum að halda áfram viðræðunum eða ekki. Ég vænti þess að það sé víðtækur stuðningur við þessa nálgun.

Herra forseti. Ég borða lambakjöt. Ég á margar lopaþeygur. Ég er BA í íslensku. Ég hef lesið allar Íslendingasögurnar. Ég elska mitt land. En sú tilfinning sem við berum til þjóðar okkar er margslungin hjá okkur hverjum og einum. Hún er fögur. En ég vil vara eindregið við því, vegna þess að mér finnst ýmsar vísbendingar vera um slíkt, að það eigi að nota þjóðmenningarhugtakið í pólitískum tilgangi. Ég ætla ekki að hafa þau orð fleiri. Ég vil bara vara við því.

Við skulum ekki sundra okkur. Við skulum reyna að leggja áherslu á gleðina. Ég vona að við getum haft lífsviðhorf manns, sem nýfallinn er frá, okkur að leiðarljósi í

störfum okkar á komandi kjörtímabili. Ég ætla að leyfa mér að ljúka þessari ræðu með því að vitna í margfræg orð Hermanns Gunnarssonar og vona að þau ríki hér í þessum þingsal, með leyfi forseta: „Veriði hress. Ekkert stress. Bless.“

[20:54]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Kæru landsmenn. Þessi áratugur verður vendipunktur um sögu Íslands og heimsins alls. Eins og faðir nútímastjórnunar spáði fyrir 14 árum hegðar upplýsingabyltingin sér eins og iðnbyltingin gerði þar á undan og prentbyltingin enn þá fyrr. Í hálfa öld var þessi nýja tækni nánast alfarið notuð til að gera hraðar og ódýrar það sem áður hafði verið gert. Svo kom að því að tækni var notuð til að gera eitthvað algjörlega nýtt og þá gjörbylti hún sviði viðskipta, pólitíkur og samfélaginu í heild. Undiralda síðustu upplýsingabyltingar, prentbyltingarinnar, skolaði í burtu 1000 ára alræðisríki kaþólsku kirkjunnar. Ímyndið ykkur það. Þetta er máttur upplýsinga. Þetta er máttur hins prentaða orðs sem gat dreifst frjálst á milli manna.

Upplýsingabyltingin í dag hefur þegar valdið því að í fyrsta skipti í sögunni er nærri allt mannkyn orðið stjórn- málalega meðvitað og á stjórn- málaleg samskipti sín á milli. Þessi vakning hefur átt sér stað vegna Facebook, YouTube og annarra netsamfélaga sem við þekkjum öll og notum. Það sem þessum netsamfélögum tókst að gera var að komast fram hjá einokun margmiðlunnar og ríkisvaldsins á túlkun og miðlun upplýsinga. Rétt eins og prentvél Gutenbergs gerði fyrst Lúther og svo ýmsum samfélögum, bæði trúar- og fræðimanna, fært að komast fram hjá einokun presta og prinna á túlkun og miðlun upplýsinga. Stjórn- málaleg vakning prentbyltingarinnar færði í kjölfarið megnið af mannkyninu undan alræði presta og prinna og undir vald lýðræðislegra kjörinna fulltrúa, fólks eins og okkar hér í þessum sal.

Stjórn- málaleg vakning upplýsingarinnar er hafin. Það er engin tilviljun að aukið gegnsæi og beinna lýðræði hafi ratað inn í frumvarp stjórnlagaráðs. Hérna er eitt fallett eintak af því og á því er blómið gleymmérei. Við skulum ekki gleyma því á þessu þingi og því sem þjóðin kallaði eftir í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október í fyrra, að þetta frumvarp skyldi liggja til grundvallar nýrri stjórnarskrá.

Það er heldur engin tilviljun að píratar eru 600 þús. á heimsvísu, í 60 löndum með 250 fulltrúa á löggjafarsam- kundum. Tæknin býður upp á þetta. Tæknin býður upp á gegnsæi, það býður upp á beinna lýðræði og notendur nýju tækninnar munu ekki hætta að krefjast aukins gegnsæis, að nýja tæknin verði notuð í síaukunum mæli til að almenningur geti fylgst með okkur sem eigum að starfa í þeirra þágu og gripið inn í ákvarðanatöku okkar þegar hún er ekki nógu góð til að hugsa um hag almennings.

Tillögu til þingsályktunar, um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi tjáningar- og upplýsinga- frelsi, tókst að gera í sameiningu á síðasta þingi. Flutnings- menn voru úr öllum flokkum. Það er eitt af þeim grundvall- aratriðum sem við þurfum að halda áfram með í þessari vinnunni til að tryggja aukið gegnsæi.

Í frumvarpi stjórnlagaráðs koma fram mjög mikilvægar

leiðir til þess að almenningur geti gripið inn í þegar við erum með lélega lagasetningu og kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Almennur gæti gripið inn í og haft frumkvæði að lagasetningu sem við sjáum okkur ekki fært að framkvæma eins og þeirri sem almenningur hefur kallað eftir, að fyrirtæki geti ekki greitt í sjóði stjórnmalaflokka út af því að það stangast á við ákveðna hagsmuni hér. Það kallar líka eftir auknu gegnsæi. Þetta er nokkuð sem við ættum að nota sem hugmyndir að því hvernig við getum hreyft málinu áfram á þessu þingi.

Framtíðin er núna og hún er í höndum fólks sem skilur internetið, sem skilur nýju upplýsingatæknina, á netinu sem mótar gildismat þess þar sem eru samfélög samhjálp. Þar eru samfélög sjálfsákvörðunar þar sem fólk hefur rétt til upplýsinga um ákvarðanir um málefni sem það varðar.

Það sem við munum setja í forgang er náttúrulega að koma þessari nýju stjórnarskrá í gagnið. Við munum setja í forgang, eins og kemur fram í stjórnarskráartillögum, að almenningur geti lagt fram þingmál á Alþingi. Þá munum við setja í forgang þegar kemur að skuldamálum heimilanna — það var mjög ánægjulegt að hlusta á stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um að leita skuli allra leiða til þess að aðstoða fólk í þessum vanda — að tryggja meðal annars þær leiðir að fólk verði ekki vísað út af heimilum sínum vegna lána sem hvíla á þeim þar sem óvissa er um réttarstöðu.

Þá þakka ég fyrir. Gleymum þessu ekki! [Réttir upp stjórnarskráartillögu stjórnlagaráðs.]

[21:01]

### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Sumir flokkar verða til vegna málefnalegs ágreinings. Þíratar urðu til vegna málefnalegar fátæktar. Skuldir heimilanna, hagnæðingur og atvinnumál eru öll mjög mikilvæg málefni en þau eru ekki þau einu. Heil kynslóð málefna hefur orðið út undan á sama tíma og hraðasta tæknibylting sem mannkynið hefur upplifað hefur átt sér stað. Upplýsingafrelsi, vernd uppljóstrara, auknið tjáningarfrelsi, raunhæf fíkniefnastefna og lýðræðisumbætur í formi þjóðaratkvæðagreiðslna og opinna stjórnsýslu eru á meðal þeirra málefna sem Þíratar hafa lagt hvað mesta áherslu á. Það er ekki víst að allir séu sammála um þessi mál en þau eiga það öll sameiginlegt að vera ekki tekin mjög alvarlega í pólitískri umræðu almennt.

Í kosningabaráttunni fór mikið fyrir loforðum um skuldaniðurfellingar og afnáam verðtryggingar. Satt best að segja skildum við þíratar aldrei nákvæmlega hvernig ætti að útfæra slíkar hugmyndir og skiljum reyndar ekki alveg enn. En það er síður en svo tilefni til andstöðu af okkar hálfu. Þíratar stæra sig ekki endilega af takmarkalausri bjartsýni og kjarki en geta þó bæt fyrir þann skort með forvitni.

Í öðrum málefnum þarf ekki að höfða til ávintýragirni þíratu til samstarfs. Hæstv. forsætisráðherra boðaði t.d. svokölluð lykjalög, flýtimeðferð dómsmála um skuldir heimilanna og að sekta fjármálafyrirtæki sem draga lappirnar við endurútrekninga, svo nokkur dæmi séu tekin. Það verður engin andstaða af hálfu þíratu þegar kemur að þeim málum heldur þvert á móti ríkur stuðningur, vel á minnst því að samkvæmt hefðinni teljumst við þíratar víst til svo-

kallaðrar stjórnarandstöðu. Ólíklegt er að sú orðræða breytist á einu kjörtímabili en hún er röng. Það er óeðlilegt að sjálfkrafa sé litið svo á að flokkur sem ekki á aðild að ríkisstjórn hljóti að vera í sérstakri andstöðu við hana. Þíratar eiga ekki fulltrúa í Seðlabankanum heldur en ekki erum við kölluð andstæðingar Seðlabankans. Allt tal um að lítill flokkur án ráðherra í ríkisstjórn hljóti að vera í einhvers konar andstöðu við ríkisstjórnina lýsir vel einu af mörgum vandamálum við lýðræðisfyrirkomulagið á Íslandi. Við buðum okkur ekki fram til ríkisstjórnar heldur til Alþingis, þess vegna heita kosningarnar alþingiskosningar.

Jafnvel þótt við þíratar einkennumst af svolitlu þönki erum við ekki hingað komin til að heyja stríð. Við munum sigra með því að sannfæra. Auðvitað verða ekki eintómir blómvendur og fingrakassar á hverjum þingfundi og auðvitað erum við ósammála um sum mál og sem betur fer, en við erum ekki í stjórnarandstöðu í neinum raunverulegum skilningi. Við erum þrjú þingmenn af 63.

Aftur að málefnum, virðulegi forseti. Sum mál eru þess eðlis að fólk er efnislega ósammála, eins og þegar kemur að fíkniefnastefnu. Um önnur mál er í reynd sátt, jafnvel svo mikil sátt að það gleymist þegar samkeppnin um ágreiningsmálin verður hörð. Eitt af þeim málum er gegnsæi stjórnsýslunnar. Vissulega hafa yfirvöld sett ýmis gögn á netið og er það vel. Flestir flokkar, hvort sem þeir náðu inn á þing eða ekki, hafa lofað auknu gegnsæi enda er það eðlilega vinsælt meðal almennings. Minna er hins vegar um að flokkar tilgreini nánari útfærslu enda spilar upplýsingatæknin þar stærstan þátt. Upplýsingatæknin þykir ekki bara mjög torskilin og flókin heldur jafnframt grútleiðinleg í samræmi við það — en ekki meðal þíratu. Það hlakkar í okkur þegar við sjáum tækifæri til að gera gögn skýrari og aðgengilegri almenningi.

Alþingisvinurinn, hugbúnaður sem þíratar gerðu stuttu fyrir kosningar, er kannski skýrasta dæmið um metnað og getu þíratu til þess að vinna úr gögnum sem þegar liggja fyrir og búa til úr þeim eitthvað sem skapar verðmæta umræðu. Eitt er nefnilega að gefa út hráar upplýsingar, annað er að meðhöndla þær og enn annað er að birta þær með þeim hætti að almenningur hafi gagn og helst gaman af. Það er eitt af sérsviðum þíratu og því óskum við eftir samstarfi við alla flokka um að gera upplýsingahönnun á öllum sviðum stjórnsýslunnar í einu orði betri.

Gegnsæi hvetur embættismenn og opinbera starfsmenn til að fara varlega t.d. með skattfé þar sem þeir vita að þeir gætu þurft að standa skil á ákvörðunum sínum. Það er þó kannski ekki það sem flestir telja mikilvægast við gegnsæið, en langt má ná í þeim málaflokki með vel skilgreindu eftirliti. Það uppbyggilegasta sem gegnsæið gefur af sér er betri tækifæri til upplýstrar ákvörðunar.

Ég get nefnt dæmi í því sambandi. Allir virðast sammála um að lækka beri tryggingagjaldið. Hvers vegna? Það er vegna þess að allir þekkja forsenduna fyrir því, nefnilega atvinnuleysisprósenta. Þegar sú prósentu hækkar þarf að hækka tryggingagjaldið en ef atvinnuleysi minnkar er komið svigrúm til þess að lækka gjaldið. Forsendurnar eru skýrar, skattur er gegnsær. Það litla sem frambjóðendum tókst að rífast um varðandi tryggingagjaldið í kosningabaráttunni var hvers vegna það hefði ekki verið lækkað fyrr, en enginn

ágreiningur var um að lækka það því að það var spurning um staðreyndir, ekki verðmætamat.

En hvort sem fólk vill lækka skatta eða auka þjónustu liggur í augum uppi að því aðgengilegri og sýnilegri almenningi sem upplýsingarnar eru og því skýrari sem forsendur á bak við tölurnar eru því auðveldara er að ræða málin efnislega á skynsamlegum nótum.

Herra forseti. Sú skynsemi sem okkur er ætluð á þessu virðulega þingi verður ekki einungis framkölluð með harðorðum skoðanaskiptum heldur einnig og miklu frekar með beinhörðum staðreyndum. Upplýsingahyggja Þratta er nú eitt af verkfærum Alþingis og við hlökkum til að fá að komast að skynsamlegum niðurstöðum með þinginu öllu.

[21:07]

### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar-dóttir) (F):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í stjórnarsáttmálanum stendur: „Samfélag er samvinnuverkefni þar sem öll störf skipta máli og haldast í hendur.“ Það er í mínum huga lyklatríði í stjórnarsáttmálanum þar sem áherslan er á samvinnu og atvinnusköpun. Á því byggir velferðin sem okkur er svo annt um því það eru launuð störf sem greiða fyrir matinn, húsnæðið, heilsugæsluna, leikskólana og allt annað sem við þurfum á að halda. Við eigum hvert og eitt að hafa tækifæri á góðum vellaunudum störfum og þannig getum við byggt betra samfélag saman, í samvinnu, betra Ísland.

Ég vil samfélag sem byggir á samvinnu manna þar sem hver og einn tekur ábyrgð á sjálfum sér og axlar um leið ábyrgð sína á velferð samfélagsins. Samfélag þar sem við búum við jafnræði, sanngirni og lýðræði, þar sem við vinnum öll að því að tryggja hag hvers og eins í samfélaginu frekar en að hámarka hagnað örfárara. Í því samfélagi er fjölskyldan hornsteinninn.

Í stefnuýfirlýsinguinni stendur einnig: „Ísland á að vera fjölskylduvænt land þar sem börn búa við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líft og aðrir þjóðfélagsþegnar. Stefna stjórnvalda skal stuðla að því að yngstu kynslóðirnar öðlist trú á framtíð lands og þjóðar og þá þekkingu og framfaraprá sem er grundvöllur hagsældar til framtíðar.“

Kannski er þetta eitthvað sem okkur Íslendingum finnst svo sjálfsagt að ekki þurfi að nefna. Við megum aldrei ganga að þeim hornsteini sem sjálfsögðum hlut. Því verður skýr fjölskyldustefna eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undir forustu hæstv. forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

Í þeim erfiðleikum sem dunið hafa yfir okkur á undanförmum árum er fátt mikilvægara en gott samspil fjölskyldu og samfélags til að tryggja heilbrigða samfélagsþróun. Íslenskar fjölskyldur koma nefnilega í öllum stærðum og gerðum. Þegar ég ólst upp fannst mér til dæmis fjölskyldutengsl annarra aldrei flókin. Reynslan af því að eiga eitt alsyskin, sex hálfsyskin og slatta af stjúpsystkinum hafði hjálfað mig snemma í að skilja hratt og vel fjölbreytt fjölskyldutengsl. Ég vorkennið jafnvel vinum mínum sem áttu ekki nema eitt alsyskin.

Við Íslendingar eru ekki einsdæmi hvað þetta varðar.

Danska hagstofan hefur 37 skilgreiningar á mismunandi fjölskyldugerðum: Föður og móður, móður og sammóður, móður og stjúpöður, eingöngu föður, eingöngu móður, alsyskin, hálfsyskin, fyrsta, annað eða þriðja hjónaband, þabbinn er bara vinur mömmu eða jafnvel númer úr sæðisbankanum. Óheft stærð og gerð fjölskyldunnar er og verður meginstöð og hornstein íslensks samfélags.

Barátta ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fyrir heimili þessa lands er einmitt ekki hvað síst barátta fyrir fjölskyldur þessa lands.

Á haustþingi stefni ég að því að leggja fram sérstaka þingsályktun um fjölskyldustefnu til að styrkja stöðu íslenskra fjölskyldna og styðja þannig við heimilin. Í henni munum við leita leiða til að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar og rétt hennar til öryggis í húsnæðismálum. Þar munum við áfram vinna að því að gæta að jafnvægi á milli fjölskyldu og atvinnu og hvernig við getum tryggt jafna ábyrgð foreldra á heimilishaldi, umönnun og uppeldi barna sinna, að allar fjölskyldur njóti sama réttar og sé ekki mismunad á grunni kynþáttar, trúarbragða, fötlunar eða kynhneigðar og hvernig við getum áfram unnið að því að tryggja vernd gegn ofbeldi í nánnum samböndum og að fjölskyldur njóti verndar og stuðning fyrir áhrifum ofneyslu áfengis og annarra fikniefna. Þar sem við setjum fjölskylduna raunverulega í fyrirrúm, allar fjölskyldur í sinni fjölbreyttustu mynd.

Í kosningabaráttunni hitti ég óteljandi fjölda ungra sem aldinna sem deildu með mér reynslusögum sínum af húsnæðismarkaðnum. Ungt þar sem lagði allt sitt sparifé í íbúð, en sat nú fast með yfirveðsetta eign og barn á leiðinni. Miðaldra hjón sem tóku lán til að fara í nauðsynlegar lagfæringar á húsnæðinu, en sjá nú fram á að missa það. Föður sem lýsti því hvernig ein mestu mistök sem hann hafði gert hefði verið að ráðleggja barninu sínu að fjárfesta í húsnæði. Hvert og eitt þeirra sannfærði mig enn frekar um mikilvægi þess að setja heimilin í forgang. Þetta eru fjölskyldur þessa lands. Þau eru ástæða þess að hjá okkur verða skuldamálin ætíð í forgangi.

Á þessu þingi mun forsætisráðherra því leggja fram þingsályktunartillögu sem inniheldur aðgerðaáætlun í 10 liðum, sem munu taka á stöðu heimilanna. Þar hefur stjórnarandstaðan strax færi á að hjálpa okkur við að hjálpa íslenskum heimilum. Saman getum við sýnt kjark og þor til að takast á við vandann sem allt of lengi hefur ógnað íslenskum heimilum. Þetta er risastórt verkefni, en með samvinnu, kjarki og þori veit ég að við ráðum við það.

Hluti verkefnisins er að vinna úr erfiðri stöðu Íbúðalánasjóðs. Það munum við gera með samvinnu að leiðarljósi, samvinnu við alla hagsmunaaðila.

Í mínum huga verður nýtt húsnæðiskerfi að tryggja landsmönnum öryggi og val í samræmi við þarfir hvers og eins, ekki aðeins val um hvar á að kaupa heldur raunverulegt val um hvort kaupa á eigið húsnæði, búseturétt eða leigja um lengri eða skemmri tíma, val um öruggt húsnæði óháð rekstrarformi.

Ég vænti góðs samstarfs við stjórnarandstöðuna um þau stóru hagsmunamál sem ég hef nefnt hér.

Í ályktunum beggja stjórnarflokka og máli oddvita þeirra fyrir kosningar var mikil áhersla lögð á að bæta kjör

aldraðra og öryrkja. Í stjórnarsáttmálanum er nefnd sérstaklega hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og fjármagnstekna. Þar að auki var grunnlífeyrir almennatrygginga vegna lífeyrissjóðstekna skertur í tíð fyrri ríkisstjórnar og skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkað um 20%. Það olli því að greiðslur til langflestra lífeyrisþega lækkuðu umtalsvert og þetta þarf að leiðrétta eins fljótt og auðið er.

Stefna stjórnvalda er skýr. Það þarf að stilla betur saman réttindi lífeyrisþega til greiðslna úr lífeyrissjóðum annars vegar og almennatryggingakerfinu hins vegar þannig að skapa megi meiri sátt um samspil þessara kerfa. Aldraðir eiga að njóta jafnræðis og sanngirni í samfélaginu og geta haldið virkni sinni eins og þeir kjósa og auðið er.

Jafnframt þarf að tryggja að hlutur öryrkja verði ekki fyrir borð borinn. Hef ég þegar óskað eftir góðri samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands varðandi endurskoðun almennatryggingakerfisins, sem því miður skorti á við fyrri vinnu. Samfélag er samvinnuverkefni þar sem öll störf skipta máli og haldast í hendur.

Einhverjum kann að finnast þessi litla setning harla ómerkileg, en í mínum huga kristallast í henni þau gildi sem eiga að vera undirstaða alls hér á Íslandi. Við þurfum öll að taka höndum saman. Með sameiginlegum markmiðum og samvinnu getum við byggt til framtíðar okkur öllum til góðs.

[21:15]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Góðir landsmenn. Fyrir nýliðnar kosningar vantaði ekki að núverandi stjórnarflokkar töluðu skýrt. Öllu fögru var lofað. Milljarðatugum og jafnvel milljarðahundruðum til heimilanna í landinu var lofað af núverandi stjórnarflokki. „Engar nefndir, bara efndir“, var gjarnan viðkvæðið. Lausnir á allra manna vanda voru handan við hornið, bara ef menn kysu gamla bræðrabandalagið: Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.

En hvaða veruleiki blasir nú við að kosningum loknum? Það eru fleiri nefndir, starfshópar og úttektir en blaðsíður í stjórnarsáttmálanum eða 19 talsins. Stóra lausn Framsóknarflokksins á forsendubrestinum sem hrunið lagði á heimilinn í landinu og átti að koma úr vasa erlendra kröfuhafa — strax í sumar, ef þið munið það — er ekki öruggari en svo að í stjórnarsáttmálann er komið plan B og plan C í þessum efnunum.

Meira að segja verðtryggingin, þessi sem ekki átti að vera eitt einasta mál að banna, á að fara í enn eina nefndina. Með öðrum orðum: Öll stóru, skotheldu málín sem eingöngu þurfti að smella fingri til að leysa eru kannski ekki svo einföld eftir allt saman. Því sjáum við hér engar efndir, bara nýjar nefndir.

Góðir landsmenn. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er fjallað um mikilvægi samtakamáttarins ásamt mikilvægi þess að eyða pólitískri óvissu. Það eru göfug fyrirheit. Og um leið felst í því bón til okkar sem í stjórnarandstöðu sitjum að haga okkur ekki eins og Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gerðu í sinni stjórnarandstöðu á liðnu kjörtímabili heldur vinna með þeim. Mér finnst það sjálfsagt og eðlilegt að ábyrg stjórnsmálaöfl í stjórnarandstöðu vinni

með stjórnarflokkum hverju sinni að framfaramálum fyrir landsmenn alla.

En þá þurfa menn líka að sýna að þeir meini það sem þeir segja. Og geri ég ráð fyrir því að í nefndunum 19 verði kallað á stjórnarandstöðuna til skrafs og ráðagerða.

Þessi ríkisstjórn byrjar þó ekki vel á samráðssviðinu, ekki síst hvað varðar hin mikilvægu málefni umhverfis og auðlinda. En í þeim málum ríkir fullkomin pólitísk óvissa sem við verðum að fá svör við nú þegar.

Verður rammaáætlun eins og hún var samþykkt af Alþingi á síðasta þingi virt eða ætla menn að gera eins og ráðherrar í þessari ríkisstjórn boðuðu nú síðast í dag, að tína úr biðflokki kosti til að virkja eftir pólitískum geðþótta? Þessu þarf að svara því rammaáætlun er okkur þjóðinni gríðarlega mikilvæg því hún færir okkur nær heildarsýn og sátt um friðunar- og virkjunarkosti og fjær deilum um einstaka virkjunarkosti sem áður klufu þjóðina í herðar niður. Hún færir okkur nær faglegru ákvarðanatöku og fjær pólitískum duttlungum.

Verður öflugt umhverfis- og auðlindaráðuneyti áfram starfrækt? Eða verður það smættað niður eins og nýr umhverfis-, auðlinda-, sjávarútvegs- og landbúnarráðherra hefur léð máls á? Og sést líka ákveðinn vilji, af hálfu ríkisstjórnarinnar, í þeirri staðreynd að ekki er sérstakur ráðherra sem gegnir þeirri mikilvægu stöðu að gæta hagsmuna umhverfisins? Umhverfismálin eru núna skúffa í skrifborði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem býður þeirri hættu heim að tortryggni og efasemdir muni ríkja um stjórnarsýslulegar ákvarðanir og hverra hagsmuna sé gætt hverju sinni.

Hér er svo margt í húfi, ekki bara hið einfalda og augljósa mikilvægi þess að umhverfið eigi sér öflugan málsvara í stjórnkerfinu og pólitíkinni, heldur líka ímynd okkar út á við, að í landi sem byggir megnið af sinni afkomu á því að selja hreinleika íslenskra afurða til útflutnings og ferðamönnum aðgang að okkar stórbrotnu ósnortnu náttúru, að í jafn náttúruríku landi sé ríkisstjórn þar sem ráðherra láti sér detta í hug að ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála geti verið óþarft. Það mun vekja á okkur vafasama athygli víða um heim og tefla jafnvel útflutningshagsmunum okkar í hættu.

Nú berast fréttir af því að á síðasta ári hafi aldrei frá upphafi iðnbyltingar verið losað jafn mikið af koltvísýringi og á síðasta ári í heiminum. Við eigum að sýna metnað til að vera leiðandi í umræðu og athöfnum á sviði umhverfismála en ekki athlægi. Þess vegna þurfa svörin að vera skýr.

Ég tel það algert glapræði ef draumur ráðherrans um að leysa umhverfisráðuneytið upp verður að veruleika. Og gegn því munum við þingmenn Samfylkingarinnar berjast af öllu afli.

Fleiri mál eru í pólitísku uppnámi vegna nýrrar ríkisstjórnar og ráðherra hennar, svo sem bygging nýs Landspítala, jafnréttismálin og jafnlaunaátakið og Evrópusamstarfið og hvort og þá hvenær haldin verði atkvæðagreiðsla um áframhald viðræðna eins og meiri hluti þjóðarinnar hefur kallað eftir.

Góðir landsmenn. Á komandi kjörtímabili skiptir miklu máli að áfram verði haldið á braut jafnaðar í samfélagi okkar. Með þrepaskiptu skattkerfi tókst ríkisstjórn undir forustu

Samfylkingarinnar að lækka skatta á þá sem lægstar höfðu tekurnar á meðan skattar á hæstu sjö prósentin voru hækkaðir. Við endurdreifðum skattbyrðinni á sanngjarnari hátt en áður hefur þekkt hér á landi. Og með þessu tókst ríkisstjórn undir forustu okkar jafnaðarmanna það sem engri ríkisstjórn í kreppu hefur tekist hingað til; að standa vörð um þá sem minnst hafa. Auðvitað hefðum við viljað ganga lengra en við gengum eins langt og efni leyfðu.

Það skiptir því máli að samkomulag verði um það hvernig svigrúmið sem skapast mun í ríkisfjármálum verður nýtt á komandi kjörtímabili. Þar verður velferðarkerfið að vera í forgangi. Öflugt velferðarkerfi er undirstaða okkar samfélags og heiti ég á hina endurlífuguð ríkisstjórn hægri flokkanna að hvað sem líður átökum og rökræðum um önnur mál að slíta aldrei í sundur friðinn um eitt velferðarkerfi, óháð efnahag og stöðu.

[21:22]

### Ögmundur Jónasson (Vg):

Góðir Íslendingar. Ég las grein í blaði um daginn. Maður nokkur var að skilgreina núverandi ríkisstjórn og hverju mætti búast við af hennar hálfu á komandi kjörtímabili. Honum leist ekki á blikuna — enda gögglur maður. Hann minnti á að nýafstaðnar kosningar hafi snúist mest um skuldavandann og því væntingar mestar hvað varðar lækkan höfuðstóls lána. Ég held að þetta hafi verið rétt hjá honum og forsætisráðherra staðfesti þennan skilning í ræðu sinni hér áðan þótt það kæmi mér óþægilega á óvart að hvergi bólaði á lausnum í ræðu hans. Það væri ekki bara slæmt fyrir þessa ríkisstjórn heldur væri það afleitt fyrir lýðræðið í landinu ef þarna fæddist mús eða töfrabrellur viðhafðar. Það á ekki að gerast að stjórnmálamaður séu kosnir til valda á fölskum loforðum. Með efnunum verður því fylgst.

En aftur að fyrrnefndri blaðagrein. Þar segir, með leyfi forseta: „Við þessi umskipti hræðist ég mest að sá árangur og sú viðhorfsbreyting sem hefur orðið í umhverfismálum verði að engu höfð, nú verði gengið til verka líkt og fyrir hrun og að hernaður gegn landinu nái nýjum hæðum. Stóriðjublindan er ekki læknuð.“

Það er reyndar margt annað sem ekki er læknað og var orsakavaldur mesta efnahagshruns Íslandssögunnar. Það er tímann táknað að í sömu viku og ríkisstjórnin var mynduð kom út fyrsta tölublað *Kauphallarblaðsins* sem svo er nefnt. Á forsiðu var boðuð kynning á því sem blaðið kallaði matseðil fjárfestanna og þar var einnig vísað í umfjöllun um hagstæð lán til hlutafjárkaupa auk gamalkunnugs stefs um hvernig verslun og brask í Kauphöllinni örvu framleiðni vinnuafns og leiði til betri lífskjara.

Allt þetta rímar bærilega við tal nýrra ráðherra sem þegar á fyrstu dögnum eru farnir að tala um einfaldara Ísland nákvæmlega eins og talað var í aðdraganda hrunsins þegar til stóð að setja lög sem örvuðu lífeyrissjóði að fjárfesta í vögunarsjóðum. Líka það átti að verða auðveldara og einfaldara. Á daginn kom að einfaldara Ísland var ekki hin einfalda lausn heldur einfaldningsháttur af verstu sort.

Híð óhugnanlega er hins vegar að það er auðveldara að rífa Ísland upp á þessari bóluaðferðafræði en hinni sem við völdum: Að stuðla að langtímauppbyggingu grundvallaða á fjölbreytni og varanleika.

Einfalda lausnin — einfaldningshugsunin — er að spýta í

með stórvirkjunum og stóriðju þar sem eitt rekur annað, krónan styrkt um stundarsakir, þensla og streymi í ríkissjóð tryggð um stundarsakir, lífskjör batna um stundarsakir og svo þegar slaknar á þarf nýja innspýtingu, fórna fleiri náttúruperlum, byggja fjórbreiða vegi að kröfu verktakasambandsins og þannig áfram koll af kalli þar til aftur verður hrun.

Hér bind ég helst vonir við vakningu í verkalýðshreyfingunni, að hún hristi af sér slyðruorðið, hverfi af þeirri braut sem hún hefur verið á í allt of ríkum mæli, oftar en ekki nánast samhljóða atvinnurekendasamtökunum í ákalli um stóriðju og vegtolla fyrir fjórbreiðu vegina, jafnvel einkavæðingu. Ég á þá ósk verkalýðshreyfingunni til handa að hún gangi í endurnýjun lífdaga og freisti þess að næra grasrót sína að hætti náttúruverndarsamtakanna.

Og þar kem ég aftur að blaðagreininni góðu því þrátt fyrir áhyggjur og varnaðarorð kveður þar við ákveðinn bjartsynistón. Röksemdafærslan er þessi: Ríkisstjórnin hefur 51% greiddra atkvæða á bak við sig. Það er naumur meiri hluti. Nokkur framboð komust ekki inn á þing. Atkvæðin þar á bak við eru þó ekki dauð fremur en atkvæðin á bak við stjórnarandstöðuna í þeim skilningi að fólk að baki þessum atkvæðum er vel lifandi, með ríkar skoðanir og baráttuvilja. Þegar öllu er á botninn hvolft er í öllum flokkum ágætisfólk sem vill passa upp á landið okkar. Greinarhöfundur klykkir út með því að segja að skilningur á verðmætum náttúrunnar sé orðinn slíkur á Íslandi að óafturkræf náttúruspjöll verði aldrei þöluð. Þetta er hárrétt. Við sáum hvað gerðist 1. maí þegar þúsundir mættu með græna fána, án efa fólk úr öllum stjórnmálaflokkum, staðráðið í að passa upp á náttúruperlur Íslands. Þess vegna segi ég: Þótt þið hafið meiri hluta á bak við ykkur í augnablikinu þá munuð þið aldrei komast lengra en þjóðin leyfir.

Stjórnmál snúast um hið gerlega og sem betur fer hygg ég að það sé rétt hjá greinarhöfundinum ívitnaða að skilningur þjóðarinnar á verðmætum náttúrunnar sé orðinn slíkur að hann leyfi ekki fleiri lífvana Lagarfljóti.

Á komandi þingi verður vonandi tekist málefnalega á. Okkur mun greina á um ýmis grundvallarefni. Núverandi stjórnarflokkar hafa staðið vörð um óbreytt kvótakerfi og vildu ekki festa eignarhald á vatni og öðrum auðlindum í þjóðareign. Spurt er: Verður þetta svo á komandi kjörtímabili? Á það mun reyna.

Og nú bankar Nubo upp á að nýju. Hann og hans líkar hafa frétt af stjórnarskiptum á Íslandi. Aftur er spurt: Verður hlustað eftir vilja þjóðarinnar? Ef það verður gert þá kvíði ég engu.

Ég fagna því ef hægt er að finna leiðir til að leiðrétta það skuldahögg sem hluti almennings varð fyrir í kjölfar hrunsins, ef hægt er að gera það með sanngjörnum hætti og hef ávallt stutt slíka hugsun. En það þýðir ekki að þjóðin vilji láta rífa niður velferðarkerfi fjármagnað úr sameiginlegum sjóðum eða að fjármagninu verði leyft að gleypa auðlindirnar og landið okkar.

Vinstri hreyfingin — grænt framboð var stofnuð um jöfnuð og velferð og það ætlum við að verja á komandi kjörtímabili og ásamt þjóðinni munum við standa vörð um landið okkar, Ísland, sem státar af einhverri fegurstu náttúru á jarðrki. Hana má ekki eyðileggja. — Góðar stundir.

[21:29]

**Ragnheiður Ríkharrsdóttir (S):**

Hæstvirtur forseti, góðir áheyrendur. Það er augljóst að í pólitísk greinir menn á um leiðir en markmiðin eru væntanlega þau sömu; að búa til tækifæri í íslensku samfélagi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki.

Það vill þannig til að þann 27. apríl síðastliðinn kaus íslenska þjóðin. Hún hafnaði leiðum Samfylkingar og Vinstri grænna og kaus nýja flokka til forustu. Þetta er staðreynd sem hv. þingmenn þurfa að hafa í huga sem hér gagnrýna strax í upphafi.

Verkefni fram undan eru mörg og viðamikil og áherslu verðum við að setja á lækku skulda ríkissjóðs. Fram hjá því getur enginn stjórnmalaflokkur litið.

Ég tel að við verðum að mynda samstöðu og hafa skýra sýn á nýjar leiðir í efnahagsmálum þar sem megináhersla okkar verður á stöðugleika og vöxt. Okkar er að leggja áherslu á að skapa samfélag þar sem allir geta fundið kröftum sínum farveg, þar sem velferð og öryggi borgaranna eru tryggð, að setja okkur sameiginleg markmið um raunhæfar aðgerðir fyrir heimilin, að bæta umhverfi atvinnulífsins og skapa því umhverfi sem leiðir af sér kjarabætur til launþega, kjarabætur sem haldast í hendur við verðmætasköpun í landinu. Þannig komumst við áfram.

Núverandi stjórnarflokkar, í samvinnu við aðra flokka á Alþingi, verða því að eyða óvissu í umhverfi atvinnulífs og ryðja úr vegi hindrunum á ýmsum sviðum.

Það er kristaltært og flestum ljóst að aukin atvinna eykur tekjur, dregur úr útgjöldum ríkissjóðs og sveitarfélaga, m.a. vegna atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar, og skilar þjóðinni efnahags- og félagslegum hagvexti.

Okkar biður það verkefni að búa til stöðugt rekstrar- og skattumhverfi fyrir öll fyrirtæki í landinu. Sérstaklega ber þó að leggja áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki þannig að þau sjái sér hag í að fjárfesta, ráða til sín fólk og sækja fram. Það þarf að búa til tækifæri fyrir fólkið sem hefur viljann, getuna og kraftinn.

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Það eru einföld sannið að sköpun nýrra verðmæta, úrvinnsla nýrra hugmynda og öflun nýrra tækifæra verða til hjá einstaklingum sjálfum fái þeir til þess virkir þátttakendur í samfélaginu. Þar liggja tækifærin sem við þurfum til þess að byggja upp Ísland.

Við vitum að hagur heimilanna byggir á atvinnu og öryggi. Hvorki skuldavandanum né hinum félagslega vanda verður eytt nema fólk hafi vinnu, hafi tekjur til að greiða niður lánin og ráðstöfunartekjur til að leyfa sér og börnum sínum að vera virkir þátttakendur í samfélaginu.

Stöðugt skattumhverfi er því skilyrði þess að einstaklingar, jafnt sem fyrirtæki, geti gert sínar framtíðaráætlanir og þeir verða að geta treyst því að stjórnmalamenn séu ekki síffellt að hringla í því umhverfi. Þess vegna ætla ég að fagna því að einfalda eigi skattkerfið, breikka tekjustofna og minnka tekjutengingar.

En skuldavandi margra heimila biður úrlausnar og hæstv. forsætisráðherra kynnti í ræðu sinni að fram yrði lögð þingsályktunartillaga sem innihéldi aðgerðaáætlun í tíu liðum sem varða nauðsynlegar aðgerðir vegna stöðu heimilanna.

Hæstv. forseti. Öllum er það ljóst að margir binda miklar vonir við úrvinnslu og efndir vegna skuldastöðu heimilanna.

En hins vegar er líka jafnljóst að öflugt atvinnulíf er forsenda velferðar og menntunar og forsenda þess að við getum tekið á fjárhags- og lánavanda í landinu. Einfalt skattkerfi, valfrelsi í lánamálum og afnám stimpilgjalda, svo eitthvað sé nefnt, mun skipta heimilin í landinu máli.

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Æðimörg verkefni biða jafnt þingmanna sem ráðherra en eitt er í mínum huga stórt og veigamikil. Það er að sýna í verki að okkur sé allvora þegar við tölum um að auka tiltrú á stjórnmalamönnum og verkum þeirra sem og að efla virðingu Alþingis, þessarar elstu stofnunar þjóðarinnar. Stjórnmalaflokkar hafa boðað breytingar í þessa veru og þá er það okkar sem innan stjórnmalanna störfum að vera þær breytingar sem við boðum.

Góðir áheyrendur. Ísland er auðugt land, mannaúdurinn mikilvægur sem og auðlindir náttúrunnar. Í landinu okkar biða fjölmörg tækifæri til verðmætasköpunar. Höfum kjark og áráði til að nýta þau til hagsældar fyrir land og þjóð.

[21:36]

**Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Herra forseti, góðir landsmenn. Mig langar að byrja fyrstu ræðu mína á þingi á því að vitna í merkan mann sem ég hef miklar mætur á. Það er rithöfundurinn Jón Sveinsson, Nonni. 12 ára gamall flutti hann til Evrópu og kom aðeins tvisvar aftur heim til Íslands. Í seinna skiptið kom hann í boði ríkisstjórnarinnar á alþingishátíðina árið 1930. Við það tilefni hitti Nonni Valtý Stefánsson ritstjóra sem mörgum árum síðar rifjaði samtalið upp í grein sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins*. Nonni sagði, með leyfi forseta:

„Líði ykkur öllum vel. Hættið að rifast, eins og þið gerðið. Jeg hefi talað við menn af öllum flokkum. Þið eruð ekki eins ósammála eins og þið haldið. Í rauninni viljið þið allir það sama. Hag og velferð fósturjarðarinnar.“

Nú, 83 árum eftir að Nonni lét þessi orð falla, finnst mér rétt að rifja þau upp. Við eigum það nefnilega til að rifast um allt og ekkert, líka um mál sem við erum í grunninn sammála um.

Hæstv. forsætisráðherra segir í ræðu sinni ánægjulegt að heyra forustumenn stjórnarandstöðuflokka tala um mikilvægi breyttra vinnubragða og meiri samvinnu. Við erum held ég öll sammála, sem nú sitjum á þingi, að það sé löngu tímabært að hefja umræðuna á herra plan og upp úr hinum margumtöluðu skotgröfum. Ég óska þess að ríkisstjórnin verði farsæl og muni eiga góða samvinnu við minni hlutann og vinna að málum í sátt. Eitt af því sem Björt framtíð leggur mikla áherslu á er einmitt sátt og samræða. Við erum, eins og fleiri, þreytt á þeirri umræðuhæfð sem ríkir svo víða í þjóðfélaginu og endurspeglast allt of vel á Alþingi.

Ég verð stundum vör við þann misskilning að sátt merki að allir eigi að vera sammála. Það er ekki alveg svo einfalt. Núna stöndum við til dæmis frammi fyrir stórum málum sem við munum eflaust deila um og við í Bjartri framtíð höfum sterkar skoðanir á. Það má nefna virkjunarmál, stór-iðjuáform, stjórnarskrána, gjaldmiðilinn og aðildarviðræðurnar við ESB. Við munum eflaust ekki verða sammála í

öllum tilfellum en fólk getur betur sætt sig við niðurstöður ef vandað er til verka og ákvarðanir eru teknar með lýðræðislegum og opnum hætti. Það skiptir líka máli að ákvarðanir byggji á góðum upplýsingum og tekið sé tillit til ólíkra sjónarmiða og gilda.

Það ætti að vera markmið ríkisstjórnar hverju sinni að mál séu unnin þannig að sem mest sátt ríki um niðurstöðuna en ég legg áherslu á að ef markmiðið er að vinna að sátt þá er það vinna. Sáttin verður ekki til af sjálfu sér. Við megum heldur ekki gleyma að við erum sammála um mjög margt og það er ekki sjálfgefið. Við deilum til dæmis ekki um hvort það eigi að heimila konum að fara í fóstureyðingu eða hvort við ætlum að takmarka sölu á sjálfvirkum vopnum. Við erum blessunarlega sammála um að kynhneigð fólks sé algert aukaatriði og ekkert er fjarri okkur en að beita dauðarefningum.

Í sumum löndum sem við berum okkur jafnvel saman við eru harðvítugar deilur um mál sem við þurfum ekki einu sinni að ræða, svo samstíga erum við í skoðunum okkar. Í kosningabaráttunni varð ég vör við að allir flokkar töluðu fyrir öflugum menntakerfi, góðri löggæslu og jöfnu aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu. Okkur greinir stundum á um leiðir að markmiðum en við erum heppin að búa í landi þar sem víðtæk sátt ríkir í mjög stórum og mikilvægum málum. En okkur Íslendingum hættir til að rífast fullmikið og umræðan á Íslandi einkennist of oft af gífuryrðum og dónaskap. Fólk sem hættir sér út á ritvöllinn og tjáir skoðanir sínar getur átt á hættu að fá yfir sig holskeflu af meidandi ummælum. Ég er hugsi yfir þeirri þróun.

Getum við ekki sammælt um að koma fram hvert við annað af virðingu og haga orðum okkur þannig að þau særi ekki? Vera kurteis. Við sem sitjum á Alþingi eigum að sjálfsgöðu að ganga á undan með góðu fordæmi. Við erum fulltrúar þjóðarinnar og við eigum að taka það hlutverk alvarlega en þessi áminning gildir um samfélagið allt. Tölum saman eins og fullorðnu fólki sémir, af vinsemd og virðingu. Tökum orð Jóns Sveinssonar, Nonna, til okkar: Hættum að rífast.

[21:40]

### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Það var sérstaklega gleðilegt að heyra áðan í ræðu hæstv. forsætisráðherra talað um að efla lýðræðið og gefa almenningi bæði fleiri og betri tækifæri til þess að hafa áhrif. Þetta er eitt af þeim málefnum sem gjarnan verða út undan ýmist vegna þess að þeim er tekið sem sjálfsgöðum hlug eða það er einfaldlega ekki nægur áhugi á þeim til að byrja með.

Þó að ég vilji ekki draga þau orð í efa er fullt tilefni til að vara sérstaklega við því að þarna séu leiðir sem líti lýðræðislega út en eru í reynd hannaðar til þess eins að líta þannig út. Það er sjálfsgöð að þjóðaratkvæðagreiðslur verði að raunveruleika endrum og sinnum, jafnvel þegar allt er í besta lagi, en til þess að svo góðar breytingar geti átt sér stað er alla vega tvennt sem þarf að breytast í viðhorfi Alþingis og kannski landsmanna flestra.

Hið fyrra er það viðhorf að þjóðaratkvæðagreiðslur eigi eingöngu að vera fræðilega mögulegar í algjörum undantekningartilfellum en megi alls ekki gerast reglulega í með-

alstórum málum. Hættan við það viðhorf er sú að skilyrði fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu, segjum of há prósentutala til þess að af þjóðaratkvæðagreiðslu verði, verði viljandi gerð slík að þær séu í reynd nær óhugsandi. Á þeim tímapunkti höfum við gert illt verra.

Hið síðara er sú hugmynd að þegar verði af þjóðaratkvæðagreiðslu beri að húðskamma þá stjórnmalameinn sem eru á öndverðum meiði við meiri hlutann. Það er þetta viðhorf sem skapar andstöðu við þjóðaratkvæðagreiðslur og hún er óþörf. Það er allt í lagi að spyrja þjóðina af og til svo lengi sem við sitjum ekki hér og rifum hvert annað í okkur fyrir það eitt að vera á öndverðum meiði.

Að því sögðu hafa aldrei verið betri tækifæri til lýðræðisumbóta þó að tæknilegir vankantar séu til staðar við að halda leyndilega kosningu yfir netið. Það má samt sem áður nota upplýsingatæknina í mun meira mæli til þess að spyrja þjóðina um hin ýmsu mál, í það minnsta ráðgefandi. En þá er mikilvægt að halda til haga möguleikanum á hefðbundnum þjóðaratkvæðagreiðslum í lagalega bindandi málum til þess að hægt sé að tryggja kosningavernd.

Virðulegi forseti. Að lokum langar mig svolítið að biðja nýja ríkisstjórn um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi viðræður við ESB vegna þess að með því að halda slíka þjóðaratkvæðagreiðslu er hægt að ljúka því máli í eitt skipti fyrir öll, hvað sem okkur svo sem finnst. Persónulega hef ég ekki gert upp hug minn, ég veit ekki hvað við mundum kjósa um ef við ætlum að ganga inn í sambandið eða ef við ætlum ekki að ganga inn í sambandið. En til þess að vita hvað ég er að kjósa um þurfum við að klára þessar umræður. Það er alla vega það sem mér finnst. Mér þætti gott að geta kosið um það sem borgari, ekki bara sem þingmaður. Sjáandi að það hafa verið þjóðaratkvæðagreiðslur á Íslandi, þær leiddu ekki af sér algjört hrun Íslands. Þá vitna ég auðvitað til Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslunnar umdeildu, við unnum það mál. Það kom á óvart, það kom mér á óvart en við unnum það. Það er ekki eins og þjóðin hafi alltaf rangt fyrir sér. Er það, hæstv. forsætisráðherra, virðulegi forseti?

[21:44]

### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigrður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Kæru landsmenn. Bjartsýni, kjarkur og þor eru einkennisorð stefnuræðu nýrrar ríkisstjórnar.

Það örlaði svolítið á eftirsjá í orðum sérstaklega fulltrúa fyrrverandi stjórnarflokka. Það kvað við dálítið annan tón hjá öðrum minnihlutaflokkum en eftirsjá var hjá fyrrverandi stjórnarflokkum eftir þeim völdum sem þeir höfðu. Þeir virtust hafa gleymt að þeir höfðu fjögur ár til að gera ýmislegt sem þeir síðan velta fyrir sér af hverju við erum ekki búin að koma í framkvæmd á innan við einum mánuði. Mér fannst örla dálítið á því að menn væru bæði að dæma fyrir fram, spá í hvað hugsanlega mundi verða gert og dæma það síðan harkalega. Við kveinkum okkur ekki undan harðri málefnalegri gagnrýni en við æskjum þess að hún sé sanngjörn, málefnaleg og heiðarleg.

Við ætlum að auka framleiðni, spara gjaldeyri, finna nýjar gjaldeyristekjur, auka atvinnu og skapa hagvöxt. Tækifærin eru víða í þeim málaflokkum sem ég stýri; í

landbúnaði, sjávarútvegi og í öðrum málaflokkum eins og iðnaði, í menntun, í mannauðnum, skapandi greinum og svo mætti lengi telja.

Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á umhverfismál. Ég hef þegar hafið vinnu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að landnýtingaráætlun, að skipulagi hafsins og að því hvernig við nýtum betur náttúruna þegar ferðaþjónustan eykst svo hratt sem raun ber vitni og það kallar á mótvægis- aðgerðir hér á landi.

Á mörgum sviðum hefur okkur gengið vel að samþætta vernd og nýtingu samanber uppbyggingu fiskstofnanna við Ísland. Þar hafa farið saman áætlanir um nýtingu á forsendum sjálfbærrar þróunar hværrar tegundar. Þá fyrirmynd er mikilvægt að nýta einnig á fleiri sviðum. Við þurfum að vanda okkur við hverja ákvörðun og ana ekki að neinu. Ég vona að störf þingsins bæði í sumar og næstu fjögur ár verði þinginu til virðingar og vegsæmdar.

[21:46]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Virðulegur forseti. Ég óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar og býð nýja þingmenn velkomna til þings.

Síðasta kjörtímabil einkenndist af aðhaldi í ríkisfjármálum enda blasti gjaldþrot við ríkissjóði eftir hrun. Núverandi stjórnarflokkar kvarta í öðru orðinu undan slæmum viðskilnaði síðustu ríkisstjórnar og lofa síðan auknum útgjöldum og skattalækkunum í hinu orðinu, líkt og enginn sé morgundagurinn.

Það er skiljanlegt að nýir ráðherrar vilji ekki hljóma eins og þeir gömlu á fyrstu dögum kjörtímabilsins en þeir munu þó fljótt þurfa að horfast í augu við kaldan veruleika ríkisfjármálanna. Annaðhvort tekur ríkisstjórnin á fjármálum ríkisins af festu eða missir tókin á þeim strax í haust. Lausatök í ríkisfjármálum þýða lausatök í efnahagsmálum, sérstaklega ef stórförum er bætt í jöfnuna. Í kjölfarið fylgir skammvinnu og kannski skemmtilegt þenslutímabil, en því lýkur næsta örugglega fljótt aftur með skuldaföfnun, gengislækkun og verðbólgu.

Nú mun koma í ljós hvort Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa lært af fyrri mistökum sínum eða hvort endurtaka á hina séríslensku þensluleið. Eitt mikilvægasta verkefni næstu missira er að endurskipuleggja húsnæðis- kerfi landsmanna og ég hvet hæstv. félagsmálaráðherra til að leita samráðs við stjórnarandstöðuna í þeim efnum.

Öllum er nú ljóst að staða Íbúðalánasjóðs er alvarleg. Á næstu dögum er von á sérstakri rannsóknarskýrslu Alþingis um starfsemi sjóðsins sem við verðum að nýta til að laga það sem betur má fara og læra af reynslunni.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru rakin alvarleg mistök síðustu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í húsnæðismálum, enda var hvorki hlustað á gagnrýni sérfræðinga né stjórnarandstöðu. Geir H. Haarde hefur fúslega viðurkennt að mistök hafi verið gerð við myndun ríkisstjórnarinnar 2003, en þau mistök hafi verið óhjákvæmileg forsenda þess að hún var mynduð. Eftirmaður hans í formannsembætti, hæstv. fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson, er vonandi ekki að kaupa ráðherrastólana jafn dýru verði.

Skuldavandi og stefna í húsnæðismálum er samtvinnað.

Eitt er að koma til móts við skuldug heimili, annað að greina orsakir þess að svona fór. Alvöruleigumarkaður er mikilvægur liður í því að tryggja öllum landsmönnum húsnæðisöryggi og leiga þarf að vera raunverulegur valkostur fyrir fólk, ekki síður en kaup á húsnæði. Fyrir hrun hafið fólk ekki val um neitt annað en mikla skuldsetningu til að öðlast húsnæðisöryggi. Það öryggi reyndist síðan minna en til stóð. Draumurinn um eigið húsnæði varð að skuldavanda.

Framsóknarflokkurinn hefur lofað kjósendum afnámi verðtryggingar. Það vekur því furðu að fyrstu skrefin í því eigi ekki að taka nú á sumarþinginu. Vill Framsóknarflokkurinn að fólk haldi áfram að taka verðtryggð lán ef banna á verðtryggingu eins og flokkurinn hefur lofað? Í þessu máli eins og flestum öðrum mæta stjórnarflokkarnir óundirbúnir til leiks. Fyrstu skrefin í afnámi verðtryggingar verður að taka á næstu vikum til að draga úr óvissu lántakenda.

Forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur haft uppi góð orð um húsa- og minjavernd, en þegar kemur að náttúruvernd breytist tónninn. Því miður virðast viðhorf Framsóknarflokksins til náttúruverndar og umhverfismála vera svipuð og viðhorf yfirvalda til verndunar gamalla húsa fyrir 1970, algjört niðurrif. Verndun gamalla húsa eða bæjarhluta byggist á gildismati og þekkingu. Í raun snýst hún um lífsgæði og lífsviðhorf. Náttúruvernd byggist á svipuðum viðhorfum. Það fer því illa á því að Framsóknarflokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar tali um náttúruvernd með svipuðum hætti og Framsóknarflokkur Halldórs Ásgrímssonar.

Herra forseti. Stefnuræða forsætisráðherra einkennist af gamaldags fortíðarþrá og virðist fela í sér afturhvarf til fortíðar fremur en kynslóðaskipti í íslenskum stjórnmálum.

[21:52]

### Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Kæri þingheimur. Ég óska nýrri ríkisstjórnar velfarnaðar sem og okkur þingmönnum í störfunum fram undan. En ég verð að segja að þegar ég las stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra varð ég fyrir miklum vonbrigðum eins og þegar samstarfsyfirlýsing flokkanna leit dagsins ljós.

Hæstv. forsætisráðherra sagði við umræður um stefnuræðu forvera síns síðastliðið haust, með leyfi forseta:

„Góðir landsmenn. Ekkert fæst fyrir ekkert.“

Það samrýmist ekki alveg því sem sagt var í kosninga- baráttunni af hálfu Framsóknar.

Í stefnuyfirlýsingu flokkanna og í ræðu hæstv. ráðherra birtast tæplega vonir fyrir þá landsmenn sem ákváðu að fela þessum flokkum umboð sitt. Textinn getur vart orðið loðnari um jafn stórt kosningaloforð og ekki bætir ræða hæstv. ráðherra nokkru við. Í stefnuyfirlýsingu flokkanna er að finna orðalag eins og „að öllum líkindum“, „heldur þeim möguleikum opnum“, „æskilegt er“ og í aðgerðaáætlun sem boðuð er á að fjalla um undirbúning almennrar skuldalækkunar. Allt er það á sama grunni: Engar beinar tillögur og engar lausnir.

Með stefnuyfirlýsingunni er búið að setja skulda- og lánamál heimilanna ásamt ríkisfjármálaáætluninni í fullkomið uppnám. Búið er að lofa stórkostlegum aðgerðum í



skuldamállum upp á mörg hundruð milljarða án þess að útskýra hvernig á að gera það. Það eru einungis stórkarlegar lausnir í boði í formi þess að ráðast í orkufreka stóriðju og taka upp stefnu fyrri hægri stjórna í þeim efnunum.

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni óskar hæstv. forsætisráðherra eftir aðstoð stjórnarandstöðunnar til að uppfylla hið stóra loforð sem gefið var í kosningabaráttunni af þeirra hálfu. Við erum ekki fylgjandi sömu hugmyndafræði og stjórnarflokkarnir og því getum við vinstri græn ekki orðið ábyrg fyrir tillögum meiri hlutans ef ríkisstjórninni er alvara með að fela þverpólítískum hópi að vinna svona vinnu, ekki tveimur flokkum.

Þó að fagna beri þeim áherslum sem fram koma í ræðu hæstv. forsætisráðherra um áframhaldandi öflugt markaðsstarf og kröftuga uppbyggingu á helstu ferðamannastöðum landsins þá virkar það ekki trúverðugt þegar fjöldi tillagna liggur fyrir sem allar gera ráð fyrir tekjuskerðingu ríkissjóðs.

Ánægjulegt er að ekki verður hróflað við strandveiðikerfinu eða öðrum byggðatengdum aðgerðum sem fyrir eru í lögum um stjórn fiskveiða. En um leið verð ég að minnast á að afnema á veiðigjaldid og hugmyndafræðina á bak við það sem mér hugnast ekki. Sátt um sjávarauðlindirnar næst ekki fyrr en eignarhaldið verður skýrt í stjórnarskrá en núverandi stjórnarflokkar lögðust af alefli gegn því á því þingi sem var að ljúka.

Hæstv. forseti. Varðandi heilbrigðismálin þá er það hálfhjákátlegt að þeir flokkar sem skrúfuðu fyrir fjárframlög til endurnýjunar á tækjakosti opinberu sjúkrahúsanna skuli nú leggja áherslu á hið gagnstæða, nema þeir séu að tala um einkastofurnar. Ástæða þess að heilsugæslan var mólud niður var að opnað var fyrir beina leið frá sjúklingi til sérfræðings án viðkomu á heilsugæslunni í ráðherratíð Framsóknar í heilbrigðisráðuneytinu.

Ég get heldur ekki orða bundist þegar gera á úttekt á starfsumhverfi skapandi greina, en fyrir liggur afar ítarleg úttekt frá því í október á síðasta ári og finna má á vef menntamálaráðuneytisins. Það hlýtur að mega notast við það sem þar kemur fram.

Í stefnuýrirlýsingunni er talað um „framτίðarsýn og mótun menntastefnu“. Ég minni á að gerðar voru nýjar aðalnámskrár fyrir öll skólastig á síðasta kjörtímabili. Styttu á nám á háskólastiginu. Ég spyr: Hvar? Í leikskólanum, grunnskólanum, framhaldsskólanum? Hvaða dyggðir er verið að tala um að rækta með þjóðinni og hvernig á að gera það? Það eru margar spurningar sem liggja í loftinu eftir lestur þessara tveggja stefnuþlagga.

Hæstv. forseti. Kæru landsmenn. Af því að ég er rífandi bjartsýn og hef mikla trú á fólki til samvinnu og samstarfs þá treysti ég því að breyting verði á komandi kjörtímabili. Breytt vinnubrögð alþingismanna eiga við um alla þá sem hér sitja, það á ekki einungis að snúast um að vera samstaða og sátt um stefnu ríkisstjórnarinnar.

Við vinstri græn munum veita harða en málefnalega stjórnarandstöðu. Við munum ekki draga þingið niður eins og gert var hér síðastliðin fjögur ár en við munum taka fast á þeim málum sem boðið hafa verið m.a. í umhverfis- og skattamállum og að sama skapi standa með þeim góðum málum sem falla að stefnu okkar. Ég vona svo sannarlega

að árangur þessa þings endurspegli væntingar almennings til þess. — Góðar stundir.

[21:56]

### **Valgerður Gunnarsdóttir (S):**

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. — Með leyfi forseta:

Ljósíð loftin fyllir  
og loftin verða blá.  
Vorið tánum tyllir  
tindana á.

Dagarnir lengjast  
og dimman flýr í sjó.  
Bráðum syngur lóa  
í brekku og mó.

Þegar við gengum til kosninga á liðnu vori bundum við Íslendingar vonir við að með okkar atkvæði ættu sér stað breytingar í lífi okkar. Breytingar sem skiluðu okkur framförum, bættum hag og stöðugleika. Breytingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem legðu grunn að aukinni hagsæld, öflugra atvinnulífi og auknum tekjum til að standa undir sam-eiginlegri velferð okkar.

Liðinn vetur var snjóþungur og harður. Bændur urðu fyrir miklum fjárskaða í haust og nú kemur í ljós að tún eru víða kalin að stórum hluta og í síðustu viku bættust svo við aurskriður sem flæmdust um jarðir og rifu upp gróður. Við búum sannarlega við stríða náttúru á stundum sem hefur oft en ekki þjappað okkur saman sem þjóð í hjálpsemi hvert við annað.

En náttúran er líka blíð og gjöful og það eru góðar fregnir að fiskstofnar okkar fara stækkandi og því hægt að auka veiðiheimildir sem mun skila okkur auknum tekjum í þjóðarbúið.

Sjávarútvegurinn er ein undirstöðuáttvinnugrein okkar og það skiptir miklu máli að álögur á hana hreki fyrirtækin ekki úr rekstri. Því þurfum á því að halda allt í kringum landið að sjávarútvegsfyrirtækin, stór og lítil, haldi velli, geti endurnýjað búnað og skapi atvinnu og tekjur inn í sveitarfélögin og á landsvísi.

Hið sama á við um önnur fyrirtæki, það er mikilvægt að rekstrarumhverfi atvinnulífsins sé stöðugt og að hægt sé að gera áætlanir fram í tímann sem geta gengið eftir. Það á meðal annars við um vaxandi atvinnugrein okkar, ferðaþjónustuna. Sú ákvörðun að falla frá áformum fyrri ríkisstjórnar um hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu mun styrkja hana og auka tekjur ríkissjóðs af þeirri atvinnugrein til lengri tíma lítið.

Skuldastaða heimilanna er sérstakt úrlausnarmál ríkisstjórnarinnar. Bæði Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur lögðu á það áherslu fyrir kosningar að tekið yrði á þeim vanda. Eins og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra eru nú þegar hafnar aðgerðir til þess og væntum við þess að á yfirstandandi sumarþingi verði samþykkt að hefja þá vinnu formlega.

Menntamál eru mér hugleikin og ég fagna því að hæstv. menntamálaráðherra hefur lýst skilningi á bágrí stöðu framhaldsskólanna og vilja til að bæta þar úr. Menntun er eitt

það verðmætasta sem hver þjóð getur fjárfest í og er mikilvæg hverjum einstaklingi og þroska hans. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð rík áhersla á öflugra menntakerfi, að þróun og framtíðarsýn verði mótuð í samstarfi við hagsmunaaðila og að aukin áhersla verði lögð á iðn-, verk- og tækninám, ásamt list- og hönnunargreinum og tengslin við atvinnulífið eflað.

Staða heilbrigðisþjónustunnar og greitt aðgengi að henni skiptir alla landsmenn miklu máli. Heilsugæslustöðvar eru mikilvægur fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Langtíma-stefnumótun í heilbrigðismálum, sem felur meðal annars í sér að efla heilsugæsluna um allt land, er eitt af verðugum verkefnum hæstv. heilbrigðisráðherra.

Aldraðir og öryrkjar eiga að njóta sanngirni, því verða skerðingar á frítækjumarki atvinnu- og fjármagnstekna frá 2009 afturkallaðar og fyrir liggur að endurmeta breytingar á almannatryggingum.

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Að vera þrautseigur Íslendingur, að eiga sögu og tungu, hefðir og gildi, fyllir okkur stolti. Á aldanna rás höfum við gengið í gegnum ýmsa óáran og hallæri, tekist á við eldgos og ísalög og staðið af okkur storma. Það gerum við einnig nú. Við höldum hjart-sýn inn í nýtt kjörtímabil með öflugra ríkisstjórn í fararbroddi. Að liðnum hverjum vetri kemur aftur vor. — Góðar stundir.

[22:02]

### Óttarr Proppé (Bf):

Virðulegi forseti. Ástkæru landsmenn. Við erum hér samankomin á nýkjörnu Alþingi. Þetta þing hefur það fram yfir öll önnur þing að það hefur framtíðina fyrir sér. Þetta þing hefur það umfram öll þing sem setið hafa hingað til að eiga möguleika á því að verða besta þing sögunnar, enda er fyrri þingum lokið en við erum hér á fyrstu metrunum. Hvernig sagan á eftir að dæma þetta þing er óvíst en það er víst að það verður ekki afstaða himintunglanna ein eða duttlungar guðanna sem hafa allt um það að segja. Það er þingið sjálft sem ávinnur sér einkunn með störfum sínum og það sama á við um nýja ríkisstjórn sem ég óska alls góðs.

Í stefnuræðu sinni vék hæstv. forsætisráðherra að skuldamálum heimilanna og fjárhagslegum forsendubresti sem þarf að leiðrétta. Það er mikilvægt að muna að það hafa fleiri upplifað brostnar fjárhagslegar forsendur en skuldarar. Það hafa til dæmis leigjendur, öryrkjar og aldraðir, svo einhverjir hópar séu nefndir, einnig gert í formi hærri gjalda samfara lækkaðri kaupmætti. Ég brýni ríkisstjórnina að undanskilja ekki suma hópa í aðgerðum sínum og viðleitni. Forsendubresturinn er víða.

Árið 2008 varð eiginlega allsherjarforsendubrestur í íslensku samfélagi. Sá forsendubrestur var ekki bara fjárhagslegur. Hann skók langflestar stofnanir samfélagsins og við glímum enn við afleiðingar þessa forsendubrests í stóru sem smáu og stærstu verkefni næstu missira verða áfram að glíma við þær. Ein alvarlegasta afleiðingin er það hrun sem orðið hefur á trausti í samfélaginu; trausti milli stofnana, milli almennings og stofnana hins opinbera, milli atvinnulífs og yfirvalda, yfirvalda og stofnana og milli fólks almennt. Hvar sem borið er niður sjáum við merki um ör-

yggi og vantraust. Traust á Alþingi hefur ekki verið svipur hjá sjón og gjarnan er talað um að hefja verði virðingu þingsins upp að nýju. Traust og virðing er ekki eitthvað sem hægt er að panta sér eða skipa fyrir um. Traust þarf maður að ávinna sér. Hér höfum við verk að vinna og það verður ekki gert nema með því að Alþingi sýni virðingu í störfum sínum.

Sá sem hér stendur leyfir sér þann galgopaskap að vera bjartsýnn í upphafi þings. Á dögunum sótti ég alþjóðlega ráðstefnu um höfundarrétt í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna. Ráðstefna þessi var stórmerkileg og þar áttu sér stað ótrúlegir hlutir, en hér ætla ég að segja frá nokkru sem gerðist í almenningsgarði á hlaupum á milli funda. Á bekk einum sat óárennilegur umrenningur eða heimilislaus maður sem aðrir vegfarendur tóku sveig fram hjá. Þarna sat hann með úfið hár og skegg í gaudslitnum, húðlitum æfingagalla með stolið nafnspjald um hálsinn. Hann náði athygli þess sem hér stendur og þegar við tókum tal saman ruddi hann upp úr sér romsu af skammstöfunum sem flestar voru óþekktar ef ekki óskiljanlegar. Þingmaðurinn gaukaði einhverjum smápeningum að manningum og hélt áfram för sinni en þá kallaði gaurinn í kveðjuskyni, í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta: Það er íkorninn sem dansar á trjátoppunum en ekki bjarnardýrið.

Þessi furðulegu skilaboð eru mér ofarlega í huga við upphaf þings. Það hefur oft betri áhrif að sýna mykt og sveigjanleika en að ryðjast áfram af krafti og með látum. Við fyrstu sýn er bjarnardýrið tignarlegt, vöðvastælt og kraftmikið dýr en það kemst ekki á efstu toppa trésins. Við fyrstu sýn virðist íkorninn hlaupa stefnulaust fram og til baka eins og vitstola einfeldningur en það er ekki heldur svo einfalt. Íkorninn hefur skýr markmið, hann er að safna forða fyrir veturinn og öll hans taugaveiklunarlega iðja þjónar því markmiði.

Hv. þingmenn. Tökum íkornann með sinni iðjusemi og útsjónarsemi okkur til fyrirmyndar frekar en þunglamalegt valdabrölt bjarnarins. Í leikriti sínu Romanoff og Júlía lagði Peter Ustinov eftirfarandi orð í munn einnar persónu sinnar, með leyfi forseta: Guð hjálpi þeim sem heillast af hagfræðitölum hveitiframleiðslunnar en staldra ekki við til að dást að kornaxinu.

Þótt peningar falli vissulega ljúfar ofan í reiknilíkön og prósentur en aðrir þættir mannlífsins þá skipta aðrir hlutir ekki síður máli. Kærleikur, virðing og mannréttindi eru ekki síður mikilvæg og ber að hafa það hugfast í störfum bæði þings og ríkisstjórnar. Höfum það hugfast að við vorum ekki bara kosin til þess að taka ákvarðanir og fara með völd heldur til þess að þjóna almenningsi í landinu. Gerum það. Verum góð.

[22:07]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Kæru landsmenn. Mig langar að renna í gegnum það sem við píratar erum hrifin af þegar kemur að stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Ég byrja á því sem brennur á flestum akkúrat núna, sem eru skuldir heimilanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að við sýnum nú að við búum við úthald

og skjark og leitum allra mögulegra leiða til að leiðrétta skuldir heimilanna og bæta hag þeirra.“

Það sem er á stefnuskrá okkar þírata hvað þetta varðar er að tryggja að fólk sé ekki rekið af heimilum sínum ef á þeim hvílir veð vegna láns og óvíst er hver skuldar hverjum hvað. Eins og kemur fram í neytendalánalögum þá er það alveg skýrt að neytandinn skuli njóta vafans, höldum því til haga.

Einnig segir í stefnuræðunni að lögfest verði flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna. Þessu ber að fagna og mætti jafnvel víkka þetta svoltíð út þannig að almennt sé tryggt að réttlæti ríki í landinu með því að fólk geti sótt rétt sinn, sem þýðir að fólk eigi að geta sótt rétt sinn. Flestir skuldarar hafa „actually“ ekki tækifæri til að fara í dómsmál þó að mál séu sett í flýtimeðferð, þeir hafa hreinlega ekki efni á því. Þá er það spurning hvernig hjálpa eigi þeim sem ekki hafa efni á að hefja dómsmál til að sækja rétt sinn um lög sem við öll vitum að mörg hver eru ólögleg.

Það er eitt, vonandi að það verði tryggt, hægt væri að nýta lög um lögbann og dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytenda og nýlegur dómur bendir á að hægt er að nota þau lög þegar kemur að dómsmálum, þannig að ríkið gæti hafið þau dómsmál sem þyrfti og sett þau svo í flýtimeðferð til að tryggja að fólk fái réttlætinu fullnægt.

Mér fannst alveg æðislegt að sjá að tíu sinnum var orðið tækifæri notað, ellefu sinnum líklega, og einu sinni sóknarfæri og mjög mikið talað um framfarir. Þá er spurningin: Hvaða stóru tækifæri? Helstu tækifæri, ef við færum okkur yfir í það sem sagt er um að öflugt atvinnulíf sé forsenda vaxtar og velferðar og sérstök áhersla verði lögð á lítil og meðalstór fyrirtæki, vöxt útflutningsgreina o.s.frv. og nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar.

Ög hvaða vaxtartækifæri hefur framtíðin best? Það er að nýta upplýsingatæknina, að nýta internetið. Þá komum við að litlum og meðalstórum fyrirtækjum en í McKinsey-skýrslunni um internetið 2011 er bent á að lítil og meðalstór fyrirtæki sem nýta sér internetið í miklum mæli vaxi tvöfalt hraðar, ráði tvöfalt fleira starfsfólk og tvöfalda útflutningstekjur sínar sem er nú einmitt eitt af því sem við þurfum til að styrkja krónuna. Þetta er stóra tækifærið, þetta eru stóru framfarirnar. Við erum búin að tala við marga við vinnslu á þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að skoða þetta lagalega sambengi sem þarf að skoða og nýta þessi tækifæri, m.a. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og fleiri aðila. Það er engin mótstaða gegn þessu, það er engin mótstaða. Það eina sem vantar er það að við á þinginu setjumst niður og förum að vinna að þessum málum, setjum þau í svoltinn forgang út af því að þetta er stóra tækifærið.

Hagkerfi internetsins mun nærri tvöfaldast á næsta kjörtímabili. Það mun verða 4,2 billjónir dollara. Þarna eru stóru tækifærin. Ég vona að við getum öll í sameiningu unnið að því. Ekki virðist vera nein mótstaða gegn því. — Takk fyrir.

### Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar, júní 2013:

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, skal fylgja stefnuræðu forsætisráðherra yfirlit um þau mál sem ríkisstjórnin hyggst

leggja fram á þinginu. Yfirlit fyrir 142. löggjafarþing fer hér á eftir. Flutt kunna að verða fleiri frumvörp en getið er og atvik geta hindrað flutning einstakra frumvarpa. Jafnframt eru taldar upp fyrirhugaðar tillögur til þingsályktana.

#### Forsætisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007.
2. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda íslenskra heimila.

#### Félags- og húsnæðismálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldradra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

#### Fjármála- og efnahagsráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.
2. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum skattalögum (lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, lögum nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald, lög nr. 90/2003, um tekjuskatt o.fl.).
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

#### Ímannríkisráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð fyrir dómstólum).

#### Mennta- og menningarmálaráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013 (val stjórnarmanna).

#### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (framlenging bráðabirgða-ákvæða).
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.
3. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld.

### 3. FUNDUR

Þriðjudaginn 11. júní,  
kl. 1.30 miðdegis.

#### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.
3. Meðferð einkamála, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
5. Stjórn fiskveiða o.fl., stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

#### Fjarvistarleyfi:

Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.  
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.

[13:31]

#### Útbýting:

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, 8. mál, þálitill. ÖS o.fl., þskj. 8.

#### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[13:31]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru hæstv. forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra og utanríkisráðherra.

#### Jöfnuður í ríkisfjármálum.

[13:31]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegur forseti. Í stefnuræðu í gærkvöldi boðaði hæstv. forsætisráðherra okkur skynsemisstefnu í rekstri ríkisins, að ná tókum á verðbólgunni, greiða niður skuldir og efla efnahagslífið. Ég get tekið undir þau markmið en vandin er sá að erfitt er að sjá þeim markmiðum stað í verkum nýrrar ríkisstjórnar.

Fjármálaráðherra talar nú fyrir því að hann horfi fram á vaxandi gat í ríkisútgjöldum í rekstri ríkissjóðs en allt er það eitthvað sem vitað var fyrir — Íbúðalánasjóður og hefðbundnir liðir sem allir þekkja. Maður kemst ekki hjá því að velta því fyrir sér hvort hér sé komin afsökun fyrir hallarekstri og skuldasöfnun ríkissjóðs þegar horft á það að fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði ríkisfjármála boða ekki gott.

Fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gefur því frumvarpi sem hér verður rætt á eftir, um breytingar á virðisaukaskatti, algera falleinkunn og segir að gera verði ráð fyrir því að afkoma ríkissjóðs versni í sama mæli vegna þess að ekkert liggir fyrir um aðrar aðgerðir eða nýjar ráðstafanir

Alþt. 2013. B. (142. lögjafarþing).

til að veða upp á móti þessum breytingum. Því muni markmiðið um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs færast fjær.

Það eru skilaboð fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til ríkisstjórnarinnar um verk hennar í dag. Og hvað vitum við annað? Hvað annað er búið að boða? Jú, afnám auðlegðarskatts á 5 þús. eignamestu Íslendinganna, lækkun skatta á Landssamband íslenskra útvegsmanna og svo hringl í virðisaukaskattkerfinu sem mun væntanlega draga úr tekjuöflunargetu ríkissjóðs. Svo boða menn aukin útgjöld.

Ég spyr því hæstv. forsætisráðherra: Er ríkisstjórn hans gersamlega búin að gefast upp á markmiðinu að skila hallalausum fjárlögum? Ætla menn strax að hætta við að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á næsta ári?

[13:33]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að henda reiður á skoðunum hv. þm. Árna Páls Árnasonar. Hann er nýbúinn að greina vanda flokks síns m.a. út frá því að flokkurinn hafi ekki hagað sér skynsamlega á allan hátt í ríkisstjórn og ekki hvað síst við stjórn efnahagsmála. Hv. þingmaður var sá sem ég hélt að hefði kannski haft einna mestar efasemdir um ofurskattlagningarstefnu fyrirverandi ríkisstjórnar, að minnsta kosti hefur hann lýst efasemdum um ýmsa skattlagningu sem sú ríkisstjórn réðst í. Nú kveður við annan tón og hv. þingmaður telur að það feli í sér hreint tap fyrir ríkið ef skattar eru lækkaðir eða komið er á meiri skynsemi í innheimtu skatta.

Með sömu rökum hljótum við að álykta sem svo að ríkið gæti aukið tekjur sínar út í hið óendanlega með því að leggja á alls konar nýja skatta. Ef það er orðið hreint tap að mati hv. þingmanns að afnema skatt sem mæltist mjög illa fyrir og bent var á að hefði þau áhrif að draga úr tekjum ríkisins til lengri tíma lituð með því að fækka ferðamönnum og gera Ísland að síður áhugaverðum kosti fyrir ferðamenn — afnám hans fjölgar þá vonandi ferðamönnum og eykur tekjurnar — hljótum við að gera ráð fyrir að hv. þingmaður muni í framhaldinu reyna að bæta úr og auka tekjur ríkisins með því að leggja fram stríðan straum af frumvörpum um skattahækkanir, halda áfram arfleifð síðustu ríkisstjórnar um að finna stöðugt upp nýja skatta í von um að bæta við þessar — hvað komst það í? — tvö hundruð breytingar á skattkerfinu sem síðasta ríkisstjórn afrekaði. Var það til þess fallið að auka tekjur ríkisins? Var það til þess fallið að búa til betri stöðu fyrir þá ríkisstjórn sem tók við? Nei, það var það nefnilega ekki eins og við sjáum nú á mati fjármálaráðuneytisins á horfum ekki bara á þessu ári, sem eru tífalt verri en ríkisstjórnin gerði ráð fyrir í fjárlögum, heldur horfum næstu ára líka sem kalla á breytta stefnu, kalla á skattkerfi sem er til þess fallið að yta undir verðmætasköpun, auka tekjur þjóðveldisins og breikka skattstofna þannig að tekjur ríkisins af sköttum aukist til lengri tíma lituð.

**Arni Páll Arnason (Sf):**

[13:36]

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða. Ég vissi það að hæstv. fjármálaráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, væri illa haldinn af vúdú-hagfræði og teldi að hægt væri að búa til tekjur fyrir ríkissjóð með því að lækka skatta. Það er auðvitað margafsönnuð kenning um öll Vesturlönd, en það er athyglisvert að heyrna núna að það er komið nýtt bandalag í þessu efni og formaður Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra eltir þessar villukenningar. Eftir stendur að hér fengum við skýr skilaboð: Hæstv. forsætisráðherra treystir sér ekki til þess að segja að hann ætli að standa við að koma með hallalaus fjárlög.

Það þýðir að afnám hafta mun færast enn fjær sem raunverulegt markmið. Það þýðir líka að það mun verða erfðara fyrir okkur að ná fram vaxtalækkun í þessu landi og betri aðstæðum fyrir íslensk fyrirtæki og íslenskan almenning. Með öðrum orðum; á fyrsta prófi í hagstjórn, á fyrsta prófi sem skynsemiss Stefna þessarar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum tekur þá snarfellur hún. Það er magalending þessarar ríkisstjórnar sem getur ekki skilað nokkurri skynsemi í stjórn efnahagsmála.

[13:37]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég virðist þurfa að byrja á því að útskýra fyrir hv. þingmanni merkingu hugtaksins „skynsemi“. Skynsemi felur í sér að ekki er endilega annaðhvort allt svart eða allt hvítt, það getur verið einhver millivegur. Þannig er það ekki svo að alltaf sé til hagsbóta fyrir ríkið að lækka skatta, það getur dregið úr tekjum þess. En það er ekki heldur alltaf til hagsbóta fyrir ríkið að hækka skatta. Það er það sem ég var að reyna að benda hv. þingmanni á hér áðan, að ef nálgun hans á skattamál ætti að standast hlyti samkvæmt því alltaf að vera æskilegt að hækka alla skatta, jafnvel þótt það væru skattar eins og eru hér til umræðu, skattar sem eru til þess fallnir að fæla ferðamenn frá landinu, einn helsta vaxtarbrodd íslensks efnahagslífs, ferðamenn sem hafa í rauninni haldið efnahagslífinu á floti undanfárin ár.

Eins og var bent á þegar ríkisstjórnin kynnti hugmyndir sínar um þessa nýju skatta eru þeir einmitt til þess fallnir að koma í veg fyrir að menn yfir höfuð komi til landsins og þar af leiðandi eitt besta dæmið um skatta sem eru ekki til þess fallnir að auka tekjur ríkisins til lengri tíma litið heldur eyðileggja skattstofna og draga úr tekjunum, eins og gert hefur verið á allt of, allt of mörgum sviðum á undanföllum árum. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

*Breytingar á stjórnarskrá.***Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

[13:38]

Virðulegi forseti. Nú hefur verið útbýtt á þinginu frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna sem flutt er af hv. þingmönnum úr Árna Páli Arnasyni, Guðmundi Steingrímssyni og þeirri sem hér stendur. Það snýst um að staðfesta þá breytingu á stjórnarskrá sem samþykkt var á síðasta þingi og breyta breytingarákvæði stjórnarskrárinnar þannig að unnt sé að

samþykkja breytingar, samþykki Alþingi þær með 2/3 hluta þingmanna, og að 40% þjóðarinnar geti síðan samþykkt þær í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrir liggur að hv. þingmenn Framsóknarflokksins sátu hjá við afgreiðslu frumvarpsins síðast þegar það kom fyrir þingið, en mig langar að inna hæstv. forsætisráðherra í fyrsta lagi eftir afstöðu hans til málsins nú þegar það kemur hér til staðfestingar. Mig langar líka að inna hæstv. ráðherra sem höfuð meiri hlutans hér á þingi eftir því hvort ekki liggi ljóst fyrir að meiri hlutinn muni greiða götu málsins á þinginu þannig að það muni koma hér til atkvæða að lokinni hefðbundinni umfjöllun í nefnd. Hvernig sér hæstv. forsætisráðherra fyrir sér framhald vinnu við stjórnarskrárbreytingar á því kjörtímabili sem nú er að hefjast?

Fyrir liggur að stjórnlagaráð og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd unnu afskaplega mikið verk á síðasta kjörtímabili með endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hvernig sér hæstv. forsætisráðherra fyrir sér fyrir sér vinnuna í framhaldinu? Mun hann beita sér fyrir því að hv. stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd taki upp málið og vinni að stjórnarskrárbreytingum áfram, til að mynda þannig að unnt verði að nýta það breytingarákvæði sem liggur hér til staðfestingar, verði það samþykkt, og samþykkja breytingar á stjórnarskrá á kjörtímabilinu? Hvaða breytingar sér hæstv. forsætisráðherra fyrir sér í þeim efnum?

[13:41]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Þegar þeir flokkar sem nú eru í stjórnarmeirihluta voru í stjórnarandstöðu, fyrir ekki svo löngu, reyndu þingmenn þeirra flokka mikið að spyrja ráðherra í fyrirspurnatíma út í afstöðu þeirra til frumvarpa fyrir fram. Það má segja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi ráðherra, hafi í raun lagt línuna fyrir ríkisstjórnina hvað það varðaði með afdráttarlausum svörum hvað eftir annað um það að menn skyldu ekki svara svara „hypotetiskum“ spurningum, eins og hv. þingmaður orðaði það; menn svöruðu ekki spurningum um afstöðu til frumvarpa fyrir fram (ÖS: Þetta var Margrét Thatcher.) — og vitnaði þar í Margréti Thatcher. Hvort sem menn hafa orð Margrétar Thatcher fyrir því eða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá held ég að þetta sé skynsamleg stefna. Ég mun reyna að tileinka mér hana og ekki svara spurningum um afstöðu mína til tiltekna frumvarpa fyrir en við umræðu um frumvörpin og svo að sjálfsgöðu við atkvæðagreiðslu.

Ég hyggst einmitt fylgjast vel með umræðu um það frumvarp sem hv. þingmaður spurði út í. Ég hlakka til dæmis sérstaklega til að heyrna mat þingmanna Pírata á því vegna þess að þeir hafa verið óþreytandi við að tala fyrir stjórnarskrárbreytingum. Að minnsta kosti einn þingmanni þeirra, hv. þm. Birgitta Jónsdóttir, hafði þó verulegar efasemdir um að þetta frumvarp væri til þess fallið að liðka fyrir breytingum á stjórnarskrá, að það væri til bóta. Ég mun ekki bara fylgjast með afstöðu Pírata til þessa máls en mér finnst innlegg þeirra í þetta mál, eins og mörg önnur, vera fróðlegt og veita nýja sýn, sýn sem hefur kannski vantað í hefðbundnu stjórnsmálaflökkana í sumum tilvikum. Ég mun því fylgjast með afstöðu þeirra og annarra og taka síðan afstöðu til málsins í framhaldi af því.

[13:43]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Fyrir utan þá staðreynd sem kom fram hér, að hæstv. forsætisráðherra lýtur leiðsögn Margrétar Thatcher og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, (Gripið fram í.) — sem eru auðvitað áhugaverðar upplýsingar fyrir þingheim, vænti ég — þá kaus hann samt að svara nánast engum þeim spurningum sem ég lagði fram sem snerust ekki eingöngu um afstöðu hæstv. forsætisráðherra til þess frumvarps sem hefur verið dreift hér heldur um það hvort hann hyggtist sem formaður annars stjórnarflokksins og þess meiri hluta sem er í þinginu greiða götu málsins þannig að það fái að koma til atkvæða. Og hins vegar hvernig hæstv. forsætisráðherra — og þetta er mjög eðlileg spurning, í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið í samfélaginu, til hæstv. forsætisráðherra — sér fyrir sér vinnu við stjórnarskrárbreytingar á því kjörtímabili sem nú er að hefjast. Hér er um stórmál að ræða og það hlýtur að vera eðlilegt þar sem ekki er bara um einstakt frumvarp að ræða að við fáum að vita hver afstaða hæstv. forsætisráðherra er til þess og hvernig hann sér fyrir sér þá vinnu. Ég trúu ekki öðru en hæstv. forsætisráðherra hafi mótaða skoðun á því máli.

[13:44]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)****(F):**

Virðulegur forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður bendir á, ég náði ekki að svara öllum spurningum hv. þingmanns áðan og reyni að bæta úr því nú.

Fyrst að spurningunni um hvort ég muni greiða götu málsins, þá er það nú svo, og ég veit að hugsanlega eru þetta viðbrigði frá fyrri ríkisstjórn, að forsætisráðherra ræður því ekki hver framgangur ákveðinna mála er hér í þinginu. Þingið ræður því og að sjálfsögðu heldur forseti þingsins utan um dagskrárvaldið. (Gripið fram í.) Ég þakka samt það traust sem mér finnst birtast í þeirri hvatningu sem ég fæ hér til þess að stýra ekki aðeins flokknum heldur þinginu líka í krafti formennsku í Framsóknarflokknum og þess að vera forsætisráðherra. Ég hef hugmynd um hvaðan fyrirmyndin er komin.

Þá að framhaldi stjórnarskrármálsins almennt, því er lýst í stjórnarsáttmála. Við erum eindregið þeirrar skoðunar, báðir stjórnarflokkar, að ástæða sé til þess að halda áfram vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar, nýta þá vinnu sem hefur verið unnin undanfarin ár og halda áfram að bæta við hana bæði í þinginu og með aðkomu almennings.

*Aðildarviðræður við ESB.*

[13:45]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Herra forseti. Sem kunnugt er ákvað Alþingi í upphafi síðasta kjörtímabils í atkvæðagreiðslu að fela ríkisstjórninni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þær viðræður hafa gengið ágætlega síðan þá og mikilli vinnu verið varið í þetta verkefni. Margvíslegar ástæður voru og eru fyrir þessari umsókn — efnahagslegar ástæður, líka lýðræðislegar. Við erum að stórum hluta þátttakendur í Evrópusamband-

inu en höfum ekki aðkomu að ákvarðanatöku þar nema með því að gerast fullir aðilar. Margvíslegar ástæður eru því raktar í þingsályktun sem fylgdi þessari ákvörðun.

Nú bregður svo við að ekki er alveg ljóst hvort haldið verði áfram þessum viðræðum. Mér er svo sem kunn andstaða ríkisstjórnarflokkaanna við aðild að ESB og ég vildi gjarnan vilja eiga ítarlegan orðastað einhvern tímann við utanríkisráðherra um ástæður þeirrar andúðar.

Ég boðaði í ræðu í gær fyrir hönd þingflokks Bjartrar framtíðar þingsályktunartillögu um að farið verði í atkvæðagreiðslu um áframhald viðræðanna, þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort halda skuli áfram viðræðunum. (Gripið fram í.) Þjört framtíð hefur verið eindregið þeirrar skoðunar að ljúka beri viðræðunum og láta atkvæðagreiðslu um samninginn nægja sem þjóðaratkvæðagreiðslu, þá liggi allar upplýsingar fyrir, en úr því sem komið er, þegar ríkisstjórnin boðar einhvers konar hlé, óskilgreint, en hefur þó talað að mínu viti í véfréttarstil um hvort halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið, þá finnst mér ástæða til að leggja fram slíka tillögu. Ég boðaði hana í gær og fagna því út af fyrir sig að þingflokkur Samfylkingarinnar hefur orðið fyrri til og lagt fram slíka tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðanna, það er sama hvaðan gott kemur.

Því spyr ég hæstv. utanríkisráðherra: Í ljósi fyrri yfirlýsinga beggja stjórnarflokka um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu, má þá ekki vænta stuðnings ríkisstjórnarinnar við það að slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, t.d. samhliða næstkomandi sveitarstjórnarkosningum?

[13:48]

**Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir þessa spurningu. Það er gaman að við fyrrum félagarnir skulum vera hér saman í mínu fyrsta svari til hv. þingmanns sem ráðherra. Mér þykir vænt um að þingmaðurinn skuli auðsýna mér þann heiður. (Gripið fram í.) Ég veit það, hv. þingmaður.

Þingmaðurinn spyr um þjóðaratkvæðagreiðsluna. Ég vil fyrst segja að skoðanir eru vitanlega skiptar um það hvernig þessar viðræður hafa í sjálfu sér gengið. Sterstu kaflarnir eru í raun eftir, við vitum ekki opnunarskilyrði Evrópusambandsins í ákveðnum köflum o.s.frv. Töluverð vinna er því eftir að mati þess sem hér stendur.

Það er líka augljóst að farið var af stað í þessar viðræður á afar veikum grunni. Ekki var beinlínis samkomulag á milli þeirra stjórnarflokka sem lögðu af stað í þá vegferð alla saman. Þetta virðast fyrst og fremst hafa verið einhvers konar samningar milli þeirra flokka um að fara af stað, ekki að menn hefðu tiltrú á ferlinu öllu saman. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að ferlið hafi verið byggt á mjög traustum grunni og verið til þess fallið að telja í það minnsta Evrópusambandinu, held ég, trú um að þarna fylgdi hugur máli.

Ég hef hins vegar — og vona að hv. þingmaður hafi tekið eftir því — reynt að forðast að ræða þetta mál mjög mikið fyrr en ég er búinn að fara erlendis og hitta ráðamenn hjá Evrópusambandinu til að útskýra fyrir þeim afstöðu nýrrar ríkisstjórnar. Ég hef talið það kurteisi að gera það, ég hef

talið að það væri heppilegra fyrir framhald samskipta við Evrópusambandið og Evrópuþjóðirnar, því að sjálfsögðu ætlum við að eiga gott samstarf, bæði við Evrópusambandið og aðrar Evrópuþjóðir. Ég get því ekki og ætla ekki að upplýsa hv. þingmann um það hvort ég ætli að styðja þessa hugmynd eða þá tillögu sem hér er einhver keppni um að leggja fram. Ég get hins vegar fullvissað hv. þingmann um að þjóðaratkvæðagreiðsla er orð sem kemur fyrir í stjórnarsáttmálanum og þar stendur að ekki verði haldið lengra án undangenginnar þjóðaratkvæðagreiðslu. Engin tímasetning er á þeirri tillögu.

[13:50]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Herra forseti. Í sannleika sagt fannst mér þetta svar það loðið að ég hefði jafnvel getað dregið þá ályktun að hæstv. utanríkisráðherra útilokaði ekki að halda viðræðunum einfaldlega áfram án þjóðaratkvæðagreiðslu, sem mér finnst út af fyrir sig fagnaðarefni. Mér fannst hann opna á að það gæti hugsanlega orðið niðurstaða af viðræðum hans. Það er ágætt að einhver annar tali við útlendinga en bara hæstv. forseti þjóðarinnar — það er ágætt að utanríkisráðherra geri það líka. Ef það verður niðurstaða hæstv. utanríkisráðherra af samræðum við kollega sína í Evrópu að halda beri viðræðunum áfram og leggja síðan fullbúinn samning undir dóm þjóðarinnar þá væri það auðvitað mjög æskileg niðurstaða. Ég efast um að það sé fyrirætluin miðað við fyrri orð hæstv. utanríkisráðherra og þekktu andúð hans á mögulegri Evrópusambandsaðild.

Ég vil því bara minna hæstv. utanríkisráðherra á að í stefnuskrá Framsóknarflokksins stendur „að ekki verði haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu“ (Forseti hringir.) og í stefnuskrá hins stjórnarflokksins stendur að kjósendur ákveði „í þjóðaratkvæðagreiðslu (Forseti hringir.) á kjörtímabilinu“ hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram. Er þetta ekki skýrt? Ber ekki að gera þetta?

[13:51]

#### **Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég fagna því mjög að hv. þingmaður er vel lesinn í stefnumálum ríkisstjórnarflokkanna. Það er mjög mikilvægt að stjórnarandstaðan sé vel að sér á hverjum tíma í því sem ríkisstjórnin hefur sett fram og ætlar sér að stefna að. Þar af leiðandi held ég að hv. þingmaður sé vel upplýstur um að það verður illa haldið áfram, eiginlega bara alls ekki, viðræðum við Evrópusambandið undir stjórn þess utanríkisráðherra sem hér stendur.

Það er hins vegar sjálfsagt og eðlilegt að ræða við fulltrúa Evrópusambandsins um framtíðina, um stefnu ríkisstjórnarinnar. Við erum vissulega búin að vera að ræða við þessa aðila í fjögur ár. Það er búið að eyða miklum tíma í þetta, mikilli orku og miklum fjármunum af hálfu beggja aðila. Þar af leiðandi er einfaldlega kurteisni að taka við þá samtala um framtíðina á þessum vettvangi.

Það er alveg skýrt að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar stendur að það eigi að gera hlé á viðræðunum. Það þýðir að gert verður hlé og alvöruhlé. Það þýðir að menn munu ekki halda áfram viðræðunum sem nú hafa tekið

mjög (Forseti hringir.) langan tíma miðað við þær forsendur sem lagt var af stað með. Ég held að öllum sé það ljóst. Það hefur komið fram í fjölmiðlum og annars staðar.

#### *Örorkumat.*

[13:53]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að óska hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra velfarnaðar í starfi og gæfu.

75% örorkumatið hefur verið við lýði á Íslandi síðan 1946, það er 67 ára gamalt og er að komast á eftirlaun. Þetta mat veldur því að fólk getur ekki endurhæfst. Öryrki sem er með fullar örorkubætur og er 75% öryrki, ef hann er metinn 74% öryrki fengi hann bara örorkustyrk sem er sáralítill. Hann tapar svo miklu við það að það er enginn hvati fyrir hann að hætta að vera öryrki.

Í öðru lagi hindrar þetta virkni öryrkja, vegna þess að ef menn vinna með örorkunni, sem þeir mega, koma alls konar skerðingar inn í dæmið. Það gerir að verkum að ekki er mikill hvati til að vinna.

Svo er líka nokkuð mikið af fólki sem nær ekki 75% örorkumati og þínir sig áfram í vinnu. Það er kannski með 40%, 50% örorku og er að pína sig áfram þangað til það verður 75% öryrkjar. Þetta er ekki gott kerfi.

Núna er í gangi vinna um að taka upp vinnugetumat og hefur verið um nokkurn tíma, reyndar að mínu frumkvæði, þar sem metin er geta mannsins til að vinna, hann megi vinna það að fullu án skerðinga og fái svo örorkulífeyri í hlutfalli við restina.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist láta þetta mikilsverða mál til sín taka og brýni hana jafnframt til þess.

[13:55]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir fyrirspurnina.

Á ársfundi Tryggingastofnunar nefndi ég sérstaklega hið svokallaða starfsgetumat versus örorkumatið og talaði um að mikil og góð vinna hefði farið fram um að skoða möguleikann á því að breyta því hvernig örorka er metin. Þar sagði ég að ég hefði í hyggju að halda áfram þeirri vinnu. Ég vonast svo sannarlega eftir góðu samstarfi við hv. þm. Pétur Blöndal um það og einnig við aðra þingmenn á Alþingi. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að horfa til þess hvað hver og einn getur lagt fram til samfélagsins, hvað hver og einn getur unnið frekar en að við horfum á það sem fólk getur ekki gert.

Eins og hv. þingmaður nefndi er í starfsgetumatinu einmitt verið að horfa til líkamlegra, andlegra og félagslegra forsendna hjá viðkomandi einstaklingi. Svárið er því já, það er eitthvað sem ég hef í hyggju að vinna áfram að og hef mikinn áhuga á því.

**Pétur H. Blöndal (S):**

[13:56]

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það gleður mig að menn ætli að halda áfram þessari vinnu. Ég brýni ráðherrann áfram til hraðra vinnubragða. Það er búið að taka allt of langan tíma að breyta þessu. Ég veit að það þarf hugrekki til. Ég býst við því að hæstv. ráðherra hafi hugrekki til að breyta þessu.

Þetta þýðir í reynd að maður sem er metinn segjum 38% virkur en 62% öryrki má vinna 38% af fullu starfi, fær full laun fyrir 38% starf og þau verða ekki skert, síðan fengi hann 62% af örorkulífeyri. Fyrir utan þetta fengi hann að sjálfsögðu öll tæki og tól sem hann þarf til þess að starfa og halda lífi sínu áfram. Ég tel að það sé mjög brýnt að koma þessu á til að virkja þann stóra hóp manna sem eru öryrkjar í dag.

[13:57]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar-dóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Enn á ný tek ég undir það sem hv. þingmaður segir. Það er ekki bara að þetta sé stór breyting, heldur þarf síðan að skoða heildstætt greiðslur frá lífeyris-sjóðum til öryrkja og frá Tryggingastofnun. Einnig hefur það verið rétt hvernig hægt sé að hjálpa fólki til að taka sem virkastan þátt í vinnumarkaðnum.

Í ræðu minni hér í gær, við stefnuræðu hæstv. forsætis-ráðherra, fór ég einmitt sérstaklega í gegnum þessa áherslu á það að hvert og eitt starf skipti miklu máli og að hver og einn einstaklingur hafi möguleika á því að leggja sitt fram. Þetta er að mínu mati svo sannarlega hluti af því.

*Staða aðildarviðræðna við ESB.*

[13:58]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg):**

Forseti. Mig langar til þess að eiga orðastað við hæstv. utanríkisráðherra um svipað málefni og hann hefur þegar verið spurður út í og varðar stöðu aðildarviðræðna við Evrópusambandið. En spurningar mínar eru þó þess eðlis að hæstv. ráðherra mun ekki þurfa að leggja á sig ferð til Brussel til þess að leita svara eða undirbúa svörin.

Í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra í gær fjallaði hann talsvert um samstarf og samvinnu stjórnmalaflokka og lagði áherslu á að auka það frá því sem verið hefur. Ég fagna því. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sagt, með leyfi forseta:

„Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópu-sambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni.“

Þær spurningar sem ég vil leggja fyrir hæstv. ráðherra eru að sjálfsögðu settar fram í því ljósi og í ljósi þeirra orða sem fallið hafa af hálfu ríkisstjórnarinnar um aukna samvinnu og samstarf milli stjórnmalaflokka. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanríkisráðherra:

1. Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að tédri úttekt?
2. Hverjir munu vinna þá úttekt?
3. Verður skýrsla um stöðu aðildarviðræðnanna frá því í

apríl síðastliðnum, upp á 77 blaðsíður eða þar um bil, höfð með í þeirri vinnu?

4. Munu stjórnmalaflokkarnir eiga aðkomu að vinnunni í samræmi við fyrirheit um aukið samstarf?

5. Hyggst ráðherra gera utanríkismálanefnd grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar í þessu efni?

6. Hver verður hlutdeild utanríkismálanefndar í þeirri vinnu sem fyrirhuguð er, sbr. 24. gr. þingskapalaga um samráð ríkisstjórnarinnar við nefndina í mikilvægum utanríkismálum?

[14:01]

**Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessar fjölmörgu spurningar. Þetta minnir mig á manninn sem sagt var við að hann mætti bera fram eina spurningu, en þá sagði hann að hún væri í 20 liðum. Ég ætla að reyna að fara í gegnum þetta.

Kannski er bara einfaldast að svara þessu á þann veg að ég geri ekki ráð fyrir að nefndin sem mun vinna þessa úttekt verði skipuð pólitískum fulltrúum. Ég hyggst leita eftir sérfræðingum á ýmsum sviðum til að fara í gegnum þetta, er jafnvel að skoða hvort erlendar stofnanir geta að einhverju leyti komið að þessu, fræðistofnanir eða eitthvað slíkt. Það er sú hugsun sem er í gangi. Ég vil ítreka að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um þetta, verið er að vegna þetta og meta. Það er mikilvægt að vanda til verka.

Skýrslan frá því í apríl er að sjálfsögðu til. Hún lýsir stöðunni eins og hún er varðandi viðræðurnar. Það kann að vera að við yfirferð viljum við fá frekari útlistanir á ákveðnum köflum í henni. Þetta erum við að skanna í dag, hvort eitthvað er þannig vaxið í því.

Ég get hins vegar fullvissað hv. þingmann um að vand- að verður til verka varðandi það mat sem við ætlum að leggja á þróun Evrópusambandsins og framtíð þess. Það er nákvæmlega það sem stendur í stjórnarsáttmálanum að eigi að gera, þ.e. að reyna að átta sig á því hvernig þetta samband geti litið út í framtíðinni og setja á blað hver þróun þess hefur verið frá því að við sóttum um.

Við vitum það öll sem erum hér í þessum sal að Evrópu-sambandið er í dag allt annars konar samband en það var þegar ferlið hófst. Miklir efnahagsörðugleikar hafa verið þarna og gagnrýni í mörgum ríkjum varðandi lýðræðisþróun og ýmislegt annað sem tekið hefur miklum breytingum frá því farið var af stað í þetta ferli.

[14:03]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Þau eru gagnleg svo langt sem þau ná. Ég skil það þannig að hæstv. ráðherra hyggist leita til sérstakra fræðimanna eða stofnana, innlendra eða erlendra, til að vinna þessa úttekt. Ég legg hins vegar mikla áherslu á, eins og gert var á liðnu kjörtímabili, að mikið samráð verði milli stjórnmalaflokka um allt er lýtur að tengslum okkar við Evrópu-sambandið og viðræðunum. Þau mál voru ítrekað tekin til umfjöllunar á vettvangi hv. utanríkismálanefndar. Ráðherra kom þar reglubundið og þingmenn allra flokka sem þar áttu sæti áttu aðkomu að því og gátu spurt starfsmenn ráðuneytisins og ráðherra út í einstaka liði og þætti í þeirri vinnu.



Ég ítreka spurðingu mína til hæstv. ráðherra, sem hann komst ekki yfir að svara á stuttum tíma hér áðan, þ.e. hvort ráðherrann hyggist koma fyrir utanríkismálanefnd á þessu þingi og gera nefndinni nánar grein fyrir áformum sínum í þessu efni. Ég spyr líka hvort utanríkismálanefnd muni eiga einhverja hlutdeild í þeirri vinnu þó það sé ekki með beinum hætti í samræmi við 24. gr. þingskapalaga — og með hvaða hætti?

[14:04]

**Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að í meiri háttar utanríkismálum og slíku mun utanríkisráðherra upplýsa utanríkismálanefnd og vera í nánun samstarfi við hana. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir að nefndin sem slík komi að þeirri vinnu sem ég lýsti áðan, en að sjálfsögðu er sjálfsagt að koma hvenær sem er og ræða við utanríkismálanefnd um þetta sem og öll önnur utanríkismál. Hv. þingmaður spurði hér áðan um hlutverk utanríkismálanefndar. Ég er að reyna að svara því með þessu svari.

Mig langar hins vegar aðeins að nefna það hér að þegar talað er um mikið samráð er það rétt að utanríkismálanefnd var vel upplýst um gang viðræðna og þess háttar, en pólitískt samráð við utanríkismálanefnd var með öðrum hætti en hér er kannski gefið til kynna. Það var alla vega ekki þannig að stjórnarandstaðan ætti mikla aðkomu að þeim viðræðum eða öðru slíku sem fór fram um aðild að Evrópusambandinu, pólitískt samráð átti sér fyrst og fremst stað í formi upplýsingafunda í utanríkismálanefnd.

**Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. umr.**

Stjfrv., 1. mál (virðisaukaskattur á ferðapjónustu). — Þskj. 1.

[14:06]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 146/2012. Með 2. gr. þeirra laga voru gerðar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sem varða gistipjónustu. Með ákvæðinu var nánar tiltekið gerð sú breyting að útleiga hótél- og gistihverbergja og önnur gistipjónusta var felld í nýtt 14% skattþrep í virðisaukaskatti. Breytingin mun að óbreyttum lögum taka gildi 1. september 2013.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kemur fram að falla eigi frá áformum fyrri ríkisstjórnar um þessa hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu. ?

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú breyting að hækka virðisaukaskatt á gistipjónustu frá og með 1. september 2013 nk. öðlist ekki gildi og að virðisaukaskattsskylda vegna útleigu hótél- og gistihverbergja og annarrar gistipjónustu verði áfram í 7% skattþrepi.

Margvísleg rök mæla með því að ráðast í þá lagabreytingu sem lögð er til með frumvarpinu. Þannig hefur verið bent á að fjölgun skattþrepa í virðisaukaskatti flæki skattkerfið og feli í sér aukinn kostnað bæði fyrir atvinnulífið og

hið opinbera. Aðilar sem stunda gististarfsemi eru rúmlega 600 talsins og ekki er talið réttlætjanlegt að ráðast í fjölgun skattþrepa fyrir eina atvinnugrein.

Þá má einnig ætla að lægri virðisaukaskattur á gistipjónustu hafi áhrif á eftirspurn og muni þannig gagnast ferðapjónustunni við markaðsstarf sitt. Hagstofan tekur saman upplýsingar um fjölda ferðamanna og gistinátta og samkvæmt þeirra gögnum hefur heimsóknun erlendra ferðamanna til Íslands fjölgað um helming frá árinu 2000. Á árinu 2012 voru erlendir ferðamenn orðnir um 673 þús. talsins og hafði þá fjölgað um tæp 19% frá árinu áður en þá voru þeir um 565 þús. talsins. ?

Gistinóttum á hótelum hefur að sama skapi fjölgað og fyrstu fjóra mánuði ársins 2013 voru gistinætur rúmlega 527 þús., samanborið við tæplega 430 þús. fyrir sama tímabil árið áður. Við þetta má bæta að gistinóttum erlendra gesta fjölgaði um 26% á fyrsta ársþriðjungi þessa árs samanborið við árið á undan.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði að óbreyttu rúmlega 500 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga árið 2013. Á heilu ári eru tekjuáhrifin talin vera um 1,5 milljarðar kr. Á móti því tekjutapi vegur þó aukin eftirspurn og viðbótartekjur til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Ég hef látið hjá líða að nefna aðdraganda þess að virðisaukaskatturinn var hækkaður. Málið fékk á sínum tíma töluvert mikla umfjöllun í þinginu og það voru gerðar breytingar á áformum ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að gildistöku frumvarpsins var frestað. Með því var að nokkru komið til móts við athugasemdir sem borist höfðu frá ferðapjónustuaðilum. Það breytir því þó ekki að við teljum að ákvörðunin sem slík um hækkun virðisaukaskattsins hafi ekki verið góð og því er hér lagt til að hún verði dregin til baka og lög in komi aldrei til framkvæmda.

Að þessu sögðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokni þessari umræðu.

[14:11]

**Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það blasir við að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra hvaða mótvægisáðgerðir hann hyggst koma með ef markmiðið hjá þessari ríkisstjórn er enn þá að ná hallalausum fjárlögum. Það ber nýrra við að hingað komi fjármálaráðherra inn með kostnaðarumsögn eins og þá sem fylgir þessu frumvarpi og er satt að segja söguleg rassskelling á frumvarp frá fjármálaráðherra þar sem sagt er ósköp einfaldlega að afkoman muni versna og framgangur markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum muni tefjast og að það verði flóknara að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs.

Þegar horft er á það í samhengi við aðrar yfirlýsingar hæstv. ráðherra, sem fela í sér að hann vilji fara í frekari skattalekkanir og við höfum ekki fengið að heyra neitt um mótvægisáðgerðir blasir við spurningin: Hvenær ætla fjármálaráðherra að virða þingið þess að koma þá með útskýringar á því hvernig á að ná jöfnuði í ríkisfjármálum? Eða skiptir það engu máli fyrir hæstv. fjármálaráðherra?

[14:12]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er mikilið rétt hjá hv. þingmanni að það skiptir máli að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Það var í orði kveðnu markmið fráfarandi ríkisstjórnar en eftir situr vandi upp á í kringum 30 milljarða eins og það blasir við mér á yfirstandandi ári, árinu þar sem átti að ná því sem næst heildarjöfnuði.

Það vekur upp spurningar um það hvað við getum gert til að bregðast við. Hér leggjum við til að skattur sem við teljum að sé ósanngjarn verði felldur niður, það sé rétt að draga hann til baka. Sú spurning vaknar auðvitað upp, í ljósi miklu verri afkomu ríkissjóðs en að var stefnt, hvort öll þau útgjaldaáform sem fyrri ríkisstjórn kynnti til sögunnar seint á síðasta ári og í upphafi þessa árs séu ekki um sig sjálf fallin. Ég segi fyrir mitt leyti að þau hljóta að koma til endurskoðunar, þar með talið fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar sem svo var nefnd.

[14:13]

**Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að heyra hæstv. fjármálaráðherra segja þetta. Eru það þá Norðfjarðargöng sem á að slá af, eru það Dýrafjarðargöng sem á að slá af? Hvað er það sem hæstv. fjármálaráðherra ætlar að skera niður?

Hann kveinkar sér undan 30 milljarða gati og eykur á það alla daga, eykur sjálfur á það alla daga. Og hér kemur hann með tillögu um að draga til baka skattlagningu. Það eru vissulega kannski rök fyrir því að draga til baka þessa skattlagningu, en ef hún kemur til framkvæmda mun hún skila á heilu ári einum og hálfum milljarði. Það alla vega dugur til þess að afnema skerðingar á grunnlífeyri.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það verður ekki bæði lofað miklum útgjöldum og lækkaðir skattar og ekki komið með neina heildstæða sýn um það hvernig á að tryggja efnahagslegt öryggi þjóðarinnar vegna þess að hallalaus rekstur á ríkissjóði er grundvallarforsenda agaðrar efnahagsstefnu og árangurs í afnámi hafta. Það virðist vera þannig að þessi ríkisstjórn hafi engan áhuga á öðru en að láta bara fljóta sofandi að feigðarósi.

[14:14]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sá sem talaði sé sá sami hv. þm. Árni Páll Árnason og var að flytja frumvarp og leggja fram hér á þinginu um slysatryggingar almanna-trygginga sem munu hafa í för með sér aukin útgjöld, a.m.k. til skamms tíma, fyrir ríkið. Mér finnst þeir ekki hafa sterkan málstað sem koma hingað upp, í kjölfar þess að skila ríkissjóði með um 30 milljarða verri afkomu en að var stefnt á yfirstandandi ári, með útgjaldafrumvörp og gagnrýna síðan nývildtekn ríkisstjórn fyrir að reyna að vinda ofan af skattaákvörðunum sem menn fallast á að hafi verið illa ígrundaðar, ég gat ekki skilið hv. þingmann öðruvísi, og segja að það skorti mótvægisáðgerðir.

Hvar eru hugmyndir þeirra sem eru nýhorfnir frá stjórn-

inni um að bregðast við vegna þess að tekjuforsendur ýmissa útgjalda sem þeir hafa nýlega kynnt til sögunnar eru brostnar? Arður er ekki að skila sér, sala eigna er ekki að skila sér, hagvöxtur minni og svo framvegis.

[14:16]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. fjármálaráðherra velfarnaðar í því mikla starfi sem hann hefur nú tekið að sér. Þetta hefur náttúrulega verið gífurlega erfitt starf, svo sem alltaf og ekki síst undanfarin fjögur ár þegar þurfti að skera allt niður og hækka skatta til að hreinsa upp eftir þau miklu áföll sem urðu hér haustið 2008.

Ég verð samt sem áður að segja að í þessu tilfelli er ég svolítið huggsi yfir því frumvarpi sem nú er lagt fram. Það var lagt til að leggja skatta á atvinnugrein sem í rauninni hefur fengið niðurgreiðslur vegna þess að innskattur á gistinætur hefur verið hærri en útskatturinn. Svo hefur hæstv. fjármálaráðherra ranglega lýst því (Forseti hringir.) hvernig ástandið er miklu verra en látið hefur verið í ljós (Forseti hringir.) vegna þess að tölur um ríkisútgjöld — þau eru ekki heimatilbúin, þau eru opinber gögn. (Forseti hringir.)

Ég vil því spyrja ráðherra hvernig hann gerir þetta, hvernig hann hugsar þetta mál, að ætla núna að byrja á því að lækka skatta á atvinnugrein (Forseti hringir.) sem er í ör-um vexti.

[14:17]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Skatturinn sem hér um ræðir er greiddur af þeim sem koma og gista á Íslandi. Þetta er virðisaukaskattur sem leggst ofan á reikninginn fyrir það að koma og gista á Íslandi. Menn verða að halda því til haga. Sá skattur var sem sagt hækkaður af fyrri ríkisstjórn. Það hefði tekið gildi í september. Við viljum að hann verði aftur lækkaður og þannig ýtt undir með ferðaþjónustunni í landinu við að halda áfram þeim mikilvæga vexti sem vísað er til í ræðu hv. þingmanns.

Við viljum að greinin haldi áfram að fjárfesta, að hvati sé til þess að fjárfesta í innviðum þessarar greinar. Við teljum að með því að halda þessu virðisaukaskattspæpi lágu, að minnsta kosti næstu árin, séu meiri líkur til þess að það losni um fjárfestingartækifæri og fjármagn streymi inn í greinina frekar en ef virðisaukaskatturinn yrði hækkaður, það er svo einfalt.

Við teljum líka að þetta sé mikilvægt fyrir samkeppnisstöðu Íslands um ferðamenn gagnvart öðrum ríkjum, ekki verður horft fram hjá því að virðisaukaskatturinn hlýtur að vera eitt af því sem kemur þar til athugunar. En hvaða mótvægisáðgerðir er hægt að nota (Forseti hringir.) til þess að bregðast við mögulega lægri tekjum til skamms tíma? Þar er bara öll flóran (Forseti hringir.) undir.

[14:19]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ríkisútgjöldin eru og við öll á fleygi-ferð að reyna að koma þeim innviðum sem þurfa að vera í

landinu í samgöngum og öðru í lag til að bregðast við þeirri gífurlegu fjölgun ferðamanna sem hefur orðið hér á undanförnum árum. Það þarf náttúrlega að borga úr opinberum sjóðum. Gistikostnaður er um 11% af heildarkostnaði erlendra ferðamanna og ef virðisaukaskatturinn hefði farið upp í 25%, eins og hugmyndir voru einhvern tímann um, hefði kostnaðarauki fyrir erlendan ferðamann verið að jafnaði 1,7%.

Það er mjög áberandi í öllu því sem kemur frá ríkisstjórninni að lækka eigi skatta á atvinnurekstur eins og kemur hér fram. Átta menn sig ekki á því að ef skattar eru lækkaðir á atvinnurekstur þarf samt sem áður að halda uppi ríkisútgjöldunum, (Forseti hringir.) vegna þess að mér skilst að menn ætli ekki að lækka þau, og þá verða það (Forseti hringir.) einstaklingarnir í landinu sem þurfa að borga þann skatt?

[14:20]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það var svo sem ekki við öðru að búast en það kæmu fram mjög ólík sjónarmið og ólík sýn væri á það hvernig við eigum að haga skattlagningunni í landinu þegar við förum að ræða þau í þingsal.

Við erum einfaldlega þeirrar skoðunar að það hafi verið óráð hjá fyrrverandi ríkisstjórn að grípa til þess að hækka þennan skatt til að standa undir ýmsum útgjöldum sem menn vildu grípa til í aðdraganda kosninga. Við ætlum að lækka hann aftur. Það er svo einfalt.

Ef menn vilja ræða við fjármálaráðherra um það hvernig við lokum fjárlagagatun þá er það miklu stærri umræða en bara um hækkan virðisaukaskatts á gistinætur í landinu. Þá skulum við ræða um ýmis útgjaldaáform fráfarandi ríkisstjórnar sem koma til framkvæmda á næstu mánuðum jafnvel og missirum. Margt af því var ákveðið með vísun í sérstakar sértekjur sem áttu að skila sér en eru ekki að skila sér. Við ættum kannski að efna til sérstakrar umræðu í þinginu til að ræða það hvernig eigi að bregðast við vegna þess gats sem fráfarandi ríkisstjórn skildi eftir.

[14:22]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Frá því að þessi ríkisstjórn tók við hafa menn gengið ansi langt í því að halda því fram að hér sé allt miklu, miklu verra í stöðu ríkissjóðs en við var að búast og kynnt hafi verið og hér séu að koma upp á borðið endalausear nýjar upplýsingar um hver staðan raunverulega er.

Virðulegi forseti. Síðan hafa menn ekki svarað neinu um það hvað þarna er á ferðinni, hvað menn eru raunverulega að ræða um, fyrr en í gær þegar hæstv. fjármálaráðherra kom með nokkur dæmi í stefnuræðu sinni. Þar nefndi hann Íbúðalánasjóð, 13 milljarða. Ég er með fréttir fyrir hæstv. fjármálaráðherra: Það var ítarlega fjallað um þessa 13 milljarða í desember þegar fjárlagafrumvarpið var samþykkt. Engar nýjar fréttir.

Í öðru lagi nefnir ráðherrann 6 milljarða sem gætu orðið umframkeyrsla í ákveðnum stofnunum og ákveðnum fjárlagaliðum. Ég er með aðrar fréttir fyrir hæstv. ráðherra: Það

er verkefni ráðherra hverju sinni og hefur alltaf verið að gæta þess að stofnanir þeirra haldi sig við ramma fjárlaga. Þessir 6 milljarðar gætu orðið að veruleika ef þessi ríkisstjórn stendur sig ekki. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Þetta er ekki boðlegur málflutningur.

[14:23]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég saknaði þess að hv. þingmaður kæmi hingað upp og fagnaði frumvarpinu sem hún sagðist vera svo mjög sammála í aðdraganda kosninga fyrir nokkrum vikum síðan, þegar hún fór um landið og lýsti því yfir að hún mundi beita sér fyrir því að þessi virðisaukaskattur yrði lækkaður, að ákvörðun um að hækka hann í 14% yrði dregin til baka. Ég sakna þess að hún komi inn á málið sem er hér efnislega til umræðu. En það er svo sem sjálfsagt að bregðast við andsvörum við ræðu mína frá því í gær.

Þá get ég upplýst hv. þingmann um að menn telja almennt að 13 milljarðarnir sem vissulega eru í fjárlögum og ætlaðir eru Íbúðalánasjóði — að í ljósi stöðu Íbúðalánasjóðs muni þurfa að verulegu leyti, ef ekki öllu, að gjaldfæra þá greiðslu. Það mun valda því að afkoma ríkissjóðs á þessu ári verður verri, þ.e. 13 milljarðarnir muni ekki mynda eign inni í Íbúðalánasjóði heldur brenna þar upp á bálinu. Það leiði til gjaldfærslu sem gerir stöðu ríkissjóðs verri. (Gripid fram í.)

Varðandi framúrkeyrsluna er eðlilegt (Forseti hringir.) að það sé dregið fram í hvað stefnir þegar við tökum við af fráfarandi (Forseti hringir.) ríkisstjórn.

[14:24]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Að vori á hverju einasta ári er okkur greint frá því í hvað stefni ef ekkert er að gert í mögulegri framúrkeyrslu innan ýmissa fjárlagaliða ríkisins. Það er því ekkert nýtt í þessu, engar nýjar fréttir eins og hæstv. forsætisráðherra hefur gengið hér um og haldið fram út um allar koppagrundir. Ekkert nýtt. Þetta er innihaldslaust þvaður af hálfu forustumanna nýrrar ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að spyrja um þetta. Komum að málinu sem um ræðir. Hluti af hvaða áætlun í ríkisfjármálum er þetta fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar um að afnema tekjustofn upp á 1,5 milljarða á ársbasis? Menn hljóta að hafa gert einhverja áætlun og koma þar af leiðandi fram með þetta mál sem fyrsta mál. Ég bið hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra um að fara yfir það með okkur. Hluti af hvaða áætlun í ríkisfjármálum er þetta mál sem við ræðum hér?

[14:25]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta mál er hluti af þeirri áætlun okkar að senda út jákvæð skilaboð til atvinnulífsins, til þeirra greina sem draga hingað erlenda ferðamenn og skapa gjaldeyrstekjur fyrir landið. Ég get ímyndað mér að þetta sé hluti af svipaðri áætlun og hv. þingmaður hafði sjálf í huga

þegar hún mæltist til þess að þessi skattur yrði ekki hækk-  
aður, (Gripið fram í.) þessi áform um hækkun mundu ekki  
ná fram að ganga. (**KaJúl:** Hvernig ætla menn að ná heild-  
arjöfnuði?) Þetta er liður í þeirri áætlun.

Þegar spurt er hvert er heildarlangtímaplan ríkisstjórnar-  
innar í ríkisfjármálum mun það að sjálfsögðu verða lagt  
fram eins og gert er ráð fyrir í þingskapalögum samhliða  
fjárlagafrumvarpinu í haust. Ríkisstjórnin er einfaldlega ný-  
tekin við og alveg eins og fráfarandi ríkisstjórn munum við,  
samhliða fjárlagafrumvarpinu, leggja fram áætlun í ríkis-  
fjármálum til nokkurra ára þegar að því kemur.

Það eru hins vegar ýmsir eldar sem brenna nær okkur.  
Þeir eru til komnir vegna þess að alls konar tekjuforsendur  
(Forseti hringir.) fráfarandi ríkisstjórnar hafa brostið, t.d.  
um sölu eigna og arðgreiðslur (Forseti hringir.) á yfirstand-  
andi ári.

[14:27]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Okkur í Samfylkingunni liggur mikið á  
núna enda vitum við að 1,5 milljarðar árlega eru ekki tíndir  
af trjánum.

Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra um hvernig  
hann hyggist í framhaldinu meðhöndla þá skattlagningu í  
ferðaþjónustu því að hlutur ferðaþjónustu af vergri lands-  
framleiðslu hér á landi er ríflega 5% samanborið við Norð-  
urlönd, Bretland og Þýskaland þar sem hann er um 2% af  
vergri landsframleiðslu. Ef við lítum til Frakklands er hann  
4% af vergri landsframleiðslu þar þannig að ferðaþjónusta  
er gríðarlega stór atvinnugrein á Íslandi og hún er vaxandi,  
eins og ráðherra fór yfir í ræðu sinni.

Hér á landi er heildarskatthlutfall fyrirtækja í ferðaþjón-  
ustu um 25% á meðan heildarskatthlutfall í þessari atvinnu-  
grein hjá þeim þjóðum sem ég las upp áðan er 33–40%. Hér  
er ferðaþjónusta því umtalsvert stærri atvinnugrein á um-  
talsvert lægri sköttum. Ég velti því fyrir mér (Forseti hring-  
ir.) hvort það sé stefna núverandi ríkisstjórnar að skatt-  
leggja ekki berandi (Forseti hringir.) atvinnugreinar hér  
sambærilega og önnur ríki.

[14:28]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts- son) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hér er í raun og veru komið inn á  
miklu stærra mál en við erum að ræða, sem lið af þessu  
frumvarpi, þ.e. hvernig við sjáum fyrir okkur skattlagningu  
á ferðaþjónustu almennt og hvernig við viljum sjá hana  
vaxa. Mér þætti gaman að taka þátt í þeirri umræðu hvað  
við getum gert til þess að efla ferðaþjónustuna almennt.  
Kannski er það svo að ferðaþjónustan skilar einmitt hlut-  
fallslega meiru á Íslandi þrátt fyrir lægri skattþrósentu eða  
skattbyrði, eins og hv. þingmaður kom inn á, en annars  
staðar vegna þess að við ætlum okkur ekki of stóran hluta  
af tekjum ferðaþjónustunnar. Kannski er sambengi á milli  
þess að ferðaþjónustan skilar hlutfallslega meiru hér en í  
samanburðarlöndunum, sem hv. þingmaður vék að, og þess  
að sköttunum er stillt í hóf. Ættum við þá ekki bara að  
halda þeirri stefnu áfram og láta greinina vaxa inn í fram-  
tíðina?

Það sem ég sæi fyrir mér sérstaklega í ferðaþjónustunni  
er að við sköpuðum skilyrði til þess að draga hingað heim  
ferðamenn sem hver um sig skildi eftir sig meiri tekjur. Ég  
held (Forseti hringir.) að á einstökum sviðum ferðaþjónust-  
unnar, eins og í ráðstefnuhaldi, sé (Forseti hringir.) mikill  
óþægður akur enn eftir.

[14:30]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Mér finnst full ástæða til þess einmitt að  
ræða skattlagninguna á greinina í sambengi við telja frum-  
varp því að það er mjög mikilvægt fyrir þingmenn sem ætla  
að taka afstöðu til þess að vita í hvaða sambengi frumvarp-  
ið er lagt fram.

Varðandi hugmyndafræðina um það að þeim mun lægri  
skattar þeim mun meiri hagnaður fyrir samfélagið, þar  
greinir okkur á. Ég vil fá framlögð gögn þess eðlis, enda  
kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar að þeir telja hækkun  
virðisaukaskatts, sem þar var heil 25,5% sem átti að vera  
þegar hún var lögð fram, ekki munu hafa þannig áhrif á  
umfang í greininni.

Þá velti ég fyrir mér: Með fjölgun ferðamanna þarf að  
byggja upp innviði og það þarf að vernda íslenska náttúru  
sem er undir miklu álagi frá ferðamönnum. Á að byggja þá  
innviði upp með — hverju? Skatttekjum (Forseti hringir.)  
af tekjuskatti eða á greinin að (Forseti hringir.) standa undir  
sér?

[14:31]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts- son) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Í mjög stuttu máli. Skattkerfi fyrir  
ferðaþjónustuna þarf að vera sanngjarnt. Skatturinn sem við  
erum að ræða hér í dag er greiddur af þeim sem koma til  
landsins og kaupa gistináttaþjónustu. Ef hann er hækkaður  
hækkar reikningurinn til þeirra sem koma til Íslands. Þess  
vegna er þetta hluti af samkeppnisumhverfi þeirra sem veita  
þjónustuna. (**Gripið fram í:** Hver ...?) Við erum í sam-  
keppni við marga aðra valkosti þegar kemur að því að ferð-  
ast um heiminn. Viljum við í raun og veru fjölga ferða-  
mönnum sem koma til Íslands þurfum við að gæta að sam-  
keppnisumhverfinu. Við þurfum líka að spyrja okkur: Hvað  
getum við gert til þess að bæta aðstöðu ferðaþjónustuaðila á  
Íslandi þannig að fjárfestingin sem hér er vikið að komi  
fram? Hún hefur verið ófullnægjandi. Það skorti sérstaklega  
á að hún komi fram þar sem við getum laðað til landsins  
verðmætari ef svo mætti að orði komast ferðamenn, þá sem  
skilja meira eftir sig fyrir hvern dag. Ég hef þegar vikið að  
því hvar það mætti helst (Forseti hringir.) verða.

[14:32]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegur forseti. Hæstv. fjármálaráðherra lýsti í ræðu  
sinni úr þessum ræðustól í gær og aftur hér áðan að ríkis-  
sjóður væri í miklum vanda, enn meiri vanda en fráfarandi  
ríkisstjórn hefði látið uppi. Það fullyrðir hæstv. ráðherra um  
leið og hann boðar skattafslátt og skattalækkningar.

Fyrsta mál nýrrar hæstv. ríkisstjórnar er að leggja það til  
að virðisaukaskattur á hótél- og gistiþjónustu verði áfram

með sömu undanþágu og virðisaukaskattur á matvæli. Það er fyrsta forgangsmál að halda neyslusköttum, sem greiddir eru að mestu af erlendum ferðamönnum með sömu undanþágu og íslenskur almenningur fær vegna kaupa á nauðsynjavörum. Þetta leggur hæstv. fjármálaráðherra til þó að breytingin hafi augljóslega í för með sér lægri tekjur fyrir ríkissjóð sem allir vita að er í viðkvæmri stöðu og því hefur hæstv. ráðherra sjálfur lýst.

Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir tekjutapi upp á 500 milljónir í ár, eins og fram hefur komið, og síðan árlega 1.500 milljónir miðað við óbreytta fjölgun gistirýra. En eins og fram hefur komið í fréttum undanfarið er gert ráð fyrir byggingu hótela víða um land til að mæta gífurlegri fjölgun ferðamanna þannig að tekjutapið er sennilega vanmetið ef eingöngu er horft á leigu hótelhvergerja.

Virðulegi forseti. Eftir hrun efnahags og samfélags haustið 2008 var ljóst að mikill kostnaður hafði fallið á ríkissjóð og tekjustofnu hans höfðu veikt verulega. Við vorum reyndar á barni gjaldþrots og grípa þurfti til róttækra aðgerða til að forða velferðarkerfinu frá óbærilegu tjóni og ríkissjóði frá óviðráðanlegri skuldasöfnun. Ásamt breytingum á skattkerfi var bæði rekstur stjórnsýslustofnana dreginn saman og velferðarþjónustan skorin niður. Margar sársaukafullar ákvarðanir voru teknar hvað það varðaði sem kom niður á fólkinu í landinu, þeim sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda þó að hagar þeirra sem verst eru settir hafi verið varinn. Öllum steinum var velt við í þessari fordæmalaus stöðu og þar var virðisaukaskatturinn ekki undanþeginn.

Ein af stóru aðgerðunum sem gripið var til var að hækka almenna skattþrepið í 25,5%. Undanþágu vegna matvæla í lægra skattþrepi eða 7% var haldið óbreyttu og einnig var ákveðið að hlifa öllum liðum ferðaþjónustunnar við skattaþækkunum í ljósi þeirrar óvissu sem ríkti um stöðu hennar á heimsvísu eftir að kreppan hófst. Sú óvissa var framlengd með gosinu í Eyjafjallajökli árið 2010 og aftur með gosinu í Grímsvötnum árið 2011.

Nú hefur framgangur greinarinnar hins vegar sýnt að óvissan er að baki og ekki er rík ástæða til að hótelpjónusta njóti sömu undanþágu frá almennu virðisaukaskattþrepi og matvæli og nauðsynjavörur til almennings. Þegar ríkisbúskapurinn er í þeirri stöðu sem kunnug er með vanda af þeirri stærðargráðu sem hagstjórnarmistök fyrri ríkisstjórna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks komu honum í er útilokað annað en að endurmeta alla tekjustofna og útgjöld. Þegar hagar vænkast hins vegar og hægt er að gefa til baka kemur forgangsröðun stjórnvalda í ljós.

Núverandi hæstv. ríkisstjórn sýnir forgangsröðunina með skýrum hætti þegar allra fyrsta mál hennar er að draga til baka fyrirhugaða hækkun á neysluskatti sem erlendir ferðamenn greiða að mestu. Það er gert jafnvel þó að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað gríðarlega hér á landi og langt umfram bjartsýnustu spár. Það er fjölgun sem skapar mörg kostnaðarsöm vandamál sem ekki er búið að leysa. Í því ljósi mætti draga þá ályktun að stada ríkissjóðs væri afskaplega góð og þá hljóti næsta mál að vera frekari breytingar svo sem í formi aukinna framlaga til heilbrigðisstofnana, menntastofnana og til að bæta almannatryggingarnar. En svo er ekki.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur lýst slæmri stöðu ríkissjóðs og rétt skynsamlega stjórn ríkisfjármála. Samt er það allra fyrsta mál hans að afnema fyrirhugaðar hækkningar á þjónustu hótela og tryggja þeim sem hana kaupa áframhaldandi afslátt. Er það skynsamleg ráðstöfun í ríkisfjármálum eða forgangsröðun sem leiðir til bættrar stöðu almennings í landinu? Nei, það get ég ekki séð. Við erum nefnilega í þeirri stöðu að þurfa nauðsynlega á tekjunum að halda.

Hvaða heilbrigðisstofnun þarf ekki á frekari fjármunum að halda til að mæta betur þörfum sjúkra og aldraðra? Hvaða framhaldsskóli landsins þarf ekki á frekari fjármunum að halda til að mæta betur þörfum nemenda sinna og starfsfólks? Í mínum huga ætti við batnandi efnahag frekar að gefa þessum stofnunum til baka en að draga hækkun virðisaukaskatts á hótelpjónustu til baka.

Áður en tekin var endanleg ákvörðun um gerð tillögu um hækkun á virðisaukaskatti á hótelpjónustu og gistingu á sínum tíma var gerð ítarleg greining á áhrifum þess á ríkissjóð, hótelpjónustu og gistiheimili og ferðaþjónustuna í heild. Vinna í þá veru var unnin í ráðuneytum en einnig gerði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að beiðni fjármálaráðuneytisins skýrslu um áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistingu. Þá skýrslu má finna á vef stofnunarinnar og er í henni ýmis fróðleikur sem hv. þingmenn ættu að kynna sér áður en við göngum til atkvæða um þetta mál.

Útleiga hótelpjónustu og gistiherbergja og önnur gistinguþjónusta var í upphafi virðisaukaskattsferfisins undanþegin virðisaukaskatti. Þann 1. janúar 1994 var lögum um virðisaukaskatt breytt og við breytinguna bar þessi þjónusta 14% virðisaukaskatt eða sömu prósentu og taka á gildi 1. september nk.

Í desember 2006 voru lög samþykkt á Alþingi um lækkingu neðra þreps virðisaukaskatts úr 14% í 7% frá og með 1. mars 2007. Tilgangurinn var fyrst og fremst að lækka verð á matvöru en hótelpjónustan fylgdi með. Þar með var munurinn á efra og neðra þrepi mun meiri en áður eða 17,5% og svo við hækkun efra þrepsins er munurinn orðinn 18,5%. Hótelin selja þjónustu sem ber 7% virðisaukaskatt en kaupa þjónustu sem ber oftast 25,5% virðisaukaskatt og fá mismuninn endurgreiddan úr ríkissjóði. Fram að breytingunni 2007 hafði munurinn á inn- og útskatti verið jákvæður þannig að virðisaukaskatturinn skilaði tekjum í ríkissjóð, en eftir að hótelpjónustan var færð í 7% virðisaukaskatt varð munurinn neikvæður. Þannig hefur ríkissjóður greitt til hótela og gistiheimila umtalsverðar upphæðir ár hvert frá árinu 2007 og mun halda áfram að gera ef frumvarp það sem hæstv. fjármálaráðherra lætur verða sitt fyrsta verk að mæla fyrir verður að lögum.

Lækkingu á virðisaukaskattinum í 7% árið 2007 hafði aðeins lítil áhrif á verð þjónustunnar og í stuttan tíma. Hótelin héldu að mestu leyti eftir virðisaukaskattshækkuninni og má því með nokkrum sanni líta á lækkinguna sem niðurgreiðslu eða styrk til atvinnugreinarinnar, segir í skýrslu Hagfræðistofnunar.

Ekkert er athugasvert við að sprotagreinum í uppvexti sé ívilnað og er það gert með ýmsum hætti í gegnum styrkja- og skattkerfið. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt að styrkja jafn fyrirferðarmikla atvinnugrein og ferðaþjónustan er nú orðin í íslensku samfélagi. Í greiningum sem miða við

virðisaukaskatt í almennu þrepi, þ.e. 25,5% en ekki 14% eins og lögin gera ráð fyrir, sést að ferðamönnum mun halda áfram að fjölga þrátt fyrir hækkun, þó að hugsanlega gæti hægt á þeirri fjölgun, en það er hins vegar ekki víst vegna þess að erlendir mælingar sýna að hótelpjónusta sé tiltölulega lítið næm fyrir verðbreytingum. Hún er aðeins rétt rúm 10% af þeim kostnaði sem erlendir ferðamenn leggja út vegna heimsóknar sinnar til landsins.

Við mat og samanburð á áhrifum breytingar neysluskatta á samkeppnisstöðu og afkomu hótela og gistiheimila þarf að skoða fleira í rekstrarumhverfinu, svo sem skatta á fyrirtæki. Í yfirliti Hagfræðistofnunar yfir skatt á gistingu í ýmsum löndum kemur fram að tekjuskattur á fyrirtæki er undir meðallagi hér á landi og það eru skattar á arðgreiðslur líka, jafnframt heildarskatthlutfall fyrir fyrirtæki sem og heild og skatthlutfall fyrir eigendur.

Hlutdeild ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðslu er helmingi meiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og er það umhugsunarefni þegar aðbúnaður og umhverfi helstu ferðamannastaða okkar eru höfð í huga. Undanþágur og ívilnanir eru því ekki eins sjálfsgæðar hér á landi. Við stefnumótun fyrir ferðamannaiðnaðinn í heild þurfa stjórnvöld að huga að tekjum samfélagsins af greininni en ekki horfa eingöngu á fjölda ferðamanna.

Virðulegi forseti. Við mat á því hvort taka eigi fyrirhugaða hækkun til baka þarf að huga að því að samhliða fjölgun ferðamanna hefur kostnaður samfélagsins aukist sem og þörf fyrir úrbætur á fjölsóttum ferðamannastöðum, vegakerfinu og öðrum innviðum. Kostnaður sem fylgir fjölda ferðamanna við helstu náttúruþerlur er augljós og einnig aukið álag á vegakerfið. Annar kostnaður samfélagsins fylgir einnig þó að gjaldeyristekjur af ferðamönnum séu umtalsverðar. Í því sambandi má nefna að í fyrra fór þýrla Landhelgisgæslunnar í fyrsta sinn oftast til að sinna erlendum ferðamönnum en til annarra erinda. Nýlega var í fréttum fjallað um álag á björgunarsveitirnar okkar vegna erlendra ferðamanna í vanda.

Í þröngri stöðu valdi ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur að leggja til hækkun á virðisaukaskatti á hótél frekar en að skera enn niður til velferðarþjónustu eða draga úr styrkjum til nýsköpunar eða að draga úr styrkjum sem gagnast gætu t.d. við markaðssetningu vetrarferðamennsku. Sú tillaga byggði á góðum gögnum og þeirri staðreynd að greininni hefur vaxið fiskur um hrygg og ekki er nauðsynlegt að ívilna henni sérstaklega. Hækkunin hefur einnig þann ótvíráða kost að hún hefur óveruleg áhrif á kjör íslensks almennings og vísitölu neysluverðs.

Við vinnu málsins í þingnefnd verða væntanlega allar hliðar skoðaðar vel og ég vænti þess einnig að forgangsstöðun málaflokka verði vandlega metin þegar aðgerðir sem gripíð hefur verið til vegna efnahagsvandans verða afturkallaðar. Ég tel þá forgangsstöðun ranga sem hæstv. fjármálaráðherra kynnrir hér og er forgangsstöðun hæstv. ríkisstjórnar, þegar hæstv. ráðherra raðar hér fremst lækku á virðisaukaskatti á hótelpjónustu í því áferði sem sú þjónusta býr við með gríðarlegri fjölgun ferðamanna, en hefur ekki í hyggju að draga til baka niðurskurð í velferðarþjónustu eða til menntastofnana.

[14:45]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Í máli hv. þingmanns koma nokkur gamalkunn hugtök fyrir eins og til dæmis að ferðapjónustan, hótél og gististaðir starfi á einhverri sérstakri undanþágu. Það er ekki undanþága. Þetta er lögfest í virðisaukaskattinum sem gildir um þá þjónustu. Engin undanþága, heldur erum við með tvö virðisaukaskattsþrep, 25,5% og 7%. Við erum ekki að tala um 7% sem einhverja sérstaka undanþágu, það var bara hin lögfesta regla.

Hér er málið nálgast þannig að skattur sem við höfum aldrei haft tekjur af og átti að koma til framkvæmda seinna á þessu ári — ef hann verður felldur niður verðum við af 500 millj. kr. tekjum, tekjum sem við höfum aldrei haft í hendi. Engu að síður voru það áform fráfarandi ríkisstjórnar að hækka skattinn einungis upp í 14%, ekki upp í 25,5%, það átti sem sagt að búa til nýja undanþágu eins og þau hefðu væntanlega séð það sjálf í 14%. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna var ekki farið alla leið og allar tekjurnar sóttar sem menn töldu að væru innan seilingar ef þeir hefðu bara viljann og kjarkinn til þess að hækka skattinn nógu mikið?

Ég þreytist ekki á að benda á að það eru gestir sem borga skattinn. Það er ekki rétt að tala um þennan skatt sem skatt sem leggst á ferðapjónustuaðilana. Þetta er skattur sem er greiddur af þeim sem koma og gista á Íslandi. Það skiptir máli fyrir samkeppnisstöðu okkar — sem hv. þingmaður reyndar vék aðeins að og vísaði til sérstakrar skýrslu um — það skiptir máli varðandi samkeppnisstöðuna hvort skatturinn er 7% hærri eða lægri.

Góðu fréttirnar eru þessar: Gistinóttum erlendra gesta fjölgaði um 26% á fyrsta ársþriðjungi þessa árs þannig að tekjurnar af þeim skattstofni óbreyttum munu halda áfram að vaxa í samræmi við fjölda útseldra (Forseti hringir.) gistinátta. Þannig mun ríkið fá hærri tekjur (Forseti hringir.) vegna aukinna umsvifa.

[14:48]

### Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hæstv. fjármálaráðherra þegar hann bendir á að það á ekki að ræða um virðisaukaskatt sem skatt á ferðapjónustuna. Virðisaukaskatturinn er neysluskattur. Hann er greiddur af þeim sem nýta sér þjónustuna.

Langflestir þeirra sem nýta sér hótél- og gistiþjónustu á Íslandi eru erlendir ferðamenn. Þegar við horfum yfir skatta og tókum heildarskattstöðuna, heildarrekstrarumhverfið sem ferðapjónustan býr við á Íslandi, er samkeppnisstaðan góð — jafnvel þó við mundum hækka virðisaukaskattinn og jafnvel þó við færum með hann upp í almennt þrep. Það er vel. En við verðum að horfa á heildarstöðuna, heildarpakkann, þegar við metum þetta.

Hæstv. fjármálaráðherra segir að með lögum sé búið að setja hótél- og gistiþjónustu í 7% þrep og það sé enginn sérstakur afsláttur. Allar þær vörur og öll sú þjónusta sem er í 7% þrepinu er þar af sérstakri ástæðu. Ástæða var talin til að ívilna sérstaklega til að hjálpa ferðapjónustuaðilum, hótél- og gistiþjónustuaðilum, í vexti á meðan greinin var að

vaxa. Það finnst mér mjög skynsamlegt. En greinin hefur slitið barnsskónum.

Hérna eru ferðamenn svo margir að komið hafa upp stórkostleg vandamál sem við þurfum að glíma við. Þau eru mörg hver kostnaðarsöm. Þau varða mörg hver okkar fegurstu náttúruperlur. Við þurfum að taka á þeim málum. Við eigum að láta (Forseti hringir.) greinina, sem búin er að slíta barnsskónum, (Forseti hringir.) standa á eigin fótum.

[14:50]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rétt að ástæða er fyrir því að sum þjónusta er í neðra virðisaukaskattsþrepinu og sumar vörur, en það heitir ekki að starfa á undanþágu. Það heitir að starfa á grundvelli almennu lagareglunnar sem gildir fyrir viðkomandi vörur eða þjónustu. Þess vegna vil ég ekki nálgast þetta þannig að við séum að færa þetta úr einhverju undanþáguprepi þó að gerðar verði breytingar á einstökum vöru- eða þjónustuliðum í þessu tilliti.

Mér finnst hins vegar ágætt að hv. þingmaður setur hlutina í þetta sögulega sambengi, þá getum við haft það til hliðsjónar hvort sú stefna að lækka virðisaukaskattsþrepið á þessa þjónustu hafi skilað árangri eða ekki. Tölurnar bera það með sér að þetta hefur skilað árangri, að minnsta kosti að því marki sem þetta hefur liðkað fyrir og styrkt samkeppnisstöðu þeirra sem veita þjónustuna á Íslandi í dag. Ásamt með veikara gengi er alveg öruggt að þetta hefur hjálpað til. Svo er alltaf matsatriði hvort menn telja á einhverjum tímupunkti kominn tíma til að hækka skattinn á þessa þjónustu. Ég tel að sá tími sé ekki runninn upp.

Ef við ætlum að taka með í reikninginn ágang vegna aukins fjölda ferðamanna við ýmsar náttúruperlur landsins, eru margar aðrar leiðir en að hækka virðisaukaskatt til að sækja eða styrkja tekjustofn til að bregðast sérstaklega við því.

[14:52]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ástæða þess að lögin um 14% virðisaukaskatt voru samþykkt var auðvitað sú að afla tekna. En ákvörðun var tekin eftir að búið var að skoða málið ítarlega og vandlega. Hvort sem við tölum um 7% þrepið sem afslátt eða ekki afslátt, meðgjöf eða hvað, er staðreyndin sú að hundruð milljóna renna á ári hverju til hótél- og gistiþjónustu vegna þess að greinin selur þjónustu sína í 7% þrepi en verslar inn á 25,5% þrepi. Það er staðreynd.

Undanfarin 20 ár hefur vöxturinn verið stöðugur í ferðaþjónustu, gengið hefur fallið og styrkst. Breyting hefur orðið á virðisaukaskatti. Hann var enginn, svo varð hann 14% og svo 7%. Ferðamönnum fjölga jafnt og þétt allan tímann. Ef við viljum læra af sögunni er það ekki þetta sem skiptir öllu máli heldur er það náttúran sem við erum að selja sem er aðrattarafi fyrir erlenda ferðamenn. Þess vegna skulum við líka gæta okkar.

Við getum talað um heildarumgjörð ferðaþjónustunnar, hvert hún sé að stefna og hvert við viljum að hún stefni í þessu sambengi, þó að við ræðum hér um virðisaukaskattinn, vegna þess að þetta tengist. Við þurfum að staldra við

og athuga hvernig við viljum hafa hlutina, hvaða tekjum við viljum fá af þessari grein, sem er vaxandi og hefur löngu slitið barnsskónum, hvort við viljum ekki að hún verði sjálfbær og hvort við viljum ekki gæta þess meðan við náum af henni tekjum að hún gangi ekki með of miklum átroðningi að okkar helstu náttúruperlum.

[14:54]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta og yfirgripsmikla ræðu, hún var flutt af mikilli þekkingu. Hins vegar er það frumvarp og sú lagasetning sem sett var á brot á ákveðnu prinsippi, þ.e. hér var bætt inn nýju virðisaukaskattsþrepi, 14%. Við erum með 0% skatt, við erum með 7% skatt, við erum með 25,5% skatt og við erum ekki með neinn skatt t.d. af fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Þar er enginn virðisaukaskattur. Það sama á við um laxveiðileyfi og sitthvað fleira.

Það gefur mikil færi á undanskotum. Þeir sem vilja hafa rökfræðina í lagi eru á móti því að bæta við nýju skattkerfi. Þess vegna er ég á móti því. Ég var líka á móti því vegna þess að það var sett á með svo stuttum fyrirvara að menn voru búnir að selja ferðirnar sem átti að skattleggja, þeir gátu ekki varað sig.

Svo sagði hv. þingmaður að þetta væru 10% af útgjöldum ferðamanna. Einmitt. 90% annars staðar. Og hvernig skyldi það nú vera skattlagt? Flugferðirnar eru ekki skattlagðar með virðisaukaskatti og annar hluti er í 25,5% virðisaukaskatti að einhverju leyti þannig að það að ná inn ferðamönnum með því að lækka þennan skatt eykur tekjur ríkissjóðs annars staðar.

Síðan sagði hv. þingmaður að þetta hefði óveruleg áhrif á kjör launafólks. Ég er alls ekki sammála því. Ég geri ráð fyrir því að það þurfi heilmikið af fólki til að sinna þeim 100 þúsund ferðamönnum sem bætast við á ári. Ég hef reyndar ekki séð margar atvinnuauklýsingar frá ferðaþjónustunni en það þarf örugglega heilmargt fólk og það skiptir fólkið úti á landi verulegu máli hvort það koma örlítið fleiri eða færri ferðamenn.

[14:56]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni þegar hann talar um að betra sé að hafa kerfið einfaldara en flókið. Þegar tillagan kom fyrst fram var gert ráð fyrir að virðisaukaskatturinn færi bara í almennt þrep, 25,5%, og ekki yrði búið til sérstakt þrep fyrir þessa þjónustu. Í meðförum nefnda og til þess að taka tillit til þjónustunnar sjálftrar var hins vegar ákveðið að fara þessa leið, sem ég hef litið á sem millileið en er hvenær sem er tilbúin að ræða einföldun á virðisaukaskattskerfinu og hvað það gæti leitt af sér.

Í sjálfu sér mætti segja að betra væri að hafa bara engan skatt á hótél- og gistiþjónustu. Þá þyrftum við ekki að greiða muninn á inn- og útskatti. Það væri ódýrara fyrir íslenska ríkið en að hafa þjónustuna í 7% og greiða úr ríkissjóði til hennar mismun á innskatti og útskatti í hundruðum milljóna á hverju ári.

Eins og kom fram hjá mér áðan, og ef hv. þingmaður les skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans, þá sést það svo

greinilega á þeim gögnum sem þar koma fram að virðisaukaskatturinn, hvort sem hann er enginn, 14% eða 7%, hefur engin áhrif. Fjölgun ferðamanna hefur að meðaltali verið 7% síðastliðin 20 ár, enn meiri samt síðastliðin tvö ár. Það virðist sem virðisaukaskatturinn hafi ekki áhrif á fjöldann.

Ég tek undir með hv. þingmanni þegar hann segir að það skipti máli úti á landi hvort þar eru fáir eða margir ferðamenn. Auðvitað gerir það það. (Forseti hringir.)

[14:58]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Til þess að byrja nýtt kjörtímabil með jákvæðni vil ég þakka hv. þingmanni fyrir þann vísu að samstarfi sem hann bauð fram í því að einfalda virðisaukaskattkerfið. Ég held að það sé verkefni, ég held að það sé verkefni Alþingis að einfalda virðisaukaskattkerfið og gera það rökréttara þannig að minni hætta sé á undanskotum.

Þegar seld er pakkafærð með gistingu, mat, hundasleðaferð og laxveiðileyfi o.s.frv., er undir hælinn lagt hvernig fer, þetta eru mörg þrep sem þarf að leggja á. Kannski kostar maturinn akkúrat þúsundkall, gistingin mikið, hundasleðaferðin mjög mikið af því að hún er skattfrjáls o.s.frv. Hvernig ætla menn að segja að þetta séu einhver svik? Það er ekki hægt. Hver ætla að segja að maturinn eigi að kosta meira en þúsundkall?

Við verðum að einfalda skattkerfið og gera það rökréttara. Ég fagna því að hv. þm. Oddný Harðardóttir ætli að taka undir með okkur í því að einfalda kerfið. Það sem við erum að gera hér er einmitt einföldun. Við erum að kippa burt skattþrepi sem mundi fara inn í lögin í haust en mun ekki gera það ef þetta frumvarp verður ofan á.

Svo getum við rætt um hvort ferðþjónustan sé ekki í færum til að borga hæri virðisaukaskatt. Þá þurfum við að gera það með löngum fyrirvara þannig að menn séu ekki búnir að selja ferðirnar og verðum að gera það í ákveðnu samráði við greinina og fara í gegnum umsagnarferli og annað slíkt þannig að við getum unnið saman að því að láta þessa þjónustu dafna. Hún hefur vaxið mjög mikið, þökk sé tveimur eldgosum sem negldu nafn Íslands inn í huga fjölda manna sem biðu á flugvöllum úti um allan heim. Þau áhrif munu hverfa og þá skiptir skatturinn máli.

[15:01]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það sem mér finnst skipta máli í þessari umræðu er að við urðum fyrir stórkostlegu tjóni við efnahagshrunið haustið 2008. Við þurfum að grípa til stórkostlegra aðgerða, sársaukafulla í sumum tilfellum. Við þurfum að skera niður í velferðarkerfinu og við þurfum að ná okkur í tekjur í gegnum skattkerfið. Vegna óvissu var ekki farið í það að hækka virðisaukaskatt á hótél- og gistiþjónustu til að byrja með. Ferðþjónustunni í heild var líka hlíf við breytingum á skatti til að byrja með en auðvitað var horft til hennar.

Það urðu hér tvö eldgos, eins og hv. þingmaður minnti á hér áðan, og var ekki ráðlegt að fara út í skattahækkunar á meðan óvissa ríkti í kringum þau. En núna er það ljóst að við höfum enn mikla þörf fyrir auknar tekjur, við höfum

ekki tekið til baka niðurskurð á kjörum aldraðra og sjúkra eða á menntakerfinu, sem þarf nauðsynlega að gera. Þess vegna eigum við ekki að gefa eftir tekjur af grein sem er svo umfangsmikil og svo stór hluti af vergrí landsframleiðslu okkar. Það er röng forgangsróðun að byrja á því að taka það til baka.

Áður en við förum að skila skattahækkunum til baka skulum við athuga hvernig staðan er á heilbrigðisstofnunum okkar, í menntastofnunum okkar og hvernig kjör aldraðra og sjúkra eru í þessu landi.

[15:03]

**Ögmundur Jónasson (Vg):**

Hæstv. forseti. Það vantar eitthvað í þessa umræðu. Það sem ég held að á skorti sé að hæstv. fjármálaráðherra botni það sem hann byrjaði að segja áðan þegar hann vék að því að nauðsynlegt væri að endurskoða útgjaldahlíð fjárlaga í tengslum við það tekjutap sem fyrirsjáanlegt væri vegna þessa frumvarps. Við erum að tala um 535 milljónir á þessu ári og hálfan annan milljarð á næsta ári. Já, en lögin eru ekki komin til framkvæmda, sagði hæstv. fjármálaráðherra áðan. Jú, þau eru það. Þetta er lögfestur skattur sem gert er ráð fyrir í tekjuáætlunum ríkissjóðs á þessu ári og á komandi ári.

Þess vegna er þetta veruleiki sem verður að horfast í augu við. Það viðurkenndi hæstv. fjármálaráðherra þegar hann sagði að nauðsynlegt væri að endurskoða útgjaldahlíð fjárlaganna. Ég skildi hann svo. Hann verður þá að skýra mál sitt nánar hér á eftir.

Annað sem fróðlegt væri að heyra nánar frá hæstv. fjármálaráðherra, og ég mun koma að síðar í ræðu minni, snýr að því hvernig samfélagið nýtir sér arðinn af ferðamenskunni. Ég heyrði ekki betur en að hann talaði um að nú ætti að stuðla að því að við fengjum annars konar ferðamenn til Íslands en áður var, efnameira fólk sem borgaði meira inn í samfélagið. Hefur þetta verið rætt? Hefur þetta verið rætt við ferðþjónustuna? Til hvaða ráðstafana ætla ríkisstjórnin að grípa til þess að breyta samsetningu ferðamanna sem koma til Íslands? Meira af þessu síðar, en þetta eru þættir í umræðunni sem á eftir að botna.

Væri það gott fyrir mig, Ögmundur Jónasson, að greiða minni skatta en ég geri nú? Ef við skoðum málið þröngt þá er svarið afdráttarlaust já. Þá hef ég meira handa í milli, kaupmáttur minn eykst að öllu öðru óbreyttu. — Að öllu öðru óbreyttu, það er þetta samhengi sem skiptir máli.

Ég heyrði af ágætu kunningjafólki mínu sem hefur verið búsett í Bandaríkjunum en er nú á leið heim til Íslands. Ég man eftir því að þetta fólk hefur oft dásamað hve skattar séu lægri þar en gerist hér. En hvers vegna er þessi ágæta fjölskylda þá á heimleið? Ástæðan er þessi: Börnin eða unglíngarnir eru komin þar á veg í sinni skólagöngu að nú þarf að fara að greiða skólagjöld. Það sem verra er og alvarlegra er að veikindi eru komin upp í fjölskyldunni. Það þarf að greiða fyrir þau. Þetta er samhengi hlutanna. Þetta er samhengið, hvort við höfum hér trausta almannaþjónustu í menntakerfi og heilbrigðisþjónustu eða rándýrar einkalausnir.

Það er valið sem við stöndum frammi fyrir og skyldi hið sama ekki eiga við um fyrirtækin? Ég hef stundum vitnað í



könnun sem var gerð í Danmörku árið 1997 á vegum atvinnuvegaráðuneytisins þar, þar sem atvinnurekendur voru spurðir: Hvað þarf að vera fyrir hendi til þess að þinn atvinnurekstur fái þrífist? Hver skyldu svörin hafa verið? Efst á blaði voru góð barnaheimili. Síðan var talað um samgöngur, fjarskipti, heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu og löggæslu.

Muna menn sem voru í þessum sal fyrir fáeinum vikum þegar við ræddum um stöðu löggæslunnar á Íslandi? Hver var sameiginleg niðurstaða fulltrúa allra flokka um hvað þyrfti að fá mikið til löggæslunnar til þess að viðunandi væri á komandi ári? 3,4 milljarða kr. í aukningu frá því sem nú er. Helminginn af því er fjármálaráðherra núna að leggja til að við afsöllum okkur til að ívilna fyrir ferðapjónustunni, hugsanlega á kostnað löggæslunnar eða heilbrigðisþjónustunnar eða menntakerfisins. Þetta er sambengi hlutanna og við getum ekki rætt þessi mál án þess að skoða sambengið.

Hér fór fram ágæt pólitísk umræða fyrir um klukkutíma um þetta pólitíska sambengi þar sem hæstv. forsætisráðherra var spurður út í skattstefnuna. Fjármálaráðherrann, formaður Sjálfstæðisflokksins, botnaði þá umræðu í innleggi sínu áðan. Hann sagði: Það þarf ekki að koma neinum manni á óvart í þessum sal að deildar meiningar skuli vera um skattstefnu.

Það er alveg rétt. Þess vegna er ég ekki í Sjálfstæðisfloknum. Ég vil styrkja almannaþjónustuna með greiðslum minna skatta úr sameiginlegum sjóðum í stað þess að treysta á rándýrar einkalausnir. Sannast sagna, hæstv. forseti, hafði ég trúað því að Framsóknarflokkurinn hefði eitt-hvað lært eftir tólf ára samfylgd með Sjálfstæðisfloknum, þar sem hann var orðinn svo lúinn eftir þrautagönguna árið 2007 að hann þyrfti að skrúba sig í hálfan áratug áður en hann treysti sér aftur að bjóða fram undir merki síns flokks sémilega uppréttur. Þannig var það nú. Sú stefna sem hæstv. fjármálaráðherra gumar af núna og segir að eigi ekki að þurfa að koma nokkrum manni á óvart gekk út á að ívilna hinum tekjuhærrí í þjóðfélaginu á kostnað hinna tekjulægrí.

Þetta er staðreyndin, þetta er veruleikinn sem hæstv. fjármálaráðherra er að minna okkur á núna. Það er þessi hugsun sem Bandaríkjamenn kalla „trickle-down economics“ og hefur verið þýdd á íslensku sem brauðmola-hagfræði. Ívilnum hinum ríku, gefum þeim svigrúm til að baka sín miklu brauð og þá munu einhverjir molar hjóta af borðum þeirra til hinna sem minna hafa.

Þetta er pólitísk stefna og það var þessi pólitíska umræða sem hófst hér á fyrsta alvörupingdeginum í fyrirspurnum til ráðherra. Forsætisráðherra svaraði og hæstv. fjármálaráðherra hefur svarað líka og einnig í gjörðum sínum. Því stöndum við núna frammi fyrir með þessu frumvarpi sem hér er við að eiga.

Þá kemur að stóru spurningunni: Hvernig á að finna jafnvægið á milli skattlagningar annars vegar og útgjalda hins vegar? Það er pólitískt viðfangsefni okkar og við höfum reynt að feta þá braut, sú ríkisstjórn sem hér sat, á sanngjarnan hátt. Við gerum okkur grein fyrir því að hægt er að ofskattleggja, það er hægt að ofskattleggja einstaklinga og fyrirtækin líka. Það er hægt og við megum ekki ganga of langt í því efni, alls ekki. En síðan er hitt að það er líka

hægt að skera niður um of í velferðarkerfinu, gagnvart löggæslunni, í skólunum eða í annarri þjónustu. Hið pólitíska erfiða viðfangsefni okkar á liðnum missirum og árum hefur verið að reyna að finna þarna hinn sanngjarna milliveg. Þar erum við komin að viðfangsefni umræðunnar núna, skattlagning á ferðapjónustuna.

Er ferðapjónustan mjög aðþrengd? Ég held að ekki sé hægt að alhæfa um hana fremur en hægt er að alhæfa um okkur einstaklingana og fjölskyldurnar eða fyrirtækin almennt í landinu en þó er það svo að í þeirri grein hefur verið gríðarlegur vöxtur. Við erum minnt á það í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu að fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands hefur tvöfaldað frá aldamótum, frá því að vera rúmlega 300 þús. og er kominn vel á sjöunda hundrað þús.

Nú er spurningin: Hvernig ætlum við að beina hagnaðinum af þessari mikilvægu atvinnustarfsemi til samfélagsins? Þá eru tvær leiðir.

Fjármálaráðherra varð að hluta til tvísaga eins og ég heyrði áðan því að hann fagnaði því að ferðamannastraumurinn skyldi hafa aukist að þessu leyti og sagði að með áframhaldandi aukningu, eða ég skildi hann svo, mundi arðurinn skila sér inn þrátt fyrir fráfall frá virðisaukaskattshækkuninni. En viljum við það? Viljum við fá 1.200 þús. erlenda ferðamenn á ári til landsins? Erum við fær um að taka á móti slíkum fjölda? Nei, við erum það ekki. Ég held að öllum beri saman um að við erum komin að þarþolsmörkum og við þurfum að búa betur að ferðamannastöðunum, bæta aðstæður þar. Það kostar peninga.

Við eigum eftir að taka þá umræðu. Ætlum við að selja aðgang að Gullfossi? Nei. Geysi? Nei. Við ætlum að taka gjald fyrir margvíslega þjónustu, eða ég er alla vega fylgjandi því, en að hluta til þarf þetta að koma í gegnum almenna skattlagningu. Aukning ein vegur þarna ekki upp á móti og hún er ekki endilega æskileg.

Viljum við þá fara hina leiðina sem hæstv. fjármálaráðherra vék að, eða ég skildi hann svo, að breyta um samsetningu á ferðamönnum, á hópnum, að fá efnameira fólk til landsins? Ég vil fá nánari skýringar á því hvað hér er átt við áður en ég tjái mig um það en ég sé ekki fyrir mér hvernig stjórnmöld geta beinlínis haft áhrif á það.

Það sem mér fannst athyglisvert við þessa umræðu, sem kom fram í máli hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur og einnig hv. þm. Oddnýjar G. Harðardóttur, var hve lítill hluti í reynd af kostnaði erlendra ferðamanna við dvöl á Íslandi eru gistinætur, sú þjónusta sem við erum að tala um að skattleggja. Það er alla vega mat þeirra sem ég hef borið málin undir að þetta skipti ekki sköpum fyrir þá eða þessa þjónustu. Þó að þröngt skoðað eigi það við um fyrirtæki í ferðapjónustu að þau vilji hafa sem allra lægstan skatt, það er skiljanlegt og í anda þess sem ég vék að í upphafi, skipti þetta ekki sköpum þegar á heildina sé lítið. En þetta skiptir sköpum fyrir ríkissjóð, fyrir fjárþörf ríkissjóðs. Þar skiptir þetta sköpum. Þetta er sambengið sem við verðum að ræða þessi mál í.

Nú spyr ég hæstv. fjármálaráðherra: Hvar sér hann fyrir sér að við skerum niður? Hvar ætlar hann að ná í 535 milljónirnar á þessu ári og hálfan annan milljarð á komandi ári? Til löggæslunnar? Ætlar hann að hlaupa frá þeim áformum sem uppi voru um að reyna að bæta stöðu löggæslunnar?

Ég vil taka það samt skýrt fram að jafnan í þeirri umræðu vildi ég horfa til stöðu ríkissjóðs á þeim tíma þegar fram liðu stundir. Ég vil vera sanngjarn í því efni. En þegar ríkisstjórnin gengur hins vegar fram fyrir skjöldu og afsalar ríkissjóði þessum fjármunum erum við farin að ræða hlutina í því samhengi.

Hæstv. forseti. Ég tel því að hæstv. fjármálaráðherra þurfi að svara hér nokkrum spurningum. Hann hóf umræðu en hefur ekki botnað hana.

[15:18]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður kemur inn á. Við getum ekkert komið okkur undan því að leita leiða til þess að spara í ríkisrekstrinum, endurskoða útgjaldaákvæðanir og finna leiðir til að örva tekjustofnana. Hér erum við að ræða virðisaukaskattspreiði á gistináttþjónustuna, þ.e. á hótél og gistingu, og þar voru uppi áform sem hefðu skilað 500 milljónum á þessu ári. Ég skil vel að hv. þingmaður, sem er mikið búinn að fara yfir það hér hvað það eru margir þættir í okkar samfélagi sem þurfa frekari stuðning frá stjórnvöldum, skuli vera miður sín yfir því að tekjurnar kunni mögulega að lækka af þessu. Ég bið hann að vera rólegan yfir því vegna þess að fjöldi ferðamanna hefur farið vaxandi og ég tel að til langs tíma þá muni þetta skila sér mjög vel fyrir ferðaþjónustuna og þar með fyrir ríkissjóð Íslands.

Hins vegar ætti hann kannski að hafa meiri áhyggjur af því að ýmis áform fráfarandi ríkisstjórnar, til dæmis um arð af eignum á þessu ári eða eignasölu, ganga ekki eftir. Það stefnir í að það vanti um það bil 4 milljarða, 4 milljarða varðandi þann lið einan og sér og það er rúmlega talan sem hv. þingmaður talaði um að hann teldi að þyrfti að bæta í til að gera lögreglunni betur kleift að sinna störfum sínum. Það mun líka vanta um það bil 4 milljarða vegna þess að hagvöxturinn er minni en við vonuðumst til á yfirstandandi ári. Allar spár eru á eina lund um það. Það mun valda 4 milljarða tekjutapi. Ég saknaði þess að hv. þingmaður harmaði ekki þá þróun og spyrdi sig hvers vegna (Forseti hringir.) hún skyldi vera að raungerast. Svo eru það öll útgjöldin sem eru að fara fram úr því sem stefnt var að samkvæmt fjárlögum, það eru 6 milljarðar. Það er (Forseti hringir.) næstum því tvöföld talan sem hv. þingmaður vill að renni til lögreglunnar til að styrkja hana (Forseti hringir.) í störfum hennar. (Forseti hringir.) Tökum það með í reikninginn.

[15:20]

**Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Já, það er hægt að harma ýmislegt, það er hægt að fagna ýmsu og það er hægt að minnast margra hluta. Það er hægt að minnast þess þegar hallinn á ríkissjóði var 200 milljarðar. Það var þegar Sjálfstæðisflokkurinn skildi síðast við. Nú erum við að tala um hörmulega aðkomu flokksins að pyngjum ríkissjóðs og vísað í 30 milljarða halla. Við vorum að tala um upphæðir sem eru í grenndinni við 200 milljarða. Það er eins og það gleymist stundum í umræðu bæði hér í þinginu og úti í þjóðfélaginu,

og gerði það mjög ákveðið í aðdraganda kosninganna, að Íslendingar voru að ganga í gegnum efnahagshrun og okkur hefur tekist að bæta stöðu ríkisfjármála sem þessu nemur, sem ég tel vera afrek.

Það má vel vera að við höfum í sumum tilvikum gengið of langt í niðurskurði. Ég tel svo vera. Ég tel að við höfum ekki gengið of langt í skattlagningu en nú sjáum við hvernig þessar forsendur og forgangsöröðun er öll að breytast. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að ég ætti ekki að gráta þetta með tilliti til þess að ferðamönnum er að fjölga. Vill hann það? Telur hann það vera leiðina til að leiða hagnað af ferðamennsku inn í ríkissjóð að fjölga ferðamönnum? Fá milljón á ári? Er það kostnaðarlaust fyrir Ísland, íslenskt samfélag, íslenska náttúru? Er það æskilegt? Eða getur hann skýrt nánar fyrir okkur hvað hann átti við áðan þegar hann var að tala um að breyta samsetningu á þeim ferðamönnum sem (Forseti hringir.) koma hingað til lands? Hvað á hann við og hvernig ætlar hann með stjórnvaldsaðgerðum að breyta samsetningu ferðamanna? Á að (Forseti hringir.) sortera við hliðin?

[15:23]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Hv. þingmaður talaði um það í fyrra andsvari að við ætluðum að afsala okkur tekjum af ferðaþjónustunni í landinu. Það er ákveðið viðhorf sem býr að baki þeim orðum, tekjur sem við höfðum í hendi en við ætlum að afsala okkur. Við erum að falla frá áformum um að hækka virðisaukaskatt á hótél og gistinguþjónustu. Það er það sem málið snýst um. Já, ég tel að við getum enn bætt við komu ferðamanna til landsins en það er enginn ágreiningur við hv. þingmann um að það skiptir máli að gæta að sjálfbærni ferðaþjónustunnar, að það verði ekki samhliða aukinni ferðaþjónustu, sem sagt komu ferðamanna til landsins, gengið þannig um náttúruna að þjónustan verði ekki lengur sjálfbær. Það er meðal þess sem við ræðum í stjórnarsáttmálanum, að skoða mismunandi leiðir til að taka upp sérstakt gjald svo að byggja megi upp nauðsynlega aðstöðu og þjónustu á þeim stöðum sem eru hvað viðkvæmastir.

Þegar ég ræði um að æskilegt væri að fá aðeins breytta samsetningu á þeim fjölda ferðamanna sem koma til landsins þá vil ég leita leiða til þess að stjórnvöld styðji við áform um fjárfestingu í greininni sem dregur hingað heim ferðamenn í fjölbreyttari þáttum ferðaþjónustunnar. Við getum nefnt í því sambandi sérstaklega ráðstefnuhald þar sem við Íslendingar erum alveg sérstaklega vel staðsettir landfræðilega mitt á milli Evrópuríkjanna, Skandinavíu og Bandaríkjanna, við erum hér norður í höfum. Ísland er spennandi staður til að koma á. Það sem vantar (Forseti hringir.) er aðstaða til að taka á móti öllu því fólki og stjórnvöld eiga að spyrgja sig hvað þau geta gert til þess að styðja þá sem veita þjónustuna í því að byggja upp þá aðstöðu.

[15:25]

**Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála því að gleðilegt er að sjá hvernig ráðstefnuhald á Íslandi hefur verið að aukast

í seinni tíð. Við skulum ekki gleyma því að þeir sem sækja hingað ráðstefnur fara líka að skoða Gullfoss og Geysi og njóta landsins. En þar þarf að bæta aðstöðuna og til þess að svo megi verða þarf fjármagn og einhvers staðar þarf að taka þá peninga. Á að taka þá af ferðamönnum, ferðaiðnaðinum eða á að skattleggja einstaklingana og fyrirtækin í öðrum greinum beint? Þetta er það sem við erum að ræða um hér.

Hæstv. ráðherra segir að það lýsi ákveðinni afstöðu af minni hálfu að tala um afsal, að við séum að afsala okkur tekjum. Ég er hræddur um að hæstv. ráðherra þurfi að eiga orðastað við embættismenn í fjármálaráðuneytinu, alla vega þá sem sömdu þann texta sem hann hefur borið inn á borð hingað til okkar í þinginu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum er áætlað að ríkissjóður muni verða af tekjum sem nema 535 millj. kr. árið 2013 og verða tekjur ríkissjóðs þá lakari en áætlað var í fjárlögum sem því nemur.“

Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.“

Er þetta ekki einhver sérstök afstaða sem kemur þarna fram eða er þetta bara raunsæi? Er kannski verið að tala þarna um staðreyndir? Eða ætla hæstv. ráðherra að eiga sams konar orðaskipti við embættismenn í fjármálaráðuneytinu og hann hefur leyft sér að eiga við mig hér í ræðustól Alþingis?

[15:27]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Ég hef töluverðar áhyggjur af þessu frumvarpi og lýsi furðu yfir því að þetta sé fyrsta málið sem ný ríkisstjórn leggur fram á Alþingi. Mér finnst þetta lýsa miklu metnaðarleysi og mjög einkennilegri forgangsröðun. Ný ríkisstjórn lítur á það sem fyrsta verkefni sitt að hætta við hækkun á neyslusköttum á erlenda ferðamenn í ört vaxandi atvinnugrein.

Ferðaþjónustan er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein á Íslandi. Hún er vaxandi grein og fólkið sem stjórnar þeirri atvinnugrein og starfar innan hennar hefur sýnt af sér mikinn dugnað og dirfsku. Það hefur verið gríðarlega mikilvægt fyrir okkur eftir hrun að eiga atvinnugrein sem gat brugðist svo hratt við. Þetta var ekki hægt í sjávarútvegi eða áliðnaði, hinum berandi atvinnugreinum okkar. Það var ekki hægt að fara í sömu framleiðsluaukningu og hægt var í ferðaþjónustu. Þetta er mjög mikilvæg atvinnugrein og hefur sýnt mikla vaxtarmöguleika. Það sem er ekki síður ánægjulegt við ferðaþjónustuna er að hún skapar fjölbreytt störf um allt land sem er ekki síður mikilvægt í okkar dreifbýla landi því það hefur oft skort atvinnutækifæri í hinum dreifðari byggðum, ekki síst fyrir konur. Það eru konur á barneignaraldri sem skipta hvað mestu máli fyrir byggðarlög því að þegar þær fara þá hefur yfirleitt sýnt sig að það fækkar mjög í kjölfarið, þannig að ferðaþjónustan er á svo margan hátt mikilvæg fyrir Ísland.

Eins og ég fór yfir í andsvari mínu til hæstv. ráðherra

áðan þá er hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu 5%, sem er ekkert smáræði, og hún er mun stærri atvinnugrein en ferðaþjónusta annars staðar á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Þýskalandi og jafnvel Frakklandi, því mikla ferðamannalandi.

Ég fór líka yfir það í andsvari að heildarskatthlutfall á fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi er ekki nema 25,2% meðan það er í samanburðarlöndunum 33–40%. Mér er það til efs að einhver nauðsynleg þörf sé á þessum mun, af hverju við Íslendingar ættum að verða af skatttekjum sem öðrum þjóðum lætur sér ekki detta í hug að verða af. Ég veit ekki af hverju við ættum að velja það og láta svo einhverja aðra innan lands bera hærri skatta.

Nú er það svo að blómlegt atvinnulíf skiptir máli til að fólk hafi atvinnu, til að skapa verðmæti fyrir samfélagið og síðan þarf að skattleggja allt gúmmelaðið. Að sjálfsögðu á að stilla skattlagningu í hóf. Það leggur enginn á skatta barna til að leggja á skatta. Skattar eru lagðir á til að afla tekna fyrir ríkissjóð, til að greiða fyrir menntakerfið, heilbrigðiskerfið, þau kerfi sem við töluðum öll fyrir í kosningabaráttunni og enginn vogaði sér að segja að aðgangur að þeim ætti að vera háður efnahag. Allir vilja, a.m.k. í orði, að við höfum jafnt aðgengi óháð efnahag. Það kostar og það höfum við verið tilbúin að greiða. Eins eru skattar lagðir á til að fjármagna almannatryggingakerfið, löggæsluna og ýmis fleiri mikilvæg verkefni og á síðari árum eftir hrun vaxtargjöld af skuldum ríkissjóðs sem eru 90 milljarðar á yfirstandandi fjárlagaári.

Hér erum við að ræða um tekjuöflunaráform fráfarandi ríkisstjórnar eftir mjög erfiðan niðurskurð undangengin ár og aukna skattheimtu. Með þessu hefur okkur tekist að ná niður halla ríkissjóðs og í auglýsingu er að við byrjum að greiða niður skuldir ríkissjóðs til að það dragi úr vöxtunum á skuldunum þannig að við getum notað skatttekjur íslenska ríkisins til að borga fyrir velferð en ekki vexti. Þessi aðgerð var liður í því en hún var líka eðlilegur liður í því að byggja upp heilbrigða atvinnustarfsemi á Íslandi. Við viljum ekki byggja upp atvinnuvegi sem þurfa sérmeðferð svo að þeir geti verið til. Við viljum byggja upp atvinnuvegi sem eru samkeppnishæfir og raunverulega verðmætastapandi og skila ágóða fyrir íslenskt samfélag.

Við erum að tala um árlegar skatttekjur upp á 1.500 milljónir. Þetta er auðvitað lítið brot af skatttekjum ríkissjóðs en allt þetta telur. Bara til að gefa dæmi, af því að það er oft gott að setja hlutina í samhengi, þá notum við tæplega 1.500 milljarða til að reka Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði, grundvallarþjónusta fyrir það dreifbýla byggðarlag þar sem er yfirleitt ekki hægt að segja að íbúar búi við offramboð á þjónustu. Þetta er fyrir grundvallarþjónustu til að halda byggð á þessu mikilvæga svæði. Við skulum alltaf muna það þegar við tölum um fjárhæðir því að það er svo auðvelt að gleyma því af því að við tölum oft um svo háar fjárhæðir að allt þetta skiptir máli.

Mig langaði að segja varðandi samkeppnisstöðu Íslands að ég er hérna með skýrslu frá Hagfræðistofnun. Hún heitir *Áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistipjónustu* og er frá september 2012. Sá anmarki er á þessari skýrslu að hún var gerð með það fyrir augum að hækka virðisauka-

skattinn upp í 25,5% eins og áætlanir voru um en hætt var við það og farið niður í 14%. Þar er samt ýmislegt sem er nýtilegt í þessari umræðu. Fram kemur í skýrslunni að samkeppnisstaða Íslands er í ellefta sæti á heimsvísu en áttunda sæti í Evrópu. Það eru þrír undirflokkar í þeirri vísitölu sem metur þetta sem eru lagalegt umhverfi, viðskiptaumhverfi og svo í þriðja flokknum er mannaður, menningarlegur auður og náttúruauðlindir.

Til þess að viðhalda samkeppnishæfni er mannaður, menningarlegur auður og náttúruauðlindir gríðarlega mikilvægur þáttur. Það segir sig sjálft að þegar greinin vex eins og hér hefur komið fram um 18,9% á milli árunna 2011 og 2012 þá þarf að halda vel á spöðunum til að byggja upp innviði svo að landið beri alla þessa ferðamennsku. Eins og hv. þm. Ógmundur Jónasson kom inn á þá þurfum við að fara að ræða það af fullri alvöru — greinin er komin langt á undan stjórnmalámönnum — með hvaða hætti við ætlum að láta þessa grein þróast. Ætlum við að reyna að stemma stígu við of mikilli fjölgun en reyna að fá meiri verðmæti út úr þeim sem hingað koma samhliða auknu framboði af menningar- og náttúrutengdri ferðamennsku með uppbyggingu nýrra svæða, menningarstarfs eða safna og slíks um land allt, sem er auðvitað í miklum blóma? Þegar ferðamönnum fjölgar svona mikið þarf að laga starfsemina að því.

Fram kemur í þessari skýrslu að flestir ferðamenn sem sækja Ísland heim eru með meðaltekjur eða hærri og að sala á dýrari ferðum hefur undanfarin ár aukist í sölu til jafns við þær ódýrari. Landsbankinn dregur þá ályktun að meðalferðamaðurinn sem kemur til Íslands sé ekkert að spara sérstaklega við sig. Þarna eru auðvitað mikil sóknarfæri fyrir okkur.

Ég held að það sé líka rétt að taka fram að fyrrverandi ráðherra iðnaðar og þar með ferðamála, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, lagði mikið upp úr því að efla ferðaþjónustu í samráði við greinina þegar hún var ráðherra, m.a. með áttakinu *Inspired by Iceland* þegar fólk óttaðist að draga mundi úr komu ferðamanna hingað vegna eldgosa en ekki síður með áttakinu *Ísland allt árið* til að dreifa ferðamönnum yfir lengra tímabil yfir árið til að nýta betur fjárfestingar í greininni, það er ekki síður mikilvægt. Til þess að fara í slíka uppbyggingu innan greinarinnar þarf fjármuni. Það þarf fjármuni frá hinu opinbera. Fyrirtækin koma að þessu að ýmsu leyti en varðandi náttúruauðlindir og ýmislegt af menningartengdri ferðaþjónustu þurfa opinberir fjármunir að koma til. Þá þarf skatttekjur til að fjármagna það. Ekki síst eru sveitarfélögin fjársvelt, sveitarfélög sem taka á móti gríðarlegum fjölda ferðamanna en fá engar tekjur í sinn vasa til að byggja upp aðstöðu til að koma í veg fyrir að ómetanleg verðmæti séu eyðilögð vegna fjölda heimsókna. Til lengri tíma litíð er það gríðarleg soun og því skiptir máli að við höfum tekjur til að byggja upp þessar auðlindir.

Ég vil þá segja, af því að hér var ákveðið að lækka virðisaukaskatt á matvæli niður í 7% og á sama tíma náðist þessi lækkun til gistihúsa, að fram kemur í áður nefndri skýrslu Hagfræðistofnunar að þegar þeir greina þróun á verði gistingar bendir flest til þess að mestur hluti þeirrar lækkunar, sem sagt úr 24,5 niður í 7%, þetta er gríðarleg lækkun á virðisaukaskatti, hafi fallið gistihúsum í skaut en

verð á gistingu hafi lítt lækkað. Þegar talað er um að skattahækkunar og skattalækkunar hafi þeim áhrif á framboð og eftirspurn þá er jafnan flóknari en svo. Þarna hefur greinin augljóslega ekki skilað því til ferðamanna enda má spyrja sig hvort nokkur þörf hafi verið fyrir það því að þeim fjölgandi, en það var ekki út af því að verðið væri að lækka heldur af því að fjölgun var í straumi ferðamanna hingað.

Ég held að við þurfum líka að muna af hverju verð lækkaði á gistiþjónustu, þ.e. virðisaukaskatturinn árið 2006. Það kom ekki til af sjálfu sér. Það kom til út af því að gengi íslensku krónunnar var svo sterkt að það hamlaði samkeppni í útflutningsgreinum og ferðaþjónusta er jú mikilvæg útflutningsgrein. Þetta sterka gengi hafði þau áhrif. Þetta var liður í því að auka samkeppnishæfnina en gisti- húsaeigendur hafa augljóslega metið það svo að þrátt fyrir þetta sterka gengi þyrftu þeir ekki að lækka verð á gistiþjónustu sem nam lækkuninni af skattinum því að þeir vissu að eftirspurnin eftir því að ferðast á Íslandi var svo mikil að fólk var tilbúið að borga vel fyrir þjónustuna. Þess vegna er ég ósátt við þetta frumvarp. Við erum að fórna mikilvægum tekjum fyrir ríkissjóð og það eru engin sérstök rök fyrir því. Greinin mun ekkert líða fyrir þetta. Þetta er neysluskattur á þá ferðamenn sem hingað sækja. Þetta er neysluskattur sem mun verða liður í því að byggja upp innviði til að ferðaþjónusta á Íslandi verði ekki bölvaldur fyrir íslenska náttúru. Við skulum muna að hættamerki eru víða. Við höfum víða gengið of langt og þurfum að hafa varann á okkur.

[15:42]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, og er þetta þingmál nr. 1 á því þingi sem er nýhafið.

Virðulegur forseti. Ég sakna þess að hæstv. fjármálaráðherra sé ekki í þingsalnum í þessari umræðu og raunar sakna ég þess líka að hæstv. ráðherra ferðaþjónustu, sem ég hygg að sé hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, skuli ekki vera viðstaddur umræðuna vegna þess að hún snýst ekki bara um skattamálefni einangrað heldur um rekstrarumhverfi þeirrar atvinnugreinar sem hér er undir.

Ég vek líka athygli á því að ríkisstjórnin hefur sinn feril með því að hafa þetta þingmál fyrsta mál sem hún leggur fram á þessu þingi, mál nr. 1 og fyrsta mál á dagskrá. Menn gætu velt því fyrir sér hvað er þá orðið um öll stóru orðin fyrir kosningar um forgangsmálin á því kjörtímabili sem nú er nýhafið þegar þetta er fyrsta málið sem er á dagskrá. En látum það liggja milli hluta.

Ég tel að mikilvægt sé að málið sé rætt í heildarsamhengi hlutanna og í því efni vil ég leyfa mér að taka undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Ógmundar Jónassonar fyrir í þessari umræðu þar sem hann gerði að umtalsefni tilgang skattheimtunnar almenn og mikilvægi hennar til að byggja undir grunnstoðir í okkar samfélagi, velferðarþjónustuna, heilbrigðiskerfið, skólana o.s.frv. Það er nefnilega þannig að enda þótt þær fjárhæðir sem um er að ræða í þessu frumvarpi sem ríkissjóður verður af, verði frumvarp-

ið að lögum, séu kannski ekki ýkja stórar í samhenginu heildartekjur ríkissjóðs munar um þær engu að síður, safnað þegar saman kemur. Mikilvægt er að við horfum á það í samhengi við stöðu ríkisfjármála.

Það vekur athygli að hæstv. fjármálaráðherra hefur í máli sínu hér og í svörum við andsvörum haft uppi orð um að stjórnarandstaðan hafi verið með kröfur um mótvægisráðstafanir í þessu máli en það sé ekki sérstök þörf á því vegna þess að þetta sé lítið brot af tekjum ríkissjóðs og því verði mætt í ríkisfjármálaáætlun sem verði lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpi í haust. Engu að síður er það svo að í þingskjalinu sjálfu, í fylgiskjali frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, skrifstofu opinberra fjármála, er sérstaklega kallað eftir sérstökum mótvægisráðstöfunum vegna þessa þingmáls, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar víðeigandi ráðstafanir til mótvægis.“

Ég tel mikilvægt að halda því til haga að það hefði þá verið eðlilegt í framhaldi af því sem ráðuneytið sjálft setur frá sér í tilefni af þessu frumvarpi að kynnt væri með hvaða hætti tekjuskreðingu ríkissjóðs væri mætt, annaðhvort með öðrum tekjum eða með niðurskurði.

Ég vil leyfa mér í þessari umræðu að vitna nokkuð í skýrslu Hagfræðistofnunar háskólans frá september 2012 um áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu og hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur þegar vakið máls á. Rétt er að ítreka að þegar sú skýrsla var unnin var miðað við þau áform sem þá voru uppi um að hækka virðisaukaskattinn úr 7% í 25,5%. Niðurstaða Alþingis varð eins og kunnugt er að hækka hann í 14% þannig að það verður að taka þær tölulegu upplýsingar sem koma fram hér með hliðsjón af þeirri staðreynd.

Sérstaklega vekur það athygli mína sem kemur fram í niðurstöðum þeirrar skýrslu á bls. 5. Þar segir, með leyfi forseta:

„Virðisaukaskattur á gistingu lækkaði úr 14% í 7% í mars 2007. Greining á þróun verðs á gistingu bendir til þess að mestur hluti þeirrar lækkunar hafi fallið gistiúhúsum í skaut, en verð á gistingu lítt lækkað. Því má líta á lækkunina sem niðurgreiðslur eða styrk til atvinnugreinarinnar.“

Þetta þýðir að ferðaþjónustan hefur í raun verið að selja gistinguna allt frá þessum tíma eins og hún bæri 14% virðisaukaskatt. Þær fjárhæðir sem munurinn á 7% og 14% virðisaukaskatti hefðu skilað og hefðu í raun átt að leiða til lækkunar á verði til kaupandans, kaupanda gistingarinnar, rann til atvinnugreinarinnar sjálfrar. Því má gagnálykta og spyrja hvort hækkun á virðisaukaskattinum nú, eins og áformað hefur verið, úr 7% í 14% hefði þurft að hafa í för með sér hækkun á verði til ferðamanna úr því að ferðaþjónustan hefur verið að reka sig allan þennan tíma í raun með tekjur eins og skatturinn væri 14% eða verðlagningu eins og skatturinn væri 14%.

Ég dreg það stórlega í efa að áhrifin þar af leiðandi af þeim áformum sem eru í gildi í dag, að óbreyttum lögum um 14% skatt í haust — ég dreg það stórlega í efa að afleiðingar þess verði hækkun á gistingu. Að minnsta kosti

bendir skýrslan ótvírátt til þess að nú þegar sé það svigrúm til staðar hjá atvinnugreininni til að taka við þessum hækkaða skatti. Þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort ávinningurinn af þessari fyrirhuguðu lagabreytingu sé ekki býsna lítill, hvort menn séu ekki að gefa eftir hér mikilvægar skatttekjur í ríkissjóð upp á 1,5 milljarða á ársgrundvelli fyrir lítinn ávinning.

Það kemur líka fram í skýrslunni á öðrum stað — og þar reyna skýrsluhöfundar að meta hvaða áhrif það hefur á fjölda gistinátta að teknu tilliti til og út frá hagfræðimódelum um verðteygni og tekjuteygni í þessum geira — að gert er ráð fyrir því að komum og gistinóttum erlendra ferðamanna muni fækka um 0,6–1,1% á ársgrundvelli ef skatturinn á gistinguna verður hækkaður, eins og var gert ráð fyrir í forsendum skýrslunnar, úr 7% í 25,5%. Að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að áformin voru þá ekki um að hækka nema í 14% en ekki í 25,5% ættu áhrifin að verða þeim mun minni, þ.e. kannski um 0,5% í fjölda erlendra ferðamanna.

Herra forseti. Þess vegna segi ég það hlikaust að ég tel að hér séu menn að fórna mjög miklum hagsmunum ríkissjóðs fyrir lítinn ávinning fyrir greinina í heild. Þetta tel ég að sé mikilvægt innlegg í þessa umræðu og hv. þingnefnd, sem væntanlega verður efnahags- og viðskiptanefnd, hljóti að taka til sérstakrar skoðunar í tengslum við umfjöllun hennar um málið. Ég mundi leggja áherslu á það að nefndin kynnti sér skýrsluna frá Hagfræðistofnun frá því í september 2012.

Ég vil líka koma inn á atriði sem ýmsir fleiri hafa vakið máls á í þessari umræðu og það lýtur auðvitað að skipulagi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar almennt og hvaða framtíðarsýn við höfum í tengslum við hana. Hér hafa verið raktar upplýsingar um fjölgun ferðamanna undanfarin ár. Það kemur meðal annars fram í greinargerð með þessu frumvarpi og kemur fram í umræddri skýrslu og nokkrir hv. þingmenn hafa vakið máls á því að vöxtur þessarar greinar hafi verið mikill, aukning á hingaðkomum erlendra ferðamanna hafi verið mikil undanfarinn einn og hálfan áratug í raun. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvað við getum tekið á móti mörgum ferðamönnum, hvað við höfum innviði til þess að taka við mörgum ferðamönnum á hvert og hvort aukningin getur verið takmarkalaus hvað þetta snertir.

Ég held að það sé mikilvægt varðandi ferðaþjónustuna eins og aðrar atvinnugreinar að við horfum af ábyrgð á auðlindanýtinguna vegna þess að að sjálfsögðu erum við að nýta auðlind. Íslensk náttúra og íslensk menning, sem eru mikilvægar stöðir í ferðaþjónustunni, eru auðvitað auðlindir sem við þurfum að nýta með höfsumum hætti. Það hefur mikið verið kallað eftir því að bætt sé úr aðbúnaði á fjölförnum ferðamannastöðum og náttúruperlum vítt og breitt um landið. Ég held að þingheimur geti allur verið sammála um það að mikið er óunnið. Enda þótt við höfum staðið ágætlega að verki mörg undanfarin ár hvað það snertir er enn mikið óunnið í því efni að bæta aðstæður á ferðamannastöðum til þess að þeir séu í stakk búin til að taka við fleiri ferðamönnum.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni hér að eitt af því sem ríkisstjórnin hygðist gera á næstunni væri að endurskoða og jafnvel taka úr sambandi fjárfestingaráætlun fyrir ríkisstjórnar. Í þeirri fjárfestingaráætlun voru, ef ég

man rétt, um 750 millj. kr. til uppbyggingar ferðamanna- staða. Það eru ekki litlir fjármunir sem hefðu farið í upp- byggingu á fjölförnum ferðamannastöðum og náttúruperl- um um allt land. Ég hlýt að velta því upp að fari þeir fjár- munir út úr þessu dæmi, ef ríkisstjórnin ætlar sem sagt að taka fjárfestingaráætlunina og leggja hana til hliðar eða af- nema hana, höfum við heldur ekki þá fjármuni til uppbyg- gingar í ferðaþjónustu. Þá verða okkar fjölförnu ferðamanna- staðir verr undir það búinir að taka við enn auknum fjölda ferðamanna, það segir sig sjálf. Það er þetta samhengi hlut- anna sem mér finnst að við verðum að ræða málið í.

Það er auðvitað mjög einfalt að koma og segja: Við ætl- um að lækka skatta og einfalda skattkerfið og þess vegna viljum við ekki þennan 14% virðisaukaskatt á gistingu og fara með hann niður í 7% og þetta eru litlar upphæðir í samhengi við heildartekjur ríkissjóðs, það er einfalt að segja það. Samhengið er engu að síður stærra, það er stærra í samhengi við tekjuöflun ríkissjóðs almennt og hvernig við stöndum undir okkar samfélagsþjónustu og það er stærra að því er varðar skipulag ferðaþjónustunnar sérstaklega og auðlindanýtinguna þar og uppbyggingu á fjölförnum ferða- mannastöðum.

Mér finnst því þýðingarmikið að við ræðum þetta mál einnig út frá þeim þáttum. Það er alveg bersýnilegt og hlýtur að vera hverjum manni ljóst, eins og kemur fram í þessu þingmáli og í framsöguræðu hæstv. ráðherra, að tilgangur- inn sé að bæta samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar þannig að hingað komi fleiri erlendir ferðamenn sem væntanlega mundu skilja eftir sig eitthvað meiri tekjur í íslensku samfé- lagi. En um leið er verið að segja að það eigi að kippa burt mikilvægum fjármunum til uppbyggingar ferðamannastaða til að taka við þeim aukna fjölda ferðamanna. Sú röksemda- færsla finnst mér ekki ganga alveg upp, mér finnst hún fara í hring. Ég tel þess vegna að bæði í umræðunni um þetta mál hér og eins í vinnu hv. efnahags- og viðskiptanefndar verði að taka það samhengi til skoðunar. Ég er ekki sann- færður um, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, virðulegur forseti, að þessi vegferð sé til góðs þegar á heildina er litið. Ég óttast að hér sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni og þess vegna er ég ekki mjög hrifinn af frumvarp- inu. Enda þótt auðvelt sé, (Forseti hringir.) eins og ég sagði áðan, að segja að ákjósanlegt sé að lækka skatta, til skamms tíma litið eða í mjög þröngum skilningi hugsanlega já, en í heildarsamhenginu virðist mér það (Forseti hringir.) ekki vera í þessu máli.

[15:58]

**Valgerður Gunnarsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Míg langar aðeins til að bregðast við því sem hér hefur komið fram. Ég vil byrja á að minna á það að nýting gististaða á landsbyggðinni er einungis um 30% á ársgrundvelli. Hún er um 60–70% í Reykjavík og það hlýtur að skekkja myndina töluvert fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni.

Þá vil ég líka koma inn á það að ferðaþjónustan gefur út verðskrár með eins til tveggja ára fyrirvara. Eitt af því sem menn gerðu athugasemdir við í vetur þegar stóð til að hækka virðisaukaskatt á gistipjónustu var að ferðaþjónustan og gistihúsaeygndur taka á sig slíka hækkun, það veltur

ekki yfir á ferðamanninn, þannig að það rýrir þá tekjur gistihúsaeygnda.

Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir talaði um að ferðaþjónustan væri um 5% af atvinnusköpun hér á landi og það er vissulega hátt. En þegar við horfum til þess er helm- ingur af þeirri prósentutölu flugið til landsins. Þessi tala er því kannski ekki alveg rétt miðað við það sem við erum að tala um.

[16:00]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Nú get ég í sjálfu sér ekki svarað fyrir það sem kom fram í máli hv. þm. Sigríðar Ingibjargar Ingadótt- ur en varðandi nýtingu gistingar á landsbyggðinni er rétt að það hefur komið fram að nýtingin á gistirýminu er mun lak- ari víða á landsbyggðinni, sérstaklega í dreifðari byggðum, en á höfuðborgarsvæðinu. Það hlýtur að þýða að mikilvægt sé fyrir okkur að bæta aðbúnað á ferðamannastöðum vítt og breitt um landið þannig að þeir verði enn ákjósanlegri án- ingar- og áfangastaðir fyrir ferðamenn. Þess vegna er mjög mikilvægt að við getum byggt upp í greininni eins og fjár- festingaráætlun fyrri ríkisstjórnar gerði ráð fyrir með um- talsverðum fjármunum í því efni. Ég tel að slík uppbygging mundi til lengri tíma litið óhjákvæmilega og óneitanlega leiða til þess að nýtingin á gistingunni mundi enn fremur batna á glististöðum í námunda við þessar mikilvægu nátt- úruperlur okkar og ferðamannastaði.

Ég tel að horfa þurfi á þetta í þessu samhengi og miðað við þær forsendur sem komu fram í skýrslunni frá 2012, um að lækkunin á virðisaukaskatti 2007 úr 14% í 7% hefði ekki þýtt lækkun á gistiverði, fæ ég ekki séð að þessi aðgerð núna muni hafa nein úrslitaáhrif um að auka þessa nýtingu í gistingunni sem hv. þm. Valgerður Gunnarsdóttir vakti máls á.

[16:02]

**Valgerður Gunnarsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein á landsbyggðinni og hún skiptir gríð- arlega miklu máli fyrir byggðir úti um allt land. Við sem stöndum með fjármálaráðherra að þessari tillögu teljum að til lengri tíma litið muni þessi lækkun á virðisaukaskatti hafa jákvæð áhrif og auka tekjur og auka straum ferða- manna út um landið.

Ég hef ekki lesið þær skýrslur sem vitnað hefur verið til en ég vil samt segja að mér finnst gæta ákveðins viðhorfs til ferðaþjónustunnar í máli ræðumanna. Það birtist í því að menn halda því fram að sú hækkun á virðisaukaskatti sem sett var á hafi ekki skilað sér í ríkissjóð og lækkunin orðið eftir hjá gistihúsaeygndum. Ég tel rétt að athuga hvort það er rétt.

[16:03]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður átti við þegar hún talaði um að ákveðins viðhorfs gætti í garð ferða- þjónustunnar sem atvinnugreinar. Ég er alla vega mikill áhugamaður um ferðaþjónustu, átti fyrir margt löngu sæti í Ferðamálaráði, var varaformaður þess um nokkurt skeið og

tók þátt í uppbyggingu og stefnumótun í ferðamálum og ferðaþjónustu á þeim tíma. Ég tel eins og hv. þingmaður, hygg ég, mikilvægt að efla ferðaþjónustuna. Hún er þegar orðin mjög mikilvæg atvinnugrein í samfélagi okkar og gjaldeyrissskapandi þannig að ég held að ekki þurfi að verða ágreiningur um það.

Ég vil taka undir orð sem fallið hafa í þessari umræðu að ferðaþjónustan er fullvaxta atvinnugrein í íslensku efnahags- og atvinnulífi í dag og hún getur að sjálfsgöðu tekið þátt í að byggja undir stöðir samfélags okkar með því að skila í sameiginlegan sjóð okkar landsmanna eins og aðrar atvinnugreinar; hún á að mínu viti ekki að þurfa sérstaka meðhöndlun hvað það snertir. En auðvitað geta menn alltaf rætt um það af því að það er staðreynd að ýmsar undirgreinar í ferðaþjónustu búa við mismunandi skattlagningu í dag og auðvitað mætti velta því fyrir sér hvort þar þyrfti að verða meiri samræming og einhver stefnumótun hvað það snertir. Ég ætla ekki að útiloka að það gæti orðið viðfangs-efni á næstunni. Eftir sem áður finnst mér ferðaþjónustan, sem einn af burðarásunum í efnahags- og atvinnulífi okkar, vel vera fær til að skila inn í okkar sameiginlega sjóð sínum skerf líkt og aðrar atvinnugreinar gera.

Ég bendi enn á ný á þessa skýrslu. Þar hefur verið gerð greining á þróun verðs í gistingu fyrir og eftir breytinguna sem varð á virðisaukaskattinum 2007. Hún bendir til þess að lækkin þá, úr 14% í 7%, hafi ekki skilað sér (Forseti hringir.) í verði til ferðamanna heldur orðið eftir í greininni. Það finnst mér að nefndin verði alla vega að skoða betur.

[16:06]

### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það hefur margt áhugavert komið fram í umræðum um þetta mál. Mig langar kannski að tæpa á tvennu sem þó hefur verið nefnt í máli nokkurra þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað.

Í fyrsta lagi er það staða ferðaþjónustunnar almennt. Sú spurning sem við hljótum að spyrja okkur þegar við gerum tekjuáætlánir okkar og saumum saman fjárlög fyrir hvert ár er hvaða atvinnugreinar eru í raun og veru aflögufærar inn í þann samfélagsbúskap sem við reukum hér á landi.

Þá er áhugavert að skoða þá ágætu skýrslu sem var lögð fram á síðasta þingi þar sem gerð er grein fyrir stöðu ferðaþjónustunnar og farið yfir ýmsar lykiltölur og þau verkefni og viðfangsefni sem eru fram undan innan ferðaþjónustunnar. Af því að hv. þm. Valgerður Gunnarsdóttir var að ræða á hverju hlutfall ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu byggði þá kemur það fram í ferðaþjónustureikningum Hagstofnunar, og væntanlega auðvelt að fletta því upp þar, að hlutfall ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu var orðin tæp 6% árið 2009 og jókst mjög mikið á milli árunna 2008 og 2009, og hlutfall ferðaþjónustu innan lands í heildarútflutningstekjum hefur verið u.þ.b. 14% frá árinu 2008. Þegar umsvifum íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja utan Íslands er bætt við hækkar hlutfall ferðaþjónustunnar í rúm 19% af útfluttri vöru og þjónustu á sama tímabili. Það eru 180 milljarðar, svo að við setjum þessar tölur í eitthvert samhengi.

Það er líka áhugavert að skoða þá aukningu sem hefur orðið í störfum innan ferðaþjónustunnar. Samkvæmt sömu

ferðaþjónustureikningum Hagstofnunar voru 8.500 störf í ferðaþjónustu árið 2009, það eru 5,2% af heildarstarfajölda á landinu, svo að við setjum það líka í samhengi. Nýrri tölur frá Hagstofnunni sýna, þó að ekki sé búið að taka saman sérstaka reikninga, að þessum störfum hefur fjölgað enn meira. Það kom til að mynda fram í þingumræðum í fyrra að beinum störfum í ferðaþjónustu fjölgaði um 6,1% á árinu 2011 eða í rúmlega 12.300 manns. Á sama tíma og vinnumarkaðurinn stendur í stað almennt sjáum við þessa miklu fjölgun í ferðaþjónustunni.

Það er auðvitað hægt að ræða ástæður þessa og hagstætt gengi kemur þar svo sannarlega inn sem áhrifaþáttur en við getum líka horft til þess hvaða aðrir þættir hafa þar áhrif. Einhverjir hv. þingmenn hafa nefnt eldgos en við megum heldur ekki gleyma því að hér hefur verið unnið mjög skipulagt og markvisst starf í þágu ferðaþjónustunnar, m.a. í því að lengja ferðamannatímamann og skapa forsendur fyrir heilsársferðaþjónustu. Þar nefni ég auðvitað *Inspired by Iceland* átakið, sem var ráðist í í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli, og síðan verkefnið *Ísland allt árið* sem er unnið í samvinnu fjölmargra aðila innan greinarinnar og snýst um að stjórnvöld og geirinn taki höndum saman til þess að lengja ferðamannatímabilið og fjölga störfum. Árangurinn hefur svo sannarlega ekki látið á sér standa og til marks um það er sú mikla fjölgun í bókunum sem við sjáum yfir haust- og vetrarmánuði bæði í ár og í fyrra.

Þetta eru því tölur sem er vert að skoða. Við getum líka séð að ferðamennska og aðrir flutningar skiluðu 15,2 milljörðum kr. meira af gjaldeyrisinnflæði á fyrstu þremur ársfjórðungum 2012 en á sama tímabili í fyrra. Við eigum eftir að sjá tölurnar í ár en það er engin ástæða til að ætla annað en að þessi velgengi haldi áfram. Ef við skoðum heildarferðaneysluna innan lands á árinu 2009 var hún tæpir 184 milljarðar kr. Útgjöld erlendra ferðamanna voru 111 milljarðar kr. eða 60,6% af ferðaneyslu innan lands.

Þetta eru allt góð merki og góð teikn fyrir atvinnugreininna og við erum ánægð með það því að við viljum veg hennar sem mestan. Við sem viljum standa fyrir fjölbreyttri atvinnustefnu og fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu vitum hversu mikil tækifæri leynast bæði í hinum beinu störfum sem tengjast ferðaþjónustunni og ekki síður í hinum afleiddu störfum, sem snúast m.a. um það að skapa vörur og þjónustu fyrir þann markhóp ferðamanna sem hingað kemur.

Það eru verkefni og þetta kemur ekki af sjálfu sér. Það þýðir ekki að láta þróunina eingöngu gerast af sjálfu sér, til að mynda skiptir miklu máli hvernig við höldum á þróun samgangna. Þar má nefna þróun flugsamgangna og líka annarra samgangna, það þarf að huga að því.

Margir hv. þingmenn hafa nefnt hvernig við ætlum að stuðla að uppbyggingu ferðamannastaða, hvernig við ætlum að fjölga áfangastöðum fyrir ferðamenn innan lands. Til þess þarf að hlúa að þeim stöðum sem eru vinsælastir núna og þar nægir bara að skoða þær skýrslur sem hafa verið gerðar um ástand vinsælla áfangastaða á borð við Gullfoss, á borð við Geysi, Þingvelli og ég gæti haldið lengi áfram, staði sem eru sóttir af hundruðum þúsunda ferðamanna. Það skiptir að sjálfsgöðu máli að stjórnvöld hugi að og leggi fjármuni í að tryggja að hægt sé að gera þá sem best

úr garði. En það skiptir líka máli að fjölga áfangastöðum, skapa fleiri segla til að laða að ferðamenn og dreifa þannig álaginu eftir fremsta megni.

Ég verð líka að nefna að það skiptir máli að við séum ekki eingöngu að reiða okkur á náttúruna þegar kemur að ferðaþjónustu. Þar skiptir menningin máli og við sjáum líka mikla fjölgun þar. Við sjáum alla þá gesti sem hingað streyma til að sækja hátíðir á borð við Iceland Airwaves, svo að ég nefni eitt lítið dæmi.

Þessi teikn eru því góð og þá er ekki nema eðlilegt að við veltum fyrir okkur ákveðinni spurningu þegar við vitum öll hvernig staða ríkisfjármála hefur verið á undanföllum árum; strembin. Í raun og veru get ég sagt að allir þeir hv. þingmenn sem sátu hér í þessum sal á síðasta kjörtímabili fóru í gegnum hvern lið útgjalda og alla möguleika sem í boði voru til tekjuöflunar. Þá skiptir auðvitað máli og er ekki nema eðlilegt að við spyrjum þeirra spurningar: Hvernær er atvinnugrein aflögufær til samfélagsins?

Það var mat þeirra sem samþykktu þessa tillögu á sínum tíma inn í fjárlög síðasta árs, sem miðuðu við þessa hækkun á virðisaukaskatti, að allt benti til þess að ferðaþjónustan, í ljósi stöðu hennar, í ljósi allra þeirra teikna sem ég hef þulið upp og allra þeirra talna sem ég hef þulið upp, væri búin að slíta að einhverju leyti barnsskónum sem atvinnugrein.

Það er nokkuð sem við fögnum en eðlilegt er að við veltum þá upp þeirri spurningu hvort ferðaþjónustan sé ekki aflögufær í þeirri þröngu stöðu sem hefur verið í ríkisfjármálum og við vitum öll að verður áfram strembin og það skiptir máli að gæta fyllsta aðhalds. Þetta er því eðlilegt spurning og þess vegna var ákveðið að fara þessa leið.

Það skiptir líka máli að við berum okkur saman við önnur lönd. Ef mat þessum virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna á Norðurlöndunum er hann vissulega mismunandi. Hann er 8% í Noregi, 9% í Finnlandi, 12% í Svíþjóð og 25% í Danmörku. Að meðaltali er þessi virðisaukaskattur tæp 11% innan Evrópusambandsins. Þar með er auðvitað ekki öll sagan sögð því að tekjuskattsprósentan hér er hlutfallslega lág miðað við önnur ríki Evrópusambandsins og heildarskattbyrði á ferðaþjónustu er því með því lægsta sem þekktist á Norðurlöndunum eða innan Evrópu þegar þetta tvennt er vegið saman, og þá er ég að vitna til 14% virðisaukaskattsins.

Í máli sínu áðan ræddi hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þá breytingu sem gerð var þegar virðisaukaskatturinn var lækkaður úr 14% í 7%, skömmu fyrir alþingiskosningar 2007, á hótél- og gistiþjónustu og raunar veitingahús líka. Það sem er kannski áhugavert að skoða miðað við tölur er að sú lækkan virtist ekki skila neinni umframaukningu í gistingu eða umsvifum samanborið við þróunina sem var í gangi á árunum þar áður. Hún stent því ekki skoðun að mínu mati sú umræða sem hér var í gangi þegar samþykkt var að hækka skattinn í 14%, þegar menn ræddu um að slíkt væri eitthvert rothögg fyrir greinina. En vissulega voru sett fram þau varnaðarorð að þetta kynni að hafa í för með sér hægari fjölgun ferðamanna — ekki fækkun — hér á landi á næstu árum.

Þá komum við að hinu síðara atriði sem ég vil ræða. Það snýr ekki að stöðu ferðaþjónustunnar og þeirri spurningu

sem ég tel eðlilegt að nefndin taki til umræðu þegar hún fær þetta mál til umræðu, sem er í raun og veru sú hvort við teljum atvinnugreinina aflögufæra um meira en 7% virðisaukaskatt, þ.e. að við teljum atvinnugreinina aflögufæra um 14% virðisaukaskatt. Þá spurningu þarf nefndin að ræða og í samhengi við annað skattalegt umhverfi ferðaþjónustunnar. Ég er viss um að þetta verður rætt ítarlega í hv. nefnd.

Þá kem ég að hinu atriðinu sem ég ætla að gera að umræðuefni sem er þau áhrif sem það hefur ef þetta frumvarp verður að lögum. Það kemur klárlega fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis með frumvarpinu að tekjur ríkissjóðs verði lakari en áætlað var í fjárlögum sem nemur 535 millj. kr. árið 2013 og að árið 2014 og eftirleiðis verði tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarði kr. lægri árlega en ella hefði orðið að óbreyttum lögum.

Enn fremur kemur þar fram að á þessu stigi liggja ekki fyrir aðrar ráðstafanir til að veita upp á móti þessari lækkan á áformaðri tekjuöflun ríkissjóðs. Því verði að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.

Það sem mér finnst mikilvægt að verði sömuleiðis rætt í þeirri vinnu sem er fram undan hjá hv. nefnd er hvernig á nákvæmlega að koma til móts við það gat sem þarna myndast í ríkisfjármálaáætluninni til lengri tíma sem og á fjárlögum þessa árs. Þau svör þurfa auðvitað að liggja fyrir áður en frumvarp sem þetta er samþykkt. Áður en frumvarp um breytingu á tekjuáætlun ríkisins er samþykkt hljótum við að verða að hafa einhver svör við því á reiðum höndum hvernig á að koma til móts við þetta.

Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra nefndi áðan, eftir því sem ég heyrði best, að skoða yrði þá minnkun á útgjöldum að sama skapi. Mér finnst eðlilegt að hv. þingmenn fái að vita hvaða útgjöld er um að ræða, í hvaða málaflokkum ætlunin er að skera niður. Mér finnst eðlilegt að við hv. þingmenn fáum svör við því áður en frumvarpið kemur til atkvæðagreiðslu. Það er ekki nema eðlileg krafa þegar verið er að hreyfa sérstaklega við fjárlögum og breyta áætlunum innan árs. Þá hljótum við að vilja fá þessi svör því að hér er ekki bara verið að tala um lengri tíma áætlanir, þar sem eðlilegt er að gefa stjórnvöldum rýmri tíma til að koma með svörin, heldur erum við að horfa á tekjutap á þessu ári, árinu 2013, og þar af leiðandi verður væntanlega að stoppa í það gat á þessu ári, 2013.

Það er ekki langur tími til stefnu til að móta þær tillögur. Eins og mjög margir hv. þingmenn hafa bent á, og ég sé svo sem enga ástæðu til að endurtaka í mínu máli, er það nú svo að það að draga saman útgjöld er ekki létt verkefni, sérstaklega þegar við vitum að þeir málaflokkar sem ríkið rekur og sú samneysla sem ríkið rekur eru allt mikilvægir málaflokkar, hvort sem við horfum til framhaldsskóla, háskóla, heilbrigðisstofnana úti um land, Landspítalans, velferðarkerfisins. Við þurfum að svara því hvernig á nákvæmlega að bæta upp tekjurýrnun upp á 1,5 milljarða, hvort gera eigi það með skerðingu útgjalda eða með öðrum tekjum sem þarf þá að bæta við. Þessi svör þurfa að liggja fyrir fyrir en síðar.



[16:19]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég botna ekkert í því í hvaða leiðangri þessi nýja ríkisstjórn er. Áður en menn höfðu kynnt stjórnarsáttmála eða hvernig ný ríkisstjórn yrði samsett sá nýr forsætisráðherra ástæða til að stíga fram í fjölmiðlum og lýsa því yfir að hann væri búinn að sjá og fá stórkostlegar nýjar upplýsingar um allmiklu verri stöðu ríkissjóðs en fráfarandi ríkisstjórn hefði nokkurn tíma kynnt.

Fengum við einhvern tíma að vita eða heyra frá núverandi forsætisráðherra í hverju þessar nýju upplýsingar fælust? Nei. Hvers vegna? Vegna þess að það voru og eru engar nýjar upplýsingar sem kollvarpa stöðu ríkissjóðs eða þeim upplýsingum sem menn höfðu áður fengið og eru og hafa alltaf verið öllum aðgengilegar. Það er ekki hægt að halda svona upplýsingum leyndum, það er ekki hægt. Ekki byrjaði því nýr forsætisráðherra vegferð sína vel.

Þá fara menn af stað í að reyna að finna eitthvað til að fylla upp í þá mynd sem nýr forsætisráðherra reyndi að teikna upp fyrir þjóðina sem afsökun og átyllu fyrir því að koma með snautlegar tillögur sem byggðu á kosningalofordum þeirra nú strax á sumarþingi, í stað þess að gera eins og menn lofuðu í aðdraganda kosninga að koma með tillögur strax, efnidir í sumar, engar nefndir. Það sögðu menn þá. Niðurstaðan er allt önnur.

Virðulegi forseti. Í gær fór nýr fjármála- og efnahagsráðherra í ræðu sinni undir stefnuræðu forsætisráðherra yfir það hvaða liðir það eru sem menn hafa þarna átt við. Þar er um að ræða, eins og ég fór yfir í andsvari áðan, Íbúðalánasjóð, 13 milljarðar. Um það er fjallað í fjárlagafrumvarpinu, um það var ítarlega fjallað við afgangiðslu fjárlagafrumvarpsins. Engar nýjar upplýsingar þar á ferð, engar. Um þetta var rætt. Þar hefðu menn getað fylgst með umræðu í þinginu um fjárlög og vitað allt um hvar það mál stóð.

Menn leyfa sér líka að tína til 6 milljarða, sem hugsanlega gæti orðið, ef farið verður fram úr í ákveðnum fjárlagaliðum hjá stofnunum ríkisins eða hjá ráðuneytum. Það er verkefni ráðherra, fagráðherra, á hverjum tíma að gæta að því að vera innan ramma fjárlaga. Það er ekki nýtt verkefni. Það er ekki nýtt verkefni að því sé flaggað að ef menn fari ekki varlega fari þeir hugsanlega fram úr. Það gerðist líka á síðasta ári, þarsíðasta ári, árinu þar á undan, 1995, 1996, það gerist á hverju einasta ári. Engar nýjar upplýsingar þar á ferð.

Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra tínir líka til að mögulega komi lægri tala út úr arðgreiðslum og söluhagnaði á þessu ári. Já, ef menn gera ekki neitt, ef menn leggja sig ekkert fram við að selja þær eignir sem heimildir eru fyrir í fjárlögum þá gæti það hugsanlega gerst. En árinu er ekki lokið og við erum með langan lista af eignum til að selja sem geta myndað þann hagnað. Eitt dæmi get ég nefnt, það er til dæmis bíúð að ganga núna frá sölu á landi í Skerjafirði og fleiri eignir bíða sölu sem ríkið getur selt til að ná upp í þessa fjármuni. Ég ætla rétt að vona að hæstv. fjármálaráðherra sé ekki að boða slíkt með því að halda þessu fram og taka þá tölu til inn í þessa upptalningu að hann ætli nú að leggja hendur í skaut og gera ekki neitt til að uppfylla þær væntingar sem menn hafa til sölu á eignum ríkisins sem mikilvægt er og vert er að selja.

Annað nefnir hann líka, 4 milljarða sem gætu út af breyttum forsendum og breyttum hagvaxtarspám gert breytingar á tekjuáætlunum hins opinbera. 4 milljarðar, virðulegi forseti, og þetta leggja menn til grundvallar, þessa 27 milljarða leggja menn til grundvallar hinum stórkostlegu nýju upplýsingum sem forsætisráðherra steig fram með í maí. Þetta er snautlegt, virðulegi forseti, og er hinni nýju ríkisstjórn ekki til sóma.

Virðulegi forseti. Þegar við gengum til kosninga var algjörlega ljóst af hálfu stjórnarflokkanna að ríkisfjármálin væru viðkvæm. Við töluðum um það hvar sem við komum, við töluðum um það í fjölmiðlum, við töluðum um það á kosningafundum, við töluðum um það í þessum þingsal að við værum ekki búin að ná þeim árangri að geta lokað fjárlagagatinu endanlega og stöðvað þannig skuldaföfnun ríkissjóðs. Það var ekki þokkafullt mál að fara með inn í kosningar, það mál að ætla að loka fjárlagagatinu og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs og fara að greiða niður skuldir þannig að við gætum farið að nota 90 milljarðana sem við greiðum í vexti árlega í önnur og þarfari verkefni. En við gerðum það engu að síður. Við fórum inn í kosningar með þetta að leiðarljósi. Hvers vegna? Vegna þess að þetta var veruleikinn, vegna þess að þetta er veruleikinn.

Núverandi stjórnarflokkar komu og stigu hins vegar fram með allt annan veruleika, teiknuðu upp allt aðra mynd fyrir fólkið í landinu, vitandi betur, lofandi öllu fögru, milljarðatugum, jafnvel milljarðahundruðum sem áttu að koma til fólksins í landinu strax í sumar, var ítrekað sagt, til heimilanna í landinu í niðurfærslur skulda. Ekkert bólar á því, ekkert. Menn vissu þetta í aðdraganda kosninga og grípa núna til svona eftirráðsringa sem eru engum boðlegar.

Virðulegi forseti. Þess vegna botna ég heldur ekkert í því og skil ekki það mál sem við erum að ræða, vegna þess að þetta er fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar, þ.e. að lækka eða draga til baka ákvörðun um að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu aftur til þess sem hann var árið 2007, úr 7% í 14%, að lækka hann aftur til þess sem hann var árið 2007. Þetta er fyrsta mál ríkisstjórnarinnar en því fylgir engin áætlun, af því að maður hefði ætlað að þetta væri hluti af einhverri áætlun, frekari áætlun um ráðstöfun í ríkisfjármálum. Þetta passar í engu við þá mynd sem menn reyna að teikna upp af stöðunni í ríkisfjármálum. Menn segja eitt og vinna svo gegn því á borði.

Virðulegi forseti. Mér finnst að hæstv. fjármálaráðherra og ný ríkisstjórn verði að útskýra betur fyrir okkur í hvaða leiðangri þeir eru. Það er ekki hægt að koma á annan veginn og segja: Hér eru ríkisfjármálin, það stefnir í mikið óefni í ríkisfjármálunum. En svo er fyrsta mál þeirra á þinginu að lækka tekjustofna ríkisins. Sú aðgerð sem hér birtist er algjörlega á skjön við þann málflutning.

Við verðum og hljótum að kalla eftir því að það verði útskýrt betur fyrir okkur í hvaða leiðangri menn eru. Hvernig eiga tekjur að koma til ríkisins? Hvað felst í þeim mótvegisáðgerðum sem boðaðar eru? Þær fylgja ekki með í þingmálum, þær er hvergi að sjá. Það er bara talað um þær eins og svo margt annað sem nýja ríkisstjórnin gerir, hún talar og talar en það kemur ekkert. Hvaða mál erum við að ræða í dag, fyrsta mál í þinginu? Það er að lækka tekju-

stofna ríkisins, ríkisstjórn sem er búin að lofa milljarðatugum og milljarðahundruðum.

Þegar menn stíga hér fram og tala um ábyrgja efnahagsstjórn er ekki skrýtið að menn klóri sér í höfðinu þegar þetta er síðan fyrsta málið á dagskrá. Ég er engin sérstök áhugakona um skatta, að skattleggja eða hækka skatta. En menn gripu til ráðstafana í ríkisfjármálunum til að loka fjárlagagati. Það sem beið síðustu ríkisstjórnar voru ekki 3,7 milljarða kr. halli heldur 216 milljarða kr. halli. Á því varð síðasta ríkisstjórn að vinna, að loka því gati. Við náðum því í fjárlagafrumvarpinu á þessu ári niður í 3,7 milljarða, sem er ágætisárangur þó að við hefðum auðvitað viljað hafa náð að ganga lengra til að stöðva skuldasöfnunina endanlega. En það vissu allir að við vorum ekki búin að því. Þess vegna gripu menn á síðasta kjörtímabili til ýmissa breytinga á skattkerfinu til að loka því gati þannig að við gætum farið að stoppa skuldasöfnunina. Það var ekki gert af því að við værum sérstaklega á móti einstaka atvinnugreinum sem þurftu að þola einhverjar hækkanir eða að við værum sérstaklega fylgjandi sköttum eða fylgjandi einhverri sérstakri skattþíningu, það var ekki þannig. Þetta var gert til að loka fjárlagagatinu svo að landið gæti farið að rísa á ný. Það var áætlan var í gangi og þetta var liður í henni.

Við vorum með það markmið að loka endanlega fjárlagagatinu 2014, ná jákvæðum heildarjöfnuði og byrja að greiða niður skuldir. Því vil ég spyrja nýjan fjármála- og efnahagsráðherra, sem byrjar á því að koma með mál sem mun auka á halla ríkissjóðs núna strax á hans fyrsta ári í starfi: Liður í hvaða áætlun er þetta? Er þetta liður í þeirri áætlun eins og hún birtist mér að við munum ekki ná heildarjöfnuði og byrja að greiða niður skuldir ríkissjóðs fyrr en eftir mörg ár til viðbóts? Af því að allt sem birtist frá ríkisstjórninni bendir til þess, þó að menn síðan í orði kveðnu segi annað. Þetta vinnur allt í kross og gegn hvert öðru það sem menn segja og gera. Þess vegna hljótum við að kalla eftir því hér í þinginu að fá upplýsingar um þetta. Liður í hverju er þessi aðgerð sem við erum að fjalla um hér? Hvernig eigum við að geta tekið afstöðu til hennar öðruvísi? Ég lagði fram frumvarp um að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna, ég gerði það ekki af einhverri ánægju eða af því að mig langaði að skattþína ferðaþjónustuna sérstaklega, heldur voru það ráðstafanir í ríkisfjármálum til að loka ákveðnu fjárlagagati sem við þurftum að loka til að stöðva skuldasöfnun.

Virðulegi forseti. Þess vegna er það krafa mín að nýr fjármálaráðherra svari því: Hefur ný ríkisstjórn vikið frá þeirri áætlun um að ná hér heildarjöfnuði á næsta ári? Við verðum að fá svar við þeirri spurningu. Að öðrum kosti horfum við fram á þá stöðu að í stað þess að borga 90 milljarða í vexti, sem fara ekki til heimilanna í landinu á meðan, velferðarkerfisins eða menntakerfisins, þá geta þeir orðið 100, 110, 120. Hver er leiðangurinn, virðulegi forseti? Þessu verða menn að svara í því samhengi. Menn geta ekki komið með eitt svona einangrað mál og sagt: Þetta er bara svona til að senda góð skilaboð. Góð skilaboð frá ríkisstjórninni væru að segja: Við ætlum að standa við þá ríkisfjármálaáætlun sem gerð hefur verið. Við ætlum að halda áfram á þeirri braut að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs þannig að landið geti farið að rísa og við farið að létta af

gjaldveyrishöftunum og farið að sjá alvöruvöxt í íslensku samfélagi. Það væru jákvæð skilaboð út í samfélagið, alvöru jákvæð skilaboð.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari spurningunni áður en lengra er haldið. Við fáum þá að vita á hvaða leið menn eru, vegna þess að að öðrum kosti munum við framlengja í vanda okkar Íslendinga. Grundvöllur þess að við Íslendingar getum farið að spretta úr spori er að við náum jöfnuði í ríkisfjármálunum. Það er grundvöllur alls. Það er ekki hægt að taka á þessu með neinni léttúð. Stærsta verkefni okkar stjórnmalamanna núna er ábyrgð í ríkisfjármálunum og greiða niður þessar skuldir. En ríkisstjórnin virðist ætla að snúa af þeirri braut. Að minnsta kosti ber þetta mál þess merki.

[16:35]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hv. þingmann að því hvort hún hafi breytt um skoðun frá því nokkrum dögum fyrir kosningar þegar fréttir voru sagðar af því að á fundi með Ferðamálasamtökum Vestmannaeyja hafi hún sagt að hækkan virðisaukaskattsins væri vond hugmynd og að hún mundi beita sér fyrir því að hækkanin kæmi ekki til framkvæmda. Sagt var að hún hefði tekið í höndina á fundarstjóra eða formanni samtakanna á fundinum upp á það að hún mundi beita sér fyrir lækkun gjaldsins. Míg langar til að vita hvort það hafi eitthvað breyst frá því að sá fundur fór fram eða hvort ekki sé rétt farið með það sem gerðist á fundinum.

Að öðru leyti finnst mér mjög mikilvægt, af því að hér er verið að ræða hina stóru mynd ríkisfjármálanna, að við komumst á saman stað um það hver staðan er í dag. Ég hef rakið nokkra liði sem gera útlitið fyrir árið 2013 miklu verra en að var stefnt. Það er minni hagvöxtur. Það leiðir til þess að tekjurnar rýrna um 4 milljarða. Tekjur af arði eða sölu eigna, fyrst og fremst sölu eigna í fjármálfyrirtækjum, skila sér ekki eins og að var stefnt. Þar vantar upp undir 4 milljarða. Veikleikar eru á útgjaldahlíðinni. Það er staðan sem við okkur blasir. Vissulega ætlum við að reyna að bregðast við þeirri stöðu en það stefnir í að farið verði töluvert langt fram úr áætlun. Ef ekkert verður að gert stefnir í a.m.k. 6 milljarða framúrkeyslu miðað við fjárlög eins og staðan er í dag. Þegar við bætist mikil þörf fyrir að gjaldfæra framlag til Íbúðalánasjóðs upp á 13 milljarða er staðan sem sagt 30 milljarðar í halla á yfirstandandi ári en ekki því sem næst hallalaus rekstur ríkissjóðs á yfirstandandi ári eins og síðasta ríkisstjórn tönnlast alltaf á að hafi verið hinn raunverulegi viðskilnaður hennar. Það skiptir máli að við séum sammála um þessi mál.

Ef ég fer með rangt mál er ég alveg til í að fá ábendingar um það.

[16:37]

### Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi var þetta óformlegur kaffihittingur í Vestmannaeyjum og menn ákváðu að túlka orð mín þar og fara með í fjölmiðla. Ég sagði aldrei að þetta hefði verið vond hugmynd. Ég lagði þetta mál fram

sjálf. Ég sagði hins vegar: Sæjum við fram á að tekjur af ferðaþjónustu mundu aukast vegna fjölgunar ferðamanna á þessu ári þá kæmi þetta vel til álita, en tekjurnar yrðu að skila sér í gegnum ferðaþjónustuna, og þá væri ég til í að skoða þetta. Það sagði ég og við það stend ég. En við höfum ekki séð neitt slíkt enn þá, ekki neitt. Yfir þetta þurfa menn að fara. Það þarf að skoða þetta í samhengi við hlutina, í einhverju stóru samhengi. Það þarf að horfa á þetta í stóra samhenginu.

Varðandi það að vera á sömu blaðsíðu eru þessi mál sem hæstv. ráðherra nefnir — þetta eru svokallaðir veikleikar þegar kemur að fjárlögum hvers árs. Þeir koma upp á hverju ári og ef menn grípa ekki til neinna ráðstafana geta þeir raungerst.

Fráfarandi ríkisstjórn hafði gripið til ákveðinna mótvægisáðgerða í fyrsta lagi varðandi Íbúðalánasjóð. Er þá nýr fjármála- og efnahagsráðherra að boða það hér opinberlega að annaðhvort verði ekki farið í þessar mótvægisáðgerðir þannig að þær munu ekki skila neinum árangri eða er hann að segja okkur að komin sé einhver úttekta á stöðu Íbúðalánasjóðs sem segir að þessar mótvægisáðgerðir munu ekki geta haft nein áhrif á þessu ári? Þessu þarf að svara.

Í öðru lagi var horfið frá því að selja hluti í fjármálaafyrirtækjum og tekin ákvörðun um að selja aðrar eignir ríkisins. Ég trúi ekki öðru en að menn ætli sér að halda því áfram. Eða er nýr fjármála- og efnahagsráðherra að boða það að menn séu hættir við þá sölu, þ.e. sölu á landi og núna ætli menn að leggja hendur í skaut?

[16:39]

### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Varðandi eignasöluna er það þannig að það eru hátt í 4 milljarðar sem vantar upp á þrátt fyrir þær ráðstafanir sem hefur verið bent á hér að hafi átt að koma í staðinn fyrir eignasölu í bönkunum.

Varðandi það hvort við gætum mögulega verið að njóta aukinna tekna vegna fjölgunar ferðamanna er það svo að gistinóttum erlendra gesta fjölgaði um 26% á fyrsta ársþriðjungi þessa árs samanborið við árið á undan, 26% aukning, þannig að tekjurnar eru að skila sér. Það koma fleiri ferðamenn, kaupa fleiri nætur og það mun skila auknum tekjum í ríkissjóð. Þess vegna ætti hv. þingmaðurinn að taka það með í reikninginn þegar hún veltir fyrir sér hvort hugsanlega kunni að hafa skapast aðstæður til þess að rísa undir þeim væntingum sem hún byggði upp í Vestmannaeyjum um að beita sér fyrir því að hækkinin tæki ekki gildi eða yrði dregin til baka.

Samkvæmt skýrslu sem Samtök ferðaþjónustunnar lögðu fram núna á vormánuðum voru útgjöld erlendra ferðamanna til íslenskra fyrirtækja um 238 milljarðar á síðastliðnu ári. Vöru- og þjónustuskattar á árinu 2010 voru um 15 milljarðar. Þeir hafa án vafa vaxið vegna aukinnar komu ferðamanna í millitíðinni. Ef við skoðum það miðað við innanlandsneysluna, vegna þess að það er vissulega þannig að íslensk fyrirtæki bjóða þjónustuna víða, er heildarferðaneyslan innan lands um 199 milljarðar, þar af útgjöld erlendra ferðamanna um 118 milljarðar. En við erum ekki bara að tala um að virðisaukaskatturinn leggist á erlenda

ferðamenn, þetta hefur líka áhrif á innanlandsferðamennskuna sem er veruleg eða um (Forseti hringir.) rúm 40% ferðaneyslunnar í landinu.

[16:42]

### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Ef ég skil hæstv. ráðherra rétt er hann að lýsa því að ferðaþjónustan hafi töluvert betri áhrif á ríkissjóð á þessu ári en menn höfðu gert áætlanir um. Ef svo er af hverju er það þá ekki tekið inn í tölur sem hæstv. ríkisstjórn boðar hér, alla mínusana sem þeir eru að boða, alla neikvæðnina og alla svartsýnina? Er hagar ríkissjóðs að vænkast vegna aukinnar komu ferðamanna?

Þá mynd alla verðum við að skoða þegar við erum að ræða stöðu ríkissjóðs. Það er eftir því sem ég er að kalla hér, að við skoðum myndina alla í heilu lagi og hættum að kallast á með þeim hrópum sem þessi nýja ríkisstjórn byrjaði út úr sumarbústaðnum á Þingvöllum í miðjum samningaviðræðum milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, þ.e. þegar hæstv. forsætisráðherra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson steig fram til þess að undirbyggja að loforðin kæmu ekki öll til framkvæmda núna í sumar, kosningaloforðin, með því að segja að staða ríkissjóðs væri í raun og veru upplogin og uppdiktuð af fráfarandi ríkisstjórn. Það var það sem menn gáfu í skyn.

Við þurfum að hætta að kallast þannig á og fara að ræða heildarmyndina og þann veruleika sem við blasir. Sé það svo að ferðaþjónustan skili okkur og ríkissjóði umtalsvert meiri fjármunum en menn gerðu ráð fyrir eru það auðvitað jákvæðar upplýsingar og þá hljóta þær að koma fram alveg eins og hinar neikvæðu sem menn eru að reyna að búa til og draga upp mynd af.

[16:44]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þessa umræðu um ferða- og gistimálin og skattbreytingarnar sem fyrrverandi ríkisstjórn ákvað að setja á en hér á að afnema eða öllu heldur að koma í veg fyrir að ná fram að ganga. Það kemur líka fram í stefnuyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka, eins og þeir boðuðu í kosningabaráttunni, að gera eigi úttekta á skattkerfinu og miklar breytingar fyrirhugaðar. Skattar á tekjur, vöru og þjónustu eiga að lækka. Það hefur ekki verið útfært hvernig eigi að gera það, hverjir muni njóta þess, hvaða vörum eigi að lækka skatta á eða hvaða þjónustu. Ekkert er getið um kostnað við þessar skattalækkunarir eða hvernig mæta eigi þeim kostnaði með auknum tekjum eða minni útgjöldum.

Ræða hæstv. fjármálaráðherra hér áðan var yfirlýsing um niðurskurð. Hann lýsti því yfir að stjórnin mundi skera niður, eins og fram hefur komið í dag, um 535 milljónir á þessu ári og 1,5 milljarða á því næsta. Til að mæta tapinu, eins og hér hefur komið fram, veltir maður því auðvitað fyrir sér hvar skera eigi niður. Maður skyldi ætla að tekin hafi verið um það ákvörðun á sama tíma, þar sem fjárlagaferðin fer nú af stað og ætti að vera hafin. Eða ætlum við að hafa fjárlagagatið upp á rúman hálfan milljarð? Hann sagði einnig að gatið væri stærra en svo að skattur á ferðaþjónustuna hefði eitthvað að segja. Er það rök í málinu að

gera fjárlagagatið stærra á sama tíma og hæstv. fjármálaráðherra staðhæfir að mikla fjármuni vanti í ríkissjóð? Það finnst mér sérkennilegt í hæsta máta.

Hæstv. ráðherra sagði einnig að hafa ætti virðisaukaskattinn á gistiþjónustuna lágan næstu árin, meðal annars til að fjárfesta í innviðum. En hvenær er ferða- og gistiþjónustan tilbúin til að greiða hærri skatt, ef ekki nú þegar við heyrum daglega af fjölgun ferðamanna? Auðvitað veltir maður því fyrir sér í framhaldinu hvernig fjármálaráðherra hyggist fara með skattlagningu á ferðaþjónustuna til framtíðar lítið.

Það kemur fram í frumvarpinu, með leyfi forseta, að á þessu stigi liggi ekki fyrir aðrar ráðstafanir til að veða upp á móti þessari lækkan á áformaðri tekjuöflun ríkissjóðs. Því verði að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar víðeigandi ráðstafanir til mótvægis. Það er því ekki óeðlilegt, þegar þessi umsögn kemur frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, að um þessa hluti sé spurt.

Hæstv. ráðherra sagði líka að breytingar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna væru meðal annars til að fá hingað til lands ferðamenn sem eyða meiru, efnameiri ferðamenn, og þannig mundi afslátturinn skila sér til baka. Þá spyr maður: Er það markmiðið að skipta um ferðamannategund? Hver tók þá ákvörðun? Er það gert í samráði við samtök í ferðaþjónustu? Er ekki rétt að opinbera þessa stefnu? Hver segir að betra sé að fá ríka ferðamenn til landsins en venjulega ferðamenn, liggur það einhvers staðar fyrir?

Ferðaþjónustan býr við árstíðarsveiflur, fjarlægðir og aðgengi, það er að segja samgöngur, troðning vegna takmarkaðra innviða, kröfuvirni um kyrrð, frið og viðernisupplifun; allt þetta krefst þess að töluverðir fjármunir verði settir til uppbyggingar innviða tengdra ferðaþjónustunni. Það er í hæsta máta eðlilegt að mínu viti að ferðaþjónustan innheimti neysluskatt sem erlendir ferðamenn greiða að stærstum hluta eins og kom fram í máli ráðherra hér áðan.

Við sem erum hluti af þessari atvinnugrein eigum að vera þátttakendur í samfélaginu. Mig langar að vitna hér aðeins í dr. Edward H. Huijbens sem er forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og hefur líklega rannsakað ferðaþjónustu á Íslandi einna mest. Hann segir í grein sem birtist í tímariti Landsbankans í mars síðastliðnum að við séum að fara inn í gríðarmikið vaxtarskeið og að gestum muni fjölga ört á næstunni. Hann segir að mikill vöxtur hafi orðið undanfarin ár og um 20% á síðastliðnu ári og telur að þróunin verði hin sama á þessu ári og að í fyrirsjáanlegri framtíð munum við upplifa gífurlegt vaxtarskeið nema ófyrirséðir utanaðkomandi þættir breyti þróuninni.

Dr. Huijbens segir í greininni að bæði upp úr 1970 og 1990 hafi ferðaþjónustan sprottið fram sem ákveðið lausnarorð og margir viljað bjarga sér með henni. Hugsanlega hafi það haldist í hendur við fall krónunnar í kjölfar þess að erfíðleikar hafi komið upp í efnahag landsins. Eftir 1990 hafi fjölgun ferðamanna verið mikil og að sumu leyti fyrir-sjáanleg. Nú blasi við að árið 2015 eða 2016 náist það markmið sem lengi hafi verið orðað í ferðaþjónustu að fá til landsins eina milljón ferðamanna á ári og líklega nokkuð

fyrir en spár hafa gert ráð fyrir til þessa. Spár hafa gengið út á að því markmiði verði náð árið 2020 en hann telur að það verði töluvert fyrir.

Í greininni kemur einnig fram að Umhverfisstofnun hafi þegar sett á valista þá staði sem liggja undir skemmdum og kalli á aðgerðir strax og gera þurfi ítarlegra mat á álagi á ferðamannastöðum eins og ég fór yfir hér áðan. Hann bendir á að staðan sé þannig að umsjónar- og eftirlitsaðilar séu yfirleitt að elta þróunina og það væri ekki fyrir en að staðurinn væri kominn í fulla notkun sem menn færu að huga að uppbyggingu hans, sem er auðvitað ekki gott. Búið er að setja á stofn Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, það eru mun ríkulegri leiðbeiningar um hönnun og uppbyggingu og sérhæfðu starfsfólki hefur fjölgað töluvert. Hann bendir á að í Noregi megi sjá glæsileg dæmi um hvernig standa megi að málum — þar sem áherslurnar eru ekki ósvipaðar og hjá okkur, náttúrufergurðin er mögnuð — með glæsilegri hönnun mannvirkja fyrir ferðamenn og að hugsa skali allt sem eina heild. Hann bendir á að ljóst sé að til að hafa einhvern þjóðhagslegan ávinning af ferðaþjónustu þurfi að hafa fjölda til að þjóna og þetta þarf að fara, eins og hann orðar það, í gegnum ákveðna vél.

Huijbens bendir líka á að allt að því helmingur þeirra tekna sem verða af ferðaþjónustu hér á landi fer í gegnum Icelandic Group. Það er risinn í íslenski ferðaþjónustu og svo stóru hótelin hér í Reykjavík.

Ég fór af stað í ferðaþjónustu með gistingu vitandi að meðalnýting gistinátta væri í kringum 33% eins og kom fram í máli hv. þm. Valgerðar Gunnarsdóttur hér áðan. Allt það sem kemur þar til viðbótar er jákvætt fyrir mig og aðra sem eru í slíkum rekstri. Ég fór af stað árið 2007, rétt fyrir hrun. Ég var að opna viðbótargistingu í fyrri og ég var að opna kaffihús fyrir vikur; allt þetta vitandi það að nýtingin væri ekki meiri. Ég bý á litlum stað úti á landi og eins og ég sagði áðan er allt til viðbótar við það sem komið hefur fram í opinberum tölum, og ég lagði af stað með sem forsendur fyrir mínum rekstri, til hagsbóta. Núverandi stjórnarliðar töluðu á sínum tíma um, og gera enn, að það að bæta við þessu 14% þrepi í virðisaukaskattinn í ferðaþjónustu gerði skattkerfið svo flókið og erfitt fyrir þá sem innheimta þyrftu mismunandi virðisaukaskatt. Ég hef á mínum kassa í gisti- og kaffihúsinu fimm takka sem eru merktir. Þetta er ekki flókið. Það er veitingasala, það er áfengissala, það er gisting og það er rafmagn því að ég rek tjaldstæði líka. Ég sé ekki hvað er svona flókið við þetta. Ég sé ekki af hverju við ætlum að ætla fólki að nenna ekki að sundurliða það sem það er að gera. Mér finnst það ekki vel meinandi og hugsandi að ætla fólki fyrir fram að það geti ekki sinnt þessu svo vel sé.

Ég velti því líka fyrir mér hvort mikið hafi verið um afbókanir núna vegna þeirra sem ætluðu til dæmis að koma næsta haust, þ.e. eftir að þessi skattur átti að taka gildi. Það var hluti af rökstuðningnum, í umræðum sem áttu sér stað þegar þetta var ákveðið hér á Alþingi og af hálfu ferðaþjónustunnar, að það væri bókað svo langt fram í tímann. Það væri því gaman að fá að vita hvort mikið hefur verið um afbókanir fyrir næsta vetur.

Ég hef talað við hótelsstjóra á stóru hóteli hér í Reykjavík. Hann segist aldrei hafa fengið eins miklar bókanir og í

vetur — þetta samtal átti sér stað í mars — og allt þetta ár og þar með talið fram til áramóta, það er að segja eftir þennan alræmda 1. september þegar 14% áttu að taka gildi.

Ég heyrði í útvarpinu viðtal við formann Ferðapjónustu bænda — ég held það hafi verið hann — sem bar sig afar vel, og það er jú gisting á landsbyggðinni. Hann talaði um að mikili væri um bókanið og útlitið væri gott. Ég trúi því að þó að ferðapjónustan fari aftur að greiða sama virðisaukaskatt og hún gerði skömmu fyrir hrún, og í mörg ár þar á undan, þá haldi hún áfram að vaxa og dafna; þá óx hún og dafnaði eins og hún hefur verið að gera hin allra síðustu ár.

[16:56]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um breytingar á virðisaukaskatti á ferðapjónustu þar sem horfið er til baka til fyrri álagningar, þ.e. fara með upp í 14%, sambærilegt og var fyrir hrún, virðisaukaskattinn á gistingu og hóteldvöl. Það hefur vakið athygli, og hefur komið fram í umræðunni, að þetta er fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar og það vekur upp hugleiðingar um hvernig standi á því. Þetta er prinsippmál að því leyti að það snýst um tekjur okkar sameiginlega ríkissjóðs sem að mati núverandi fjármála- og efnahagsráðherra á býsna bágt. Þá skýtur svolítið skökku við að það skuli vera fyrsta verkefnið að fjarlægja tekjustofnana án þess að færa betri rök fyrir því að það muni með einhverjum hætti skila sér til baka eða verða til ágóða á einhvern annan hátt.

Eitt af því sem var fært fram sem rök á sínum tíma þegar menn voru að breyta þessu var að það hefur auðvitað verið þannig í ferðapjónustu að gengi íslensku krónunnar hefur haft veruleg áhrif á afkomu greinarinnar á hverjum tíma og hefur örugglega líka haft einhver áhrif á hvernig ferðamannastraumurinn hefur verið til landsins. Hér urðum við fyrir hrúni á íslensku krónunni. Það var mun ódýrara að koma til Íslands og kannski er það einn af stærstu skýringarþáttum á því að þeim sem hingað koma hefur fjölgað mjög mikið. Það var líka svo að þegar gengið hrundi og kostnaður allur innan lands hækkaði vissum við útflutningsgreinarnar nutu góðs af því. Það var alltaf ætlun okkar að þær mundu skila til samfélagsins, til samneyslunnar og til þjónustunnar, því sem þær mögulega gætu til að halda uppi þeirri þjónustu sem við viljum hafa í landinu, þeirri velferðarþjónustu sem er kostuð af skattfé. Það gildi um sjávarútveginn, það gildir um áliðnaðinn, það gildir um ferðapjónustuna og sjálfsagt mætti nefna fleiri atriði.

Sú táknræna ákvörðun að vera með þetta sem fyrsta mál snýst líka um hugmyndafræði og stefnur. Það hefur komið ágætlega fram í umræðunni að stundum hefur maður á tilfinningunni að sú gamla hugmyndafræði að það að skammta vel á jötuna til ákveðinna aðila muni leiða til þess að það hrökkvi eitthvað af borðunum til annarra virðist enn þá vera við lýði og sú fullyrðing að þegar menn lækki gjöld á ákveðna aðila muni þeir skila því til samneyslunnar. Það eru alltaf að koma fleiri og fleiri vísbendingar um að það sé alls ekki rétt, þetta fari ekki þá beinu leið og komi ekki til samneyslunnar. Það er auðvitað hluti af því sem þarf að skoða og hluti af því sem er verið að slást um í íslenskrri pólitík, þessi grundvallarhugmyndafræði.

Við erum sem sagt að fá hér einu sinni enn rökin sem

við höfum hlustað á frá til dæmis repúblikönnum í Bandaríkjunum, sem hafa verið keyrð aftur og aftur af Sjálfstæðisflokknum til margra ára, að lækknum skatta skili sér í auknum tekjum. Við erum að fá aftur stefnuna sem var notuð fyrir hrún með þeim afleiðingum að hér varð bóla og í heiminum öllum, að vísu með góðu aðgengi að kostnaðarlitlu lánsfé sem leiddi til ofpenslu og þess hruns sem við höfum síðan verið að reyna að vinna úr.

Við þurftum í framhaldi af því þegar við tókum við búi 2009 að fara í gríðarlega þungar og erfiðar ákvarðanir um endurreisn íslensks samfélags. Við völdum blandaða leið sem var tekjuaukning í gegnum skatta, sem var niðurskurður á þjónustu, greiðslum, þó að reynt hafi verið að forgangsraða þar mjög skýrt í þágu velferðar. Auðvitað vorum við að reyna að halda úti umsvifum þar sem það var mögulegt á þeim tímum sem við hjuggum við í yfirskuðsettu samfélagi, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Nú þegar við erum að komast út úr þessu, erum að sjá fyrir endann á því og ætlum að fara að gefa til baka í velferðarþjónustunni fáum við á okkur að það eigi einmitt að draga úr þar sem manni finnst að ætti helst að taka, eins og í sambandi við ferðapjónustuna. Það vekur athygli að þetta skuli vera forgangsroðunin og fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar.

Ég hef ítrekað flutt ræður um að íslenskt samfélag hafi gildið fyrir það að við setjum ekki samhengi á milli tekna, þess sem við greiðum til samfélagsins, og þeirrar þjónustu sem við fáum. Það er undarlegt að upplifa það, jafnvel hjá hægri stjórnnum eins og í Danmörku, að 70% kjósenda þar biðja ekki um skattalækkanir. Þeir styðja skattstefnuna en spyrja: Hvað fáum við fyrir skattana? Hver er þjónustan sem er veitt? Hvað er það sem er verið að borga fyrir skattana okkar?

Frá því ég kom á þing 2007 höfum við búið við að menn komi jafnvel í ræðustól og segi að þegar menn hækki skatta reyni menn auðvitað að svíkja undan skatti. Það hefur verið sagt hér. Okkur vantar þessa samábyrgð á því að samhengi sé á milli þess sem við öflum og þess sem við fáum — það er ekki verið að sóa þeim peningum. Við getum deilt um það og skoðað en við eigum ekki að tala alltaf eins og það sé sóun og því síður að allir peningar sem eru skammtaðir með því að lækka skatta á atvinnulífnið, jafnvel langt umfram það sem er annars staðar, skili sér beint í vasa almennings eða til heilbrigðis- eða menntamála. Það hefur því miður aldrei verið þannig. Við höfum engu að síður heyrð þessar ræður í mörg ár án þess að það sé rétt eða færð hafi verið nægjanlega góð rök fyrir því.

Þess vegna erum við að ræða þetta mál í dag. Þess vegna kem ég í ræðustól og ræði málið, vegna þess að mér er annt um velferðarþjónustuna. Ég er einn af þeim sem hafa mátt taka þátt í því sem ráðherra að skera niður gríðarlega mikilvæga málaflokka sem ég hefði betur viljað sleppa við að skera niður. Þess vegna er mér annt um að við getum gefið til baka þar. Við vorum byrjuð á því. Við bættum við í sambandi við lyfjakostnaðinn á spítölunum, við bættum við inn í tækjabúnaðinn upp á 600 milljónir, við bættum við inn í jafnlaunaáttak til þess að styrkja stöðu heilbrigðisstétta. Við áttum 600 milljónir fyrir tækjum, við ætlum að henda þeim út um gluggann án þess að það séu nægjanleg rök fyrir því. Ætlum við að skera það niður aftur? Ætlum við að

fara í gamla horfið sem var fyrir hrún þar sem við fjármögnuðum ekki þessar stofnanir nægjanlega þegar góðærið var? Ég ætla að vona ekki.

Það er þetta sem við erum að berjast um hér. Við fáum nýja ríkisstjórn sem virðist ekki hafa fylgst með því sem var að gerast á þinginu og í umræðum eða kynningum á því sem var að gerast fyrir kosningar þegar þeir voru með lofordalista sína. Við forgangsröðuðum í fjárlögum fyrir árið 2013 í þágu barna. Við hækkuðum barnabætur. Við börðumst fyrir því að koma á gjaldfrjálsum tannlækningum fyrir börn, vísium inn í framtíðina að vísu en þó þannig að það eru teknir fjórir árgangar á þessu ári. Ætla menn að heykjast á þessu til þess að bjarga að megninu til erlendum ferðamönnum þar sem koma 670 þúsund til Ísland? Ef þið reiknið það út, sem er náttúrulega mikil einföldun og alrangt, og segjum að það sé deilt niður þessum kostnaði sem við erum að tala um, 1,5 milljörðum, þá eru það 2 þús. íslenskar kr. á hvern ferðamann, en það getur skipt sköpum í aðstöðunni sem við gætum skapað fyrir þá peninga sem við erum að missa.

Ætlum við að fresta fæðingarorlofsbreytingunum, gefa til baka þar? Ætla menn ekki að standa við lofordin um að gefa til baka í almannatryggingum? Ætla menn ekki að standa við það sem var sagt í ræðu í gærkvöldi, að það ætti að setja fjölskyldustefnu og bæta hag heimilanna, ekki bara skuldavandann heldur stöðu fólks almennt óháð fjölskyldugerð, sem ég styð heils hugar? Ætlum við að hætta við Barnahúsið sem var tekin ákvörðun um af ríkisstjórn í byrjun þessa árs þegar við fengum upp þau skelfilegu ofbeldisverk sem hafa verið unnin á heimilum víða um landið og eru að koma fram í dagsljósið, sem hafa verið að fara í gegnum dómstólana þar sem kemur í ljós að við getum ekki sinnt þeirri holskeflu öðruvísi en að stækka Barnahús? Ætla menn að taka það út?

Það er sú óvissa sem er verið að tala um að sé að raska öllu hér því að ekki er það Íbúðalánasjóður. Þeir stjórnarflokkar sem núna eru vita manna best hvernig skilið var við Íbúðalánasjóð og vita hver ástæðan er. Það verður fróðlegt að sjá skýrsluna sem kemur um það mál, hvað gerðist á þeim tíma þegar menn voru að veita lán til Íbúðalánasjóðs og höfðu ekki uppgreiðsluheimildir á þeim lánunum, sem hef-ur kostað okkur gríðarlegan pening.

Þegar maður svo veltir fyrir sér skattlagningu á gistinætur, því að niðurstaðan var að fara þá leið frekar en að fara inn í matvöruna, þ.e. að segja inn í greiðslur á veitingastöðum, var einmitt verið að fókusera á að það mundi ekki muna mjög miklu fyrir þann hóp. Þá spyr maður líka, af því að við erum búin að heyrja þessa umræðu hér, hver sé stefna nýju ríkisstjórnarinnar í ferðamálum. Þegar menn tala um að við viljum fá hærri tekjur af hverjum ferðamanni, hvar ætlum við að taka þær tekjur? Ætlum við eingöngu að taka þær í magninu?

Ætlum við að hætta því sem er meginforsenda þess að ferðamenn sækja hingað? Það er okkar glæsilega náttúra, einstaka náttúra. Líka fámennið, það að geta verið einn úti í náttúrunni, það að fá að sjá auðnir þessa lands. Það er hluti af því. Við erum þegar komin í vandræði með stærstu staðina þangað sem flestir koma, hina svokölluðu segla eins og Bláa lónið, gullna hringinn með Gullfoss og Geysi, Þingvelli. Ef við ætlum að fjölga ferðamönnum verðum við að

koma þeim annað en á þau svæði. Við verðum að koma þeim í Borgarfjörð, við verðum að koma þeim á Snæfellsnes í auknum mæli, enn þá vestar. Hvernig ætlum við að gera það? Ef það kostar ætlum við þá að leggja þann skatt á almenning og láta hann borga það í gegnum almennan tekjuskatt, til þess að greiða niður komu ferðamanna?

Svar mitt er nei, við höfum nóg annað við þá peninga að gera. Það er talað hér um sjálfbærni og auðvitað verðum við að svara því þá hverjir eiga að borga og hvar á að taka gjöld. Ætlum við að taka upp Íslandskort, þ.e. kort þar sem menn borga fyrir að fá aðgang að náttúruperlum? Mér finnst full ástæða til að skoða alla þá kosti. Ríkisstjórnin boðar að það eigi að skipa nefnd, ein af þessum 19 nefndum er einmitt um að skoða það, að vísu merkilegt nokk ekki heildarstöðuna í ferðamálum heldur gjaldtöku á ferðamannastaði. Er það betra en að taka gistináttgjaldið?

Það er ekki þannig þegar við erum að tala svona eða ég tala um þetta hér. Ég geri mér allveg grein fyrir því að ferðarþjónusta er ein af burðarstöðunum núna í íslensku atvinnulífi og hún skiptir mjög miklu máli úti á landi. Eitt af því sem er nefnt í stjórnarsáttmálanum, og ég styð heils hugar, er að menn skoði stöðu landsbyggðar og reyni með skipulögðum hætti að auka þjónustuna þar. Ný ríkisstjórn leyfir sér jafnvel að tala um skattaþvilnanir úti á landi, en af hverju gerum við það ekki í staðinn fyrir að fara að lækka gjöldin á höfuðborgarsvæðinu, hafandi fengið tölur frá Landsbankanum nýlega og búið er að merkja svæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að bæta við 1.600–1.800 rúmunum á gistiheimilum eða hótelum á höfuðborgarsvæðinu?

Við þurfum að fá þessa þjónustu út á land. Ekki bara vegna þess að hún þurfi endilega að vera úti á landsbyggðinni heldur einfaldlega vegna þess að þar eru seglamir, það er þangað sem fólkið langar til að komast og þangað þarf það að komast. Við erum ekki bara að tala um ráðstefnugesti sem koma hingað og eru á höfuðborgarsvæðinu og fara ekkert annað. Þá eigum við líka að ívilna þeim sérstaklega ef við viljum það, sem ég er allveg til í að skoða sem landsbyggðarþingmaður og hef alltaf verið tilbúinn að skoða en við setjum það ekki sem almenna reglu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Það er líka hjákátlegt að fylgjast með því þegar hæstv. ráðherra bendir á að annars vegar vanti tekjur en það megi samt ekki taka þær þarna. Talandi um að það þurfi að breyta virðisaukaskattskerfinu og einfalda það og jafnvel að fara í, segir hann í viðtölum, að setja eitt skattþrep. Það mundi þýða 20–21% að lágmarki. Þá eru menn ekkert að fara upp í 14%, þá eru þeir að fara upp í 21%, en líka á öll matvæli. Á sama tíma er verið að tala um að lækka skatt á barnaföt. Það eru svona endalausar mótsagnir og við erum bara að kalla eftir því að fá þessa stefnu upp á borðið. Hvert erum við að fara? Fyrir hverja erum við að vinna? Hvað er í forgang hjá nýrri ríkisstjórn? Forgangurinn okkar er að skila samfélaginu aftur því sem við skárum niður til velferðarþjónustu og það er það sem við viljum að verði gert.

Við gerum okkur grein fyrir því að það þarf bætta aðstöðu á þessum ferðamannastöðum, eins og ég var að segja áður, og þangað hafa verið lagðir verulegir peningar. Það er sett inn í fjárfestingaráætlun allt upp í 750 milljónir, það er

1,5 milljarðar í samstarfi við ferðapjónustuna inn í *Inspired by Iceland* sem hefur verið hvatning til þess að fá fólk hingað. Ætlum við að leggja þetta af eða ætlum við að láta skattgreiðendur borga það beint þannig að túristarnir okkar fái niðurgreitt með íslensku skattfé?

Það eru öll þessi svör sem við viljum fá fram hér þegar við erum að fá þetta frumvarp. Þess vegna erum við að eyða tíma í að ræða þetta og mjög mikilvægt er að nefndin sem tekur þetta mál til umfjöllunar fái tækifæri til þess að skoða alla þá þætti í heildarsamhengi, annars vegar hvernig á að haga ferðamálum til lengri tíma og hins vegar hvernig á að haga skattlagningu á fyrirtæki og samræmingu í sambandi við það.

[17:11]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Þessar pælingar hv. þm. Guðbjarts Hannessonar voru áhugaverðar þegar við ræðum hér lækkuun á svokölluðum gistináttaskatti úr 14% í 7%. Hann fer vítt og breitt um sviðið, vikur að málum fyrir hrun, ábyrgð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur á síðustu fjórum árum — allt frá því að ég settist á þing — spyr hér einna 30 spurninga í tengslum við það að taka til baka þær skattálögur sem ríkisstjórn sem hann sat í ákvað að koma á. Hann ræddi líka mörg þau góðu mál sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur lagði til, meðal annars í tannlækningum barna með ávísun inn í framtíðina og ýmsum öðrum málum, betri fæðingarorlofssjóði með ávísun inn í framtíðina o.s.frv. Við fögnum því. Ég tek heils hugar undir það með hv. þingmanni að þessi ríkisstjórn mun ekki skera það niður.

En mig langar að spyrja hvort það sé virkilega skoðun hv. þm. Guðbjarts Hannessonar að þessi ákvörðun, að leggja fram frumvarp um að draga til baka þessa skattlagningu, sé ein og sér, eins og hv. þingmaður sagði, fyrirboði þess að hér stefni í nýtt hrun vegna þess að þeir flokkar sem nú sitja á Alþingi hafi í raun valdið hruninu 2008.

Virðulegur forseti. Vissulega varð hér algjört efnahags-hrun og íslenskir bankar fóru á hausinn, það gerðu bankar vítt og breitt um heiminn. Var það líka ákvörðun samstarfsflokka þá, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, eða fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar? Ég óska eftir því að hv. þm. Guðbjartur Hannesson svari þessu.

[17:13]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Með því að snúa hæfilega út úr væri gaman að segja þegar sjálfstæðismenn koma ítrekað í ræðustól og segja að hagvöxtur sé miklu minni en hann þyrfti að vera: Hver er hagvöxturinn í Evrópu? Hver er hann í Bandaríkjunum? Af hverju nota þá menn ekki sömu rökin núna? Auðvitað báru þáverandi flokkar verulega ábyrgð á því sem þá gerðist þó að það hafi alls ekki gerst í tómarúmi. Ég tók sérstaklega fram varðandi lánamálin að til dæmis ódýrir vextir þýddu að menn tóku hér ótrúlega mikið af lánum. Bankakerfið var undir regluverki sem var afar vanþroskað og átti að vera frjálst, átti að vera á eftirlits, átti að stjórnast af samkeppni sem mundi „regúlera“ og stjórna. Ekkert af því gekk eftir, það er það sem við erum að tala um.

Við erum að fá fyrsta frumvarpið, það er um atvinnu-mál, það er um tekjur ríkissjóðs. Það fellir ekki ríkissjóð, en ef menn ætla að kvarta yfir því að okkur vanti pening til þess að fara í það sem þarf að gera í velferðarmálum og öðru slíku þá byrja menn ekki á því að skera niður 1,5 milljarða að óþörfu. Það er það sem við erum að tala um. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir segir, þetta kallar fram umræðu um miklu stærra sambengi, um umhverfið sem við ætlum að hafa í skattamálum gagnvart einstaklingum, gagnvart fyrirtækjum, í samanburði við útlönd. Hvernig er ferðapjónustan sett hérlendis miðað við erlendis? Hvert er verðið á gistinóttum með 25% virðisaukaskatti hjá sambærilegum fyrirtækjum í Kaupmanna-höfn og hjá okkur sem erum með 7% virðisaukaskatt?

Tökum þá umræðu. Við þurfum á henni að halda því að þetta er líka spurning um verðlagningu, álagningu, hvað menn draga út úr, hagkvæmni og annað slíkt. Eitt stendur eftir; við erum sammála um að ferðapjónustan er ein af okkar grunnstoðum og þarf að lifa. Það á að byggja undir hana en hún á ekki að byggja á fólkskum forsendum þannig að þegar (Forseti hringir.) umhverfið verður eðlilegt þá hrynji hún.

[17:15]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Í tengslum við það að draga til baka þá ákvörðun ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur að hækka virðisaukaskatt á gistinóttum þá eigum við að ræða í heildina skattstefnu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, þá eigum við að bera saman gistinætur og kostnað í Danmörku og víða um heiminn, þá eigum við jafnvel að bera saman hagvöxt hér og hagvöxt annars staðar (**Gripið fram í:** Hálfur milljarður.) — þegar verið er að tala um að draga til baka skattahækkun sem gistiþjónustan, ferðapjónustan öll eins og hún lagði sig, mótmælti.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson kallar eftir því að við ræðum hér og nú skattstefnu núverandi ríkisstjórnar þegar einn og hálfur mánuður eru frá kosningum. En við sem sátum hér á síðasta kjörtímabili höfðum aldrei hugmynd um skattstefnu ríkisstjórnarinnar í aðra veru en þá að hækka skatta í einu og öllu og á alla; rekandi samt öll árin fjárlögin og ríkissjóð með milljarða halla (**Gripið fram í:** Af hverju var það?) [Háreysti í þingsal.] Hér varð hrun, (**Gripið fram í:** Já, var það ekki?) — uppáhaldssetning, og það vita allir að hér varð hrun. En að þetta frumvarp kalli á að draga til baka skattbreytingar fyrri ríkisstjórnar, kalli á að í nefndinni þurfi að ræða skattbreytingar til hækkunar eða lækku-nar næstu ára, gistinætur í Danmörku samanborið við gistinætur á Íslandi. — Virðulegur forseti. Fyrirgefðu, það er gjörsamlega með ólíkindum að slíkur málflutningur skuli koma hér fram og það frá fyrrverandi velferðarráðherra.

[17:18]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseta, sem sagði hér í sinni fyrstu ræðu að mál þyrftu að koma snemma inn svo að við hefðum nægan tíma til að ræða þau. Gott og vel, við erum að fá fyrsta mál. Hvað ætlum við að gefa okkur langan tíma í það?

Það kann að vera að einn og hálfur milljarður skipti engu máli fyrir Sjálfstæðisflokkinn ef hann er gefinn til réttara aðila. (RR: Ömurleg klisja.) En það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur sem erum að ráðstafa og höfum verið að skammta út (RR: Ömurleg klisja.) 30 til 40 milljónum á einstakar stofnanir, verið að mylgra til baka smáaaurum vegna þess að við höfum ekki haft tekjur, og það er það umhverfi sem við erum að glíma við. Ég vil sjá þetta heildarsamhengi núna þegar við erum að leggja af stað með nýrri ríkisstjórn af því að við ætlum að styðja ríkisstjórnina til góðra verka, við ætlum að gera það. Við viljum fá endurveisn í velferðarkerfinu.

Það sviður svolítið að fá ekki tækifæri til að vinna til baka það sem við urðum að draga til baka. Við viljum fá tækifæri til þess, við ætlum að hjálpa ykkur við það. Þið megið þá ekki eyðileggja það með því að draga það í burtu sem þarf til þess að fjármagna það. Um það snýst umræðan í dag. Ég mundi aldrei stinga upp á því að þetta yrði óbreytt ef ég væri ekki sannfærður um að það muni ekki skafa ferðapjónustuna. Ég geri mér alveg grein fyrir því af hverju við lifum. Við lifum auðvitað af þeim tekjum sem við fáum af atvinnulífi okkar.

Við skulum ekki heldur trúá því að með því að skammta þeim nóg og þeim sem mest hafa þá skili það sé best í hinn endann. Það er ekki reyndin sem var fyrir hrun í öllum heiminum og ekki heldur hér á Íslandi, því miður. Við höfum verið að reyna að snúa þessu við og við viljum ekki missa það. Við viljum halda jöfnuði sem verðmæti í íslensku samfélagi og ég vona að okkur takist það. Þess vegna er þetta prinsippmál hvað þetta varðar.

Ég er alveg sammála því að þetta veltir ekki fjárhagnum alveg til og frá. En það er kæruleysislega sagt að einn og hálfur milljarður skipti ekki máli þegar við höfum verið að glíma við 20 til 30 milljónir á einstökum stofnunum úti um allt land.

[17:20]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við æðum hér virðisaukaskatt á ferðapjónustuna, gistináttgjalld. Fram hefur komið í umræðum að ríkissjóður er fjárþurfi, hann vantar fé. Þá spyr ég: Er það brýnasta verkefni nýkjörinnar ríkisstjórnar að leggja ekki á fyrirhugaðan virðisaukaskatt á ferðapjónustuna sem er í bullandi uppgangi? Er þetta það brýnasta sem brennur á núna í upphafi kjörtímabilsins?

Þegar ríkisstjórnin talar um að fara í ýmsar aðgerðir sem kalla á háar fjárhæðir í útgjöldum og ætlað að koma til móts við kosningaloforðin um að bjarga heimilum í landinu með háum fjárhæðum svo skiptir hundruðum milljarða, þá spyr ég: Er það fyrsta mál, er þetta það brýnasta sem þarf að koma í gegn, að leggja ekki á virðisaukaskatt á ferðapjónustu sem er í miklum uppgangi?

Í því samhengi — af því að ég nefndi hag heimilanna og talað var um að það ættu ekki vera íslenskir skattgreiðendur heldur erlendir vogunarsjóðir sem ættu að bera þann kostnað að bæta skuldastöðu heimilanna vegna húsnæðislána — hvað er þá að því að erlendir ferðamenn leggi eitthvað til með því að greiða hærri virðisaukaskatt? Er það ekki samþæringlegt ef menn horfa á það?

Það er ekki ferðapjónustan sjálf sem greiðir þennan virðisaukaskatt heldur þeir sem nýta sér þá þjónustu og það eru auðvitað fyrst og fremst erlendir ferðamenn sem koma til landsins. Þar er aukningin alveg gífurleg og fram undan er svo mikil aukning að við sem þjóð vitum að það getur valdið of miklum ágangi á landið. Ferðamannastaðir vítt og breitt um landið eru ekki undir það búinir að taka við öllum þeim fjölda ferðamanna nema við tökum okkur saman í andlitinu og leggjum meiri fjármuni í uppbyggingu ferðamannastaða, leggjum meiri fjármuni í það að dreifa ferðamönnum sem best um landið og reyna að auka hagvöxtinn bæði hjá litlum ferðapjónustuaðilum jafnt sem þeim stærra. Það kallar á að byggja upp innviði samfélagsins til að koma ferðamönnum með góðum og greiðum hætti út um allt land og styrkja líka almenningsamgöngur í landinu. Þetta gerum við ekki nema við höfum eitthvert fjármagn til þess.

Þess vegna lagði ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili mikla orku í að styðja við uppbyggingu ferðapjónustu í landinu í samvinnu við aðila í ferðapjónustu. Sú vinna skilaði miklum árangri sem við erum núna að horfast í augu við. Ég hef alltaf litið þannig á að ferðapjónustan ætti að standa jafnfætis öðrum atvinnugreinum í landinu og standa undir sömu samfélagslegu ábyrgð með því að greiða skatta sína og skyldur til samfélagsins. Mér finnst að maður verði að horfa á ferðapjónustuna á jafnréttisgrunni til samanburðar við aðrar atvinnugreinar, þannig líf ég á það. Ég lít ekki þannig á að ferðapjónustan eigi að vera í einhverju sérstöku hólfi. Hvers vegna, ef henni gengur vel? Það er ekkert sem bendir til annars en að henni muni ganga vel áfram. Það hefur ekkert komið fram hjá ferðapjónustunni að þessi fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts í 14% hafi haft áhrif á bókamir vítt og breitt um landið. Það hefur ekkert komið fram sem vísar til þess.

Af hverju í ósköpunum ættum við þá sem þjóð og við sem berum ábyrgð á ríkissjóði landsins að fara að gefa afslátt? Eigum við ekki að horfa til þeirra tekjumöguleika sem eru fyrir hendi í landinu frekar en að horfa til þeirra sem hafa ekki burði til þess að greiða meira til samfélagsins en þeir gera? Þá er ég að horfa til láglaunafólks í landinu sem þarf að leggja út fyrir ýmsum hlutum með sínum lágu tekjum og endar ná ekki saman. Einhver verður að standa undir þessu þjóðfélagi, einhver verður að borga hið svokallaða hrun. Þá hlýtur það að vera fyrsta val að horfa til þeirra sem eru í miklum uppgangi, hvort sem það eru einstaklingar sem hafa miklar tekjur og greiða þar með auðlegðarskatt eða fyrirtæki í þeim geira, hvort sem þau eru í sjávarútvegi eða þeir sem kaupa þjónustu í ferðamannagreinum, að þeir greiði þá eitthvað meira til þess að byggja upp, styrkja og rétta af halla ríkissjóðs svo að hægt sé að framkvæma það sem við viljum gjarnan gera en höfum ekki haft efni á.

Við höfum staðið í þeim óvinsælu aðgerðum síðustu fjögur ár að þurfa að draga saman seglín víða. Sérstaklega hefur verið erfitt að þurfa að gera það í velferðarkerfinu og heilbrigðismálum, að taka ýmsar þær ákvarðanir sem eru ekki á stefnuskrá vinstri flokka, en það þarf að gera fleira en gott þykir. Okkur þykir því skýtið að horfa síðan á það þegar ný ríkisstjórn tekur við stjórnartaumunum að henni detti ekkert gáfulegra í hug en að fara að lækka hugsanlegan tekjustofn á grein sem er í bullandi uppgangi, hækkun



mundi ekki hafa áhrif á að ferðamenn hætti við að koma til landsins, síður en svo.

Mig undrar þetta og ég er orðin trúúð á þá kenningu að hægri stjórni hafi ekki nægilega ábyrgja stefnu í efnahagsmálum yfirleitt. Það hefur alltaf verið sú mýta að vinstri menn hefðu ekki hundsvit á peningum, þeir kynnu ekkert með peninga að fara. Þeir vildu bara gefa hægri, vinstri og eyða öllu í einhver velferðarmál og mjúku málin en kynnu ekki að reka ábyrgja efnahagsstefnu. Ég tel að síðustu fjögur ár hafi nú aldeilis afsannað slíkt, takandi við því búi sem hægri menn skildu við á Íslandi, því að rekin var mjög ábyrg efnahagsstefna. Og við erum komin þangað sem við erum komin, að fara úr 216 milljarða halla í um rúma 4 milljarða. Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra er nú búinn að finna það út að um 30 milljarðar séu í halla þó að ég telji að sú tala gangi ekki alveg upp. En ég er hrædd um að hallinn verði ansi mikill ef áfram heldur sem horfir, ef menn ætla að fara í mikil útgjöld á annan kantinn og skera niður tekjupóstana á hinn kantinn. Slík formúla gengur ekki upp í mínum huga. Ég bið, með fullri virðingu fyrir okkar ágæta fjármála- og efnahagsráðherra, að hann endurskoði þetta í ljósi þess að réttara er að taka peningana þar sem þeir eru til frekar en að ætla að leggja þá á almenning í landinu, sérstaklega þann almenning sem hefur kannski ekki úr miklu að spila og getur ekki borið meiri skattbyrðar en hann gerir í dag.

Af því að komið var inn á það áðan að vinstri menn væru mjög skattaglaðir og hefðu hækkað skatta eins og menn hefðu bara gert það sér til ánægju og yndisauka, þá var því nú þveröfugt farið. Farið var út í að taka upp þrepaskipt skattkerfi sem einmitt gerði það að verkum að þeir sem höfðu áður borgað hlutfallslega hærri skatta, lágtekjufólk, greiddu lægri skatta, og þeir sem höfðu hlutfallslega greitt lægri skatta miðað við háar tekjur öxluðu meiri byrðar. Það er jafnaðarmennska og þannig viljum við vinna, vinstra félagshyggjufólk og við jafnaðarmenn allir.

Ýmislegt er hægt að gera fyrir þær tekjur sem nú er verið að tala um að afsala ríkissjóði, 1,5 milljarða á ári. Það eru 6 milljarðar á einu kjörtímabili. Það hefði nú einhvern tíma heyrst hljóð úr horni ef menn ætluðu að henda 6 milljörðum út um gluggann sisvona af aðilum sem hefðu mikla möguleika á að greiða þetta, til dæmis þeir ferðamenn sem koma hingað til landsins. Það væri hægt að gera ýmislegt gott fyrir þá 6 milljarða næstu fjögur árin. Hægt væri að bæta samgöngur, bora einhver jarðgöng, styðja við innanlandsflug í landinu, sem er vissulega orðið þannig að mjög dýrt er orðið að fljúga innan lands og það skiptir máli fyrir ferðaþjónustuna og líka fyrir það fólk sem þarf að nála sér innanlandsflugið. Hægt væri að horfa á það. Hægt væri að jafna húshitunarkostnað á landinu sem allir flokkar á Alþingi hafa talað fyrir en eitthvað gengur nú rölega að ná þeirri jöfnun. Ég virði minni fyrr ríkisstjórn það til vorkunnar að menn höfðu ekki úr miklum peningum að spila. En ef menn hafa núna möguleika á því að henda á næsta kjörtímabili 6 milljörðum út um gluggann ættu þeir að geta gert ýmislegt til að jafna búsetuskilyrði í landinu.

Ótal verkefni biða eins og við þökkjum öll eftir þessi erfiðu fjögur ár sem hægt er að nota fjármagn í. Við eigum að fara núna af stað hægt og bitandi í uppbyggingu innviða

samfélagsins sem við þurftum að draga saman seglin í vegna erfiðs ástands og fjárskorts ríkissjóðs. Þess vegna vil ég brýna núverandi ríkisstjórn að forgangsraða með öðrum hætti, að fara ekki í að skera niður þá pósta sem eru til staðar og hægt er að hafa tekjur af án þess — ég undirstrika það — án þess að skaða greinina. Ég held að það liggi algjörlega ljóst fyrir að við sem stóðum að síðasta stjórnarmeirihluta vildum veg ferðaþjónustunnar í landinu sem mestan og bestan vegna þess að við sáum öll tækifærin sem í henni fólust.

Við bjóðum heldur ekki ferðamönnum að koma hingað til landsins ef innviðirnir eru í lamasessi. Ef okkar fagra náttúra fær ekki þá umhirðu og uppbyggingu sem hún á skilið þá getum við ekki boðið gestum heim ef allt er í ólagi. Þess vegna treysti ég því að menn endurskoði þessa ákvörðun sína.

[17:35]

### Össur Skarphéðinsson (Sf):

Herra forseti. Þar sem þessi umræða hefur að verulegu leyti tekið að snúast um ferðamál er ekki úr vegi, tel ég, að fyrsti ferðamálaráðherra Íslendinga vindi sér í þessa umræðu. Erindi mitt er þó einungis örstutt.

Ég vil í upphafi máls míns trúa hæstv. forseta fyrir því að þó að ég líti svo á að hæstv. fjármálaráðherra sé með allra háttvísustu mönnum sem aka seglum á þessu þingi þá vil ég nú segja að hann hefði átt að sýna þá kurteisi að sitja undir umræðu um sitt fyrsta þingmál sem hann leggur fram sem fjármálaráðherra. Þeim mun heldur segi ég það, virðulegi forseti góður, vegna þess að meginerindi mitt hingað í þennan stól er að í fararbyrjun að óska honum allra heilla í vandasömu embætti. Singlingin verður erfið, en þó að ég sé í mörgum efnun algerlega andstæður skoðunum hæstv. fjármálaráðherra þá hef ég þó af góðu samstarfi við hann í gegnum árin komist að þeirri niðurstöðu að hann er vandadur maður og líklegur til að gegna starfi sínu af mikilli trúmennsku.

Hæstv. fjármálaráðherra er líka pólitískt karlmenni að mínu viti. Hann hefur lifað marga erfiða pólitíska brotsjóji og komist í gegnum þá til hins háa embættis sem hann er núna í og má kannski líkja honum við þann gráa örótta fresskött sem býr á Vesturgötunni og hefur níu líf en er búinn með tólf. Vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra hefur sýnt það í verki, og ég virði hann fyrir það, að honum bregður hvorki við sár né bana þá verð ég líka að trúa hæstv. forseta fyrir því að mér hefur brugðið svólítið í brún við að hlusta á ræður hæstv. fjármálaráðherra frá því að þing kom saman. Þær hafa einkennst af kveini og hálfgerðum grátstöfum undan því að það bú sem hann tekur við sé svo snöggum verra en hann hefði nokkru sinni gert sér grein fyrir. Hefur þó þessi hæstv. fjármálaráðherra setið hér sem óbreyttur þingmaður löngum stundum undir umræðum um fjármál ríkisins þar sem hvert einasta snitti kom fram sem hann hefur fram að færa til rökstuðnings þeirri fullyrðingu að hann taki hér við tífalt verra búi en hann ætlaði.

Það má líka spyrja eins og margir hafa rætt hér á undan mér: Hvernig stendur á því að fjármálaráðherra grætur og kveinar í beinni útsendingu yfir því að búið sem hann tekur við sé svo vont? Hans fyrsta ganga er þó að leggja fram

frumvarp sem gerir það enn þá verra. Í því felst dularfull þverstæða og ef hæstv. fjármálaráðherra hefði sýnt þann mannsið að vera viðstaddur umræðuna hefði ég spurt hann: Hvað veldur?

Ég get ekki annað en tekið undir með þeim sem hér hafa spurt í dag: Hver er sú áætlun sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að fylgja í þessum efnum? Ég trúi því og treysti þegar hæstv. fjármálaráðherra segir eins og hann sagði í gær að það sé skylda sérhvers fjármálaráðherra og góðrar ríkisstjórnar að reyna að skila sem minnstum halla á fjárlögum ríkisins. Ég hefði gjarnan viljað ef hann hefði haft kurteisi til að bera til að vera hér svo hægt væri að spyrja hann að því hvað felist í þeim parti stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem segir að leggja eigi fram skynsamlega áætlun um hallalaus fjárlög. Hvað þýðir það? Að það eigi að demba sér í það á fyrstu árunum að auka skuldir ríkisins?

Herra forseti. Miðað við hvernig kosningabaráttan var háð verð ég líka að segja að ég er undrandi á því að fyrsta málið sem hæstv. ríkisstjórn leggur fram til umræðu sem varðar fjárlög skuli vera þetta mál, ekki vegna þess að ég skilji ekki að hæstv. fjármálaráðherra vill standa við kosningaloforð, ég virði það í sjálfu sér, en það voru gefin önnur kosningaloforð miklu dýrari, miklu röttækari og djúpritari. Öllum þorra almenningi í landinu sem býr við verðtrygð, stökkbreytt lán var gefið til kynna að þegar þessi ríkisstjórn kæmi til valda mundi verulegum parti af oki þessa fólks verða létt af öxlum þess.

Ég hef fullan skilning á því að það sé erfitt fyrir nýja ríkisstjórn, sem ég ætla ekki að saka um reynsluleysi vegna þess að það er frekar kostur en galli, að leggja fram alsköpuð, fullbúin frumvörp. En þegar hæstv. forsætisráðherra, sem slær sér á brjóst, m.a. í ræðum sínum í gær, vegna þeirra áætlana sem hann hyggst beita sér fyrir, kemur til þings slyppur og snauður án þess að leggja fram eitt einasta frumvarp þá kemur mér það á óvart. Mér kemur verulega á óvart að það eina sem við eigum að fá að sjá í þá veru sé minnisblað sem hæstv. forsætisráðherra hefði þess vegna getað rétt samráðherrum sínum um hvaða verkefni hann ætla að vinna til að reyna að standa undir kosningaloforðum sínum. Mig rak í rogastans að sjá það á vefnum áðan að nú er loksins komin sú þingsályktunartilaga þar sem hæstv. forsætisráðherra leggur til að þingið óski eftir því að hann uppfylli sín eigin kosningaloforð. En þar er ekkert að finna nema það á að leita mismunandi leiða. Ég veit að hv. þm. Frosta Sigurjónssyni þykir sárt að sitja undir þessu. Var það þá þannig að Framsóknarflokkurinn hafði ekkert plan? Var þetta bara púðurskot út í loftið og er nú hæstv. fjármálaráðherra að draga í land? Ég veit það ekki, herra forseti, og ég skal segja það alveg ærlega: Það er hugsanlega ósanngjarn að tala með þessum hætti þegar ríkisstjórn er einungis búin að sitja í fjórar eða fimm vikur.

Ég gæti auðvitað vísað til þess að það eru menn í þessum sal sem sögðu blákalt ekki einu sinni, ekki tvisvar heldur þremur sinnum við þorra kjósenda að ef viðkomandi einstaklingur yrði kjörinn á þing, ja, þá mundu þessar leiðréttingar verða gerðar ekki á næsta ári, ekki í haust heldur strax! Það er fært á bók, það er hægt að lesa. Ég ætla ekki að fara frekari orðum um það en ég kenni til með hv. þm. Frosta Sigurjónssyni yfir því hversu sú stefna sem hann

lagði fram fyrir hönd Framsóknarflokksins er grátt leikin.

Það sem ég hefði þó viljað spyrja hæstv. fjármálaráðherra um ef hann væri staddur við umræðu um sitt eigið frumvarp — ég verð að segja að ég minnst þess aldrei að nokkur fjármálaráðherra hafi byrjað sinn feril á því að vera fjarstaddur umræðu um fyrsta málið sem hann leggur fram. **(Gripíð fram í:** Hann er í húsinu.) Mér er alveg sama, herra forseti, þó að hæstv. fjármálaráðherra sé í húsinu en það getur hins vegar vel verið og verður ekki til að greiða fyrir umræðunni ef ég þarf að fara aftur í ræðu til að spyrja þurningar. Hún var þessi: Hefur hæstv. fjármálaráðherra tekið það saman hvað þær yfirlýsingar kosta sem samráðherrarn hans, aðallega úr Framsóknarflokki, hafa gefið á þeim stutta tíma sem lifir frá því að ríkisstjórnin var mynduð? Ég er þá að tala um þær yfirlýsingar sem hæstv. umhverfis-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra gaf varðandi veiðigjald þar sem hann sagði að það væri skýrt að það ætti að lækka. Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra, vegna þess að það skiptir máli eins og komið hefur fram í umræðunni í dag, hversu mikið á að lækka það veiðigjald. Mig langar til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað kosta þau fyrirheit sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hefur gefið ásamt því frumvarpi sem hér liggur fyrir og ýmsum öðrum yfirlýsingum? Hvað kostar það allt? Við þurfum að vita það ef við ætlum að ástunda hér stjórn mála- störf á grundvelli tærlæka og ábyrgðar og það er það sem við viljum öll. Þess vegna undrar það mig að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki við 1. umr. um fjárlög ríkisins treysta sér til að segja okkur frá því hvað þessar aðgerðir kosta. Ég segi það ekki vegna þess að ég sé á móti þeim en ég þarf að vita: Hvað kosta þær? Hæstv. fjármálaráðherra hefur líka sagt okkur að það gapi við 30 milljarða gat. Þá spyr maður sjálfan sig: Er það ábyrgur fjármálaráðherra sem segir: Hér er óvænt 30 milljarða gat, og ætla sér síðan að bæta á það kannski 15–20 milljörðum? Kannski er upphæðin einhver önnur, ég veit það ekki en þeir hljóta að hafa reiknað það út.

Ég sagði í upphafi máls míns að hæstv. fjármálaráðherra hefði komið og grátið og kveinað undan því að búið sem hann tekur við væri svo vont og hann tiltók nokkra þætti. Hann tiltók það t.d. að hagvöxtur væri ekki jafn mikill og menn höfðu ætlað. Fjárlög voru byggð á spá sem var m.a. staðreynd af Seðlabanka Íslands. Hæstv. fjármálaráðherra sagði, og það þótti mér verst í máli hans vegna þess að þar er reyndur maður á dekki, að það hafi komið mjög á óvart að stofnanir hefðu keyrt 6 milljarða fram úr áætlun. Herra trúur, hvaða ríkisstjórn stendur ekki frammi fyrir því í upphafi hvers kjörtímabils, í upphafi nánast hvers árs? Það yrði lítið úr svona vöskum drengjum ef þeir fengju í fangið 216 milljarða halla. Þegar ríkisstjórn stendur andspænis því að stofnanir fara fram úr áætlunum hvað gera menn þá? Þeir fara á dekk. Þeir fara og vinda ofan af því, þeir fara með skrífu og steglu á viðkomandi stofnanir eins og við höfum gert svo oft og koma aftur oft blóðrisa upp á herðablönd en þeir vinna vinnuna sína. Til þess eru hæstv. fjármálaráðherrar. Svipaða ræðu og ég er að halda núna er ég sannfærður um að þessi brosmildi hæstv. fjármálaráðherra hefur mörgum sinnum haldið yfir öðrum, en þetta er verkið sem á og þarf að vinna. Og svo kvartar hæstv. fjármálaráðherra

undan því að ekki sé búið að ganga frá sölu á eignarhlut í fjármálaráðgjafi. Herra forseti. Er það ekki þessi hæstv. fjármálaráðgjafi og þessi góða ríkisstjórn sem nú er tekin við völdum sem hafa talað um að það sé bara eins og að smella fingri að selja tvo banka. Ríkið á slatta í þeim þannig að ég vorkenni mönnum ekki út af þessu.

En ég skal fallast á eitt: Stundum verða áföll og ég tel að það sé áfall ef það er svo að staða Íbúðalánasjóds er orðin með þeim hætti að þeir 13 milljarðar sem hæstv. fjármálaráðgjafi var upplýstur um í desember sl. að þyrfti að láta inn í Íbúðalánasjóð þurfi að gjaldfæra. Það er áfall og ég ætla ekki að fara að kenna nýjum þingmönnum ósiðina með því að rifja upp liðna tíð. En það er samt þannig að það kemur vel á vandan þegar hugsað er til þess að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur algerlega skýrt fram að rekja má ófarir Íbúðalánasjóds aftur til ákvarðana sem eru teknar í upphafi ríkisstjórnarinnar sem tók við 2003. Það var forveri þessa ágæta hæstv. fjármálaráðgjafa í embætti formanns Sjálfstæðisflokksins sem sagði það beinlínis, sagði það hreint út að það hefðu verið mistök Sjálfstæðisflokksins að fallast á kröfur Framsóknarflokksins varðandi Íbúðalánasjóð. Þaðan koma þessir 13 milljarðar, hæstv. fjármálaráðgjafi. Það breytir ekki hinu að við stöndum andspænis því núna og það er verk sem þarf að vinna. Ég get fallist á að það er áfall, en a.m.k. í desember var það ekki skoðun fjármálaráðuneytisins og þeirra vönduðu embættismanna sem þar vinna.

Um málið sjálft, herra forseti, get ég sagt það að ég hefði samþykkt þessa tillögu hæstv. fjármálaráðgjafa ef hann hefði uppfyllt þá reglu sem besta fjármálaráðgjafi Sjálfstæðisflokksins til þessa innrætti mér ungum og grænum ráðgjafa, blautum á bak við eyrun. Hún var þessi: Menn leggja ekki til útgjöld nema sýna með hvaða hætti á að afla á móti. Ef hæstv. fjármálaráðgjafi hefði lagt fram tillögu á móti til að mæta því tekjufalli sem stafar af samþykkt þessa frumvarps hefði ég umsvifalaust — kannski ekki kropsið honum á hnjúm en ég hefði leð honum stuðning minn í þessu máli.

Ég tel nefnilega að varðandi þetta mál sé ein röksemd sem hæstv. fjármálaráðgjafi og fleiri hafa flutt hér í dag. Ég tel ekki að ferðarþjónustunni sé ofvaxið að axla byrði af þessu tagi en ég fellst á það að sú ákvörðun var sett á með of skömmum fyrirvara. En það breytir ekki hinu að ég þarf, samkvæmt þeirri ábyrgð sem mér var innrætt af fyrri fjármálaráðgjafum Sjálfstæðisflokksins, að sjá hvar á að taka tekjur á móti til að ég geti glatt hæstv. fjármálaráðgjafi með því að ljá honum stuðning minn.

Að síðustu þetta: Ég kom til þessa þings albuinn þess og lýsti því yfir að greiða götu frumvarpa sem ég taldi að hæstv. forsætisráðgjafi mundi leggja fram til að uppfylla kosningaloforð sín um að létta verulega það ok sem hvílir á öxlum þeirra sem vöknudu daginn eftir hrun með stökkbreyttar skuldir. Það var það sem ég ætla að gera hér á þessu þingi, ekki vera að nuddast við hæstv. fjármálaráðgjafi út af þessu sem er kannski ekki skitíri en er hjóm eitt á miðað við þann stóra pakka sem hæstv. forsætisráðgjafi lofaði. Ég kom hingað vegna þess að ég trúði hæstv. forsætisráðgjafi. Enn vil ég halda í þá trú mína vegna þess að samstarf mitt við hann, alveg eins og við hæstv. fjármála-

ráðgjafi, hefur aldrei leitt (Forseti hringir.) að annarri niðurstöðu en þeirri (Forseti hringir.) að það er hægt að trúá honum. (Forseti hringir.) En ég er farinn að efast eftir að hafa séð þau mál (Forseti hringir.) sem hér eru lögð fram.

[17:51]

#### **Ragnheiður Ríkhardsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvornig standi á því að þegar til stendur að lækka skatta sem á hafa verið lagðir þá kalli vinstri menn það tekjufall. Mig langar að biðja hann að útskýra í hverju það sé fólgið, hvort alltaf sé út frá því gengið að þegar skattar hækki komi sú upphæð sem út er reiknuð alltaf klár og kvitt inn í ríkissjóð og hvort það hafi verið svo síðustu fjögur ár meðan hv. þm. Össur Skarphéðinsson starfaði sem ráðgjafi. Það er eins og að skattahækkanir séu eignir ríkissjóds og verði að tekjufalli þegar skattar eru lækkaðir. Mig langar að spyrja hann að því.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þingmann hvort ummæli fyrrverandi hæstv. fjármálaráðgjafa Katrínar Júlíusdóttur um að þessi skattur, 14% virðisaukaskattur af gistinóttum, hafi verið vondur hafi verið rædd í ríkisstjórn og hvort menn hafi innan ríkisstjórnarinnar einhvern tíma velt því fyrir sér að fara aðra leið en ákkúrat þá sem hér var valin.

[17:52]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Þau ummæli voru ekki rædd í ríkisstjórn en hins vegar get ég sagt hv. þingmanni að aðgerðin var umdeild á sínum tíma í ríkisstjórninni. Það vissi hv. þingmaður mætavel.

Svarið við fyrri spurningu hv. þingmanns um hvort afnám skatta feli alltaf í sér tekjufall: Oftast, ekki alltaf. En sá góði drengur sem situr mér hér til vinstri handar hefur t.d. nýlega útskýrt að slíkar breytingar leiði samkvæmt hans mati hugsanlega ekki til neins ávinnings fyrr en tiltölulega löngu síðar. Ég leyfi mér meira að segja að vera sammála þeirri skoðun nema í örfáum tilvikum. Ég tel að hægt sé að benda á skatta sem leiði til þess tiltölulega hratt að atvinnulíf glæðist ef þeir eru numdir af, en um þær skattbreytingar held ég að allir sem sitja á Alþingi séu sammála í dag.

Að öðru leyti er ég þeirrar skoðunar að eins og staðan er núna sé það heldur umhendis að ráðast í skattalækkanir. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni frá því síðar í dag að ég vil heldur borga þá skatta sem ég greiði núna ef það tryggir mér ókeypis heilbrigðisþjónustu, ókeypis menntun dætra minna o.s.frv., ef það tryggir mér velferðarkerfi, en að lækka þá. Ég óttast að þær hástemmdu yfirlýsingar sem hæstv. fjármálaráðgjafi gaf í því sem ég kallaði dýrustu ræðu Íslandssögunnar sem var landsfundarræða hans sé ekki hægt að standa við öðruvísi en að einkavæða heilbrigðiskerfið, eins og mér fannst reyndar liggja í þeirri ræðu líka.

Um skattaþjónu síðustu ríkisstjórnar hef ég þetta að segja. Þá skatta sem við hækkuðum, eins og t.d. fjármagnstekjuskattinn, hækkuðum við minna en t.d. ríkisstjórn íhaldsmanna í Bretlandi. Við hækkuðum einnig

skatta með þeim hætti að við erum um miðjan skattstiga OECD. Það er ekki hægt að kalla þrældóm, er það? (Forseti hringir.) Ég veit að hv. þingmaður er mér algerlega samála um það (Forseti hringir.) eins og svo margt annað í hjarta sínu.

[17:55]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður saknaði mín héðan úr þingsal meðan hann flutti ræðu sína og mér þykir vænt um það. Ég var m.a. að flytja landsmönnum í útvarpsþætti fréttir af stöðu ríkisfjármála sem hv. þingmaður var einmitt að fjalla um í ræðu sinni í víðu samhengi. Það veur athygli á hversu breiðum grundvelli umræðan er í dag vegna frumvarps sem fjallar eingöngu um að kalla aftur ákvörðun um að hækka virðisaukaskatt á gistipjónustu í landinu. Það er ágætt, það er gott að fá tilefni til að ræða efnahagsmálin í víðu samhengi á upphafsdögum þingsins og eflaust gefast fleiri tækifæri til þess.

Mér fannst gæta ákveðins misskilnings hjá hv. þingmanni þegar hann lét að því liggja að nýviðtekin ríkisstjórn væri mjög að kveinka sér undan stöðu ríkisfjármála. Það er ekki svo, en það skiptir okkur miklu máli að upplýsa um stöðuna eins og hún er, nákvæmlega eins og hún er. Það er staðreynd að lægri hagvaxtarhorfur á yfirstandandi ári munu leiða til þess að tekjur ríkisins af umsvifum í samfélaginu verða minni en menn ætluðu sér. Sama gildir um eignasöluna sem vikið var að.

Ég tel reyndar að það hefði átt að vera fyrirséð að 13 milljarða framlagið sem menn horfðu til að kæmi til Íbúðalánasjóds á þessu ári mundi ekki duga til að standa undir einhverri eignamyndun ríkisins hjá Íbúðalánasjóði. Þá er nærtækt að horfa til þess hversu langt undir eiginfjárviðmiðum Íbúðalánasjóður hefur verið rekin í langan tíma.

Allt þetta tel ég að hafi með einum eða öðrum hætti verið fyrirséð og þetta kom fram (Forseti hringir.) undir fjárlagaumræðu undir lok síðasta árs. Það stefnir því miður í að hallinn verði í kringum 30 milljarðar en ekki nálægt jöfnuði eins og fyrri ríkisstjórn hefur alltaf talað.

[17:57]

**Óssur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Það merkasta sem hæstv. fjármálaráðherra hefur enn sagt á skömmum ferli sínum voru þau orð sem hann sagði áðan, og ég tek undir með honum um það, það er gott að vera saknað. Ég fann það þegar ég kom heim til mín eftir sex ára fjarveru í ráðuneyti.

Það breytir ekki hinu að hæstv. ráðherra skaut sér undan fyrirsprungnum mínum. Þær voru þessar: Hvað munu þær aðgerðir sem hinir ýmsustu ráðherrar núverandi hæstv. ríkisstjórnar hafa lýst yfir að þeir hyggjast ráðast í á þessu ári, kosta, bæði þær sem leiða til aukinna útgjalda og eins hinar sem kunna að leiða til minni tekna?

Þetta er spurning sem ég vænti þess að þegar hæstv. fjármálaráðherra var fjarri hérna áðan til þess að boða landsmönnum stöðuna í ríkisfjármálum, að hann hafi líka upplýst það. Ég var hér í ræðu minni áðan, m.a. undir lok hennar og hæstv. ráðherra var þá kominn og hlustaði, að

segja að ég tel að hæstv. ráðherra sé vandaður maður. Slíkir menn, þegar þeir birta landsmönnum stöðuna í ríkisfjármálum, greina þá væntanlega líka frá því hvað þær aðgerðir sem þeir eru að grípa til kosta, svo að ég endurtek þessa spurningu mína.

[17:58]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Frumvarpið sem við ræðum hér hefur væntanlega neikvæð áhrif á ríkissjóð um u.þ.b. 500 milljónir á yfirstandandi ári. Það er vandi sem við þurfum að glíma við ásamt með hinum 30 milljörðunum sem ríkisstjórnin skildi eftir sig en hafði ekki gert ráð fyrir. Þetta er vissulega stór vandi og það er í forgangi hjá okkur á fyrstu dögum okkar í Stjórnarráðinu að glíma við hann og setja saman áætlun sem verður lögð fram ásamt fjárlagafrumvarpinu í haust um það hvernig við höggvum hann niður og snúum ríkisfjármálanum úr halla yfir í afgang á næstu missirum og árum.

Það er ekkert áhlaupsverk, það hefur fráfarandi ríkisstjórn reynt. En því miður hefur það gerst undanfarin ár, á hverju einasta ári, að hástemmdar yfirlýsingar um að nú væri frumjöfnuði náð, eins og lýst var yfir árið 2011 en það ár var frumjöfnuður í nokkurra tuga milljarða mínus, eða að heildarjöfnuði hafi verið náð eins og lýst var yfir þegar fjárlög voru kláruð fyrir þetta ár, hafa reynt innantóm orð, allar þessar yfirlýsingar því miður. Það er himinn og haf á milli niðurstöðunnar í ríkisfjármálum á hverju einasta ári, fjögur ár aftur í tímann, og þess sem lagt var upp með að ætti að gerast. Þessu þarf að breyta þegar við horfum til lengri tíma. Það virðist vanta meira raunsæi í ríkisfjármála-gerðina eða fjárlagagerðina.

Svo erum við að hluta til líka að upplifa að það fauk ákveðin verðbólga í stjórnmálin og útgjaldaloforðin í aðdraganda kosninga og teknar voru ákvarðanir á yfirstandandi ári (Gripið fram í.) sem við erum að súpa seyðid af.

[18:00]

**Óssur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Það seyði sem hæstv. fjármálaráðherra var að kvarta undan að hann þurfi nú að drekka er að hluta til af honum sjálfum runnið. Hæstv. fjármálaráðherra og flokkur hans studdi mjög stóran hluta af því sem hann er að gera skóna að sé undan rifjum kosninganna runnið, þannig er það. Hv. þingmanni kom það ekki á óvart.

Hæstv. fjármálaráðherra gekkst hins vegar við því í ræðu sinni áðan, sem hann á lof skilið fyrir að gera, að vandi Íbúðalánasjóds sem sannarlega er ærinn var honum kynntur eins og öðrum þingmönnum í umræðu undir lok síðasta árs. Hann vissi af honum. Það er eini parturinn af þeim vanda sem hann segist hafa fengið í fangið, og er að því er virðist á fyrstu dögum að kíkna í sporinu undan, sem ég get fallist á að sé óvæntur. Ef sú staða er uppi að það þurfi að gjaldfæra þetta er það óvænt. Hann vissi eigi að síður af því.

Hinu er ósvarað af hálfu hæstv. fjármálaráðherra hvað þær aðgerðir kosta samtals sem þarf að ráðast í til að uppfylla þau loforð sem nýir ráðherrar hafa gefið. Ef hæstv.

ráðherra er samkvæmur sjálfum sér um tærlaika og nauðsyn þess að leggja allt á borðið hefði honum borið að segja þjóðinni frá því og líka okkur á þingi. Það eru ærleg og tær vinnubrögð sem ég vænti þess að hæstv. ráðherra muni ástunda eins og fyrir ríkisstjórn.

[18:02]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill upplýsa áður en lengra er haldið að gert er ráð fyrir kvöldverðarhléi frá klukkum 19.00–19.30. Að því búnu verður haldið áfram með þá dagskrá eins og hún liggur fyrir á þeim tímupunkti.

[18:03]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns á 142. löggjafarþingi, þegar Alþingi kemur saman að nýju, vil ég óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í störfum sínum, stjórnarmeirihlutunum og minni hlutanum. Það væri óskandi að við notuðum orðin stjórnarmeirihluti og stjórnarminnihluti oftast en orðin stjórn og stjórnarandstaða. Ríkisstjórninni óska ég velfarnaðar í störfum. Megi störf hennar verða landi og þjóð til góðs svo og störf okkar sem skipum minni hlutann að þessu sinni — það verður, held ég, hins vegar ekkert mjög lengi miðað við fyrstu skref.

Alla nýja þingmenn býð ég hjartanlega velkomna til starfa. Ég óska eftir góðu samstarfi við þá svo og eldri þingmenn sem náðu endurkjöri og eru komnir aftur hingað til starfa. Megi störf okkar hér á Alþingi verða landi og þjóð til heilla og megji þau jafnvel breytast töluvert frá því sem var á síðasta kjörtímabili. Ég held að það yrði þarft og gott framlag okkar til þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Við ræðum hér fyrsta mál á nýju þingi, fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar, fyrsta mál stjórnarmeirihlutans, sem er um það að fella á brott gildistöku laga sem gerðu ráð fyrir að virðisaukaskattur á sölu á gististarfsemi yrði hækkaður úr 7% í 14%. Ákvörðunin sem var tekin við síðustu fjárlagagerð var ein af þeim ákvörðunum sem við í stjórnarmeirihluta á því kjörtímabili þurftum að taka og stundum — svo að ég verði hreinskilinn og segi það eins og er — með óbragð í munn. Það fylgdi því engin gleði hvort sem verið var að hækka skatta eða skera niður til velferðarmála eða annarra málaflökka. Sú ríkisstjórn vann hins vegar kraftaverk við að bjarga þjóðinni frá gjaldproti eins og mál stöðu við hrúnið sem oft hefur verið gert að umtalsefni.

Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að sá sem hér stendur tók líka þátt í því að lækka virðisaukaskatt af gistipjónustu, úr 14% í 7%, árið 2007. Þannig geta málin nú æxlast hjá meiri hluta og minni hluta.

Ég ætla að gera að umtalsefni það sem komið er inn á í byrjun, þ.e. í stefnuýfirlýsingunni, um að einfalda eigi skattkerfið á kjörtímabilinu. Einnig segir að neysluskatta eigi að jafna og einfalda. Ég get að sjálfsögðu tekið undir þetta, það hljóta allir þingmenn að gera vegna þess að skattkerfið er mjög flókið. Ég tek eitt dæmi af þeirri atvinnustarfsemi sem hér hefur verið rædd í dag sem rifjaðist upp fyrir mér. Við gerð síðustu fjárlaga, þegar hagsmunaaðilar streymdu á fund nefndarmanna á atvinnuveganefnd til að

færa fram rök sín og mótrök, var mér sagt þetta dæmi af ferðapjónustuaðila, og vil ég nefna það hér sem dæmi um hve flókið skattkerfið er:

Rekstur ferðaskrifstofu er virðisaukaskattsfrjál. Ferðaskrifstofa getur selt mér þjónustu fyrir 100 þús. kr., tókum bara þá tölu sem dæmi. Hún getur verðlagt þá þjónustu þannig til uppgjörs að ég hafi borgað 25 þús. kr. fyrir gistingu og 25 þús. kr. fyrir mat og drykk — tókum sem dæmi áfenga drykki, sem eru þá með 25,5% virðisaukaskatti. Þannig er þessi pakki verðlagður á 50 þús. kr. sem skilar sér þá í virðisaukaskatti, sem útskattur og innskattur í uppgjöri þessa fyrirtækis, en 50 þús. kr., sem hægt er að segja að hafi verið starfsemi ferðaskrifstofunnar, eru með núll í virðisaukaskatt. Þetta er dæmi um flókið skattkerfi, flókið fyrir þá sem þurfa að gera upp, flókið fyrir þá sem starfa í greininni, hvernig þetta er slegið inn í kassa, og flókið til uppgjörs hjá endurskoðendum og þeim sem sjá um uppgjörið.

Virðulegi forseti. Þetta er dæmi sem enginn vandi er að taka og fjölmargt annað væri hægt að nefna. Ef ég leigi mér til dæmis hest og fer í útreiðartúr er það ekki með virðisaukaskatt, ef ég man rétt, en ef ég leigi mér aftur hest og leiðsögumann ber það virðisaukaskatt — kannski var það öfugt. Ég ætla að taka fram að ég hafði ekki tíma í dag til að fletta upp í gögnum um einhvern veginn þannig er það.

Ég nefni annað dæmi: Ef túristi fer í hringferð um landið með rútu ber það ekki virðisaukaskatt, en taki hann bíla-leigubíl og fylli hann af farþegum ber það virðisaukaskatt. Ég er hjartanlega sammála því að þarna má taka til og lagfæra. En það er í svo mörgu öðru í þessu blessaða kerfi okkar hér á Íslandi sem er svo flókið og erfitt að fara í gegnum. Ferðapjónustuaðilarnir sem komu til okkar í atvinnuveganefnd og ræddu við okkur nefndarfólk á síðasta kjörtímabili settu upp heimasíðu þar sem hægt var að sjá hve margir þeirra sem seldu gistipjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu væru ekki með virðisaukaskattsnúmer. Það leiðir hugann aftur að því sem ríkisskattstjóri sagði í blöðunum í ger, að því er mig minnir, um stórátak til að fylgjast með ferðapjónustunni. Það átak á að hefjast á þessu sumri.

Virðulegi forseti. Ég tek það skýrt fram að það voru ferðapjónustuaðilar sem komu til okkar og bentu á þessi atriði þegar þeir voru að tala fyrir því að skattinn ætti ekki að hækka heldur ætti að fara í auknið eftirlit. Ef allar tekjur í ferðapjónustunni mundu skila sér yrðu tekjur ríkissjóðs kannski sambærilegar við það sem orðið hefði með umræddri hækkun.

Ég sagði hér áðan að það hefði ekki alltaf verið með gleði sem menn tóku þátt í að samþykka ýmsar skattahækkunar eða niðurskurð. Þetta var mér ekki gleðiefni. Það versta við þetta mál var hve seint það kom fram, við verðum að vinna hlutina langt fram í tímann ef við ætlum að taka svona ákvarðanir.

Virðulegi forseti. Margt má segja um það frumvarp sem hér er lagt fram. Það sem mér finnst verst er það sem gert hefur verið að umtalsefni í dag og blandast inn í aðgerðir í ríkisfjármálum, þ.e. hver verður hallinn á ríkissjóði, ágiskunarir í þeim efnunum — tekjurnar á fyrsta þriðjungi ársins skila sér frekar hægt, við vitum að tekjur skila sér betur á seinni mánuðum. Hver verður hallinn? Hér er það ekki tek-

ið fyrir. Það á að vera leiðarstef, hvort sem menn eru að hækka skatta eða lækka, hvað menn ætla að skera niður í staðinn. Hvað verður skorið niður á þessu ári sem nemur 500 milljónum sem eru áætlaðar tekjur? Ætlar ríkisstjórnin að ráðast á velferðarmál eða á hvað á að ráðast? Og hvað á að gera ef 1,5 milljarðar skila sér ekki á næsta ári? Hvað á að skera niður eða hvar á að ná í meiri tekjur? Eins og komið hefur fram í máli hæstv. fjármálaráðherra vitum við að á fyrsta þriðjungi hefur sala gistinátta aukist um 28 eða 30%. Það gefur vonandi auknar tekjur. Vonandi hefur það allt verið inni í starfsemi með virðisaukaskattsnúmer.

Hvernig á yfir höfuð að fara í gegnum þetta? Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér áðan á það að vera leiðarstef þegar menn gera svona hluti — sá fjármálaráðherra sem hann vitnaði til kenndi honum það — að benda um leið á hvað skera eigi niður. Það lærðum við líka þegar við vorum að berjast fyrir málum sem ráðherrar að innan ríkisstjórnar þyrfti í leiðinni að benda á þau atriði.

Virðulegi forseti. Ég vil í seinni hluta ræðu minnar aðeins koma að því sem hér hefur líka verið gert að umtals-efni, þ.e. hvort ferðamenn séu orðnir allt of margir, hvort við þurfum að fara að segja: Halló, halló, nei takk, kvóttinn er búinn, það eru komnir svo margir, það getur enginn komið hingað í október, nóvember og desember. Að mínu mati eru ferðamenn ekkert of margir til Íslands, þeim má fjölga. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat sér þess til að þau 700 þúsund sem eru að koma núna — ef spár á næstu árum, sem gera ráð fyrir milljón ferðamönnum, að mig minnir, ganga eftir þá verður það ekkert of mikið ef unnið er að því að lengja tímabilið í báðar áttir, eins og er að gerast í dag, og líka að því að dreifa ferðamönnum á fleiri staði á landinu.

Það er margt annað hægt að gera en ganga um Reykjavík og skoða söfn — og ganga þá um marmaragólf sem skemmast ekki — eða fara á Gullfoss og Geysi. Það eru fleiri staðir til að fara á. Það er ánægjulegt að verða þess áskynja, eins og er í mínu landsbyggðarkjördæmi, að ferðaþjónusta hefur verið að lengjast í báðar áttir. Það er hið besta mál. Þetta eigum við að skipuleggja og við eigum að gera ferðamönnum kleift að ferðast um landið á öðrum tíma en yfir hásumarið þegar mesta ásóknin er. Það gerum við með bættum samgöngum.

Ég get sagt fyrir minn heimabæ að tilkoma Héðinsfjarðarganga, stórbættar samgöngur, hefur gert það að verkum að þar er ferðamenskutímabilið að lengjast í báðar áttir. Ég sit oft í bakariinu á Siglufirði í morgunkaffi þegar ég kem þangað og um miðjan nóvember varð ég þess áskynja að þar voru fimm Ítalir á ferð, ég hef aldrei orðið þess var áður á þeim tíma. Ég hef aldrei á ævi minni orðið þess var áður. Tilkoma hins mikla samgöngumannvirkis gerði þetta að verkum og uppbygging er að verða í ferðaþjónustu þar. Ein glæsilegasta uppbygging sem orðið hefur hin síðari ár hér á landi er að eiga sér stað þar vegna þess að við bættum innviðina, við bættum samgöngurnar. Það gerir að verkum að ferðamenn geta heimsótt Siglufjörð og þar með dreifst um landið og séð meira en það sem er hér í nágrenninu.

Virðulegi forseti. Við erum búin að byggja upp helm-inginn af veginum að Dettifossi, niður að fossi frá Þjóðvegi. Ferðamenn ætluðu að fara þangað nú í vetur, og treystu á

vetrarþjónustuna sem við erum að kalla eftir, en þá var ófært. Af hverju var ófært? Jú, vegna þess að ríkisapparatið, ríkissjóður, gerði ekki ráð fyrir að það þyrfti að hirða þann vegg, að það þyrfti að moka snjó af honum svo að ferðamenn kæmst þar um. Við þurfum að skapa skilyrði þannig að ferðamenn geti farið á fleiri staði á landinu.

Lenging Akureyrarflugvallar 2007 og 2008 gerir að verkum að Akureyrarflugvöllur getur tekið við öllum flugvélum til landsins. Af hverju er ekki meira um beint flug til Akureyrar eða Egilsstaða? Er það kannski vegna þess að ríkisapparatið, og þá á ég við ríkisfyrirtækin, vill stýra öllu inn á Keflavíkurflugvöll og taka það allt þar í gegn?

Virðulegi forseti. Ég get líka tekið dæmi um hina aðal-aðkomuleiðina til landsins fyrir ferðamenn — þeir sem ekki lenda í Keflavík koma með Norrænu og þeir koma í land á Seyðisfirði. Er þaðlegt að þeir þurfi að keyra upp í 600 metra hæð? Við höfum í fréttum upp á síðkastið heyrnt um erfiðleika þar, hvort sem er að ræða rútur eða einkabíla. Nei, þetta er ekki hægt. Ríkissjóður verður að koma inn í dæmið og hjálpa til við að bæta þær samgöngur þannig að fólk sitji við sama borð, hvort sem það kemur til landsins siglandi með Norrænu til Seyðisfjarðar eða fljúgandi og lendir í Keflavík.

Ég vil að lokum segja að ferðaþjónustan er mikilvæg atvinnugrein, er jafnvel að sigla fram úr því sem við köllum höfuðatvinnuveginum, sjávarútveginum, í skapandi þjóðar-tekjum, og það er gott. Þetta er meðal annars að gerast, fyrir tilverknað fyrrverandi ríkisstjórnar, vegna átaks til að fá fleiri ferðamenn til landsins: *Ísland allt árið* o.s.frv. En þá verðum við að vera tilbúin að taka á móti fólki. Þá kemur að því sem ég sagði áðan: Að mínu mati eru ferðamenn ekki of margir. Landið þolir alveg milljón farþega, og jafnvel fleiri, ef við skipuleggjum það og búum til þannig pakka að menn geti farið á fleiri staði en þá staði sem sér-staklega eru heimsóttir og hafa orðið fyrir miklum átroðningi vegna tilkomu ferðamanna.

Ég er þeirra skoðunar, virðulegi forseti, og hef sannfærst um það eftir samtal mitt við ferðaþjónustuaðila, að við eigum að taka upp svokallaðan ferðamannapassa fyrir þá sem koma til landsins, aðgöngupassa að þeim náttúruauðlindum sem fólk vill fara að skoða, hvort sem það er Gullfoss, Geysir, keyra í gegnum Héðinsfjarðargöng til Siglufjarðar, fara í Ásbyrgi eða hvað við viljum nefna. Þá peninga á að nota til að gera stóráttak í að bæta aðgengi ferðamanna að ferðamannaparadísum okkar og koma í veg fyrir frekari skemmdir sem verða vegna þess mikla fjölda ferðamanna sem kys að koma til landsins og gerir það í miklum mæli núna. Við skulum heldur ekki gleyma því, gott fólk, og virðulegi forseti, að það er að hluta til vegna þess að ís-enska krónan hefur hrunið.

[18:18]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Á fyrsta þingdegi nýs stjórnarmeiri-hluta á maður að vera jákvæður, og út af fyrir sig má segja jákvætt um það mál sem hér er lagt fram að það gefur tækifæri til þess í upphafi kjörtímabils að hafa eldhúsdag og fara nokkuð ítarlega yfir það grundvallarsvið sem ríkisfjármálin eru í þinginu. Þar sem er það eiginlega upptalið sem

hægt er að segja sérstaklega jákvætt um þetta, fyrir utan það auðvitað að alltaf er gleðilegt ef hægt er að lækka skatta.

Það að þetta mál sé hins vegar fyrst á dagskránni hlýtur að vekja nokkra furðu um forgangsröðunina í þinginu. Maður spyr eftir góða umræðu og ágæta þátttöku Sjálfstæðisflokksins: Hvar er Framsóknarflokkurinn í þessari umræðu? Hvar hefur Framsóknarflokkurinn verið í umræðunni í dag? Hvar eru talsmenn Framsóknarflokksins, leiðandi stjórnarflokksins í fyrsta frumvarpinu sem lagt er fyrir þingið og sem varðar ríkisfjármál og efnahagsmál? Ég kalla eftir því að heyra í talsmönnum Framsóknarflokksins af því að eitt af því sem manni finnst kannski einkennilegast við að sjá svona skattalækkunarútfærslur Sjálfstæðisflokksins fyrst á dagskránni er að legið hefur fyrir, yfirlýst af hálfu minni hlutans eða stjórnarandstöðunnar, að þau mál sem Framsóknarflokkurinn ekki síst bar fram í kosningabaráttunni, þ.e. afnám verðtryggingar og skuldavandi heimilanna, væru með því lýðræðislega umboði Framsóknarflokksins og með það afl að baki sér að þeim málum sem þannig kæmu fram á sumarþinginu yrði sérstaklega greidd leið í gegnum þingið, jafnvel þó svo að stjórnarandstöðuflokkarnir kynnu að hafa einhver önnur sjónarmið um einstök atriði, útfærslur eða kostnað eða annað þess háttar. Þetta er ákaflega fátítt. Þess vegna átti ég auðvitað von á því sem formaður þingflokks eins af stjórnarandstöðuflokkunum að Framsóknarflokkurinn gripi þessi nýmæli og að við sæjum hér á dagskrá á fyrsta þingdegi einmitt þau mál sem við gætum sameinast um að afgreiða.

Út af fyrir sig er hægt að þakka fyrir að það er svona þínulítið jákvætt skref, sem kann að hafa einhver áhrif einhvern tíma, að sjá annað mál á dagskrá en það varðar úrlausn gengislanamála en ekki skuldavanda heimilanna, ekki niðurfærslu verðtryggðra íslenskra lána og ekki afnám verðtryggingarinnar. Þau mál er bara hvergi að sjá á dagskránni.

Ástæðan fyrir því að maður hefur aðeins áhyggjur af því að sjá þessa forgangsröðun mála er að teft er að minnsta kosti á tvær hættur fyrir nýja ríkisstjórn. Að fara af stað með því að uppfylla skattalækkunarloforð Sjálfstæðisflokksins um að afnema auðlegðarskatt, eins og þeir hafa lýst yfir og mun kosta tugi milljarða á kjörtímabilinu, um að lækka veiðigjaldið eins og hefur verið lýst yfir, og nú um þennan tiltekna skatt og síðan um allt það sem komið er á útgjaldahlíðina. Og einhvern veginn telja menn að allt sé tilbúið og útfært í þeim efnum en eru ekki tilbúnir til þess að taka ákvörðun um að ráðstafa fjármunum í höfuðmál kosninganna. Auðvitað hefur maður áhyggjur af því að búið verði að eyða því svigrúmi sem kann að vera fyrir hendi þegar loksins allar 19 nefndirnar um skuldavandann og verðtrygginguna skila af sér.

Þess vegna hélt ég að Framsóknarflokkurinn mundi taka þessu góða boði stjórnarandstöðunnar og einfaldlega koma hingað inn með hin útfærðu mál þar sem forustumenn hans höfðu lýst því yfir að hægt væri að ráðast í þær aðgerðir þegar í sumar. Um ýmis úrræði sem lofað var eru einfaldlega til frumvörp og þau eru til hér í þinginu, við þurfum ekki að fara lengi yfir það. Það er þannig að tilbúin lykklafrumvörp liggja hér fyrir, það er ekkert annað en að ljósrita

þau. Hugmyndir um afnám verðtryggingar liggja fyrir sem voru ræddar í efnahags- og viðskiptanefnd á síðasta kjörtímabili þó að Sjálfstæðisflokkurinn reyndist ekki vera tilbúinn til að mynda þverpólítiska samstöðu um það. Og það var nefnd að störfum þá. Þau frumvörp eiga því ekki að vera neitt vanbúnari mál en það mál sem við erum að lesa um og eigum að ræða um hér.

Guð minn góður, virðulegir þingmenn, hvað er vanbúið mál ef ekki lækkun á sköttum sem fær slíka umsögn eins og það fær þegar ekki liggur fyrir nein heildaráætlun í ríkisfjármálum en ítrekaðar yfirlýsingar bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra um að gatið í ríkissjóði sé meira en þeir hugðu? Það er náttúrlega býsna vanbúið mál. En pólitísk ákvörðun hefur bara verið tekin um það að eyða 1,5 milljörðum á ári í þetta sem forgangsverkefni. Maður hefði auðvitað haldið að ákvarðanirnar um að ráðstafa fjármunum í forgangsverkefnið myndu lúta að skuldavanda heimilanna á þessu þingi vegna þess eins og ég segi, það var yfirlýst af okkar hálfu að við mundum greiða því leið. Ekki þar fyrir að við munum leggja sérstaklega gegn afgreiðslu annarra mála, auðvitað munum við einfaldlega ræða þau í þinginu og fá um þau málefnalega umfjöllun í nefndum.

Ég verð að segja um þetta frumvarp með líkum hætti og félagi minn hv. þm. Össur Skarphéðinsson að eftir að hafa verið lengi bæði í sveitarstjórn áður og síðan hér á þinginu, m.a. mitt fyrsta kjörtímabil í fjárlaganefnd þingsins og sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar á síðasta kjörtímabili, og eftir að hafa verið hér á vaktinni þegar landið hrundi, þá er það almennt mjög varasamt að stofna til útgjalda eða afsala sér tekjum án þess að gera um leið aðrar ráðstafanir á móti. Það er almennt ætlast til þess við rekstur til að mynda sveitarsjóða. Ég hygg að menn úr öllum stjórnmalaflokkum hafi lært það af biturri reynslu að menn verði að setja í senn fram hugmyndir um tekjur og útgjöld eða þegar þeir gefa eftir tekjur hvar þeir ætli þá að skera niður. Það þýðir ekki að tala um að það að lækka virðisaukaskattspróscentuna á gistingu í landinu um helming muni tvöfalda komu ferðamanna til Íslands á örfáum mánuðum og þannig skila sömu tekjum. Það er augljóslega ekki þannig.

Auðvitað getur lág skattlagning í einhverjum greinum yfir lengri tíma skilað einhverjum árangri til aukningar, en augljóslega er þetta ákvörðun um að gefa frá sér tekjur. Það er kannski helst það samhengi að farið er af stað með því að fara í aukin útgjöld á fjölmörgum sviðum, í það að afsala sér tekjum á fjölmörgum sviðum, þegar um leið menn vita að ríkissjóður er í ár enn rekin með verulegum halla, og vita líka hversu mikið lífsspursmál það er fyrir ríkissjóð, fyrir lánakjör atvinnuflúfns í landinu, fyrir afnám gjaldeyrishafta, fyrir almenn lífsskjör Íslendinga og atvinnusköpun í landinu að ná hallalausum rekstri á næsta ári, að skapa Íslandi þann trúverðugleika sem því fylgir.

Ástæðan fyrir því að maður er hugsí yfir þessu er að ég hef verið í sporum Framsóknarflokksins. Ég hef lagt af stað glaðbeittur í nýtt kjörtímabil í samstjórn með Sjálfstæðisflokknum, það var árið 2007. Ég get sagt nýjum þingmönnum Framsóknarflokksins, kannski sérstaklega, en þingmenn Sjálfstæðisflokksins mega einnig heyra það, að við höfðum líka býsna háar hugmyndir um allt það sem við gætum gert. Eitt af því sem við höldum að við gætum gert var að lækka

þennan tilgreinda virðisaukaskatt einmitt úr 14% í 7%. Og mikið óskaplega vorum við ánægð með það. Hver er ekki ánægður með að geta staðið í þessum stóli og talað fyrir skattalækkingum? Hver vill ekki annars vegar tryggja öfluga velferð en síðan eins lága skatta og mögulegt er til að standa undir henni?

Við fluttum efnislega svipaða tillögu, ætli það hafi ekki verið á haustþingi 2007. En sá sem hefur lagt þannig af stað og upplifað það síðan jafn hraustlega og við fengum að upplifa það að ríkissjóður hafði ekki efni á því og að ríkissjóður og staða hans er undirstaðan fyrir allri lánastarfsemi til atvinnulífsins í landinu, allri fjármögnun bankakerfisins og líf skjara allra heimilanna í landinu, hann hefur lært að hér þarf að ganga hægt um gleðinnar dyr. Þess vegna er að hluta til kallað eftir því að fá heildarmynd af þessu þegar stjórnarflokkarnir gefa út yfirlýsingar um að þeir ætli að lækka þennan skatt, þeir ætli að hætta að láta eignafólkið borga auðlegðarskatt, sem er margir milljarðar á ári, þegar þeir lýsa því yfir að þeir ætli að lækka sérstaka veiðigjaldið, jafnvel verulega, og þeir ætli að stofna til hinna og þessara útgjalda. Þetta eru auðvitað bara pólitískar áherslur þessa stjórnarmeirihluta, allt í lagi.

Stjórnarmeirihlutinn leggur áherslu á að virðisaukaskattur verði ekki hækkadur á gistingu á hótelum og gistiheimilum. Ég verð að segja að ef nauðsynlega þarf að borga skatta finnst mér nú heldur skárra að erlendir ferðamenn greiði þá en venjulegt íslenskt launafólk. Meiri hlutinn leggur áherslu á að afnema auðlegðarskatt af ríkasta fólkinu í landinu. Hann leggur áherslu á að lækka sérstaka veiðigjaldið í útgerðinni þegar hagnaðurinn þar er meiri en hann hefur nokkru sinni verið fyrir í sögu Íslands. En þetta eru einfaldlega pólitískar áherslur.

Við köllum hins vegar eftir því að þær séu hluti af ábyrgri áætlun í ríkisfjármálum, að fyrir framan okkur sé heildarmynd um það með hvaða hætti skuldir, útgjöld og tekjur ríkissjóðs þróist á kjörtímabilinu með þessum pólitísku áherslum. Við teljum að við höfum lært það af reynslunni og eigum að hafa lært það í öllum flokkum að við þurfum að vanda sérstaklega til verka þegar kemur að ríkisfjármálum og stjórn efnahagsmála því að okkur Íslendingum hættir til að missa agann, freistumst til að skrifa gúmmítekkann, gefa aðeins út úr gleðibankanum. Þess vegna er ákaflega mikilvægt fyrir okkur, hvar í flokki sem menn standa, að menn séu með heildstæða áætlun um ríkisfjármálin með pólitískum áherslum sínum. Þá getum við bara deilt um hinar pólitísku áherslur, hvort rétt sé að lækka þennan skatt eða lækka hinn skattinn, af því að það er eitt-hvert plan í gangi. Það er búið að sýna fjárhagsáætlun. Og eftir því hljóta menn að kalla ef gerðar eru umtalsverðar breytingar hvort sem það er í fyrirtæki, félagasamtökum, sveitarfélagi eða hér í þinginu.

Það er sá skortur sem er tilfinnanlegur í þessari umræðu af því að sumum kann að þykja að 1,5 milljarðar séu ekki mikið á ári. En þegar hart er í ári geta 1,5 milljarðar verið gríðarlega mikið þegar ekki er í neinar skúffur að fara. Það sem skiptir máli líka er að boðað hefur verið frumvarp um lækkingu á veiðigjaldi og það leggst við. Boðað hefur verið af formanni Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra að auðlegðarskatturinn falli niður um áramótin, það eru nokkr-

ir milljarðar á ári. Boðað hefur verið að ráðist verði í ýmis útgjöld og mörg þeirra styð ég af heilum hug. En er það ekki alveg ófullburða að því fylgi ekki heildaráætlun? Er ekki miklu meiri ástæða til að vera hér með skuldamálin í forgangi en þetta mál?

[18:33]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Helga Hjörvar, sem talar hér um að draga til baka þennan skatt sem er reyndar ekki kominn til — að gera það og hafa ekki jafnframt langtíma fjögurra ára skattstefnu kallar hann ófullburða. Í ljósi þess langar mig að spyrja hv. þingmann að því þegar ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur lagði fram fjárfestingaráætlun í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013, sem byggði á hugsanlegri sölu eigna og hugsanlegum ágóða af sérstöku veiðigjaldi, hvort það hefði verið fullburða fjárfestingaráætlun inn í framtíðina ef það sem hér liggur fyrir, að kalla til baka fyrirhugaða skattahækkun, kallast ófullburða.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þingmann varðandi hið svokallaða sérstaka veiðigjald, þar sem komið hefur í ljós að sú lagasetning sem sett var á Alþingi af okkur þingmönnum er ófullburða og ekki er hægt að kalla eftir þeim gögnum sem þar til bærir aðilar segjast þurfa til að hægt sé að leggja á þetta sérstaka veiðigjald, hvort það sé þá ekki réttmætt að draga til baka og í það minnsta að vanda sig þegar kemur að því og vanda þá lagasetningu í stað þess að við förum af stað með mál sem hv. þingmaður vill kalla ófullburða.

[18:36]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins mörgum fyrir að taka þátt í umræðunni hér í dag þó að mér hafi ekki tekist að fá talsmann Framsóknarflokksins til að taka þátt í þessari mikilvægu umræðu að þessu sinni.

Ekki tók hv. þingmaður nákvæmlega eftir orðum mínum því að ég gerði ekki kröfu til þess að stjórnarmeirihlutinn hefði skattstefnu til fjögurra ára. Stjórnarmeirihlutinn hefur bara þá stefnu sem hann vill og hann kynnir hana þegar hann vill og hann getur breytt henni frá einum tíma til annars. Það er hans pólitíska umboð.

Ég kallaði eftir því að hér væri meðfylgjandi áætlun í ríkisfjármálum sem sýndi að ríkissjóður réði við það sem ríkisstjórnin ætlar að gera á þessu sumarþingi og hún er búin að lýsa yfir. Það er mjög mikilvægt að ríkissjóður eigi fyrir því sem við þannig lýsum yfir.

Við ræðum sérstakt veiðigjald síðar á þessu sumarþingi. Það var auðvitað ekki ófullburða og hefur skilað gríðarlega miklum tekjum. Við erum einfaldlega ósammála um það ég og hv. þingmaður.

Að öðru leyti held ég að það sem þingmaðurinn verði að horfa til er að henni þykir sú ákvörðun að falla frá 1.500 millj. kr. tekjum á ári ekki vera svo stór að það kalli á að henni fylgi eitthvað. Ég vísa til þess að í því ljósi að við erum með yfirlýsingu um að auðlegðarskatturinn eigi að falla út, það eru um 5 milljarðar á ári, svona eftir minni, það er



yfirlýsing um að lækka sérstaka veiðigjaldið, það er yfirlýsing um milljarðaútgjöld í almannatryggingum, sem ég fagna alveg sérstaklega, og ýmis önnur góð aform. Það er mikilvægt, áður en frumvörp þess efnis eru afgreidd sem lög frá Alþingi, að fyrir liggi ríkisfjármálaáætlun sem sýnir það bara að við höfum efni á þessu. Sem fyrrverandi sveitarstjóri hefði ég haldið að hv. þingmaður gæti (Forseti hringir.) tekið undir slíkt sjónarmið.

[18:38]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er nú einu sinni þannig að Alþingi setur lög og Alþingi hefur sett sveitarstjórnnum mjög skýr lög um það með hvaða hætti þau skuli búa til fjárhagsáætlanir sínar og standa við þær og hvernig þeir þættir skuli vera, en Alþingi hefur aldrei sett sjálfu sér sams konar lög eða framkvæmdarvaldinu um fjárlögin. Það væri kannski þarft, af því að hv. þingmaður nefndi það, að áþekkar skyldur hvíldu á framkvæmdarvaldinu um framkvæmd fjárlaga og Alþingi eins og lögin sem hvíla á sveitarstjórnunum þar sem er t.d. óheimilt að endurskoða fjárhagsáætlun til þess að lagfæra eitthvað sem miður hefur farið. Hér er það hægt með fjárukalögum og síðan er aftur hægt að skoða það þegar gengið er frá ríkisreikningi. Þetta er allt öðruvísi hjá sveitarfélögum. Þar vera menn mun ríkari ábyrgð á áætlun sinni þannig að ég tæki heils hugar undir það ef Alþingi setti slík lög fyrir okkur sem afgreiddum hér fjárlögin og framkvæmdarvaldið til að fara eftir, þá værum við væntanlega betur stödd með ríkisfjármálin almennt en akkúrat núna.

Um það var ekki spurt. Ég spurði hv. þingmann og ég ít-reka að fjárfestingaráætlunin sem samþykkt var hér í fjárlögum 2013 og tók til og átti að vera með hugsanlegum ágóða af sölu eigna upp á 22 milljarða og hugsanlegum ágóða af veiðileyfagjaldi upp á allt að 50 milljörðum. Þeir peningar voru ekki í hendi og það kom fram í fjárlagafrumvarpinu að þetta væri áætlað en menn settu hins vegar fjárfestingaráætlun sem gerði ráð fyrir fjármuninum. Var það fullburða eða var það ófullburða, hæstv. forseti og hv. þingmaður?

[18:40]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Við erum alveg sammála um hið fyrra, ég og hv. þingmaður og fyrrverandi skólastjóri og bæjarstjóri, það þarf sannarlega að auka aga og aðhald í ríkisfjármálum á Íslandi. Það er einfaldlega það sem við höfum lært af reynslunni og þingið á að gera sömu kröfur til sjálfs sín og það gerir til sveitarstjórna. Ég held að það sem við leggjum áherslu á í þessu sé að það fylgi heildaráætlun hugmyndum um útgjöld og tekjur sem nema milljörðum kr. á hvorn veginn.

Hvað varðar fjárfestingaráætlunina held ég að hún hafi sannarlega ekki verið ófullburða, þvert á móti. Annars vegar er ríkissjóður í mjög góðum færum til að taka út arð og losa um eignarhluti vegna þeirrar stöðu sem hann er í gagnvart viðskiptabönkunum, hins vegar var frá því gengið þannig að þær tekjur ættu að kosta fjárfestingaráætlunina, þ.e. það var algerlega afmarkað hvaða tekjur ættu að mæta þessum útgjöldum. Ef menn sækja ekki þann arð sem hægt

er að sækja eða selja ekki þá eignarhluti sem hægt er að selja hafa þeir alltaf þá varaleið að endurskoða framkvæmdahraðann í áætluninni og útgjöldin í áætluninni í ljósi breyttra tekjuforsendna. Ég held að það sé út af fyrir sig bara kostur í fjárlagagerð að vera með hluti stillta þannig af að ef eitt gengur ekki eftir sé hægt að draga úr öðru á móti.

[18:42]

**Ögmundur Jónasson (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort vitað sé til þess hvort hæstv. fjármálaráðherra er í húsinu.

**(Forseti (SilG): Hann er í húsi.)**

Ég óska eftir því að hann verði viðstaddur umræðuna.

Hér hefur talsvert verið um það rætt að til standi að afnema skatt sem ekki sé kominn til sögunnar. Ég gerði þetta lítilla að umræðuefni í fyrri ræðu minni í dag og vil ít-reka að ég tel þetta vera rangt. Þetta er skattur sem þegar hefur verið lögfestur og gert er ráð fyrir þeim fjármunum sem af honum koma í fjárlögum þessa árs. Þess vegna er það raunveruleiki að verið sé að afsala fjármunum fyrir hönd ríkissjóðs sem ella hefðu runnið í þann sjóð. Það er veruleikinn.

Síðan er það hitt að segja má um öll gjöld, hvort sem það er auðlindaskattar eða skattar yfirleitt, að þau byggja öll á líkindareikningi að vissu marki. Við vitum aldrei fyrir víst hvað það er sem kemur til með að renna í ríkissjóð í gengum tekjuskatt, eignarskatt eða skatta yfirleitt.

Ég vil þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að koma og vera viðstaddur umræðuna. Í raun er ekki til of mikils mælt að ætlast til þess að hæstv. fjármálaráðherra sé viðstaddur umræðuna vegna þess að hún snýst um að afsala ríkissjóði 6 milljörðum kr. á komandi kjörtímabili, hálfum öðrum milljarði á hverju ári þannig að við erum að fjalla um miklar upphæðir.

Ég talaði fyrir í dag og ekki er óeðlilegt að einhver spyrji hvort ég hafi einhverju við að bæta frá því sem ég sagði í fyrri ræðu minni og í rauninni er svo ekki. En ég kem hingað um þing til að áréttu að ég hef ekki fengið svör við þeim spurningum sem ég reiddi fram.

Mig langar til að byrja þessa stuttu ræðu mína á litlum upplestri. Hann er úr fylgigagni með frumvarpinu og er svohljóðandi, með leyfi forseta, og ég bið menn um að taka mjög vel eftir:

„Verði frumvarpið að lögum er áætlað að ríkissjóður muni verða af tekjum sem nema 535 millj. kr. árið 2013 og verða tekjur ríkissjóðs þá lakari en áætlað var í fjárlögum sem því nemur. Þá er áætlað að árið 2014 og eftirleiðis verði tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljörðum kr. lægri árlega en ella hefði orðið að óbreyttum lögum. Á þessu stigi liggja ekki fyrir aðrar ráðstafanir til að vega upp á móti þessari lækku á áformaðri tekjuöflun ríkissjóð. Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.“

Hér var vitnað í fylgigagn með frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra sem hann leggur núna fyrir Alþingi. Það er

ekki að undra að hæstv. fjármálaráðherra skuli hafa sagt fyrir í dag eða gefið til kynna að nú verði lagst yfir það hvernig hægt verði að draga úr útgjöldum ríkisins til mótvægis við þessa skattalækkun. Og er til mikils ætlast að Alþingi vilji fá upplýsingar um hvaða hugmyndir eru á borðinu? Við vitum að fjárlagavinna er þegar hafin. Öll ráðuneytin eru þegar komin að þeirri vinnu og við viljum fá upplýsingar um hvað það er sem á að skera niður.

Við hlustumur á fjölmargar ræður á eldhúsdagi í gærkvöldi, margar ágætari ræður sem komu frá stjórnarmeirihlutunum. Meðal annars minnst ég þess að hlusta á hæstv. félagsmálaráðherra tala um vanda skuldugs fólks, skuldugra heimila, hvað hann væri mikill. Það er alveg rétt. Hann er mjög mikill hjá mörgum heimilum og það var kannski þess vegna sem mörg þessara heimila þess fólks kusu sérstaklega Framsóknarflokkinn vegna þess að hann ætlaði að bæta þarna úr, lækka höfuðstól lánanna.

Nú gerist það hins vegar að okkur er boðið upp á að fyrir Alþingi verði lögð þingsályktunartillaga sem felur í sér að Alþingi samþykki að fela ríkisstjórninni að standa við kosningaloforð sín. Er þetta boðlegt? Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra, formann Sjálfstæðisflokksins: Rædduð þið þetta ekkert í sumarbústaðferðum ykkar í aðdraganda myndunar þessarar ríkisstjórnar? Fóruð þið ekkert yfir þessa stöðu? Þið eruð kosnir til valda á grundvelli þessara loforða og nú ætlast fólk til að sjá með hvaða hætti þið ætlið að efna ykkar kosningaloforð því annars eruð þið kosnir til valda á fölskum forsendum.

Það er því ekkert óeðlilegt að við óskum eftir því, áður en þessari umræðu lýkur, (Forseti hringir.) að við fáum í fyrsta lagi upplýsingar um það nákvæmlega til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið (Forseti hringir.) eftir að þetta frumvarp verður samþykkt. Síðan er það kannski önnur saga að fá upplýsingar um innihald viðræðnanna í sumarbústöðum við Þingvallavatn og í Borgarfirði eða hvar það nú var annars staðar sem hæstv. ráðherrar hittust.

[18:49]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Að sjálfsögðu ræddu stjórnarflokkarnir stöðuna sem blasir við íslenskum heimilum, enda er það hluti af stjórnarsáttmálanum að bregðast við. Í þingsályktunartillögunni sem nú er fram komin eru þau mál sett í ákveðin farveg. Þegar málið kemst á dagskrá gefst tilefni í þinginu til að ræða það í víðu samhengi og ég held að þingmenn allir, mér heyrir meira að segja þingmenn stjórnarandstöðunnar fagna því tilefni sem þá gefst til að ræða stöðu heimilanna og hvernig eigi að bregðast við henni. En ríkisstjórnin hefur sett á forgangslista sinn að bregðast sérstaklega við þeirri stöðu með öllum tiltækum ráðum.

Það kemur mér satt best að segja dálítið á óvart, en ég kveinka mér alls ekki undan því, að undir umræðu um þetta frumvarp sem er ekki mjög stórt í sniðum skuli vera farið í almenna efnahagsumræðu og umræðu um ríkisfjármálin í víðu samhengi. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að þegar menn leggja til að skattar hækki ekki þarf að meta áhrifin af því, en það þarf ekkert síður að meta hvað við getum gert til að bregðast við þeim uppsafnaða og yfirstandandi vanda sem ríkissjóður er í vegna hallareksturs á yfirstandandi ári.

Það er í raun og veru hlutfallslega miklu stærri vandi en sá sem menn eru að láta í skína að skapist út af þessu frumvarpi.

Staðreyndin er sú að ferðamönnum er enn að fjölga, gistinóttum erlendra og íslenskra ferðamanna er að fjölga. Það sýna tölur fyrir fyrsta ársþriðjung þessa árs þannig að (Forseti hringir.) tekjur af komu erlendra og íslenskra ferðamanna munu halda áfram að vaxa og það þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af þeim hluta.

[18:52]

#### **Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Sagt var við umræðuna í gær að Alþingi og þjóðin fengi nefndir en engar efndir. Það er góðra gjalda vert að setja mál sem þarf að gaumgæfa og skoða allar hliðar á í nefndir, en við erum að tala um kosningaloforð ríkisstjórnar. Við ætlumst til þess að við fáum þá tillögur ríkisstjórnarinnar hingað inn á borð. Við tökum þær síðan til umfjöllunar að sjálfsögðu og greiðum um þær atkvæði, þær fara til nefndar og skoðunar, en við erum ekkert að tala um þetta. Ríkisstjórnin er ekki að tala um þetta. Hún er að tala um að hér verði samþykkt þingsályktunartillaga um að ríkisstjórninni verði falið að standa við kosningaloforð sín. Hafa menn heyrt annað eins grín? Er verið að reyna að gera grín að þjóðinni eða er verið að hlaupast undan, flýja af hólmi, hlaupast undan þeim loforðum sem kjósendum voru veitt? Menn verða að taka sjálfa sig svolítið alvarlega.

Síðan segir hæstv. fjármálaráðherra nú að við séum í raun að ákveða, eða ríkisstjórnin öllu heldur og stjórnarmeirihlutinn, að ráðast ekki í skattbreytingar og aftur er klifað á þeirri rökvillu, tel ég vera, sem hér hefur skotið upp kollinum annað veifið í dag. Við erum búin að lögfesta þennan skatt. Það er gert ráð fyrir þessum fjármunum í fjárveitingum okkar til heilbrigðiskerfisins og til löggæslunnar svo dæmi séu tekin. Þetta er bara hluti af veruleikanum. Þetta er hluti af fjárlagadæmi þessa árs. Núna er verið að skerða tekjur ríkissjóðs til að standa við þær skuldbindingar (Forseti hringir.) sem Alþingi gaf stofnunum innan samfélagsþjónustunnar. (Forseti hringir.) Við óskum eftir því og ég itreka það að hæstv. fjármálaráðherra skýri okkur frá því hverjar mótvægisáðgerðirnar eru.

[18:54]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Í þeirri nálgun sem birtist í orðum hv. þingmanns um að menn séu að afsala sér tekjum virðist vera út frá því gengið að allar tekjur sem fyrirtæki og eftir atvikum einstaklingar í landinu afla sér séu með einum eða öðrum hætti eign ríkisins. Í hvert sinn sem þær eru ekki að fullu teknar til ríkisins sé ríkið að afsala sér þeim tekjum. Þannig sé aldrei hægt að lækka neina skatta eða falla frá áformum um að hækka þá án þess að í því felist afsal á einhverju sem tilheyrði ríkinu.

Við sem stöndum að baki frumvarpinu kjósum að líta öðruvísi á tekjustofna ríkisins. Við lítum þannig á að þeir spretti upp í atvinnulífina og hjá einstaklingunum fyrir framtakssemi þeirra og ríkið geti síðan áskilið sér einhvern hluta í þeim tekjum. Það er því allt önnur nálgun sem býr

að baki þessu frumvarpi og kannski er það hluti af þeirri orðræðu sem á sér stað í dag að við erum að nálgast viðfangsefni með svo ólíkum hætti.

Hvernig á að bregðast við vegna skertra tekna sem af þessu leiðir miðað við áform fyrri ríkisstjórnar? Það kemur bara með í ríkisfjármálaáætlun fyrir næsta ár og til lengri tíma. Þetta mál, sem menn vilja vissulega og skiljanlega, vegna þess að það er á dagskrá, taka til sérstakrar umræðu og meta áhrifin af, nær varla að gára vatnið við hliðina á því hafi sem við eigum eftir að synda yfir til að brúa bilið í fjárlagagæðinni. Við erum að tala um fyrir yfirstandandi ár möguleg tekjuáhrif upp á 500 millj. kr. meðan stefnir í 30 milljarða halla. Það var reyndar kynnt þannig fyrir kosninga- og í lok síðasta árs að nú væri ríkisstjórnin búin að ná endum saman (Forseti hringir.) en það munar um 30 milljarða í því samhengi.

[18:56]

### Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég held að við komumst hvorki lönd né strönd í þessari umræðu í reynd. Hér er bara klifað á hinu sama. Ég tel mig vera í nokkrum rétti fyrir hönd þeirra sem eiga að njóta þjónustu hins opinbera og eru skattgreiðendur í þessu landi að fá að vita um afleiðingar þeirra gjörða sem okkur eru kynntar og ætlast er til að við samþykkjum, 6 milljarða kr. afsölon á skatttekjum fyrir ríkissjóð á komandi kjörtímabili.

Það er talað um þessa fjármuni eins og þeir skipti sáralitlu máli. Ég minnst þess þegar við vorum að bæta hér í við löggæsluna í lok síðasta árs við afgreiðslu fjárlaga, 200 millj. kr., og hve miklu máli þetta skipti, gríðarlegu máli. 1,5 milljarðar á ári eru mjög miklir peningar. Þeir skipta sköpum fyrir ýmsar stofnanir sem eru orðnar mjög fjárfurfi. Við skulum ekki gleyma því að eftir efnahagshrunið sem þjóðin þurfti að ganga í gegnum er opinber starfsemi víða mjög aðþrengd. Það hefur sums staðar réttilega verið gagnrýnt að gengið hafi verið of nærri henni og ég held að sú gagnrýni eigi við rök að styðjast.

Það er þess vegna og í því ljósi og í því samhengi sem við sem höfum haldið þar um stjórnvöllinn höfum áhyggjur af því þegar fyrstu verk ríkisstjórnarinnar eru í þá veru að draga úr möguleikum ríkissjóðs til að standa straum af kostnaði sem við öll erum sammála um, hygg ég, að þurfi að sinna. Þar er ég að tala um löggæsluna, heilbrigðisþjónustuna, menntakerfið (Forseti hringir.) og grunnþjónustuna í samfélaginu.

[Fundarhlé. — 18:59]

[19:30]

### Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað að láta mér nægja að tala í andsvörum við framsöguræðu hæstv. fjármálaráðherra í dag en þegar mér heyrst á sumum þeim sem hafa tekið til máls að það frumvarp sem liggur fyrir sé eitthvert smámál og það sé undarlegt að fólk ætli að ræða það eitthvað og það sé hinn mesti óþarfi að bera saman skattlagningu á gistingu hér og í öðrum löndum, það sé bara verið að afnema

einhvern skatt sem aldrei hefur tekið gildi, hvaða vesen er þetta eiginlega — þegar ég varð vör við þennan anda hér áðan hugsaði ég að ég ætlaði að reyna að koma því aðeins betur til skila sem mér finnst skipta máli í sambandi við þessa breytingu.

Sumir eru þeirrar skoðunar að skattar séu almennt ill nauðsyn, ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég fylli hóp þeirra sem hafa talað hér í dag sem vilja samfélagsþjónustu sem er opin fyrir alla, opinbera heilbrigðisþjónustu, opinbert menntakerfi, gott velferðarkerfi. Ég fylli þann hóp og þess vegna tel ég skatta ekki illa nauðsyn en til þess að geta haldið uppi þessari samfélagsþjónustu þarf að afla tekna til hennar og það er gert með sköttum.

Skattar eru ekki bara tekjuöflunartæki heldur geta þeir líka verið hagstjórnartæki og með því að beita þeim á mismunandi hátt getur ríkisvaldið reynt að hvetja til einhverra verka eða draga úr öðrum. Við höfum til dæmis há gjöld á tóbaki til að draga úr því að fólk reyki of mikið eða reyki yfirleitt. Sykurskattur, sem svo var kallaður, var hækkaður í fyrra. Margir voru mjög á móti því. Fyrir utan það að vera tekjuöflunartæki er honum líka ætlað að draga úr notkun á sykrudum vörum en það er eitt af okkar aðalheilbrigðismálum núna og líklega orðið miklu stærra en t.d. tóbaksreykingar, þ.e. offita, fólk er margt hvert allt of þungt. Þetta er mikið heilsufarslegt áhyggjuefni á Vesturlöndum.

Það er alveg eins með hvernig atvinnugreinar eru skattlagðar. Það er hægt að ívilna þeim eins og hefur verið gert með ferðaþjónustuna þegar hún var að byggjast upp og verið að koma fótum undir hana. Það hefur komið fram í umræðum fyrr í dag að árið 2007 var virðisaukaskattur á gistingu lækkaður úr 14% í 7%. Af hverju? Vegna samkeppnisstöðu því að — það er auðvitað hárrétt sem hér hefur komið fram að við keppum við önnur lönd um það ferðafólk sem kemur hingað til lands — þá var gengið á krónunni svo hátt hér á landi að samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar var ekki góð til að keppa við önnur lönd. Þá var skatturinn lækkaður úr 14% niður í 7%.

Nú kemur tvennt til með þann skatt sem nú er til umræðu. Annars vegar þurfum við að afla með honum tekna, hins vegar er alveg ljóst hvað staða ríkissjóðs er slæm og hefur það margoft verið sagt hér og meira að segja hæstv. ríkisstjórn vill gera mjög mikið úr því. Ég sagði það fyrr í dag að enginn gæti leynt stöðu ríkissjóðs, það eru allt saman opinberar tölur og á ekkert að koma á óvart í þeim efnum. En það er alveg ljóst að ef fallið verður frá því að taka skatt sem á að gefa 500 milljónir á þessu ári og 1,5 milljarða á ári í fjögur ár í viðbót og til framtíðar, ef lagt er til að helminga þann skatt þá hlýtur það að auka við þann vanda sem hæstv. ríkisstjórn þarf að glíma við.

Svo bætist hitt við, og ég er alls ekki andvíg því, að beita sköttum eða öðrum ívilnunartækjum sem ríkisvaldið hefur til að hjálpa atvinnugreinum að koma undir sig fótunum, ég hef alls ekkert á móti því, nýsköpunarsjóði, að styrkja sprotafyrirtæki og annað slíkt, það er alveg sjálfsgagt. Þegar atvinnugrein er hins vegar komin vel á veg á hún að standa undir sér og þá hljótum við að ætlast til þess og við hljótum meira að segja að fagna því, rétt eins og við fögnum því þegar börnin fara að heiman því að þau eiga að þroskast og fara að heiman, þegar atvinnugreinar sem við

höfum stutt við geta staðið undir sér og lagt líka í púkkið fyrir samfélagsþjónustuna sem er okkur öllum nauðsynleg, ég tala nú ekki um eins og í sambandi við ferðaþjónustuna allan þann gífurlega kostnað sem við öll höfum af því að geta tekið sómasamlega á móti öllum þeim ferðamönnum sem hingað vilja koma. Það eru alls konar innviðir. Það eru ekki bara náttúruperlurnar, það eru vegir og lögreglan. Lögreglan þarf að hafa miklu meira eftirlit á vegum þegar er komið fullt af ferðafólki. Það hefur verið nefnt að hér gerast hörmulegir atburðir, ferðafólk týnist og að því er leit að og þjóðfélagið ber alls konar kostnað af því.

Mér finnst mjög undarlegt að við ætlum að halda áfram að fara svona með ferðaþjónustuna þegar hún vex eins og hún gerir núna. Hún óx á milli 18 og 19% á síðasta ári. Ég held að hún hafi vaxið um 23% á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Allt mjög gleðilegt, en að við skulum þá líka ætla að halda áfram að niðurgreiða þessa þjónustu finnst mér algerlega ótrúlegt vegna þess að það er það sem hefur gerst. Síðan skatturinn var lækkaður úr 14 niður í 7% er innskatturinn hjá ferðaþjónustunni orðinn hærri en útskatturinn sem hún greiðir. Í rauninni má segja að verið sé að leggja ferðaþjónustunni, þ.e. gistingunni, til um 200 milljarða á ári. Mér finnst það óskynsamlegt. Ég er þeirrar skoðunar. Ég er hins vegar sammála því og vil út af fyrir sig ekki gera lítið úr því að meira óhagræði er af því að hafa þrjú skattþrep en eitt og meira óhagræði er af því að hafa þrjú skattþrep en tvö, eins og kom fram hjá hv. þingmanni áðan sem rekur gisti- og veitingaþjónustu og segir að ekki sé nokkur vandi að aðskilja þetta allt með einhverjum tökkum. Samt sem áður er af þessu óhagræði. Best væri ef virðisaukaskattsálagning væri bara ein tala. Ég er líka þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið mjög sniðugt að vera með sérstakt skattþrep fyrir gistingu.

Ég ætla að leyfa mér að segja, þótt það sé örugglega ekki til vinsælda fallið hjá þeim sem reka ferðaþjónustu, að ég er þeirrar skoðunar að við hefðum átt að hækka virðisaukaskatt á gistingu upp í 25,5% eins og lagt var til. Það kom hins vegar fram áðan að í nefnd hefði því verið breytt í 14%. Ég hef á hinn bóginn mikla samúð með því sem fram kom hjá ferðaþjónustunni á þeim tíma, að gjöld af þessu tagi megji ekki leggja á of seint. Það þarf að gera með góðum fyrirvara. Ég leyfi mér samt að efast um að þau miklu harmakvein sem komu frá ferðaþjónustunni hafi ekki verið svolítið ýkt. Á hinn bóginn ber að taka tillit til þess.

Ég segi því að mér fyndist ánægjulegt ef það kæmi þá fram, gæti kannski komið fram í nefnd, að verði menn við þeirri tillögu sem hæstv. fjármálaráðherra leggur fram yrði ákveðið á sama tíma að eftir tvö ár verði virðisaukaskattur á gistiþjónustu eins og almennur virðisaukaskattur er á aðrar atvinnugreinar í landinu. Þá yrði það gert með tveggja ára fyrirvara og ferðafyrirtækin hefðu þá nægan tíma til að koma því inn í verðskrár sínar. Fram kemur í skýrslu Hagfræðistofnunar háskólans að í meðalkostnaði við ferðir til Íslands mundi hækkin sem yrði á gistingunni vega innan við 2% þó að farið væri með skattinn úr 7% upp í 25,5%. Þetta er það sem mér þætti skynsamlegt að gera.

Ég vil ekki ofskattleggja atvinnuvegina. Ég held að enginn í þessum sal vilji gera það, en við skulum líka átta okkur á því að ef atvinnuvegirirnir taka ekki sinn skerf af skatt-

lagningu og borga ekki sinn skerf af tekjuöfluninni sem þarf til að standa undir samfélagskostnaðinum þá verða tekjuskattar einstaklinga og virðisaukaskattur sem einstaklingar greiða að standa undir honum. Þess vegna tel ég að þetta sé ekkert smámál, þetta er stórmál. Það er stórmál að afnema tekjur sem eru í hendi eða hafa verið lagðar á og segja ekki hvað eigi að koma í staðinn. Á að skera niður eða hvað? Það er stórmál hvernig skattlagningu er almennt hagað í landinu.

[19:43]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í dag um málið sem er hér til umfjöllunar hafði mér tekist að koma flestum þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég vildi í tengslum við það en þó er kannski örfáu við að bæta.

Í fyrsta lagi vil ég segja, og ítreka það sem ég sagði í dag, að ég sakna þess að ráðherra ferðamála skuli ekki vera viðstaddur umræðuna vegna þess að þetta mál er ekki bara skattamálefni heldur snýst umræðan, eins og komið hefur á daginn, að sjálfsögðu líka um málefni ferðaþjónustunnar almennt. Ég hefði talið mikilvægt að ráðherra ferðamála væri viðstödd umræðuna og hefði eftir atvikum tekið þátt í henni til að fjalla um málefni greinarinnar sem slíkrar. Af því til efni vil ég jafnframt geta þess eða láta það koma fram að ég tel skynsamlegt og fer fram á það við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að þegar málið gengur væntanlega til efnahags- og viðskiptanefndar að lokinni þessari umræðu muni efnahags- og viðskiptanefnd einnig óska eftir umögn atvinnuveganefndar, sem fjallar um málefni ferðaþjónustunnar, um þetta frumvarp.

Það eru örfá atriði sem ég ætlaði að nefna sem hefur verið komið aðeins inn á í þessari umræðu. Ég ætla enn á ný að leyfa mér að vísa í þá skýrslu sem ég gerði að umtals efni í dag um áhrif þess að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu sem Hagfræðistofnun háskólans vann að beiðni þáverandi fjármálaráðherra haustið 2012. Þá var reyndar fyrirhugað að hækka virðisaukaskattinn í 25,5%, eins og kunnugt er. Meginniðurstaða skýrslunnar eins og ég les hana er að þegar tekið er tillit til verðteygni bæði á framboðshlið og eftirspurnarhlið er það niðurstaðan, sem ég geri ráð fyrir, að ferðamönnum fækki um 0,6–1,1%. Reyndar var þá miðað við að skatturinn færi í 25,5% þannig að væntanlega eru áhrifin enn minni miðað við 14% virðisaukaskatt. Hér koma líka fram þær mikilvægu upplýsingar að greining á þróun verðs og gistingu í kjölfar þess að virðisaukaskatturinn var lækkaður úr 14% í 7% árið 2007 benti til þess að mestur hluti þeirrar lækkunar hefði fallið gisti húsum í skaut en verð á gistingu lítt lækkað. Með þeim hætti mætti líta á umrædda lækkun sem niðurgreiðslu eða styrk til atvinnugreinarinnar.

Í máli hv. þm. Valgerðar Bjarnadóttur á undan mér fjallaði hún í raun og veru talsvert um niðurgreiðslu til atvinnugreinar sem ferðaþjónustan á að sjálfsögðu ekki að þurfa á að halda. Það var líka fjallað um, og fleiri hafa komið inn á það, að mikilvægt sé að verðlagning í ferðaþjónustunni sé ákveðin og birt með góðum fyrirvara og ég tek undir það. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé viss stöðugleiki og vissu um hvað bíður manna. Ég geng út frá því að núna sé til að mynda búið að verðleggja gistingu fyrir næsta

haust almennt miðað við 14% virðisaukaskatt, eins og lögin gera ráð fyrir, lögin sem eru í gildi en hér er lagt til að verði felld úr gildi. Þá veltir maður því fyrir sér, ekki síst þegar höfð er í huga skýrsla Hagfræðistofnunar um áhrifin á lækkun úr 14% í 7% árið 2007 og ef maður gefur sér að búið sé að verðleggja gistinguna fyrir haustið, hvar þessi mismunur muni enda. Mun hann leiða til lækkunar á gistingu eða mun hann, eins og 2007, að mestu leyti lenda hjá greininni sjálfri? Þetta eru tilefni, finnst mér, til að skoða sérstaklega hvort lækkun úr 7% í 14, eins og gert hefur verið ráð fyrir, þurfi í raun að leiða til nokkurra áhrifa á verð á gistingu í landinu.

Ég tel mikilvægt að það verði skoðað í þingnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, og ég ítreka, virðulegur forseti, að ég óska eftir því að forseti beiti sér fyrir því að málið fái líka skoðun í atvinnuveganefnd, m.a. með hliðsjón af því hver áhrifin á atvinnugreinina í heild gætu orðið að gefnum þeim upplýsingum sem liggja fyrir í umræddri og tédri skýrslu.

[19:49]

### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra um virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Þetta hefur um margt verið mjög áhugaverð umræða og í sjálfu sér er það sem er kannski áhugaverðast við hana ekki yfirskrift frumvarpsins sem slíks eða það sem hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra hefur viljað láta umræðuna snúast um, og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir hefur nokkrum sinnum komið að í andsvörum, að menn eigi að halda sig við kjarna málsins og fara ekki út um allar grundir, heldur er mikið umhugsunarefni að þeir sjálfstæðismenn sem hafa talað sjái þetta svona, því að hér hafa framsóknarmenn enn ekki talað, vegna þess að um er að ræða pólitíska kúendingu, þrátt fyrir að hæstv. ráðherra tali um að málið sé ekki stórt í sniðum, þetta sé lítið mál. Hér er um að ræða afskaplega táknrænt mál fyrir nýja ríkisstjórn. Þetta er ekki bara fyrsta mál, á þskj. 1, heldur er þetta mál sem markar í raun og veru nýtt upphaf hægri stefnu á Íslandi. (Gripið fram í.) Þess vegna er þetta frumvarp stórt í sniðum og þess vegna þarf að fara yfir samhengi hlutanna. Ég veit að sjálfstæðismönnum leiðist að tala um samhengi hlutanna, ég hef oft orðið þess vör vegna þess að sagan er þeim oft erfið, því að samhengi hlutanna dregur það fram sem var dregið upp fyrir okkur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis ítrekað og með mjög skýrum orðum, þ.e. að ábyrgðarleysi, óráðsía og pólitísk lausatök á ríkisfjármálum leiddu okkur í svo alvarlegan vanda að engin ríkisstjórn hefur þurft að horfast í augu við slíkan — aldrei. Þessi mikli vandi stafaði ekki bara af pólitískum áherslum heldur af vinnubrögðum líka.

Virðulegur forseti. Við erum ekki bara að ræða einfalt mál um 14% eða 7%. Við erum annars vegar að ræða skattapólitík, muninn á hægri og vinstri í stjórn málum, til hvers samneyslan er, til hvers samfélagið er, til hvers skattheimta er, til hvers velferðarkerfi er. Hins vegar erum við að ræða þau spor sem hræða í sögunni sem eru sporin um ábyrgðarleysi, ítrekað ábyrgðarleysi og lausatök í ríkisfjármálum. Það hefur því miður verið einkenni Sjálfstæðisflokksins hér um áratugaskeið og svo alvarlegt einkenni að

um það hefur verið fjallað í rannsóknarskýrslum. Þess vegna er það kjarni umræðunnar hér, en ekki efnið sjálft, ekki endilega sú pólitíska kúending sem snýst um muninn á hugsjóninni um jöfnuð og réttlæti annars vegar og hins vegar svokallað frelsi einstaklingsins sem er helsti þess sem undir verður.

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða mál sem er meira að segja svo vanbúið, svo ábyrgðarlaust að skrifstofa opinberra fjármála í fjármálaráðuneytinu sjálfu, fjármála- og efnahagsráðuneyti hæstv. ráðherra, segir, með leyfi forseta:

„Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni“ — það er verið að tala um ríkissjóð, sameign okkar allra — „í sama mæli“ — þ.e. um 535 milljónir á þessu ári, 1,5 milljarða á því næsta — „og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.“

Hvað gerist svo þegar hæstv. ráðherra er hér ítrekað spurður um það? Hverjar eru þessar mótvægisáðgerðir? Hver er svo heildartalan með öllu hinu? Þá fara menn að yppta öxlum og tala eins og 30 milljarðar séu svakalegt mál en þessar 500 milljónir séu bara smámál. Hvað með öll hin lofordin? Hvað með sérstaka veiðigjaldið? Hvað með að afnema auðlegðarskattinn af þeim sem mesta peninga þéna í þessu landi? Það kostar líka og ábyrg efnahagsstjórn hlýtur að vera metnaðarmál nýrrar ríkisstjórnar, eða hvað? Hvenær hætta menn að yppta öxlum? Er það við 600 milljónir? Eða 700? Hvenær hætta þetta að vera smápeningar? Hvenær skipta þessir peningar nógu miklu máli til að hæstv. ráðherra láti sig það varða að hans eigin skrifstofa segir að það þurfi mótvægisáðgerðir?

Þegar hæstv. ráðherra er þýfgaður um þetta nógu lengi fara að koma svör sem hefur þurft að lesa út úr löngum setningum. Hann nefnir til dæmis fjárfestingaráætlun, hann nefnir reyndar útgjaldahlíðina fyrst. Þá vil ég vita hvaða 535 milljónir á að taka á þessu ári og af hverju. Ég vil ekki bara vita það, þjóðin á rétt á því að vita það. Hér er nefnilega sest að völdum ríkisstjórn með mikið umboð, ríkt umboð frá almenningi, sterkan meiri hluta í þinginu, mikla tiltrú og væntingar almennings, söguleg kosningaloforð, sennilega Íslandsmet í kosningaloforðum, loford sem ríkisstjórnin fékk atkvæðin út á 27. apríl. Forustumennirnir gáfu sér þrjár vikur í að ræða saman. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég hefði haldið að þá væri komið að einhverjum útfærslum.

Það að við skulum sjá hér við þessa umræðu — það er partur af þessu, þetta snýst um lausatök, snýst um ábyrgðarleysi — þingsályktunartillögu um það að forsætisráðherrann biðji Alþingi að biðja ríkisstjórnina að skipa hópa, þ.e. ríkisstjórnin biður Alþingi að biðja ríkisstjórnina að skipa hópa, marga hópa, skoða kosti og velta vöngum. Allt mikilvægt en hér er rætt um raunveruleg kosningaloforð sem viðkomandi flokkar fengu fylgi út á. Við munum standa hér vakt í því skyni að kalla eftir efnudum.

Fjárfestingaráætlunin sem hæstv. ráðherra nefndi hér sem möguleika í því að draga saman útgjöld ríkisins er í sjálfu sér tilefni til heilmikillar umræðu vegna þess að þar liggur áhersla á rannsóknarsjóði, Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og vegagerð. Þá er spurt: Hvað stendur til?

Hvar á að skera? Virðulegur forseti. Tökum bara þetta eina atriði, sem er 500 milljónir kr. á ári í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, er það nálægt þeirri tölu sem verið er að tala um að taka hér niður af tekjum ríkisins á þessu ári. Til hvers er þessi sjóður? Til hvers er þetta framlag? Það er til að verja landið fyrir einmitt þessari atvinnugrein, tryggja að landið okkar beri allan þennan fjölda ferðamanna og að landið okkar glati ekki verndargildi sínu og aðráttarafli til þess að nákvæmlega þessir sömu ferðamenn geti komið hingað og vilji það.

Ég kalla því líka eftir samhengi hlutanna þegar við erum að tala um ferðaþjónustuna. Þar verðum við líka að tala um samhengi hlutanna. Það er ekki eingöngu í þessu efni, það er að segja í umræðunni um ríkisfjármálin almennt, harðri kröfu stjórnarandstöðunnar um það að menn taki ábyrgð á tillögum sínum, heldur líka að samhengi hlutanna sé virt og kannski ekki síst af þeim flokkum sem eiga erfiða sögu að því er varðar óráðsú í ríkisrekstri, reglubundið meira frávik frá fjárlögum ár eftir ár eftir ár. Þetta aðhald verður fyrir hendi vegna þess að það er á ábyrgð okkar allra. Það er líka á ábyrgð stjórnarandstöðunnar að gæta þess að farið sé af varfærni og ábyrgð með sameiginlegar eignir almennings. Við getum nefnilega ekki farið með þessa peninga eins og við eigum þá sjálf. Við þurfum að fara þannig með þá að okkur sé trúað fyrir þeim, að við sýnum þeirri ábyrgð sóma, að við yppum ekki öxlum þegar talað er um 535 milljónir, að okkur finnst það skipta máli þegar fjárlagaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir, enn með leyfi forseta:

„Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs“ — hvaða markmiðs? — „um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.“

Þannig er það og þannig á það að vera, viðeigandi ráðstafanir til mótvægis.

Virðulegur forseti. Við getum auðvitað staldrað hér sérstaklega við kjarna málsins sem er efni frumvarpsins um það hvort þessi tiltekna atvinnugrein sé til þess bær að leggja samfélaginu lið með sköttum eins og aðrar fullburða atvinnugreinar gera og gera með gleði. Það er mín skoðun að ferðaþjónustan eigi að gera það, það sé mikilvægt fyrir þroska og framgang þeirrar atvinnugreinar að hún sé með í því að móta samfélag, leggja því til. Hins vegar hef ég skilning á því að við getum verið ósammála um þetta því að þarna erum við að tala um pólitískar áherslur, mismunandi útgangspunkta í því hvaðan tekjur ríkissjóðs eiga að koma, hversu háar þær eiga að vera o.s.frv. Stundum erum við hreinlega að tala um muninn á hægri og vinstri. Það er bara gott og það er hollt. Við eigum auðvitað að ræða miklu meira um það, um stóru línurnar og prinsippmálin í stjórnmálum. Við gleymum því stundum í slagsmálum sem eru minni. En ég er þeirrar skoðunar að fullburða atvinnugrein eigi að taka þátt. Hún er gríðarlega stór, hún er vaxandi. Það þarf að byggja upp innviðina. Það þarf að styðja við viðkvæmar náttúruauðlindir og náttúruperlur, en þegar tillögur eru lagðar fram af slíkri léttúð sem hér er gert þá dugur ekkert annað en að veita öflugt viðnám.

[20:03]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Þetta var kunnugleg pólitík vinstri grænna: Við stöndum fyrir jöfnuð og réttlæti, þið standið fyrir frelsi einstaklings, helsi þeirra sem undir verða.

Kosið var 27. apríl. Ef þetta eru hægri og vinstri gildin höfðuðu kjósendur vinstri gildum, það er ósköp einfalt. Fólkið í landinu kaus að hafa ekki lengur við stjórnvölinn og meiri hluta á Alþingi leiðir Vinstri grænna og Samfylkingar að þeim markmiðum sem þjóðin vill að stefnt sé að, skuldavanda heimila, öflugu atvinnulíf, sem er forsenda velferðar. Fólkið í landinu kaus að hafna aðferðum Vinstri grænna og Samfylkingar í þeim málum. Þannig er staðan.

Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir talar um mótvægisáðgerðir. Ég ætla að nefna eitt sem hægt væri að gera einn, tveir og þrjár og kostar 500 milljónir á þessu ári og kannski að jafnaði 130–180 milljónir á næstu árum. Það var sú ákvörðun síðustu ríkisstjórnar að setja Náttúruminjasafnið í Perluna, afhenda Reykjavíkurborg um 500 milljónir til þess að auðvelda henni að kaupa Perluna af Orkuveitu Reykjavíkur og leggja síðan að jafnaði 130–180 milljónir í að reka það. Þegar það var samþykkt í fjárlögum átti það að standa undir sér. Síðan þegar fjárlögin voru klár kom hæstv. þáverandi menntamálaráðherra inn með annað frumvarp sem kallaði á 130 millj. kr. rekstur í það dæmi árlega. Þar má skera á móti því (Forseti hringir.) sem hér er. Þetta hefur tekjur, hitt voru útgjöld.

[20:06]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er gott að það eru skapandi lausnir á ferð og að hv. þingmaður er kominn hér með tillögu um að Náttúruminjasafni verði ekki búið heimili, ekki frekar hér eftir en hingað til. Það er náttúrlega samfélaginu til skammar að Náttúruminjasafn hefur ekki átt aðsetur fyrr en í þessum áformum sem eru slegin af í ræðu hv. þingmanns.

Ég vil segja þegar hv. þingmaður talar hástemmt um að kjósendur hafi hafnað vinstri gildum: Sú ríkisstjórn sem nú situr hér að völdum hefur 51% fylgi, hún hefur 51% kjósenda á bak við sig. Atkvæði allra kjósenda eru mikilvæg, allra kjósenda. Það er mikilvægt að hafa í huga ef manni þykir vænt um lýðræðið, að muna það að raddir stjórnarandstöðu og minni hluta hafa líka gildi.

Ég hef vissar áhyggjur af því og þeim tóni sem ég heyri strax í upphafi vegferðar nýs stjórnarmeirihluta og ríkisstjórnar sem er vottur — ég segi það nú bara til þess að leyfa fólki að njóta vafans — vottur af yfirletti, vottur af því að strax í fyrsta óundirbúna fyrirsprungatíma nýrrar ríkisstjórnar tala ráðherrar ríkisstjórnarinnar í háðsglósum gagnvart eðlilegum spurningum stjórnarandstöðu. Ég vona að það sé ekki fyrirboði um það sem koma skal vegna þess að menn í hátíðarræðum boða samstarf og samvinnu en í nýrri þingsályktunartillögu um skuldavandann og aðgerðirnar tíu er hvergi talað um þverpólitíska samvinnu, hvergi talað um aðkomu minni hlutans og ég vona að við getum fært það til betri vegar í umræðu í þinginu.

[20:08]

**Ragnheiður Ríkharrósdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það var margoft rætt í umræðunni um að færa Náttúruminjasafnið í Perluna að nauðsynlegt væri að finna því safni verðugt húsnæði. Það var líka margoft tekið fram að þetta húsnæði hentaði ekki og margir höfðu á því þá skoðun að svo væri ekki.

Sú sem hér talar hefur slegist fyrir Náttúruminjasafni lengi og breytingum á því ferli sem það hefur verið í án-angurs, en mun ekki gefast upp í því. Náttúruminjasafnið í Perluna er að mati margra ekki réttur staður. Það þýðir ekki að fólk vilji ekki finna safninu heimili.

Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir talar um að hér örlí á yfirlæti. Við sátum saman á síðasta kjörtímabili. Þá talaði þáverandi meiri hluti um þjóðina sem stóð að baki þeim, um þjóðina sem hafði valið fólk til forustu, um þjóðina sem vildi leggja áherslu á þau gildi sem þá ríktu, um meiri hlutann sem var á þingi, um meiri hlutann sem átti að ráða og meiri hlutinn ræður. Það var þannig á síðasta þingi og verður áfram svo.

Virðulegur forseti. Það er hins vegar ekkert sem segir að ekki sé hægt að tala saman, vinna saman og reyna að leita lausna. En það er ekkert yfirlæti fólgið í því þegar talað er um að þjóðin, kjósendur í þessu landi hafi kosið hér 27. apríl. Ég geri ekki lítið úr þeim sem kusu aðra flokka en það var kjörinn nýr meiri hluti og hann hefur að baki sér meiri hluta þeirra kjósenda sem kusu. Þannig er það. Ef það kallast yfirlæti að ræða það hlýtur það að vera sams konar yfirlæti af hálfu hv. þingmanns að finna alltaf öðrum allt til foráttu þegar kemur að stefnumálum, hugmyndafræði eða stefnu og virða ekki (Forseti hringir.) að til sé önnur skoðun en hennar eigin.

[20:10]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Nú fer að hitna í kolunum. Það er alveg einlæglega afstaða mín að mjög mikilvægt sé að fólk hafi ólíkar stjórnámálaskoðanir, en mér finnst mikilvægt að tekist sé á um hugmyndafræði og ég vil endilega taka þátt í sem flestum umræðum af því tagi þar sem við erum að takast á um grundvallaratriði og hugmyndafræði.

Af því að hv. þingmaður nefnir enn Náttúruminjasafn og er ósátt við niðurstöðuna varðandi Perluna ætla ég svo sem ekki að fara út í þá umræðu hér, enda gefst ekki tími til þess, hvaða húsnæði ætti að verða fyrir valinu, staðsetning eða nýbygging eða hvað það er. En af því hv. þingmaður nefndi þetta sem lausn, sem mótvægisáðgerð gagnvart því frumvarpi sem er til umræðu, mundi lausn hv. þingmanns væntanlega kosta eitthvað þannig að kannski væru allar þessar 500 milljónir ekki alveg til skiptanna.

Ég vil segja vegna umræðunnar almennt um samskiptin inni á þinginu, væntingar um að við séum að snúa öllu til betri vegar, að við höfum öll væntingar til þess. Ég held að við höfum öll ákveðinn metnað til þess að gera betur, en það verður að virka í báðar áttir þannig að samstarf og skilningur og sveigjanleiki verður að vera í báðar áttir. Gott og uppbyggilegt starf í þinginu byggir ekki bara á tillits-sömum stjórnarmeirihluta heldur líka á ábyrgri stjórnarandstöðu þannig að við höfum einsett okkur að sýna þinginu

meiri virðingu heldur en stjórnarandstaðan gerði á síðasta kjörtímabili.

[20:12]

**Útbýting:**

Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál, stj. till. forsrh., þskj. 9.

Ríkisútværpið, fjölmíðill í almannabágu, 11. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 11.

Stofnun og tilgangur ríkisólufélags, 10. mál, fsp. ÖS, þskj. 10.

[20:13]

**Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Herra forseti. Ég vil í byrjun þakka þingmönnum sem hér sátu fyrir góðar móttökur og árnaðaróskir og ég vona að okkur megi auðnast að bera tilhlýðilega virðingu fyrir skoðunum hver annars. Okkur veitir ekki af vegna þess að virðing fyrir Alþingi virðist vera í sögulegu lágmarki. Ég vona að okkur takist að breyta því.

Mér þótti einstaklega vænt um að fá saknaðarkveðju frá hv. þm. Helga Hjörvar þegar hann auglýsti eftir skoðunum framsóknarmanna hér í kvöld. Ég vona að hann eigi eftir að sækjast eftir að heyra skoðanir framsóknarmanna sem oftast á komandi tímum.

Ég verð að segja að sem nýliði finnst mér þessi umræða í dag hafa verið mjög góð, en að sumu leyti finnst mér hún vera framhald af stefnuræðu forsætisráðherra hér í gærkvöldi vegna þess að hún hefur farið dálítið vítt um. Það sem mér hefur fundist einna athyglisverðast í umræðunni er það hversu ferðamennskan virðist eiga fáa vini hér á Alþingi sem er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að á síðasta kjörtímabili var því haldið réttléga fram að þessi góði atvinnuvegur væri einn mesti vaxtarsproti sem við eigum til.

Þegar skattar eru lækkaðir — í þetta skipti erum við ekki að tala um að skattar verði lækkaðir því að skatturinn sem um ræðir hefur ekki enn verið lagður á — þá er þess að geta að þegar skattáþjón er lækkuð, hvort sem hún er á einstaklingum eða fyrirtækjum, hefur hún venjulega í för með sér vöxt. Nú hefur komið fram, t.d. í skýrslu frá Ferðamálastofu, að heildarskatttekjur af ferðaþjónustu í fyrra voru 15 milljarðar kr. Það þýðir að til að bæta fyrir þessar 500 milljónir sem um er rætt í lækkun virðisaukaskatts þyrfti ferðamannafjöldi ekki að aukast nema um 3% til að mæta þeirri lækkun. Þetta byggist á því að það eru ekki nema um það bil 10% af kostnaði ferðamanna hér út af gistingu. Aukning ferðamennsku á þessu ári er, ef ég man rétt, nálægt 15%. Það hefur verið meiri aukning á gistingu, sem er út af fyrir sig athyglisvert líka. Ég vildi að þetta kæmi fram sérstaklega.

Líka vildi ég koma því að, því að mér finnst sumir hv. þingmenn ekki gera sér alveg grein fyrir því hvernig virðisaukaskattur virkar, að það er ekki verið að tala um að aflétta einhverju af ferðamannastarfsemi sem slíkra. Það eru ferðamenn sem borga þennan virðisaukaskatt. Ferðaþjónustan er eingöngu innheimtuaðili fyrir ríkissjóð á þessum tekjum. Það er því ekki um það að ræða að ferðaþjónustan sé niðurgreidd með einhverjum hætti að þessu leyti.

Síðan er líka athugunarefni að þessi starfsemi hefur leg-

ið undir vissu ámæli um að þar sé stunduð svört atvinnustarfsemi. Ekki ætla ég að leggja mat á það, hef engar forsendur til þess, en ef svo er, að menn séu tilbúnir að svíkja undan 7% skatti, eru þeir þá líklegri til þess að skila 14%? Mér þykir það ekki mjög líklegt.

Ég kom hingað upp líka vegna þess að mönnum hefur orðið tíðrætt í dag um annað mál sem er skuldavandi heimila og forgangsröðun ríkisstjórnarinnar sem nú situr. Ég fagna því mjög að þingmenn eru óþreyjufullir eftir að komast í að ræða það mál. Ég fagna því líka að ég hef heyrt í dag og reyndar áður að forustumenn stjórnarandstöðu, þingflokksformenn og formenn, hafa lýst áhuga sínum á því að greiða fyrir þeim málum. Það er mikið fagnaðarefni.

Það lá hins vegar alltaf fyrir, og sá sem hér stendur talaði alla vega þannig alla kosningabaráttuna, að skuldavandi heimila væri ekki eitthvað sem yrði leyst á fyrstu tveim, þrem vikum sumarþings, heldur yrði sumarþing notað til þess að feta brautina svo að á haustþingi væri hægt að leggja fram mótaðar tillögur í þessu efni.

Ég skil vel óþreyju þingmanna í þessu efni rétt eins og ég skil óþol þess fólks sem bíður eftir lausn sinna mála, fólksins sem við vorum að ræða við alla kosningabaráttuna og fólks sem berst um á hæl og hnakka við að halda íbúðunum sínum. Ég skil óþreyju þessa fólks mjög vel. En ég vona og ég vænti þess að þetta sama fólk og hv. þingmenn hafi skilning á því að það þarf góðan undirbúning til að ráðast að þessu máli. Það þarf að gera það vel og það þarf að gera það rétt.

Ég get fullvissað hv. þm. Ögmund Jónasson um það að við framsóknarmenn erum ekki að hlaupa frá kosningalofordum okkar. Við erum ekki að hlaupast undan því sem við sögðum í kosningabaráttunni. Við erum ekki að svíkjust undan merkjum. Ég vona það einlæglega að hann og fleiri stjórnarandstöðuþingmenn hér innan húss verði okkur hliðhollir þegar þar að kemur að afgreiða þessi brýnu mál og að hér megi myndast góð þverpólítísk samstaða vegna þess að fólknið okkar þarf svo sannarlega á því að halda. Þess vegna vona ég að við berum gæfu til þess að mynda góða samstöðu um þetta mál og önnur framfaramál sem hér munu koma fram.

Að svo mæltu þakka ég fyrir mig, herra forseti.

[20:20]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er góð ástæða til að ræða þetta mál. Þegar ég kom hér inn í salinn fyrr í kvöld og sá að hæstv. fjármálaráðherra var ekki á staðnum hugsaði ég með mér að full ástæða væri til að kalla eftir viðveru hans þannig að hann væri á staðnum til að fylgja úr hlaði fyrsta ríkisfjármálafrumvarpi sínu. Þegar ég var ráðherra og var að leggja fram stór frumvörp var alla vega gengið ríkt eftir því að þingmenn næðu eyrum ráðherrans. Svo ákvað ég, af því það er sumarbyrjun og við erum að hefja nýtt þing og vegna þess hversu margir stjórnarliðar eru hér í salnum, að láta kyrrt liggja og gera ekki sérstaka kröfu um nærveru hæstv. fjármálaráðherra. Ég veit hann er í húsinu og vona að hann komi hingað inn eftir því sem líður á ræðurnar, því að það er full ástæða til að ræða þetta mál út frá því hvað það segir um samstöðu í þessum sal um það hvert verið er að fara með efnahagsmál þjóðarinnar.

Ég hef rakið það fyrr, í umræðu um stefnuræðu í gær, og í fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra í morgun, að það ber nýrra við og það eru ákveðin tímamót í því fölginn að fjármálaráðherra lýðveldisins komi með frumvarp hér inn í þingið sem fær eins tryllingslega falleinkunn frá fjárlaga-skrifstofunni og þetta frumvarp hefur fengið — þ.e. verið er að afnema skatta án þess að nokkuð komi í staðinn.

Mig langar að útskýra af hverju þetta er svona mikil grundvallarbreyting. Það er vegna þess að þessi vinnubrögð fóru mjög illa með íslenskt samfélag. Og það var þjóðarsamstaða um að binda endi á vinnubrögð af þessu tagi sem leiddi okkur út úr hruninu. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar stóð að því að hefja samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn haustið 2008. Samstaðan sem þar myndast snerist um það að við mundum fórna öllu til til að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum og að þjóðin ætti allt undir að ná því markmiði og að ná því hrott, vegna þess að annars yrðum við þrælur erlendra lánardrottna um ókomin ár.

Framsóknarflokkurinn veitti þessu plani hlutleysi sitt og greiddi fyrir framgangi þess. Vinstri grænir voru á móti þessu plani í upphafi (**Gripið fram í:** En greiddu fyrir framgangi þess.) en greiddu fyrir framgangi þess og komu síðan í ríkisstjórn með okkur í Samfylkingunni og fylgdu því eftir. Um það var rík samstaða hér á síðasta kjörtímabili að við ynnum áfram að því að uppfylla það fyrirheit að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Ég kom sem félagsmálaráðherra inn í þennan þingsal með frumvarp sem mig langaði ekkert að koma með. Það fól í sér skerðingu á réttindum, óhjákvæmilegar aðgerðir til að ná umræddu markmiði. Stjórnarandstaða þess tíma, sjálfstæðismenn sérstaklega og framsóknarmenn, sýndu þann stórhug að gera sér ekki úr því einne sérstakan pólitískan mat. Þeir gerðu sér grein fyrir ástandinu og að við þyrftum að fórna þessu til til að tryggja jöfnuð í ríkisfjármálum.

Við lögðum fram hugmyndir um skattahækkanir. Af því það er nú í tísku að tala illa um stjórnarandstöðu síðasta kjörtímabils, og hún á náttúrulega margt illt umtal skilið, ætla ég að segja henni það til hróss að almennt séð var hér mikill skilningur og stuðningur gagnvart því að við þyrftum að leggja fram hugmyndir um skattahækkanir og menn brugðu ekki fyrir þær fæti. Allt var þetta vegna þess að við vorum að reyna að ná þessu markmiði og það var tímasett, við ætluðum að ná því 2013.

Það var síðan mat á árinu 2011, meðal annars vegna þess að hagtolur voru daufar, fjárfesting lítil, að við ættum að fara hægar og fresta þessu markmiði til 2014. En markmiðið um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið lykilatriði okkar allt til þessa dags. Þess vegna til dæmis fórum við í Samfylkingunni ekki í það að framkvæma ýmislegt sem hefði verið okkur í löfa lagið að framkvæma rétt fyrir kosningar og slá þannig kosningavíxil. Við fórum í kosningar berandi byrðar og berandi á bakinu óvinsældir vegna skerðinga á almannatryggingakerfinu frá kjörtímabilinu, vegna þess að við töldum okkur ekki fært að skrifa ávísanir fram í tímann og við vildum ekki hvika frá markmiðinu.

Í aðdraganda kosninganna töluðu allir um efnahagslegan stöðugleika, það töluðu allir inn í þau almennu markmið. Það ber því nýrra við að fjármálaráðherra komi hér, á sama degi og hann er að kveinka sér undan því að hann sé að



uppgötvta 30 milljarða gat á ríkisútgjöldum, og auki á það gat. Það hefðu fjármálaráðherrar síðasta kjörtímabils aldrei leyft sér. Það má segja: Bíddu, er ekki rétt að afnema þennan skatt? Er hann ekki íþyngjandi? Jú, jú, það er alveg rétt, en við höfum lagt á verið álögur og við höfum gripið til kostnaðarsamari aðgerða á sparnaðarhlíðinni en þessarar.

Þessi skattur var vissulega íþyngjandi þegar hugmyndin var fyrst lögð fram vegna þess að hann átti þá að taka gildi strax. Aðilar í ferðaþjónustu voru búnir að verðleggja þjónustu sína fram í tímann og það var ósanngjarnt gagnvart þeim. En miðað við að koma á eftir höfuðferðamannatímanum núna í haust. Efnisrökin fyrir því að falla frá þessari skattheimtu umfram aðrar eru ekkert sérstaklega sterk vegna þess að fyrirvarinn sem búið er að gefa á þessari hækkun á virðisaukaskatti er það langur að öll fyrirtæki hafa tækifæri til þess að verðleggja sig til samræmis. Það er góð spurning sem hér kemur upp: Ef þessi skattlagning er núna dregin til baka, hvað þá, ef fyrirtækin eru þegar búnin að verðleggja sig í samræmi við skattlagninguna?

Það er mikilvægt að draga saman samhengi stærðanna. Þessi skattahækkun, þegar hún er að fullu komin til framkvæmda, á að skila í ríkissjóð röskum 1.500 milljónum. Þegar ég var félagsmálaráðherra og þurfti að taka erfiðar ákvarðanir þá var ein af þeim erfiðari að meta hvar ætti að bera niður í skerðingum í almannatryggingakerfi. Ömurlegt hlutskipti. En ein af þeim breytingum sem þar voru ákveðnar og voru sársaukafullar, skerðing á grunnlífeyri, skilaði 1.600 milljónum, rétt rúmlega því sem menn eru að ákveða að innheimta ekki hér. Það er því stór ákvörðun þegar menn ákveða að auka á gatið og það er fráhrarfrá þjóðarsamstöðu um jöfnuð í ríkisfjármálum sem við náðum í kjölfar hrunsins — að hætta að senda víxla á framtíðina, að hætta að vera með óábyrga ríkisfjármálastefnu og að slá nýjan takt.

Það skiptir líka máli að hafa í huga í þessu samhengi að þessi breyting er ekki ein og ekki stök. Það hefur komið fram af hálfu fjármálaráðherra að hann vilji lækka fleiri skatta, en hann hefur ekki komið hér inn í þingið með nýja ríkisfjármálaáætlun til að standa undir því. Hann sagði hér áðan — og nú gengur hann í salinn og ég fagna því — að ný ríkisfjármálaáætlun kæmi í haust samhliða fjárlögum eins og venja væri til.

Þegar við tókum við vorið 2009 var það ekki fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar á sumarþingi að koma með minnislista fyrir ráðherra og dubba hann upp í gervi þingsályktunartillögu eins og forsætisráðherra hefur gert varðandi þessi skuldamál — lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga sem vekur athygli fyrir efnisrýrd og er í reynd bara minnislisti fyrir ráðherra um það hvað þeir eigi að gera hvenær. Við komum hér inn með skýrslu um stöðu ríkisfjármála og áætlun til næstu fjögurra ára á sumarþingi.

Mér finnst það grundvallarveikleiki í þessu máli að fjármálaráðherra sýni þinginu ekki þá virðingu, þegar hann segist standa frammi fyrir 30 milljarða gati, að leggja fram plan um það hvernig loka eigi því gati í stað þess að leggja það fram sem sitt fyrsta mál, og fyrsta þingmál nýrrar ríkisstjórnar, að stækka það. Þetta er slíkur grundvallarveikleiki í nálgun að ekki er hægt að kalla þetta neitt annað en sögu-

leg lausatök í ríkisfjármálum. Við viljum auðvitað að hann sýni þinginu þá virðingu að segja okkur hvenær búast megi við jöfnuði í ríkisfjármálum.

Ég spurði í dag og ég fékk ekki skýr svör frá honum. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra í fyrirspurnatíma í dag og hann svaraði bara út í hött eins og það kæmi þinginu, stjórnarandstöðunni, og þjóðinni ekki við hvort stefnan væri jöfnuður í ríkisfjármálum eða ekki. Ég veit ekki alveg á hvaða plánetu þeir menn búa sem halda að þeir geti talað af viti og af trúverðugleika um afnám hafta í þessu landi ef þeir treysta sér ekki til að segja við markaðinn hvort þeir stefna að jöfnuði í ríkisfjármálum eða ekki. Því ef menn ætla ekki að standa við markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum er tómt mál að tala um að afnema höft. Það munu allir peningar sogast út um leið og höftum er lyft. Þetta er því grundvallaratriði fyrir efnahagslega velsæld þjóðarinnar og fyrir efnahagslegan stöðugleika.

Það er einfaldlega ekki hægt að setta sig við að ríkisstjórn komi og brjóti, án þess eiginlega að átta sig á því að því er virðist, niður þá samstöðu sem þó hefur myndast um jöfnuð í ríkisfjármálum sem höfuðmarkmið efnahagsstefunnar og ríkisfjármálastefunnar. Ég segi það aftur vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra er nú kominn í salinn að ég var nefnilega að rifja það upp hvernig við náðum þó á síðasta kjörtímabili almennri samstöðu um það markmið. Ég var að hrósa stjórnarandstöðu síðasta kjörtímabils fyrir það að hún stóð ekki í málþófi gegn erfiðum niðurskurðaraðgerðum og hún stóð ekki í málþófi gegn flestum skattaákvörðunum okkar. Það var vegna þess að allir gerðu sér grein fyrir því hve það var mikilvægt hvað varðar þjóðaröryggi að ná jöfnuði í ríkisfjármálum; það var okkur öllum sameiginlegt.

Þess vegna ítreka ég kröfuna á hæstv. fjármálaráðherra sem ég setti fram í dag og fékk ekki skýr svör við og sem ég setti fram við hæstv. forsætisráðherra í dag og fékk bara svör í kerskni. Það er eðlileg krafa að hann komi hér með nýja ríkisfjármálaáætlun og segi okkur hvenær ná eigi jöfnuði í ríkisfjármálum áður en hann leggur fram frumvörp um að falla frá tekjuöflunaraðgerðum sem þegar hafa verið samþykktar, veikja tekjuöflunargrunninn án þess að til þess reki einhverjar nauðir.

Það er alveg sama hvaða skoðanir menn kunna að hafa á þessari tilteknu skattbreytingu þegar hún var lögð á, hvort hún væri skynsamleg eða ekki, þá er búið að ákveða þessa skattbreytingu með mjög löngum fyrirvara. Þeir sem eru í greininni hafa getað verðlagt hana inn í áætlanir sínar. Það er því engin ríkari rök fyrir þessari breytingu í virðisaukaskattskerfinu en öllum öðrum.

Því segi ég að lokum: Það hlýtur að vera krafa til þessrar ríkisstjórnar að hún standi sig að þessu leyti þó að hún virðist ekki vera verkmikil og menn hafi ekki mikið rætt á öllum þessum vikum í sumarstöðunum. Það hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til hennar að hún geri eins og við gerðum á sumarþingi 2009, leggi fram fjögurra ára plan í ríkisfjármálum þannig að við vitum í hvaða umgjörð við erum að vinna. Ætlar ríkisstjórnin að ná jöfnuði á næsta ári eins og við höfum lagt upp með? Er það enn þá markmiðið? Vilja þeir hvíka frá því? Hversu langt ætla þeir þá að hvíka frá því? Er það 2015? Þetta eru engin aukaatriði,

þetta eru lyklatríði. Þessar ákvarðanir eru forsenda þess að hægt sé að tala af einhverju viti hér um önnur atríði í grundvallarumgjörð efnahagsmálanna, svo sem afnám hafta.

Þjóðaröryggi er í húfi. Efnahagslegt öryggi þjóðarinnar er í húfi. Þetta er nefnilega hluti af stórrí mynd. Þetta er ekki lítið mál. Við verðum að ætlast til þess að þessi ríkisstjórn virði þá þjóðarsamstöðu um efnahagslegan stöðugleika og jöfnuð í ríkisfjármálum sem þó hefur myndast eftir hrun.

[20:34]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Hér er spurt hvenær megi búast við jöfnuði í ríkisfjármálum. Svarið við því er að að öllum líkindum síðar en fráfarandi ríkisstjórn ætlaði vegna þeirra veikleika sem eru að koma fram á þessu ári og munu ná inn á næsta.

Fyrri ríkisstjórn kom vissulega með efnahagsplan til nokkurra ára skömmu eftir kosningarnar 2009 en þá hafði hún líka setið í Stjórnarráðinu frá því í byrjun febrúar og hafði starfað með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum allan tímann. Því verður ekki líkt við þær aðstæður sem núverandi ríkisstjórn býr við sem er einungis búin að vera nokkra daga í Stjórnarráðinu.

Hér er gerð krafa til stjórnarflokkanna um að í hvert sinn sem lagt er fram frumvarp sem annaðhvort mun leiða til rýrari tekna eða nýrra útgjalda komi einhverjar aðlögunaraðgerðir á móti. Ég skil það ágætlega. Ég hef bent á í umræðunni í dag að þær aðlögunaraðgerðir sem grípa þurfi til séu miklu umfangsmeiri en sem nemur því sem felst í þessu frumvarpi.

En má ég þá gera sömu kröfu á stjórnarandstöðuflokkana sem hafa á fyrsta degi hér í þinginu lagt fram frumvarp til nýrra almannatryggingalaga sem mun hafa í för með sér á næstu árum verulega aukin útgjöld ríkisins án þess að gerð hafi verið grein fyrir því með hvaða hætti eigi að hagræða á móti eða finna nýja tekjustofna? Þá kröfu hljótum við að gera á móti þegar stjórnarandstöðuflokkarnir koma með frumvarp sem leiðir til útgjaldaauka, sömu kröfu og þeir vilja gera til stjórnarflokkanna.

[20:37]

**Árni Páll Arnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri verkaskiptingu milli stjórnar og stjórnarandstöðu sem hæstv. fjármálaráðherra stingur hér upp á, þ.e. að við tökum að okkur hlutverk fjárlagaskrifstofunnar, hann komi með frumvörpin hingað inn og við fáum að koma með útfærslurnar á því hvernig eigi að koma hlutunum fyrir.

Það er auðvitað ekki þannig að þegar stjórnarandstaðan leggur fram frumvörp komi hún með útfærða fjárlagalíði en það er hægt og er rétt að gera þá kröfu til ríkisstjórnar sem ber ábyrgð á framkvæmd stefnumíða sem hafa verið kynnt opinberlega.

Hæstv. fjármálaráðherra segir: Að öllum líkindum seinna. Hvað þýðir það? 2015? Þetta eru grundvallaratriði sem skipta máli og hann ber ábyrgð núna. Ég veit að hann er óvanur því, ég veit að þetta er nýtt hlutverk. En auðvitað ber hann ábyrgð fyrir hönd ríkisins á því að útskýra hvernig

ríma á saman ríkisfjármálaáætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum og til dæmis markmið um afnám hafta.

Hæstv. ráðherra ber líka ábyrgð á því að útskýra fyrir erlendum lánshæfismatsfyrirtækjum hvernig á að láta ríkisfjármálaáætlunina virka. Við erum nýbúin að selja skuldaþréf til fimm og tíu ára á Bandaríkjamarkaði á grundvelli efnahagslegs árangurs sem við höfum náð á grunni ríkisfjármálaáætlunar þannig að það er ekkert gamanmál að hvíka frá henni og það er ekkert privátmál hæstv. ráðherra að velta því fyrir sér hvenær þetta geti gerst. Hann ber ábyrgð núna. Ég veit að þetta er nýtt en hann ber ábyrgð núna gagnvart þjóðinni. Það er allt annars konar staða en staða stjórnarandstöðu sem leggur eðli málsins fram sjónarmið sín og óskalista en er auðvitað ekki í þeirri stöðu að þurfa að forgangsraða í ríkisfjármálum vegna þess að hún er ekki í ríkisstjórn.

[20:39]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Þegar þetta sama frumvarp og ég var að vísa til að er nýkomið fram frá þingflokki Samfylkingarinnar, kom fram frá fyrrverandi velferðarráðherra á vordögum var heldur ekki gerð grein fyrir því hvernig hægt væri að aðlaga aukin útgjöld að langtímaáætlun í ríkisfjármálum. Í sjálfu sér hefur það ekkert með það að gera hvort málið kemur núna frá sömu þingmönnum þegar þeir eru komnir í hlutverk stjórnarandstöðu eða hvort það kom fram á meðan Samfylkingin var í ríkisstjórn. Í bæði skiptin hefur skort á að gerð væri grein fyrir því hvernig aðlaga mætti þau miklu útgjöld sem gera má ráð fyrir að fylgi samþykkt frumvarpsins að þeirri áætlun sem starfað hefur verið eftir undanfarin ár.

En þrátt fyrir að við séum kannski ekki sammála um það hvernig þetta mál kemur í þingið og hvernig því er fylgt eftir og þrátt fyrir að menn séu ósáttir við það, sumir hverjir, hér í dag að ég vísi til þess að langtímaáætlun í ríkisfjármálum verði lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpinu í haust erum við sammála um það í grundvallaratriðum að tala þarf inn í skýran ramma. Menn verða að vera tilbúnir að bera ábyrgð á áætlun sem fylgt er eftir og tillögur sem fluttar eru í þinginu verða að ríma við áætlun ella mun hana skorta allan trúverðugleika. Það er rétt sem hv. þingmaður bendir á að þá hætta menn að trúá því sem héðan kemur eða stafar frá ríkisstjórninni og það mun á endanum bitna á lánskjörum ríkissjóðs. Þetta getum við verið sammála um.

[20:41]

**Árni Páll Arnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um mikilvægi þess að það sé trúverðugt sem frá okkur kemur. En þetta síðasta svar hans var nú bara svoltið eins og við værum að fara í andaglas. Hann sagði að það sem héðan kæmi yrði auðvitað að vera í samræmi við áætlun sem enginn veit hins vegar hvernig er. Þannig að stjórnarandstaðan hefur engin tók á því að halda ríkisstjórninni við efnið um það hvort hún er að vinna í samræmi við áætlunina eða ekki og það erum ekki bara við sem komum af fjöllum. Alþjóðlegir greiningaraðilar koma líka af fjöllum. Menn hafa ekki

átt því að venjast að hafa svona lausatök í ríkisfjármálum frá hrúni, að menn byrji á því að veikja tekjuöflunina, grunn ríkissjóðs, áður en þeir gera grein fyrir því hvernig hið stærra markmið um efnahagslegan stöðugleika og jöfnuð í ríkisfjármálum eigi að nást.

Þetta er nýlunda. Þetta er fráhrarfrá því sem við höfum tileinkað okkur frá hrúni og fráhrarfrá þeirri þjóðarsamstöðu sem varð um jöfnuð í ríkisfjármálum sem höfuðmarkmið efnahagsstefunnar eftir hrún. Það er þetta sem mér finnst svo alvarlegt. Mér finnst bara ekkert í lagi að hæstv. fjármálaráðherra haldi því út af fyrir sig hvernig eigi að fara með jöfnuð í ríkisfjármálum. Mér finnst ekki í lagi að hæstv. forsætisráðherra svari út í hött eins og hann gerði í dag og mér finnst ekki heldur í lagi að einstakir ráðherrar tali síðan í allt aðrar áttir um enn frekari útgjaldaaukningu. Það bendir til þess að það sé bara ekkert plan, menn séu bara að þrjóna, hver með sínu sniði, eftir því sem þeim dettur í hug. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Við höfðum skýrt leiðarplan til að vinna eftir á síðasta kjörtímabili og það var byggt á þjóðarsamstöðunni sem hafði verið lögð í AGS-planinu. Þetta er grundvallaratriði fyrir árangur. Ég hvet ríkisstjórnina til að hysja upp um sig og koma frá sér alvörúætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum.

[20:43]

#### Vilhjálmur Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu og allra síst um þann hluta sem snýr að ríkisfjármálum, en þar sem umræðan er farin að fara út og suður vil ég skjóta hér inn upplýsingum um meginatriði málsins.

Þegar virðisaukaskattur á gistiþjónustu var ákvarðaður 7% rámar mig í að vísað hafi verið til samkeppnisstöðu greinarinnar, greinin væri að keppa við önnur lönd. Sú samkeppni stendur enn. Það var árið 2007 sem gistiþjónustan var sett í lægra þrep virðisaukaskatts. Nú vill svo til að það eru til nokkuð aðgengilegar upplýsingar um virðisaukaskatt á gistiþjónustu í öðrum löndum. Þetta 7% þrep er ekkert frábrugðið því sem gerist í öðrum löndum. Til dæmis í Belgíu og Hollandi sem eru hér nærri okkur í norðurálfu, þar er virðisaukaskattur 6%, í Þýskalandi 7% og í því landi sem vísað var til áðan með háa skattlagningu, Frakklandi, er hún 5,5%.

Önnur lönd sem eru með lágan virðisaukaskatt á gistiþjónustu eru t.d. í Austur-Evrópu. Við erum að keppa við lönd um útflutning. Rökstuðningurinn var sá, ef ég man rétt, að hér væri um að ræða útflutningsgrein. Við vitum það öll hvernig er farið með útskatt af útflutningsgreinum, hvort heldur það heitir sjávarútvegur eða annað, hann er endurgreiddur, þannig að þetta var einhvers konar nálgun við útflutning á vöru, þjónustuútflutningur. Hér er því ósköp einfaldlega verið að gæta jafnræðis.

Ég skal seinna taka þátt í skattlagningarumræðunni sem var á síðustu fjórum árum fyrst og fremst í þá átt að allir skattar mundu skila sér að fullu án þess að sá sem tæki þátt í leikum, neytandinn, mundi breyta hegðun sinni. Svo er ekki. 6–8% hækkun á verði þjónustu sem af þessu leiðir gæti leitt af sér fækkun á ferðamönnum um u.þ.b. 30–40 þúsund, ef ég kann að reikna rétt eftir teygnitölum sem voru gefnar upp í skýrslu Hagfræðistofnunar.

Sömuleiðis er náttúrliga fullt af þversögnum í þessari atvinnugrein sem heitir ferðaþjónusta eins og það að þessi gífurlega aukning á komum ferðamanna hefur alls ekki leitt af sér sambærilega aukningu á nýtingu á gistingu. Ferðaþjónusta á landsbygðinni sem býr við 30–40% nýtingu á gistingu þrífst náttúrliga illa. Nýtingin í Reykjavík er líklega um 70%, það er annað verkefni sem ég ætla ekki að ræða hér. Það er hluti af umræðu um ferðaþjónustuna í heilu lagi.

Ég ætla líka að bæta því við að ferðaþjónusta er ekki til sem atvinnugrein í þjóðhagsreikningum. Ferðaþjónusta hefur verið skilgreind sem samsetning nokkurra atvinnugreina, þ.e. flugrekstur, gisting, veitingasala, rekstur, fólksflutningar og bílaleigur o.s.frv. Samtals er þetta milli 5 og 6,5% af landsframléiðslu. Gistiþjónustan er líklega u.þ.b. 0,45% af landsframléiðslu, en er sennilega láglaunagrein því hún er með 0,76% af mannafla í greininni.

Við erum því að fjalla um mjög viðkvæma grein og við erum í samkeppni við önnur lönd. Þýskir ferðamenn geta leitað til Austur-Evrópu eða bara dvalið í sínu heimalandi ef hér verður veruleg hækkun á gistingu.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að sinni. Ég kannski hefði átt að hafa mína fyrstu ræðu í hinu háa Alþingi með virðulegra móti en þessa. (ÖS: Hún var virðuleg.) Var hún virðuleg? (ÖS: Já.) Við skulum ekki ræða um það hér, en ég vildi koma þessum upplýsingum á framfæri og að menn haldi sig við meginefnið en ræði ríkisfjármál frekar í annarri umræðu.

[20:49]

#### Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég vil óska hv. þingmanni til hamingju með jómfrúrræðuna og hrósa honum fyrir hana, hún var efnisrík og góð. Þó að það sé ekki til síðs á Alþingi að koma í andsvör við jómfrúrræðu vakti eitt athygli mína. Og af því að hv. þingmaður er sérfróður á þessu sviði og þær staðreyndir og tölur sem hann var að rekja vöktu mig til umhugsunar langar mig að spyrja: Telur hv. þingmaður að hækkunin hafi þegar, í ljósi tímans sem er liðinn, verið færð inn í verðlagningu fyrirtækjanna? Og hver telur hv. þingmaður að verðteygning sé í þessu út frá almennum efnislegum forsendum? Mér leikur forvitni á að vita það.

[20:50]

#### Vilhjálmur Bjarnason (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugmynd um hvort ferðaþjónustan hefur bætt þessu inn í sín verð eða hvernig hún hefur verðlagt þetta. Þegar menn ákvarða verð á einhverju er það ósköp einfaldlega þannig að neytandinn veit sjaldnast hvað þjónustan kostar, hann veit hvað hann borgar fyrir hana. Hins vegar getur sá sem verður var við verðhækkunarborið þær saman við önnur lönd. Hvað ég held um verðlagningu skiptir því ekki meginmáli, en talað er um það í skýrslu Hagfræðistofnunar að verðteygning sé u.þ.b. mínus 0,55, 0,6 þannig að 1% hækkun á þjónustu skilar sér í 0,6% samdrætti í þjónustukaupum. Þetta er það sem liggur í skýrslunni.

En hvað ferðaþjónustan hefur verðlagt veit ég ekki, ég er ósköp einfaldlega að miða við að kaupandinn horfir í það

hvað hann er að borga, við erum að keppa við önnur lönd og við erum að flytja út þjónustu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efh.- og viðskn.

### **Meðferð einkamála, 1. umr.**

Stjfrv., 2. mál (flýtimeðferð). — Þskj. 2.

[20:52]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, frumvarpi sem í umræðum á Alþingi hefur gjarnan verið kallað frumvarp um flýtimeðferð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að í lögum um meðferð einkamála verði sett tímabundið ákvæði sem kveður á um að varði ágreiningur í dómsmáli lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjör slíkra skuldbindinga skuli hraða meðferð slíks máls fyrir dómstólum.

Við þekkjum auðvitað öll í þessum sal og aðrir sem á hlýða ástæður slíks frumvarps. Það hefur verið flutt hér áður í aðeins breyttri mynd, en ástæðan fyrir framlengingunni núna er augljós því að þrátt fyrir að niðurstöður dómstóla undanfarin ár hafi verið fordæmisgefandi fyrir mál er upp hafa risið um lögmæti fjárskuldbindingu sem um ræðir í frumvarpinu eru enn ýmis ágreiningsatriði óleyst og mikilvægt er að niðurstaða í þeim málum fáiast hið allra fyrsta.

Er því lagt til í frumvarpi þessu að þau mál þar sem ágreiningur er um lögmæti gengis- eða vísitölutryggingar skuldbindinga eða uppgjörs slíkra skuldbindinga fái hraða meðferð í gegnum dómskerfið. Í þeirri heimild felst, eins og kemur fram í greinargerð, að dómari sjái til þess að allir frestir í máli séu eins stuttir og mögulegt er og að dómur sé kveðinn upp hið fyrsta. Á það bæði við um mál sem rekin eru fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti.

Það er brýnt, herra forseti, að niðurstaða fáiast sem fyrst í mál sem leyst geta úr óvissu sem enn ríkir að nokkru leyti í málum er tengjast uppgjöri skulda heimilanna. Er því nauðsynlegt að veita, eins og ég nefndi áðan, dómurum styrka stöð til þess að taka slík mál til meðferðar og leysa úr þeim á skjótan hátt og eins hratt og mögulegt er.

Þessi aðgerð er þó fyrst og síðast mikilvæg fyrir fólkið í landinu, fyrir almenning í landinu og þá sem standa annaðhvort frammi fyrir slíkum málum nú eða geta þurft að standa frammi fyrir slíkum málum síðar. Sú víska að þau mál fái skjóta meðferð þarf að vera klár og skýr. Hún þarf að vera til staðar. Það skiptir miklu máli. Þess vegna er málið lagt fram á þessum tímamarki.

Virðulegi forseti. Eins og kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skal unnið að því að dómsmál og önnur ágreiningsmál sem varða skuldir einstaklinga og fyrirtækja fái eins hraða meðferð og mögulegt er. Er hér um að ræða þann mikilvæga þátt að eyða verður óvissu um stöðu lántakenda gagnvart lánastofnunum. Frumvarp þetta er því liður í að fullnægja því markmiði sem kynnt er í stjórnar-

sáttmálanum, en það er einnig mikilvægur liður í þeirri þingsályktunartillögu sem hæstv. forsætisráðherra kynnti í stefnuræðu sinni í gær og mikilvægur þáttur í því að forgangsraða mjög ákveðið og mjög eindregið á þessu sumarþingi í þágu skuldavanda heimilanna.

Miðað við þær umræður, hæstv. forseti, sem verið hafa í þingsalnum og einnig í aðdraganda þess að þing var sett, vænti ég að um málið náist góð og almenn sátt á þessu þingi. Ég treysti því að þingmenn líkt og almenningur viti að það er mikilvægt að setja þessi mál í þennan forgeir. Margt hefur verið vel gert fyrir þennan tíma. Mörg þeirra mála sem voru í óljósri stöðu fyrir þetta þing og á undanförmum árum hafa auðvitað verið sett í farveg. En það er engu að síður mikilvægt að við sameinumst um að tryggja að þau sem eftir eru fái örugga, hraða og góða meðferð.

Þess vegna óska ég eftir því, virðulegur forseti, að frumvarpinu verði vísað til hv. allsherjar- og menntamálanefndar að þessari umræðu lokinni og síðan til 2. umr.

[20:57]

### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma fram með þetta mál. Mér finnst í því góð hugsun. Mig langar að spyrja tveggja spurninga.

Nú hafa dómarrar lýst því yfir að þessi mál hafi verið í forgangi hingað til. Er hæstv. ráðherra til í að svara þeirri spurningu hversu mikið til viðbótar hún telur að framlagn-ing svona lagafrumvarps muni geta hraðað slíkum málum umfram það sem dómarrar hafa hingað til fullyrt að hægt sé að gera?

Í greinargerðinni kemur beinlínis fram að hér sé verið að veita dómurum styrka stöð til að taka þessi mál fram yfir önnur mál. Þá langar mig að heyrja hjá hæstv. ráðherra, sem hlýtur að hafa lagt á það mat eða tekið það með einhverjum hætti saman að það fer enginn fyrir dómstóla að gamni sínu. Þar eru mörg viðkvæm og erfið mál sem menn vilja fá skjóta úrlausn á. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra geti sagt okkur það hér hversu mörg mál gætu þurft að bíða vegna þessara mála og hvers eðlis þau eru. Oft eru erfið mál fyrir dómi eins og kynferðisbrotamál og önnur slík mál, mörg persónuleg og óþægileg mál sem menn vilja kannski fá skjóta úrlausn á.

Ég vænti þess því að ráðuneytið hafi með einhverjum hætti tekið saman hvaða áhrif þetta mál gæti haft á önnur mál sem fyrir dómstólunum eru.

[20:59]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þessu.

Eins og hv. þingmaður gerir sér sjálfsagt grein fyrir var nokkur hraði á málinu. Það var talið mikilvægt að koma því fyrir sumarþingið. Hins vegar var haft óformlegt samráð við þá sem komu að málinu, t.d. Héraðsdóm Reykjavíkur. Þar var talið augljóst að þetta mál mundi ekki hafa áhrif á önnur mál eða valda töfum á þeim, eins og hv. þingmaður nefndi. Málið verður unnið í góðu samstarfi.

Það er líka hárrétt sem fram kemur hjá hv. þingmanni að auðvitað er ekki sama staða uppi nú, sem betur fer, og var

t.d. árið 2009 þegar málið var fyrst flutt. Sama staða er heldur ekki uppi og var árinu þar á eftir eða á síðasta ári. Tekist hefur að grynnka á ákveðnum málum. Skapast hefur fordæmi fyrir afgreiðslu annarra mála, þannig að málin eru sannarlega færri en þau voru, sem betur fer. Það breytir þó engu um það að við stöndum frammi fyrir því vandamáli að 28 þús. einstaklingar á Íslandi eru í greiðsluvanda. Mörg þeirra mála sem bíða úrlausnar hafa mikil áhrif á stóran hluta þess hóps.

Auðvitað mun það gerast á seinni stigum að haft verður formlegt samráð og menn koma með umsógn um frumvarpið. En það er mat fólksins í ráðuneytinu og þeirra sérfræðinga sem að málinu hafa komið að það þurfi ekki að hafa áhrif á önnur mál, eins og hv. þingmaður talaði um, og það verður unnið í góðu samstarfi við dómstóla.

[21:00]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ef ég skil þetta rétt er í raun og veru ekki verið að taka þessi mál fram fyrir önnur mál fyrst það hefur ekki áhrif á önnur mál sem eru fyrir dómi. Ég skil svar hæstv. ráðherra þannig. Ég náði því ekki í svari hennar hversu mikið er raunverulega verið að flýta þeim málum sem um ræðir. Ég er algjörlega sammála hæstv. ráðherra að þessi mál þurfa að fara hratt í gegn. Ef maður tekur eitt-hvert mál fram fyrir annað mál hlýtur það að hafa áhrif á málið sem þarf að bíða. Mér fannst ekki koma alveg nógu skýrt hjá hæstv. ráðherra hvaða áhrif það mun hafa á málin sem verða ekki tekin fram fyrir. Hvernig er málunum þá hraðað í gegn ef ekki á að taka þau fram fyrir nein önnur mál?

[21:01]

#### **Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S) (andsvar):**

Forseti. Ég verð nú að viðurkenna að mér finnst hv. þingmaður vera að búa til mál úr einhverju sem er augljóslega ekki neitt mál. Það hefur verið ágæt samstaða um það og hv. þingmaður kom inn á það í ræðu sinni að hún teldi málið gott. Við treystum dómstólum fyrir því. Við veitum hér dómurum heimild til þess að forgangsraða í þágu þessara mála. Við erum ekki með annars konar inngríp í það. Hér er heimild fyrir dómara til þess að taka þessi mál og forgangsraða í þágu þeirra og reyna að hraða þeim í gegnum dómkerfið. Að treysta ekki dómstólunum til þess að vinna að því finnst mér dálítið sérkennilegt. Mér finnst það líka sérkennilegt, hv. þingmaður, í ljósi umræðunnar sem verið hefur um málið.

Við hljótum að átta okkur á því þingmenn (Gripið fram í.) að þegar við ræðum um að gefin sé heimild til þess að hraða ákveðnum málum sem við teljum mikilvæg og ég held að allir séu sammála um að eru mikilvæg til þess að ljúka ákveðnu uppgjöri hér, þá getur það — ég vona sannarlega að það komi ekki niður á málum sem eru mikilvæg. En ég treysti dómstólunum fullkomlega til þess að forgangsraða þannig að það komi ekki niður á öðrum málum með þeim hætti sem hér er lýst.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst menn vera að reyna að búa til átök um mál sem ég tel að hljóti að

geti verið góð sátt og samstaða um. Ég hlýt að fullvissa hv. þingmann um að dómstólum hér á Íslandi er fullkomlega treystandi til að forgangsraða og hraða málum þannig að það verði ekki látið koma niður á málum sem hv. þingmaður nefndi.

[21:03]

#### **Ögmundur Jónasson (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekkert nema gott um þetta þingmál að segja og ég kem til með að styðja það þó að ég verði að játa að við þessa umræðu núna er mér ekki alveg eins ljóst hvað í frumvarpinu felst og ég taldi áður. Annars vegar erum við að tala um að forgangsraða í dómkerfinu. Hins vegar er sagt að það sé ekki raunin, hraða eigi málsmeðferð. Ég skildi málið upphaflega þannig að það væri verið að hvetja dómstólana til þess að hafa alla fresti sem skemmsta og hraða framgangi málanna. Þá erum við ekki að forgangsraða á kostnað annarra mála. Ég er ekki að meina að þetta sé neins konar útiráðningur því að að grunni til tel ég vera til góðs að reyna að hraða þessum málum, að finna leiðir til að hraða þeim í gegnum dómkerfið. Mér brá hins vegar örlítið við það þegar ég heyrði hæstv. ráðherra segja að þetta mál endurspegladi forgangsroðun ríkisstjórnarinnar og hve mikilvægt það væri að fá þetta mál fram í þinginu akkúrat nema.

Nú vill svo til að það er réttarhlé í landinu. Dómstólarnir eru í fríu. Þeir hafast ekki að. Þeir koma ekki saman að nýju fyrr en í haust, í september. Þá taka þeir til við þessi mál.

Annað er að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef haft hefur ekki staðið á dómstólunum við afgreiðslu mála af þessu tagi. Það hefur staðið á málum sem eru iðulega fjármálastofnanir eða aðrir aðilar sem að slíkum málarekstri koma. Ég hef grun um að sumar fjármálastofnanir hafi hreyft sig allt of hægt vegna þess að þær hafi ekki viljað fara með málið fyrir dóm og þar sé vandinn, ekki hjá dómstólunum.

Hæstv. ráðherra kemur og mælir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og segir að hér sé kominn spegill á þá ríkisstjórn sem hefur verið mynduð, í þeim spegli sjáum við hvernig hún forgangsraði. Það er vísað í þingsályktunartillöguna sem felur það í sér að ríkisstjórnin ætla að beina því til Alþingis að það samþykki að fela ríkisstjórninni að framfylgja kosningalofordum sínum. (Gripið fram í.) Menn héldu sumir að það væri verið að gera grín að Alþingi eða þjóðinni þegar hæstv. forsætisráðherra boðaði í stefnuræðunni hér í gærkvöldi að ríkisstjórnin ætlaði að fara þess á leit við Alþingi að það samþykki tillögu þess efnis að ríkisstjórnin færi að kosningalofordum sínum. Við héldum að við fengjum tillögu ríkisstjórnarinnar inn á okkar borð, tækjum þær til málefnalegrar umfjöllunar í þessum þingsal og síðan í þingnefndum og tækjum afstöðu til þeirra, en ekki að hin leiðin yrði farin eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir komst að orði í gær, að við fengjum bara nefndir en engar efnir.

Ég hefði haldið, ef ríkisstjórninni er alvara í því að taka á skuldamálu, að hún yrði að eyða þeirri óvissu sem hún hefur skapað með þessari aðkomu að þeim málum. Hún verður að eyða þeirri óvissu sem hún hefur skapað hjá íslenskum heimilum. Því var lofað í aðdraganda kosninganna að ráðist yrði í lækku á höfuðstóli lána. Það voru lof-

orðin og fólk vildi ganga að því gefnu að ríkisstjórnin mundi efna þessi loford. Nei, í stað þess að eyða óvissunni hjá heimilunum í landinu er okkur sagt núna að forgangsroðunin birtist í því að lögbinda það að dómstólarnir geri það sem þeir hafa verið að gera á undanförunum mánuðum, að reyna að hraða framgangi þessara mála. Það eru alla vega þær upplýsingar sem ég hef haft og að vandinn liggir allt annars staðar. Því miður.

Þess vegna þætti mér fróðlegt að fá það fram við þessa umræðu, og ég efast ekki um að margir eiga eftir að taka þátt í henni, hvað það er sem ríkisstjórnin vill leggja af mörkum til þess að koma til móts við heimilin. Hvernig á að lækka höfuðstól lánanna? Hvað á að gera? Fáum við einhverjar tillögur (Gripíð fram í.) þess efnis hér á vörþingi? Fáum við þær (Gripíð fram í.) þannig að nefndir geti unnið með þann pakka í stað þess að bjóða okkur upp á það eitt að binda í lög að dómstólarnir geri það sem þeir hafa alltaf gert, að reyna að hraða þessum málum þegar þeir koma úr fríu í september eftir réttarhlé? Er þetta ekki pínulítið rýrt? Er ekki pínulítið rýrt og ósannfærandi að tala um þetta sem forgangsroðun ríkisstjórnarinnar til að taka á skuldavanda heimilanna? Ég bara spyr. Gera menn ekki meiri kröfur til sjálfra sín og til þessarar ríkisstjórnar en þetta? Er þetta músin sem verið er að kynna, hleypa hér lausri í þingsalnum? [Hlátur í þingsal.] Eru þetta málin sem verið er að boða? (**Gripíð fram í:** Engan dónaskap.) Þetta er enginn dónaskapur, ég er bara forviða. Fólk spyr um allt land: Er það svona sem á að hefja þessa vegferð? Er það svona sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ætlar að hefja þessa vegferð?

Margar nefndir. Engar efndir. Engar efndir enn þá.

[21:10]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ögmundur Jónasson, hæstv. fyrrverandi innanríkisráðherra, vegna þeirrar afstöðu sem hann tekur í þessu máli. Þrisvar sinnum á síðasta kjörtímabili var áþekkt frumvarp lagt fram. Aldrei lýsti hæstv. innanríkisráðherra því yfir þá að málin væru með þeim hætti að dómstólarnir væru í flýti-meðferð með mál sem tengdust skuldavanda heimilanna. Ef svo var þá þegar áþekkt frumvörp voru lögð fram á síðasta þingi, af hverju komu ekki þær upplýsingar fram hjá hæstv. þáverandi innanríkisráðherra að hlutirnir væru í lagi vegna þess að annað segir fólkíð í landinu?

[21:11]

#### **Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég var að lýsa því að þessi mál hefðu ekki verið í lagi. Ég var að lýsa því hvers vegna ég teldi að þau hefðu ekki verið í lagi. Það væri ekki vegna þess að dómstólarnir vildu ekki hraða framgangi málanna, heldur væri það vegna þess að málsaðilar sætu á málunum og vegna þess að undirbúningur málanna tæki langan tíma.

Ég sagði hins vegar um þetta frumvarp að mér fyndist það góðra gjalda vert. Ég tel að það geti ekki orðið til neins annars en góðs. Ég lýsti því yfir í upphafi míns máls að ég mundi styðja frumvarpið því að það getur ekki gert neitt annað en gott.

Ég gagnrýni það hins vegar pólitískt þegar hér er komið fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og sagt að í þessu frumvarpi birtist forgangsroðun núverandi ríkisstjórnar til að taka á skuldavanda heimilanna. Það er það sem ég er að gagnrýna. Við skulum ræða þá pólitík.

[21:12]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. innanríkisráðherra velfarnaðar og farsældar í starfi um leið og ég óska henni til hamingju með jómfúræðuna.

Það hefur komið fram í málflutningi og aðdraganda þessa sumarþings að við í stjórnarandstöðunni og Samfylkingunni munum standa að öllum þeim málum sem geta leitt til lausna varðandi skuldavanda heimilanna og að liðka fyrir þannig að þau mál nái fram að ganga sem menn hafa lofað í kosningabaráttunni til hagsbóta fyrir heimilin.

Því fagna ég að hér skuli vera komið fram eitt af þeim tíu atriðum sem nefnd hafa verið í málum við þingsályktunartillögu sem á að leggja fram núna í vikunni þó að, eins og kom fram í fyrri ræðu, það skjóti svolítið skökku við og sé svolítið sérkennilegt að þetta skuli vera það fyrsta. Í öðru lagi vakti það athygli manns að það er mjög óvenjulegt, eins og hæstv. forsætisráðherra vakti athygli á, að ríkisstjórnin skuli ætla að segja þinginu fyrir verkum og biðja það um að fela ríkisstjórninni að gera hluti. Það hefði verið eðlilegra að við hefðum fengið tillögurnar svipað og gert er með þetta mál inn í þingið og hefðum þá getað tekið afstöðu til þeirra málefnalega og reynt að bæta úr eftir því sem við á eins og þingi er ætlað að vinna.

Það stendur í athugasemdum með lagafrumvarpinu að leysa þurfi hið fyrsta úr þeirri óvissu sem enn ríkir í málum sem tengjast uppgjöri skulda heimila og fyrirtækja. Við fögnum því auðvitað. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að við reynum að hjálpast að við að hraða þessum málum hver sem ástæðan er fyrir því að þau hafa tafist. Við skulum ekki fara í kringum það að búið er að gera ótal margar tilraunir í því. Í upphafi var reynt að segja fyrir um hvernig ætti að taka á ákveðnum málum og hafa þannig áhrif á hvernig með mál skyldi farið. Fyrri ríkisstjórn og Alþingi gerði á þeim tíma tilraunir til að setja lagasetningar aftur í tímann til að reyna að koma með einhverjar skýringar á hvernig ætti að taka á málum. Í öllum tilfellum var það rekið til baka. Hæstiréttur dæmdi með öðrum hætti. Það sem var verra var að héraðsdómur dæmdi oft á einn veg og Hæstiréttur á annan. Það varð til þess að meira og minna höfum við orðið að treysta á dómstólana til að fá niðurstöður í öllum þessum málum. Það leiddi síðan til þess að menn settu umboðsmann skuldara í það hlutverk eða réttara sagt tók umboðsmaðurinn það hlutverk að sér með fjármálafrirtækjum og fleirum að reyna að kortleggja nákvæmlega hvaða svör vantaði til að hægt yrði að ljúka þessum málum og koma þeim eins hratt og hægt væri í gegnum þingið svo að við fengjum svör fyrir heimilin, fyrir fjármálastofnanirnar og fyrir þá sem eru að vinna úr skuldunum hvernig ætti að taka á þeim.

Nú langar mig að spyrja hæstv. innanríkisráðherra af því að ég hef ekki haft tækifæri til að skoða það en fæ þá væntanlega svör, ef ekki núna, í hv. allsherjar- og menntamála-

nefnd. Hver er staðan í þessum málum? Ég held að þau hafi verið tíu eða tólf sem lagt var af stað með á sínum tíma og það nýjasta sem maður heyrði í fjölmiðlum var að umboðsmaður skuldara sagði að með nýjustu dómsmálunum væru komnar það skýrar línur að nú þyrfti fyrst og fremst að reka á eftir fjármála fyrirtækjum að vinna úr málum, það þyrfti ekki frekari dómsmál varðandi helstu ágreiningsefnin. Nú veit ég ekki hvort þetta er rétt. Ég veit ekki hvort hæstv. innanríkisráðherra hefur svörin en ég bið hana að svara þessu alla vega í nefndinni þegar hún kynnir málið eða fulltrúar ráðuneytisins væntanlega næsta fimmtudag.

Annað er líka forvitnilegt af því að hér er verið að tala um að beina þessu til dómstóla. Mér finnst skipta máli hvaða væntingar menn eiga að hafa varðandi þessi mál vegna þess að eitt af því sem við höfum verið gagnrýnd fyrir eru falskar væntingar, væntingar um úrlausnir á einhverjum tilteknum tíma eða fljótlega. Hvað mun breytast? Nú hefur komið fram að réttarhlé er í gangi en þegar menn koma saman að nýju, hvaða væntingar megum við þá gera til dómstólanna og þeirrar málsmeðferðar sem hérna er tekinn fyrir? Hvaða áhrif mun það hafa varðandi flýtingu?

Fram kom í viðtali — nú er ég ekki það vel undirbúinn að geta vitnað í nöfn — í fjölmiðlum, fljótlega eftir að þetta kom fram, að dómstólar mundu ekki breyta sínum tíma eða hraða nema hvað varðaði hugsanlega undirbúning mála. Þá kemur aftur að því sem fyrirverandi innanríkisráðherra benti á að það hefur verið einkenni á mörgum þessum málum að málsaðilar hafa verið að þæfa málin í dómstólunum. Hvernig er þá aðkoma Alþingis eða hæstv. innanríkisráðherra að þeim málum þar sem við megum ekki hafa afskipti af dómsvaldinu, skiljanlega, nema með almennum reglum sem farið er eftir?

Það eru svona spurningar sem vakna vegna þess að miklar væntingar eru til þess sem við erum að vinna hér. Þetta er fyrsti liðurinn af tíu í þingsályktunartillögu sem þinginu er ætlað að búa til fyrir ríkisstjórnina. Hér er þá komið fullskapað mál sem er a.m.k. fullburða púsl inn í myndina. Það mun ekki standa á okkur að reyna að finna lausnirnar með hæstv. ríkisstjórn, en ég held að það sé mikilvægt að við fáum svörin við því í hverju flýtingin felist, hvaða væntingar megum gera, hverju þetta muni breyta, hvað standi út af akkúrat í augnablikinu af því sem þarf að svara til að við getum fylgt málum betur eftir. Er einhver leið sem hefur komið fram í umræðunni í þessari lotu, eftir það sem á undan er gengið, um það hvernig hægt er að hafa áhrif? Ég held að við deilum öll þeirri skoðun að við þurfum að hafa áhrif á lánastofnanir til að þær fari nú að reikna af miklu meiri krafti en hingað til. Hvaða úrræði höfum við til þess?

[21:19]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur, eins og ég gerði í andsvari hér áðan, þakka fyrir að þetta mál hefur verið lagt fram. Mér þykir til fyrirmyndar að koma með málin hingað beint inn og tek undir þá gagnrýni sem hefur komið á þá þingsályktunartillögu sem var verið að leggja fram og óskað eftir því að Alþingi beindi hinu og þessu til ríkisstjórnarinnar. Í stað þess kemur hæstv. innanríkisráðherra beinlínis

með þetta mál hingað inn þannig að við getum rætt það efnislega. Það gleður mig.

Ég er mjög fylgjandi því að ef til staðar eru einhverjar hindranir fyrir því hjá dómstólum að þeir geti flýtt þessum málum, sem eru erfið og margir biða eftir úrlausn á, að við gerum það sem við getum hér á Alþingi til að gefa mönnum þau verkfæri sem þeir telja sig þurfa til að geta flýtt þessum málum, þ.e. ef hindranir eru til staðar þá er það vel. Ég mun taka þátt í því og styðja það.

Það sem er líka gott í þessu frumvarpi er, eins og kemur fram í athugasemdum við frumvarpið, að í því felst heimild til dómara til að sjá til þess að allir frestir í máli séu eins stuttir og mögulegt er og líka að dómur sé kveðinn upp hið fyrsta. Það er gott mál. Það kemur þó tvisvar fram í athugasemdum við þetta frumvarp, og það er þess vegna sem ég spurði að því áðan og á ekkert að vera viðkvæmt mál að ræða, að því sé ætlað að gefa mönnum heimild til að taka þessi mál fram fyrir önnur. Það er ástæðan fyrir því að ég spyr. Það á ekki heldur að vera viðkvæmt mál að ræða það. Ef ekki er þörf á því, eins og kom fram í máli innanríkisráðherra, þá er það tóm mál að tala um og er kannski óþarfi að nefna það tvisvar í greinargerðinni vegna þess að það mun bara vekja upp viðlíka spurningar og ég var með í andsvörum áðan.

Þá spyr ég aftur, eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson gerði hér: Hve mikla aukningu á hraða þessara mála í gegnum dómskerfið telur hæstv. ráðherra að við getum vænst, verði þetta frumvarp að lögum? Ég held að þetta sé spurning sem við verðum óhjálpslega að svara fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég ætlatst ekki til þess að hæstv. ráðherra svari því hér og nú heldur taki það saman og komi með það fyrir nefnd og taki þá kannski líka upp einhverja frekari umfjöllun um það hvers vegna hér er ítrekað talað um forgangsroðun málsins ef ekki er um slíkt að ræða í raun og veru.

[21:22]

#### **Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og fyrir margar góðar ábendingar. Aðeins vegna þess sem nokkrir hv. þingmenn hafa komið inn á varðandi forgangsroðun þá er alveg rétt að ég nefndi forgangsroðun í ræðu minni hér áðan, en það laut að því að þetta er hluti af þeirri forgangsroðun ríkisstjórnarinnar sem ég hélt að öllum væri ljós og kunn sem er sú að þetta sumarþing skuli fjalla holt og bolt um málefni sem lúta að skuldamálum heimilanna og tryggja að við séum að taka á þeim vanda fljótt og örugglega. Þetta er liður í því. Þetta er auðvitað ekki það mál, en þetta er liður í því eins og ég nefndi áðan og vísaði þess vegna til forgangsroðunar og til þingsályktunartillögu sem nokkrir hv. þingmenn hafa einnig nefnt hér í kvöld, til að hafa sagt það fyrst.

Ég þakka sérstaklega góðar ábendingar frá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni og vil nefna í því samhengi og sjá til þess að þeim punktum verði einnig komið til nefndarinnar að það er þannig samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá umboðsmanni skuldara í gær að ellefu svokölluð prófmál voru talin hafa mikil áhrif. Einungis þrjú af þeim prófmálum eru

enn óleyst. Það breytir þó engu um það að t.d. hjá Héraðsdómi Reykjavíkur voru í lok síðasta árs 622 ólokin mál. Fjöldi þeirra mála tengist auðvitað með einum eða öðrum hætti uppgjöri er lýtur að skuldamálum heimilanna. En varðandi prófmálin, af því að hv. þingmaður spurði sérstaklega um þau, þá voru þau ellefu en þrjú eru talin óleyst.

Síðan varðandi það hversu hratt er hægt að afgreiða málin og hversu mikinn hraða er hægt að setja í þetta þá þori ég ekki á þessum tímapunkti að spá nákvæmlega um það vegna þess að í þessu kemur auðvitað fram, og kom ágætlega fram í máli flestra þingmanna, að við erum fyrst og síðast að veita dómurum heimild til að flýta málum, hraða meðferð eins og mögulegt er og eyða þar með óvissu. Nákvæmlega hvað það þýðir er t.d. að allir dómarmar sjái til þess að allir frestir í málum séu eins stuttir og mögulegt er. Við væntum þess og vonum að það muni skila árangri og við munum auðvitað fylgja því eftir.

En varðandi frekari spurningar, sem komu t.d. fram í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur, þá munum við taka saman gögn um það fyrir nefndina. Ég vil aðeins vegna orða þess hv. þingmanns, vegna þess að ítrekað hefur verið talað um hvaða öðrum málum yrði ýtt til hliðar, nefna að það kemur einnig fram í greinargerðinni. Þetta snýst um, með leyfi forseta, „að taka fram fyrir önnur mál þau mál sem lúta að ágreiningi á þessu sviði“. Það er sem sagt verið að hraða málum. Við eigum ekki von á að það valdi því að allt önnur mál, eins og mér fannst koma fram í máli hv. þingmanns, bíði. Það er auðvitað þeirra sem fást um þetta hjá dómstólunum að ákveða það en fyrst og síðan er þetta heimild til dómara til að stytta fresti, til að hraða málum og tryggja með þeim hætti — og aftur kem ég inn á orð sem sumum hv. þingmönnum er frekar illa við — að forgangsraða þannig að tryggt sé að þessi mál leysist eins fljótt og mögulegt er.

Ég held að við hljótum öll að fagna því og að við séum öll sammála um það að tryggja að þetta gerist eins hratt og örugglega og hægt er. Það þýðir þó ekki og ég áréttá það vegna þess að mér finnst nokkuð eima af þeirri umræðu hér, segi ég sem nýr þingmaður, í því felst enginn áfellingisdómur yfir einum eða neinum, enginn áfellingisdómur yfir fyrri ríkisstjórn eða einhverjum störfum einhverra, að þegar hv. þingmaður talar um viðkvæmni þá hvet ég þingmenn líka til að nálgast þessi mál þannig að byrja ekki að útskýra hvað var gert á síðustu fjórum árum eða hvort í einhverjum ákveðnum orðum eða frumvörpum felist áfellingisdómur yfir einhverju. Fyrst og síðast er þetta okkar innlegg og ég vona að það verði sameiginlegt innlegg alls þingsins að taka á þeim málum sem eru brýn, róa fólkíð sem stendur í þeim sporum að þurfa að búa við óvissu í kringum þau og tryggja það að almenningur sjái og skynji að okkur er alvara þegar við segjumst ætla að taka á þessum málum. Í því felst eins og ég ítrekaði enginn dómur yfir einum eða neinum, ekkert hrós eða lof í garð eins eða neins heldur bara að taka á þeim málum sem við teljum brýn.

[21:27]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er sammála því sem hæstv. ráðherra sagði hér í lokin, við skulum endilega vinna saman að því á

þessu þingi að koma góðum málum í gegn. Þótt ég spyrji hér spurningar er ég ekkert að fara gegn málinu. Það eru engar annarlegar hvatir að baki því að ég spyrji út í það sem kemur fram í greinargerðinni. Ég var bara að spyrja og hef væntanlega fengið svar við því núna í þessari ræðu þegar sagt er, með leyfi forseta, í greinargerðinni:

„Er því lagt til í frumvarpi þessu að þeim málum þar sem ágreiningur er af því tagi sem lýst er í frumvarpinu megi veita forgang fram yfir önnur mál sem bíða meðferðar hjá dómstólum.“

Það var bara út í þetta sem ég spurði. Þar sem þetta er tiltekið í greinargerðinni spurði ég einfaldlega hvaða áhrif hæstv. ráðherra teldi að það gæti haft á önnur mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum og eru beinlínis nefnd í greinargerðinni. Hæstv. ráðherra er væntanlega búin að svara því að þessi setning í greinargerðinni sé óþörf. Þá er þetta tómt mál að tala um vegna þess að það verða engin önnur mál sett til hliðar og þessi mál beinlínis tekin fram yfir. Það er gott og vel. Þá er það útrætt geri ég ráð fyrir.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allsh.- og menntum.

#### ***Stjórn fiskveiða, 1. umr.***

Stjfrv., 3. mál (framlenging bráðabirgðaákvæða). — Þskj. 3.

[21:29]

#### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 3 sem er 3. mál en um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Með lögum um stjórn fiskveiða eru sett ákvæði sem ætlað er að verja stefnumörkun um ábyrga nýtingu auðlinda hafsins. Með frumvarpi þessu eru tiltekin ákvæði til bráðabirgða við lögin framlengd um eitt ár. Væntingar standa til að á næsta þingi verði lögjöfin skoðuð heildstætt og því nær breytingartillaga þessa frumvarps eingöngu til eins árs.

Með frumvarpinu er lagt til að frestur aðila til að ráðstafa krókaafhlutdeild þannig að hún rúmist innan settra marka varðandi eignarhald verði framlengdur til 1. september 2014. Jafnframt er lögð til framlenging um eitt ár á gildi ákvæðis um heimild ráðherra til að binda flutning aflaheimilda úr einstökum sveitarfélögum eða byggðarlögum ákveðnum skilyrðum sé um að ræða flutning a.m.k. fimmtungs eða meira af aflaheimildum viðkomandi staðar sem kann að hafa verulega neikvæð áhrif í atvinnu- eða byggðalegu tilliti.

Til viðbótar er lögð til framlenging tveggja ákvæða til fiskveiðiársins 2013/2014. Annars vegar er það ákvæði um að tiltekið magn af íslenskri sumargotssíld og skötusel sem ráðherra hefur til ráðstöfunar til sérstakrar úthlutunar. Áréttáð er að aflamark sem úthlutað er á þennan máta er ekki framseljanlegt. Hins vegar ákvæði um að ráðstöfun tiltekens magns af þorski og ufsa verði bætt við það magn sem fyrir er til ráðstöfunar til strandveiða og stuðnings til



byggðarlaga. Áréttað er að magnið skuli draga frá leyfilegum heildarafla áður en til úthlutunar kemur á grundvelli aflahlutdeilda.

Loks er með frumvarpinu lögð til framlenging til ársins 2014 á því ákvæði að hluti tekna af ráðstöfun ákveðinna aflaheimilda, 30 millj. kr., renni til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs. Tekjur umfram það renna til ríkissjóðs líkt og verið hefur síðastliðin tvö ár.

Virðulegi forseti. Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis um frumvarpið. Að öðru leyti vil ég vísa til þeirra athugasemda sem fylgja frumvarpinu en þar er ítarlega fjallað um og gerð grein fyrir efni þess.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. atvinnuveganefndar.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og atvinnuvn.

### **Stjórn fiskveiða o.fl., 1. umr.**

Stjfrv., 4. mál (krókaafلامarksbátar, strandveiðar og gjaldtökuheimildir). — Þskj. 4.

[21:32]

#### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 4, sem er 4. mál, en um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er efnislega byggt á frumvarpi sem flutt var á 141. löggjafarþingi, en var ekki útrætt þá. Er það nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem meiri hluti atvinnuveganefndar þess þings lagði til að gerðar yrðu á frumvarpinu.

Lagt er til að stærðarmörk krókaafلامarksbáta verði færð í 15 metra hámarks lengd og minni en 20 brúttótonn. Það gefur möguleika á um 4,10 metra breiðum krókaafلامarksbátum þegar miðað er við meðaldýpt þeirra, 1,85 metra. Lagt er til að framkvæmd stærðarmælingar krókaafلامarksbáta verði breytt til samræmis við evrópskar mælireglur á stærð báta. Með þessu verður því við komið að allt rúmmál bátanna kemur inn í mælingar þeirra en á því hefur verið misbrestur.

Ég átta mig á því að um þessa tillögu eru skoðanir nokkuð skiptar. Annars vegar eru þeir sem telja að verið sé að tefla í tvísýnu krókaafلامarkskerfinu og þessi breyting á stærðarmörkum hvetji til aukinnar samþjöppunar. Hins vegar eru þeir sem telja að taka verði tillit til tæknipróunar og búa verði sjómönnum vinnuskilyrði er taki mið af þeirri tækni sem þegar er fyrir hendi í dag og betri aðstæðum fyrir meðferð afla en einnig að núverandi séríslensk mæliaðferð sé fyrir löngu búin að sýna sig að vera ómöguleg með öllum þeim skápum og útskotum er henni fylgja.

Um þetta mál fór fram mikil umræða á fundum atvinnu-

veganefndar sl. vor. Ég legg til að nefndin skoði áfram þetta mál sérstaklega eins og hún gerði á síðastliðnu þingi og fari yfir.

Jafnframt eru í þessu frumvarpi lagðar til tvær breytingar á ákvæðum um strandveiðar, annars vegar að Fiskistofu verði heimilt að stöðva strandveiðar með auglýsingu í *Stjórnartíðindum* í stað ráðherra með reglugerð áður. Stöðvun strandveiða er gerð á grundvelli upplýsinga um aflamagn sem landað hefur verið á einstökum svæðum og er eingöngu byggð á upplýsingum frá Fiskistofu. Breytingin er því í takt við eðlilega framkvæmd og minnkar flækjustig stjórnarsýslunnar. Hins vegar er lagt til að heimilt verði að setja nánari ákvæði um eignarhald á fiskiskipum á strandveiðum til að koma í veg fyrir sami aðili geri út fleiri en einn strandveiðibát.

Auk þess er gerð tillaga að breytingum á viðurlagaákvæðum sem felast í því að sé fiskiskip svipt leyfi til veiða þar sem leyfi til veiðanna er tímabundið og sviptingin varir skemur en gildistími leyfisins nær til eigi eftirstöðvar sviptingarinnar við gildistöku á næsta heimilaða fiskveiðitímabili bátsins.

Að lokum er gerð tillaga til breytinga á lögum um gjald vegna ólögmeats sjávaraflla. Breytingin felur í sér heimild Fiskistofu til að leggja gjald á ólöglegan sjávaraflla í fisktegunum sem ekki hafa verið aflahlutdeildarsettar en sæta takmörkun á veiðum, en sú gjaldtökuheimild hefur ekki þótt nægilega skýr.

Virðulegi forseti. Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið. Að öðru leyti vil ég vísa til þeirra athugasemda sem fylgja frumvarpinu en þar er ítarlega fjallað um og gerð grein fyrir efni þess.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. atvinnuveganefndar.

[21:36]

#### **Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur flutt frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

Ég er sammála 1. gr. og hefði viljað að sú tillaga hefði verið samþykkt á síðasta þingi en því miður gafst ekki tómi til þess. Þessi tillaga er sett þarna fram en er þó með ákveðnum spurningum inni og líka ákvæðum í greinargerð um að hv. atvinnuveganefnd fari betur yfir þessa þætti. Það munum við auðvitað gera og þá sérstaklega hvað varðar þessa 15 metra og 20 tonninn sem eru höfð þar aftan við, til að koma í veg fyrir að menn breikki bátana óeðlilega mikið — ég segi ekki að þeir verði vonandi aldrei 15 sinnum 15 en það gæti orðið dálítið skrýtið byggingarlag ef ekki er hámark þarna fyrir ofan hvað varðar tonninn. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu þá er þetta breyting sem gerð er á þessum lögum og er þá önnur breytingin; áður var þetta í 6 tonnum.

Eins og hæstv. ráðherra gat um var mikil umræða um

þetta í hv. atvinnuveganefnd á síðasta þingi í tengslum við frumvarp sem þáverandi atvinnuvegaráðherra flutti en náðist ekki að klára. Ég var því miður ekki í nefndinni þegar málið var í vinnslu þar, ég var þá fjarverandi vegna veikinda, en í lokin þegar það mál var komið út var þetta rætt einu sinni ef ekki tvisvar í nefndinni. Ég gat ekki heyrt annað en að um þetta væri almenn sátt, að mikill meiri hluti nefndarmanna styddi þessa breytingu.

Eftir vandlega íhugun og lestur á þeim umsögnum sem þar voru lagðar fram og skoðun á því hvornig þetta er gert í dag — menn eru með alls konar tilfæringar við að hafa þetta innan þeirra marka sem nú gilda; settar eru ýmiss konar svalir, eins og það er kallað, og kassar og síðustokkar, sem ekki reiknast með inn í mælinguna, að maður tali nú ekki um skutgeyminn sem hefur ekki talist inni í skráningarlengd. Það hefur leitt til þess að sumar útgerðir hafa lokað þessum skutgeymum án vitundar Siglingastofnunar sem er alvarlegt mál. Við viljum hafa það þannig að í gögnum Siglingastofnunar séu allar upplýsingar réttar og sem nýjastar um viðkomandi skip. Ef eitthvað kemur fyrir á að vera hægt að fletta því upp og allar breytingar eiga að vera komnar þar inn.

Ekki má heldur gleyma því að tæknin hefur þróast, henni hefur fleygt fram við byggingu þessara báta. Bátarnir hafa líka í nokkur ár verið með línubeitningavél um borð sem tekur mikið pláss. Með þeirri stækkun sem hér er lögð til gefst betra pláss fyrir mannskapinn að vinna, að ekki sé talað um ýmislegt annað sem þar vantar pláss fyrir eins og skolunarkar, svo að eitthvert dæmi sé tekið sem nefnt var í umfjöllun nefndarinnar á sínum tíma.

Það lagt í hendur nefndarinnar að fara betur yfir þetta og komast að niðurstöðu um hvornig þetta verður nákvæmlega gert. Ég get ekki látið hjá líða að óska hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til hamingju með að leggja fram sitt fyrsta frumvarp og vísa þar beint í reglur Evrópusambandsins. Bragð er að þá barnið finnur. Það er ýmislegt hægt að sækja til Evrópusambandsins, sækja bara reglur og setja þær hér beint inn. Það er mikill myndarbragur að því að varaformaður Framsóknarflokksins og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli ganga í þá smiðju og setja þetta hér fram.

Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að klára aðildarviðræðurnar og leyfa þjóðinni að kjósa um hvort við eigum að ganga í það kaupfélag eða ekki. Meiri hlutinn mun ráða því. Ef við göngum í það þá getum við haft áhrif á þær reglur sem síðar eru settar. Ég sé að hv. formaður atvinnuveganefndar, hv. þm. Jón Gunnarsson, brosir breitt og er örugglega sammála þessu líka. Það mun án efa liðka mjög fyrir vinnu í nefndinni að sótt sé í smiðju Evrópusambandsins til að ljúka þessu máli sem hefur verið baráttumál okkar beggja lengi.

Hvað varðar aðrar greinar frumvarpsins þá er það líka til bóta að setja þar inn breytingu á reglum um strandveiðar, þ.e. að Fiskistofa skuli stöðva strandveiðar með auglýsingu þegar viðmiðunarafla er náð, að það sé ekki gert með tilkynningu frá ráðuneytinu; mig minnir að það hafi gleymst einu sinni í fyrra á svæði A. Við nefnum engin nöfn í því sambandi en það gleymdist að tilkynna í útvarpinu og þeir á svæði A fengu einn aukadag, ef ég man rétt, og voru mjög

kátir með það. Þann daginn gleymdist að hringja úr ráðuneytinu tveimur tímum fyrir lestur útvarpsauglýsinga til að tilkynna það. Það er miklu betra að Fiskistofa sjái um þetta, hún fylgist með aflatölum og gerir þetta eins og hér er gert og áður hefur verið rætt.

Hvað varðar heimildir Fiskistofu til leyfisveitingar vegna grásleppu- og strandveiða þá verð ég að segja að ég er sammála í þeim efnum. Ég get ekki verið sammála því að ef menn brjóta af sér síðasta dag ágústmánaðar fyrnist það brot 1. september, að þann dag hefjist allt upp á nýtt og enginn þurfi að svara fyrir það. Þarna helst refsingin, ég veit ekki nákvæmlega hvaða orð er notað í greinargerðinni sem fylgir, yfir kvótaárin, brotið fyrnist ekki. Ég held að það sé líka til bóta. Tökum umferðarlögin sem dæmi. Ef menn keyra á 110 kílómetra hraða á ákveðnum vegi en brotið fyrnist svo næsta dag á öðrum vegi, það gengur ekki upp, þetta er tæknilegs eðlis og allt til bóta.

Virðulegur forseti. Þetta er það sem ég vildi einna helst nefna hvað varðar umrætt frumvarp sem kemur til atvinnuveganefndar þar sem ég á áfram sæti. Ég get ekki sagt annað en að ég hlakka til að takast á við að ljúka vinnu við það. Mér sýnist, og ég trúi ekki öðru, að um það sé töluvert mikil sátt.

[21:44]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við fjöllum um frumvarp sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram og fjallar fyrst og fremst um stærðarmörk krókaaflamarksbáta, það er hryggjarstykkið í því ásamt öðru, og það frumvarp sem hann mælti einnig fyrir áður um framlengingu á bráðabirgðaákvæðum.

Margt í þessum frumvörpum er okkur vel kunnugt vegna þess að þessi mál voru til umræðu á vorþingi í tengslum við frumvarp um stjórn fiskveiða sem við kölluðum okkar á milli litla fiskinn. Hér er verið að taka á mörgu sem var inni í því frumvarpi en því miður lagðist stjórnarandstaðan þá gegn því að hleypa málinu í gegn þegar samið var um þinglok. Ég tel mjög miður að menn kláruðu ekki þessi mál eins og þau lágu fyrir í því frumvarpi því að margt annað var innifalið í því, ekki bara greinin um stærðarmörk á krókaaflamarksbátum.

Áður en ég kem að því að ræða stærðarmörkin vil ég nefna atriði sem voru í frumvarpinu á vorþingi sem hafa ekki verið tekin inn í þetta frumvarp og ég sakna. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef það er rangt.

Í því frumvarpi var rætt um aflaheimildir sem Byggðastofnun hefði til ráðstöfunar til stuðnings veikum byggðarlögum, um 1.800 tonn, byggðarlögum sem voru í miklum vanda. Mér þótti mjög miður að menn hefðu ekki sýnt samstöðu í vor og komið því máli í gegn.

Ég sakna einnig greinar sem var í hinu frumvarpinu sem kvað á um að strandveiðar yrðu settar í fasta hlutdeild. Það hefði þýtt að strandveiðar yrðu með 3,5% hlutdeild af heildarúthlutuðum afla og hefðu fengið sjálfkrafa við aflaukningu sinn hlut til að stækka þann pott, í stað þess eins og er í dag að ákveða þurfi það sérstaklega.

Ég sakna líka þess að ekki er í þessu frumvarpi lágmarksdagafjöldi í strandveidikerfinu eins og var í hinu

frumvarpinu. Það hefði aukið öryggi þeirra sem eru á þessum litlu bátum á strandveiðum, sérstaklega fyrstu tvo mánuðina, þeir gætu valið sér fasta daga til að þeir þyrftu ekki að fara í samkeppni við stærri báta og öflugri þegar mánuðurinn hefst því þá er verið að taka áhættu í alls kyns veðrum sem eru mjög algeng í maí og júní, þ.e. fyrri hluta strandveiðitímabilsins.

Svo velti ég fyrir mér hvað hæstv. ráðherra hyggt gera varðandi mál sem var mikið rætt; aukinn meðafla í ýsu. Hvernig á að takast á við þann vanda sem menn standa frammi fyrir þar? Á því máli var tekið með ákveðnum hætti í hinu frumvarpinu.

Svo sakna ég þess líka að ekki sé tekið á því að strandveiðiflotinn fari ekki til veiða fyrr en á hádegi á mánudegi eftir sjómannadag, til samræmis við lög um sjómannadag frá 1987. Það kom fram í frumvarpinu sem var til umfjöllunar í vor. Miðað við það sem kom upp á mínum heimaslóðum á Vestfjörðum var mikil óánægja með að hluti strandveiðiflotans braut þau lög sem menn töldu að væru í gildi. Sumir vildu fara eftir lögum og fóru ekki af stað fyrr en eftir hádegi en aðrir fóru fyrir hádegi sem var brot á lögum um sjómannadag. Ég tel mjög brýnt að skýrt sé að þetta eigi líka við strandveiðiflotann og allir sitji við sama borð.

En aðeins um umræðuna um stærðarmörk krókaafmarksbáta. Við sem vorum í atvinnuveganefnd, en ég stýrdi henni í forföllum hv. þm. Kristjáns Möllers, vissum að mjög skiptar skoðanir væru um hvað það þýddi að fara út í þessa stækkun. Þetta var ekki eins einfalt og kannski leit út við fyrstu sýn. Umræðan var þannig að það væri einungis verið að auka öryggi þeirra sem væru á minni bátunum með því að leyfa stækkun bátanna og bæta aðstöðu um borð. En þetta sneri að miklu stærri hlutum og í raun og veru tilveru krókaafmarkskerfisins og á hvaða forsendu yfir höfuð var lagt upp með það kerfi og það greint frá því sem við köllum stóra kerfið í sjávarútvegi.

Mig langar að rifja aðeins upp samantekt sem kom fram með hinu frumvarpinu á því hvernig þróunin hefur verið varðandi báta í krókaafmarkskerfinu og stærð á þeim. Ég ætla að lesa upp úr greinargerð sem fylgir frumvarpinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lögum nr. 129 20. desember 2001, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, var einvörðungu heimilt að flytja krókaafhlutdeild á bát sem var undir 6 brúttólestum eða 6 brúttótonn hefði hann veiðileyfi með krókaafmarki. Með 6. gr. laga nr. 85/2002, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, var þessum stærðarmörkum lyft í 15 brúttótonn“ — það er eins og þetta er í dag. „Við breytinguna komu þau ákvæði í lög um stjórn fiskveiða sem nú standa óbreytt í 2. málsl. 6. mgr. 12. gr. gildandi laga og hljóða svo:

„Krókaafhlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaafmarki.“

Í athugasemdum með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 85/2002, sagði að 6 brúttólesti eða 6 brúttótonna takmörkunin væri „talin of þröng, m.a. af öryggisástæðum“. Þá sagði einnig að breyting á stærðarmörkunum væri reist á tillögum nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem starfaði samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða.

[...] Við þetta má bæta að allnokkur umræða varð um stærðarmörkin við meðferð frumvarpsins í þinginu og í þingnefnd. Niðurstaðan um 15 brúttótonn var niðurstaða samkomulags með þingmönnum í ríku samráði við hagsmunaaðila.“

Síðan eru sem sagt liðin tíu ár. Þarna varð að niðurstöðu að einhvers staðar yrði að draga línuna á milli stærðar báta í stóra kerfinu og litla kerfinu vegna þess að það er greinarmunur á. Í krókaafmarkskerfinu veiða menn eingöngu á króka en hafa ekki heimild til að veiða með öðrum veiðarfærum. Þar eru menn á bátum sem þarf einungis að hafa skipstjóra og vélstjóra. Ef maður er kominn með 30 tonna bát er gerð krafa um skipstjóra, stýrimann og vélstjóra. Allt veldur þetta meiri kostnaði sem fylgir því að vera á stærri bát vegna þess að það þarf stærri áhöfn og menn verða að fara eftir lögum sem að því líta.

Þeir sem eru í greininni, í krókaafmarkskerfinu, hafa lýst miklum áhyggjum af því að með því að fara út í stækkunir á bátunum verði tilhneigingin og þróunin sú að aflaheimildir safnist á stærri bátana. Minni bátar verði keyptir upp og samþjöppun verði innan kerfisins, sem var ekki meiningin. Það að hafa þetta kerfi um smábátana var gert til að styrkja þá meðfram stóra kerfinu.

Það er ekki svo að menn séu á móti bættri vinnuástöðu um borð í bátum í þessu kerfi eða því ekki öryggi sjómanna sem mest heldur það að ef menn horfa til þess að hafa tvö kerfi verða þeir líka að taka það súra með því sæta. Einhvers staðar verða mörkin að liggja. Nú veit ég og hef heyrt af því að mönnum þyki jafnvel ekki nægjanlegt að fara upp í 15 metra og 20 brúttótonn, þrýstingur sé á að fara allt upp í 30 brúttótonn. Þá skulu menn hafa í huga að þá eru þeir líka að tala um fleiri á áhöfn með tilheyrandi kostnaði. Því fylgir líka hættu á að menn séu í raun og veru að kljúfa samstöðu og brjóta upp krókaafmarkskerfið sem ég held að hafi verið samstaða um, þvert á pólitískar flokkslínur.

Ég veit mætavel að innan Landssambands smábátæigenda, og í öðrum félögum sem sjómenn í krókaafmarkskerfinu eru meðlimir í, eru gífurlega deildar meiningar um þessi mál og ég veit að hæstv. ráðherra veit vel af því. Menn voru búnir að fara í öll þessi félög og meiri hluti á þeim félagsfundum samþykkti að standa vörð um þau stærðarmörk sem voru fyrir. En menn horfðust í augu við að það voru bátar sem búíð var að stækka umfram leyfilegar heimildir og það þurfti einhvern veginn að skýra löggjöfinna betur.

Ég vildi víðra þessi sjónarmið vegna þess að þó að sterkur hávær hópur hafi talað fyrir þessum breytingum og stækkunum í nafni öryggis og bættrar vinnuástöðu hangir miklu meira á spýttunni, nokkuð sem ég veit að þeir sem vinna í þessari grein gera sér grein fyrir og hafa talað fyrir og eru óttaslegnir um að þetta verði ekki til góðs fyrir greinina.

Svo held ég að menn verði líka að gera það upp við sig hvort þeir vilji vera í stóra eða litla kerfinu burt séð frá því hvað gildir í dag. Í stóra kerfinu geta menn byggt báta og keypt báta með allt annarri aðstöðu heldur en nokkurn tíma verður í minni bátunum. Það verður auðvitað alltaf munur þar á. Menn verða að miða sjósókn sína við stærð bátsins

og fara ekki fram úr sér þar, gera sér grein fyrir vallyndum veðrum og að þeir séu á bátum, þó þeir séu orðnir fullkomnir og með öflugar vélar, sem þarf að fara gætilega á og gæta þess að sækja ekki of stíft á miðin.

En ég hlakka til að fjalla um þessi mál í nefndinni. Ég taldi rétt að rifja upp þessa sögu til að sýna fram á að þetta er ekki alveg eins einfalt og kannski virðist við fyrstu sýn fyrir þá sem hafa ekki fylgst svo grannt með þessu. Ég er mjög döpur yfir því að ekki var hægt að afgreiða frumvarpið sem við ræddum hér í vor í heild sinni, með þeim mörgu málum sem voru innifalín í því, og tel að það hafi ekki verið nógu vönduð vinnubrögð að láta ekki reyna þar á lýðræðislegan meiri hluta í þingsal.

[22:00]

#### **Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi, það er löngu tímabært að leggja það fram. Eins og segir í greinargerðinni hefur mikill tími farið í að túlka verklagsreglur Siglingamálastofnunar og margt fólk unnið við það. Með einföldun á þessu kerfi munum við spara mikið, við munum jafnvel geta fækkað embættismönnum, því að mikil vinna hefur farið í að fara yfir þessi gögn.

Hvernig þróunin hefur verið í þessu kerfi frá upphafi — sú þróun er svipuð og verið hefur í tímans rás hjá íslenskum sjómönnum, menn hafa alltaf viljað stærri og stærri skip. Þeir byrjuðu á arabátum sem þróuðust yfir í stærri báta. Alveg eins hefur þetta verið í krókaafلامarkinu. Krókaafلامarkíð í dag miðast við 15 brúttótonn og ef við lítum á þróunina, hvernig þessir bátar hafa stækkað, finnst mér líka að við ættum að taka inn í myndina hvað þeir eru búnir að veida mikið. Þegar kerfið var sett á, hvað veiddu þeir mikið þá? Hver var hlutdeildin þá og hvað hefur hún vaxið mikið? Ætli það geti ekki bara verið svipuð þróun þar og með stækkunina. Þessir bátar í dag, þessar smíðareglur, að þeir skuli vera með svalir, skriðbretti og hvað þetta heitir allt saman — ég er með svona bát og þegar ég horfi á hann þarf ég að benda rétt aftur fyrir miðjan bát til að sýna fólki hvar báturinn endar. Þetta skilur ekki venjulegt fólk.

Með einföldun á reglum, með því að miða bara við mestu lengd — hvort það sé einfaldara að fara í þessa íslensku brúttótonnareglu eða Evrópureglu, ég skal ekki alveg segja til um það, við munum væntanlega skoða það í nefndinni. Mér finnst það ekki alveg passa að ef við ætlum að fara að breyta þessu núna að þá rúmi það ekki alla þá báta sem eru í kerfinu í dag. Sú stækkun sem menn eru að tala um er ekki svo mikil. Hún er ekki svo ýkjamikil í veiðigetu því að með svólum eru bátarnir í dag alveg í kringum 14 m. Breiðustu bátarnir í dag eru 4,60 m, þannig að ég tel það bara jákvætt að einfalda kerfið hvort sem við notum Evrópustaðal eða íslenskan staðal.

Þessi þróun í íslenska smábátflotanum hefur orðið til þess að íslenskar skipasmíðastöðvar eru að byggja skip og flytja þau út. Það er mikið að gera og mér finnst að við ættum að treysta á þessar skipasmíðastöðvar — 15 m skip, hvað finnst þeim eðlilegt, hvernig vilja þeir hanna slíkt skip? Samkvæmt Evrópureglum spilar dýptin inn í, dekkhæð. Eftir því sem dekkhæð er hærri þá stækka stækkarnir í rúmmetrum, en eftir því sem dekkhæðin er hærri eru skipin

öruggari. Ef við ætlum að hanna skip í dag hljótum við að taka tillit til þess hvernig við ætlum að nota þau. Við hljótum líka að hugsa, þegar við hönnum svona skip, hvernig íslensk fiskikör staflast best og hvernig þetta nýst best. Ég held því að það sé verk nefndarinnar að skoða þetta og það með þeim íslensku skipasmíðastöðvum sem hafa mikla reynslu af því að smíða þessi skip.

Við undirbúning frumvarpsins var leitast við að setta andstæð sjónarmið, annars vegar Landssambands smábátáeigenda, sem alla tíð hefur barist á móti þessu, og hins vegar eigenda stærstu línubáta með beitningavél um borð. Ég vil vekja athygli á því að aðeins hluti af stærstu línubátunum í þessu kerfi er með beitningavél. Flestir nýjustu bátarnir róa með bala og fiska fyrir vinnslur sem vinna í ferskt, þar sem sköpuð er dýrasta varan. Þessar vinnslur eru úti á landi. Við getum nefnt Bolungarvík, Húsavík, Hornafjörð, Grindavík. Skipin eru hluti af þessum vinnslum. Það er fólk í landi sem treystir á að fá fisk af þessum skipum og kaupendur úti í heimi sem treysta á að fá ferskan fisk. Þannig náum við að halda verði háu. Ef við förum í 15 m, samþykkjum það, skulum við ekki festast í því að fara að setja einhverjar kröfur um að dekkhæðin megi ekki vera nema svo og svo mikil og skipin ekki breiðari en þetta eða hitt. Treystum þeim fagmönnum sem eru að smíða skip, þeir vita hvernig hagstæðast er að hanna 15 m skip. Ég treysti því að við munum vinna faglega að málum í nefndinni. Ég hlakka til.

[22:07]

#### **Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að mál af sama meidi var tekið til mikillar umræðu á nýliðnu þingi eða á nýliðnu vori og vantaði herslumuninn upp á að það væri afgreitt. Í atvinnuveganefnd var nokkuð viðtæk sátt um að fara í breytingar á þessu mælingakerfi okkar. Það kerfi sem við höfum búið við er hálfgerður bastarður, eins og hér hefur komið fram. Það er mjög gótótt og ekki í samræmi við reglur sem gilda annars staðar. Það er því mjög mikilvægt að laga það þannig að við getum borið okkur saman við þær reglur sem gilda um þetta í Evrópu. Þetta hefur þýtt, það kerfi sem nú er í gildi, að menn hafa verið að fara í kringum hlutina og verið að reyna að þróa skip sín með því að fara ákveðna bakleið. Ég held að allir séu sammála um að reyna að koma í veg fyrir það.

Gríðarlega mikil þróun hefur orðið í útgerð krókaafلامarbsbáta, eðlilega og sem betur fer. Það er engin tilviljun að íslenskur sjávarútvegur er í fremstu röð, ef við berum okkur saman við það sem gerist annars staðar í heiminum, þegar kemur að hagkvæmni og arðsemi. Það er ágætt að rifja það upp þegar við sátum í atvinnuveganefnd einhvern tíma á síðasta kjörtímabili og hittum fulltrúa sjávarútvegsnefndar Evrópusambandsins. Við vorum þar að segja þeim frá því að það vandamál sem við stæðum frammi fyrir hér á Íslandi væri hversu mikið við gætum látið sjávarútveginn borga inn í okkar sameiginlegu sjóði, hversu mikil og há gjaldtakan ætti að vera af íslenskum sjávarútvegi. Þeir sögðu: Þetta er mikið lúxusvandamál. Við glímum við það vandamál á sama tíma að velta því fyrir okkur hversu mikið við eigum að greiða inn í sjávarútveg í Evrópusambandinu,

hversu mikið við eigum að styrkja hann. Það er út af því að íslenskir sjómenn og sjávarútvegsfyrirtæki hafa þróað veiðiaðferðir sína, veiðar sínar og vinnslu, og hafa þannig náð að vera í fremstu röð. Það á alveg eins við um krókaflamarkskerfið og aðra þætti í íslenskum sjávarútvegi.

Það er því mjög eðlilegt að við lítum til þess að þurfa að breyta þessum reglum í takt við þær breytingar sem eru að verða í greininni. Engum blöðum er um það að fletta að vinnuástaða manna og öryggi hefur batnað gríðarlega mikið á þessum bátum, sem eru smæstir í okkar sjávarútvegskerfi. Þetta hefur líka aukið á alla hagkvæmni útgerðinni, gefið mikla og aukna möguleika og bætt mjög meðferð á afla. Þetta er þróun sem við viljum sjá að verði áfram, að við aukum hagkvæmni, sköpun tækifæri til þess, og bætt meðferð á afla og aukum þannig aflaverðmætið.

Krókaflamarksútgærðin á Íslandi er mjög mikilvæg fyrir vinnsluna eins og komið hefur fram. Mikið af okkar verðmætasta fiski fer einmitt í gegnum það kerfi. Það er viðurkennt, vegna þeirra breytinga, sem hafa orðið í lífríkinu í kringum landið, að á ákveðnum svæðum og á ákveðnum tímum ársins þurfi þessir bátar að sækja lengra til að geta verið í fullri starfsemi. Það er áhyggjuefni ef menn eru að rembast við það á bátum sem eru ekki rétt búnir fyrir slíkar aðstæður. Inn í þetta koma atriði eins og öryggismál og það að gefa mönnum tækifæri miðað við breytta útbreiðslu helstu nytjastofna okkar sem þessir bátar sækja í, að þeir geti sótt sjóinn þó að aðeins lengra sé að fara.

Það er alveg rétt, sem hér kom fram, að í landinu er öflugur skipasmíðaiðnaður þó að hann telji ekki mikið í hagtölum, þessi framleiðsla á plastbátum flokkast ekki undir skipasmíðaiðnað, bara smíði á stálskipum. En það eru öflug fyrirtæki sem standa í þessum rekstri, fólk sem þekkir orðið þessar aðstæður mjög vel er að smíða svona báta fyrir markaði út um allan heim, bæði innan Evrópusambandsins og utan. Við þurfum að leita í smíðju þessa fólks með það hvernig best er að ganga frá þessum hlutum.

Það er mjög áhugavert að fylgjast með þessu. Þessi öflug iðnaður hefur leitt til þess að einn skóli úti á landi er að koma upp sérstakri braut í þessari plastsmíði, menntabraut. Þetta er því að hafa áhrif í fjölbreyttari atvinnurekstri og er alveg dæmigert sem viðbótargrein — á vissan hátt er um að ræða nýsköpun sem þróast út úr öflugum og framsæknum íslenskum sjávarútvegi. Ágreiningurinn er einhver um þetta mál meðal þeirra sem reka báta í krókaflamarkskerfinu. Landssamband smábátaeigenda hefur ekki viljað stíga þetta skref en á sama tíma stunda kannski allar helstu útgerðir í landinu þessa starfsemi allt árið um kring — þær eru grunnstöð atvinnulífs í mörgum byggðum víða um land, auk þess að vera mjög mikilvægir birgjar fyrir þær vinnslur sem ég kom hér inn á, fulltrúar þeirra aðila vilja sjá þetta þróast með þessum hætti. Það er auðvitað til þess að skjóta sterkari stöðum undir krókaflamarkskerfið í heildina séð.

Nefndarmenn munu því þurfa að líta mjög til þess hversu stórt skref eigi að stíga, hvað sé skynsamlegt í því. Ég tek undir þau orð, sem hér hafa fallið, að þar eigum við að treysta á sérfræðingana. Það þýðir ekkert að setja 15 m hámark og 20 tonna hámark ef það verður til þess að ekki er hægt að smíða slíkt skip, það væri ekkert vit í því og enginn mundi gera það. Þá getur vel verið að við þurfum að

breyta þessum viðmiðum að einhverju leyti. Það verður verkefni nefndarinnar og um þetta var, eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Kristjáni Möller, fyrrverandi formanni atvinnuveganeftndar, orðin nokkuð víðtæk sátt í atvinnuveganeftnd á síðastliðnu vori. Ég vona að því verði fylgt eftir og við náum góðri niðurstöðu sem flestir geti sætt sig við.

[22:16]

### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum málefnalega umræðu um frumvarpið og þakka jafnframt góðar undirtektir við það.

Vaðandi það sem hv. þm. Kristján L. Möller sagði og var með svona létt skens um að hér væru komnar inn ESB-reglur, þá er sama hvaðan gott kemur. Ég held reyndar að þetta séu svokallaðar samevrópskar reglur af alþjóðlegu tagi en það breytir engu. Ef þær eru góðar og skýrari og einfaldari en það kerfi sem við höfum búið við er sjálfsagt að skoða þær.

Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir kom fram með gagnrýni á frumvarpið, en það er vissulega byggt á máli sem áður var lagt fram eins og ég kom inn á í framsögu minni, en að hennar mati skortir ýmislegt í þetta frumvarp. Það er svo sem engin tilviljun, það er komin ný ríkisstjórn sem hefur dálítið aðra sýn. Ein ástæða þess að frumvarpið sem lá fyrir síðasta þingi kláraðist ekki var auðvitað sú að ágreiningur var um nokkur atriði í því. Aðalvandráðagangurinn var samt eiginlega að klára stækkunina á krókaflamarksbátunum, það stóð í þinginu. Ég held að stór meiri hluti hafi verið fyrir því í þinginu en ekki endilega samstaða innan fyrrverandi ríkisstjórnarflokka, ekki allra. Þess vegna fagna ég mjög þeirri málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram og treysti því að nefndin taki þetta til efnislegrar skoðunar.

Ég ætla aðeins að minnst á þann þátt sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir kom inn á vaðandi byggðakvótann. Við ræddum í lok síðasta þings að nægur kvóti væri til í núverandi kerfi og að menn teldu að hægt væri að nýta þær heimildir. Ég treysti því að hægt sé að skoða það í það minnsta með jákvæðum hætti, með tilliti til þeirra aðgerða sem ég tek undir með hv. þingmanni að geta verið nauðsynlegar á stundum.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. Lilju Rafney Magnúsdóttur að menntunarkröfur og kröfur á bátana mundu vaxa og þar með kostnaður, [Kliður í þingsal.] en það er auðvitað þannig að það þarf enginn að stækka þessa báta. Þetta verður bara val þeirra sem það vilja og menn geta gert út á hvaða stærð sem er. En það hefur verið ákveðin þróun í þessu eins og fram hefur komið og það er búið að vera mjög vandráðalegt að horfa upp á það síðastliðin ár þegar við höfum verið að baksa við að taka á þessu. Markmið þessa frumvarps er að taka á því í eitt skipti fyrir öll og laga til og koma með þá vissulega pólitísku yfirlýsingu um þessa stærð, sem mun þá halda í það minnsta í einhver árabíl. Hve lengi veit auðvitað enginn því að þróunin verður áframhaldandi.

Mér fannst mjög áhugaverður punktur hjá hv. þm. Páli Jóhanni Pálssyni, og formaður atvinnuveganeftndar, hv. þm.

Jón Gunnarsson, bætti einnig um betur, um hliðarvöxtinn sem verður í kringum sjávarútveginn. Það er oft og allt of mikið talað um sjávarútveginn sem eingöngu veiðar en það er svo mikið að gerast í kringum sjávarútveginn. Hér erum við komin aftur með skipasmíðastöðvar á Íslandi sem smíða báta og skapa útflutningstekjur, skapa þróun og tækifæri fyrir þá sem vilja fara inn í þá grein. Það er mjög áhugavert að menntunin á því sviði sé að aukast. Það er mjög jákvætt. Það skapar fjölbreyttari atvinnu, það er vaxtarbroddur í iðnaði sem hvarf á sínum tíma þannig að ég tel það vera mjög jákvæðan punkt.

Um að það sé hugsanlegt og margt sem bendi til þess að frumvarpið nái ekki því markmiði að allir bátar sem eru í þessu kerfi falli innan þess, þá er rétt að sú tillaga var sett fram sem málamiðlun. Mín skoðun er sú að hún muni festa krókaafلامarkskerfið í sessi sem grein er byggi á hagkvæmni við nýtingu sjávarauðlindarinnar frá byggðarlögum, stórum og smáum, vítt og breitt um landið.

Það er rétt að markmiðið var að höggva á þennan hnút í eitt skipti fyrir öll og taka alla þá báta sem eru í krókaafلامarkskerfinu inn í kerfið. Það gafst auðvitað skammur tími fyrir undirbúning á frumvarpinu nú fyrir sumarþing og ef nefndin í skoðun sinni á málinu kemst að þeirri niðurstöðu að þessu ákvæði þurfi að breyta horfir sá sem hér stendur jákvætt til þess. En ég treysti nefndinni til að fara vel yfir þetta og hlakka til samstarfs við hana á næstu missirum.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og atvinnuvn.

Fundi slitið kl. 22:23.

---

## 4. FUNDUR

miðvikudaginn 12. júní,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Landsvirkjun og rammaáætlun (sérstök umræða).
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Birgitta Jónsdóttir, 12. þm. Suðvest.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.

[15:01]

### Útbýting:

Frestun á innheimtuáðgerðum og nauðungarsólum, 12. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 12.

### Lengd þingfundar.

[15:01]

### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Það er samkomulag milli þingflokka um að þingfundir verði haldið áfram þar til dagskrá fundarins er tæmd.

### Störf þingsins.

[15:01]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar hef ég lýst því yfir að við munum greiða fyrir þeim málum sem lúta hér á sumarþinginu að verðtryggingu og lækkun á verðtryggðum skuldum heimilanna. Sem fyrrverandi formaður efnahags- og viðskiptanefndar lagði ég mikla áherslu á að gengið væri lengra í átt að afnámi verðtryggingar og í lækkun á skuldum heimilanna og taldi það því sjálfsagt.

Þetta eru þess vegna vonbrigði. Ríkisstjórnin kemur tómhent til sumarþings með ekkert frumvarp um afnám verðtryggingar eða lækkun á verðtryggðum skuldum heimilanna. Aðeins þingsályktun um nefnd sem á að skila af sér í nóvember sem þýðir að þegar við komum til haustþings verða hér heldur ekki nein frumvörp um þessi efni, sem þýðir væntanlega að búid er að fresta aðgerðum fram til ársins 2014, fyrst hinar mögulegu leiðir eiga fyrst að liggja fyrir í nóvember.

Nú spyr ég nýjan formann efnahags- og viðskiptanefndar hvað fulltrúa löggjafarvaldsins finnst um þessa tímaáætlun framkvæmdarvaldsins, hvort þetta gangi ekki allt of hægt fram. Hvort það sé ekki mikilvægt að við fáum aðgerðir strax eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði, engar nefndir eða starfshópa. Eða sagði hv. þingmaður ekki sjálfur fyrir kosningar að hægt væri að gripa til þessara aðgerða núna strax?

Ég minni hv. þingmann á að fyrir þinginu liggur til

Alþt. 2013. B. (142. löggjafarþing).

dæmis frumvarp sem hefur verið samið og flutt af fyrrverandi þingmanni, Lilju Mósesdóttur, fjórum sinnum, lykklafrumvarpið, síðast á þingskjali 23, mál 23, á þinginu í vetur leið. Það er lykklafrumvarpið sem báðir flokkarnir lofuðu. Hvers vegna er það ekki bara ljósritað og gert að lögum hér í næstu viku? Ögmundur Jónasson er að flytja tillögu um nauðungarsölu. Er það Sjálfstæðisflokkurinn sem stendur í vegi Framsóknarflokksins fyrir því að gengið sé í að gripa til þeirra aðgerða strax sem lofað var. Og mun ekki formaður efnahags- og viðskiptanefndar kalla eftir því að þessum málum verði ekki frestað til ársins 2014? Telur hann ekki óviðunandi að fólk búi við þá óvissu á fasteignamarkaði í lánamálum sínum sem leiðir til þess að fólk tekst ekki á við fjárhagsvanda sinn af því að það liggur ekki (Forseti hringir.) fyrir hver staða þess er?

[15:04]

### Frosti Sigurjónsson (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir spurninguna og lýsa ánægju minni með að gera einmitt þetta mál að fyrstu framsögu minni hér á þinginu. Ég vil líka fagna áhuga hv. þingmanns á skjótri leiðréttingu lána heimilanna og afnámi verðtryggingar. Það eru okkar sameiginlegu áhugamál.

Ég þarf trúlega að byrja á því að leiðrétta útbreiddan misskilning þar sem sagt er og haft eftir mér í *Morgunblaðinu* 23. apríl 2013 í fyrirsögn, með leyfi forseta:

„Segir heimilin fá leiðréttingu strax.“

Það er haft eftir mér en tekið úr samhengi. Ég ætla að lesa fyrir ykkur samhengið, það er örstutt, með leyfi forseta:

„Frosti Sigurjónsson, frambjóðandi Framsóknarflokksins, í Reykjavík segir að þær krónueignir kröfuhafa í þrotabúum bankanna, sem framsóknarmenn vilja að notaðir verði til að lækka skuldir heimilanna, megi greiða til bankanna á 15–20 árum. Höfuðstóll lána einstaklinga lækki hins vegar strax þegar“ — þegar — „aðgerðin komi til framkvæmda.“

Það er mikilvægt að samhengi tynist ekki, en allt í lagi. Að því hvenær er hægt að koma þessu öllu í verk, öllum þeim leiðréttingum sem við viljum vinna að. Það hefur verið lögð fram áætlun í tíu liðum með aðgerðum sem eru bæði markvissar og tímasettar og tímasetningar flestar á þessu ári. Allt það sem við getum gert núna á sumarþinginu verður gert en ný ríkisstjórn vill vanda til verka, vill vinna þær rannsóknir og greina áhrif sem þarf að greina og líka vinna að víðtækri sátt um þær aðgerðir sem verður farið í. Ég bind vonir við að þetta muni ekki ganga hægar en það þarf að ganga. Þakka ykkur fyrir.

[15:06]

### Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Á undanförunum dögum og vikum síðan núverandi ríkisstjórn var mynduð hefur töluverð umræða orðið um stöðu umhverfismála í stjórnkerfinu og stjórnsýslunni hjá okkur vegna þess að ríkisstjórnin ákvað að setja ekki sérstakan umhverfisráðherra heldur gera umhverfisráðuneytið að skúffu í ráðuneyti hjá ráðherra sem fer með málefni tveggja atvinnuvega. Margir hafa orðið til þess að

gagnrýna það fyrirkomulag og undir þá gagnrýni hef ég tekið því að ég tel mjög mikilvægt fyrir þjóð sem byggir afkomu sína á nýtingu náttúruauðlinda eins og við gerum — við byggjum afkomu okkar á nýtingu sjávarafurða, við byggjum afkomu okkar á ferðamönnum sem koma hingað til að leita í ósnortna og óspjallaða náttúru og við erum þekkt um allan heim fyrir skynsamlega nýtingu á orkuauðlindunum. Þess vegna tel ég að það skipti líka miklu máli fyrir okkur og fyrir vörumerkið Ísland og allan okkar útflutning að við séum trúverðug í umhverfismálum alla leið, þannig að þetta vörumerki sé óspjallað. Ég hef því haft áhyggjur af því að vera ekki með sérstakan ráðherra umhverfis- og auðlindamála eins og var í tíð fyrri ríkisstjórnar og reyndar í tíð ríkisstjórna meira og minna síðastliðin 20 ár.

Þess vegna langar mig að spyrja nýjan formann umhverfis- og samgöngunefndar, hv. þm. Höskuld Þórhallsson, hvort hann geti ekki tekið undir það með okkur í þingflokki Samfylkingarinnar og öðrum þeim sem hafa gagnrýnt þetta fyrirkomulag, þá hvatningu til nýrrar ríkisstjórnar að vinna sér í það að skipa sérstakan ráðherra fyrir umhverfis- og auðlindamál á Íslandi svo að þeirri óvissu sem þessum mikilvæga málaflokki hefur verið sköpuð verði eytt.

[15:08]

#### Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina og hlakka til samstarfsins í nefndinni. Við höldum fyrsta fundinn — reyndar var það sameiginlegur fundur með atvinnuveganefnd en það var ágætisfundur.

Það voru einungis praktísk atriði sem gerðu það að verkum að ekki var hægt að skipa sérstakan umhverfisráðherra. Það þarf að samþætta störf eins og gengur. Eins og stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar núna vita mjög vel þá stendur til að breyta ráðuneytum eitthvað. Ég veit vel að þeir vildu leggja mikla áherslu á heilbrigðismálin jafnvel þó að heilbrigðis- og tryggingamál hafi verið sameinuð undir velferðaráðuneyti.

Ég held að mjög mikilvægt sé í umhverfismálum, vegna þess að við ætlum svo sannarlega að gera þeim hátt undir höfði, að við skiljum hismið frá kjarnanum. Þess vegna varð ég vel við þeirri bón að halda sameiginlegan fund um málefni Hellsisheiðarvirkjunar. En ég vil samt benda á eitt að á fundinum í morgun töluðu nefndarmenn lengur en gestir fundarins. Það eru vinnubrögð sem ég held að við verðum að breyta. Við verðum að vanda okkur í umræðunni þannig að allar upplýsingar komist til skila. Því miður náðist ekki að klára fundinn en við ætlum að klára hann í næstu viku og það verður að sjálfsögðu gert í fullri sátt og samlyndi við stjórnarandstæðinga sama í hvaða flokki þeir eru. **(Gripíð fram í:** En svarið við spurningunni?)

[15:10]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Töluverð umræða hefur orðið um skipan í nefndir á Alþingi og þá með hvaða hætti kynjahlutfall birtist í einstökum nefndum. Það er alveg ljóst að á meðan konur eru innan við 40% þingmanna mun skiptingin

verða áþekkt í nefndum þingsins. Þannig er það og því þarf kannski fyrst og síðast að hefja sókn kvenna til að jafnt vægi kvenna og karla verði á Alþingi því að vart munum við binda það í lög.

Hins vegar finnst mér við í umræðunni og orðræðan úti í samfélaginu um mikilvægi nefnda vera svolítið sérstök. Mér þykir merkilegt ef það þykir sérkennilegt að í efnahags- og viðskiptanefnd sitji eingöngu karlar af því að það sé svo áhrifamikil og þung nefnd. Síðan kemur velferðarnefnd til tals þar sem sitja fleiri konur og það sé skrytið vegna þess að hún sé svona og svona. Ég held að við þurfum pínulítið sjálf að ákveða orðræðuna um mikilvægi nefnda á þingi. Í mínum huga endurspeglar þessi umræða nákvæmlega hvernig launakjör eru í þessum stéttum. Þeir sem starfa í viðskiptum hafa hærri laun en þeir sem starfa í velferðarmálum. Ef við hér á Alþingi ætlum að láta þessa orðræðu líka birtast í því með hvaða hætti við lítum til þeirra nefnda sem hér eru og teljum sjálf sumar nefndir mikilvægari en aðrar þá breytum við hvorki viðhorfum né skoðunum til karla og kvenna eða til jafnréttis.

Mér finnst ástæða til að við sem þingmenn veltum þessum málum aðeins fyrir okkur samhliða því að við reynum eins og hægt er að hafa jöfn kynjahlutföll í nefndum. Hins vegar verður áhugi, hæfni og reynsla líka að fá að ráða för.

[15:12]

#### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Internetið býður upp á mikla möguleika við öflun upplýsinga og til lýðræðislegra vinnubragða. Möguleikarnir eru óþrjótandi hvernig sem á málið er litið, fyrir alla. Það er vandinn. Lýðræðistækini má hæglega snúa upp í andhverfu sína og í Bandaríkjunum hafa nú komið fram ásakanir um að Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna, NSA (National Security Agency), og alríkislögreglan FBI hafi um langt skeið safnað og samkeyrt upplýsingar um fólk, bæði frá símafyrirtækjum og þekktum vefsíðum, Yahoo, Facebook, Skype o.fl., og rekið sameiginlega sérstaka leynilega stofnun, kölluð Prism, sem annist verkefni af þessu tagi.

Sá sem kom upplýsingum um þetta á framfæri við heiminn heitir Edward Snowden og var starfandi hjá Prism eða fyrirtæki sem því tengist. Hann er nú kominn til Hong Kong og heyrst hefur að hann gæti hugsað sér að fá hæli eða búsetu á Íslandi. Engin slík beiðni hefur komið en mér finnst sjálfsagt að Íslendingar séu opnir fyrir því að taka við þessum manni og veita honum húsaskjól berist beiðni um slíkt. Við eigum alla vega að fylgjast vel með þessum málum og fara hugsanlega að dæmi Evrópusambandsins en Viviane Reding, dómsmálastjóri Evrópusambandsins, hefur sent Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, bréf þar sem hún fer fram á upplýsingar um net- og símanjósni Bandaríkjanna. Hún segir að svör Holders geti haft áhrif á samskipti Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Ég beini því til allsherjarnefndar Alþingis að (Forseti hringir.) taka þetta mál upp og fylgjast með því og einnig til utanríkisráðgjafar þingsins. (Forseti hringir.) Þetta mál á heima í þinginu fremur en í ráðuneytum að mínum dómi.



[15:14]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Hæstv. forseti. Eitt meginmarkmið síðustu ríkisstjórnar var að minnka skuldsetningu og gera ríkisfjármálin sjálfbær. Enginn deilir um að töluverður árangur hefur náðst hvað það varðar. Það er því ekki að ósekju að maður velti fyrir sér hver fyrstu spor þessarar ríkisstjórnar eru.

Með stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er búið að setja skulda- og lánamál heimilanna ásamt ríkisfjármála-áætluninni í fullkomið uppnám. Það er búið lofa stórkostlegum aðgerðum í skuldamálum upp á mörg hundruð milljarða. Horfumar eru þó ekki verri en svo að í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra kemur fram samdráttur í tekjum ríkissjóðs upp á tugi milljarða króna á næsta eina og hálfu árinu.

Ríkisstjórnin talar stöðugt um skynsamlegt skattkerfi. Hvað er það? Að skattkerfið verði aftur eins og áður? Að ekki megi breyta sköttum á almenning eða fyrirtæki? Að lækka skatta á tekjur, vörur og þjónustu — er það ekki lækkun á virðisaukaskatti? Hver prósentu kostar milljarða.

Breyting á tekjuskatti. Lækkun tekjuskatts þýðir lækkun skatta á rikari hluta þjóðarinnar og þá allra ríkustu því að þar hækkuðu þeir ásamt sköttum á fjármagnstekjur og fyrirtæki. Þeir hækkuðu ekki annars staðar.

Á fyrsta fundi fjárlaganefndar í morgun var ákveðið að kalla eftir veikleikagreiningu á fyrsta frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem felur í sér tekjufall upp á rúman hálfan milljarð á þessu ári — fyrsta frumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Í Hagsjá í dag kemur fram að samneysla hafi aukist að raungildi um 0,9% á sl. ári og er gert ráð fyrir að hún aukist áfram næstu þrjú árin. Þessar tölur koma engum á óvart og eru staðfesting á því aðhaldi sem hefur ríkt í opinberum rekstri á undanförunum árum. Þar er einnig áréttað mikilvægi þess að slaka ekki á þeim markmiðum sem unnið hefur verið að og halda áfram verulegu aðhaldi í ríkisrekstrinum. Vakin er athygli á að tilslakanir í aðhaldi ríkisfjármála, t.d. með afléttingu skatta, geti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér.

Á þessu virðast núverandi ríkisstjórnarflokkar ekki átta sig enda koma þeir algerlega óundirbúnir til þessa þings. Það sem þjóðinni er boðið upp á er þingsályktunartillaga um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi sem hefur þann stóra galla að í henni felast engar aðgerðir. (Forseti hringir.) Ríkisstjórnin er í rauninni að biðja þingið um að biðja sig að setja á fót nefndir.

[15:17]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég hafði sett mig hér inn á mælendaskrá til að spyrja hv. þm. Vigdís Hauksdóttur, nýkjörinn formann fjárlaganefndar, sem ég óska henni til hamingju með, út í mál mála, kosningaloforðið stóra, stærsta loforð Íslandssögunnar sem Framsóknarflokkurinn gaf um skuldamálin og aðgerðir strax.

Ég vitna í hv. 2. þm. Reykjavíkurborgarstjórnar, Frosta Sigurjónsson, frambjóðanda flokksins í Reykjavík, sem sagði á vefsíðu sinni að ráðist yrði í niðurfellingar strax er Framsóknarflokkurinn fengi til þess umboð. Nú efast ég ekki um að framsóknarmenn hafi samræmt sig vel og

að hv. þingmaður geti tekið undir þetta, en mér virðist, eins og hefur komið fram á fyrstu dögum þingsins og var rætt hér um, að það eigi að fresta þessu.

Spurning mín til formanns fjárlaganefndar er einfaldlega hvort hún geti komið með einhver ný svör vegna þess að í blöðum í dag og undanfarna daga hafa verið viðtöl við fasteignasala, formann fasteignasala, framkvæmdastjóra fasteignasala og fleiri sem segja einfaldlega að markaðurinn sé frosinn vegna loforða framsóknarmanna og það sé mjög brýnt að óvissunni verði aflétt sem fyrst og brýnt að stjórnvöld tali hreint út, eins og segir í viðtali við þessa aðila.

Virðulegi forseti. Það er þess vegna sem mig fýsir að heyra í formanni fjárlaganefndar, hvort hún geti haft eitt hvað nýtt fram að færa hér um engin loforð heldur aðgerðir. Getu þær farið að koma? Getu hv. þingmaður sagt okkur eitthvað hér sem afléttir þessari óvissu og leysir það frost sem er á markaðnum sem er eingöngu út af þessu mikla kosningaloforði sem Framsóknarflokkurinn gaf og sigraði kosningarnar út á á glæsilegan hátt?

[15:19]

**Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir fyrirspurn hans. Það er fagnaðarefni að hann skuli fagna því með okkur framsóknarmönnum að við skyldum hafa unnið kosningasigur. Ég þakka fyrir það.

Það er alveg dæmalaus þessi söngur í samfylkingarfólki eftir að þing kom saman. Raunverulega var sá söngur byrjaður fyrir kosningar að Framsóknarflokkurinn væri að setja Íslandsmet í kosningaloforðum. Ég bið fólk um að fara fjögur ár aftur í tímann í huga sínum og hugsa til þeirra orða sem glumdu í eyrum landsmanna: Skjaldborg um heimilin; velferðarbrú. Hvað voru þau annað en risastór kosningaloforð sem voru svo aldrei efnad á kjörtímabilinu, hvað þá heldur nokkru fyrir kosningar eins og maður hélt að mundi stefna í?

Virðulegi forseti. Ég minni nefnilega á það að Samfylkingin hefur setið sex ár í ríkisstjórn — sex ár í ríkisstjórn. Svo sprikla þingmenn Samfylkingarinnar hér í þingsal þegar ný ríkisstjórn hefur tekið við, einum og hálfum mánuði eftir kosningar, og ætla að fara af hjörunum yfir því að verið sé að svíkja einhver kosningaloforð.

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spurði hér hvers vegna fasteignamarkaðurinn væri hrinn og hvers vegna hann væri í frosti. Það er ekki Framsóknarflokknum að kenna ef það er eitthvert smáhlé á viðskiptum á fasteignamarkaði. Ég minni á það að Samfylkingin fór með það ráðuneyti sem stýrði Íbúðalánasjóði síðastliðin fjögur ár, síðastliðin sex ár líklega, þannig að við vitum nú öll í hvaða vandræðum Íbúðalánasjóður er, sem dæmi, því ekki tínr fólk peninga af trjánum.

Við verðum að gefa nýrri ríkisstjórn tíma til þess að koma fram með frumvörp sem standast stjórnarskrá. Það er meira en hægt er að segja um Samfylkinguna á síðasta kjörtímabili, Árna Páls-lögin til dæmis sem leiddu af sér lög-sókn. Við skulum gefa ríkisstjórninni tíma fram á haust því að nú þegar (Forseti hringir.) hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga í þinginu (Forseti hringir.) með aðgerðaáætlun sem nær (Forseti hringir.) fram á haust.

[15:21]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Mig langar að byrja á að óska samþingmönnum mínum til hamingju með kjörið og ég hlakka til samstarfsins á þessu kjörtímabili.

Ég hef heyrt það af hálfu stjórnarandstæðinga að þeir hafa miklar áhyggjur af því að ekki hafi verið skipaður sérstakur umhverfisráðherra. Mig langar aðeins að fjalla um það mál. Í tilefni orða hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur áðan vil ég lýsa því yfir að ég hef engar sérstakar áhyggjur af því vegna þess að ég tel að ríkisstjórnin og þeir flokkar sem skipa hana hafi mikinn áhuga á umhverfismálum og leggi áherslu á umhverfismál eins og sést á stefnufirrlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Með þeim orðum tel ég að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafi ekki verið að lýsa því yfir að fyrirverandi ríkisstjórn hafi ekki lagt áherslu á heilbrigðismál, menntamál eða sveitarstjórnarmálin þrátt fyrir að þau hafi verið að færa til verkefni innan ráðuneyta og í sumum tilvikum að sameina ráðuneyti. Ég tel því að þessi umræða sé á villigötum. Þegar við tölum um umhverfismál eigum við að einbeita okkur meira að málefnum heldur en einstaka mönnum. Ég tel að það sé einfaldlega heppilegra og málaflöknum til framdráttar.

Mig langar að benda á að umhverfismálin og umræðan um þau á undanförunum árum hefur að mjög miklu leyti snúist eingöngu um virkjanir, um vernd og nýtingu og vissulega er það mikilvægt mál. Hins vegar er stærsta verkefni okkar á líðandi stundu í umhverfismálum það að taka til við að græða betur upp landið okkar. Það þekkja allir sem ferðast um hálendið og þeir sem vinna á hálendinu og búa til dæmis á Suðurlandi hvað blæs mikið ofan af hálendinu.

Þetta er risastórt mál og mig langar að lýsa því yfir að ég fagna sérstaklega þeirri fyrirlýsingu sem fram kemur í stefnufirrlýsingu ríkisstjórnarinnar um að stórauka eigi landgræðslu, skógrækt og aðra eflingu gróðurlenda. Þetta er stóra verkefnið. Við skulum einbeita okkur að málefnum en ekki einstaka mönnum varðandi umhverfismál.

[15:24]

**Vilhjálmur Árnason (S):**

Virðulegi forseti. Mig langaði til að benda ykkur, hv. þingmenn, á afgerandi niðurstöður úr umfangsmikilli rannsóknarvinnu rannsóknar- og þróunarstofnunar bandaríska dómsmálaráðuneytisins á rafbyssum. Sú rannsóknarvinna samanstóð af tveimur rannsóknum um notkun taser-rafbyssna. Önnur sneri að læknisfræðilegum áhrifum tækjanna og hin að notkun þeirra við lögreglustörf. Tugir vísindamanna komu að þessum rannsóknum.

Helstu niðurstöður sýna að taser er ekki hættulegt tæki ef það er notað rétt og það dregur úr meiðslum lögreglumanna sem og brotamanna.

Allar niðurstöður benda til þess að notkun taser sé jafn hættulítil eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu.

Engar læknisfræðilegar rannsóknir benda til þess að eðlileg notkun taser valdi sérstakri hættu á hjartsláttartruflunum, jafnvel þótt rafpúlsinn frá tækjunum fari í brjóst-kassa einstaklinga.

Öryggismörk eru mjög há ef tækjunum er beitt í samræmi við ábendingar framleiðandans og frá læknisfræðilegu sjónarmiði er engin ástæða fyrir lögregluembætti að forðast notkun taser til að yfirbuga einstaklinga sem sýna móþróa eða berjast á móti handtöku.

Embætti ríkislögreglustjóra á nú þegar til taser. Ég tel mikilvægt að sérsvait ríkislögreglustjóra taki þau tæki í notkun við almenna löggæslu sem fyrst, en þeir hafa nú þegar fengið þjálfun í því skyni. Þá skapast mikilvæg reynsla sem hægt verður að nýta við innleiðingu taser fyrir almenna löggæslu í landinu. Það er mikilvægt og áriðandi að lögreglan taki upp notkun taser, það mun stórauka öryggi lögreglumanna sem og brotamanna og um leið spara umtalsverða fjármuni.

Mörg dæmi eru um að lögreglumenn hafi þurft að fara í löng veikindaleyfi vegna slysa við handtöku. Núverandi valdbeitingartæki hafa ekki dugað við allar aðstæður og eru dæmi um örorku eftir slíkt og ég þekki sjálfur mörg slík dæmi.

[15:26]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að Hagsjá hagfræðideildar Landsbankans fjallar um stöðu ríkisfjármála en þar koma fram áhyggjur af stöðunni enda skiptir hún verulegu máli fyrir þróun íslensks efnahagslífs. Þar er minnt á að bæði ávöxtunarkrafa og álag fyrir Ísland hafi farið lækandi og að ætla mætti að mikill agi í fjármálum ríkisins á síðustu árum hafi aukið tiltrú á íslenskt efnahagslíf. (SII: Heyr, heyr.) Bent er á að öll merki um tilslökun í fjármálum ríkisins geti stuðlað að lakari kjörum á erlendum lánsfjármörkuðum, en kjör ríkisins á erlendum mörkuðum setja grunnkjör fyrir erlendar lántökur annarra innlendra aðila og hafa því víðtæk áhrif á stöðu, framkvæmdir og endurfjármögnun lána hjá íslenskum fyrirtækjum.

Skuldastaða ríkisins er alvarleg eftir efnahagshrunið og er sannarlega ástæða til að koma fram með tillögu til að bæta þá stöðu. Það er mikið hagsmunamál að vinna áfram markvisst að stöðvun skuldasöfnunar eins og gert hefur verið síðastliðin ár og gera síðan áætlun um að greiða niður skuldir. Jöfnuður í ríkisfjármálum skiptir einnig máli í baráttunni við að ná verðbólgu markmiðum Seðlabankans og það skiptir máli fyrir kjör almennings í landinu.

Það er því til mikils að vinna en forgangsroðun hæstv. ríkisstjórnar um aðgerðir í ríkisfjármálum gefa því miður ekki tilefni til bjartsýni þegar í fyrsta frumvarpinu sem hún leggur fram á kjörtímabilinu er lögð til umtalsverð tekju-skerðing fyrir ríkissjóð, væntanlega með skuldasöfnun sem henni nemur nema áform séu uppi um að skera niður í velferðar- og menntakerfi á móti tekju-skerðingunni. Því hafa stjórnarliðar ekki svarað en æ fleiri hafa vaxandi áhyggjur af afkomu ríkissjóðs og afleiðingum slakrar stjórnunar ríkisfjármála fyrir kjör fólksins í landinu (Forseti hringir.) af hálfu hægri stjórnarinnar sem nú nýlega hefur tekið við völdum.

[15:28]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Það hefur talsvert verið gert með það nú þegar ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum að við stjórnvölinn sitji yngsti forsætisráðherra sem Ísland hefur átt um áratugaskeið og það sé lægsti meðalaldur ráðherra í ríkisstjórn sem sögur fara af hér á landi. Þá bregður svo við að þessi unga ríkisstjórn ætla heldur betur að setja í bakkgrínn og hverfa til gamalla tíma. Þar er ég kannski að þessu sinni með í huga frumvarp sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt fram um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið sem voru samþykkt hér síðastliðið vor.

Í þeim breytingum sem samþykktar voru á lögum um Ríkisútvarpið í vor var ákveðið að breyta skipan útvarpsráðs þannig að fleiri kæmu þar að og fleiri raddir heyrðust. Það var ákveðið að setja á fót sérstaka valnefnd til þess að velja fólk í útvarpsráð, fyrir utan formann útvarpsráðs sem gert var ráð fyrir að ráðherra skipaði, og fulltrúa starfsmanna. Nú vill hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hverfa til hins gamla fyrirkomulags, að það sé pólitískt kjörið útvarpsráð. Ég verð að segja fyrir mína parta ég tel að sú þróun sé ekki góð. Ég vil líka lýsa undrun og vonbrigðum með það að hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafi samþykkt að þetta mál yrði lagt fram sem stjórnarfrumvarp og minna í því sambandi á að við afgreiðslu málsins í vor samþykkti þingflokkur Framsóknarflokksins það, meðal annars þrjú þingmenn sem enn sitja á þingi, hv. þm. Ásmundur Einar Daðason, Gunnar Bragi Sveinsson og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Þannig að Framsóknarflokkurinn stóð að breytingum á frumvarpinu í vor og sjálfstæðismenn flestir hverjir sátu hjá, einhverjir voru að vísu á móti en flestir hverjir sátu hjá, meðal annars hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra. Þá var þetta ekki (Forseti hringir.) mikilvægt mál í huga ráðherrans en núna ætla hann sem sagt að skrúfa til baka (Forseti hringir.) og fara aftur í hið gamla og pólitíska skipaða útvarpsráð. Ég verð að harma það og lýsa (Forseti hringir.) því að við í Vinstri hreyfingunni — grænu framboði erum (Forseti hringir.) ekki hrifin af þessum ákvörðunum.

[15:31]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég óska hv. þm. Frosta Sigurjónssyni til hamingju með jómfrúræðu sína og hlakka til að halda áfram umræðum við hann um skuldamálin á morgun. En ég fagna sérstaklega yfirlýsingu formanns fjárlaganefndar um að ríkisstjórnin hafi tíma til haustsins til að koma hér inn með tilbúin frumvörp varðandi skuldamálin og verðtrygginguna. Ég hafði nefnilega áhyggjur af því að nefndin á ekki að skila af sér fyrr en í nóvember og að við fengjum þess vegna ekki mál inn fyrr en á næsta ári. Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að það er allt of langt að fresta málunum til 2014 þannig að ég fagna því að formaður fjárlaganefndar hafi sett þau tímamörk (**VigH:** Það er haustþing.) að málin ættu að vera komin í þingið í haust. (**VigH:** Það er haustþing.)

Ég er hins vegar ekki jafn ánægður með þær yfirlýsingar sem komu frá hv. þingmönnum Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Unni Brá Konráðsdóttur og Höskuldi Þórhallssyni. (Gripíð

fram í.) Mér finnst ekki ástæða fyrir stjórnarandstöðupingmenn að gagnrýna allt. Mér finnst heldur ekki ástæða fyrir stjórnarþingmenn að verja allt. Það hversu dregið hefur úr áherslunni á umhverfismál á að vera okkur umhugsunarefni. Okkur hefði aldrei dottið í hug að fara svona með fjármálaráðuneytið, að láta það bara dingla sem aukaráðuneyti hjá einhverjum. Ef okkur finnst að umhverfismál séu jafn mikilvæg og fjármál þá eigum við að fara eins með þau.

Sama er með hlut kvenna. Auðvitað er hlutur kvenna í ríkisstjórn Íslands nú áhyggjuefni því að hann er langtum lakari en hann var í síðustu ríkisstjórn. Það er aðeins eitt óskipt ráðuneyti sem kemur í hlut kvenna og það sem gerðist í þinginu eykur bara þá áherslu. Við eigum að hafa það sem umhugsunarefni og við eigum líka að gera það í stjórnarandstöðunni. Við skipuðum einu sinni bara karlmenn í fjárlaganefnd á síðasta kjörtímabili í Samfylkingunni en við hlupum til og við löguðum það. Ég held að við þurfum að ræða þá hluti og reyna að vinna ofan af þeim mistökum hratt og vel sem menn gera og það gildir líka um nefndaskipunina á Alþingi. Við höfum rætt það, þingflokksformenn, og ég vona að mönnum takist að laga eitthvað (Forseti hringir.) kynjahallann í nefndum þingsins (Forseti hringir.) nú þegar á sumarþinginu. (Forseti hringir.) Mér finnst enginn bragur á öðru.

[15:33]

**Brynjar Niésson (S):**

Hæstv. forseti. Ég hafði nú hugsað mér að vera jómfrú örlítið lengur en það er eins og það er. Ég er ekki mjög útgjaldaglaður maður og ég hef oft hugsað, þegar ég hef hlustað á umræður hér sem leikmaður úti í bæ, um öll þessi útgjöld, en við verðum samt að hugsa um grunnstöðir íslensks samfélags. Alls staðar vantar peninga, alls staðar getur þetta nýst vel og allt er þetta mikilvægt, en það eru samt grunnstöðirnar sem verða að vera í lagi því að ef þær eru ekki í lagi er allt annað ónýtt. Það er ekki flóknara en það.

Ég vil því í þessari stuttu ræðu minni nú minna á mikilvægi þess að við förum í aðgerðir til að bæta stöðu íslenskra dómstóla og ákærvalds í landinu því að — og ég ætla að nota vinsælt orð — ástandið í þeim málum er komið að þölmörkum. Ég held að í raun og veru séu þetta afskaplega lítil útgjöld þegar búið er að koma á millidómstiginu, búið að fækka í Hæstarétti í eina deild, þá eru þetta ekki miklir peningar. Við höfum raunverulega alltaf vanrækt þetta dómstólakerfi og ákærvald vegna þess að það hefur fúnkerað þrátt fyrir allt. Við höfum ekki haft áhyggjur af því, meðan þeir ná að dæma einhverja misindismenn í fangelsi þá erum við sátt, en þetta er miklu flóknara en það. Takk fyrir.

Umræðu lokið.

**Sérstök umræða.**

Landsvirkjun og rammaáætlun.

[15:36]

**Arni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vildi í þessari umræðu eiga orða-

stað við hæstv. fjármálaráðherra um umgjörð rekstrar Landsvirkjunar og umgjörð orkufreks iðnaðar á nýju kjörtímabili. Við höfum breytt regluverkinu á andanförunum árum. Ísland er búið að ganga í gegnum mikla erfiðleika í efnahagsmálum, en við höfum forðast þau örlög sem margar þjóðir hafa lent í; að gefa aðgang að auðlindum okkar til áratuga til að reyna að komast út úr efnahagskreppu. Við höfum þvert á móti aukið arðsemina af nýtingu auðlinda okkar og markað skýra stefnu um að það verði alvöru arður af nýtingunni. Í grunninn eigum við bara val um tvennt: Viljum við virkja með tapi þess vegna til að búa til störf, eða er áherslan á arðsemi í forgrunni?

Við höfum breytt regluverkinu núna þannig að við höfum tekið pólitíkina út úr ákvörðunum um virkjunarkosti. Þessar ákvarðanir eru nú teknar af hálfu Landsvirkjunar á fullkomlega viðskiptalegum forsendum, það skiptir mjög miklu máli. Við upplifum nú harmsöguna í kringum Helliðarvirkjun, bara svo eitt dæmi sé tekið af mistökum gengins tíma þar sem menn ruku til með of bröttum hætti. Við þekkjum líka dæmi um að ákvarðanir hafa verið teknar á pólitískum forsendum um að virkja á tilteknum tíma, eða að yfirlýsingar stjórnmalamanna hafi rýrt svo samningsstöðu ríkisins um orkuverð eins í tilviki Kárahnjúka. Alcoa vissi það fyrir fram að það yrði ráðist í verkefnið og voru þess vegna í yfirburðarstöðu í samningum við ríkið.

Það er líka mikilvægt að hafa í huga að nú hefur myndast um það samstaða meðal þeirra sérfræðinga sem vinna á samráðsvettvangi um aukna hagsæld að líta svo á að mikilvægt sé að setja arðsemi í forgrunn við nýtingu orkuauðlindarinnar. Þeir komast að þeirri niðurstöðu að virkjanir séu beinlínis vond leið til þess að leysa úr tímabundinni efnahagslegri niðursveiflu vegna þess tíma sem það tekur fyrir nýja virkjun að komast í gagnið þannig að hún kemst ekki í gagnið fyrr en við erum komin út úr niðursveiflunni.

Sérfræðingar telja líka að þetta sé vond leið vegna þess að álverð og hagvöxtur fylgist yfirleitt að og það dragi þess vegna úr arðsemi ef ákveðið er að virkja á tímum efnahagslæðdar, betra sé að hugsa nýtingarstefnuna á arðsemisforsendum til lengri tíma. Nú eru þessar skýru reglur komnar.

Annar þáttur þessa regluverks er síðan rammaáætlunin. Það veldur okkur auðvitað áhyggjum að sjá yfirlýsingar nýrra ráðherra í upphafi nýs kjörtímabils. Það er auðvitað ekki þannig að hægt sé að taka upp rammaáætlun án þess að horfa á hina lögbundnu umgjörð sem um hana hefur verið sköpuð. Og ákvarðanir um að tína núna einstaka virkjunarkosti út án þess að þær rannsóknir sem mælt hefur verið fyrir um fari fram og flytja þá kosti yfir í nýtingarflokk er auðvitað pólitísk handaflsbeiting sem ekki á að eiga sér stað.

Alveg með sama hætti bera ráðherrar ábyrgð hvað varðar yfirlýsingar um einstaka samninga sem til greina koma um sölu orku.

Það er ákveðið áhyggjuefni þegar ráðherrar ganga fram fyrir skjöldu eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur að sumu leyti gert og hæstv. iðnaðarráðherra enn frekar með yfirlýsingum um að til greina komi að Landsvirkjun semji við þá sem hyggja á byggingu orkufreks iðnaðar í Helgúvík.

Ég ítreka að þetta snýst ekki um að ég sé á móti álveri í

Helgúvík. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé ekki hlutverk ráðherra sem standa eiga varðstöðu um arðsemi af auðlindinni að gefa grænt ljós á að tilteknir viðsemjendur séu sérstakir vildarvinir ríkisins og njóti velþóknunar ríkisstjórnarinnar og þar með gefa Landsvirkjun til kynna að það sé beinlínis ætlast til þess að samið sé við þessa aðila ef menn vilji vera í hlýju valdsins.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að ef það verði niðurstaðan að ekki takist að ná samningum um orkuöflun til þessa verkefnis, munum við — hverjir erum við? — skoða það hvort einhverjir aðrir, eins og t.d. Landsvirkjun, gætu stigið inn í þessa mynd.

Í því felst óbein yfirlýsing um að hverfa frá markmiðinu um arðsemi sem grundvallarforsendu og í því felst óbeint fyrirheit um að ný sjónarmið verði höfð að leiðarljósi, með öðrum orðum: pólitísk stýring á því við hverja skuli semja en að ekki ráði almannahagur og hámarksarður fyrir auðlindina.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Deilir hann með mér því mati að arðsemin skipti öllu máli? Er hann tilbúinn að standa með okkur vörð um þá pólitísku sátt sem myndast hefur um arðsemi ofar öllu (Forseti hringir.) og að ákveða að pólitísk afskipti af ákvörðunum sem þessum (Forseti hringir.) eigi að heyra sögunni til?

[15:41]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að opna umræðu um mikilvægt mál sem á mikið erindi inn í þann efnahagslega veruleika sem við okkur blasir í dag. Við veltum fyrir okkur möguleikum til þess að örva hagvöxt og halda áfram að byggja landið okkar upp.

Fyrir ári síðan mælti ég fyrir breytingum á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þar var lagt til að við lögin bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að ráðherra kallaði saman að nýju þá verkefnisstjórn sem skilaði skýrslu sinni í júní 2011 og fæli henni að gera tillögu að flokkum virkjunarkosta. Í skýrslunni hafði verkefnisstjórnin raðað virkjunarkostum, eins og þekkt er, í samræmi við niðurstöður og niðurröðun faghópa á grundvelli mikillar faglegrar vinnu og samráðs. Síðan fór af stað ógagnsætt ferli.

Hér hefur hv. þingmaður látið þau orð falla að pólitíkin hafi verið tekin út úr ákvörðunum um virkjunarkosti. Ég vil meina að hið þveröfuga hafi gerst við hina pólitísku meðhöndlun við vinnu nefndarinnar, það birtist í því hvernig virkjunarkostir sem skoruðu mjög hátt, bæði frá umhverfislegu sjónarmiði og frá efnahagslegri hagkvæmni, voru teknir úr nýtingarflokki og settir í biðflokk.

Við getum í þessu sambengi m.a. litið til umsagnar frá Orkustofnun sem benti á að þar hefðu að hluta til hagkvæmstu og best rannsökuðu virkjunarkostirnir í neðri hluta Þjórsár verið lagðir í biðflokk.

Ég vil meina að sú meðhöndlun málsins sýni okkur að arðsemisjónarmið, sem málshefjandi setur ofar öllu, hafi, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki endilega verið efst í huga þeirra sem lögðu fram tillöguna á sínum tíma. Vissulega er það svo að við þurfum að taka tillit bæði til arðsem-

issjónarmiða og annarra, en það voru hin sjónarmiðin sem réðu ferðinni. Ég sakna þess að málshefjandi tæki ekki umræðuna um umhverfið meira með í reikninginn, vegna þess að það voru umhverfisleg sjónarmið sem réðu algjörlega niðurstöðunni um rammaáætlun eins og hún fór í gegnum þingið. Það ætti kannski að vera svona eins og þriðji þátturinn í þessari umræðu. Þarna eru hin arðsemislegu sjónarmið, umhverfislegu sjónarmiðin, sem eiga sannarlega að vera hluti af umræðunni, og svo það sem hér hefur verið rætt um sem einhvers konar pólitísk forgangsröðun eða viljinn til þess að skapa störf.

Ég get verið sammála málshefjanda, hv. þm. Árna Páli Árnasyni, um að við eigum ekki að láta skammtímasjónarmið um það að skapa störf ráða úrslitum þegar við stöndum frammi fyrir ólíkum virkjunarkostum. En í dag starfar Landsvirkjun á grundvelli skilgreiningar sem samþykkt hefur verið þar í stjórninni um sérstakt hlutverk. Hlutverk Landsvirkjunar samkvæmt stefnu stjórnarinnar er að hámarka afkastur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúð fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Það er eitthvað sem ég held að við hljótum að geta verið sammála um.

Þrátt fyrir allt þetta verð ég að segja að á undanföllum árum finnst mér sem tækifæri hafi glatast til þess að halda áfram samkvæmt orkunýtingarstefnu um að nýta hagkvæmstu kostina eins og þá sem ég hef þegar nefnt hér. Mér finnst að um of hafi hallað á vatnsaflsvirkjanir með því að meiri áhersla hefur verið lögð á jarðvarmann. Að jafnaði eru það ekki eins arðbærar virkjanir í jarðvarmanum og í vatnsaflinu. Ef við ætlum að láta umræðuna ráðast af arðsemi, eins og hv. þingmaður leggur svo mikla áherslu á, finnst mér hann því hafa mikinn efnivið í gagnrýni á rammaáætlunina eins og hún var afgreidd í gegnum þingið. Jarðvarmavirkjanir eru að jafnaði ekki eins arðbærar.

Varðandi þá pólitísku umræðu sem átt hefur sér stað undanfarið um t.d. álverið í Helguvík er það rétt að mér finnst mikilvægt að Landsvirkjun kanni alla möguleika á því að koma til móts við áhugasama kaupendur, en ég hef alltaf sagt skýrum orðum að það þurfi að gerast á viðskiptalegum forsendum og á þeim forsendum sem Landsvirkjun er rekin.

Ég vil líka benda á það í þessu samhengi að í þessu er ekkert nýtt vegna þess að Landsvirkjun hefur um langt tímabil átt í viðræðum við þessa aðila. Landsvirkjun hefur hins vegar hafnað því fram til þessa að vera eini viðmælendinn og eini aðilinn sem mundi útvega orku í þetta tiltekna verkefni. Ég held að það sé (Forseti hringir.) líka skynsamleg stefna sem fyrirtækið fylgir þar.

[15:46]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu. Ég tel að grundvallarforsendan þegar við ræðum ákvarðanir um orkunýtingu sé að allar þær ákvarðanir þurfi að vera teknar með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi, þ.e. að nýtingin sé eins góð og mögulegt er út frá umhverfisþáttum, samfélagsþáttum og hinum efnahagslegu þáttum. Liður í því er að sjálfsögðu að Landsvirkjun, sem er m.a. til umræðu hér, starfi sam-

kvæmt þeirri hugmyndafræði. Það má svo sannarlega segja að skref hafi verið stigin í þá átt á undanföllum árum, á síðasta kjörtímabili, þar sem stefnu þessa fyrirtækis var gjörbreytt, til að mynda hvað varðar að upplýsa almenning um orkuverð, hvað varðar að hámarka arðsemi virkjunarframkvæmda. Við getum í raun og veru þegar séð að þetta fyrirtæki okkar, þessi sameign okkar, á eftir að geta verið mjög arðbær í framtíðinni þótt við ráðumst ekki í frekari virkjunarframkvæmdir heldur horfum eingöngu til þess arðs sem Landsvirkjun getur skilað okkur eftir nokkur ár. Þá getum við farið að horfa til þess að þetta gæti reynst ákveðinn fastur liður í því að skila ríknu arði. Það skiptir því auðvitað miklu máli að þau sjónarmið séu höfð til hliðsjónar.

Það er líka mikilvægt að þetta sé alltaf gert í samhengi við umhverfið og samfélag. Þess vegna verð ég að segja í ljósi orða hæstv. fjármálaráðherra um hin pólitísku fingraför á rammaáætlun að staðreyndin er sú að sú umræða sem fór fram í þinginu var ekki eingöngu pólitísk heldur byggði líka á faglegum forsendum, þ.e. því að til að mynda var bent á af umsagnaraðilum að töluvert skorti á rannsóknir á hinum samfélagslegu þáttum ýmissa virkjana. Ég get til að mynda nefnt virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Bent var á að eðlilegt væri að færa þá virkjunarkosti í biðflokk því þarna skorti hreinlega á rannsóknir á einu af þremur meginviðum sjálfbærni, eins og við skilgreinum (Forseti hringir.) sjálfbærni.

Við megum (Forseti hringir.) ekki gera lítið úr því þegar við eigum hér pólitíska umræðu (Forseti hringir.) að þær ákvarðanir kunna að vera grundvallaðar á góðum rökum.

[15:49]

#### **Haraldur Einarsson (F):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir að taka þetta upp, en einnig svör hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra og tek undir flest af hans svörum.

Rammaáætlun varð til hjá fagaðilum. Hugmyndafræði við rammaáætlun var að skapa sátt milli ólíkra hagsmuna, verndar og nýtingar. Stefna okkar varðandi rammaáætlun 3 er að nú þegar er búið að skipa verkefnisstjórn sem fráfarandi ríkisstjórn gerði og hefur hún þegar hafið störf. Sú verkefnisstjórn mun taka fyrst til faglegrar skoðunar, í samræmi við lög og reglur, þá virkjunarkosti sem mest umræða var um á síðasta þingi. Þetta eru sex virkjunarkostir, þrjár í neðri hluta Þjórsár, Skrokkalda og Hágöngur 1 og 2. Einnig tveir kostir sem síðasta verkefnisstjórn náði ekki að ljúka, ýmist vegna þess að gögn bárust of seint eða týndust og þá erum við að tala um Hagavatnsvirkjun og Hólmsársvirkjun neðri við Atley.

Að mati okkar framsóknarmanna voru pólitísk fingraför á niðurstöðu síðustu ríkisstjórnar þegar rammaáætlun var kláruð 14. janúar síðastliðinn. Við viljum færa verkið til vegs og virðingar að nýju. Því fer núverandi verkefnisstjórn í að kanna þessa kosti í samræmi við lög og reglur.

Þar fyrir utan hefur hæstv. landbúnaðar-, sjávarútvegs- og umhverfisráðherra beint því til verkefnisstjórnar að kanna sérstaklega hvort stækkun á Búrfellsvirkjun, Blöndu og fleiri þurfi að fara í ferli til rammaáætlunar. Sé svo verða þær teknar til skoðunar. Þetta eru væntanlega okkar um-

hverfisvænustu og bestu virkjunarkostir, en einnig hagkvæmstu.

[15:51]

**Róbert Marshall (BF):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu. Það er ástæða til að taka það fram og láta stjórnarþingmenn og ríkisstjórnina vita af því að við munum hafa eftirlit með áherslum þeirra í umhverfismálum. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur, eins og farið er af stað, af þeim áherslum sem birtast í málf lutningi ríkisstjórnarinnar og sérstaklega í því hvernig samsetning ríkisstjórnarinnar er og hvað er gert með umhverfisráðuneytið. Gott og vel.

Þetta byrjaði ekki vel vegna þess að talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessum málaflökki töluðu um að nú þyrfti að taka upp rammaáætlun, hvað sem það felur í sér. Hæstv. fjármálaráðherra notaði reyndar það orðalag í umræðum um stefnuvæðu forsætisráðherra. Það má hins vegar heyra á málf lutningi hæstv. umhverfisráðherra að kúrsinn hafi verið leiðréttur svoltið og til dæmis í Ríkisútvarpinu í gær sagði hann að sú verkefnisstjórn sem nú hefur tekið við málinu mundi halda áfram með málið. Það er fagnaðarefni. Það er alveg í samræmi við þær áætlanir og áherslur sem menn hafa verið með í þeim efnum. Það er nefnilega mjög mikilvægt að halda ferlinu í gangi. Mér sýnist hæstv. umhverfisráðherra vera kominn inn á þá braut.

Það má spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvað hann eigi nákvæmlega við þegar hann talar um það í umræðum um stefnu forsætisráðherra að taka upp rammaáætlun.

Ég vil líka leggja áherslu á að ef menn ætla að halda áfram með það verkefni sem blasir við í Helgúvík, og ég fyrir mitt leyti hef alltaf haft miklar efasemdir um, kallar það á mikla orkuöflun. Ef menn ætla að vera með þær áherslur sem birtust í málf lutningi og ræðu hæstv. fjármálaráðherra, að einbeita sér að því að virkja ár frekar en jarðvarma, erum við að tala um allar helstu náttúruþerlur Suðurlands þegar kemur að því að skaffa orku: Þjórásna, Hólmsá og Skaftána. Það þarf því að ræða áður en lengra er haldið.

Ég vil rétt bæta því við, þó að áhættusamt sé orðið að geta sér til um fyrirætlanir hér, að við í Bjartri framtíð (Forseti hringir.) hyggjumst flytja tillögu um eigendastefnu Landsvirkjunar í haust. (Forseti hringir.)

[15:53]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Í ljósi upplýstrar umræðu um þetta mál viljum við byrja á að benda á að Píratar eru ekki á móti virkjunum, en þær þurfa að vera sjálfbærar ef það á að nýta þessar auðlindir. Það sem ég lærði í dag á sameiginlegum fundi umhverfis- og samgöngunefndar og atvinnuveganefndar var að ekki er sami skilningur lagður í sjálfbærni-hugtakið, eins og margir Íslendingar nota það, þegar kemur t.d. að Orkustofnun og umræðunni hér í þingsal hjá mörgum hverjum. Þannig að þegar menn nota orðið sjálfbærni halda flestir að verið sé að tala um sjálfbæra nýtingu sem ber sig sjálf til frambúðar. Flestir halda að hugtakið „sustainability“, með leyfi forseta, þýði „actually sustains itself“, það heldur áfram.

En orðið eins og það er notað, sjálfbær vinnsla, sjálfbær nýting, verið er að tala um að það endist í 100–300 ár. Bara til að halda því til haga er ekki verið að tala um að nýtingin sé sjálfbær til frambúðar fyrir allar komandi kynslóðir, verið er að tala um að hægt sé að ganga á auðlindina þar til hún er gengin til þurrðar á 100–300 árum.

[15:55]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (SF):**

Herra forseti. Ísland er ríkt af auðlindum. Við nýtingu þeirra þarf að hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það á við um fiskinn í sjónum, ferðamannastaðina, fallvötnin, jarðhitann og andrúmsloftið. Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða markaði tímamót því að með henni skapaðist sátt um aðferðafræðina við flokkun landsvæða og þá sátt má ekki slíta. Í rammaáætlun sem við samþykktum í vor voru kostir settir í nýtingarflokk sem ég hefði viljað vernda, en ég taldi mikilvægar að styðja aðferðafræðina í stað þess að leyfa mínum persónulegu skoðunum að ráða för. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur virðast ætla að hlaupa undan áætluninni í flæmingi og láta sína pólitísku duttlunga ráða.

Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun frá 2011 stóðu allir flokkar að því að samþykkja að ráðherra skyldi senda þingsályktunartillöguna um rammaáætlun út til umsagnar áður en hún yrði lögð fyrir Alþingi. Það var gert og á grundvelli málefnaþega umsagna var ákveðið að flytja nokkur landsvæði úr nýtingarflokki í biðflokk. Enginn kostur var fluttur úr vernd í nýtingu eða öfugt heldur voru nokkur landsvæði sett í biðflokk til frekari rannsóknar. Það var gert á grundvelli varúðarsjónarmiða til að náttúran fengi að njóta vafans.

Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar tala fjálglega um að meðhöndla rammaáætlun eins og pólitískt vopn og leyfa sér í ofanálag að lýsa því yfir opinberlega hverja Landsvirkjun eigi að gera samninga við.

Hæstv. fjármálaráðherra sem skipar stjórn Landsvirkjunar er að veikja samningsstöðu fyrirtækisins, sem á að tryggja góða arðsemi af orkuauðlindunum okkar. Þessar yfirlýsingar jafngilda stríðsyfirlýsingu. (Forseti hringir.)

[15:57]

**Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Það er ágætt að halda því til haga að á sama tíma og Landsvirkjun hefur það að markmiði að hámarka arðsemi af orkuauðlindum okkar telja stjórnendur Landsvirkjunar að sú stefna sem rekin hefur verið síðustu ár hjá Landsvirkjun, þ.e. síðustu áratugi, um uppbyggingu á raforkukerfinu á Íslandi hafi verið hárrétt. Hún hafi í senn verið nauðsynleg og hárrétt vegna þess að við þurftum að fara í stórar framkvæmdir, við þurftum að fá stóra kaupendur til þess að byggja upp þá nauðsynlegu innviði sem raforkukerfi okkar byggir á. Þeir telja að við þessar aðstæður sé raunhæft að ná fram betri kjörum, að ná fram betra verði fyrir þá raforkuframleiðslu sem við leggjum í í framtíðinni. En á sama tíma telja þeir sig geta boðið samkeppnishæfustu kjör á raforku í Evrópu. Samkeppnisstaða okkar ætti miðað við yfirlýsingar þeirra að vera mjög sterk.

Það sem stendur upp úr í rammaáætlun eru auðvitað þær

röngu áherslur sem endurspeglast í niðurstöðu hennar, eins og hún liggur fyrir, þar sem er annars vegar um jarðvarma-virkjanir og hins vegar vatnsaflsvirkjanir að ræða. Vatnsaflsvirkjanir eru algjörlega fyrirsjáanlegar, hægt er að reikna út arðsemina eins og hún kemur út um leið og virkjunarframkvæmdum er lokið. Hins vegar eru jarðvarmaveiturnar háðar meiri óvissu og eru ekki eins hagkvæmar. Það er nefnilega mjög rangt í rammaáætlun að blanda því ekki saman, jarðvarmakostunum sem við þurfum að byggja upp hægt og bitandi til þess að ganga ekki of hratt á þau svæði, en að styrkja raforkuframleiðsluna með nýtingu á vatnsafls-kostum á sama tíma.

Það voru því augljós mistök þegar virkjunarkostir í neðri hluta Þjórsár, einhverjir hagkvæmstu virkjunarkostir sem við höfum í dag, voru teknir út úr nýtingarflokki rammaáætlunar. Rökin sem voru notuð standast enga skoðun, það að laxastofninn í Þjórsá sé í einhverri hættu. Í 22 ár hefur Landsvirkjun fylgst með þessum laxastofni. Það er búið að búa til líkan af flöðlokum og seiðafleytnum (Forseti hringir.) til loka ársins 2012 þannig að ekki er hægt að (Forseti hringir.) gera frekari rannsóknir á þessu. (Forseti hringir.) Það verður að láta reyna á niðurstöðuna.

[16:00]

#### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég verð að segja að það vekur vissulega ótta og áhyggjur af stöðu nýsamþykkrar rammaáætlunar þær yfirlýsingar sem ráðherrar hinnar nýju ríkisstjórnar hafa gefið undanfarna daga og vikur. Fram hafa komið yfirlýsingar frá sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra um að þegar sé hafin vinna í ráðuneyti hans við að taka upp rammaáætlun og átta virkjunarkostir séu til endurskoðunar og skoðunar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að hún vilji sjá álver sem fyrst í Helgúvík og leita allra leiða til að skoða ívilnanir fyrir þær framkvæmdir, jafnvel aftur í tímann, sem ég segi að geti nú ekki staðist ef það er skoðað. Undir þetta hafa tekið bæði hæstv. forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Því vekur það vissulega ugg hjá mér og örugglega fleiri landsmönnum hver stefna ríkisstjórnarinnar er og hvert hún er að fara.

Við komum alltaf að sömu spurningunni: Hvar á að fá orkuna? Á hvaða verði á hún að vera? Og yfir höfuð, ef það er til orka, viljum við þá nýta hana í enn frekari stóriðju? Viljum við virkja fyrir stóriðju?

Ég vil treysta því að Landsvirkjun starfi eftir nýjum samþykktum sínum og vinni á faglegum grunni og horfi til nýtingar auðlindarinnar með sjálfbærum hætti og horfi til heildarhagsmuna komandi kynslóða. Þessi ofurtrú nýkjörinnar hægri stjórnar á stóriðjulausnum er með ólíkindum þar sem allt segir okkur að álverð í heiminum fari lækkanði og birgðir safnist upp. Ég skil ekki þá hagstjórn og efnahagslegu hugsun hjá núverandi ríkisstjórn ef hún er algjörlega blind á stóriðjudrauma sína og láti sem hún heyrir ekki þessar fréttir. Ég treysti því að menn (Forseti hringir.) hætti þessum vinnubrögðum (Forseti hringir.) og láti nýjar kynslóðir og náttúruna (Forseti hringir.) njóta vafans.

[16:02]

#### Páll Jóhann Pálsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir að hefja þessa umræðu. Ég get alveg verið sammála honum um það að Landsvirkjun ætlum við að reka á arðsemisgrundvelli og láta arðsemina ráða. Arðsemi er ekki aðeins hagnaður í ársreikningum Landsvirkjunar, arðsemi er líka samfélagslegur hagnaður. Við skulum ekki gleyma því. Landsvirkjun hefur verið rekin með góðri arðsemi. Þar er bæði góð eiginfjárstaða í dag og samfélagsáhrifin leyna sér ekki.

Rammaáætlun. Mér fannst fyrri ríkisstjórn breyta rammaáætlun óþarflega mikið, þ.e. meiri áhersla er þar lögð á gufuaflsvirkjanir en vatnsaflsvirkjanir. Gufuaflsvirkjanir eru ekki, eins og fram hefur komið hérna, eins arðsamar, þær eru líka áhættumeiri þannig að við þurfum að hafa þetta í bland.

Ég get sagt við ykkur, stjórnarandstæðingar, að það eru óþarfaáhyggjur hjá ykkur að við séum að fara að breyta rammaáætlun eitthvað pólitískt. Við ætlum einmitt að fara að vinna eftir rammaáætlun eins og fagmenn skiluðu henni. Það ætlum við að gera.

[16:04]

#### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Það er af mikilli gleði og djúpri auðmykt sem ég stíg hérna upp í þennan ræðustól í fyrsta skipti. Ég fagna því að gert hafi verið plan til framtíðar hvað varðar nýtingu virkjunarkosta. Það er upplýsandi og gott vinnulag sem yfir undir stöðugleika. Að sama skapi verðum við að leggja áherslu á að rekturinn í kringum þær virkjanir sem ráðist er í sé arðbær fyrir eigendurna sem er um við öll, þjóðin.

Landsvirkjun þarf að meta hverja framkvæmd sem hún fer af stað með út frá þeim áætlunum sem liggja fyrir. Í hvert slíkt verkefni þarf að fara ákveðið mikið eigið fé, sem er ríkisfé, og til að koma stóru verkefni af stað þarf Landsvirkjun líka að auka skuldir sínar, taka lán. Þá verður Landsvirkjun að líta til þess hvort kaupendur að orkunni séu áreiðanlegir og hve mikið eigi að fást fyrir orkuna svo að vel sé. Að síðustu þarf svo að tryggja að lánin sem tekin eru séu á góðum kjörum svo að ríkissjóður lendi ekki í sömu stöðu og Orkuveita Reykjavíkur og bankarnir hafa staðið frammi fyrir. Þessir þrír þættir, efnahagsreikningur Landsvirkjunar, lánakjör og arðsemi, þurfa að standast tímans tönn.

Það liggur fyrir að gjaldeyri vantar inn í landið. Það liggur líka fyrir að hjól atvinnulíffsins þurfa að snúast hraðar. Reyndar held ég að við ættum að bæta fleiri hjólum þar við, alls konar að lögun og stærð.

Mér hefur í þessu sambandi, herra forseti, sýnst núverandi ríkisstjórn renna hýru auga til stóriðju og frekari virkjana. Ef ætlunin er að líta á Landsvirkjun sem verkfæri í atvinnu- og byggðastefnu til að skila gjaldeyrisjóði hratt inn í þjóðarbúið er spurningin sem þingheimur mun án efa þurfa að spyrja sig fljótlega þessi: Er réttlætlanlegt að við förum í verkefni á vegum ríkisins sem hafa ekki nægjanlega háa arðsemiskröfu? Ber ekki að líta til áhættunnar sem ríkið tekur með aukinni skuldafélfun á fyrirtæki í ríkiseigu?

Því spyr ég hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra hvað hann ætli sér í þessum efnunum. Hvað er að hans mati ásætlanleg arðsemiskrafa á þær virkjanir sem þurfa að knýja Helguvík? Hvaða lánsupphæð finnst ríkisstjórninni ásætlanlegt að ríkið gangist í ábyrgð fyrir hjá Landsvirkjun til að álver megi rísa?

[16:07]

#### Árni Páll Arnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa góðu umræðu og vil nú segja að það kemur mér ánægjulega á óvart að sjá þann góða samhljóm sem er í þessari umræðu.

Ég fagna því sem ég skildi sem staðfestingu af hálfu hæstv. fjármálaráðherra á því að viðskiptaleg sjónarmið yrðu áfram látin ráða og ég treysti að í því felist að ekki verði hróflað við arðsemisstefnu Landsvirkjunar. Mér finnst það athyglisverð ábending frá hv. þm. Róberti Marshall að það sé einfaldlega ástæða til að þingið samþykki þingsályktunartillögu um eigendastefnu fyrir Landsvirkjun þannig að það verði algjörlega í gadda slegið að þetta verði gert á arðsemisforsendum.

Ég vil líka minna á það að þó svo að við getum séð ákveðin sjónarmið varðandi samfélagslegan ávinning á einstökum stöðum, og ég er alveg sammála því sem hér kom fram, þá eru líka gríðarleg tækifæri í aukinni arðsemi Landsvirkjunar ef borið er saman við norska Statkraft til dæmis. Það er hægt að auka arðsemi Landsvirkjunar mikið. Það er mikilvægt að við gerum það þannig að þetta fyrirtæki verði okkur sannkölluð gullgæs, en samt þannig að allt verði það gert með sjálfbærum hætti og við göngum vel um náttúrugæði.

Ég fagna líka yfirlýsingu hv. þm. Haraldar Einarssonar, talsmanns Framsóknarflokksins, hér í jómfrúræðu sinni þegar hann lýsti þeirri fyrirætlun, eins og ég skildi hann, að ekki væri ætlunin að brjóta upp ferli rammaáætlunar heldur væru framsóknarmenn einfaldlega að tala fyrir því að sem fyrst kæmu niðurstöður úr þeim rannsóknunum sem þegar hefur verið efnit til. Ég held að við getum öll sammælt um það og getum þá hætt að þræta um það eða ýja að því að það eigi að fara að brjóta upp rammaáætlun. Ég held að þetta sé nákvæmlega niðurstaða enn við öll getum sammælt um. Ég fagna því sem sagt hefur verið í því efni.

Síðan vil ég bara undirstrika að lokum mikilvægi þess að við höldum samstöðunni um það að virkja ekki til að leysa úr tímabundnum efnahagsvanda því að það er orðið algjörlega sannað að það er óskynsamleg leið. Það er miklu betra að setja langtímasjónarmið og hafa þau að leiðarljósi og byggja á grundvallarforsendum sjálfbærrar þróunar.

[16:09]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Hér í umræðunni hefur víða verið komið við. Við höfum heyrt sjónarmið allt frá því að skynsamlegt sé að virkja ekkert frekar, vegna þess að það dugi okkur sem þegar hefur verið gert, yfir í það að enn séu sóknarfæri til staðar sem við eigum að grípa.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum enn ótrúlega miklar auðlindir óbeislaðar. Það rennur enn mikið vatn óbeislað til

sjávar. Það á ekki bara við á þeim stöðum þar sem ekki hefur verið virkjað, það á líka við á stöðum þar sem þegar hefur verið virkjað. Það rennur til dæmis fram hjá virkjununum í Kárahnjúkavirkjun um það bil 9% af öllu afli sem þegar hefur verið virkjað hjá Landsvirkjun. Það gætu verið um 100–200 megavött á þessu svæði óbeislað í vatninu sem þegar er til staðar og rennur fram hjá virkjununum. Það eru ómæld tækifæri ef menn bara hafa viljann og framtíðarsýn til að grípa þau til þess að bæta lífskjörin í landinu.

Hér hefur verið víða komið við og sumir hafa lagt ofuráherslu á arðsemina. Mér finnst arðsemisjónarmiðin ekki alltaf hafa orðið ofan á í þeim valkostum sem við höfum staðið frammi fyrir. Er það til dæmis til vitnis um að menn taki arðsemina ofar öllu þegar Norðlingaölduveita var slegin af en Búrfell valið í staðinn sem skilar sama afli og Norðlingaölduveita hefði gert en kostaði 10 milljörðum meira? Ekki er það til vitnis um að arðsemin hafi alltaf ráðið för. Það eru önnur sjónarmið sem koma þar inn af miklum krafti.

Þegar það hefur verið orðað að við ætlum að taka upp rammaáætlun þá ætla menn ekki að láta hana standa eins og hún er. Það verður gert með erindisbréfi til verkefnisstjórnarinnar að taka aftur til skoðunar þá kosti sem búið er að færa í sérstaka flokka.

Ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst hún hafa verið uppbyggileg og margt sem sameinar þá sem hér hafa tekið til máls, eins og málshefjandi kom inn á. Við eigum eftir að halda henni áfram, á forsendum rammaáætlunar, stjórnar Landsvirkjunar og framtíðaruppbyggingar þess fyrirtækis (Forseti hringir.) og nýtingar annarra virkjunarkosta í landinu.

#### Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. ÁPÁ o.fl., 5. mál (tímabundið ákvæði um breytingu á stjórnarskrá). — Pskj. 5.

[16:12]

#### Flm. (Árni Páll Arnason) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlagu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem er frumvarp sama efnis og frumvarp sem samþykkt var á síðasta þingi og var síðasta mál liðins þings. Flutningsmenn eru auk mín þeir sömu og voru á síðasta þingi, hv. þingmenn Katrín Jakobsdóttir og Guðmundur Steingrímsson.

Í frumvarpinu felst að sett verði nýtt tímabundið breytingarákvæði við stjórnarskrá Íslands sem geri okkur kleift að breyta stjórnarskránni með þeim nýja hætti að Alþingi verði ekki lengur einrátt um stjórnarskrárbreytingar eins og verið hefur hingað til þegar þurft hefur samþykki tveggja þinga með alþingiskosningar á milli til að breyta stjórnarskránni, heldur verði opnað fyrir þann möguleika að 2/3 hlutar þings geti samþykkt breytingar á stjórnarskrá sem síðan þurfi staðfestingu einfalds meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu, en þó þannig að minnst 40 af hundræði allra kosningarbærra manna samþykki breytinguna.

Með þeirri breytingu, ef hún verður staðfest á Alþingi, værum við að opna nýja leið fyrir framgang stjórnarskrár-



breytinga á þessu þingi. Þetta væru tímamót því að hingað til hefur þingið verið einrátt. Við værum þá að færa þjóðinni þátttöku í stjórnarskipunarbreytingarvaldinu og búa okkur til tæki til þess að gera breytingar sem ég held að væri auðveldara að gera í almennri samstöðu í þinginu með góðum undirbúningi, með langan tíma fram undan, þ.e. allt kjörtímabilið, og við gætum náð saman um. Margt hefur verið nefnt í því efni. Í stjórnarsáttmála er talað um auðlindaákvæði og beint lýðræði. Ég er sammála því.

Ég nefndi í umræðu um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra hvort við gætum mögulega tengt starfsháttabreytingar hér í þinginu við heimild minni hluta þings, eins og í Danmörku, þar sem þriðjungur þingmanna getur vísað málum til þjóðarinnar og þar með bundið enda á málþófið sem hefur verið leiður fylgifygur þingræðis á Íslandi undanfarna áratugi. Það eru því mörg tækifæri sem við höfum til þess að nýta þennan glugga ef við kjósum að opna hann. Ég tala fyrir því núna að við sameinumst um að opna þann glugga, skapa okkur það svigrúm á þessu kjörtímabili.

Ákvæðið er samkvæmt efni sínu tímabundið. Það rennur út árið 2017. Ég held að miklu máli skipti að við grípum þetta tækifæri og við höfum þá — sumir hafa efasemdir um þetta breytingarákvæði vegna samþykkisþröskuldans og það verði snúið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að 40% kosningarbærra manna samþykki frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Því er ekki að neita að þessi samþykkisþröskuldur var niðurstaða samningaviðræðna við formenn þáverandi stjórnarandstöðuflokka, sem nú eru formenn stjórnarflokka, á síðasta þingi og endurspegladi áhyggjur þeirra af því að of auðvelt yrði að breyta stjórnarskrá. En við flutningsmenn töldum þetta færa leið vegna þess að þrátt fyrir allt er þetta nú ekki erfiðara en svo að 90 þúsund manns þarf til að samþykkja stjórnarskrábreytingu.

Fyrir liggja, til dæmis á þessu kjörtímabili sem þetta frumvarp tekur til, óháð öllu öðru tvennar almennar kosningar. Sveitarstjórnarkosningar verða árið 2014 og ólíklegt er annað en að forsetakosningar verði háðar 2016. Það þýðir að alla vega eru tvö tækifæri til stjórnarskrábreytinga fyrir okkur þar sem við gætum nýtt þennan glugga og komið breytingum að.

Ég tel það ókost allrar umræðu um stjórnarskipunarbreytingar á Íslandi frá lýðveldisstofnun að þetta fyrirkomulag hafi verið með þeim hætti sem það er, þ.e. bundið við þingið og að þessi fortakslausa skylda skuli vera að frumvarp til stjórnarskipunarlaga sé síðasta mál sem afgreitt sé í þinginu og að fara þurfi til Bessastaða og ná í forsetabréf um þingrof ef svona máli kemur fram. Þinglausnir voru með öðrum hætti en venjulega hér í vor út af þessu vegna þess að það þurfti að rjúfa þing, það var ekki hægt að ljúka þingi.

Þetta veldur því auðvitað að stjórnarskrábreytingar hafa allt frá lýðveldisstofnun verið unnar í einhvers konar tímahraki og samningastappi á síðustu mánuðum þings áður en kemur að alþingiskosningum með örfáum undantekningum. Ég held að það sé stjórnarskipun Íslands ekki til góðs, ég held að það sé ekki gott fyrir umræðu í þingsal um stjórnarskrábreytingar.

Þess vegna skiptir miklu máli fyrir okkur að sameinast um að opna þennan glugga núna þannig að við eigum hann

á þessu kjörtímabili. Það þarf hvort eð er 2/3 hluta þingmanna til að nýta hann, þannig að það verður nú ekki gert nema með atbeina núverandi stjórnarflokka að breyta stjórnarskránni. En við höfum þá þennan glugga opin ef við kjósum að nýta hann. Mér þykir margt benda til þess að efnisleg rök séu til að ná fram ákveðnum breytingum á stjórnarskránni.

Síðan er búið að vinna mikla grunnvinnu sem nýttist auðvitað áfram. Lagt var fram frumvarp stjórnlagaráðs. Fyrir þjóðina var spurningin lögð hvort þjóðin vildi fá frumvarp byggt á þeirri vinnu. Það var lagt hér fram í þinginu í kjölfar þess að niðurstaða meiri hluta landsmanna, þeirra sem tóku þátt í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu, var að menn vildu fá slíkt frumvarp. Áfram er auðvitað hægt að vinna með þær hugmyndir líka til viðbótar öllu því sem ég rakti hér áðan.

Ég tel þess vegna mikilvægt fyrir okkur að nýta þetta tækifæri, opna þennan glugga, sjá hvert við komumst í þverpólískri samstöðu í þinginu og sköpum okkur tækifæri til frekari stjórnarskrábreytinga á kjörtímabilinu.

[16:19]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegur forseti. Því hefur stundum verið haldið fram að krafan um nýja stjórnarskrá eða frumsamda stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland hafi komið fram eftir hrun efnahagslífsins. Það er alls ekki svo. Krafan um nýja stjórnarskrá hefur verið á lofti alveg frá því að við öðluðumst sjálfstæði 1944 en það hefur gengið brösuglega að semja þjóðinni stjórnarskrá. Sú stjórnarskrá sem við búum við á rætur að rekja til dönsku stjórnarskrárinnar sem við bjuggum við áður. Það hefur því verið langt ferli og langvarandi viðleitni að reyna að setja þjóðinni frumsamda stjórnarskrá, að segja má, saminni af íslensku fólki.

Við komumst ansi langt með þetta verkefni á síðasta kjörtímabili. Það höfðu verið hugmyndir á kreiki löngu fyrir hrun um að koma á fót sérstöku stjórnlagabingi vegna þess að þinginu sjálfu, Alþingi, sem er stjórnarskrárgjafinn, hafði gengið brösuglega að endursemla stjórnarskrána. Þetta var gert. Það var farið af stað í ferli sem var samkomulag um á síðasta kjörtímabili. Það var byrjað á þjóðfundi sem var vel heppnaður þótt einhverjir hafi fengið stöðumælasekt fyrir utan Laugardalshöll. Þar var rætt um öll helstu gildin sem áttu að vera í nýrri stjórnarskrá. Þetta var í rauninni mjög merkilegt. Fólkið á fundinum var að hluta til fengið með slembiúrtaki og að hluta til valið. Svo tók stjórnlaganefnd við niðurstöðu fundarins og gerði ítarlega skýrslu og síðan var kosið til stjórnlagabings sem varð síðan stjórnlagaráð. Um flest allt, nema náttúrulega það sem gerðist þegar stjórnlagabing varð stjórnlagaráð, var mikil sátt.

Niðurstaðan úr þessu öllu saman voru mjög framsækin og góð drög að nýrri stjórnarskrá — ekki endilega fullkomin drög, í þeim er mjög margt sem þarf að ræða. Við fórum í þjóðaratkvæðagreiðslu um drögin og niðurstaða hennar, með yfirgnæfandi meiri hluta, var að setja ætti þjóðinni nýja stjórnarskrá á grunni tillagna stjórnlagaráðs.

Svo ég tali fyrir mitt leyti þá finnst mér að við eigum, og það ætti að vera leiðarljós í starfi okkar á Alþingi, að

klára ferlið. Mér finnst að sú hugsun eigi að ráða för í málínu. Þetta ferli var hafið og ekki að ástæðulausu, það var rík ástæða fyrir því að fara með drögin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Núna þurfum við á þessu þingi að klára þetta. Því miður gafst ekki tími til þess á síðasta þingi, það var hugsanlega að mörgu leyti fyrirsjáanlegt, en alla vega var það staðreynd sem blasti við. Núna getum við klárað það. Mér finnst það vera skylda okkar hér inni að klára þetta ferli og bera virðingu fyrir þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fór fram 20. október og reyna að leiða þetta mál til lykta.

Sú tillaga sem við ræðum hér, stjórnarskrárbreytingin sem var gerð í lok síðasta þings og við munum vonandi staðfesta á þessu þingi og þar með öðlast hún gildi, snýst einungis um að gera þessu þingi auðveldara að fara í stjórnarskrárbreytingar. Hún opnar glugga. Þetta er bara viðbót við breytingarákvæðið sem fyrir er í stjórnarskránni. Hún opnar möguleika á því að við getum haldið áfram á þessu þingi með fyrirbyggjandi stjórnarskrárdrög, með allar þær góðu athugasemdir sem eru fyrir hendi við þau drög, haldið áfram vinnunni og farið með niðurstöðuna í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er að mörgu leyti miklu betra að mínu mati að fara með svona yfirgripsmiklar stjórnarskrárbreytingar, svo ekki sé talað um heildarendurskoðun, jafnvel heila stjórnarskrá, í bindandi þjóðaratkvæði. Mér finnst það miklu betri niðurstaða fyrir stjórnarskrárbreytingar en gert er ráð fyrir í núverandi stjórnarskrá.

Mér finnst það hafa komið í ljós í raun og veru í vinnunni á síðasta kjörtímabili að það fyrirkomulag að tvö þing þurfi til breytinga og alltaf þurfi að boða til alþingiskosninga þegar breyta þarf stjórnarskrá hentar ekki heildarendurskoðun eins og við vorum að glíma við á síðasta þingi. Stjórnarskráin var bitbein í aðdraganda kosninga. Það er óheppilegt. Alþingiskosningarnar sem fóru fram 27. apríl sköpuðu óeðlilega pressu á málið.

Núna getum við haldið áfram endurskoðuninni án þess að skapa þá pressu. Við getum farið með málið í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar við erum búin að ná sátt í þingsal með tveimur þriðju hluta þingmanna. Þetta er miklu betri leið að mínu viti fyrir heildarendurskoðun á stjórnarskrá.

Ég skora eindregið á þingheim að staðfesta frumvarpið og fara svo í það í sameiningu í þingsal að skilgreina hvernig við ætlum að hafa ferlið áfram. Okkur ber skylda til að taka þennan bolta og ljúka málinu sem því miður tókst ekki að klára á síðasta þingi. Ég skora á þingheim að gera það.

[16:25]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Við erum að ræða mjög stórt mál. Það var samþykkt á síðasta þingi, undir lok þess að sjálfsögðu því að í 79. gr. stjórnarskrárinnar segir að rjúfa skuli þing um leið og búið er að samþykkja stjórnarskrárbreytingu.

Það sem ég vildi spyrja hv. þingmann um er um þessa furðulegu stöðu. Þetta frumvarp er nánast sama frumvarp og ég flutti, nema þröskuldurinn er 40% í staðinn fyrir 50% hjá mér, og breytingin er til bráðabirgða, bara í eitt kjörtímabil. Og hún er auk þess til viðbótar við 79. gr.

Þá kemur upp merkileg staða. Segjum að einhver vilji

flytja frumvarp um breytingu á stjórnarskránni. Hann er ekkert svo viss um að þjóðin vilji það. Þá velur hann 79. gr. óbreytta og leggur frumvarpið fram undir lok þings, það verður síðasta málið og hann fær það samþykkt. Þá greiðir þjóðin ekki atkvæði um það þannig samkvæmt 79. gr. Ef hann treystir hins vegar ekki þinginu til að samþykkja tillögu sína vísar hann henni til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Er þetta ekki furðuleg niðurstaða þess að hafa tvo möguleika á því að breyta stjórnarskránni, þó að annar sé til bráðabirgða og við hliðina á hinu ákvæðinu?

[16:27]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Nei, mér finnst þetta ekkert sérstaklega flókið. Þarna er verið að leggja til tímabundið ákvæði til viðbótar við breytingarákvæðið sem fyrir er þannig að ef þetta er samþykkt verða á þessu kjörtímabili að vera fyrir hendi tvær leiðir, báðar lýðræðislegar, til þess að breyta stjórnarskránni. Það getur vel verið að niðurstaða þingsins verði að hugsanlega muni þessi endurskoðun, áframhald hennar, taka allt kjörtímabilið og farið verði í breytinguna eftir hefðbundnum leiðum, en ég mæli með hinni. Við erum komin það langt á veg með endurskoðun á stjórnarskránni. Við erum nýkomin úr mikilli umræðu um hana undir lok síðasta kjörtímabils. Ég held við verðum að halda dampi í þessu. Það eru komnar mjög miklar og góðar athugasemdir við stjórnarskrárdrögin sem ég held að við ættum að mæta núna í vinnunni. Ég held að það sé betra fyrir heildarendurskoðun eins og þá sem er fyrirbyggjandi að við ljúkum henni með bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu og sátt hérna í þinginu. Mér finnst það ekkert sérstaklega flókið þótt hin leiðin sé líka fyrir hendi.

[16:29]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka svarið svo langt sem það nær. Ég er ekki alveg sammála því að báðar leiðirnar séu lýðræðislegar vegna þess að önnur er þingræðisleg, þ.e. að þingið og eftirfarandi þing geti breytt stjórnarskrá. Þar greiðir þjóðin í rauninni aldrei atkvæði um stjórnarskrána sína. Aldrei. Þegar þjóðin kys þing er það ekki til þess að breyta stjórnarskrá heldur til þess að velja stjórnendur fyrir landið fyrir næsta kjörtímabil. Þá er verið að hugsa um efnahagslífið og menningarmál og allt slíkt, en síst af öllu stjórnarskrána.

Þessi tillaga hér, og sú tillaga sem ég flutti á síðasta þingi, gengur út á að þjóðin greiði atkvæði um stjórnarskrána sína eða breytingar á henni. Það tel ég vera lýðræðislegt en ekki hitt. Það sem ég geri athugasemd við er í fyrsta lagi að það skuli bara gilda í eitt kjörtímabil og í öðru lagi að það skuli vera tveir möguleikar. Ég er nærri viss um að ef hún væri varanleg mundi maður nota hana til að gera breytingar á stjórnarskránni hægt og rólega, bita fyrir bita en ekki allar í einu, laga það sem menn eru sammála um að gera og svo framvegis, því að það þarf ansi mikinn samþykkisþröskuld. Menn þurfa að vera sammála, hérna þurfa t.d. 40% kjósenda að vera sammála.

Sú leið sem hefur verið hingað til, þar þurfa menn ekk-

ert að vera sammála. Það er bara meiri hluti Alþingis og meiri hluti næsta þings sem þarf að samþykkja það. Það er því verulega mikill munur á þessu. En vegna þess að þetta er tímabundið og vegna þess að þróskuldurinn var lækkaður, úr 50 niður í 40 frá minni tillögu, er ég ekki alveg sáttur við þessa tillögu. Ég þarf að hugleiða það í viðkomandi nefnd sem fær þetta til umsagnar hvort ég styð hana eða ekki.

[16:31]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það hvernig best er að breyta stjórnarskrá finnst mér mjög mikilvæg umræða og hana þarf einmitt að taka í tengslum við fyrirleggjandi drög að nýrri stjórnarskrá því í þeim er gert ráð fyrir að einungis verði hægt að breyta stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu á ákveðinn hátt. Mér finnst greinin þar sett fram á þannig máta að rík ástæða sé til að gagnrýna það. Ég held að þar sé t.d. ekki samþykkisþróskuldur svo dæmi sé tekið.

Vegna þess að við tillöguflytjendur ætlum ekki, eins og ég skildi það, að útkljá það núna hvernig best væri að breyta stjórnarskrá ákváðum við að þetta yrði viðbót. Okkur fannst það hófsamara. Hin leiðin til að breyta stjórnarskránni er enn þá fyrirleggjandi. Þetta er einungis tímabundinn gluggi í ljósi aðstæðna, þ.e. við erum í endurskoðunarferli á stjórnarskránni allri. Eftir sem áður er spurningin um það hversu málum verði til frambúðar best fyrir komið opin. Ég mundi gjarnan vilja ræða þá spurningu við hv. þm. Pétur H. Blöndal í betra tómi. Ég hneigist til þess eins og hann, og hann virðist vera afdráttarlausari en ég treysti mér kannski til að vera á þessari stundu, að líta svo á að þjóðaratkvæðagreiðsla sé betri leið til að breyta stjórnarskrá og það ætti að vera framtíðarskipulagið.

Það hafa líka komið fram athugasemdir við það, t.d. eins og þegar þarf stundum að koma inn í stjórnarskrá ákveðnum réttindum minnihlutahópa, þá hefur reynsla utan úr heimi sýnt að stundum er það erfitt með allsherjaratkvæðagreiðslu. Í þeim tilvikum gæti þjóðaratkvæðagreiðsla ekki hentað. Þetta er spennandi umræða sem bíður endurskoðunarferlisins sem vonandi fer af stað aftur í þinginu hið fyrsta.

[16:33]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég er ein af þremur flutningsmönnum þess máls sem við flytjum nú öðru sinni til staðfestingar. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi og samþykkt í kjölfar þeirrar miklu vinnu sem þá hafði farið fram við samningu nýrrar stjórnarskrár.

Ég vil fyrst segja það hér að það sem mér finnst einn mesti ávinningurinn af þessari vinnu er sú umræða sem fór fram úti í samfélaginu um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Umræðan var miklu meiri og dýpri en við höfum áður heyrt, á undanförmum árum mundi ég halda og jafnvel áratugum, og varð að mínu viti málinu til framdráttar því að það má segja að umræðan hafi ekki verið einskorðuð við þingsal heldur fór hún fram úti í samfélaginu og birtist ekki aðeins í umræðuþáttum fjölmiðla heldur líka á kaffistofum og vinnustöðum og um allt samfélagið. Ég held að sjaldan eða aldrei hafi almenningur á Íslandi, nema kannski við

upphaf lýðveldistímans, verið meðvitaðri um bæði gildandi stjórnarskrá og þær breytingar sem lagðar voru til, sem var auðvitað stórkostlegur ávinningur í sjálfu sér.

Um þetta var talsvert rætt á síðasta þingi þar sem fram komu þau sjónarmið að í ljósi þess að Alþingi væri stjórnarskrárgjafinn, sá sem færi með það vald að breyta stjórnarskrá, ætti eingöngu að líta til þeirrar umræðu sem hefði farið fram á Alþingi en ekki í stjórnlagaráði eða á öðrum sviðum samfélagsins. Ég er algerlega ósammála því viðhorfi í ljósi þess að stjórnarskráin er stjórnarskrá þjóðarinnar allrar og það er mjög mikilvægt að þjóðin öll sé meðvituð um hvað hún vill hafa í stjórnarskrá og hvað stendur í stjórnarskrá og hvernig samfélag við viljum byggja.

Þessi vinna var mjög vel á veg komin. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað á undan mér, hv. flutningsmönnum. Það er mjög mikilvægt að við tökum upp þann þráð á nýjan leik og setjum okkur í raun og veru aðgerðaáætlun um það hvernig við ætlum að vinna áfram að endurskoðunar stjórnarskrárinnar og samningu nýrrar stjórnarskrár. Það er gróðarleg vinna sem liggur þarna að baki og mikilvægt að þeirri vinnu verði haldið fram og sett niður eitthvert plan um hvernig eigi að gera það.

Ástæða þess að við lögðum fram þessa tillögu á sínum tíma og hún var samþykkt hér í þingsal var hins vegar sú að við töldum mikilvægt að umræðan færi ekki í stopp undir þinglok, eins og hv. þm. Árni Páll Árnason fór ágætlega yfir. Við höfum upplifað að umræða um stjórnarskrármál hefur orðið mjög fyrirferðarmikil undir þinglok. Nærtækast er að minnast ársins 2009 þar sem allengi var rætt í þingsal um stjórnarskrárbreytingar án þess að niðurstaða næðist. Það er auðvitað ekki rétta andrúmsloftið að vinna að breytingum á stjórnarskrá undir tímapressu í þinglok.

Eitt af því sem kom líka fram í þeirri vinnu sem hér fór fram, á meðan heimsókn fulltrúa Feneýjanefndarinnar stóð og farið var yfir þau drög sem þá lágu fyrir — ég átti fund með fulltrúum Feneýjanefndarinnar þar sem sérstaklega var rætt um breytingarákvæðið, að það breytingarákvæði sem við höfum í gildandi stjórnarskrá gerði það hreinlega að verkum að sú staða gæti komið upp að það væri erfitt að breyta stjórnarskrá því að umræðan færi alltaf fram undir slíkri tímapressu.

Við ákváðum því að leggja til aðra leið þannig að það yrðu í raun og veru tvær leiðir í gildi. Hugsunin á bak við það, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni, var að hafa þá leið tímabundna til að hægt yrði að ljúka og ná sátt um hvaða breytingarákvæði við ætludum hafa til frambúðar í stjórnarskránni. Hugsunin var sú í ljósi þess hve vinnan væri langt komin að unnt væri að ljúka henni á því kjörtímabili sem nú er að hefjast og því er þessi tímabundna leið lögð fram.

Hér hefur verið rætt um samþykkisþróskuldinn hjá þjóðinni. Það er ljóst að sumum þykir hann of lágur og öðrum þykir hann of hár. Við lögðum frumvarpið upphaflega fram með lægri samþykkisþróskuldi hjá þjóðinni en eftir vinnu í nefnd og heilmiklar umræður á þingi um það mál var fallist á að breyta því og hækka þennan þróskuld. Það gerum við og horfum til þess að það liggur auðvitað fyrir og setur mjög mikla pressu á þingið að ná mikilli sátt um þær breytingar sem verða gerðar. Hins vegar tel ég að hægt sé að

tryggja slíka þátttöku í ljósi þess að hér er almennt góð kosningaþátttaka. Það er auðvitað líka hægt að tryggja hana með því að láta atkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá fara fram samhliða öðrum almennum kosningum, hvort sem það eru sveitarstjórnarkosningar, forsetakosningar eða einhverjar aðrar kosningar á næstunni. Fyrst og fremst snýst þetta um það því að það þarf líka samþykki 2/3 þingmanna og það þýðir auðvitað að breytingarnar krefjast mikillar sáttar.

Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara neitt ítarlegar yfir málið í ljósi þess að aðrir hv. flutningsmenn hafa farið yfir það, en fyrst og fremst tel ég mikilvægt að vinnu við málið verði haldið áfram á þessu kjörtímabili og síðan verði tekin umræða um það hvernig við viljum sjá þetta breytingarákvæði verða í þeirri stjórnarskrá sem við hyggjumst hafa hér til framtíðar. Ég tel þetta frumvarp hins vegar gefa okkur færi á því að ljúka þeirri vinnu en ekki undir þeirri tímapressu sem við höfum áður séð og tel að við höfum alla möguleika á því á nýju þingi að ná sátt um breytingar á stjórnarskrá.

[16:39]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Frú forseti. Þíratar eru eins og segir í grunnstefnunni okkar hlynttir beinu lýðræði í öllum formum sem bjóðast og hérna er verið að bjóða upp á eitt ákvæðið form. Það er verið að bjóða upp á, eins og hv. þm. Árni Páll Árnason nefnir, að opnaður verði ákvæðinn gluggi.

Nú er spurningin: Hvað er glugginn opnaður mikið og hve hár er hann? Hvað gæti raunverulega komist í gegn?

Fyrst þurfa 2/3 hlutar þingsins að samþykkja einhverja breytingu og fyrst ekki náðist samstaða á síðasta þingi um mjög vel rætt ákvæði þá er spurning hvað þingið gæti raunverulega sameinast um þegar þarf 2/3 hluta þingsins. Þar á eftir þurfa 40% þjóðarinnar að samþykkja breytinguna. Segjum að það yrði 80% kosningaþátttaka, þá þyrfti helmingur að samþykkja breytinguna. Það er svolítið mikil þátttaka en þó gerleg. Þetta er það sem er í boði núna en við skulum ekki gleyma því sem gerðist á síðasta þingi. Þá var í boði endurskoðun stjórnarskrár sem skyldi byggð á, eins og þjóðin samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslunni með yfirgnæfandi meiri hluta, frumvarpi stjórnlagaráðs. Það var möguleiki að klára það á síðasta þingi þrátt fyrir hótanir um málþóf. Það þyrfti bara níu þingmenn, samkvæmt þingsköpum, til að krefjast þess að stöðva umræðurnar og stytta þær þannig til að hægt væri að halda málinu áfram. Það er samhengið sem við höfum.

Við þíratar erum að skoða núna að annars vegar er verið að opna glugga þó að hann sé mjög lítið opnaður og fátt komist í gegn, hann er hátt uppi á þessu húsi, en hins vegar er hann þröngur. Eigum við að skapa svoleiðis fordæmi? Það er spurningin sem við stöndum frammi fyrir.

[16:42]

### Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum breytingar á stjórnarskrá í annað sinn eins og 79. gr. núgildandi stjórnarskrár gerir ráð fyrir, þ.e. að þær séu fyrst samþykktar á einu þingi og síðan aftur á öðru, og þess vegna bar nauðsyn til að leggja þetta mál

fram núna til að fjalla um það og annaðhvort samþykkja það eða hafna því.

Mikil umræða fór fram á síðasta kjörtímabili um nýja stjórnarskrá. Mér fannst stundum eins og menn teldu að allur vandi atvinnulífs og heimila yrði leystur ef breytt yrði um stjórnarskrá. Hins vegar hafa aðrir haldið því fram að núgildandi stjórnarskrá hafi bara staðið ljómandi vel. Hún kom til dæmis í veg fyrir Icesave-óhamingjuna og hefur fleytt okkur í gegnum það hrún sem við urðum fyrir þannig að það er spurning hvort hún sé svo slæm að skipta þurfi um hana alla.

Í stjórnarskránni eru ákvæði sem eru dálítið undarleg, eins og ákvæðið um forsetann að hann gerir samninga við erlend ríki. Nú vita allir sem betur þekkjast til að það er utanríkisráðherra og ríkisstjórn sem gera samninga við erlend ríki. Það er gert á grundvelli 13. gr. þar sem stendur í núgildandi stjórnarskrá að forsetinn framselji vald sitt til ráðherra sem er mjög merkilegt og ber keim af því að einhver kóngur úti í heimi, sennilega Danakóngur, hefur misst völdin en fengið að halda þeim gegn því að fela valdið til ráðherra, þ.e. hann var gerður valdalaus. Mér finnst að menn ættu að sameinast um að taka svona ákvæði út, sem eru bara mótsagnakennd. Ef einhver bláeygður les þetta kynni hann að halda að forsetinn væri mjög valdamikill en hann er það ekki (Gripið fram í.) Þó að sumir telji það.

Það sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, og ég lagði áherslu á undir lok síðasta þings til að bjarga málum, er að breytingarákvæðinu verði breytt þannig að menn geti með liprari og einfaldari hætti breytt stjórnarskránni. Mér fannst alveg sérstaklega mikilvægt að þjóðin kæmi að því, þ.e. að þjóðin samþykkti eigin stjórnarskrá. Mér finnst eiginlega fráleitt að hún geri það ekki en þannig hefur það verið hingandi til.

Ég vildi hafa mjög háa þröskulda. Ég flutti frumvarp um að hafa þá 50%. Það var á grundvelli þess að um stjórnarskrá á að vera sátt. Menn eiga að vera sammála um það sem þar stendur. Það á ekki að kúga einn eða neinn til að lúta sinni stjórnarskrá. Þetta eiga að vera boðorðin tíu sem allir telja sjálfsögð.

Það frumvarp sem við ræðum hefur þann kost að það fer í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er 40% þröskuldur sem er nokkuð lágur að mínu mati en aðrir telja hann of háan, en ef allir eru sammála breytingunni er enginn vandi að fá fram 40% samþykki, þá þarf bara 41% að ganga til kosninga og 40% að samþykkja og málið er leyst. En það sem ég hef við þetta að athuga er hið valkvæða, að menn geti valið um hvort þeir láti núgildandi 79. gr. gilda eða nýja ákvæðið. Það finnst mér vera dálítið varasamt. Ég legg til að sú nefnd sem fær þetta til skoðunar skoði það vandlega, þó að ekki sé mikill tími til stefnu, hvort gæfulegt sé að hafa þetta ákvæði svona valkvætt og svo er það náttúrlega tímabundið. Nú kemur skemmtileg staða upp: Hvað gerist þegar menn nota þetta ákvæði til að breyta breytingarákvæðinu varanlega og taka hitt úr sambandi? Það er mjög athyglisverð umræða sem menn þyrftu að ræða, hvort hægt sé að nota tímabundið ákvæði til að gera það varanlegt, þ.e. að ákvæðið lifi í sjálfu sér, en það þarf náttúrlega samþykki.

Svo er annað. Ég gat um galla í núgildandi stjórnarskrá,

þeir eru fjölmargir. Ég hef veifað þeim mest þingmanna í gegnum tíðina úr þessum ræðustól af því að ég les stjórnarskrána alltaf reglulega mér til dundurs. Í stjórnarskránni eru miklir gallar en það vantar líka í hana. Það er ekki orð um Hæstarétt í núgildandi stjórnarskrá. Hann er bara ekki til. Ég held að allir ættu að vera sammála um það að geta um Hæstarétt í stjórnarskránni. Það ætti að vera eitthvað sem allir hv. þingmenn ættu að geta verið sammála um og þjóðin líka þegar kemur að atkvæðagreiðslu. Það ætti ekki að vera mikill vandi að ná 40% þröskuldinum þar, fyrir utan að taka út þetta ákvæði um að forseti geri samninga við erlend ríki, um það geta allir verið sammála.

Það er heilmikið af málum sem ég held að þingið geti orðið sátt við og almennt allir. Við þurfum að leita að þeim samnefnara, byrja á því að finna hvað allir geta orðið sammála um og breyta svo stjórnarskránni þannig. Svo finnum við eitthvað meira sem við erum kannski minna sammála um og þannig fikrum við okkur fram eftir veginum svo að við séum alltaf sammála en kannski minna og minna sammála. Svo kemur að því að samstaðan brestur og við náum ekki þeim 40% sem krafist er og þá segir þjóðin hreinlega að hún sé ekki sammála. Það er í sjálfu sér ágætt.

Mér finnst að stjórnarskrá eigi að vera tregbreytanleg. Það á að vera mjög erfitt að breyta henni. Hún er grundvöllur allrar lagasetningar, dómstóla og framkvæmdarvalds. Hún er grundvöllur alls stjórnkerfisins og þess vegna á hún að vera tregbreytanleg. Hún á að vera eitthvað sem maður veit þegar maður vaknar á morgnana að verður í gildi að kvöldi, jafnvel að maður fæðist og veit að hún er í gildi alla ævi. Stjórnarskráin á að vera tregbreytanleg þannig að fólk viti: Þetta stendur í stjórnarskránni, það er þarna og er nokkurn veginn ævarandi.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og stjórnsk.- og eftirln.

[16:49]

#### Útbýting:

Verðtrygð námslán, 13. mál, fsp. SII, þskj. 13.

Fundi slitið kl. 16:50.

---

## 5. FUNDUR

[10:32]

fimmtudaginn 13. júní,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Kaltjón og harðindi á Norður- og Austurlandi (sérstök umræða).
3. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
4. Staða þjóðmenningar og menningarmála almennt í stjórnskipuninni (sérstök umræða).
5. Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, stj-till., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
6. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þáttill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.

### Fjarvistarleyfi:

Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.

### Mannabreytingar í nefndum.

[10:30]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseta hefur borist tilkynning frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins um mannabreytingar í nefndum, samanber 16. gr. þingskapa.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir tekur sæti í efnahags- og viðskiptanefnd í stað Brynjars Níelssonar.

Brynjar Níelsson tekur sæti í umhverfis- og samgöngunefnd í stað Ragnheiðar Ríkharðsdóttur.

Unnur Brá Konráðsdóttir tekur sæti varamanns í Íslandsdeild Evrópuráðsins í stað Guðlaugs Þórs Þórðarsonar.

Guðlaugur Þór Þórðarson tekur sæti varamanns í Íslandsdeild ÖSE í stað Unnar Brár Konráðsdóttur.

Þessar breytingar skoðast samþykktar án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Forseta hefur enn fremur borist tilkynning frá formanni þingflokks Framsóknarflokksins um mannabreytingar í nefndum þingsins, samanber 16. gr. þingskapa.

Elsa Lára Arnardóttir tekur sæti í allsherjar- og menntamálanefnd í stað Willums Þórs Þórssonar.

Willum Þór Þórsson tekur sæti Páls Jóhanns Pálssonar sem 2. varaformaður í efnahags- og viðskiptanefnd.

Páll Jóhann Pálsson víkur úr nefndinni en Líneik Anna Sævarsdóttir tekur þar sæti.

Willum Þór Þórsson tekur sæti í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í stað Líneikar Önnu Sævarsdóttur.

Páll Jóhann Pálsson tekur sæti í velferðarnefnd í stað Elsu Láru Arnardóttur.

Þessar breytingar skoðast samþykktar án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

### Útbýtt utan þingfundar 12. júní:

Hagstofa Íslands, 14. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 14.  
Veidiþjöld, 15. mál, stjfrv. (sjútv.- og landbrh.), þskj. 15.

### Störf þingsins.

[10:32]

#### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt að auðlegðarskattur á 5 þúsund ríkustu heimilin í landinu verði ekki framlengdur á næsta ári, en hann gefur tæpa 10 milljarða í tekjur í ár. Í gær dreifði svo Framsóknarflokkurinn frumvarpi um lækkun veiðigjalds um 4–6 milljarða á næsta ári. Þetta verður ekki skýrara. Útgerðarmenn og efnafólk fær peninga strax en skuldug heimili eru sett í nefnd. Það er til nóg af peningum en ríkisstjórnin situr samt á fundum og ræðir um niðurskurð á mikilvægri velferðarþjónustu.

RÚV færir okkur fréttir af því að í gær hafi ríkisstjórnin setið á fundi og rætt um hvort við höfum efni á tannlækningum fyrir börn og þeim samningum sem gerðir hafa verið þar að lútandi. Þetta er vond forgangsröðun, virðulegur forseti.

En við eigum ekki hér á þinginu bara að gagnrýna. Ég hef fagnað yfirlýsingu ríkisstjórnarflokka um að leiðréttá eigi skerðingar á öldruðum og öryrkjum frá árinu 2009 sem allir stjórnmalaflokkar á Alþingi lofuðu í kosningunum. En hvar er frumvarpið þar að lútandi? Ég kalla eftir því að stjórnarliðar segi okkur af hverju það er ekki fram komið af því að þetta er stutt samræping og það er mál sem þarfnast mikillar umfjöllunar.

Við í Samfylkingunni höfum þegar lagt fram frumvarp um þetta efni og mér hefði þótt fara betur á því að hér kæmi fyrst fram frumvarp um að bæta kjör aldraðra og öryrkja og leiðréttá skerðingar á þeim aftur til ársins 2009 áður en frumvörp um lækku á sköttum á útgerðarmenn og yfirlýsingar um afnám skatta á eignafólk kæmu fram. En Framsóknarflokkurinn flýgur sem hann er fiðraður til.

[10:34]

#### Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Í gær var dreift nýju frumvarpi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um veiðigjald en ef það verður að lögum munu tekjur ríkissjóðs dragast saman um 3,2 milljarða á þessu ári, 6,4 milljarða á næsta ári. Á sama tíma gefur Hafrannsóknastofnun út skýrslu um ástand fiskstofna og veiðiráðgjöf fyrir næsta fiskveiðiár þar sem ráðgjöfin er hækkuð sem nemur auknum útflutningsverðmætum upp á 15–16 milljarða kr.

Þá er það mat nýrrar ríkisstjórnar að rétt sé að lækka sérstaka veiðigjaldið sem tekið er af arði sjávarútvegsfyrirtækja. Á sama tíma og allt þetta gerist ákveða formenn stjórnarflokka að halda blaðamannafund þar sem þeir kynna horfur í ríkisfjármálum, sem þeir telja slæmar, og benda á síðustu ríkisstjórn sem sökudólg alls þess sem illa kann að fara í ríkisfjármálum.

Mér þykir æðiholur hljómur í slíkum málflutningi þegar

frsta verk nýrrar ríkisstjórnar er að draga úr tekjum um 8 milljarða kr. á ársgrundvelli ef við lítum bæði til frumvarpsins um veiðigjaldid og framlagðs frumvarps um virðisaukaskatt á ferðapjónustu og enn hefur ekki verið lagt fyrir þingið hvað eigi að gera í staðinn.

Einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokks lagði til að hætta við framkvæmdir við Náttúruminjasafn. Kannski er fyrirhugað að lækka Kvikmyndasjóð, kannski er fyrirhugað að lækka Rannsóknarsjóð og Tæknipróunarsjóð sem eru jú fjármagnaðir með sérstaka veiðigjaldinu. Kannski eru það Norðfjarðargöng. Í það minnsta er ljóst að ef þessi frumvörp ná fram að ganga er sú mikla fjárfesting sem hefur verið lögð í fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í mikilli hættu. Þetta sýnir líka mjög skýrt forgangsroðun ríkisstjórnarinnar sem er að draga úr tekjum ríkissjóðs, passa upp á stórtugerðina, en ekkert kemur fram hvar eigi að afla tekna á móti eða hvort eigi að fara að ráðast í niðurskurð á velferðarkerfi eða draga úr fjárfestingum í fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu. Önnur mál biða á meðan.

[10:36]

#### Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili voru gerðar breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands og breytingarnar sættu mikilli gagnrýni stjórnarandstöðunnar og var mikið talað á Alþingi um það. Það var einnig lögð fram tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta og hún var mikið gagnrýnd og ekki síður mikið rædd og taldi minni hluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, með leyfi forseta, „þessa snöggsöðnu málsmeðferð með öllu óviðunandi“.

Nú bregður svo við að talsverðar breytingar eru gerðar á ráðuneyttiskipan og það er gert, að því er mér skilst, samþykkt eða farið yfir það á fyrsta fundi hæstv. ríkisstjórnar og það án þess að svo mikið sem kynna þær á Alþingi, án þess að þær séu bornar undir Alþingi.

Við hv. þm. Birgir Ármannsson áttum alllög samtöl um þetta á síðasta þingi og mig langaði þess vegna til að spyrja hann hvernig honum litist á þær breytingar sem hafa nú verið gerðar og málsmeðferðina í því sambandi. Hvað finnst honum um að breytingarnar hafi ekki verið bornar undir þingið, hvað þá kynntar? Og telur hv. þingmaður, sem er kunnátumaður um umhverfismál, viðunandi fyrirkomulag að það málefni sé í föstri hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra?

Jafnframt dettur mér í hug að spyrja hv. þingmann, af því að maðurinn er löglærður, hvort það standist 4. gr. stjórnarráðslaga, þar sem stendur, með leyfi forseta, „að eðlislík stjórnarmálefni heyrir undir sama ráðuneyti“, að flytja Árnastofnun og eitthvað sem kallað er þjóðmenningu úr menntamálaráðuneytinu í forsætisráðuneytið. Er það þá bara erlend menning sem heyrir undir menntamálaráðuneytið héðan í frá?

[10:38]

#### Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur er kunnugt um er ég hrifnastur af því fyrirkomulagi Stjórnarráðsins sem var ákveðið 1969 þannig að þær breytingar sem voru gerðar á síðasta kjörtímabili voru mér lítt að

skapi. Þar var hins vegar opnað fyrir heimild til ákveðinna breytinga sem ný ríkisstjórn nýtir sér. Breytingarnar sem hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir beitti sér fyrir á síðasta þingi gera að verkomu að ný ríkisstjórn getur gert þær breytingar sem hún hefur þegar boðað en þær eru hins vegar fullkomlega minni háttar miðað við þær breytingar sem staðið var að á síðasta kjörtímabili.

Ég verð að segja að að því leyti sem breytingar hafa verið boðaðar á skipan málefna í Stjórnarráðinu styð ég þær vegna þess að ég held að þær fari í meginatriðum aðeins til baka frá því sem breytt var fyrir kosningar. Það er verið að bakka með margt af því sem þar var ákveðið sem ég var á móti og því get ég mjög vel fellt mig við þær breytingar sem nú liggja fyrir.

Ég hefði reyndar viljað ganga lengra, taka til baka fleiri af þeim breytingum sem síðasta ríkisstjórn ákvað í þessum efnunum, en um það hefur ekki verið samkomulag innan flokka eða milli flokka þannig að það verður ekki. Mín persónulega skoðun í þessum efnunum hefur ekki náð fram að ganga en ef ég hannaði þetta eftir eigin höfði mundi ég fara töluvert lengra aftur í tímann til að finna fyrirmyndina frekar en gert hefur verið.

[10:41]

#### Elín Hirst (S):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björt Ólafsdóttir, 6. þm. Reykv. n., hóf jómfrúrræðu sína á Alþingi í gær með orðunum, með leyfi forseta: „Af djúpri auðmýkt.“

Þetta þótti mér vel mælt hjá þingmanninum því að í þessu orði, auðmýkt, felst mikill styrkleiki sem er m.a. sá að setja velferð annarra framur eigin völdum og vegsauka. Auðmýkt er einhver besta leiðin til að öðlast virðingu.

Virðulegi forseti. Mig langar í fyrstu ræðu minni á hinu háa Alþingi að fjalla um málþing sem ég sótti í fyrradag, sem var haldið af grasrótarsamtökunum Göngum saman, Krafti og Samhjálp kvenna í samvinnu við læknadeild Háskóla Íslands.

Í síðustu viku hefur verið mikið rætt um erfðir og brjóstakrabbamein í kjölfar fréttar af leikkonunni Angelinu Jolie. Í sumum fjölskyldum liggur mikil áhætta á þessum erfða sjúkdómi vegna stökkbreytinga í svokölluðum BRCA-genum. Á Íslandi er einstök staða uppi hvað varðar erfðaupplýsingar um þessi meingen sem tengjast rannsóknunum Íslenskrar erfðagreiningar og fleiri vísindamanna. Ég er þeirrar skoðunar að okkur beri skylda til að nýta þær upplýsingar og láta einstaklinga sem bera slík meingen vita af því — þ.e. ef þeir vilja það — til að gera megri ráðstafanir til að lengja líf þeirra og auka lífsgæði. Ég mun beita mér fyrir þessu á þingi.

Þessi mál þarf að skoða vel og undirbúa og leiða til lykta ýmsar síðferðilegar spurningar sem vakna og hvernig best verður að þessu staðið að öllu leyti. Líklegt er að nýting erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu muni aukast mjög á næstu missirum og að mál af þessum toga komi inn á borð okkar alþingismanna áður en langt um líður.

[10:43]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Ég ætla að ræða þau tífinni sem ber-

ast utan úr heimi. Í nútímalýðræðisríki eins og Rússlandi er ákveðið að banna með lögum samkyrnheigð og að banna með lögum guðlast og umræður um trúmál. Rússland hefur viljað kalla sig nútímalýðræðisríki og slíkar samþykktir eins og komu fram í fréttum í gær eru með ólíkindum og hljóta að vekja okkur í lýðræðisríki eins og Ísland er til umhugsunar um það á hvern hátt við förum með þetta dýrmæta vald sem við höfum í lýðræðisríkjum.

Sömu sögu er að segja um Grikkland. Þaðan berast þær fréttir að stjórnvöld hafi lokað ríkisútvarpinu ERT og hyggist opna það að nýju eða stofna nýtt útvarp í haust. Maður veitir fyrir sér hverra hagsmuna er verið að gæta. Sagt er að innan þeirrar stofnunar ríki spilling, en hverra er að upplýsa hinn almenna íbúa Grikklands um það sem þar fer fram?

Mér finnst þróunin í þessum tveimur löndum eins og hún birtist okkur í fjölmiðlum alvarleg og mér finnst að ríki eins og Ísland, lýðveldið Ísland, eigi að láta sig skipta þessi mál. Við hér, alþingismenn sem njótum þeirra forréttinda að vera kjörin, að vera kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, þurfum líka að halda á lofti því dýrmæta eggi sem lýðræðið er og fara vel með það í umræðu og taka afstöðu til mála af því tagi (Forseti hringir.) sem ég hef hér nefnt.

[10:45]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Mig langar að vekja máls undir þessum lið á því að nú á laugardaginn hefur verið boðað til mótmælafundar á Austurvelli til þess að berjast fyrir breyttu skipulagi við Ingólfstorg og Nasa undir heitinu: Björgum Ingólfstorgi og Nasa. Það hafa nú hátt á annan tug þúsunda manna skrifað undir yfirlýsingu þar sem borgaryfirvöld eru hvött til þess að hlusta á þau sjónarmið sem hafa komið fram í athugasemdum við fyrirhugað skipulag þar sem áhersla er lögð á að koma í veg fyrir að gömlu tímurbúsunum við Ingólfstorg verði ógnað með nýbyggingum, að vinna að því að tónlistarsalurinn Nasa verði friðaður og varðveittur vegna sögu sinnar og innréttinga, að koma í veg fyrir byggingu risahótels sem teygir sig yfir í Landssímahúsið með tilheyrandi viðbyggingum við Kirkjustræti og Fógetagarð og tryggja að svæðið hér í miðborginni, Austurvöllur og Fógetagarðurinn, verði opin svæði í þágu borgarbúa og þeirra sem sækja borgina heim í stað þess að fylla það með byggingum.

Ég tel að þetta sé mikilvægt mál sem varðar Alþingi líka. Ég vek athygli á því að forseti Alþingis og forsætisnefnd Alþingis hafa gert mjög alvarlegar athugasemdir við umrætt skipulag þar sem þau telja að skipulagsáformin þringi mjög að Alþingi og stefni öryggi þess í hættu.

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er sérstaklega fjallað um húsavernd og manngert umhverfi borga og bæja þar sem lögð er áhersla á að framkvæmdir styrki heildarmynd svæða sem nýtur verndar til samræmis við upprunaleg einkenni og auka þannig menningarlegan styrk þess og aðráttararf, eins og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég tel að þetta sé mikilvægt mál og vil nota þetta tækifæri til þess að hvetja ríkisstjórnina undir forsæti forsætisráðherra og Alþingi og forseta Alþingis til að beita sér af fullum þunga í þessu máli og styðja við þann málflutning sem hafinn er (Forseti hringir.) meðal annars á þeim mó-

mælafundi (Forseti hringir.) sem boðaður hefur verið á laugardag.

[10:48]

### Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherrar, forsvarsmenn hægri stjórnarinnar, héldu blaðamannafund í gær og fylgdu þar úr hlaði óljósum yfirlýsingum sínum hér í þinginu um að vandi ríkissjóðs væri erfiðari en þeir héldu. Þau gögn sem upplýsingar til blaðamanna byggðu á hefur hv. fjárlaganefnd ekki fengið að sjá. Þó var haldinn fundur í nefndinni stuttu áður en blaðamannafundurinn var haldinn. Það er nauðsynlegt að hv. þingmenn fái svo mikilvægar upplýsingar í hendur sem fyrst og að þeim sé gert kleift að sinna mikilvægu eftirlitshlutverki sínu. Því hef ég óskað eftir því að haldinn verði fundur í nefndinni sem allra fyrst og eigi síðar en í fyrramálið svo að nefndarmönnum sé gert kleift að taka þátt í þessari mikilvægu og alvarlegu umræðu og um leið gert kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu.

Hæstv. ráðherrar boða að vegna bágrar stöðu ríkissjóðs þurfi að hætta við ýmis fyrirhuguð útgjöld og nefna þar sérstaklega tannlækningar barna og stuðning við skuldug heimili með lánsveð. Þrátt fyrir þá staðreynd að hækkan virðisaukaskatts á þá sem kaupa hótelpjónustu hækki heildarferðakostnað erlendra ferðamanna hingað til lands aðeins um 1% og þrátt fyrir gifurlega fjölgun þeirra er gerð tillaga um að fella niður tekjur af komu þeirra upp á vel á annan milljarð og á mesta gróðaskeiði íslenskrar útgerðar er gerð tillaga um að lækka veiðigjaldið um enn fleiri milljarða.

Virðulegur forseti. Er einhver hissa á því að fólki finnst líklegt að hægri stjórnin ætli að svíkja kosningaloforð sín, sem voru fyrir heimilin og fyrir fólkið í landinu, þegar aðgerðir sem lagðar eru fram eru fyrir LIÚ og fyrir erlenda ferðamenn, en hætta á við aðgerðir sem eru fyrir heimilin og börnin í landinu.

[10:50]

### Willum Þór Þórssón (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir hlýjar móttökur og árnáðaróskir í mínu starfi. Síðar í dag, á þessum fimmta fundi sumarþings, verður lögð fram tillaga til ályktunar þingsins um aðgerðir vegna skuldavanda heimila. Við felum ríkisstjórninni að framfylgja aðgerðaáætlun sem hún leggur til. Í umræðunni hér á þingi undanfarna daga hefur stjórnarandstaðan lýst eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa í umræðu um hin ýmsu mál sem hafa verið á dagskrá þingsins hingað til spurt eftir því máli. Óþreyjan er skiljanleg hjá okkur öllum.

Það er ekki ætlan mín að ræða ályktunina efnislega enda málið á dagskrá þingsins í dag. Ég vil frekar leggja áherslu á að málið er viðamikilið, það er fjölpætt en um leið viðkvæmt og vandasamt. Það kallar á ítarlega áætlun. Það má sjá af þeirri aðgerðaáætlun sem birtist okkur í nokkrum liðum, misumfangsmiklir eða flóknir eftir atvikum.

Í þeim stefnumótunarfæðum sem ég þekki til er ígrunduð, ábyrgðarvædd og tímasett áætlun forsenda þess að stefna gangi eftir, að við getum öll tekið þátt í því að komast á leiðarenda hvar í flokki sem við erum. Þjóðin á það skilið, heimilin eiga það skilið.



Ég vil svo að lokum þakka gagnlega og gjöfula umræðu á fyrstu dögum þingsins.

[10:52]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Oddnýju G. Harðardóttur um stöðu ríkissjóðs. Í gær héldu hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra blaðamannafund og fóru í gegnum stöðu ríkissjóðs. Ég tel mjög mikilsvært að nýir þingmenn átti sig á því hversu mikilvægt er að gætt sé aga í ríkisfjármálum. Við höfum séð hjá Grikkjum hvernig fer fyrir þeim sem ekki horfast í augu við vandann

Mér finnst vanta stóra hluti inn í stöðu ríkissjóðs til viðbótar við það sem nefnt var á blaðamannafundinum í gær. Þar vantar til dæmis 61 milljarð inn í A-deild LSR, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en sú deild átti að standa undir sér. Inn í B-deildina vantar um 400 milljarða. Svo vantar mikla fjármuni inn í Íbúðalánasjóð. Hann á að vera með 5% eigið fé en er langt í frá með 5% eigið fé. Það voru settir í hann 13 milljarðar síðastliðið vor og það var ekki bókfært sem gjöld þó að það væri ætlað til þess að bæta upp laka stöðu sjóðsins. Þannig að ég hugsa að það vanti einhverja tugi milljarða inn í Íbúðalánasjóð.

Síðan eru ýmis smá dæmi eins og Sparisjóður Keflavíkur og fleira sem ég hygg að séu enn þá óuppperð, en það kom fram í svari sem ég fékk í vor frá fjármálaráðherra að á árunum 2009–2011 sýndi ríkisreikningur 101 milljarð í útgjöld ríkissjóðs umfram heimildir í fjárlögum og fjáráukalögum. 101 milljarð vantaði inn í ríkissjóð umfram heimildir. Það finnst mér vera agaleysi og við þurfum að taka á því.

[10:54]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þm. Oddný G. Harðardóttir hafi mikinn áhuga á því að upplýsingar berist til allra þingmanna, það er vel. Það hefði betur verið meiri áhersla lögð á það á síðasta kjörtímabili þegar við sátum með ríkisstjórn sem ætlaði sér að fara með Icesave-samningana ósæða í gegnum Alþingi.

Herra forseti. Núverandi ríkisstjórn leggur mikla áherslu á öflugt atvinnulíf vegna þess að það er undirstaða þess að hér verði vöxtur og velferð. Ríkisstjórnin mun kappkosta að skapa hér starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þess vegna á það ekki að koma neinum á óvart að ríkisstjórnin leggi hér fram mál er varða virðisaukaskatt á ferðaþjónustu og starfsumhverfi sjávarútvegsins, sem er okkar grundvallararvinnugrein. Þeir þingmenn sem tekið hafa þátt í umræðu um þessi mál vita og þekkja þau viðbrögð sem komu frá ferðaþjónustunni við þessari nýju skattlagningu fyrrverandi ríkisstjórnar og hækkan á virðisaukaskattinum gagnvart ferðaþjónustunni.

Það er ekki rétt að halda því fram að það sé skattur sem leggst á erlenda ferðamenn. Við þekkjum það vel að ferðaþjónustuaðilarir voru búnir að gefa út verð til kaupenda sinna, búnir að selja ferðir sínar. Það er því algjörlega ljóst að sú skattahækkun lenti beint á litlum og meðalstórum íslenskum fyrirtækjum. Það er það sem skiptir máli í þessu máli og menn eiga ekki að vera hér með einhverja útir-

snúninga í aðrar áttir. Það er ekki sanngjarnt og ekki rétt (Gripið fram í.) og menn eiga að vita betur eftir að hafa starfað á Alþingi í fjögur ár og sérstaklega eftir að hafa verið fjármálaráðherra og lagt til þessa skattahækkun. (**Gripið fram í: Rétt.**)

[10:56]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem fram kom í máli hv. þm. Birgis Ármannssonar áðan um að ég studdi vissulega þær breytingar sem gerðar voru á Stjórnarráðinu á síðasta kjörtímabili og ég er enn þeirrar skoðunar að það hafi verið góðar breytingar. Ég er hins vegar ekki á því að maður eigi alltaf að gera allt sem maður má gera. Að einhver hafi heimild til að gera eitthvað segir ekki að hann eigi að gera það og að rétt sé að gera það. Ég hélt að við hv. þm. Birgir Ármannsson deildum þá þeirri skoðun að frelsi ætti almennt að vera sem mest en það jafngildir ekki því að maður eigi að gera allt sem maður má gera. Menn þurfa að velja því fyrir sér hvort rétt sé að gera það sem má gera.

Mér heyrðist það hins vegar á hv. þingmanni og það kom mér á óvart að til að menn gerðu ekki einhverja vitleysu þá þyrfti hún að vera bönnuð. Mér finnst það ólíkt hv. þm. Birgi Ármannssyni en ég heyrði ekki betur en hann væri þeirrar skoðunar.

[10:58]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Virðulegur forseti. Ég fagna því sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kom inn á hér áðan. Á síðasta kjörtímabili sat ég í forsætisnefnd þingsins og forseti þingsins, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, átti mörg og ítrekuð samtöl við borgaryfirvöld um það skipulag sem nú liggur fyrir á torfunni í kringum Alþingishúsið. Mörg bréf voru rituð til borgarstjórnar um að það þrengdi að Alþingi, þrengdi að þeirri víðáttu, ef við getum leyft okkur að kalla Austurvöll víðáttu, og að ósæmandi væri að fara í slíkar skipulagsbreytingar án samráðs og viðtals við Alþingi Íslendinga.

Sem fyrrverandi sveitarstjórnarmaður veit ég að skipulagsyfirvaldið er hjá Reykjavíkurborg. Hún hefur það og það tekur enginn af henni. En það virðingarleysi sem borgaryfirvöld hafa sýnt Alþingi Íslendinga með þessu skipulagi er með ólíkindum og öllu því sem hefur verið gert og beðið um að yrði gert á Alþingisreitnum hafa borgaryfirvöld staðið í vegi fyrir.

Ég fagna því þeirri umræðu sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hóf hér og skora á þingmenn að hafa skoðun á því hvaða skipulagsbreytingar eru í farvatninu á þessu svæði, hvaða áhrif þær hafa á ásýnd Alþingishússins og umhverfis þess, fyrir utan umferðaröngþveitið sem mun skapast með nýju hóteli sem er fyrirhugað að rísi í gamla símahúsinu. Það skiptir máli að þessu húsi hér sé sýnd virðing og því umhverfi sem Alþingi er að reyna að byggja upp á þessum stað. Ég skora á þingmenn að hafa skoðun á skipulagsbreytingum Reykjavíkurborgar á þessu svæði og að við tökum höndum saman um að koma í veg fyrir að þær nái fram að ganga.

[11:00]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið öðru sinni undir þessum dagskrárlíð til að bregðast við ræðu hv. þm. Nann Brár Konráðsdóttur þar sem hún dró með orðum sínum úr trúverðugleika þeirrar sem hér stendur. Það er rétt að ég var fjármálaráðherra á síðasta kjörtímabili, en ég var einnig ráðherra ferðamála um stundarsakir og þekki málið ákaflega vel.

Í meðförum þingsins og í meðförum ráðuneyta og að teknu tilliti til athugasemda hagsmunaaðila var tillögunni breytt þannig að virðisaukaskattshækkunin fór ekki í 25,5% heldur í 14% og einnig til að taka tillit til verðlagningar sumra hótél- og gistiheimila yfir sumartímann var gildistöku frestað til 1. september.

Einnig finnst mér undarleg sú athugasemd hv. þingmanns þegar henni finnst sjálfsagt að mikilvægum og alvarlegum upplýsingum sé haldið frá hv. fjárlaganefnd af því að einhvern tíma hafi verið gerð mistök (**UBK:** Hvenær sagði ég það?) á síðasta kjörtímabili. Ég hef ævinlega talað fyrir því að þingmenn fái upplýsingar og sá til þess þegar ég var framkvæmdarvaldsmegin og ég ætlast til þess af hægri stjórninni sem hefur nýlega tekið við völdum að hún upplýsi þingmenn og láti þá hafa gögn svo að þeir geti sinnt sínu mikilvæga starfi og ekki síst gögn sem fjárlaganefnd þarf að vinna með. Öðruvísi getur hún ekki rækt sitt lögbundna hlutverk.

[11:02]

**Birgir Ármannsson (S):**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að standa í miklum þrætum við minn ágæta kollega, hv. þm. Valgerði Bjarnadóttur, en ég verð þó að segja að þær breytingar sem nú eru gerðar á verkaskiptingu ráðuneyta og sú breyting að fleiri en einn ráðherra fari með málefni sem heyra undir eitt ráðuneyti, eins og er í tilviki atvinnuvegaráðuneytis og í velferðaráðuneyti, er í fullu samræmi við þær breytingar sem hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir mælti mjög fyrir hér á síðasta tímabili. Ég verð hins vegar að segja að mín persónulega skoðun og ef ég ætti að ráða þessu einn yrði gengið töluvert lengra í þá átt að taka til baka þær breytingar sem gerðar voru á ráðuneytaskipan á síðasta kjörtímabili. (**ÖS:** Leggja niður umhverfisráðuneytið?) — Ekkert endilega. Fyrst rætt er um þetta á þessum forsendum eru önnur atriði sem ég teldi að væru framar í röðinni í sambandi við breytingar, en ég vil bara vekja athygli á því að það sem er verið að gera núna er algerlega minni háttar í samanburði við þær breytingar sem fóru í gegnum gengið á síðasta kjörtímabili og opnað var á miðað við þá breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands sem hér voru samþykktar gegn andmælum mínum og fleiri hv. þingmanna.

Umræðu lokið.

**Sérstök umræða.**

Kaltjón og harðindi á Norður- og Austurlandi.

[11:04]

**Haraldur Benediktsson (S):**

Herra forseti. Kunnara er en frá þurfi að segja að tíðarfar til búskapar víða um land hefur verið erfitt undanfarna mánuði. Óvenjumiklir þurrkar voru víða síðastliðið sumar. Það þýddi verulega minni uppskeru af túnnum. Ofan í það kom mikill óveðurshvellingur snemma í september sem olli miklum búfjárskaða og verulegu tjóni á mannvirkjum. Kom það fram í fréttum og var rætt hér á hinu háa Alþingi. Áföll í fyrrasumar og haust þýddu einnig að bændur þurftu að taka búpening sinn fyrir á gjöf en venja er. Sumir áttu ekki nóg fóður og brugðust við með því að fækka á fóðrum og draga saman búskap, aðrir hafa þurft að kaupa hey og leggja í mikinn kostnað við flutninga landshluta á milli.

Nú er komið í ljós að kalkemmdir á túnnum eru óvenjumiklar á Norður- og Austurlandi, gróflega sagt frá Ströndum og austur á Fljótsdalshérað. Við höfum í raun og veru ekki séð slíkt tjón í áratugi hér á landi. Ástandið nú er nánast dæmalaust. Kaltjón þýðir aðeins eitt, að ekki er hægt að búast við uppskeru nema ráðist sé í að endurrækta tún. Á endurræktuðum túnnum á þessu sumri verður vart um fulla uppskeru að ræða.

Ég og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson heimsóttum fyrir skömmu bændur í Skagafirði ásamt ráðunautum á svæðinu og áttum samtalið við bændur, skoðuðum tún og sáum þá miklu eyðileggingu sem þar hafði orðið. Á einu litlu svæði í því héraði sáum við að endurrækta þyrfti um 100 hektara og lágmarksendurræktunarkostnaðar á hvern hektara er 150–200 þús. kr. Inni í því er ekki uppskerutap og kostnaður vegna fóðurkaupa.

Mér er kunnugt um að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur heimsótt bændur og kynnt sér ástand mála. Vil ég þakka ráðherranum fyrir viðbrögð hans.

Ég vil líka minna á að stöðug óveður og snjóar hafa skapað ýmsan aukakostnað fyrir bændur, til dæmis vegna snjómoksturs og annarra erfiðleika vegna ófærðar og óveðurs, að ekki sé talað um girðingar en tjón af þeim er vart komið í ljós þar sem víðast hvar hefur enn ekki verið hægt að hefja viðhald á þeim.

Ein birtingarmynd til viðbótar sem rétt er að nefna er að í einhverjum tilfellum hefur ekki verið hægt að setja út lambfé vegna snjóalaga. Annars staðar kemst það ekki í úthaga af sömu ástæðu. Því er ljóst að á nokkrum bæjum verður ekki hægt að setja út mjólkurkúr eða aðra nautgripi á beit fyrir en líður á sumarið, því að ekki er uppskera á nýræktun fyrir en á líður.

Þurr sumar og lítil hey eru vart vandamál eitt og sér. Það er í sjálfu sér ekki vandamál að vetur leggist snemma yfir. Bændur vita að íslensk náttúra getur farið óblíðum höndum um þá. Hins vegar er óvenjulegt að þegar allt þetta leggst saman, ásamt því að tún koma stórskemmd undan vetri og gjafatími er einstaklega langur til viðbótar, hafa nú best við flóð í ám og aurskriður sem einnig hafa valdið skaða í einhverjum tilfellum.

Eftir að hafa verið á vettvangi og tekið þátt í að vinna úr vanda þeirra sveita sem illa fóru í afleiðingum eldgosa í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum hef ég þá sýn á ástandið

núna að það er verulega stærra og snertir miklu fleiri bændur en áhrif eldgosanna á sínum tíma.

Því vil ég spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hvort fyrir liggja heildarúttekt á umfangi tjóns bænda af völdum kals og annarra skaða sem orðið hafa í vetur. Kemur til greina að settar verði sérreglur til að mæta óbeinum áföllum sem stafa af vetrarhörkum, svo sem vegna fódurkaupa eða annarra sambærilegra þátta? Hvenær verður svars að vænta hvort og á hvern hátt stjórnvöld hyggjast koma til aðstoðar?

Herra forseti. Ég vil skora á hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að taka málefni þetta föstum tökum. Það myndaðist sterk og góð samstaða um viðbrögð vegna eldgosa og vegna afleiðinga septemberóveðursins síðastliðað haust á hinu háa Alþingi. Fyrrverandi ríkisstjórn vann þar gott starf og samstaða myndaðist líka um að vinna úr eftirmálum eldgosa á sínum tíma.

Það skiptir miklu máli að við tökum þennan vanda alvarlega og til umræðu. Þess vegna óskaði ég eftir þessari sérstöku umræðu. Ég vil leggja áherslu á við ráðherrann að hann lýsi sem fyrst skýrt yfir hvort hann hyggst beita sér fyrir því að þetta tjón verði að einhverju leyti bætt og með því verði vanda bænda mætt. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir bændur sem hafa orðið fyrir tjóni og byggðirnar sem byggja á landbúnaði á þessum áhrifasvæðum nú.

[11:09]

#### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Haraldi Benediktssyni fyrir að taka þessa umræðu upp hér á þinginu. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þingmanni, að ráðherra fór í skoðunarferð um Fljót, Svarfáðardal og Eyjafjörðinn að öðru leyti og Fnjóskadal, Aðaldal, Reykjadal og Kinn og svæði í Suður-Þingeyjarsýslum en komst hvorki á norðausturhornið né á Austurland.

Varðandi fyrirsögnina, hvort fyrir liggja heildarúttekt, þá hefur Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins metið tjón af völdum kals. Helstu niðurstöðurnar eru þær að í Ísafjarðardjúpi og á Ströndum eru verstu svæðin við Steingrímsfjörð og norðanverð Djúpi. Í Húnavatnssýslum er kal víða til ódrýginda, en aðeins á fáum bæjum er tjónið stórfellt. Í Skagafirði eru verstu svæðin Hjaltadalur, Óslandshlíð og út eftir Sléttuhlíð, Viðvíkursveit og Hegranes. Í Eyjafirði eru verstu svæðin í Hörgárdal og Öxnadal og halda má því fram að Suður-Þingeyjarsýsla sé meira og minna undirlögd í tjóni. Í Norður-Þingeyjarsýslu eru verstu svæðin í Pistilfirði, Óxarfirði og Kelduhverfi og eins er kal á Austurlandi mjög útbreitt í Vopnafirði, Jökuldal, Jökulsárhlíð, Hrósartungu, Fellum, Eiðabínghá og Hjaltastabínghá.

Í yfirliti sem Ráðgjafarmiðstöðin sendi virðast skemmdir hektarar vera yfir 5.210 og á um 269 bæjum, þar af á 100 bæjum í Norður-Þingeyjarsýslu og 60 bæjum á Austurlandi — í Suður-Þingeyjarsýslu eru þetta um 1.900 hektarar og á Austurlandi 1.300 en heldur minna á öðrum svæðum.

Rétt er að halda því til haga að þetta er mat ráðunautanna á hverju svæði. Enn er verið að heimsækja bændur og skoða tún og til að setja þetta í samhengi við það hvað kostar að endurrækta einn hektara, er það að lágmarki 100 þús-

und við bestu aðstæður fyrir utan áburðarkostnað. Kostnaðurinn við endurræktun á öllum þessum hekturum er því að lágmarki um 520 milljónir. Ekki liggur fyrir á sama hátt mat á öðru tjóni. Heykaup, minnkandi fódurbætisgjöf, olíukostnaður vegna snjómoksturs, vinnuþáttar o.s.frv.

Hitt er jafn víst að óhugsandi er að bæta allt þetta tjón, til þess eru engir fjármunir og eðli landbúskapar er að auki þannig að allir sem þekkja til atvinnuvegarins vita að stundum árar vel og stundum verr. Sum ár eru hagfelld og önnur óhagfelld og bændur eru vanir að kljást við þessi verkefni.

Hv. þingmaður spurði hvort til greina kæmi að setja sérreglur til að mæta þessum óbeinu áföllum. Allir sem hafa sett sig inn í málin hafa mikla samúð með bændum í þeim miklu erfiðleikum sem þeir hafa staðið frammi fyrir í því árferði sem ríkt hefur um norðan- og austanvert landið nú í vetur, en hann settist óvenjusnemma að með illviðrisskotinu í september eins og við munum og í sumum sveitum hefur ríkt því sem næst stöngum vetrarveðrátta síðan með undantekningu á síðustu viku.

Annars staðar hefur brugðið til betri veðráttu á milli, en hvarvetna hefur veturinn þó orðið erfiður og langur með tilheyrandi kaltjóni í framhaldinu. Ríkissjóður mun koma að þessum málum, en ég bið þingheim að gera sér ljóst að þær aðgerðir allar verða að taka mið af þeirri stöðu ríkissjóðs sem við stöndum frammi fyrir, auk þess sem aðgerðirnar verða að nýtast sem allra best í framhaldinu og fela í sér sem mestan heildarávinning. Í því sambandi hljóta mest að verða skoðaðar leiðir sem fela í sér hvata til endurræktunar túna. Þannig mun tvennt ávinnast; vanda bænda vegna árferðisins verður mætt og ræktunarmening eflað til framtíðar.

Varðandi þriðju spurningu hv. þm. Haraldar Benediktssonar, hvort og hvenær sé að vænta upplýsinga um hvernig stjórnvöld komi til aðstoðar, er rétt að segja að áður en við göngum til þessara verka að þessu leytinu þarf umfang tjónsins að liggja fyrir. Ég minni á almennar reglur Þjargráðsþjóðs varðandi greiðslur kalbóta í þessu sambandi. Eins vil ég ítreka þau atriði sem talin voru upp hér fyrr.

Ég tek þó fram að stjórnvöld vilja hraða þessu eins og verða má enda er starfshópur í gangi, og hefur verið í ráðuneytinu um nokkurn tíma út af þessum aðstæðum, að skoða með hvaða hætti hægt er að bregðast við. Ég minni jafnframt enn á að þröng staða ríkissjóðs hefur áhrif í þessum málum eins og öllum öðrum þar sem fjárgjúgöld koma til umræðu.

Í heimsókn minni upplifði ég þann þrótt sem er í bændum á svæðinu, þann kraft sem hefur til dæmis sýnt sig í því, eins og hv. þingmaður nefndi, að einstaka bændur hafa tekið upp 100 hektara nú þegar, velt við, sáð í og eru tilbúnir að takast á við þann vanda sem fyrir liggur án þess að nokkurn tímann hafi legið fyrir loforð um fjárstuðning. Menn eru tilbúnir að takast á við þetta. Ég tel það mikilvægt að við sem þjóð, sem við höfum ávallt gert, stöndum á bak við þá sem verða fyrir náttúruhamföllum.

[11:14]

#### **Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Það er sannarlega þörf á að taka til umræðu þær náttúruhamfarir sem hafa átt sér stað. Ég gerði

það sjálfur gagnvart bændum í september síðastliðnum eftir hið mikla óveður sem gekk yfir þar sem mikill fjárskaði varð og mikið tjón á girðingum og öðru. Nú bætist við mikið kal, eitt versta kal í tünnum sem við höfum frétt af hin síðustu ár.

Síðasta ríkisstjórn brást ákaflega vel og fljótt við. Í raun og veru betur en í þessari umræðu sem komin er núna þar sem spurt er hvað ríkisstjórnin ætli að gera. Þá komu fram hjá hæstv. ráðherra skýr skilaboð til bændu, sem voru ákaflega mikilvæg, um að ríkisvaldið með Bjargráðasjóð og fjárframlögum úr ríkissjóði — vegna þess að sjóðurinn hefur ekki nægjanlegt fé til að standa undir þessu — það komu strax fram skýr skilaboð um að vel yrði staðið við bakið á bændum hvað þetta varðar. Nú finnst mér hins vegar kveða við svóltið annan tón hjá hæstv. ráðherra. Komin eru aðvörunarorð um slæma stöðu ríkissjóðs o.s.frv. Þetta eru ekki þau skilaboð sem bændur þurfa að fá núna. Bændur þurfa að fá klár skilaboð, eins þeir fengu frá síðustu ríkisstjórn eftir óveðrið sem geisadi í september, um að brugðist verði við þeim miklu náttúruhamförum, í raun og veru, sem koma í framhaldi af miklum snjóalögum og hörðum vetri og komið til móts við bændur.

Virðulegi forseti. Þegar maður les ræðurnar síðan í september get ég tekið undir það sem hæstv. núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Ég tek undir það að ríkisstjórnin standi eins vel við bakið á fólki þarna og gert var í eldgosunum undir Eyjafjöllum og í Vatnajökli.“

Virðulegi forseti. Ég vona að í seinni ræðu hæstv. ráðherra komi klár skilaboð til bændu og þeirra fólks um að staðið verði myndarlega við bakið á þeim vegna þessara náttúruhamfara, eins og síðasta ríkisstjórn gerði bæði varðandi eldgosin og óveðrið í september. (Forseti hringir.)

[11:16]

#### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér kaltjón og harðindi sem bændur á norðanverðu landinu, Austfjörðum og á fleiri svæðum eins og Vestfjörðum hafa orðið fyrir. Það er ekkert óeðlilegt að bændur séu áhyggjufullir miðað við þá stöðu. Þessi vetur hefur auðvitað verið bændum mjög þungur í skauti, menn hafa þurft að halda fé á húsum langt fram á vor og á mörgum svæðum jafnvel þurft að kaupa hey fyrir háar fjárhæðir. Mér finnst ekkert óeðlilegt að menn reikni með að ríkisvaldið komi með einhverjum hætti að stuðningi við bændur vegna þess að bændur hafa fengið stuðning, þegar eldgosid var, eins og komið var inn á áðan, og þegar vond veður geisauði á norðanverðu landinu síðastliðið haust. Mér finnst mjög eðlilegt að ríkisvaldið gefi bændum skýr skilaboð um að það sé tilbúið til að mæta þessu alvarlega tjóni með stuðningi.

Það er auðvitað líka eðlilegt að það liggi fyrir heildarmat á hve tjónið er mikið. Eins og ég skil það er verið að gera úttekt á því og við þurfum að bíða eftir henni. Ég tel nauðsynlegt að atvinnuveganefnd fái að fylgjast með þróun þeirra mála og hæstv. ráðherra upplýsi okkur um slíkt og síðan komi í ljós hvað ríkisvaldið getur lagt af mörkum. Bjargráðasjóður er illa settur eins og komið hefur fram. Ég styð það heils hugar eins og ég gerði þegar fyrir ríkisstjórn

kom myndarlega að stuðningi við bændur við svona erfiðar aðstæður og náttúruhamfarir, sem ég tel að þetta sé líka.

[11:19]

#### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Forseti. Þingmenn. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Haraldar Benediktssonar sem hóf umræðuna. Ég átti samtál við formann sauðfjárbænda fyrir í vikunni og það er ekkert ofsögum sagt að ástandið er mjög alvarlegt, sérstaklega í Norðausturkjördæmi og víðar. Ég heyrir svo sem ekkert annað en að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hafi skilning á málinu og ég treysti því að hann gangi í það. Mér finnst alls ekkert óeðlilegt að líka sé horft í kostnað, sér í lagi þar sem Bjargráðasjóður er eiginlega tómur.

Ég velti fyrir mér hvort ekki sé tækifæri núna til að leggja niður til dæmis fódursjóð. Það er kannski ekki mikill kostnaður af honum en það hefur lengi legið fyrir að leggja hann niður og margar skýrslur verið skrifaðar um ónaðsýn hans, þannig að ekki þarf að eyða peningum í fleiri skýrslur heldur nota peninginn frekar í að hjálpa bændum. Ég treysti því að hæstv. ráðherra gangi í málið og efast ekkert um að hann geri það. Takk fyrir.

[11:20]

#### **Valgerður Gunnarsdóttir (S):**

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu kaltjón og harðindi á Norður- og Austurlandi. Ég vil þakka hv. þm. Harald Benediktssyni fyrir að vekja máls á og fara yfir þá erfiðu stöðu sem bændur standa frammi fyrir. Eins og kom fram í máli hans bætist þessi mikli skaði á tünnum ofan á mjög langan og snjóþungan vetur sem raunar hófst fyrir miðjan september í haust og olli þá miklum fjárskaða hjá bændum. Sem betur fer hefur það verið bætt að mestu og er vert að muna stuðning landsmanna í söfnunarátaki Landssambands sauðfjárbænda, *Gengið til fjár*. Þar söfnuðust yfir 40 millj. kr. til stuðnings bændum. Ég vil líka nefna þátt sýslumanns Þingeyinga, Svavars Pálssonar, og Maríu Svanprúðar Jónsdóttur, ráðunauts hjá Búgarði á Húsavík, í aðgerðum og aðstoð við bændur í óveðrinu sem olli nefndum fjárskaða. Þau hlutu mikið lof fyrir sín vinnubrögð.

Nú ber að ný og önnur áföll hjá bændum. Kal í tünnum er víða mjög mikið eins og fram hefur komið. Það hefur verið metið allt að 90%.

Ég átti samtál við bændur í Svarfaðardal og í Aðaldal og Jökuldal í gær. Í máli þeirra allra kemur fram að kal í tünnum er á bilinu 30–90%. Misjafnt eftir svæðum, en jafnan mest í Þingeyjarsýslum.

Eins og fram hefur komið er kostnaður á hektara um 200 þús. kr. við að græða upp og bera á þessi tún aftur. Bændur sem eru með stór tún geta staðið frammi fyrir kostnaði sem liggur á bilinu 10–20 millj. kr. hjá hverjum bónda. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Þetta er ekkert annað en náttúruhamfarir. Ég tel að við þurfum á einhvern hátt að bregðast við.

[11:22]

#### **Þórunn Egilsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að nota tækifærið og þakka góðar móttökur hér á nýjum vinnustað og óska okkur öllum velfarnaðar í störfum.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að náttúran hefur ekki unnið vel með bændum undanfarna mánuði og fagna ég þessari umræðu um málefni þeirra og vil þakka hv. þm. Harald Benediktssyni fyrir að hefja máls á þessu og fara yfir stöðuna. Þetta er þörf umræða.

Við þingmenn Norðausturkjördæmis höfum orðið vitni að og þekkjum erfiða stöðu fjölmargra bænda í kjördæminu, en ég þekki kraftinn í bændum og veit að þeir takast á við þetta áfall líkt og öll önnur af ædruleysi, festu og dugnaði.

Það er mikilvægt að stjórnvöld grípi inn í líkt og þau hafa áður gert þegar náttúran tekur af mönnum völdin. Við Íslendingar erum von að standa saman þegar svona stendur á og sýna samtakamátt okkar. Ég reikna ekki með neinni undantekningu núna.

[11:24]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta brýna mál. Á síðustu árum og áratugum hefur reynt verulega á viðbrögð við náttúruhamförum hér á landi. Snjóflóð á Vestfjörðum, jarðskjálftar á Suðurlandi, eldgos í Fimmvörðuhálsi, Eyjafjallajökli og Grímsvötnum og nú síðast mikið óveður á Norðurlandi sem kallað hefur á samheldni og skipulögð vinnubrögð opinberra aðila.

Reynslan sem til er orðin eftir öll þessi ósköp hefur kallað á að skoða til framtíðar hvernig og að hvaða marki eigi að veita fé úr sameiginlegum sjóðum landsmanna vegna tjóns á óváttrygðum eignum. Eins og við höfum bæði heyrt og séð er ljóst að bændur á stórum landsvæðum standa frammi fyrir miklum vandræðum vegna kals og kulda. Gömlu túnin eru víða mörg skemmd og heilu túnin kalin á einstökum bæjum. Stór hluti elduræktaðra túna er einnig dauður. Vinna við að laga þá ræktun sem hefur eyðilagst vegna ótíðarinnar er afar kostnaðarsöm eins og komið hefur fram. Þar fyrir utan er fyrirsjáanlegt að mikið tjón hefur orðið á girðingum og trjágróður er víða illa farinn.

Eins og kom fram hjá málshefjanda hafa margir bændur þurft að flytja hey um langan veg, m.a. vegna þurrka síðasta árs, og mun svo verða áfram. Ljóst er að það er töluverður baggi á bændum ofan á þetta ástand þar sem flutningskostnaður er afar mikill og dýr eins og við vitum. Hvað er hægt að gera?

Ég held að flestir vilji að bændur fái aðstoð með einhverjum hætti, en Bjargráðasjóður er tómur eins og hér hefur komið fram að óbreyttu og önnur úrræði þurfa að koma til.

Virðulegur forseti. Skipaður var starfshópur af fyrrverandi forsætisráðherra sem skilaði skýrslu í desember með tillögum um fyrirkomulag bóta til tjónþola í kjölfar náttúruhamfara. Helsta niðurstaða nefndarinnar er að tjón af völdum náttúruhamfara verði fellt undir tryggingavernd af einhverju tagi og stofnaður verði sérstakur hamfarasjóður sem sinna á verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiða bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr váttryggingum. Lagt er til að aðilar að slíkum sjóði verði auk ríkissjóðs ýmsir veigamiklir hagsmunaaðilar og burðarásar í kjölfar náttúruhamfara, þar á meðal sveitarfélögin og Bændasamtök Íslands. (Forseti hringir.) Við Vinstri græn

leggjum áherslu á að enginn þurfi að velkjast í vafa um að aðkomu og stuðning samfélagsins (Forseti hringir.) Þegar tekist er á við atburði sem þessa. Því spyr ég hvort ráðherrann hyggist nýta sér vinnu starfshópsins og þá með hvaða hætti.

[11:26]

### **Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að halda áfram þar sem ég lauk fyrri ræðu minni, sem var um fund atvinnuveganefndar út af óveðrinu í september, og rifja aðeins upp það sem þar kom fram.

Á þann fund komu fulltrúar Bjargráðasjóðs og þar kom fram að þáverandi ríkisstjórn hefði brugðist mjög myndarlega við vegna eldgosanna eins og fyrirsprjandi, hv. þm. Haraldur Benediktsson, gat um — og vert er að hafa í huga að þáverandi ríkisstjórn hafði ekki alltaf mikið fé milli handanna og var að kljást við þann mikla fjárlagahalla sem við fengum í arf eftir hrúnið. Fram kom að hvorki meira né minna en 190 millj. kr. var varið úr ríkissjóði til Bjargráðasjóðs árið 2010 og 80 millj. kr. árið 2011 vegna eldgosanna. Þar var komið til móts við bændur og tjón þeirra á þessum svæðum. Þá sagði ég í umræðunni um þetta mál, með leyfi forseta:

„Þess vegna hef ég aðeins eina spurningu til hæstv. ráðherra. Hún er sú hvort ríkisstjórnin muni ekki standa jafn vel að baki þeim aðilum sem orðið hafa fyrir búsisfjum í þessum náttúruhamförum og gert var svo myndarlega, meðal annars með aukafjárveitingu úr Bjargráðasjóði, þegar eldgosin urðu hér 2010 og 2011.“

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég og núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sátum þennan fund ætla ég að endurnýta þessa spurningu mína og setja hana hér skýrt fram og óska eftir skýru svari. Það er nefnilega ákaflega mikilvægt að til bænda og þeirra fólks komi úr þessari umræðu skýr skilaboð um að ríkisvaldið muni gera allt sem í þess valdi stendur til að koma til móts við Bjargráðasjóð þannig að styðja megi við bændur vegna þessara náttúruhamfara eins og gert var svo myndarlega af síðustu hæstv. ríkisstjórn.

[11:28]

### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Eins og komið hefur fram er mikið og almennt kal í tünum á Norður- og Austurlandi. Dæmi eru um að öll tún séu ónýt á stöku bæjum. Á mörgum stöðum er fé enn inni vegna snjóa eða leysinga og bændur þurfa enn að sinna vetrar- og vorverkum þótt nú sé kominn 13. júní.

Ég þekki það vel úr minni sveit að bændur eru harðduglegt fólk sem vinnur nótt og dag. Fæstir bera úr býtum í samræmi við þá miklu vinnu sem þeir leggja til og ljóst er að þeir hafa ekki úr dígrum sjóðum að taka til að mæta þessum veðurhamförum. Ég vil því hvetja stjórnvöld til að skoða fljótt og vel hvernig hægt er að styðja við bændur í því erfiða árferði sem þeir glíma nú við.

[11:29]

### **Haraldur Benediktsson (S):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá um-

ræðu sem hér hefur farið fram og þann samhengi sem ég skynja í henni. Ég vil segja um svör ráðherra almennt að sú samantekt sem hann fór yfir staðfesti fyrir mér að tjónið sé jafnvel umfangsmeira en ég hafði óttast og það hefur komið fram í máli fleiri ræðumanna að það er mikið og stórt. Eins og ég sagði í ræðu minni í upphafi er það ekki síst vegna þess að allir þessir þættir leggjast saman; minni uppskera í fyrra, óvenjulegt veðurfar í september og síðan þetta harða vor sem veldur svo löngum gjafatíma.

Ég vil með ákveðnum hætti taka undir með hv. þm. Kristjáni Möller um myndarlega aðkomu og góð störf fyrir ríkisstjórn eins og ég sagði í framsögu minni áðan og góð viðbrögð við vanda bænda sem glímdu við afleiðingar eldgosa og septemberóveðursins. Við eigum þetta tæki sem er Bjargráðasjóður. Hann er, ef mig misminnir ekki, 100 ára að stofni til, en hann var stofnaður 1913 til að mæta almennum harðindum. Það er kúnstugt að enn 100 árum síðar eigi grunnildi sjóðsins enn þá algjörlega við.

Stundum hefur verið talað um að ríkissjóður hafi lagt fram peninga á myndarlegan hátt í Bjargráðasjóð. Það var í raun beinlínis gert ráð fyrir því við breytingu á lögum sjóðsins 2009 að kæmi til stóráfalla mundi ríkissjóður bregðast við með þeim hætti.

Ég vil í framhaldi af þeim miklu áföllum sem sjóðurinn hefur orðið fyrir á undanförunum árum líka taka upp umræður um það hvernig við komum í fastara horf fjármögnun sjóðsins til lengri tíma og með þátttöku atvinnuvegarins til að eiga þar fullkomna tryggingavernd.

[11:31]

### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka mjög málefnalega umræðu. Það hefur komið skýrt fram að menn standa þétt saman, sama hvar í flokki þeir standa og sama hvaðan af landinu þeir koma, þegar náttúruhamfarir ganga yfir og valda okkur landsmönnum tjóni. Hafði ég ekki talað nógu skýrt áðan er það alveg klárt að núverandi ríkisstjórn mun koma að stuðningi við þetta verkefni. Þess vegna settum við í gang starfshóp fyrir allnokkra, þegar ljóst var að tjónið yrði verulegt, með Bændasamtökunum og fleirum innan ráðuneytisins til að finna út þær reglur sem við þyrftum að vinna eftir og átta okkur á stöðunni.

Það er líka rétt að við höfum verið að bíða eftir því að sjá hvert heildartjónið yrði. Það er rétt sem fram hefur komið og ég sagði frá í fyrri ræðu minni að það er mun umfangsmeira en menn óttuðust og kannski eru ekki öll kurl komin til grafa enn. Það var fyrst og fremst kaltjónið sem ég nefndi í ræðu minni.

Vardandi ágæta tillögu hv. þm. Brynhildar Pétursdóttur um að leggja niður fódursjóð þá gerðum við það á síðasta þingi, að tillögu hæstv. forseta og þess sem hér stendur og ríkisstjórnin tók mjög greiðlega undir það. Þannig að hann er horfinn sögu. (KLM: Eins og margt frá ...) Sama hvaðan gott kemur, hv. þm. Kristján L. Möller.

Vardandi framtíðarskipulagið sem hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir kom inn á hefur nú þegar verið unnið áfram að því innan ráðuneytanna á grundvelli þeirrar vinnu sem lá fyrir. Ég hef líka rætt við ýmsa forsvarsmenn Bændasam-

taka Íslands og fleiri um að það þurfi einmitt að fara í þann farveg. Það eru mjög margir sem horfa til þess. Ég spurði sjálfur margoft á síðasta þingi hæstv. forsætisráðherra hvort vinna væri ekki í gangi á einmitt þeim nótum sem hv. þingmaður lýsti. Ég horfi til þess að unnið verði áfram að þeim þætti þegar við erum búin að ljúka þessu verkefni. Það ætlum við að gera og munum horfa til þess núna á allra næstu dögum og vikum.

### Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 1. umr.

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11.

[11:34]

### Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um breytingu á 9. gr. gildandi laga um tilnefningu í stjórn Ríkisútvarpsins sem kosin er á aðalfundi félagsins. Í a-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að áður en kosid er til stjórnar á aðalfundi skuli sjö menn tilnefndir af hálfu Alþingis í hlutbundinni kosningu ásamt jafnmörgum til vara.

Þegar ég tók við embætti mennta- og menningarmálaráðherra hafði ráðuneytið þegar hafði undirbúning að skipun valnefndar og sent ósk um tilnefningu í hana 9. apríl sl. Tilnefningar höfðu þegar borist frá Bandalagi íslenskra listamanna og samstarfsnefnd háskólastigsins en tilnefning þriggja manna í valnefndina og annarra þriggja til vara hafði ekki borist allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, sem hafði reyndar misst umboð sitt frá og með kjördegi 27. apríl sl. Þar sem engin allsherjar- og menntamálanefnd hefur verið starfandi frá kjördegi hefur því dregist í ráðuneytinu að ljúka skipun valnefndar um tilnefningu fimm stjórnarmanna í stjórn Ríkisútvarpsins.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 23/2013 bar að halda sérstakan aðalfund Ríkisútvarpsins til að skipa stjórnir samkvæmt 9. gr. laganna innan þriggja mánaða frá gildistöku þeirra, þ.e. fyrir 21. júní nk. Samkvæmt framsögðu hefur valnefnd um tilnefningu fimm stjórnarmanna í stjórn Ríkisútvarpsins því ekki verið skipuð. Sitjandi stjórn Ríkisútvarpsins sem valin er samkvæmt 8. gr. eldri laga um Ríkisútvarpið, laga nr. 6/2007, heldur umboði sínu uns ný stjórn hefur verið kosin á aðalfundi félagsins, samanber ákvæði VIII til bráðabirgða í lögum nr. 23/2013. Í stað þess að bíða eftir tilnefningu í valnefndina frá nýrri allsherjar- og menntamálanefnd á 142. löggjafarþingi og skipa valnefndina í kjölfarið taldi ég rétt að gera þær breytingar á fyrirkomulagi við val stjórnarmanna sem mælt er fyrir um í þessu frumvarpi.

Þegar Ríkisútvarpið var lagt niður sem ríkisstofnun og stofnað opinbert hlutafélag um rekstur þess með lögum um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007, var Alþingi fengið það hlutverk að tilnefna með hlutbundinni kosningu fimm menn ásamt jafnmörgum til vara sem kjósa skyldi í stjórn þess á aðalfundi. Í tíð forvera míns í embætti ráðherra, hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur, var um mitt ár 2009 skipaður starfs-

höpur um almannaútvarp á Íslandi. Verkefni starfshópsins var að meta áhrif laga nr. 6/2007 á starfsemi Ríkisútvarpsins og gera tillögur á úrbótum. Í kjölfar þess að starfshöpurinn skilaði niðurstöðum sínum var skipað nefnd um endurskoðun laga um Ríkisútvarpið ohf., nr. 6/2007.

Í erindisbréfi nefndarinnar var þess getið að henni væri ætlað að leggja mat á hlutverk stjórnar Ríkisútvarpsins og fyrirkomulag við skipan hennar. Nefndin skilaði af sér tillögu að frumvarpi í upphafi árs 2012 sem varð síðan grunnurinn að gildandi lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um Ríkisútvarpið er gert ráð fyrir að tveir stjórnarmenn séu valdir með beinum hætti, þ.e. formaður sem ráðherra tilnefni og stjórnarmaður sem Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins kjósa úr sínum röðum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Aðrir stjórnarmenn skulu tilnefndir af valnefnd sem Bandalag íslenskra listamanna, samstarfsnefnd háskólastigsins og allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tilnefna fulltrúa í. Í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 23/2013 er rakið að kröfur hafi verið uppi um að Alþingi kæmi hvergi nærri vali á stjórn Ríkisútvarpsins á grundvelli svonefndrar armslengdarreglu. Niðurstaða nefndarinnar hafi þó orðið sú að mæla með því að tengsl Alþingis og Ríkisútvarpsins yrðu ekki rofin að fullu enda væri Alþingi eina stofnun landsins með kjörnum fulltrúum allra landsmanna.

Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins er rakið að til-laga um setu fulltrúa starfsmanna í stjórn án atkvæðisréttar hafi verið sett fram í því augnamiði að stuðla að auknu lýðræði innan stofnananna, það gerði starfsmenn meira ábyrga fyrir starfseminni og stuðlaði að lýðræðislegum starfsháttum innan Ríkisútvarpsins. Þátttaka fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna í valnefnd var rökstudd með því að þannig væri tryggt að fulltrúi með þekkingu á menningarmálum yrði valinn í stjórn. Á sama hátt var talið að fulltrúi samstarfsnefndar háskólanna stuðlaði að því að í stjórn veldist fulltrúi með þekkingu á fjölmiðlamálum.

Meðal fyrstu mála sem komu á mitt borð sem mennta- og menningarmálaráðherra var umrætt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum Ríkisútvarpsins. Eftir vandlega skoðun var það niðurstaða mín að þrátt fyrir góð áform löggjafans um aðkomu valnefndar að vali stjórnarmanna félagsins væri fyrirkomulagið gallað því að engin trygging væri fyrir því að það næði markmiði sínu. Þvert á móti gætu t.d. nán tengsl mennta- og menningarmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðherra við háskólasamfélagið og menningargeirann almennt leitt til þess að mennta- og menningarmálaráðherra gæti haft meiri áhrif á störf valnefndarinnar en honum væri ætlað lögum samkvæmt og þarf ég ekki að útskýra það hvernig slíkt gæti gerst.

Ég vil halda því fram að færa megí fyrir því nokkuð sterk rök að það geti vel farið svo að í valnefnd eins og þeirri sem hér er lagt upp með verði ekki síður ráðandi pólitísk sjónarmið en það sem kæmi héðan úr þinginu. Það fer allt eftir því hvernig skipað er, hvaða einstaklingar eru skipaðir. Ég leyfi mér að fullyrða að það væri mikil bjartsýni að halda að menn nái einhvers konar armslengdarsjónarmiðum eða taki út pólitíkina, eins og kallað er, með því fyrirkomulagi sem lagt var upp með.

Það má halda því fram að það að fela valnefnd að tilnefna fimm af sjö stjórnarmönnum í Ríkisútvarpið sé um margt ólýðræðisleg aðferð og ógegnsæ gagnvart almenn- ingi. Valnefndin ber nefnilega enga ábyrgð gagnvart kjósendum og ef óheppilega tekst til með val stjórnarmanna í Ríkisútvarpið sætir valnefndin engri ábyrgð. Ég tel eðlilegra og lýðræðislega að þeir sem velja í slíka stjórn þurfi að standa kjósendum skil á sínum ákvörðunum í kosningum. Þá geta kjósendur lagt mat á það ásamt auðvitað öðru, ég reikna ekki með að mjög margir kjósendur láti þetta eitt og sér ráða sínu atkvæði, en það getur skipt máli. Þá á það að fá að skipta máli og menn eiga að vera settir undir þennan aðila, þeir sem þetta skipa.

Hæstv. forseti. Það er því mitt mat að lýðræðislega kjörnir fulltrúar kjósenda á Alþingi séu best til þess fallnir að velja sjö menn í hlutfallskosningu sem kosnir verða í stjórn Ríkisútvarpsins á hluthafafundi. Ég bendi sérstaklega á að mikilvægt er að Alþingi leitist við að sjá til þess að til stjórnarsetunnar veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins. Með því er átt við að innan stjórnarinnar sé m.a. þekking og reynsla á sviði rekstrar fyrirtækja, fjölmiðla og menningarmála ásamt ýmsu öðru. Má ég til dæmis nefna þann mikilvæga lið og þátt í starfsemi Ríkisútvarpsins sem snýr að íþróttamálum svo eitt sé nefnt.

Vegna þess skamma frests sem er til stefnu vegna sérstaks aðalfundar um kosningu nýrrar stjórnar Ríkisútvarpsins gafst ekki færi á að hafa samráð við hlutadeigandi hagsmunaaðila sem nú er ætlað hlutverk við val á stjórn Ríkisútvarpsins. Væntanlega mun gefast færi á því við meðferð málsins hjá hv. allsherjar- og menntamálanefnd.

Virðulegur forseti. Ég hef greint frá helstu atriðum frumvarpsins og legg til að því verði vísað til hv. allsherjar- og menntamálanefndar að lokinni 1. umr.

[11:43]

**Róbert Marshall (Bf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra út í frumvarpið. Ég verð að viðurkenna að ég geri þetta svaltíð eftir minni, en mig minnir að þegar breytingin var gerð í vetur hafi ekki bara verið gerð breyting á vali og samsetningu stjórnar Ríkisútvarpsins heldur líka á hlutverki stjórnar. Stjórnin var þannig að hún hafði bara tök á því að hafa áhrif og koma að rekstrarlegum þáttum stofnunarinnar en með breytingunni sem var gerð í vor eða í vetur voru umsvif og völd stjórnarinnar aukin þannig að hún hefur meiri áhrif á dagskrárlega þætti stofnunarinnar. Þess vegna finnst mér eftirtektarvert þegar verið er að færa samsetningu stjórnarinnar aftur í þennan pólitíska farveg sem mér sýnist hæstv. ráðherra vera að gera, að ekki skuli vera gerð breyting á þessu. Væri þá ekki eðlilegra án þess að ég sé að leggja sérstakt mat á það — það á eftir að fjalla um málið í nefnd og taka það til 2. umr. eftir umsgagnir o.s.frv. — að hæstv. ráðherra færði stjórnina til fyrra hofs en gera þá breytingu sem hér er gerð. Búið er að auka möguleika stjórnarinnar til að hafa áhrif á dagskrárlega þætti, innihald og efnislega umfjöllun stofnunarinnar en á sama tíma verði að færa til baka og auka vægi pólitíska nærveru í stofnuninni.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra. Hefði ekki verið eðlilegra að stíga þetta skref algerlega til baka en ekki bara hálf t skref aftur á bak eins og hér er gert?

[11:45]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Til að hressa upp á minni hv. þingmanns þá er það svo að í lögum frá 2013, eins og réttlæga kom fram hjá hv. þingmanni, verður breyting á varðandi hlutverk stjórnarinnar. Þar segir, með leyfi forseta, í 10. gr.

„Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.“

Með öðrum orðum, það er langtímastefnumótun hvað það varðar, ekki afskipti af dagskrá frá degi til dags eins og ég reikna með að hv. þingmaður hafi haft áhyggjur af.

Ég lýsti áðan í mínu máli að ég tel að það sé ekkert líklegra eða öllu heldur það að setja á valnefnd, eins og þarna var lagt upp með, það sé engin trygging fyrir því að einhver minni pólitísk afskipti verði ef svo má kalla með þeirri aðferð heldur en gera það bara beint í gegnum Alþingi Íslendinga.

Þannig er að ráðuneytinu höfðu borist tilnefningar í þá nefnd að hluta til eins og ég fór yfir í ræðu minni. Það voru reyndar mjög góðir og gegnir einstaklingar sem ég treysti mjög vel. Bandalag íslenskra listamanna hafði skipað fyrirverandi þingmann, Kolbrúna Halldórsdóttur, í þá nefnd. Síðan höfðu verið nefnd frá háskólanum Ólafur Þ. Harðarson og Ragnheiður Skúladóttir, þetta er ágætt fólk. En ég veit ekkert hvernig verður með næstu tilnefningu o.s.frv. Þetta hangir mjög á einstaklingunum. Ég treysti því ágætlega til dæmis að fyrirverandi þingmaður, Kolbrúna Halldórsdóttir, hefði sinnt starfi sínu mjög vel ef til þess hefði komið, ég er sannfærður um það. En ég vil ekki hafa þannig kerfi sem byggir á þessu svona.

Ég held að skynsamlega sé að láta þingið gera þetta með þessum hætti, það sé skýrara, lýðræðislegra og gegnsærra. Þess vegna sé ég, alla vega fyrsta kastið, ekki ástæðu til að breyta lögum frá 2013 vegna þess að hafi menn gert þessa breytingu þá hafa þeir gert hana vísitandi og ég tel að það hafi verið allt að því mikil bjartsýni að halda það að svona valnefnd eins og hér er verið að tala um verði eitt-hvað ópólitísk, mikil bjartsýni.

[11:47]

**Róbert Marshall (Bf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil leggja áherslu á að gríðarlega mikilvægt er að í stjórn Ríkisútvarpsins sé skipað með faglegum hætti og menn séu fyrst og fremst að horfa til þess að þar raðist inn einstaklingar sem hafi þekkingu á rekstri en geti líka komið með skoðanir og hafi reynslu á sviði dagskrárstjórnunar, mótun dagskrárstefnu o.s.frv.

Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra í því að það sé jákvæður og eðlilegur, opin og lýðræðislegur farvegur að sjö manna pólitískt skipuð stjórn móti dagskrárstefnu til langs tíma. Eðli málsins samkvæmt myndast meiri hluti í slíkri stjórn sem mótast þá eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni og svari við andsvari dagskrárstefnu til langs

tíma. Hvað þýðir það? Er dagskrárstefna mótuð af pólitískum fulltrúum til langs tíma betri en dagskrárstefna til skamms tíma? Ég er ekki viss um það.

Ég ítreka þessi aðvörunarorð mín að ef menn ætla að færa þetta aftur í hið fyrra horf þá sé eðlilegra að menn setji saman stjórn sem er þá pólitískt skipuð sem hafi fyrst og fremst rekstrarlega aðkomu að stofnuninni en sé ekki í því að móta dagskrárstefnu.

[11:49]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Rifjum aðeins upp hvernig þessi valnefnd átti að vera. Í henni áttu að sitja fimm einstaklingar, þar af þrír valdir pólitískt hér á þinginu. (Gripit þ fram í.) Ja, hv. þingmaður greiddi nú atkvæði í málinu. Síðan átti að vera einn frá Bandalagi íslenskra listamanna, við vitum hver það hefði átt að vera, fyrir liggur tilnefning um það, það var ágætur fyrirverandi þingmaður, Kolbrúna Halldórsdóttir, og síðan var komin tilnefning frá háskólanum um Ólaf Þ. Harðarson, mjög fært og gott fólk.

Ég ætla að halda því fram að þegar maður skoðar valnefndina, hvernig hún er samansett með þremur fulltrúum héðan úr þinginu og þeim tveimur fulltrúum sem nefndir voru, þá finnst mér það svolítið bratt að halda því fram að þar hafi menn fundið upp formúluna fyrir því að koma pólitíkinni út, mér finnst það nokkuð bratt, og hafa svo sagt: Við ætlum að breyta lögum um Ríkisútvarpið og hlutverk stjórnarinnar. Á þeirri forsendu verður að segja eins og er að menn hafa verið að mínu mati býsna bjartsýnir hvað þar mundi eiga sér stað.

Ég tel enn og aftur, áréttá og ítreka að það sé hreinlega, skynsamlega og lýðræðislega að gera það þannig að æðsta stofnun þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga, skipi stjórn þeirrar mikilvægu stofnunar þjóðarinnar, Ríkisútvarpsins. Og það á að vera þannig að beinn rekjanleiki sé að ákvörðuninni þannig að kjósendur geti með atkvæði sínu sýnt hug sinn ef menn halda ekki rétt á í þessu máli. Það er vandinn með valnefndir. Ég er þeirrar skoðunar að valnefnd geti vel átt við við ákveðnar aðstæður en ég tel að hún eigi ekki við hér.

Enn og aftur, ég minni á að í valnefndinni var gert ráð fyrir að þrír fulltrúar kæmu héðan og yrðu skipaðir héðan og hinir tveir kæmu frá Bandalagi íslenskra listamanna og frá háskólasamfélaginu. Það má heita mikil bjartsýni að halda það að sú nefnd yrði alveg sérstaklega ópólitísk og það yrði langur armur sem mundi mynda þetta armslengdarsjónarmið sem lýst er.

[11:51]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mér finnst mikilvægt að inna hæstv. ráðherra nánar eftir því hvað hann eigi við þegar hann segir hér í framsögu með þessu máli að pólitíkin — og væntanlega var hann að vísa til ráðherra — gæti haft veruleg áhrif og ekkert minni áhrif inn í valnefndina í gegnum tengsl við háskólana eða háskólasamfélagið. Ráðherrann sagði að ekki þyrfti að skýra það frekar út, það mætti skilja það þannig að öllum væri ljóst hvað hann ætti við. En ég verð



að segja fyrir mína parta að ég tel að hæstv. ráðherra verði að skýra betur út hvað hann á við með þessu.

Er hann að gefa í skyn að ráðherra mennta- og menningarmála hafi einhver sérstök tók á háskólasamfélaginu, geti með pólitískum þrýstingi eða einhverjum öðrum aðgerðum, t.d. með því að beita valdi sínu sem ráðherra yfir háskólanum almennt, í fjárlagatillögum háskólans og öðru slíku, beitt háskólann pólitískum þrýstingi til að velja í valnefndina — nota bene inn í valnefndina, ekki endilega þar með inn í stjórnina sjálfa heldur inn í valnefndina — þá sem ráðherranum eru þóknanlegir? Ég tel að ráðherrann verði að skýra þetta betur út. Hvað á hann nákvæmlega við með þessu og eru einhver merki þess að tilburðir í þessa veru hafi verið hafðir uppi? Eða er það ráðherrann sjálfur sem óttast sjálfan sig í þessari stöðu, að hann mundi hugsanlega beita valdi sínu með þeim hætti sem hann hér lýsir?

[11:53]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta var ágæt fyrirspurn hjá hv. þingmanni sem hóf spurningu sína á því að segja að hann áttaði sig ekki á því um hvað gæti verið að ræða en svo kom í ljós í fyrirspurninni að hann kunni öll trikkinn við þetta allt saman, hann kunni öll brögðin, hvernig hægt væri að beita þvingunum o.s.frv.

Nei, ekki hef ég komið að málinu. Það var ekki ég sem lagði það til við Bandalag íslenskra listamanna að það mundi skipa Kolbrínu Halldórsdóttur sem fulltrúa í stjórnina, alveg langt í frá. Ég hef heldur ekki átt nein samtöl við háskólana og ég er alveg klár á því að forveri minn hefur ekki gert það heldur.

En það sem ég er að vísa til er að það gæti einhvern tíma komið hér frekur og gírugur menntamálaráðherra sem ætlaði sér að beita þrýstingi. Það getur vel verið að sá ímyndaði hæstv. ráðherra mundi einmitt leita í þær aðferðir sem hv. þingmaður rakti nokkuð í fyrirspurn sinni. Með öðrum orðum: Slíkar aðferðir eru til eins og hv. þingmaður greinilega þekkir.

Það skiptir þess vegna máli að menn búi ekki til falskt öryggi, búi ekki til falska fagmennsku, falska fjarlægð, heldur hafi hlutina á þann veg að þeir séu uppi á borðum, þeir séu skýrir, að það sé skýrt hverjir bera ábyrgð á hverju, og að þeir sem bera ábyrgðina þurfi að standa frammi fyrir kjósendum með reglubundnum hætti og skýra út hvaða ákvörðun þeir hafa tekið og bera ábyrgð þar á. Það er miklu lýðræðislegra en það fyrirkomulag sem hér er lagt upp með.

En ég vil ítreka það, vegna orða hv. þingmanns, að það er fjarni lagi að ég hafi nokkuð komið þarna nærri enda held ég að þessar tilnefningar hafi verið komnar fram áður en ég tók við embætti. En ég er að hugsa til framtíðar, ég er að huga að því kerfi sem er í smíðum. Það verður að vera kerfi sem stendur og það verður að vera hafið yfir þennan vafa sem ég nefndi hér. Ég hef enga tryggingu fyrir því hverjir verða hér menntamálaráðherrar á næstu árum eða áratugum og það getur vel verið að til valda komist menn — og við þekkjum það úr sögunni að í því embætti hafi verið mjög gírugir, öflugir og valdagráðugir menn — sem gætu beitt þeim brögðum sem hv. þingmaður taldi upp.

[11:55]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það undrar mig satt að segja að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki, úr því að hann treystir sjálfum sér og forvera sínum í embætti til að fara með þetta vald á réttan og eðlilegan hátt, að minnsta kosti vilja láta reyna á það fyrirkomulag sem samþykkt var hér í þinginu. Það fyrirkomulag studdi núverandi samstarfsflokkur hans í ríkisstjórn, Framsóknarflokkurinn, og Sjálfstæðisflokkurinn sat hjá að mestu leyti, þar með talinn hæstv. núverandi menntamálaráðherra. Það undrar mig að hann skuli þá ekki vilja láta reyna á þetta, nema hann óttist að hann sitji ekki mjög lengi sjálfur í þessu embætti sem kemur mér á óvart því að ég hélt að hann hefði allan metnað til að vera lengi í embætti mennta- og menningarmálaráðherra. En látum það liggja á milli hluta.

Það er annað sem ég vildi þá líka spyrja um af því að hann segir að það sé eðlilegt að í stofnum af þessu tagi — þetta er fyrirtæki í almannabágu — sé stjórnin valin beint af Alþingi, pólitísk stjórn valin beint. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hið sama ætti þá ekki að eiga við um ýmsar aðrar stofnanir ríkisins og fyrirtæki sem sinna almannajónustu eða starfa í þágu almennings í landinu. Er þá að vænta frumvarpa frá fleiri ráðherrum í þá veru? Ég nefni sem dæmi stjórn Landsvirkjunar. Er þá hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að það sama fyrirkomulag og hann leggur til hér eigi við í fleiri tilvikum og hefur það verið rætt sérstaklega í ríkisstjórninni að fara aftur í þann farveg? Sú stefna var mótuð fyrir allmörgum árum, og ég hygg undir forustu núverandi stjórnarflokka á fyrri árum, að taka einmitt kjör í stjórnir og ráð í stofnanir og fyrirtæki ríkisins frá Alþingi yfir í annan farveg. Þetta hlýtur að vekja upp spurningar um hvort við eignum von á fleiri frumvörpum í þessa veru frá hæstv. ríkisstjórn.

[11:57]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég reikna með að nokkur munur sé á óskum mínum og hv. þingmanns um starfslengd mína og veru í embætti, við sjáum bara til. En ástæðan fyrir því að ég lagði þetta strax til er einfaldlega sú að ég tel að það fyrirkomulag sem lagt var upp með, með lögnum frá 2013, sé ekki heppilegt, að það hafi þá galla sem ég lýsti hér áðan. Og að halda því fram að það sé sérstaklega ópólitísk nefnd sem skipuð er þremur fulltrúum frá Alþingi — væntanlega alveg rammþólitískum átla ég úr því að þeir eru valdir af Alþingi — og síðan einum frá Bandalagi íslenskra listamanna, og það liggur fyrir hver var tilnefndur í það, fyrirverandi þingmaður, Kolbrún Halldórsdóttir, og frá háskólanum Ólafur Þ. Harðarson; ágætt fólk, en aðætla að halda því fram að þetta sé einhver trygging fyrir því að engin pólitísk sjónarmið liggja til grundvallar er, og ég ítreka það enn og aftur, virðulegi forseti, mikil bjartsýni.

En hitt vil ég segja að varðandi aðrar stofnanir í eigu ríkisins þá verður það bara að metast út frá hverri stofnun fyrir sig hvað er viðeigandi, hvað er við hæfi. Ég tel að í tilfelli Ríkisútvarpsins sé þetta fyrirkomulag, og það fyrirkomulag sem verið hefur um langa tíð, skynsamlegt. Ég

minni á þær breytingar sem gerðar voru 2007, með lögum um þá, þar sem starfssvið stjórnarinnar var afmarkað. Vissulega er það rétt að breyting varð á 2013 en ég verð að segja eins og er að hafi það verið rökinn að stjórnin geti komið að langtímaþróun dagskrár, hafi það verið rökinn að hægt væri að gera það vegna þess að hún væri orðin svo ópólítísk á grundvelli þeirrar valnefndar sem ég hef lýst hér, þá hefur þar verið á ferðinni alveg ótrúlegur misskilningur.

Auðvitað er það alveg umræðu virði hvort þetta sé skoðað og sjálfsagt að fara yfir það í meðförum nefndarinnar og hér í umræðum. En ég vil halda því fram að í sjálfu sér verði enginn grundvallarmunur á þessu, á stjórnunum, hvort heldur sem menn fara þessa valnefndarleið eða ekki, valnefndin hefur þann ókost að hún er ógegnæ.

[12:00]

### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það er takmarkað skemmtigildi í því að hlusta á fyrrverandi ráðherra ræða um fyrrverandi mála-flokka sína en þó er mér skylt, að ég tel, að koma aðeins upp í umræðu um þetta frumvarp hæstv. menntamálaráðherra og ræða þá breytingu sem hér er lögð til. Í fyrsta lagi af því að ég tel að kannski gæti ákveðins misskilnings í umræðunni um af hverju farin var sú leið í þeim lögum sem voru samþykkt fyrir fjórum mánuðum, af þingmönnum Framsóknarflokksins þar á meðal og einhverjir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Það kemur mér raunar mjög á óvart að verið sé að leggja til breytingar á lögum fjórum mánuðum eftir að þau eru samþykkt með þessum mikla meiri hluta á þinginu, en mér er það skylt að skýra aðeins hvers vegna þessi leið var farin.

Það var ekki endilega vegna þess að ætlunin væri að draga upp andstæður á milli þess sem við köllum faglegt og þess sem við köllum pólitískt. Ég heyri að hæstv. menntamálaráðherra er mjög upptekinn af því að verið sé að fara í einhvern hráskinnaleik og búa til eitthvað sem sé ópólítískt og heiti faglegt en sé í raun pólitískt. Það var ekki stóra hugsunin á bak við það að breyta fyrirkomulaginu um skipan stjórnar, að breyta skipan stjórnar með þeim hætti sem gert er í gildandi lögum þannig að starfsmenn eignist fulltrúa, þannig að hæstv. menntamálaráðherra skipi formann stjórnar og síðan sé valnefnd sem sé skipuð þremur fulltrúum úr hv. allsherjar- og menntamálanefnd, fulltrúa frá Bandalagi íslenskra listamanna og fulltrúa frá samstarfsnefnd háskólastigsins, sem síðan velji stjórnarmenn. Hugsunin var ekki sú að búa til allsends ópólítiska stjórn, annars hefði hv. allsherjar- og menntamálanefnd ekki komið að málinu, það var alls ekki hugsunin. Hugsunin var sú að breikka grundvöllinn sem stjórn Ríkisútvarpsins væri skipuð á, ekki síst vegna þess að í aðdraganda þessarar laga-setningar var farið í gríðarlega vinnu. Starfshópur var skipaður sem skilaði skýrslu og benti þar meðal annars á að í þeim lögum sem voru sett árið 2007 þar sem Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag — og það var auðvitað stærsta deiluefnið þá, breytingin á rekstrarforminu, hún var það sem stóð upp úr allri umræðu um þau lög — úr því að svo hefði farið að Ríkisútvarpinu hefði verið breytt í ohf. væri í raun og veru mjög sérkennilegt að hafa stjórn þess

félags sem síðan var með mjög takmarkaða ábyrgð í lögum. Í raun og veru var bent á að ef við erum á annað borð með opinber hlutafélög þá hljóti þau að einhverju leyti og flestu leyti, fyrir utan að vera opinber, að vera sambærileg við önnur hlutafélög, þ.e. að stjórn beri ábyrgð á viðkomandi félagi. Í lögnum frá 2007 stóð eingöngu að stjórnin hefði með meiri háttar rekstrarákvæðanir að gera. Því var ljóst að ábyrgðin á Ríkisútvarpinu var orðin mjög óljós í ljósi þess að hluturinn lá hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sem ekki mátti hafa afskipti af Ríkisútvarpinu, síðan var stjórn kjörin á Alþingi sem eingöngu mátti fara með meiri háttar rekstrarlegar ákvæðanir og svo var útvarpsstjóri ráðinn ótímabundinni ráðningu.

Allt var þetta til umræðu og gagnrýnt og ég man ekki betur, og ég er viss um að hæstv. menntamálaráðherra man þetta bara nákvæmlega eins og ég, að hv. þingmenn, líka úr röðum Sjálfstæðisflokksins, hafi verið sammála um að þessi ábyrgðarkeðja væri óljós og mjög mikilvægt væri að endurskoða það þegar reynsla væri komin á lögum um að breyta Ríkisútvarpinu, sem áður var stofnun, í opinbert hlutafélag.

Það var mín ákvörðun á sínum tíma að leggja ekki til breytingar á rekstrarformi, sem einmitt, eins og ég nefndi hér áðan, var kannski það umdeildasta við nýju lögum frá 2007 um Ríkisútvarpið, en finna leiðir til að bæta þetta lagaumhverfi. Bæta lagaumhverfið þannig að við gætum verið ánægð með Ríkisútvarpið okkar, þannig að við gætum haft skýra ábyrgð á því hver bæri ábyrgð á hverju þegar kæmi að þessari mikilvægu stofnun og að við mundum tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Það sem var kannski hvað umdeildast í því frumvarpi sem varð að lögum fyrir fjórum mánuðum var einmitt útvarpsgjaldið. Það var tryggt í þeim lögum að útvarpsgjaldið mundi renna óskipt til stofnunarinnar, en það var í raun og veru líka ætlunin með upphaflegu lögum frá 2007. Því var kippt úr sambandi hér haustið 2008 og hluti af útvarpsgjaldinu, sem við almenn-ingur borgum fyrir að hafa Ríkisútvarp, rann í ríkissjóð. Með þeim lögum var svo staðfest að því skyldi breytt til baka þannig að útvarpsgjaldið sem við greiðum öll mundi renna til Ríkisútvarpsins. Það er auðvitað gríðarlegur liður í því að efla gagnsæi í ríkisfjármálum — og ég er viss um að hæstv. menntamálaráðherra er mér sammála um það, hann getur kannski komið inn á það í andsvarinu sem hann hyggst veita hér á eftir — og hluti af sjálfstæðinu sem átti líka að vera tryggt var að tryggja að stjórn Ríkisútvarpsins endurspeglaði breiðari aðkomu en eingöngu aðkomu Alþingis.

Í því felst ekki að við séum að draga andstæður milli þess sem er faglegt og pólitískt. Ég leyfi mér að segja að að sjálfsögðu eru margir stjórnsmálameðmenn sem eru fullfærir um að starfa á faglegum grunni, og ég þykist nú vita að þeir sem hér sitja séu sammála mér um það, og að sjálfsögðu er fullt af mjög öflugum fagfólki sem hefur sínar pólitísku skoðanir. Það er mjög erfitt að draga einhverja línu þar á milli. Hugsunin var sú að stjórn Ríkisútvarpsins sem fékk aukið verksvið og aukna ábyrgð, þar á meðal að móta langtíma-dagskrárstefnu, fylgjast með því að jafnréttisstefnu Ríkisútvarpsins væri fylgt, fylgjast með því að allri þeirri ágætu stefnumótun sem þar hefur verið unnin sé fylgt, alveg eins

og stjórn í hverju öðru félagi, væri skipuð með breiðri aðkomu. Það var hugsunin á bak við valnefndina.

Önnur hugsun var líka sú að tryggja — og þá fyrirmynd drögum við að einhverju leyti frá norska ríkisútvarpinu sem við höfum litið til, norska ríkisútvarpið er opinbert hlutafélag eins og Ríkisútvarpið okkar og sama má raunar segja um sænska ríkisútvarpið. Íslenska Ríkisútvarpið hefur að mörgu leyti dregið fyrirmyndir sínar frá hinu norska í rekstri sínum. Það er flóknara stjórnskipulag í kringum hið sænska en í hinu norska fyrirkomulagi er það sem sagt þannig að ráðherra skipar raunar alla stjórnina, en gerir það með samráði sem ekki er lögbundið. Nú er lítil hefð fyrir því í íslenskum stjórnámálum að hafa samráð sem ekki er lögbundið. Við höfum þó dæmi um það og ég nefni það bara af því að hæstv. ráðherra situr hér að þau lögmál hafa til dæmis átt við um skipan Þjóðleikhúsráðs. Þar er samráð sem ekki hefur verið lögbundið en hefur ávallt verið haft frá því að lögum um Þjóðleikhúsið var breytt og byggir á samráði milli stjórnmalaflokka og Alþingis. Bara svo því sé haldið til haga, hæstv. menntamálaráðherra.

Hins vegar var ákveðið eftir heilmikið samráð og samtalið innan hv. allsherjar- og menntamálanefndar að betra væri að gera þetta með þessum hætti, að leggja það ekki allt í hendur ráðherra því að það fannst mörgum, og þeirra á meðal mér sem hér stendur, allt af mikið ráðherraráði. Mér fannst mikilvægt að halda inni Alþingi sem einum af þeim aðilum sem kæmu að því að velja í stjórnina og því var niðurstaðan þessi valnefnd. Mér finnst mikilvægt úr því að við erum á annað borð að ræða þetta mál að það sé gert á réttum forsendum, að það sé ekki á þeim forsendum að hér sé annars vegar verið að horfa á ópólítískt, pólitískt og hins vegar faglegt, ófaglegt, heldur sé þessi breiði grunnur og tryggt að í stjórn Ríkisútvarpsins komi saman ákveðnir hæfileikar, ákveðin þekking, ákveðið hæfi.

Það er mjög erfitt að lögbinda hæfi eins og við erum stundum að reyna að gera, að þeir sem sitja í stjórn Ríkisútvarpsins skuli allir vera lögfræðingar eða allir svona fræðingar, og þess vegna var líka hugmyndin á bak við valnefndina að hún tryggði að þarna kæmi saman fólk. Þess vegna erum við til að mynda með háskólastigið, þess vegna erum við til að mynda með listamenn því að hver eru meginhlutverk Ríkisútvarpsins sem almannabjónustumiðils? Það er lýðræðishlutverkið og þess vegna horfum við til háskólanna og það er menningarhlutverkið og þess vegna horfum við til listamanna. Við viljum fá inn í stjórn Ríkisútvarpsins, sem valnefndinni er ætlað að skipa, fólk sem hefur vit á þessum þáttum, fólk sem þekkir þá.

Pegar við veljum í stjórnir á Alþingi vill það oft til þannig að flokkarnir sem eiga möguleika á að velja tilnefna þennan og þeir tilnefna hinn og við gætum alveg setið uppi með að fá sjö lögfræðinga í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég spyr hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra: Hvernig sér hann fyrir sér að samráð verði við skipan stjórnar á Alþingi? Ætlar hann að tryggja að hér verði karlar og konur? Ætlar hann að tryggja að það verði einhverjir ólíkir fulltrúar sem skipist í stjórnina? Það var líka hugsunin á bak við valnefndina, að tryggja ólíka þekkingu og ólíka hæfileika inn í stjórnina. Markmið okkar hlýtur að vera að stjórnin sé sem hæfust til að bera þá gríðarlega miklu ábyrgð að bera ábyrgð á

rekstri stærstu menningarstofnunar landsins sem fer með 3–4 milljarða af almannafé. Þá er mjög mikilvægt að stjórnin sé mjög hæf, til hennar veljist mjög hæfir einstaklingar óháð því hvaða skoðanir þeir hafa í pólitík, en þeir hafi hæfi til þess að sitja í stjórn almannabjónustufjölmiðils.

Þetta finnst mér áhugavert að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra. Svo vil ég líka segja að hæstv. ráðherra skýrði það í ræðu sinni að ekkert samráð hefði verið haft við samningu þessa frumvarps í ljósi þess að tíminn var stuttur og hv. allsherjar- og menntamálanefnd ætti í raun og veru núna að vera að skila af sér þeim þremur fulltrúum sem eiga að starfa í valnefndinni og því vildi hæstv. ráðherra koma með frumvarpið fram núna. Það er kannski skýring á því að ekkert samráð var haft, en ekki gott mál.

Ég vil minna á að þegar við lögðum í þá vinnu að fara í að endurskoða lögin um Ríkisútvarpið frá 2007 var haft mjög mikið samráð. Það var leitað til ólíkra hagsmunaaðila úti í samfélaginu, það voru settar á laggirnar nefndir, tvisvar var mælt fyrir málinu á Alþingi og hv. allsherjar- og menntamálanefnd, ég leyfi mér að segja það, gaf sér góðan tíma til þess að skoða málið. Ég var ekki að reka á eftir að málið yrði klárað þegar ég lagði það fram, ekki á síðasta þingi heldur þarsíðasta, því mér fannst þetta stórt mál og mikilvægt að þingið legði vinnu í það, fengi gesti og gæfi sér tíma. Hv. allsherjar- og menntamálanefnd lagði til talsverðar breytingar á frumvarpinu og mér fannst það gott því það er jú þingið sem er löggjafi.

Hið síðara skipti sem ég lagði frumvarpið fram lagði ég það fram með þeim breytingum sem hv. allsherjar- og menntamálanefnd hafði lagt til í fyrra sinni. Þannig fór frumvarpið í gegnum þingið fyrir fjórum mánuðum, eftir vinnu sem hafði staðið frá því að um hana var skipaður starfshópur árið 2009. Mér finnst það ekki góð vinnubrögð að koma fram á sumarþingi með frumvarp sem ekki hefur verið kynnt opinberlega og ekkert samráð hefur verið haft um og skella því hér inn. Væntanlega ætlast hv. menntamálaráðherra til þess að frumvarpið verði klárað á þeim vikum sem þetta sumarþing stendur yfir og í raun og veru taka einn hluta heildarlöggjafar sem er búið að hugsa í samhengi — eins og hv. þm. Róbert Marshall kom inn á var skipan stjórnar breytt samhliða því að hlutverki hennar var breytt, samhliða því að hlutverk Ríkisútvarpsins var skilgreint á nýjan leik, samhliða því að margháttaðar breytingar voru gerðar á lögnum — og mér finnst það, þótt ég skilji alveg þá skýringu sem hæstv. ráðherra leggur fram, ekki góð vinnubrögð.

Ég hefði talið skynsamlegast, af því að þetta er ríkisstjórnin sem kennir sig við skynsemi, hæstv. ráðherra, að leyfa hinu nýja fyrirkomulagi — kanna hvernig það muni reynast og gefa því tækifæri í ljósi þess að það byggir á margra ára vinnu, miklu samráði og er hluti af heild. Ég hefði talið það vænlegra og skynsamlegra en að koma inn með þessa breytingu á stuttu sumarþingi, en fyrst og fremst finnst mér mikilvægt að hv. þingmenn beiti þá hér þeim hugtökum sem eiga við og átti sig á aðdraganda málsins, að hugsunin á bak við þetta var allan tímann sú að tryggja einstaklinga með þekkingu og reynslu inn í stjórn Ríkisútvarpsins og tryggja aðkomu úr ólíkum áttum við val á þeim einstaklingum.

[12:14]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta var áhugaverð ræða og ég þakka hv. þingmanni fyrir þær upplýsingar sem þar komu fram. Mikilvægt er að þá er það staðfest að tilgangurinn var ekki sá eða grunnhugsunin að búa til ópólitískari stjórn. Ég vil aftur á móti benda á, virðulegi forseti, að umræðan í samfélaginu frá því að þetta frumvarp kom fram hefur fyrst og síðast snúist um þann þátt málsins. Það skiptir máli að þetta hafi komið fram hjá hv. þingmanni.

Í öðru lagi varðandi hina breiðu aðkomu. Það er munurinn á valnefndinni, hinni fimm manna valnefnd, og Alþingi Íslendinga. Á Alþingi Íslendinga sitja 63 hv. þingmenn sem allir hafa þurft að standa frammi fyrir kjósendum og fá umboð frá þeim. Í þessum sal sitja einstaklingar sem koma úr mörgum áttum með mjög mismunandi reynslu, mismunandi sýn á þjóðfélagið, mismunandi menntabakgrunn og kunnáttu. Það er þessi hópur sem síðan velur stjórnarmennina. Til að leggja þetta enn þá skýrar upp má kannski líta á Alþingi Íslendinga sem einhvers konar valnefnd og í staðinn fyrir fimm manna valnefnd sitji í henni 63 alþingismenn.

Virðulegi forseti. Hvað varðar samráðið ber að hafa í huga að hér er einungis verið að viðhalda því fyrirkomulagi sem áður hefur verið, með þeirri breytingu þó að sjö manns verða í stjórninni. Það gerir einmitt verkefni Alþingis auðveldara, að tryggja að inn komi fólk sem hefur breiðan bakgrunn. Ég tel að miðað við það sem fram hefur komið hjá hv. þingmanni um (Forseti hringir.) að ekki séu áhyggjur af því að þetta sé pólitískara val á stjórn en valnefndarvalið, (Forseti hringir.) þurfi heldur ekki að hafa áhyggjur af því fyrirkomulagi (Forseti hringir.) sem er um störf stjórnarinnar.

[12:16]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég var að reyna að útskýra í ræðu minni eins og hæstv. ráðherra er vel ljóst að faglegt og pólitískt þurfa ekki að vera andstæður í sjálfu sér. Það breytir því ekki og hæstv. ráðherra er það vel ljóst líka að munur er á því að skipa stjórn með fulltrúa starfsmanna með breiðri aðkomu fólks úr ólíkum geirum eða að setja stjórnina alfaríð undir hið atvinnupólitíska vald á Alþingi. Það er munur á þessu, hæstv. ráðherra. Þar af leiðandi er eðlilegt að viðbrögð margra séu að tala um að hér sé verið að færa Ríkisútvarpið aftur að öllu leyti undir pólitískt vald því að það er rétt.

Það er verið að færa það að öllu leyti undir pólitískt vald. Það er munurinn á leiðinni í gildandi lögum og þeirri leið sem hæstv. ráðherra leggur til. Önnur leiðin er byggð á breiðari grunni — hún er ekki ópólitísk, um það snýst ekki málið. Hin leiðin sem hæstv. ráðherra leggur til er alþólitísk og fer eingöngu fram í gegnum þessa samkomu atvinnustjórnarmálamanna á Alþingi, sem ég geri ekkert lítið úr og eru lýðræðislega kjörnir fulltrúar, algjörlega sammála hæstv. ráðherra um það. Hér er eigi að síður grundvallarmunur á og að sjálfsgöngu er eðlilegt að við ræðum það að verið er að færa Ríkisútvarpið aftur undir pólitískt vald ein-

göngu í staðinn fyrir að hafa þá breiðu aðkomu, sem ég lýsti áðan, í stjórn.

[12:18]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessari rökraðu. Áðan var því haldið fram að grundvöllurinn að baki lagasetningunni hafi verið sá að tryggja að fram færi einhvers konar samráð um það hvernig stjórnin væri samansett. Það væri aðalatriðið.

Umræðan hefur verið önnur og ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu eðlilegra að Alþingi Íslendinga, ædsta stofnun þjóðarinnar, skipi í þessa stjórn með lýðræðislegum og gagnsæjum hætti þannig að menn beri ábyrgð á vali sínu. Ég tel að valnefndaryrirkomulagið hafi þann stóra galla að á bak við það sé hægt að fela alls konar pólitík og misbeitingu undir formerkjum fagmennsku eða armslengdar sem getur verið mjög varasamt. Ef það er svo að í sjálfu sér sé enginn stór grundvallarmunur þá er spurningin bara þessi: Teljum við það heppilegra út frá lýðræðislegum sjónarmiðum eða ekki?

Hvað varðar breiddina þá ítreka ég þau ummæli mín að þótt hér sitji atvinnustjórnarmálamaður sem fái laun fyrir að sitja á Alþingi er sá hópur sem hér situr mjög breiður og státar af mjög breiðri og margbrotinni reynslu.

Virðulegi forseti. Maður getur velt fyrir sér þeirri ákvörðun sem var tekin um að Bandalag íslenskra listamanna og háskólasamfélagið, samráðsvettvangur háskólanna, skyldi tilnefna fulltrúa. Hvers vegna ekki aðrir? Nú er það til dæmis svo að stór hluti af starfsemi Ríkisútvarpsins snýr að íþróttamálum, útsendingum frá margs konar íþróttavíðburðum. Því skyldi ÍSÍ ekki hafa komið að þessu samráði? Við getum svo sem líka séð fyrir okkur ASÍ og fleiri hagsmunasamtök úr því að verið var að breikka valið með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Ég held því fram og ítreka þá skoðun mína að í raun fari fram breiðara samráð í þinginu, fleiri sem koma að, 63 manna valnefnd, vissulega atvinnustjórnarmálamanna sem fá greitt fyrir að sitja hér, en þeir eru 63. Í hinni valnefndinni sitja þrír skipaðir af Alþingi og síðan hinir tveir. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Halda menn að þetta geri nú allan muninn?

[12:20]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Já, það er gríðarlegur munur á þessum leiðum því að með þeirri leið sem er í gildandi lögum er tryggt aðkoma hins lýðræðislega kjörna Alþingis í gegnum þá fulltrúa sem allsherjar- og menntamálanefnd tilnefnir en líka fulltrúa annarra aðila. Þetta snýst heldur ekki um það að stjórnin verði skipuð fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna eða háskólasamfélagsins. Ástæðan fyrir því að þessir aðilar eru settir í valnefnd er að meginhlutverk Ríkisútvarpsins er annars vegar hið lýðræðislega og hins vegar hið menningarlega. Það er þess vegna. Hlutverk valnefndar er svo að velja saman fólk í stjórn Ríkisútvarpsins sem hefur til þess þekkingu og hæfileika til að sitja þar í stjórn og sinna öllum þeim hlutverkum sem tíunduð eru í lögum um

þennan almannaþjónustumiðil, þar á meðal íþróttum og öllu því öðru sem er þar tundað og að sjálfsögðu er ekki hægt að hafa alla þá fulltrúa í valnefndinni.

Munurinn á aðferðunum er algjörlega ljós. Annars vegar er aðkoma Alþingis tryggð sem og annarra aðila. Hins vegar er allt vald sett undir Alþingi á nýjan leik og það er auðvitað stór munur sem hæstv. ráðherra er að leggja hér inn án þess að hafa haft samráð um breytingu á lögum sem fóru í gegn fyrir fjórum mánuðum eftir ítarlega vinnu, samráð og mikil nefndastörf.

[12:21]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Við getum auðvitað rifist hér endalasta um hvað er faglegt og hvað er pólitískt og við getum kannski líka trúað því að Kolbrún Halldórsdóttir sé ópólítísk ef einhver vill trúa því, en er enginn að velja því fyrir sér hvað stjórnarskráin skyldi segja í þessu öllu saman? Gerir hún ráð fyrir því — ég hef oft velt fyrir mér hver fann þetta upp — að einhver hagsmunasamtök úti í bæ stjórni ríkisstofnun? Hvernig gat það eiginlega gerst í upphafi? Það getur vel verið að það sé mínum flokki að kenna, en hvernig gerdist það?

Það ber enginn ábyrgð á ríkisstofnunum nema ráðherra, það er nú einu sinni þannig. Hann á að skipa í stjórn, að mínu viti. Mér finnst að menntamálaráðherra hefði átt að ganga lengra og segja einfaldlega að ráðherra skipi í þessa stjórn, að sjálfsögðu. Menn geta síðan haft einhverja skoðun á því, að Alþingi ætti að samþykkja það eða eitthvað slíkt, en ábyrgðin verður að liggja einhvers staðar. Hún liggur samkvæmt stjórnarskránni hjá ráðherra. Svo stjórnar bara eitthvert fólk úti í bæ stofnunum sem hann ber ábyrgð á. Hvernig getur það gengið? Af hverju þarf það að vera eitthvað faglegra? Ráðherra vill auðvitað fá fólk til að stjórna sem hann treystir, er faglegt, gerir síður mistök vegna þess að hann situr uppi með ábyrgðina. Þannig á þetta að vera og er í raun og veru ekkert flókið í mínum huga. Menn skulu ekki halda að það verði eitthvað faglegra með fólk úti í bæ. Reynslan held ég að kenni okkur annað.

[12:24]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég skil hv. þm. Brynjar Níelsson þannig að hann vilji auka ráðherraráði á Ríkisútvarpinu. Ég gat ekki skilið andsvar hv. þingmanns öðruvísi en svo að honum fyndist eðlilegt að auka ráðherraráði á Ríkisútvarpinu, á almannaþjónustumiðlinum okkar. Þetta finnst mér áhugaverð skilaboð að heyra hér í dag, mjög áhugaverð ef við horfum til almannaþjónustumiðla annars staðar í Evrópu, þó ekki í Grikklandi, því miður. Ég tek undir með hv. þingmanni og flokkssystem hv. þm. Brynjars Níelssonar sem lýsti einmitt áhyggjum af stöðu lýðræðismála í Grikklandi þar sem ríkisútvarpinu var lokað, það var bara slökkt á útsendingum með tilskipun frá stjórnvöldum. Þannig almannaþjónustumiðil viljum við að sjálfsögðu ekki hafa hér.

Það hefur verið nokkuð þverpólitísk sátt um það á Alþingi Íslendinga að við viljum draga úr ráðherraráði þegar kemur að fjölmiðlum. Við erum sammála um það langflest hér inni að við viljum hafa öflugan almannaþjónustumiðil

og að við viljum ekki að hann sé undir ráðherraráði heldur viljum við einmitt tryggja eðlilega stjórn á þeim miðli.

Þegar talað er um „fólk úti í bæ“ finnst mér það sýna ákveðna takmarkaða sýn á lýðræðið ef það er eingöngu Alþingi Íslendinga sem fer með lýðræðisvaldið í því samfélagi sem við eigum. Að sjálfsögðu eigum við að leita til sérfræðinga, svokallaðs fólks úti í bæ, þegar við erum að reyna að koma hér saman öflugri stjórn fyrir þessa mikilvægu stofnun, þetta félag sem vissulega er svo á ábyrgð menntamálaráðherra, þar liggur hluturinn í félaginu. Eigi að síður viljum við tryggja þarna öfluga stjórn og þá er að sjálfsögðu eðlilegt að leita til sérfræðinga fræðasamfélagsins, menningarsamfélagsins eða fólks úti í bæ eins og hv. þingmaður kallar það.

[12:26]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ráðherraráði — þetta er eitthvert hugtak sem ég hef bara heyrt hér. Ég er ekkert sérstakur áhugamaður um ráðherraráði í þeim skilningi sem ég held að hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sé að hugsa um. Eina sem ég er að velja fyrir mér er að ef stjórnarskráin gerir ráð fyrir ráðherraráði þá verður bara ráðherraráði, þá skulum við bara breyta stjórnarskránni. Það er bara þannig. (**Gripidd fram í:** Þá skaltu reyna það.) Það tókst ekki, þannig að við viljum hafa ráðherraráði. Fólk úti í bæ — auðvitað getur ráðherra leitað til fólks úti í bæ. Ráðherra vill fá fagfólk í stjórnina, hann skipar ekki bara einhverja einstaklinga, og þá leitar hann til fagfélaga úti í bæ. En fagfélagið á ekki að ráða sjálft hvaða einstaklingur fer inn, heldur ráðherra, vegna þess að ráðherrann ber alltaf ábyrgð. Í mínum huga er þetta svo einfalt.

Við getum haft einhverja skoðun á því. Ég efast ekkert um að ráðherrar almennt — maður mundi örugglega hugsa það sjálfur ef maður væri ráðherra — vilja fá fagfólk, ekki bara einhverja pólitíska gæðinga, einhverja sem maður þekkir í flokknum. Maður vill tryggja að það sé alvörufólk í þessari stjórn. Auðvitað er betra að það sé ekki mikið af vinstra fólki. En almennt er það þannig að þú vilt hafa þar fagfólk af því að þú berð ábyrgðina á því.

[12:28]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hv. þingmaður vekur hér snýr væntanlega að því fyrirkomulagi sem verið hefur á stjórn Ríkisútvarpsins og mun lengur en með hinum nýju lögum sem voru samþykkt fyrir fjórum mánuðum. Það er því kannski stærri umræða og snýr almennt að því hvernig við skipum stjórnir opinberra hlutafélaga. Það er mín skoðun að þá löggjöf þurfi að skoða sérstaklega og skerpa betur á og skilgreina hlutverk opinberra hlutafélaga.

Að öðru leyti vil ég ítreka þau sjónarmið sem ég hef hér lagt á borð sem snúast um það — og eru svar við gagnrýni sem verið hefur uppi í samfélaginu, sem er eðlilegt að við hv. alþingismenn hlustum eftir og reynum að finna leiðir til að koma til móts við. Sú gagnrýni hefur einmitt snúist um það að mikilvægt sé að stjórn hafi skýrt skilgreint hlutverk — þess vegna var því breytt í lögum sem voru samþykkt fyrir fjórum mánuðum — og að stjórn endurspegli bæði

ákveðið hæfi og líka þessa breiðu aðkomu sem við vildum tryggja með þeim hætti sem allir flokkar á Alþingi nema Sjálfstæðisflokkurinn greiddu atkvæði sitt fyrir fjórum mánuðum. Um það snýst þessi breyting en kannski ekki um það sem hv. þingmaður varpaði hér fram í andsvari og varðar mun stærra mál sem snýr að ráðherraábyrgð á opinberum hlutafélögum. Við getum kannski tekið sérstaka umræðu um það síðar.

[12:30]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Hér ræðum við mál sem er fyrsta mál frá nýskipuðum hæstv. menntamálaráðherra, Illuga Gunnarsyni, sem ég óska velfarnaðar í störfum. Þetta er fyrsta málið sem kemur hingað inn á sumarþingi og vekur furðu að það skuli vera málið sem á að hleypa í gegn á mjög stuttu tíma, tveimur, hámark þremur vikum ef menn hafa metið rétt hversu langt sumarþing eigi að vera, og að þetta skuli vera þau skilaboð sem hæstv. ráðherra vill gefa sem sín fyrstu skilaboð í menntamálum. Þannig hlýtur maður að hugsa þegar komið er með frumvarp til laga um breytingu á lögum sem eru ekki nema fjögurra mánaða gömul og voru samþykkt með miklum meiri hluta þar sem allir flokkar komu að nema einn, flestir sátu hjá, ég held að atkvæðagreiðslan hafi verið 35 með, fjórir á móti og hinir sátu hjá — að þetta skuli vera fyrsta málið, að það skuli þurfa að breyta stjórnarfrirkomulagi Ríkisútvarpsins frá því sem samþykkt var í þessum lögum.

Ég verð að viðurkenna að skýringarnar á því af hverju þetta er gert virka afar veikar á mig. Það kann að þvælast fyrir fólki hvenær er um pólitík að ræða og hvenær er faglega unnið. Ég er einn af þeim sem deili þeirri skoðun að það sé ekki andstæður í sjálfu sér heldur geti menn verið pólitískir og faglegir, og stjórnsmálama menn séu oft mjög faglegir og margir svokallaðir fagaðilar séu mjög pólitískir. Við skilgreinum stundum pólitík þannig að hún geti verið flokkspólitísk eða hagsmunatengd í gegnum flokkspólitík. Hún getur líka verið menningarpólitísk eða tengd einhverjum ákveðnum viðhorfum til einstakra mála án þess að vera flokkspólitísk.

Þegar við erum að tala um ríkisstjórn sem kemur hér fram með gildi um sátt og samráð, sem maður er afar sáttur við og vill taka þátt í að móta í samfélaginu, er mér algjörlega óskiljanlegt af hverju menn ætla að henda svona máli í gegnum þingið á einum til þremur vikum á sumartíma til að komast hjá því að lög sem eru fjögurra mánaða gömul taki gildi.

Ég hef sjálfur sagt, hafandi verið bæði þingmaður og ráðherra, að við þurfum að losna við svona stjórnsýslu, að um leið og skipt er um ríkisstjórn sem hefur tekið lýðræðislegar ákvarðanir einmitt í viðkvæmum málaflokkum eins og menntamálum, oft heilbrigðismálum og í þessu tilfalli um hina mikilvægustu fjölmiðlastofnun landsins, okkar sameiginlegu eign Ríkisútvarpið, þá sé það ekki háð geðþótta ráðherra á hverjum tíma hvernig farið er með málefni viðkomandi stofnunar.

Ég velti fyrir mér núna: Hvers vegna er verið að þessu? Þá getur maður líka velt fyrir sér: Hvers vegna er verið að hverfa frá því sjónarmiði sem hefur verið mjög ríkt í ís-

lensku samfélagi undanfarin ár eftir hrun en var komið áður, að við mundum draga úr því að þingmenn tækju að sér stjórnarsetu í ríkisstofnunum og gegndu þannig tvöföldu hlutverki? Við vorum að reyna að búa til armslengd sem kallað var, þ.e. að þeir sem vinna á löggjafarsamkomunni á hv. Alþingi væru ekki að víla og díla um stjórnir einstakra stofnana. Í þessu samhengi kom til dæmis eftir hrun stofnun sem heitir Bankasýsla ríkisins þar sem reynt var að búa til millilið þar sem menn gátu sótt um að vera í stjórnum banka, gerðar voru harðar kröfur um það hvert hæfismatið væri og menn síðan valdir í framhaldi af því. Auðvitað má deila um þetta eins og um margt annað. Á þeim tíma, þegar menn voru að deila út þessum gæðum sem ráðherrar, var talað um að verið væri að deila út einhverjum bitlingum til einhverra gæðinga. Allt þetta vildum við losna við.

Þá spyr maður hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra: Af hverju vill hann fá þetta til baka? Af hverju er verið að kalla á þetta aftur?

Við höfum búið við þetta kerfi áður. Við erum til dæmis með mjög stóran banka sem er Landsbankinn sem er 98% eign eða verður það hjá ríkinu. Ætlum við að gera þetta með sama hætti? Ég er ekki talsmaður þess. Ég held að við eigum að reyna að finna aðrar leiðir en þá að það séu tilnefningar frá pólitískum flokkum á Alþingi í allar stjórnir og ráð í stofnunum sem eru reknar af ríkinu. Það er ekki vegna þess að það geti ekki verið pólitík í afgreiðslu í stjórn Ríkisútvarpsins þó að það sé valið með öðrum hætti. Það getur líka verið alveg öfugt, við erum ekki að ásaka það fólk sem stýrt hefur Ríkisútvarpinu undanfarin ár um að það hafi beitt einhverjum pólitískum áhrifum þar inni. En það er ástæðulaust að búa til þannig fyrirkomulag að hægt sé að tortryggja það. Mér sýnist, án þess að hafa átt sæti í hv. allsherjar- og menntamálanefnd á þeim tíma þegar þetta var ákveðið en er kominn þangað núna, að þetta hafi verið hugmyndin á bak við að búa til valnefnd.

Mér finnst hæstv. ráðherra tala svolítið glannalega þegar hann talar um að Alþingi sé valnefndin í dag, vitandi það að ég hef aldrei setið hér í þingsal þar sem hafa komið tilnefningar frá meiri hluta og minna hluta og mynduð hefur verið einhver stjórn með meiri hluta og minni hluta, að umræða í þinginu hafi verið um það. Ég hef aldrei tekið þátt í því að velja fulltrúa stjórnarandstöðu eða stjórnarmeirihluta eftir því í hvoru hlutverkinu ég er. Þetta eru tilnefningar frá flokkum, ógjarnan umræður um einstaklinga, og þær eru yfirleitt aldrei ræddar. Það á ekkert skylt við að Alþingi sé eins konar valnefnd hvað þetta varðar.

Tökum eftir því að þegar verið er að búa til valnefnd þá hef ég skilið það þannig að verið sé að búa til valnefnd til að skipa stjórn. Það þýðir ekki að valnefndin velji fulltrúa úr sínum hópi, þ.e. að listamaðinn velji endilega listamann í stjórn. Ég hafði séð að menn gætu jafnvel gengið lengra en gert er hér og það hefði verið gaman að sjá stigið það skref að auglýst væri eftir hæfileikafólki sem uppfyllti skilyrði um hæfiskröfur til stjórnar Ríkisútvarpsins og valnefndin veldi úr þeim hópi. Þar yrðu gerðar harðar skilgreindar kröfur. Menn mættu ekki hafa nein hagsmunatengsl við aðra fjölmiðla, hvorki ljósvakamiðla né prentmiðla, þannig að beinir augljósir hagsmunaárekstrar væru á milli þeirra sem skipuðu stjórnina og þeirra sem færðu með mál. Það

yrði auðvitað valnefndin sem diskúteraði til sáttar um þessa fimm fulltrúa.

Talandi um ráðherraábyrgð á þessari stjórn þá er auðvitað búið að tryggja hana með því að formaðurinn yrði kosinn beint af ráðherra og þannig hefði hann tengsl til að fylgjast með hvernig gengi varðandi stofnunina. Ég held að það hefði verið skynsamlegra.

Við erum að fara að vinna hér að málum sem við erum sammála um að eru forgangsmál, sem eru hagsmunir heimilanna og afkoma fólks. Við sátum undir ræðum hér á vörþingi ítrekað, m.a. frá hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra sem kom þá sem formaður þingflokks og margskammaði okkur fyrir að taka hin og þessi mál á dagskrá sem væru ekki í neinum tengslum við hagsmuni heimilanna, gögnuðust þeim ekki neitt, en hann kemur svo sjálfur inn á sumarþing með mál, sem á að afgreiðast með skemmri skírni, sem ég get ekki séð að bæti með neinu móti hag heimilanna að fá breytt.

Ég skora á menntamálaráðherra að fara nú eftir því fyrirkomulagi sem er í lögnum sem eru fjögurra mánaða gömul. Ég skal hjálpa honum að svæfa þetta í nefnd ef það getur hjálpað honum til að taka þessa ákvörðun. Við sátum á fyrsta fundi í morgun í allsherjar- og menntamálanefnd og hefðum alveg getað tekið til umræðu hvernig við veldum þessa þrjá fulltrúa í valnefnd til að flýta fyrir málinu þannig að hægt væri að afgreiða það í næstu viku svo að við færum eftir lögnum í staðinn fyrir að taka hér prinsippumræðu um hvort eigi að fara aftur í tímunn þar sem við ætlum að láta reyna á það hvort við getum skapað traust á því að Alþingi fari með einhvers konar bitlingafyrirkomulagi að skipa stjórnir beint. Við erum að reyna að fara út úr því fyrirkomulagi. Ég hefði viljað að við fetuðum þá leið lengra en færum ekki strax til baka við það að hér kæmi ný ríkisstjórn.

Ég vona að málið fái umfjöllun og helst vildi ég að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra drægi þetta mál til baka og leyfi okkur að hafa fókussinn á því sem við höldum að sumarþingið ætti að fjalla um.

[12:39]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég hef skilið umræðuna hér til þessa nokkuð á þann veg að ekki hafi verið lagt upp með þetta fyrirkomulag til að gera einhverjar gjörbreytingar á hinum pólitíska þætti málsins ef svo má segja. Ég skildi það í ummælum hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur að fyrst og fremst hafi verið undir að tryggja að fram færi einhvers konar samtál um að velja hverjir þetta yrðu. Gott og vel.

Það kann vel að vera að slík samtöl geti gengið upp og skilað góðu af sér, en það er engin trygging fyrir því í þessari valnefnd að svo verði. Þrír valdir af Alþingi, einn af Bandalagi íslenskra listamanna og einn frá samræðsveitvangi háskólanna. Þessi samsetning er engin trygging fyrir því t.d. að þar verði ekki mikið ósætti og að valið verði ekki „með gamaldags hætti“ eins og talað er um að fulltrúar þingsins tilnefni einhverja eða leggi áherslu á að einhverjir komi inn sem hafi einhvers konar pólitískt yfirbragð. Það kann vel að vera að þeir sem sitja í nefndinni frá Bandalagi

íslenskra listamanna leggi mikla áherslu á að einhver sem komi beint úr þeirra röðum fari inn, til þess jafnvel að gæta hagsmuna þeirra o.s.frv. Fyrir því að slíkt gerist ekki höfum við enga tryggingu.

Ég ítreka enn og aftur að þegar ég sá hvaða tilnefningar höfðu komið, um fyrrverandi hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ólaf Harðarson frá Háskóla Íslands, leist mér mjög vel á þetta fólk, en það er engin trygging um það hvað gerist í framtíðinni.

Enn og aftur, virðulegi forseti. Mér finnst skjóta svólitíð skökku við að tala um Alþingi eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson gerði hér, að þetta væri einhvers konar gamaldags bitlingafyrirkomulag þegar æðsta stofnun landsins, Alþingi Íslendinga, velur í stjórn þessarar mikilvægu stofnunar, Ríkisútvarpsins. Það er engin bitlingapólitik þar að baki. Menn eiga ekki að tala þannig gagnvart þinginu. Þetta er mikilvægt verkefni sem Alþingi tekur alvarlega. Með því að fjölga í stjórninni upp í sjö er einmitt verið að auka líkurnar á því að þetta sé fjölbreyttur hópur með ólíkan bakgrunn (Forseti hringir.) sem tryggji að öll þau sjónarmið nái fram að ganga um samsetningu stjórnarinnar sem menn hafa rætt hér um.

[12:41]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra segir: Það er engin trygging fyrir því að breytingin muni leiða til ákveðinna hluta. Ég tek undir með honum með það. En þegar menn hafa fengið athugasemdir við ákveðið form aftur í tímunn, af hverju þá ekki að breyta því? Við höfum rætt það almennt á undanförunum mánuðum, missirum og árum að breyta því að vera með beint val af Alþingi sem eru bara tilnefningar. Það hefur sett gagnrýni eins og ég nefndi, þó að í því felist engin fullyrðing eða ábending um eitthvert misferli. Það er samt afar óæskilegt ef það ríkir tortryggni í garð Ríkisútvarpsins um að þar sé verið að beita einhverjum pólitískum áhrifum. Af hverju förum við ekki fram á við og prófum breytinguna og endurmetum hana síðan að fenginni reynslu í staðinn fyrir að sækja í eitthvert ímyndað öryggi og fara aftur í tímunn í fyrirkomulag sem almennt hefur verið mikil óánægja með? Það er það sem ég skil ekki.

Ég gagnrýndi Alþingi. Ég segi: Ég biðst undan því sem þingmaður að bera ábyrgð á þessu, að þetta sé kosningamál komi til kosninga, þannig virki lýðræðið, og ég verði metinn af því hvaða fulltrúa Sjálfstæðisflokkurinn tilnefni í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég get alveg skilið ráðherraábyrgðina, en það er ekki þannig að við sitjum hér sextu og þrjú og veljum þessa fulltrúa. Það hefur aldrei verið þannig og mun aldrei verða þannig enda held ég að hugmyndin sé ekki sú heldur er um að ræða tilnefningar sem er raðað saman. Ekki situr Framsóknarflokkurinn og segir: Við viljum ekki fá þennan fulltrúa frá Sjálfstæðisflokknum og öfugt. Meiri hlutinn myndast einhvern veginn og síðan koma hinir. Og hér hefur verið bent á að það geta orðið vandræði með kynjahlutföll og þá þarf hugsanlega að fara í samninga eftir á með það og aðrar kröfur sem við viljum að séu uppfylltar við skipun svona stjórnar.

Þess vegna var farið í að leita að nýrri lausn og niður-

staðan var þessi valnefnd. Hún er kannski ekkert (Forseti hringir.) endilega réttasta og einasta og besta lausnin, en prófum hana a.m.k. (Forseti hringir.) áður en við köstum henni til baka.

[12:44]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar. Mér láðist að nefna að frá samstarfsnefnd háskólastigsins barst líka tilnefning um Ragnheiði Skúladóttur. Ég vil að því sé haldið til haga.

Hv. þingmaður biðst undan því að vera metinn af kjósendum sínum út frá því hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hagar sínum málum í þinginu. Ég held að hv. þingmaður þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af slíku. Hann verður bara að hafa áhyggjur af eigin verkum og hvernig kjósendur meta þau næstu fjögur árin. Við erum nýbúin að ganga í gegnum kosningar þar sem kjósendur gáfu okkur einhvers konar einkunn, nú vinnum við með það og það myndast nýr meiri hluti.

Hvað fyrirkomulagið varðar er ástæðan fyrir því að ég legg fram þetta frumvarp sú að ég tel að það sé galli í þessu, hann sé augljós og liggir fyrir. Gallinn er sá að þegar menn setja upp valnefnd með þessum hætti hefur það þann stóra ólýðræðislega ókost að búið er til fyrirkomulag þar sem er tekin ákvörðun um jafn mikilvægan hlut og þann hverjir sitja í stjórn Ríkisútvarpsins þar sem þeir sem taka ákvörðunina þurfa ekki að bera ábyrgð á henni gagnvart t.d. kjósendum í landinu, þjóðinni sjálfri.

Vissulega má færa fyrir því rök að það sé kannski ólíklegt að þetta mál eitt og sér ráði öllu um það hvernig fólk greiðir atkvæði, en það getur skipt máli, það hefur áhrif og á að hafa áhrif. Það er galti sem ég sé við valnefnd í þessu fyrirkomulagi. Það getur átt mjög vel við hjá mörgum öðrum stofnunum að hafa valnefnd en ég tel að svo sé ekki hér. Þá er alveg eftir umræðan um það hverjir eiga nákvæmlega að sitja í valnefndinni. Það er hægt að færa fyrir því rök að margir aðrir hópar í samfélaginu ættu að eiga fulltrúa við það borð. Það er dálítið undarlegt hversu þröngt þessi valnefnd er skilgreind ef maður vill ræða það.

Ég tel að þetta fyrirkomulag sé gallað og það hafi þann stóra galla sem ég var að lýsa. Því sé betra að láta þessar breytingar ekki koma til framkvæmda. (Forseti hringir.) Þær eru ekki stórvægilegar. Það sem meira er, það er ekki verið að fara lengra aftur í (Forseti hringir.) tímenn en svo að ekki er búið að koma þessu í framkvæmd, það eru fjórir mánuðir síðan (Forseti hringir.) löginn voru sett. Við höfum reynt sluna af hinu.

[12:46]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mér heyrst á þessari orðræðu á milli okkar í andsvörum eftir framsögu málsins að við séum einleglega ósammála um þetta mál. Hæstv. ráðherra segir gjarnan í fyrstu persónu: „Ég tel og þess vegna á þetta ...“ Það er kannski einmitt það sem við erum að ræða um. Við þurfum að losna við það að við séum að stjórna þannig að skoðanir okkar sem einstaklinga, þegar við komumst í

valdastöðu, ráði málum. (**Menntmrh.:** Er það ekki þingið sem ákveður það?) Auðvitað verður það þingið sem ræður þessu. Þetta er auðvitað lýðræðislega lagt fram en þess vegna sagði ég að á þeim tíma sem við höfum á sumarþingi finnst mér mikil tilætlun að þetta mál fari í gegn í skyndi af því að það er afstaða hæstv. menntamálaráðherra að það eigi að breyta þessu, jafnvel í andstöðu við Framsóknarflokkinn sem er nýbúinn að samþykkja hitt fyrirkomulagið. (**Menntmrh.:** Þeir eru búnir að samþykkja.) Þá eru þeir búnir að skipta um skoðun. Það væri út af fyrir sig spennandi að heyra innlegg þeirra í umræðuna, en þeir virðast ekki ætla að taka þátt í henni, þeir hafa þá kokgleypt þetta og ákveðið að skipta um skoðun frá því sem var fyrir fjórum mánuðum. Ég veit svo sem ekkert hvernig þau skipti hafa farið fram eða hvaða kaupmennska hefur átt sér stað í sambandi við það.

Ég lýsi bara yfir vonbrigðum með að tíma þingsins skuli vera eytt í þetta núna miðað við orðræðu hæstv. ráðherra á sínum tíma og ég skil ekki af hverju menn óttast að taka skrefið lengra. Það koma eflaust fram einhverjir gallar á nýja forminu, en maður hefur gjarnan þá reglu þegar verið er að vinna að breytingum að byrja ekki á að hopa heldur reyna að sníða vankantana af og stefna áfram til framtíðar. Ég hélt að ríkisstjórnin ætlaði að gera það, en kannski kemur alltaf betur og betur í ljós að hún horfir frekar aftur en fram.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

### **Sérstök umræða.**

Staða þjóðmenningar og menningarmála almennt í stjórnskipuninni.

[13:31]

### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir, raunar strax í inngangi yfirlýsingarinnar, með leyfi forseta:

„Íslensk þjóðmenning verður í hávegum höfð, að henni hlúð og hún efl. Áhersla verður lögð á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsóknna og fræðslu. Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innan lands sem utan.“

Umræða um slíka þjóðmenningu er annars ekki mikið fyrirferðarmeiri í plagginu, ekki einu sinni undir kaflaheitinu Mennta- og menningarmál, sem kemur síðar fyrir. En það sem ég sakna nokkuð í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að hugtakið þjóðmenning er ekki skilgreint, ekki hvað fellur innan þess eða hvernig sitjandi ríkisstjórn skilur það. Það væri mjög þarft að fá þá skilgreiningu fram og hvaða markmiðum núverandi hæstv. ríkisstjórn telur það þjóna að færa hluta menningarmála til og skella á hann þessu forskeyti, þjóð-. Ég veit ekki hvort sú skilgreining er til en mikilvægt er að fá fram skilning hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra á hugtakinu.

Sama má segja um 2. mgr. í stjórnarsáttmálanum þar



sem rætt er um Íslandssöguna en þar velti ég því fyrir mér hvort jafnvel sé verið að grauta saman liðnum atburðum og hinni sögulegu hefð, sem er auðvitað fyrst og fremst til í tungumálinu, hún getur verið hefðbundin en einföld. En þriðji skilningurinn sem ég velti fyrir mér hvort sé fyrir hendi þegar við ræðum um að áhersla verði lögð á skráningu Íslandssögunnar eru rannsóknir og mat sagnfræðinga á hinu sögulega samhengi, sem er grundvöllur bæði á atburðinum og frásagnarhefðinni en hljóta eðli máls samkvæmt að skila mörgum sögum en ekki Íslandssögu. Mér þætti vænt um að hæstv. menningarmálaráðherra útskýrði fyrir okkur hvernig nákvæmlega þessari áherslu verður háttað.

Áhersla ríkisstjórnarinnar í sáttmála sínum um íslenska þjóðmenningu, sem á að hafa í hávegum, hefur vakið nokkra athygli og ekki síður sá forsetaúrskurður sem birtur var við stjórnarmyndun þann 24. maí þar sem tilgreind eru verkefni einstakra ráðuneyta og sagt að málefni þjóðmenningar færist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis. Þessi verkefni eru: Vernd sögulegrar og menningartengdrar bygðar og umhverfis- og skipulagsmál því tengd, vernd þjóðargersema, minjasöfn, fornleifar, húsafríðun, varðveisla menningararfisins, Minjastofnun Íslands, örnefni, bæjamöfn, Stofnun Árna Magnússonar og örnefnanefnd.

Listinn vekur líka upp spurningar en það hefur verið skilningur margra að ólíkir þættir í menningunni hafi samverkandi áhrif þannig að uppgötvanir til að mynda í fornleifafraeði eða framfarir í húsafríðun hafi áhrif á nýsköpun í myndlist eða bókmenntum þannig að rannsóknir, söfnin, varðveisla, miðlun og nýsköpun haldist í raun í hendur.

Maður veltir því fyrir sér hvað býr nákvæmlega að baki þeirri ákvörðun að leggja þá aðra áherslu á þessa málaflokka sem færðir eru á milli ráðuneyta. Málefni íslenskrar tungu hins vegar, sem ég hefði nú talið að teldust líklega til þjóðmenningar, eru ekki nefnd í sáttmálanum. Hugsanlega hefur þótt erfitt að slíta íslenska tungu frá skólakerfinu. En um leið eru færðar til heilu stofnanir eins og Stofnun Árna Magnússonar, sem er auðvitað háskólastofnun og sinnir fyrst og fremst rannsóknum í nánu samstarfi við háskólana.

Hæstv. menningarmálaráðherra upplýsir okkur væntanlega um skilgreininguna á eftir, en ég velti fyrir mér hvað valdi því að þessi verkefni eru flutt en ekki einhver önnur, eins og til að mynda íslensk tunga. En það er þó fleira sem verður snúið og ég hefði áhuga á að heyra skilning ráðherrans á, eins og til að mynda safnaráð sem fjallar auðvitað bæði um málefni minjasafna og listasafna sem heyra væntanlega undir hæstv. menningarmálaráðherra. Ég velti því fyrir mér hvernig nákvæmlega starfsemi safnaráðs verður háttað.

Mig langar að fá það fram hér hvernig staðið var að undirbúningi svokallaðra þjóðmenningarstofnana frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis, hvort forstöðumenn þessara stofnana voru hafðir með í ráðum. Hvaða skilgreining á þjóðmenningu var höfð til grundvallar þegar ákveðið var hvaða málaflokkar og stofnanir teldust vera þjóðmenningarstofnanir eða málaflokkar, ólíkt öðrum eins og íslenskrri tungu?

Mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort starfs-

fólk og sérfræðingar menningarmálaráðuneytisins flytjist með málaflokkunum og ég velti því líka fyrir mér hvort þessar breytingar séu vel til þess fallnar að bæta stjórnsýslu og auka gagnsæi í málaflokknum. Að lokum er ég mjög áhugasöm að heyra hvernig áherslu á skráningu Íslandssögunnar verður náð fram.

[13:36]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli og fyrir ræðuna. Þetta eru auðvitað eðli málsins samkvæmt frekar flókin hugtök, það segir sig sjálft. Af því að sérstaklega var spurt um Íslandssöguna og skráningu hennar tek ég heils hugar undir hugleiðingar hv. þingmanns varðandi eðli söguritunar, hvað sagan er o.s.frv. Ég hef lengi hugleitt það mál og hreyfði fyrir nokkrum árum meðal annars þeirri hugmynd að það væri löngu orðið tímært að við mundum gera verulegt átak í gerð t.d. myndræns kennsluefnis um Íslandssöguna til þess að hægt væri að nota það í grunnskólum og framhaldsskólum landsins eða jafnvel líka setja það í almenna sýningu eftir því sem við á.

Þegar menn velta fyrir sér hvað er átt við með skráningu Íslandssögunnar er það ekki eitthvert stórkostlegt átak ríkisstjórnarinnar um einhverja nýja sagnfræði, langt í frá. Ég held að þeir tímar séu liðnir að t.d. á stóli menntamálaráðherra sitji einstaklingur sem taki sig til og skrifi sjálfur Íslandssöguna, en ég tek þetta sem dæmi varðandi nýja framsetningu í nýjum miðlum hvað varðar Íslandssöguna.

Þá kem ég nú að stóra þættinum sem eru þjóðmenningarmálin. Þá er rétt að hafa það í huga að þegar stjórnarráðslögnum var breytt á þinginu var einmitt lagt upp með að hægt væri að endurspegla áherslur ríkisstjórnar á hverjum tíma með flutningi verkefna á milli ráðuneyta þannig að þessi flutningur endurspeglar ákveðna áherslu. Það eina sem hér hefur gerst er að þarna eru ákveðin verkefni flutt til forsætisráðuneytisins frá menntamálaráðuneytinu og endurspeglar þar með ákveðna áherslu, sérstaklega á þá flokka sem þar eru taldir upp. Þegar spurt er: Hvað er átt nákvæmlega við með þjóðmenningu? gefur það auðvitað augaleið að ekki er til einhver ein skilgreining á henni. Ég held að hv. málshefjandi átti sig vel á því að ekki verður gefin einhver ein skýring á því hvað átt er við með þjóðmenningu.

Það sem liggur fyrir er listi yfir þau verkefni og þá málaflokka sem fluttir hafa verið milli ráðuneyta. Það er ekkert flóknara en það og það þarf ekkert að velja því fyrir sér frekar, það liggur fyrir í forsetaúrskurðinum hvað þarna er átt við.

Undirbúningur málsins fór fyrst og síðast fram í stjórnarmyndunarviðræðum þar sem rædd voru áhersluatriði ríkisstjórnarinnar, það sem ríkisstjórnin vill leggja áherslu á og þannig varð þetta til.

Auðvitað stendur núna yfir samráð á milli embættismanna í forsætisráðuneytinu annars vegar og í mennta- og menningarmálaráðuneytinu hins vegar um það hvernig að þessu verður staðið og skiptir miklu máli að vel takist til. Ég get alveg sagt það að ég er mjög ánægður með að staðið er svona að þessum málum hvað það varðar að þarna eru

mikilvæg mál á ferðinni. Mér finnst það ekkert óviðeigandi eða ankannalegt með nokkrum hætti að forsætisráðuneytið og forsætisráðherra segi: Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á þessi mál og ég vil gjarnan fá þau yfir til mín, og þá flytjist þau. Ég geri ekki ráð fyrir að hér sé um varanlegan flutning að ræða en þannig verður þessum málum skipað á meðan þessi ríkisstjórn situr í það minnsta nema annað komi fram vegna þess að hæstv. forsætisráðherra vill leggja alveg sérstaka áherslu á þessi mál.

Ég held að það sé ekkert óeðlilegt við það. Þegar við samþykktum ný lög um Stjórnarráðið sem deilur voru um hér var lagt upp með að þetta væri hægt að gera. Það væri eðlilegt að framkvæmdarvaldið hefði svigrúm að færa verkefni á milli til þess að stjórnarstefnan og áhersluatriði í stjórnarstefnunni næðu fram að ganga. Ég ítreka að hér verður ekki gefin upp einhver einföld „formúlering“ af minni hálfu á því hvað nákvæmlega er átt við með hugtakinu þjóðmenning. Það er eðli málsins ekki hægt að gera það. Það er bara of flókið mál. Þess vegna ítreka ég að það er það sem liggur fyrir í forsetaúrskurðinum sem um er að ræða og gefur þá mynd af því hvaða áherslur það eru sem hæstv. forsætisráðherra lagði til grundvallar þegar hann væntanlega ásamt öðrum í stjórnarmyndunarviðræðunum gekk frá þessari niðurstöðu.

[13:41]

#### **Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Forseti. Það er ekki neinn vafi á því að forsætisráðherra og ríkisstjórnin hefur leyfi til þess að leggja til hinar ýmsu breytingar á skipan ráðuneyta. Það eru heimildir sem komu í stjórnarráðslögum sem samþykkt voru á síðasta þingi sem ég er sammála vegna þess að ég tel ekki rétt að niðurnjörva starfsemi Stjórnarráðsins umfram annað.

Hins vegar verður því ekki á móti mælt að það kom nokkuð á óvart að fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar væri að nýta þessi lög jafn hressilega og raun bar vitni, en stundum eru heimildir nýttar svo harkalega að konu bregður eiginlega í brún. Þá kemur upp í hugann að það er ekki alltaf rétt að gera allt sem má. Það gefur nefnilega þeim sem vilja njörva niður hluti byr undir báða vængi og þeir heimta reglur og boð og bönn. Þess vegna ber að varast að nýta um of heimildir sem maður hefur.

Því er ekki að neita að sú var tilfinningin þegar þessar fréttir bárust af flutningi málaflokka þjóðmenningarinnar til forsætisráðuneytisins. Að mínu mati er það ákaflega hæpið að færa málefni á milli ráðuneyta vegna þess að einhver einn ráðherra hefur áhuga á einhverjum málaflökki meira en á öðrum. Ráðherrarnir eru embættismenn og þeir eiga að sinna embættum sínum en ekki áhugamálum. Ég geri ráð fyrir að forsætisráðherrann viti nákvæmlega hvað þjóðmenning er þó að hæstv. menntamálaráðherra geti ekki skýrt það alveg út fyrir okkur.

Virðulegi forseti. En í dag ræðum við málefni Ríkisútvarpsins. Sú stofnun hefur oft verið nefnd hornsteinn íslenskrar menningar og þess vegna má kannski spyrja hvers vegna málefni Ríkisútvarpsins voru ekki færð yfir í forsætisráðuneytið.

[13:43]

#### **Sigrún Magnúsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Í ríkisstjórn sem er mynduð til endurneinar heimilunum og samfélaginu er rökrétt að menningararfinum sé komið stjórnsýslulega fyrir á vegum forsætisráðuneytisins. Fátt er mikilvægt að standa vörð um þjóðmenningu og því er eðlilegt að málefni sem hana varða sérstaklega séu vistuð í forsætisráðuneytinu. Menntun og umhverfi eru mótandi þættir í uppeldi okkar og skapa okkur ef til vill mest sem Íslendinga ásamt málinu og bókmenntunum. Hið íslenska bókmenntafélag, sem stofnað var 1816 til þess að endurreisa íslenska menntun og menningu undir forustu Íslendinga sjálfra, hafði mikil áhrif, bæði í sjálfstæðisbaráttunni og við að kynna erlenda menningarstrauma fyrir þjóðinni.

Að vera framsækinn en forni í senn þýðir í mínum huga að hugsa um lausnir og sköpun tækifæra en hafa jafnframt í huga mótandi siði og verkmennt fyrir kynslóða. Við eigum dýrmætan menningararf í húsakynnum og þjóðháttum. Dæmi um hugvit og verkmenningu er til dæmis íslenski torfbærinn. Smám saman er að renna upp fyrir fólki sérstaða hans í heimsmenningunni. Hann er stórkostleg aðlögun húsakynna að umhverfi og veðráttu. Dæmi um sköpun og verkunnáttu kvenna er flatt, þunnt brauð, þ.e. laufabrauð, pönnukökur og flatkökur. Að mínu viti mótaðist þessi kökugerð af skorti, skorti á mjöli og skorti á bakarofnum.

Við sækjum um þessar mundir mjög fram í fjölmenningu til dæmis í framandi matargerð en í leiðinni viljum við og eigum að halda í sérstöðu okkar og ekki láta hana ganga okkur úr greipum heldur varðveita þekkingu til komandi kynslóða. Verum framsækinn, skapandi en berum umhyggju fyrir menningunni, einnig manngerðu og náttúrulegu umhverfi landsins. Þjóðmenning landsins á hvergi betur heima en á stjórnarheimili forsætisráðherra.

[13:46]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Herra forseti. Sérstök pólitísk áhersla á þjóðmenningu hefur ekki alltaf endað vel, svo að ég noti þjóðmenningarlegt stílbrigði. Það eru margar ástæður fyrir því að viðvörunarþjöllur hringja. Ég vil ekki vera með neinir ásakanir á hendur ríkisstjórninni um illar fyrirætlanir eða neitt slíkt þegar hún leggur sérstaka áherslu á þjóðmenningu. Það er líka hægt að skilja það á fallegan máta, en það hringja viðvörunarþjöllur og í öllu falli vakna stórar spurningar. Þjóðmenning er mjög óljóst hugtak og tengsl manns við þjóð sína getur verið margt konar; hún er oft fögur, stundum ekki fögur og sumir koma annars staðar frá en búa á Íslandi og hafa aðra menningararfleifið. Þetta er mjög margslungið en oft mjög tilfinningaríkt samband. Þetta tvennt; óljóst hugtak og mjög tilfinningaríkt samband hefur oft verið notað í pólitískum tilgangi til að búa til einhvers konar pólitíska rétt hugsun og til þess að móta rétta afstöðu í stórum deilumálum.

Ein ástæðan fyrir því að viðvörunarþjöllur hringja í þessu efni er að þess gæti auðvitað í umræðu á Íslandi að aðilar og einstaklingar sem aðhyllast nánara samstarf við til dæmis Evrópuþjóðir eru vændir um að vera ekki hollir þjóð

sinni, að vera á móti fullveldi Íslands. Þessarar hugtaka-notkunar gæti þannig að í þessu samhengi hringja auðvitað viðvörunarþjöllur þegar ný ríkisstjórn leggur sérstaka áherslu á þjóðmenningu.

Ég vil leggja áherslu á alla menningu. Ég vil að ríkisvaldið skapi svigrúm fyrir fjölmenningu, ómenningu, hámenningu, lágmenningu, alls konar menningu. Ég held að það eigi að vera (Forseti hringir.) nálgunin sem við eigum að beita okkur fyrir.

[13:48]

#### **Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að vekja máls á þessu efni í sérstakri umræðu. En við fjöllum ekki bara um þjóðmenningu heldur stöðu þjóðmenningar og menningarmála almennt í stjórnskipuninni. Það er við hæfi að vekja athygli á því sem fram kemur í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um þetta málefni vegna þess að rétt hefur verið um það í nokkrum atriðum en ekki farið yfir það í heild sinni. Vissulega kemur það fram í inngangi stefnuýfirlýsingarinnar að íslensk þjóðmenning skuli vera í hávegum höfð og að henni hlúð og hún efl. Það er mikilvægt að sú áhersla komi fram.

Jafnframt verður lögð áhersla á málvernd, vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar auk rannsóknar og fræðslu. Þá verður unnið að því að auka virðingu fyrir merki sögu landsins, menningu þess og tungumálinu innan lands sem utan. Vegna þess að mér heyrðist vera vikið að því í umræðunni þá kemur fram á blaðsíðu 9 í stefnuýfirlýsinguinni að standa þurfi vörð um íslenska tungu, efla rannsóknir á þróun tungumálsins og styrkja stöðu íslensks tákn máls. Ég held að það sé gríðarlega mikilvæg yfirlýsing sem þar kemur fram.

Við þekkjum sögu annarra þjóða þar sem ekki hefur tekist nægjanlega vel að vernda tunguna. Við þekkjum þjóðir eins og til dæmis Lettland þar sem menn standa í mikilli baráttu fyrir því að vernda tungumál sitt og þjóðlögin sín svo þau glattist ekki út úr menningu þeirra. Þess vegna eigum við að fagna því hér að ríkisstjórnarflokkarnir leggi áherslu á að styrkja þessi mál bæði innan Stjórnarráðsins og líka almennt í samfélaginu. Ég vona svo sannarlega að okkur öllum hér gefist færi á því að koma að þeirri vinnu og að okkur takist vel til við að búa vel að þessum málum til framtíðar fyrir íslenska þjóð.

[13:50]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum hér stöðu þjóðmenningar í stjórnskipuninni. Mér fannst áhugaverðast það sem kom fram í umræðunni hjá hæstv. ráðherra, að þarna væri um að ræða í hans huga, og þá væntanlega huga ríkisstjórnarinnar allrar og hæstv. forsætisráðherra, tímabundið fóstur þjóðmenningarlegra þátta til að efla og styrkja þessa þætti menningarinnar. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að þessir þættir þyrftu sérstaka næringu, sérstaka hlýju, utanumhald og upplýftingu og að þess vegna væri þeim betur fyrir komið hjá forsætisráðherra.

Það er mjög kúnstug nálgun, verð ég að segja. Er það til styrkingar þjóðmenningu á Íslandi að rífa hana frá menn-

ingarmálaráðuneytinu þar sem sérfræðipækking og uppbygging til margra ára og áratuga hefur átt sér stað hvað varðar málaflokkinn í heild? Svo er það nú eiginlega ögn vandræðalegra þegar hæstv. forsætisráðherra forðast að skilgreina hvað felst í hugtakinu. Skyldi það vera vegna þess að hæstv. ráðherra var ekki þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa aðkomu að sumarbústaðarferðum í aðdraganda ríkisstjórnarmyndunar og þá ekki heldur að þeirri ákvörðun að þjóðmenningin var tekin frá menningarmálaráðherranum áður en hann settist sjálfur í ríkisstjórn? Gæti það verið ástæðan?

Virðulegur forseti. Það er að minnsta kosti torkennilegt þegar hér er talað um skynsemi og fagmennsku og vinnubrögð nútímans og framtíðarinnar (Forseti hringir.) að rökstuðningurinn skuli ekki vera mikilfenglegri en fram kemur í máli hæstv. ráðherra.

[13:53]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu máli. Við ræðum þjóðmenninguna. Auðvitað fagna ég því þegar menn leggja áherslu á menningu og sögulegan arf en þið takið kannski eftir að ég talaði um menningu og sögulegan arf en ekki íslenska þjóðmenningu. Það var viljandi vegna þess að það getur orðið býsna merki- leg umræða þegar við förum að skilgreina hvað er íslenskt og hvað er erlent í sögu þjóðar sem verið hefur í nánnum tengslum við erlenda aðila. Í því felst sú hættu að við förum í einhverja rétttrúnaðartúlkun um hvað var rétt á hverjum tíma.

Ég hef engar athugasemdir við það að mál séu vistuð á einhverjum ákveðnum stað í ráðuneytum eða að menn leggi áherslu á málaflokkinn en ég vara við þessari rétttrúnaðarhugsun. Ég ætla að nota þær mínútur sem ég á eftir til að segja frá upplifun minni þegar ég heimsótti Fanø rétt við Jótlandsstrendur fyrir mörgum árum og hitti þar íslenska konu sem hét Þórunn Wíum, blessuð sé minning hennar. Hún lifði af því að búa til Fanø-þjóðbúninga. Hún bjó í elsta húsinu á eyjunni. Mér fannst merkilegt þegar hún útskýrði fyrir okkur menninguna á þessum stað, þá sagði hún okkur að menningin væri lifandi jafnvel þó að hún rifjaði upp fortíð. Þegar við spurðum hvernig réttur þjóðbúningur væri svaraði hún: Hann var aldrei réttur vegna þess að hann réðst af því hvaða efni maður fékk frá Austurlöndum, frá Asíulöndunum til þess að nota í þjóðbúninginn. Húsin breyttist, en þeir notuðu nýju lögin í það og breyttu takti.

Ætlum við að færa okkur í eitthvert fast samband sem heitir íslensk þjóðmenning, bundin við ákveðinn tíma? Svar mitt er nei. Við eigum að vera með lifandi menningu sem tekur mið af því umhverfi sem er á hverjum tíma með þeim alþjóðlegu áhrifum sem eru á hverjum stað á hverjum tíma eins og íslenskt samfélag hefur alltaf verið, (Forseti hringir.) enda erum við þjóð sem kom frá Norðurlöndunum og Írlandi á sínum tíma.

[13:55]

#### **Líneik Anna Sævarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hlýjar mót-

tökur, jákvæðni og gagnlega aðstoð á nýjum vinnustað. Mig langar líka að vekja athygli á því mikilsverða hlutverki stjórnmalámana að reyna að einfalda og útskýra mál frekar en að flækja þau. Það ætla ég að reyna að temja mér þó að ég viti að það verði ekki alltaf auðvelt. Þess vegna þakka ég hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur fyrir að hefja umræðu um þjóðmenningu. Þjóðmenning er stórt orð. Það merkir samkvæmt orðabókinni andleg og verkleg menning þjóðar. Ekki minnkar orðið við þá skilgreiningu, en eins og fram hefur komið erum við hér að fjalla um flutning ákveðinna verkefna tengdum þjóðmenningu milli ráðuneyta þar sem markmiðið er að forsætisráðuneytið taki tímabundið að sér að sinna tilteknum málum sem ríkisstjórnin vill leggja sérstaka áherslu á.

Ætlunin er að forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið starfi saman með það að markmiði að efla enn frekar stefnumótun á þessu sviði og vinna betur að þessum málaflokkum en gert hefur verið. Áherslan verður meðal annars lögð á stefnumótun við vernd sögulegra og menningartengdra byggða og umhverfis- og skipulagsmál því tengd. Þjóðminjasafnið og Minjastofnun Íslands flytjast til en flest söfn landsins og safnasjóður munu samt sem áður áfram heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Aukin áhersla á þjóðmenningu styrkir okkur sem fjölmenningsarsamfélag og í alþjóðasamstarfi því að sá sem hefur sterkan grunn að byggja á er líka sterkari í samfélagsþróun og samskiptum þjóða.

[13:58]

#### **Ottarr Proppé (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert út á það að setja að ákveðin málefni séu tekin til hliðar og þeim veitt sérstök athygli, en ég verð að setja spurningu við hugtakið þjóðmenningu og hvað telst til þjóðmenningar og hvað ekki. Þjóð og menning — þjóðmenning er mjög loðið hugtak og vísar til ákveðinnar þjóðræknistengingar. Ég spyr mig hvort verið sé að einbeita sér að ákveðinni þjóðmenningu frá ákveðnum tímum. Hvaða tími er þá þjóðlegastur? Er það upphaf 18. aldar þegar Þingholtin voru auðn eða er það upphaf þeirrar 20. þegar húsakostur var orðinn klassískari?

Ég verð líka að spyrja, þegar hugsað er um til dæmis tónlist og einhver þjóðlegustu lög sem alla vega yngri kynslóðir halda að séu eilífðarlög og hafi alltaf verið til eins og „Heyr himna smiður“ eða „Stolt siglir fleyið mitt“, sem eru hvort tveggja tiltölulega nýleg lög, hvort þau teljist þá ekki til þjóðmenningar vegna þess. Sömuleiðis vil ég benda á að íslensk þjóð er það fólk sem býr hér, við búum í fjölmenningsarsamfélagi og höfum lengi gert. Það eru til kleinur í Póllandi en þær eru stafsettar með y og z. Hvað er íslenskt og hvað ekki?

Ég spyr mig líka hvort sumri menningu sé greiði gerður með því að vera aðskilin frá menningunni almennt.

[14:00]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Komið hefur fram að vissulega er heimild til þess að færa málaflokka

milli ráðuneyta enda hefur enginn gert ágreining um það. Jafnframt hefur komið fram að samræða um málið fór fyrst og fremst fram milli stjórnarflokkanna sjálfra. Enn fremur hefur komið fram að engin sérstök skilgreining á þjóðmenningu lá til grundvallar þessum málaflokkaflutningi, enda er flókið að skilgreina það hugtak. Ég get alveg tekið undir með hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Menning er í eðli sínu kannski landamæralaus. Nægir þar að nefna tónlistina, eins og hv. þm. Óttarr Proppé gerði hér áðan, en við getum líka litið víðar yfir sviðið. Íslensku riddarasögurnar eru auðvitað þýdd menning. Íslensku glæpasögurnar sem núna eru kynntar um heim allan sem séríslenskt og sérnorrænt fyrirbæri eru að sjálf-sögðu þýdd menning upphaflega og voru meira að segja þýddar mjög snemma.

Kannski má því segja að íslensk menning hafi einmitt auðgast á því hversu gríðarlega opin hún hefur verið fyrir alþjóðlegum straumum og íslenskir listamenn hafa náð sín- um stærstu afrekum með því að fara út í heim eins og við gerðum á söguöldinni þegar Íslendingar fóru um heim allan og færðu íslenskan kveðskap út um heiminn.

Ég hefði talið skynsamlegra í anda þeirrar skynsemis- hyggju sem þessi ríkisstjórn boðar og mér verður tíðrætt um, að halda menningunni saman því að ég tel að þegar við köfum dýpra ofan í málið sé mjög erfitt og nánast ekki gerlegt að skilgreina þjóðmenninguna sérstaklega með þessum hætti og aðgreina hana frá annarri menningu. Enn hefur mér ekki þótt koma fram í umræðunni markmiðið með þessu. Ég tel að menningunni sé fullur sómi sýndur að því vera í ráðuneyti menningarmála þannig að ég tel það ekki enn hafa komið fram hvernig búið verður betur að þessum málaflokkum sérstaklega eða á hvaða (Forseti hringir.) skilgreiningu þeir byggjast. En ég þakka fyrir umræðuna.

[14:02]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Hvað varðar skilgreininguna á þjóðmenningu þá held ég að það hafi komið hér skýrt fram að engin einhlít skýring er til. Þetta er flókið hugtak en við höfum nú samt notað það öðru hverju. Ég minni til dæmis á að ekki langt frá þessu húsi stendur Þjóðmenningarhúsið og ég man ekki eftir að það hafi valdið sérstökum vandkvæðum að nota þá nafngift á það hús. Hvað varðar þau verkefni sem falla undir forsætisráðuneytið, annaðhvort varanlega eða tímabundið, segi ég enn og aftur, virðulegi forseti: Það er rétt að horfa til forsetaúrskurðarins sjálfs, þar er listi yfir þessi verkefni og það er það sem skiptir máli til þess að átta sig á þessu.

Þegar önnur verkefni í þessum úrskurði eru skoðuð sjá menn til dæmis hvað varðar forsætisráðuneytið að þar undir falla þjóðartákn. Þar er talinn upp fáni Íslands, þjóðsöngurinn, Hin íslenska fálkaorða, önnur heiðursmerki — en við vitum líka til að það eru til önnur þjóðartákn; þjóðarblómið holtasóleyin er eitt af þjóðartáknunum. Þannig að þó að hugtakið þjóðartákn sé margbrotið líka þá gerir það ekki að verkum að við getum ekki notað það í svona skilgreiningu.

Aðalatriðið er þetta: Það er ekki verið að slíta í sundur menningarstarfseminna í landinu. Ég held að það væri nú

svólítið langt gengið að það hvar einstakir málaflokkar eru vistaðir, inni í hvaða ráðuneytum, tímabundið augljóslega, af því að ný ríkisstjórn getur breytt þessu ef henni hentar, geti orðið til þess að einhvers konar rof verði í menningarstarfseminni, að skáld og listamenn fari að haga starfi sínu og hugsunum með öðrum hætti vegna þess að það er búið að færa eitthvað til innan Stjórnarráðsins.

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að það verði eða ég hef alla vega ekki stórar áhyggjur af því að það muni leiða það fram eða að þetta verði grundvöllur að einhverjum þjóðrembingi. Ég held að það sé fjarri lagi, eins og mér fannst ýjað að hér í umræðu, að menn hafi einhverjar áhyggjur af því. Það er svo fjarri.

Hér er verið að tala um þessa málaflokka. Ríkisstjórnin leggur áherslu á þetta, það kemur fram. Mig langar að nefna að gefnu tilefni að tekin er ákvörðun um þetta í stjórnarmyndunarviðræðum (Forseti hringir.) áður en búið er að ákveða hverjir sitja í hvaða ráðuneytum. Það tel ég vera skýsamlegt, (Forseti hringir.) þá fara menn ekki að berjast einhvern veginn fyrir persónulegum hagsmunum heldur láta málefnið einmitt ráða.

### *Fyrirkomulag umræðu og lengd þingfundar.*

[14:04]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Ég vil greina frá því að tekist hefur samkomulag forseta og þingflokksformanna um fyrirkomulag þeirrar umræðu sem hefst nú á eftir. Talsmenn flokkanna fá tvöfaldan ræðutíma í þessari umræðu, 20 mínútur í stað 10 mínútna, en að öðru leyti munu þingsköpin ráða tímalengd umræðunnar.

Þá hefur verið gert samkomulag um að þingfundur geti haldið lengur áfram, þ.e. fram yfir klukkan 8 í kvöld, og er gert ráð fyrir því sömuleiðis varðandi þau mál sem hér eru á dagskrá, annars vegar þetta mál, 5. dagskrármálið, og frumvarpið um Ríkisútvarpið, að fyrri umræðu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila og 1. umr. um Ríkisútvarpið verði lokið nú í kvöld.

### *Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, fyrri umr.*

Stjill., 9. mál. — Þskj. 9.

[14:06]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Í kjölfar hruns fjármálakerfisins á Íslandi haustið 2008 hækkuðu verðtryggðar skuldir og eignaverð lækkaði, meðal annars vegna áhrifa af gjaldþroti fjármálafyrirtækja og áhættusækni þeirra í aðdraganda hrunsins. Mikill meiri hluti íslenskra heimila fjármagnar kaup á íbúðarhúsnæði með verðtryggðum lánnum. Fjárfesting í húsnæði er algengasta sparnaðarform íslenskra fjölskyldna og hefur almennt verið lítið á íbúðarhúsnæði sem eignamyndun yfir lengri tíma. Að sama skapi fer umtalsverður hluti ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað.

Við ákvörðun um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði leggja heimili landsins ákveðnar forsendur til grundvallar, for-

sendur sem snúa einkum að áætluðum ráðstöfunartekjum, fjármagnskostnaði, áætlaðri eignamyndun o.s.frv. Í aðdraganda og í kjölfar falls bankanna brustu þessar forsendur að miklu leyti með lamandi áhrifum á heimilin.

Við aðgerðir eins og þær sem boðaðar eru í þingsályktunartillögum er mikilvægt að horfa til margra þátta sem geta valdið óvissu og áhættu. Mikilvægast er að þeir séu uppi á borðinu og lítið sé til þeirra við mat á áhrifum og þeir vegnir saman við jákvæð áhrif sem breytingar koma til með að skila.

Nokkrir af þeim þáttum sem nauðsynlegt er að horfa til við útfærslu og framkvæmd tillagna um skuldaleiðréttingu eru:

Kostnaður við aðkomu ríkissjóðs.

Peningamagn í umferð og áhrif á verðbólgu.

Áhrif á skipulag fjármálakerfisins og kostnað þess við framkvæmd tillagnanna.

Einnig verður að horfa til jákvæðra áhrifa á hagkerfið, til að mynda aukinna gæða í lánasöfnum fjármálastofnana, minni umsýslu fjármálastofnana vegna færri vanskilamála o.s.frv. Einnig mun kerfisbreyting úr verðtryggðum lánnum yfir í óverðtryggð hafa í för með sér að vaxtastig í landinu verður stöðugra þar sem breytingar á vöxtum munu hafa skjótvirkari áhrif. Slík breyting hefur jákvæð áhrif á hagkerfið í heild. Með þessu móti verður hagstjórn skilvirkari. Þekkt er að verðtrygging viðheldur verðbólgu.

Virðulegi forseti. Eins og fyrr segir eru aðgerðirnar tíu. Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir hverri þeirra:

1. Sérfræðingahópur útfæri mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og geri tillögur þar að lútandi.

Tillögurnar verði tilbúnar í nóvember og eiga að miða að því að leiðrétta þann forsendubrest sem varð með aukinni verðbólgu árin 2007–2010 í kjölfar falls fjármálakerfisins. Breyting á vísitölunni hafði umtalsverð áhrif á stöðu húsnæðisskulda. Einnig er markmiðið að hvetja lántakendur til að umbreyta lánnum sínum í óverðtryggð lán gegn leiðréttingu á höfuðstól, þó að það sé ekki endilega skylda að þetta haldist í hendur.

Gert er ráð fyrir að eftirfarandi forsendur muni meðal annars liggja til grundvallar vinnu sérfræðingahópsins:

Um er að ræða almennar aðgerðir sem gagnast öllum heimilum sem urðu fyrir forsendubresti.

Um sé að ræða leiðréttingu á forsendubresti.

Koma þarf upp skýrum hvötum lántakenda til að breyta fjármögnun í óverðtryggð lán.

Leiðrétting sé sú sama hvort sem lán hafi verið í skilum allan tímann eða ekki.

Kostir og gallar metnir við að setja þak á þá fjárhæð leiðréttingar sem hvert heimili getur notið til að stuðla að jafnræði í framkvæmd.

Metið verði hvort leiðrétting verði valkvæð að frumkvæði lántaka.

2. Gerð verði úttekt á kostum og göllum þess að stofna sérstakan leiðréttingsráðgjöf vegna húsnæðislána.

Ef bið verður á því að samningar náist við kröfuhafa þarf að skoða þann möguleika að setja á fót leiðréttingarsjóð vegna húsnæðislána til að aðgerðir í þágu lántaka komist til framkvæmda og til að tryggja gagnsæi og eftirlit

með leiðréttingunum. Teymi sérfræðinga verði falið að leggja fram tillögur um útfærslu og fjármögnun sjóðsins og skili tillögum í nóvember.

3. Kannað verði hvernig gera megi eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálfstendur ekki undir.

Í þeim tilvikum þar sem fólk býr í eigin yfirskuldsettu húsnæði og hefur sannarlega ekki getu til að standa undir húsnæðisskuldbindingum sínum þarf að leita leiða til að losa það undan kröfum sem veðið sjálfstendur ekki undir. Í slíkum tilvikum er gjaldþrot mögulegt en réttaráhrif þess eru mun víðtækari og meira sþyngjandi fyrir skuldarann en gert er ráð fyrir með þessari leið.

4. Skipuð verði verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála.

Verkefnisstjórn verði falið að koma með tillögur að framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Þá verði henni falið að koma með tillögur að nýju húsnæðislánakerfi, meðal annars með það í huga að tryggja virkan leigumarkað og skilvirk félagsleg úrræði fyrir þá sem slíkt þurfa. Meðal annars verði skoðaðar fyrirmyndir frá Norðurlöndunum. Verkefnisstjórnin skal skila tillögum í upphafi árs 2014.

5. Lögfest verði flýtimeðferð dómsmála sem tengjast skuldavanda heimilanna og varða ágreining um lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu.

Innanríkisráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að sett verði tímabundið ákvæði til bráðabirgða í lög nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þar sem skýrt er tekið fram að dómara verði heimilt að taka mál þar sem ágreiningur lýtur að lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu til skjótrar meðferðar.

Í þeirri heimild felst að slík mál skuli strax tekin til meðferðar og allir frestir í máli eiga að vera eins stuttir og mögulegt er með tilliti til aðstæðna sem og að dómur í slíku máli liggi fyrir eins fljótt og auðið er.

6. Sett verði á fót nefnd um afnám verðtryggingar af neytendalánum.

Ljóst er að langtímahagsmunum lántaka er betur borgið til lengri tíma með því að umbreyta lánnum í óverðtryggt lán. Auk þess eru hagfræðileg rök sem lúta að peningamálastjórn í landinu þess efnis að skilvirkara sé að hafa áhrif á einkaneyslu í kerfi þar sem óverðtryggt lán eru stór hluti útgjalda heimilanna. Það er betra fyrir hagstjórn ef fjármagnskostnaður er greiddur jafnóðum í stað núverandi fyrirkomulags þar sem fjármagnskostnaði er velt inn í framtíðina.

Koma þarf til móts við aukna greiðslubyrði í kjölfar þess að áfallnir vextir af lánnum verða greiddir jafnóðum. Þar sem greiðslubyrði óverðtryggðra lána er hærra til að byrja með en af verðtryggðum lánnum mun þessi aðgerð hafa takmörkuð áhrif til þenslu og verðbólgu.

Verkefni nefndarinnar sem skilar tillögum fyrir lok árs 2013 verður að útfæra afnám verðtryggingar nýrra neytendalána. Nefndin meti áhrif þessara breytinga í viðum skilningi og geri tillögur til þess að lágmarka neikvæð áhrif. Að sjálfsögðu er það líka hlutverk nefndarinnar að gera ráðstafanir þannig að kostirnir nýtist til fulls fyrir heimilinn og hagkerfið í heild.

7. Kannað verði hvernig eignalausum einstaklingum verði gert kleift að greiða kostnað vegna gjaldþrotaskipta á búi sínu.

Með þessari aðgerð komi ríkið sérstaklega til móts við þá einstaklinga sem í ljósi fjárhagsstöðu sinnar geta ekki farið fram á gjaldþrotaskipti sjálfir vegna hárrar greiðslu tryggingar fyrir skiptakostnaði. Þetta gæti gerst með þeim hætti að ríkissjóður ábyrgist tryggingu og þar með greiðslu skiptakostnaðar á slíkum tilvikum.

8. Sérfræðingahópur meti möguleika á því að leggja gjald á fjármálafyrirtæki vegna mikilla tafa á endurútreikningi lána.

Um er að ræða úrræði í þágu skuldara til þess að styrkja stöðu þeirra gagnvart fjármálafyrirtækjum sem sjá um endurútreikning lána þeirra. Um leið ætti sektarmöguleikinn að vera hvetjandi fyrir fjármálafyrirtækin til að hraða slíkum útreikningum.

9. Stimpilgjöld af lánsskjölum verði endurskoðuð og stefnt að afnámi stimpilgjalda vegna kaupa einstaklinga á húsnæði til eigin nota.

Með afnámi stimpilgjalda dregur úr kostnaði heimila við lántöku og einnig mun sú aðgerð auka hreyfanleika viðskiptavina milli banka og stuðla þannig að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði.

Í skýrslu nefndar um neytendavernd á fjármálamarkaði sem skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra í apríl 2013 kemur fram að stimpilgjöld í lánaviðskiptum sé kostnaðarliður fyrir íslenska neytendur sem sé sjaldgæfur í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Jafnframt kemur fram að stimpilgjöld voru afnumin í Finnlandi árið 1998 og er það talið hafa aukið vilja viðskiptavina til að skipta um lánveitanda og þar með hreyfanleika þeirra.

10. Hagstofa Íslands fái skýrar heimildir til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

Í frumvarpi sem lagt verður fram nú á sumarþingi verði lagðar til breytingar á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, til að Hagstofa Íslands fái skýrar heimildir til að afla upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja í þeim tilgangi að vinna reglulega tölfræði um það efni og birta ársfjórðungslega. Slíkar upplýsingar munu stuðla að því að stjórnvöld átti sig betur á áhrifum fyrirhugaðra aðgerða.

Gert er ráð fyrir að ráðherranefnd um úrlausnir í skuldamállum heimilanna hafi eftirlit með verkefninu í heild en einstakir ráðherrar sem eiga sæti í henni beri ábyrgð á tilteknum aðgerðum og ríkisstjórnin sem heild muni vinna að framgangi þessara mála. Við vinnuna verði lögð áhersla á að leita eftir víðtækari sátt um þær leiðir sem farnar verða til að ná þeim markmiðum að taka á skuldavanda íslenskra heimila. Það er von mín að uppbyggilegar umræður um þetta brýna mál muni fara fram hér á Alþingi, bæði núna og þegar einstök mál sem tengjast aðgerðaáætluninni koma til kasta þingsins.

Virðulegi forseti. Ég legg til að við lok þessarar umræðu verði þingsályktuninni vísað til efnahags- og viðskiptanefndar og síðari umr.

[14:17]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir greinargerðina.

Framsóknarflokkurinn fékk til þess skýrt umboð frá kjósendum að ráðast í almennar aðgerðir í skuldamálu og afnema verðtryggingu á neytendalánum. Sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar hef ég lýst því yfir að frumvörpum á sumarþingi sem lúta að þessu verði greidd hér leið. Þó að við hefðum gjarnan viljað sjá fleiri slík frumvörp en ekki bara þingsályktunartillögu þá endurspeglar það samkomulag sem er um að klára þá þingsályktunartillögu og umræðuna hér í dag þann góða vilja sem málið mætir í þinginu.

Ég vil hins vegar nota tækifærið og spyrja hæstv. forsætisráðherra um tvennt:

Í fyrsta lagi. Er samkomulag um það milli Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins að banna verðtryggingu neytendalána með lögum? Er það skýrt?

Í öðru lagi. Þegar í þingsályktunartillögunni er talað um að leiðrétta það áfall sem skuldarar verðtryggðra íslenskra lána urðu fyrir í hrúningu upp að ákveðnu þaki, er þá verið að tala um að leiðrétta alla verðbólgu umfram verðbólgu-markmið Seðlabankans? Eiga skuldarnir von á því að þeim verði bætt allt höggð umfram verðbólgu-markmið Seðlabankans upp að einhverju ákveðnu þaki?

Þetta bið ég forsætisráðherra um að upplýsa til þess að skýra sem mest og eyða óvissu um það við hverju fólk má búast í því efni. Er ekki örugglega samkomulag um að verðtryggingin verði bönnuð með lögum og á ekki að leiðrétta allt verðbóluskotið upp að ákveðnu þaki?

[14:19]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir jákvæð viðbrögð og uppbyggileg og treysti því að það gangi eftir sem hv. þingmaður nefndi, að þessi tillaga fái skjótan framgang hér í þinginu, en jafnframt þær tillögur og frumvörp sem á henni byggjast.

Varðandi spurningar hv. þingmanns liggur fyrir samkomulag milli stjórnarflokkanna um þá þætti sem lýst er í tillögunni, þar með talið um þá vinnu sem í hönd fer og hefst nú við afnám verðtryggingarinnar. Ég hef útskýrt það alloft í umræðu um þau mál, bæði fyrir kosningar og eftir, að vinna sérfræðingahóps um afnám verðtryggingarinnar felist ekki hvað síst í því að þau tækifæri sem skapast við afnám verðtryggingar nýtist sem best. Þar af leiðandi hlýtur sá hópur að fá svigrúm til þess að haga tillögum sínum um afnám verðtryggingarinnar á þann hátt að svigrúmið, tækifærin sem afnám verðtryggingar muni skapa, nýtist sem best.

Hvað varðar hins vegar upphæð leiðréttingar er það rétt sem hv. þingmaður nefnir að oft hefur verið litið til verðbólgu-markmiðs Seðlabankans, með vikmörkum að sjálf-sögðu, sem viðmiðunar. Jafnframt hafa menn litið til meðaltalsverðbólgu árin á undan til þess að finna grunninn, finna það sem telja má eðlilegar væntingar neytenda þegar lán eru tekin, eðlilegar væntingar um verðbólgu.

Það verður að sjálf-sögðu líka á verksviði þeirrar nefndar sem útfærir aðgerðirnar svoleiðis að ég treysti því að hv. þingmaður muni, eins og hann gat um í upphafi andsvars síns, gefa þeirri vinnu sem lýst er í þingsályktunartillögunni svigrúm svoleiðis að hún nái öll fram að ganga og gangi greiðlega fyrir sig.

[14:21]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Til að taka af öll tvímæli skil ég svar hæstv. forsætisráðherra þannig að það sé já, og já. Já, það sé samkomulag um að banna verðtryggingu neytendalána með lögum, og já, það eigi að leiðrétta upp að ákveðnu þaki alla verðbólgu umfram verðbólgu-markmiðið, auk vikmarka eins og forsætisráðherrann sagði. Ég bið hæstv. forsætisráðherra um að leiðrétta það ef svarið var ekki einmitt já við báðum spurningunum. Þeim svörum fagna ég. Það eyðir ákveðinni óvissu.

Ég spyr forsætisráðherra í framhaldi hvers vegna ekki er gengið lengra í beinum aðgerðum, af því að þetta er í sjálfu sér bara viljayfirlýsing um nefndarvinnu sem er góðra gjalda vert.

Hér hefur til dæmis í fjórgang verið lagt fram á Alþingi frumvarp Lilju Mósesdóttur, síðast sem mál 23 á þingskjali 23 í vetur, um lyklafrumvarpið svokallaða. Báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir í kosningabaráttunni að þeir vilji að þetta málefni nái fram að ganga. Hvað er því til fyrirstöðu fyrir ríkisstjórnarflokkana að endurflytja einfaldlega það frumvarp sem hefur fjórum sinnum komið fram af hálfu þess ágæta þingmanns sem lagði mikið til þessara mála, Lilju Mósesdóttur, í vetur? Er ekki sjálf-sagt að gera þetta strax og láta það verða að veruleika en láta það ekki bíða fram í nóvember, af því að knýjandi er vandi þeirra sem þurfa á lyklafrumvarpinu að halda?

Hitt er kannski spurningin: Ef fyrirsjáanleg er mjög mikil leiðrétting á skuldum heimila, er þá ekki tilefni til þess a.m.k. að hugleiða það hvort hægt sé þurfi eitthvað að eða stöðva, eins og við gerðum tímabundið á síðasta kjörtímabili, aðfarir að fólki, uppboð og annað slíkt ef fólk sem er í fjárhagserfiðleikum núna á von á því eftir hálf ár eða ár að fá verulega úrlausn sinna mála? Væri ekki synd ef farið væri í harkalegar aðgerðir gagnvart því í millitíðinni? Ætlar forsætisráðherra að grípa til einhverra beinna aðgerða til að stoppa það (Forseti hringir.) að gengið sé að fólki þar til það er búð að fá þessa leiðréttingu sína?

[14:23]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður áréttaði hér mat sitt á því hvað ég hefði sagt og það er svo sem gagnlegt því að það hefur hent helst til oft að undanfögnu, sérstaklega eftir kosningar en líka að töluverðu leyti fyrir kosningar, að menn hafi túlkad það sem hefur verið sagt um þessi mál hver á sinn hátt. Hv. þm. Helgi Hjörvar er búinn að útskýra sinn skilning og mun væntanlega, eins og mér heyrðist á hv. þingmanni, beita sér fyrir því að sú verði niðurstaðan. Hann mun væntanlega tala fyrir því að nefnd um afnám verðtryggingar, ef ég skildi hv. þingmann rétt, leggi það til

að verðtrygging neytendalána verði bönnuð strax frá þeim degi þegar hún skilar niðurstöðu.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að svigrúm nefndarinnar hlýtur að verða til þess að nýta sem best afnám verðtryggingar fyrir heimilin og hagkerfið í heild og hún skili þá niðurstöðu sem er til þess fallin.

Ég hef tekið eftir mati hv. þingmanns á því hver væri æskilegasta niðurstaðan. Hann birtir þá niðurstöðu nú eftir kosningar. Það er ekkert að því að menn skipti um skoðun á milli kosninga, en það er ánægjulegt að hann skuli vera orðinn mjög afdráttarlaus hvað þessi mál varðar.

Hvað varðar hins vegar fyrirspurn hv. þingmanns um það hvort ekki sé rétt að afgreiða strax tillögu, sem hv. þingmaður minnir á að hafi verið lögð fram fjórum sinnum á Alþingi af fyrverandi þingmanni, Lilju Mósesdóttur, þá hljómar það óneitanlega svolítið sérkennilega þegar hv. þingmaður er nýkominn úr stjórnarmeirihluta sem gerði ekkert með tillögu sem var lögð fram fjórum sinnum, eins og hv. þingmaður nefndi, að hann skuli ætlast til þess að hún sé lögð fram á fyrsta degi nýrrar ríkisstjórnar. Sú til-laga sem hv. þingmaður vísaði til, eins og aðrar tillögur sem varða stöðu skuldamála heimilanna, þarf að haldast í hendur við heildarlausn þessa vanda. Það er nálgunin sem lagt er upp með með þessari þingsályktunartillögu, að hún feli í sér (Forseti hringir.) heildarlausn og þá verði lítið til allra þátta, m.a. þeirra þátta sem hv. þingmaður spurði um.

[14:26]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf) (andsvar):**

Herra forseti. Sem meðlimur í efnahags- og viðskipta-nefnd hlakka ég til að fara í saumana á þessari tillögu og mun skila vönduðu álitu mínu og Bjartrar framtíðar á henni að lokinni nefndarvinnu. Ég ætla því að láta nægja að þessu sinni að spyrja hæstv. forsætisráðherra einfaldlega nokkurra spurninga.

Það vekur athygli mína að hér er mjög lítið um beinar aðgerðir. Skuldamálin voru einhver stærstu mál síðasta kjörtímabils, fjölmargt um þau rætt, mjög margar skýrslur skrifaðar og margir starfshópar störfuðu að þeim málum, m.a., að mig minnir, nokkrir starfshópar um skuldaniðurfellingingu. Seðlabankinn gerði sérstaka úttekt á þeirri hug-mynd. Það var nefnd um verðtryggingu sem þáverandi hv. þm. Eygló Harðardóttir veitti forstöðu. Það voru skrifaðar vandaðar skýrslur um verðtryggingu. Lyklafrumvarpið var lagt fram fjórum sinnum og fékk náttúrlega umfjöllun hér í nefndum eins og önnur frumvörp.

Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin hafa nokkuð skýrt umboð til aðgerða í skuldamálum. Í ljósi þess að búið er að skrifa mikið af úttektum, fara mikið í saumana á þess-um málum og fjallað mikið um þau í kosningabaráttunni, af hverju er ekki meira um beinar aðgerðir að ræða í tillög-unní? Eru þær ekki mótaðar?

Í öðru lagi. Stendur til að nýta alla þá vinnu og alla þá niðurstöðu, t.d. greiningu Seðlabankans á áhrifum skulda-niðurfellingar, í þeirri vinnu sem fyrir höndum er?

[14:28]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðmundur Steingrímsson verður að virða nýrri ríkisstjórn það til vorkunnar að hún getur ekki í ljósi reynslunnar leyft sér að taka þá vinnu sem síðasta ríkisstjórn lét vinna, úttektir á stöðu skuldamála heimilanna, og byggt tillögur sínar á þeirri vinnu, þótt ekki væri nema í ljósi reynslunnar, í ljósi þess að í fjögur ár hefur hér verið horft upp á það að sú vinnu sem hv. þingmaður vísar til skilaði stundum engu og stundum jafnvel verri nið-urstöðu en ef ekkert hefði verið gert. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður verður því að sýna því skilning að ný ríkisstjórn (Gripið fram í.) vilji kynna sér stöðu mála og útfæra tillög-ur út frá því. Hann verður jafnframt að sýna þá sanngirni að minnast þess að í umræðu um þau mál hafa þau alltaf verið tengd öðrum málum, til að mynda uppgjöri á þrotabúi gömlu bankanna. Það er engin ný tíðindi í því.

Hv. þingmaður hlýtur líka að skilja að ný ríkisstjórn vilji læra af mistökum fyrri ríkisstjórnar og setja ekki lög sem ekki standast skoðun, vilji vanda til verks og setja eingöngu lög sem munu standast fyrir dómstólum og standast hvað varðar sanngirni.

Að öðru leyti vil ég bara hvetja hv. þingmann til þess að taka undir með hv. þm. Helga Hjörvar sem lýsti því yfir áð- an að hann mundi ekki standa í vegi fyrir framgangi þessara mál heldur þvert á móti vinna að því að þau næðu sem hraðast og best fram að ganga.

[14:30]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf) (andsvar):**

Herra forseti. Það hvarflar ekki annað að mér eða þing- mönnum Bjartrar framtíðar en að fjalla um þessi mál af sanngirni og yfirvegum, en mér finnst stórar spurningar tengdar því öllu saman.

Ég velti fyrir mér hvað hæstv. forsætisráðherra á við þegar hann talar um skýrslur síðasta kjörtímabils. Ég var meðal annars að vísa í nokkuð margar niðurstöður nefndar um verðtryggingu sem þingmaður í hans flokki veitti for- stöðu. Ég er að vitna í úttekt Seðlabankans sem starfar ekki á vegum ríkisstjórnarinnar heldur átti að vera og var hlut- laus úttekt á lánamarkaðnum og leiddi meðal annars í ljós að þeir sem einkum mundu njóta skuldaniðurfellingar, mjög dýrrar skuldaniðurfellingar, er fólk með miklar eignir. Það eru áhöld um hvort þessi aðgerð mundi leysa vanda fólks sem til dæmis á í greiðsluerfiðleikum. Þetta er bara niðurstaða af talnalegri greiningu Seðlabankans þannig að það má spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann vonist til að hans greining leiði til einhverrar annarrar niðurstöðu. Maður veltir því fyrir sér hvort það veganesti sem er fyrir hendi í margs konar vinnu, sem hefur farið fram í þessum málum muni nýtast í framhaldinu.

Mér finnst margar áleitnar spurningar þessu tengdar, eins og t.d. verðtryggingunni. Það liggur fyrir að meðan við búum í verðbólguþjóðfélagi — ég get alveg fallist á að verðtryggingin ýti á vissan hátt undir verðbólgu, en hún er ekki eini orsakabátturinn. Þannig að mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er það ekki áhyggjuefni, ef til dæmis á að afnema verðtryggð lán, að greiðslubyrði af



óverðtrygðum lánnum er mun meiri eins og efnahagslífið er? Verður það ekki svolítið erfið aðgerð?

Svo langar mig líka að spyrja (Forseti hringir.) þeirrar stóru spurningar hvort farið verði í þessar aðgerðir allar algjörlega óháð því hvort takist að fjármagna þær með samningum við kröfuhafa?

[14:32]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mörgum þeirra spurninga sem hv. þingmaður spurði er svarað í greinargerð og tillögnum sjálfum. Raunar gerði ég það líka að nokkru leyti í ræðu minni áðan. Ég mun reyna að fara yfir það aftur eftir því sem tími vinnst til.

Fyrst varðandi þær nefndir sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega, nefnd um verðtryggingu og svo mat Seðlabankans eða þau álit sem hv. þingmaður nefndi. Verðtryggingarnefnd, sú sem hæstv. ráðherra Eygló Harðardóttir veitti forustu, skilaði niðurstöðu sem bar það með sér að í nefndinni var fólk með mjög ólíka sýn á verðtrygginguna. Fyrir vikið skilaði hún í rauninni fyrst og fremst yfirliti yfir ólíkt mat hvað varðar verðtryggingu. Það er ekki tilgangurinn með þeirri nefnd sem falið verður að vinna að afnámi verðtryggingarinnar.

Hvað varðar hins vegar mat Seðlabankans sem hv. þingmaður vísar til er ég algjörlega ósammála því mati, eins og var töluvert rætt þegar það mat var birt og í kosningabaráttunni.

Hv. þingmaður nefndi sérstaklega í fyrri andsvari að ríkisstjórnin hefði skýrt umboð — skýrt umboð — til að ráðast í þær aðgerðir sem hún hefði talað fyrir fyrir kosningar. Þess vegna, einmitt vegna þess að ríkisstjórnin hefði svo skýrt umboð, vildi hv. þingmaður sjá tillögur í samræmi við það. Það umboð er til þess að ráðast í aðgerðir sem eru mjög ólíkar að mati Seðlabankans. Það getur því ekki farið saman, það sem hv. þingmaður sagði um skýrt umboð til að ráðast í aðgerðir sem þessir stjórnarflokkar hafa talað fyrir og mat Seðlabankans sem fór í allt aðra átt. Við munum að sjálfsögðu beita okkur fyrir stefnu okkar en ekki stefnu fyrrverandi ríkisstjórnar í skuldamálu heimilanna. Það á við um mat Seðlabankans og allt annað mat sem unnið var í tíð þeirrar ríkisstjórnar.

Hvað varðar greiðslubyrðina er því svarað í greinargerð sem og (Forseti hringir.) öðrum athugasemdum eða spurningum hv. þingmanns.

[14:34]

**Arni Páll Arnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að við getum rætt þessa tillögu til þingsályktunar sem lögð er fram af hæstv. forsætisráðherra. Við höfum lengi beðið eftir því að fá að sjá á spil ríkisstjórnarinnar um efnidir á stórum og digrum skuldaloforðum í aðdraganda þingkosninga og gott að fá að sjá það útspil sem frá ríkisstjórninni kemur.

Ég ætla samt að segja í byrjun að mér finnst ekki mjög skýrt kveðið að orði í tillögunni og erfitt er að átta sig á sumum tillögnum. Ég verð þess vegna að segja í framhaldi af andsvörum hæstv. forsætisráðherra áðan að mér þykir

forsætisráðherra líka helst til hvefsinn þegar spurt er út í skilning á einstökum þáttum tillögunnar. Það er óljóst orðað og slegið nokkuð úr og í, ég ætla að fara betur yfir það í máli mínu, og ekki er óeðlilegt að þingið óski eftir að fá skýr svör við til dæmis því eins og hér var verið að ganga á eftir áðan: Er það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn sé kominn að þeirri niðurstöðu að banna eigi verðtryggingu með lögum? Það hefur hingað til ekki verið afstaða Sjálfstæðisflokksins og það er mikilvægt að okkur sé sagt það og þjóðin á rétt á því. Það skiptir máli að þessi grundvallaratriði komi skýrt fram í umræðu í þinginu. Ef menn ætla að virða þingið verður líka að koma hreint fram og segja hlutina eins og þeir eru.

Hér hefur í fyrsta lagi nokkuð verið rætt um að maður hefði kannski viljað sjá meiri beinhardar aðgerðir. Hæstv. forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin þurfi tíma til að útfæra þær og víst er um það. En því verður ekki á móti mælt að sérstaklega Framsóknarflokkurinn háði kosningabaráttu á grundvelli ákveðinna loforða, skýra loforða, þar sem ekki var rúm fyrir nokkurn efa. Hæstv. forsætisráðherra sagði það skýrt aftur og aftur: Það er hægt að leiðrétta forsendubrestinn, ég veit að það er hægt, ég mun gera það. Frambjóðendur Framsóknarflokksins lofuðu því að það yrði gert strax í sumar. Það er út af því sem við biðjum um skýr svör og við rekum á eftir þeim og viljum fá þau strax.

Þegar maður sér síðan tímasetningarnar í þessu þar sem lagðar eru upp tvær nefndir dettur mér nú í hug gamansaga af einum búskussa fyrir vestan. Það var þannig að hann var alltaf heyllaus á hverju vori og búpeningurinn kom illa undan vetri og menn furðuðu sig mikið á því, því að hann bjó á góðri jörð. Svo kemur gestur í heimsókn til hans í byrjun september og það er ekki byrjað að slá, öll grös fallin, allar slægjur gular. Gesturinn segir: Bíddu, það er byrjun september og þú ert ekki byrjaður að heyja. Þá horfir karlinn á gestinn og segir: Nei, október hefur löngum reynst mér drjúgur heyskaparmánuður.

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að ekki er mikil næring í heyi sem slegið er í október. En mér sýnist á þessari tillögu að ríkisstjórnin ætli nóvember að verða að drjúgum heyskaparmánuði, heyskaparmánuðurinn er nóvember. Ekki er lagt upp með að efa á nokkurn hátt skýr fyrirheit frambjóðenda um að skuldalækkun kæmi til framkvæmda og leiðréttingar í sumar. Það er beinlínis sagt: Við ætlum að fara í heyskap í nóvember. Svo skulum við sjá hversu næringarríkt það fóður verður sem þá verður í boði.

Um almennar athugasemdir við þingsályktunartillöguna vil ég segja þetta: Þar kemur fram sú afstaða stjórnarflokksanna sem er grundvallarstefnumörkun og breyting á viðhorfum þeirra beggja, sérstaklega Sjálfstæðisflokksins, að leiðrétta eigi verðbóluskot. Með öðrum orðum, að hjá þjóð sem hefur búið við meiri meðaltalsverðbólgu en nokkur önnur vestræn þjóð í áratugi sé verðbóluskot orðið að náttúruhamförum sem þjóðin beri ábyrgð á að bæta fórnarlömbum. Það er gríðarlega alvarleg og mikil ákvörðun og mikil tímamótaákvörðun í hagstjórn á Íslandi. Við höfum lifað við þá verðbólgu og talið var að við yrðum einhvern veginn að bögglast í gegnum byrðarnar af henni saman.

Nú er það sem sagt þannig að verðbóluskot er orðið náttúruhamfarir samkvæmt þessari skilgreiningu. En jafn-

framt er boðað að tryggja þurfi jafnræði og skilvirki úr-  
ræða og, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði áðan í and-  
svari, að allar aðgerðir þyrftu að standast stjórnarskrá og  
vera þar af leiðandi í samræmi við almenn jafnræðisjónar-  
mið.

Þá blasir við að spyrja þriggja spurninga. Í fyrsta lagi.  
Hvað með hið raunverulega stærsta tjón sem nú hefur verið  
leitt í ljós í mörgum greiningum að er miklu meira en tjón  
fasteignaeigenda, og það er tjón leigjenda sem hafa greitt  
verðtryggða leigu frá hrúni? Fyrir liggur og einfalt er að  
færa á það sönnur að tjón þeirra er meira, forsendubrestur  
þeirra er meiri af því að þeir hafa ekki fengið að njóta  
hækkunar eigna á móti. Hvernig á að fara með það? Ég  
sakna þess að ekki sé minnst einu orði á leigjendur. Það  
hlýtur að vera grundvallarkrafa að þeir sem hafa borgað  
verðtryggða leigu séu nefndir þarna með.

Annað varðar námsmenn. Hvað með hækkun verð-  
tryggðra námslána? Ef viðmiðið er verðbóluskot, tjón  
vegna verðbóluskots, þá er tjón allra þessara aðila sem  
bera verðbóluskotið jafngilt, ef menn meina eitthvað með  
orðum um jafnræði. Það leiðir auðvitað hugann að fyrri  
verðbóluskotum. Ef þessi stefna er búin til, hvenær fyrmist  
tjón vegna verðbóluskota? Hvað með verðbóluskotið upp  
úr aldamótum? Hvað með fyrri verðbóluskot? Hvað með  
fyrri misgengistímabil upp úr 1990, upp úr 1980? Hvað um  
fólkið sem glataði öllu sínu í óðaverðbólgu 1983 o.s.frv.?  
Með því að viðurkenna tjón vegna verðbóluskots í verð-  
bóluglandi eru menn auðvitað að búa til fjölmargar spurn-  
ingar um jafnræði sem ekki er svarað á nokkurn hátt hér.

Enn eitt vildi ég nefna vegna þess hvernig málin eru  
lögð upp. Þetta á greinilega að vera ríkisstjórnar- og sér-  
fræðingaverkefni. Það er breyting frá því sem áður hefur  
verið. Hæstv. forsætisráðherra talaði áðan af nokkru steig-  
urlæti gagnvart verkum fyrri ríkisstjórnar í skuldamállum.  
Frá því að við komum fram með fyrsta málið varðandi  
skuldir heimilanna höfðum við þverpólitíska samstöðu að  
leiðarljósi; í allsherjarnefnd þegar ég var formaður allsherj-  
arnefndar og við komum að fyrstu greiðsluáðlgunarlögum  
yfir kosningarnar 2009, þegar ég kom sem félagsmála-  
ráðherra með lög sem heimiluðu í fyrsta sinn afskrifir  
skulda einstaklinga og fyrirtækja haustið 2009. Þá bjuggum  
við meira að segja til þverpólitíska nefnd. Hv. þm. Unnur  
Brá Konráðsdóttir — af því að hún situr hér yfir framan  
mig vil ég nefna það — var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í  
þeirri nefnd og sú nefnd starfaði missirum saman. Ég vil  
sérstaklega hrósa hv. þingmanni fyrir að hún var alltaf svo  
uppbyggileg og vann svo vel í öllum þessum málum og við  
náðum þverpólitískri samstöðu um öll þessi lykilskrif. Við  
náðum að þjappa okkur mjög vel saman um skilning á  
helstu viðfangsefnum skuldamála.

Ég sakna slíkra vinnubragða hér. Það er hvergi nefnd  
þverpólitísk samstaða. Stjórnarandstaðan á ekki að koma að  
þessu á nokkurn hátt og það er grundvallarbreyting frá því  
sem áður hefur verið. Og af því að nefnd var verðtrygging-  
arnefnd hæstv. núverandi ráðherra, Eyglóar Harðardóttur,  
þá er það einmitt enn eitt dæmið um samvinnuna sem við  
vorum að reyna að hafa, að gefa stjórnarandstöðuping-  
manni færi á því að leiða stefnumarkandi vinnu að þessu  
leyti.

Í þessum dæmum felst auðvitað ákveðin hvatning til  
nýrrar ríkisstjórnar um að tileinka sér þau opnu vinnubrögð  
sem við tileinkuðum okkur í umfjöllun um skuldir heimil-  
anna á síðasta kjörtímabili.

Kemur þá að einstökum þáttum tillögunnar sem ég vildi  
fjalla sérstaklega um. Það eru vissulega mörg atriði af þeim  
tíu liðum sem mér þykja skynsamleg, en mér finnst skýrtíð  
að menn hafi ekki skýrt frumvarp í einu einasta þeirra því  
að búið er að vinna mikla grunnvinnu og ætti að vera hægt  
að vinna það hratt.

Ég tek hér sérstaklega til hvað varðar verkefnisstjórn um  
framfararskipan húsnæðismála í fjórða liðnum. Ég tel alveg  
ljóst að það er mikilvægt verkefni og endurskipulagning  
húsnæðismarkaðarins. Búið er að vinna gríðarlega vinnu í  
því efni á undanförunum árum og hún mun vonandi nýttast  
þeirri verkefnisstjórn. Þetta er verkefni sem skiptir máli og  
á að leiða til lykta í þverpólitísku samstarfi.

Annað sem ég tek undir er atriði sem mér hefur lengi  
hugnast vel, það sem hér er nefnt um að tryggja eignalaus-  
um einstaklingum leið til að komast undan skuldum þannig  
að þeir þurfi ekki að greiða kostnað af eigin gjaldþroti. Það  
er eðlilegt að nýta allar leiðir, jafnt svipur sem hvata á fjár-  
málafrirtæki til þess að hraða endurútreikningi lána og  
vinnslu skuldaúrreða. Þegar ég var efnahags- og viðskipta-  
ráðherra gerðum við einmitt mikið í því að setja inn hvata  
hvað það varðaði að láta það kosta bankana mjög mikið að  
vinna ekki í skuldamállum. Við stóðum gegn öllum hug-  
myndum um að hægt væri að túlka vanskil þeirra hóflegri,  
með öðrum orðum að þeir gætu komist hjá kostnaði sem  
fylgdi því að gera lítið í skuldamállum. Þeim mun meira  
sem þeir gerðu í skuldaúrvinnslu og því meira og hraðar  
sem þeir afskrifuðu, þeim mun meira nutu þeir.

Að sjálfsögðu er eðlilegt að afnema stimpilgjöld. Ég  
velti því hins vegar upp, eins og kom fram í hádegisfréttum,  
að forstjóri Persónuverndar gerði athugasemdir við frum-  
varp forsætisráðherra um heimildir Hagstofunnar vegna  
fjárhagsstöðu einstaklinga. Það er auðvitað sjónarmið  
hversu langt beri að ganga í því að safna persónugreinan-  
legum upplýsingum um skuldir fólks. En stóru atriðin eru  
fyrsti þátturinn þar sem sagt er að sérfræðingahópur eigi að  
útfæra mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun  
verðtryggðra húsnæðislána og gera tillögur þar að lútandi.

Nú verða hv. þingmenn að fyrirgefa mér þó að ég fari  
hér í nokkra textaryni því að þetta er það eina sem við fáum  
frá ríkisstjórninni. Hæstv. forsætisráðherra skýrði ekki mik-  
ið einstaka þætti í máli sínu áðan. Ég vona að hann hjálpi  
mér, ef hann kemur í andsvar á eftir, að skilja þættina. En  
eins og ég les þetta, og nú er ég bara að vinna út frá ein-  
faldri textaryni því að þetta er mjög knosaður texti og óljós,  
er talað um almennar aðgerðir sem gagnist öllum heimilum  
sem urðu fyrir forsendubresti. Þá spyr ég aftur: Leigjend-  
um, námsmönnum? Hvað er að verða fyrir forsendubresti?

Talað er um skýra hvata lánataka til að breyta fjár-  
magnun í óverðtryggð lán, og síðan er fjallað í löngu máli í  
umfjöllun um fyrsta liðinn um nákvæmlega þann þátt. En  
svo sagði forsætisráðherra áðan að það sé þó ekki skylda.  
Ókei. Af hverju er þá verið að fókusera svona mikið á um-  
breytingu í óverðtryggð lán þegar verið er að tala um leið-  
réttingu á forsendubresti? Af hverju er verið að rugla því

tvennu saman ef það er ekki skylda? Það sem ég les út úr þessu er að verið sé viljandi að hræra saman ólíkum hlutum til þess að segja á endanum: Niðurstaða sérfræðingahópsins er að hér sé leiðrétting á forsendubrestinum og hún felst í umbreytingu yfir í óverðtryggð lán og núvirdingu lánanna og engu öðru. Hér segir líka jafnframt að metinn verði fýsileiki þess að lækka höfuðstól lána með skattafslætti. Útfærsla gæti orðið þannig að lántakendum verði gert kleift að greiða inn á höfuðstól lána og njóta skattafsláttar í staðinn. Halló, halló, þetta er tillaga Sjálfstæðisflokksins frá því í síðustu kosningabaráttu. (**Forsrh.:** Og okkar.) Hún er um að menn greiði inn á lánin og fái skattafslátt á móti, þeir sem hafi fjármuni til að lækka lánin sín njóti þess og þeir fái viðbótargreiðslur. Þeir sem ekki hafa efni á að borga inn á lánin sín og lækka þau þannig sitja uppi með forsendubrestinn. Bíddu, það er ekki að leiðrétta forsendubrest, hæstv. forsætisráðherra. Það er að mismuna fólki á grundvelli efnahags. Bara þeir sem eiga handbætt fé til að greiða inn á lánin sín munu njóta einhvers en ekki hinir. Það er ekki jafnræði. Mér þykir það, meira að segja að ýja að þeirri leið, vera staðfesting á því að menn eru þegar komnir burt frá jafnræðinu.

Virðulegi forseti. Síðan segir í lokin á þessum fyrsta lið að samhliða skoðun á þeim leiðum sem færar eru til að leiðrétta forsendubrestinn þurfi að skoða aðrar leiðir sem geta verið færar til að nýta það svigrúm sem að öllum líkindum myndast samhliða uppgjöri þrotabúa gömlu bankanna til að koma til móts við lántakendur. Halló, halló, aftur. Samhliða skoðun á þeim leiðum sem færar eru til að leiðrétta forsendubrestinn — það er eitt sem á að gera, leiðir til að leiðrétta forsendubrestinn — þá á að skoða aðrar leiðir sem geta verið færar til að nýta svigrúmið sem að öllum líkindum myndast samhliða uppgjöri þrotabúanna. Annað var sagt við okkur í kosningabaráttunni. (**Gripið fram í:** Nei.) Þá átti leiðréttingin ekkert að kosta vegna þess að nýta ætti svigrúmið úr uppgjöri þrotabúanna. En hér eiga að vera til tvær mögulegar leiðir, önnur sem felur í sér að nýta svigrúmið úr uppgjöri þrotabúa gömlu bankanna og svo einhver önnur. Hver er hún? Hver á að borga þá leiðréttingu á forsendubresti?

Þetta er svo óskýrt orðað að það er ekki boðlegt, það getur enginn skilið hvað hér er átt við. Er verið að finna leiðir til að leiðrétta forsendubrest með einhverju utanaðkomandi fé? Segið það þá, þá verður að segja það að koma eigi nýtt fé úr þrotabúum gömlu bankanna, það sé grundvallarforsenda. Og um hvað á þá leiðréttingin að snúast? Er það umbreyting í óverðtryggð lán, með öðrum orðum höfuðstólslækkun, eins og bankarnir auglýstu fyrir nokkrum missirum þar sem menn gátu fengið höfuðstólslækkun með því að fara yfir í óverðtryggð lán, af því að núvirdingin lækkaði höfuðstólinn en afborganimar hækkuðu? Eða er eitthvað annað í spilunum?

Hér er bara verið að tala með almennu blaðri og lofti um ekki neitt. Það er ekkert í þessu efnislegt sem hönd á festir. Það er ekki sæmandi ríkisstjórn sem situr í krafti þess að hafa lofað mönnum handföstum aðgerðum í skuldalækkun núna í sumar. Það er ekkert í þessu.

Virðulegi forseti. Síðan horfir maður á aðra þætti og ég staðnæmist við þriðja þáttinn, um að kannað verði hvernig

gera megi eigendum yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálfstendur ekki undir. Ég hef skilið þetta þannig eins og bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur sögðu í kosningabaráttu að þeir vildu setja lykjalög þannig að fólk gæti losnað undan eignunum sínum. En hér er þetta orðað á mjög undarlegan hátt. Það er eins og menn átti sig ekki alveg á umgjörðinni sem býið er að skapa með greiðsluáðlögunarlöggjöfinni annars vegar og 110%-leiðinni hins vegar. Það er í boði í dag, 110%-leiðin sem gerir fólki kleift að fá skuldir lækkaðar niður að verðmæti eignar og halda henni. Síðan er hægt að útfæra þá leið betur. Við lögðum það til í kosningabaráttunni að leggja þyrfti meira fé í að útfæra hana betur til að tryggja jafnræði milli einstakra lánastofnana. Sú leið hefur sem sagt verið prófuð. (**ELA:** Ekki gefið góða raun.) Ja, hún gerir fólki kleift að komast niður að verðmæti eignarinnar og halda eigninni. (Gripið fram í.)

Hér er verið að tala um að gera fólki kleift að losna undan því sem er umfram verðmæti eignarinnar og tapa eigninni, tapa henni, skila henni. Það er hægt í greiðsluáðlögun í dag. Það er líka hægt í greiðsluáðlögun að halda eigninni og losna við kröfur umfram. Ég átta mig því ekki alveg á hvað er verið að útfæra hér. Það er býið að útfæra leiðir til þess að losna undan kröfum sem veðið stendur ekki undir. Sú leið er til og heitir greiðsluáðlögun í dag. Hvað vilja menn nákvæmlega gera við það? Hverju vilja menn breyta þar? Vilja menn setja það sem almenna reglu að fólk fái ekki að halda eignum og fá kröfur lækkaðar niður að verðmæti eins og er hægt í 110%-leiðinni? Er það markmið að menn þurfi alltaf að skila eigninni til að losna undan viðbótarkröfum? Ég átta mig ekki á hver nýlundan á að vera í ljósi þess hvað liggur nú þegar fyrir.

Síðan eru það tímamót, sem kemur fram í sjötta liðnum, að settur verði á fót sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytendalánum. Auðvitað er almenningur búinn að velja, almenningur er hætstur að taka verðtryggð lán. Það er afleiðing af misgenginu og fólk er skelft eftir upplifun síðustu ára. En það eru tímamót að Sjálfstæðisflokkurinn skrifi upp á það í stjórnarsáttmála að banna þetta með lögum. Eins og hæstv. forsætisráðherra skýrði hér áðan liggur fyrir afstaða beggja stjórnarflokkanna um að það skuli banna þetta með lögum og verkefnið er allt annað, eins og hann sagði, en það hefði verið í sérfræðingahópi hv. þáverandi þm. Eyglóar Harðardóttur. Ekki umræða um kosti og galla verðtryggingar heldur þvert á móti eigi þessi sérfræðingahópur að afnema hana. Og það liggur þá fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn styður Framsóknarflokkinn núna í því að banna verðtryggingu á neytendalán.

[14:55]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Eins og gerist oft þegar hv. þm. Árni Páll Árnason fer yfir hlutina þá vinnst ekki tími til að leiðrétta allar rangfærslurnar sem fram koma í máli hv. þingmanns. Ég veit að virðulegur forseti sýnir þessu skilning. Ég mun reyna að bæta úr þessu hér í lokin þegar ég held aðra ræðu til að fara yfir ýmsar mistúlkanir sem þegar hafa komið í ljós.

Ræða hv. þingmanns virtist nánast eingöngu byggjast á því að reyna eftir fremsta megni að snúa út úr þeim liðum sem raktir eru í þingsályktunartillögunni lið fyrir lið. Mér þótti það skjóta nokkuð skökku við í ljósi þess að hv. þingmaður er nýbúinn að lýsa því yfir að hann ætlaði ekki að standa í vegi fyrir því að sú stefna sem framsóknarmenn boðuðu í kosningunum í skuldamálum heimilanna næði fram að ganga, að úrslit kosninganna hefðu sýnt að ríkisstjórnin ætti að fá tækifæri til að hrinda þeim í framkvæmd.

Ég geri hins vegar sérstaka athugasemd við það, og það er ástæðan fyrir því að ég bað um andsvar, að hv. þingmaður haldi áfram að skálda upp hvað núverandi hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafi sagt í aðdraganda kosninga og jafnvel eftir kosningar. Það gengur ekki að hv. þm. Árni Páll Árnason haldi enn áfram, eftir að búið er að leiðrétta hann nokkrum sinnum, að fullyrða að framsóknarmenn hafi boðað að það yrðu sendar út einhverjar ávísanir eða fólk fengi peninga borgaða strax í sumar vegna skuldaleiðréttingaraðgerða.

Það hefur legið fyrir frá upphafi að þetta héldist í hendur við annað, tengdist öðrum málum og óhjákvæmilegt væri að vinna þetta samhliða þeim. Enda var það síðasta vígi hv. þingmanns í kosningabaráttunni, þegar var búið að fallast á forsendur framsóknarmanna að öðru leyti, að segja: Já, en gallinn er þó sá að þetta tekur of langan tíma.

[14:57]

#### Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég vil í fullri vinsemd segja við hæstv. forsætisráðherra, því að við erum að hefja nýtt kjörtímabil, að það er ekki til fyrirmyndar sá plagsiður hans að hefja öll andsvör við mig með því að saka menn um bull og þvætting o.s.frv. Ég ætla bara að segja þetta í fullri vinsemd af því að mér finnst að hann eigi að vera maður meiri sæva og sanda en þetta. Hann á alveg að geta rætt efnislega við mig og komið með efnislegar athugasemdir um það sem ég segi án þess að vera stöðugt með svona persónuleg hnjóðsyrði. Ég forðast þau í hans garð og mun halda því áfram.

Eins og hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan þá hef ég margoft sagt að við munum ekki standa gegn því að framsóknarmenn komi málum sínum fram á þessu sumarþingi og standi við loford sín. Það hef ég margsagt og við það stend ég og við samfylkingarmenn. Ég stend ekki gegn neinu þó að ég standi hér og reifi ágalla á því sem hér er lagt fram.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra verður að átta sig á því að þegar ég segi að við munum ekki standa gegn því að framsóknarmenn framfylgi og komi því fram sem þeir hafa lofað þá er þetta ekki það sem þeir hafa lofað. Þetta er bara ekki það sem þeir hafa lofað og það er ekkert óeðlilegt við það að við bendum á (Forseti hringir.) í umræðum í þinginu að það sé ekki verið að efna það sem var lofað.

[14:59]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):

Virðulegur forseti. Það var líka bara í fullri vinsemd að ég reyndi einu sinni sem oftast að benda hv. þingmanni á að

það væri ekki gagnlegt fyrir uppbyggilega rökræðu að halda fram tómri vitleysu. Það væri t.d. miklu skynsamlegra varðandi þessa umræðu ef hv. þingmaður eyddi ekki löngum tíma í að fullyrða að framsóknarmenn hefðu haldið ýmsu fram sem þeir héldu ekki fram.

Ef hv. þingmaður færi til dæmis bara yfir þessa tillögu og mæti kosti hennar og galla í stað þess að skálda jafnóðum upp hvað stendur í henni væri það miklu uppbyggilegri og gagnlegri umræða ef hv. þingmanni er alvara með það að hann vilji raunverulega sjá framgang þessa máls.

Það lá fyrir í kosningabaráttunni og eftir kosningar fyrir hvað framsóknarmenn stæðu í skuldamálu heimilanna og sú tillaga sem hér er kynnt er fullkomlega í samræmi við það.

[15:00]

#### Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan, ég held að okkur færi betur að gefa mönnum ekki einkunnir með almennum gífuryrðum eins og „vitleysa“ og „bull“ og „leiðrétta bull og þvætting“ heldur svörum gagnrýni efnislega.

Ég get alveg talið upp þau tilvik þar sem frambjóðendur Framsóknarflokksins lofuðu aðgerðum strax. Hvað þýðir það þegar forsætisráðherrann núverandi, formaður Framsóknarflokksins, horfir í augu þjóðarinnar kvöldið fyrir kjördag í sjónvarpsauglýsingu og segir: Þetta er hægt, ég veit það. Ég veit að þetta er mögulegt. Við getum gert þetta? (Forsrh.: Enda er ...) Bíddu, hér er ekki verið að gera neitt sem menn vita hvernig á að gera. Það á að setja á fót nefndir til að finna út úr því hvernig á að gera þetta. Það eru fyrstu brigðin, hæstv. forsætisráðherra. (Gripíð fram í.)

[15:01]

#### Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):

Hæstv. forseti. Það veldur mér vonbrigðum að hv. þm. Árni Páll Árnason skuli gera lítið úr stökkbreytingu hús-næðislána með því að kalla þau verðbóluskot. Það kann að vera að það sé þess vegna sem hann sagði eftir kosningar að hann og flokkur hans hefðu bedið afhroð vegna þess að þeir hefðu ekki skilið hvað brann á þjóðinni. Líklega er það þess vegna. Það er kannski líka þess vegna sem hann og hans ágæti flokkur hreyfðu hvorki legg né lið fyrir heimilinn í landinu meðan tækifæri var til.

Mismunurinn er kannski sá (Gripíð fram í.) að meðan hv. þingmaður hlustaði ekki á þjóðina gerðum við framsóknarmenn það. Og við hlustuðum ekki bara á þjóðina, við höfðum kjark til að koma fram með alvörutillögur að því hvernig hægt væri að leysa úr vanda þessara heimila. Við erum ekki eins og búskussinn, nágranni hv. þingmanns, við ætlum að nota sumarið til að heyja að okkur upplýsingum, við ætlum að nota sumarið til að gaumgæfa þær reglur sem farið verður eftir þegar til aðgerða kemur. Við ætlum að vanda okkur, við ætlum að gera þetta rétt. Við ætlum að láta þær aðgerðir sem við ætlum að fara út í standast og við ætlum að gera hlutina einu sinni vegna þess að við ætlum ekki að láta þennan fortíðarvanda heimilanna verða fram-tíðarvanda þeirra. Við ætlum að leysa þessi vandamál sem best við getum í eitt skipti fyrir öll.

[15:02]

**Árni Páll Arnason (Sf) (andvar):**

Virðulegi forseti. Þetta var ekki svo mikið andvar sem önnur ræða. Hv. þingmaður getur ekki komið hér og reynt að hnýta því í mig eða Samfylkinguna að við tölum niður skuldavanda heimilanna. Þegar ég tók við sem félagsmálaráðherra var bannað að afskrifa skuldir á fólk í þessu landi. Það var arfleifð ríkisstjórnarsetu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og ég þigg ekki lexíur frá framsóknarmönnum um það hvernig eigi að fara að því að búa til réttláta umgjörð fyrir skuldug heimili.

Ég ætla líka að segja það hér að orðalagið sem hv. þingmaður hnýtti í mig fyrir, orðið verðbóluskot, er fengið út tillögu hans eigin forsætisráðherra. Þetta er ekki mitt orðalag, þetta stendur í stjórnarsáttmálanum og þetta stendur líka hér í þessari tillögu. Ég hef hnotið um þetta orðalag, mér finnst þetta mjög skrytið. Ég hef þvert á móti talað um þennan fordæmalaus vanda aftur og aftur, hin stökkbreyttu lán, og það er fullkomlega ósanngjarn að fólk sitji uppi með þau. Þess vegna vorum við í kosningabaráttunni með ýmsar hugmyndir um hvernig taka ætti á þeim vanda.

Við viljum hins vegar ekki skapa almenna væntingu um það, eins og framsóknarmenn eru að gera hér í dag, að öll verðbóluskot verði alltaf bætt. Orðið verðbóluskot er frá framsóknar- og sjálfstæðismönnum komið, orðalagið „að leiðréttu verðbóluskot“ er að finna í stjórnarsáttmálanum sjálfum og hv. þingmaður á að spara sér digurmæli í minn garð vegna þeirra orða og beina þeim að sínum eigin forsætisráðherra.

[15:04]

**Þorsteinn Sæmundsson (F) (andvar):**

Það er fullkomin ástæða til þess að hnykkja á því sem ég sagði áðan, að engar tillögur komu fram í kosningabaráttunni af hálfu flokks hv. þingmanns. Það er full ástæða til þess að hnykkja á því hverjir það voru sem hófu þennan mállutning, hverjir það voru sem börðust fyrir honum, hverjir það voru sem lögðu fram tillögu eftir tillögu. Menn reyndu allar aðferðir í bókinni til að tala þessar tillögur okkar niður í kosningabaráttunni. Ég vona að menn finni nú hjá sér þörf og getu og vilja til að taka á með okkur til að gera þessar raunhæfu og réttlátu tillögur og nauðsynlegu tillögur og aðgerðir að raunveruleika.

[15:05]

**Árni Páll Arnason (Sf) (andvar):**

Virðulegi forseti. Alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. Ég er tilbúinn að hjálpa framsóknarmönnum að koma aðgerðum í framkvæmd, standa ekki í vegi þess, en það er líka skylda okkar í stjórnarandstöðunni að vekja athygli á því að hér er engar aðgerðir að finna. Hér er að finna yfirlit yfir nefndir. Það sem meira er er að ríkisstjórninni finnst hún þurfa, vegna þess að hún hefur ekki úr neinu að spila og getur ekki fundið eitt einasta mál sem raunverulega breytir einhverju núna strax sem hún hefur vald á, að koma með þessa þingsályktunartillögu sem er þannig að ég er hræddur um að það hefði heyrst hljóð úr horni á síðasta kjörtímabili ef okkur hefði dottið í hug að koma með svona minnislista inn á hið háa Alþingi, ef okkur hefði dottið í hug að koma hing-

ad inn með tillögu til þingsályktunar sem fæli ekki í sér annað en: Vinsamlegast minnið ráðherra á að vinna vinnuna sína. Drottinn minn dýri, ég get rétt ímyndað mér hvað hefði heyrst ef við hefðum komið inn með svona bull á síðasta þingi.

[15:06]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Þetta var athyglisverð ræða hjá hv. þingmanni. Mig langar að byrja á því að þakka honum sömu leiðis fyrir ágætissamstarf í upphafi síðasta kjörtímabils við að reyna í sameiningu að finna lausnir á þessu stóra verkfni, þ.e. stöðu heimilanna eftir hrun.

Í þeirri vinnu sem átti sér stað í upphafi áttaði ég mig fljótt á því að það væri öllum til hagsbóta að reyna að vinna málið sem mest í sameiningu vegna þess að það er þverpólítískt í edli sínu, varðar okkur öll, alla Íslendinga, og framtíð þjóðarinnar. Þess vegna lagði ég á það mikla áherslu að menn mundu setjast saman yfir verkefnið. Á síðasta kjörtímabili var viðleitni í þá átt upp að ákveðnu marki. Auðvitað verður maður að skilja það að ríkisstjórn á hverjum tíma leggur áherslu og ég veit að hv. þingmaður skilur það.

Ég vil benda hv. þingmanni á að í þessu plaggi kemur fram að leita á leiða til að hafa samráð við þá aðila sem málið varðar. Þetta kemur meðal annars fram á bls. 2 eftir tölulíð 10 og jafnframt á bls. 3 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við vinnuna verður lögð áhersla á að leita eftir viðtækri sátt um þær leiðir sem farnar verða til að ná því markmiði að leysa skuldavanda íslenskra heimila.“

Ég skil þetta svo að áfram verði sá skilningur vonandi uppi hjá öllum flokkum að þetta sé sameiginlegt verkefni okkar. Ég vonast svo sannarlega eftir, þó að það hafi verið svolítill æsingur hér í umræðunni, að sá skilningur sé fyrir hendi hjá Samfylkingunni þar sem hv. þingmaður leiðir málin.

Mig langar jafnframt að spyrja hv. þingmann út í lið 10 þar sem hann minntist ekkert á þá upplýsingaleið sem þar er lögð til vegna þess að orðalagið ætti hv. þingmaður að kannast við frá því að hann var með þetta verkefni í fanginu og við stóðum í því að reyna að afla upplýsinga um hver staðan (Forseti hringir.) væri raunverulega.

[15:09]

**Árni Páll Arnason (Sf) (andvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni athugasemdir. Ég hef séð þau tilvik sem hún vísar í í þingsályktunartillögunni um að leita skuli almennrar samstöðu. Mér þykir það reyndar dálítið loðið orðalag ef hugsunin var að hafa þverpólítíska samstöðu, þá held ég að menn hefðu alveg mátt splæsa á það svona eins og einu orði, en tek viljann fyrir verkið og skal ekki að órannsökuðu máli staðhæfa að stjórnarmeirihlutinn hyggist ekki tala við stjórnarandstöðuna um vinnu á þessu sviði.

Menn geta haft ólík viðhorf til einstakra lausna en þverpólítískt samstarf er mjög mikilvægt. Við náðum þverpólítískri samstöðu allra flokka hér nema Hreyfingarnar um lögin haustið 2009 og aftur um allan lagapakkan

stóra vorið 2010. Þá lágum við til dæmis líka yfir því hvort skynsamlegt væri að samþykka lykklafurvarp og komumst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Þetta var allt gert í mikilli samvinnu og samtali og opnu samráði. Ég man eftir því sem ráðherra að hafa oft mætt á nefndarfundi og rætt við nefndina um þetta og einstakir nefndarmenn komu á minn fund með sín sjónarmið og við ræddum saman.

Í grunninn hefði ég talið að skuldamál heimilanna væri þannig verkefni að við yrðum að vinna saman um það og ættum ekki að fara í pólitískan keiluslag um það, við ættum að reyna að ná samstöðu um það.

Ég vil enn og aftur hrósa hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur fyrir hvernig hún hélt á þessum málum fyrir hönd síns flokks á síðasta kjörtímabili. Það var algjörlega til fyrirmyndar. Það er alveg ljóst að við erum til í samtali en við gefum auðvitað ekki öðrum flokkum óútfylltan tékka til þess að gera það sem þeir vilja. Í því felst ekki samráð, samráð felst í að við sitjum saman og ræðum okkur til sameiginlegrar niðurstöðu.

[15:11]

#### **Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég hlakka til að sjá hvernig það samráð mun virka og þá sérstaklega af hálfu Samfylkingarinnar vegna þess að mér finnst hafa legið í orðum hv. þingmanna Samfylkingarinnar að þeir sjái það þannig fyrir sér að þar sem Framsóknarflokkurinn hafi unnið stórsigur í kosningunum eigi hann að fá að framfylgja stefnu sinni hér og að þingmenn Samfylkingarinnar hafi lýst því yfir, að því er mig minnir, að þeir hafi áhuga á því að hleypa öllum slíkum málum hratt og vel í gegnum þingið. Ég sé því ekki alveg jafnvægið þarna á milli.

Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann aðeins betur út í 10. lið, þ.e. heimildirnar til þess að afla upplýsinga varðandi raunverulega stöðu, vegna þess að við rákum okkur á það á síðasta kjörtímabili að þessar upplýsingar voru ekki fyrir hendi. Þær voru hér og þar í kerfinu og enginn var með yfirsýn. Þegar á að taka stórar ákvarðanir er varða mikla fjármuni er betra að vera með það á hreinu hver staðan er.

Af því að hv. þingmaður sagði hér að engin mál væru komin fram langar mig bara að benda honum á að þegar hefur verið lagt mál fram af hæstv. innanríkisráðherra varðandi (Forseti hringir.) flýtimeðferð dómstóla sem við höfum þegar tekið til við að vinna í allsherjar- og menntamálanefnd.

[15:12]

#### **Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þingmaður spurði um, hver þýðing fyrirheits okkar væri um að greiða málum leið, þá þýðir það það að við teljum Framsóknarflokkinn skulda þjóðinni aðgerðir. Við erum til í að hjálpa Framsóknarflokknum að koma þeim málum í gegnum þingið, ekki með því að greiða þeim atkvæði en við munum ekki efna hér til málþófs eða stöðva þau. Ef framsóknarmenn koma með þau á þessu sumarþingi skulda þeir þjóðinni þau á þessu sumarþingi og við munum greiða því leið að þeir geti afgreitt þau en við munum auðvitað koma fram með efasemdri okkar og tjá þær hér og vinna þær en við munum ekki stöðva málin eða bregða fyrir þau fæti.

Alþt. 2013. B. (142. löggjafarþing).

Út af því sem hv. þingmaður segir síðan um upplýsingaöflunina þá er það allt hárrétt, það er mjög mikilvægt að fá alvöruupplýsingar. Þegar við vorum að glíma við þetta á síðasta kjörtímabili sagði einn hv. þingmaður og þáverandi ráðherra, Svandís Svavarsdóttir, einu sinni að henni þættu endalaus samtöl okkar um skuldavanda heimilanna minna á að vera gangandi í þoku með plástur í örvæntingarfullri leit að sári í þeirri veiku von að plásturinn mundi passa sárinu þegar maður loksins fyndi það. (Forseti hringir.) Þannig má þetta ekki verða áfram. Þess vegna lagði ég í tvígang fram frumvörp (Forseti hringir.) um upplýsingasöfnun um skuldir heimilanna sem þingið treysti sér því miður ekki til að afgreiða og það (Forseti hringir.) er mikið áhyggjuefni.

[15:14]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Það eru auðvitað nokkur þáttaskil og hátið í bæ hefði ég haldið þegar komið er að því að menn lyfti lokinu af leyndardómnum um það hvernig kosningaloforðin verða efnd.

Það er gaman í kosningabaráttu. Það er eftirminnilegt að hitta fólk og ræða við það um stöðu þess, vinna í því að reyna að sannfæra fólk um það að atkvæði greitt mínum flokki sé góð og skynsamleg ráðstöfun, að við séum traustsins verð og höfum gert vel og munum halda áfram að gera vel.

Það var svolítið snúið í aðdraganda síðustu kosninga þegar um var að ræða samkeppni við flokk, og ég vil sérstaklega nefna Framsóknarflokkinn í því efni, sem gekk býsna langt í því að segja: Annaðhvort stendur þú með Framsóknarflokknum eða gegn heimilunum. Þannig var umræðan og þetta var umræðan í anddyrum stórmarkaðanna og úti á torgunum og valkostirnir voru þessir: Annaðhvort stendur þú með Framsóknarflokknum eða þú stendur gegn heimilunum í landinu. Ef einhver velti vöngum og sagði: Ég veit það ekki, á ég að fara að kjósa Framsóknarflokkinn?, þá var viðkvæðið stundum: Bíddu, stendur þú ekki með heimilunum? Ég er nú ekki fædd í gær en ég man ekki eftir umræðu í aðdraganda kosninga sem hefur verið nákvæmlega svona sérkennilega stemmd og sérkennilega stillt.

Það er svo erfitt að rökræða þegar um er að ræða svona fullyrðingar. Ég held hins vegar að frambjóðendur Framsóknarflokksins hafi verið mjög sannfærðir og ég upplifði mikinn kraft og mjög mikla gleði í þeirra hópi. Það er gaman í kosningabaráttu og sérstaklega gaman í kosningabaráttu þegar vindurinn er í seglin og þegar maður finnur að málflutningurinn fær góð viðbrögð, fólk hefur trú á því sem maður er að segja og maður finnur fyrir erindinu, finnur fyrir því að maður á erindi við kjósendur, finnur fyrir því að maður býr yfir trúverðuleika og eflist líka í þeirri trú að maður eigi virkilega erindi í stjórn landsins.

Þjóðin kaus og hún kaus þessar vonir að mjög mörgu leyti. Hún kaus það sem var býsna skýrt fyrir kosningar, hún kaus að það þyrfti engar nefndir, það þyrfti ekki nefndir og þyrfti ekki starfshópa, þetta væri hægt að fara í. Það átti að reiða hátt til höggs og það átti að láta hrægammana finna fyrir því. Einhverjir töluðu um sleggjur og önnur am-

boð komu líka til tals. Það átti ekkert að gefa eftir. Nú erum við hér að ræða tillögu til þingsályktunar þar sem eru taldar upp nefndir og starfshópar af ýmsu tagi sem eiga að skoða eitt og annað, allt fer í nefnd og allt fer í starfshópa.

Það þurfti ekki að fara með lækkuð veiðileyfagjaldsins í nefnd. Það þurfti ekki að fara með lækkuð á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna í nefnd. Það þurfti ekki að fara með breytingar á stjórn Ríkisútvarpsins í starfshóp, samráð við listamenn, starfsfólk RÚV. Það þurfti ekki því að þar voru aðgerðir, þar voru skýrar aðgerðir. Þær voru hins vegar ekki til umræðu í kosningabaráttunni sérstaklega. Þær voru ekki á bæklingunum í anddyri stórmarkaðanna: Lækkuðum veiðileyfagjaldið því að annaðhvort stendur þú með Framsókn eða gegn útgerðinni. Það var enginn sem sagði það. Loforðin voru nefnilega svo hástemmd að það er skylda okkar sem erum í stjórnarandstöðu, í minni hluta í þinginu, að standa þá vakt í þessari umræðu í þingsal að staðið verði við þau loforð. Það er nefnilega enginn annar sem getur staðið við loforðin en nákvæmlega þessi ríkisstjórn, það er enginn annar sem getur gert það.

Það er aumt þegar þessi sama ríkisstjórn rökstyður sig með því að halda ítrekaða blaðamannafundi um það að hér sé allt miklu verr statt en það leit út fyrir að gera í aðdraganda kosninga og gera því jafnvel skóna með dramatísku augnaráði að einhverju hafi verið haldið leyndu, þess vegna sé staðan miklu verri. En sama dag eru svo lögð fram frumvörp þar sem enn er þrengt að hinum aðþrengda ríkissjóði, þessi aumingja ríkissjóður sem líður miklu verr en nokkur vissi, aumingja, aumingja ríkissjóður. Það koma tillögur um að gefa honum enn þá minna að borða frá þeim sömu sem hafa svo miklar áhyggjur af heilsufarinu, frá sömu mönnum og tala um það á blaðamannafundinum, auðvitað í Þjóðmenningarhúsinu, að sjálfsögðu. Allir þeir tónar sem er verið að slá hér, átta nefnda áætlun hæstv. forsætisráðherra, starfshópur, úttekt, könnun, verkefnastjórn, starfshópur, könnun, starfshópur, könnun. Sjónir þjóðarinnar eru á efndum kosningalofordanna og þær eru ekki í þessu plaggi, þær eru bara ekki í þessu plaggi.

Ýmislegt hefur verið rætt í umræðunni í dag og auðvitað er margt efnislegt sem væri hægt að staldra við hér. En af því að hæstv. forsætisráðherra talaði um það í stefnuræðunni — þegar hann kom sér út úr langa kaflanum um breytt vinnubrögð, samstarf, samvinnu, skynsemi, ég veit ekki hvort hann nefndi virðingu, ég held það jafnvel, en ég er einhvern veginn búin að gleyma því hvort hann nefndi virðingu af því að það hefur ekki verið það sem hefur svifið sérstaklega hér yfir vötnunum — en samstarf við stjórnarandstöðuna í þessu stóra máli hefur ekki verið á dagskrá. Það hefur ekki verið til umræðu og það er ekki í þessari sérkennilegu þingsályktunartillögu, sem er tillaga þar sem ríkisstjórnin er að biðja þingið um að biðja sig um að setja á fót átta nefndir eða biðja þingið um að biðja sig um að efna kosningaloforðin. Þetta er í öllu falli mjög undarlegt, það er eiginlega alveg sama hvernig maður lítur á það.

Hvað af þessum aðgerðum hefur áhrif á stöðu íslenskra heimila strax? Hvað af þessum aðgerðum hefur áhrif á stöðu íslenskra heimila fyrir áramót? Hvað af þessum aðgerðum hefur áhrif á stöðu íslenskra heimila innan árs, fyrir áramótin 2014–2015 o.s.frv.? Sérfræðingahópurinn sem á að útfæra

mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og gera tillögur þar að lútandi á að skila í nóvember 2013. Hann á að skila í nóvember 2013, hann á að skila tillögum sínum svo seint á árinu að það er ljóst að ekki verður úr framkvæmdum á næsta fjárlagaári vegna þess að við erum komin það langt í fjárlagavinnunni þegar nefndin skilar af sér í nóvember. Ég er að velta fyrir mér, virðulegur forseti, tímalífunni í hugum þeirra sem töluðu um efndir og engar nefndir. Ég velti satt að segja líka fyrir mér hér í þessum þingsal, vegna þess að ég fann fyrir gleði ungra framsóknarmanna sem voru að dreifa bæklingum en ég fann líka fyrir efasemdum sjálfstæðismanna bæði í aðdraganda kosninganna og líka eftir þær, er það svo að það að vaða í að lækka veiðileyfagjaldið með slíku offorsi, og það þarf engar nefndir í það, er það það sem Sjálfstæðisflokkurinn telur duga á móti því að Framsóknarflokkurinn komi fram með þá framkomu gagnvart þjóðinni að skila auðu í skuldavandamálum? Er það svo?

Ég vil líka nefna það sem áður hefur komið fram í umræðunni að þegar verið er að ræða forsendubrest og flókna stöðu heimilanna í landinu er mikilvægt að halda því til haga að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum aldrei gert lítið úr þeim vanda. Það er hins vegar líka ljóst að sá vandi á sér mjög langa sögu. Íslenska efnahagshrunið var náttúrlega erfiðasta höggið sem íslenskt samfélag hefur nokkurn tíma orðið fyrir. Það voru því miður ekki bara þeir sem skulduðu húsnæðislán sem urðu fyrir höggi heldur miklu, miklu fleiri. Leigjendur og námsmenn urðu líka fyrir höggi, en það sem var kannski alvarlegasta höggið var höggið á íslenskt velferðarkerfi, á íslenskt menntakerfi, á samfélagið, á fullveldið þar sem raunverulegur möguleiki var á því að Ísland yrði gjaldþrota. Það var stærsta aðgerðin fyrir íslensk heimili sem þáverandi ríkisstjórn fór í, að standa vörð um Ísland.

Í ágættri úttekt frá upplýsingaþjónustu Alþingis um forsendur, skuldir og vísitölur segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að mörg heimili eru í vandræðum með lán sín og jafnvel í vanskilum en ástæður þess eru ekki einvörðungu utanaðkomandi, þ.e. verðtrygging, gengistrygging eða bankahrun. Vandamálið var til staðar áður en verð- og gengistryggingar fóru að gera mönnum lífið leitinn banka- hrunið með tilheyrandi afleiðingum gerði stöðuna erfiðari.“

Óg síðar:

„Greining á því af hverju heimilin lenda í þessum vandræðum liggur hins vegar ekki fyrir en eins og áður hefur komið fram er skuldinni gjarnan skellt á utanaðkomandi aðstæður eða einhvers konar „ránskjaravísitölu“<sup>4</sup>, sem er orð sem hefur gjarnan verið notað í gegnum tíðina um verðtrygginguna og vísitölu.

Það sem segir þarna er að þótt gengið sé vasklega fram, eins og framsóknarmenn hafa haft fyrirheit um, er spurningin sú hvort tryggt sé að jafnræðis verði gætt aftur í tím- ann gagnvart þeim sem hafa áður lent í skakkaföllum af völdum verðtryggingar og verðbólgu. Þetta er óþægilegur veruleiki kynslóðanna á Íslandi, hverrar á fætur annarrar, að lenda í því að vera meira og minna í vinnu hjá bankakerfinu alla sína ævi við að greiða fyrir húsnæðislán. Það er í raun og veru allt of mikil skuldsetning almennt á Íslandi í húsnæðiskerfinu, enda vil ég sérstaklega fagna þeim aðgerða-

punkti sem er nefndur hér um húsnæðisstefnu og bendi á góða vinnu sem getur legið þar til grundvallar og vænti þess að hæstv. ríkisstjórn nýti þar þá vinnu sem er fyrir hendi. Þetta mál verður ekki rofið úr því samhengi að ræða um húsnæðismál og húsnæðismeninguna, liggur mér við að segja, á Íslandi sem er séreignarstefnan sem hefur að svo ótrúlega mörgu leyti bundið okkur öll á klafa mikillar skuldsetningar, eiginlega ævina á enda.

Hæstv. forsætisráðherra er tíðrætt um samstarf og samvinnu og meira að segja talar hann gjarnan um sanngirni. Af því að ég á minn bakgrunn í málvísindum hef ég gaman af orðum og orðfæri og því hvernig fólk beitir þeim. Orðfærið sanngirni notar hæstv. forsætisráðherra bara þegar það á við að honum finnst hann hafa orðið fyrir svo mikilli ósanngirni, og iðulega er það þá í leiðindaandsvörum eða einhverju slíku. Ég bið hann um að prófa að snúa orðinu í hina áttina af því að ég held að það sé sniðug æfing að gera fyrir alla, þetta með gullnu regluna, að beita góðum skilningi bæði á aðra og sjálfan sig. Ég held að það væri til bóta.

Virðulegur forseti. Ég hef farið yfir þessar tillögur og skoðað þær og það hvert þeim er vísað, þ.e. hver ber ábyrgð á hverri tillögu um sig. Ég sé ekki betur en að það séu í meginatriðum þrjú ráðuneyti sem fara með þau mál, þ.e. forsætisráðuneytið, velferðarráðuneytið, þ.e. félags- og húsnæðismálaráðherra og svo innanríkisráðuneytið. Það eru tvö atriði sem eru á könnu fjármála- og efnahagsráðherra, tvö atriði af tíu, þannig að um flest þeirra atriða gildir að þau eru á hendi hinna ráðuneytanna. Ég tel og vil í fullri vinsemd gera það að tillögu minni að málinu verði vísað til velferðarnefndar til umfjöllunar og úrvinnslu þar sem það eru miklu fleiri atriði í þingsályktunartillögunni sem eiga heima þar en beinlínis í efnahags- og viðskiptanefnd, því að þar eru í raun og veru fá atriði sem hafa einhverja tilvísun beint þar inn. Ég held að velferðarnefndin sé betri vettvangur til þess að fjalla um málið og getur auðvitað gert það í góðu samstarfi við aðrar nefndir þingsins. Auk þess tel ég að góður bragur væri á því í anda samvinnu og ungmennafélagsandans að nefnd sem er stýrt af þingmanni úr stjórnarandstöðunni haldi utan um framvindu málsins til að tryggja greiðari framgang þess í gegnum þingið.

Virðulegur forseti. Þetta er stóra málið um efnisráðgjafarinnar og hún er með því að leggja málið fram með þessum hætti að kaupa sér tíma, það er það sem hún er að gera. Hún er að kaupa sér tíma af því að hún er ekki tilbúin með málin, hún er ekki tilbúin með málin sem voru einföld fyrir kosningar en eru flóknari núna. Það eru tvö frumvörp komin af þessum lista og það er flýtleiðferðin, sem við erum með til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd, og svo eitt annað mál sem er gagnsöfnun Hagstofunnar. Hvorugt af þeim tveimur málum hefur beinlínis afgerandi áhrif á skuldug heimili í landinu. Ég held raunar að ef maður þræðir sig niður þennan lista sé það ekki svo að um kúvendingar fyrir heimilin í landinu sé að ræða, a.m.k. ekki, virðulegur forseti, á næstu missirum. En við munum hér eftir sem hingað til standa okkar vakt í því að gæta þeirra hagsmuna að ný og bjartsýn ríkisstjórn fái til þess færi að leggja fram sínar efnisráðgjafar þar sem um var að ræða slík tímamót að mér sýnist um að ræða Íslandsmet í kosningalofordum.

[15:33]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er óneitanlega sérkennilegt að heyra stjórnarandstæðinga koma hér upp hvern á fætur öðrum til þess að lýsa því yfir að það sé algjört hneyksli að menn séu ekki búnir að framkvæma hlutina strax á fyrstu dögum í ríkisstjórn, hluti sem þeim entust ekki fjögur ár til að byrja á af nokkru viti.

Jæja, gott og vel, það er vísað í kosningabaráttuna og yfirlýsingar þar. Og hverjar voru þær yfirlýsingar? Það var beinlínis uppleggið í stefnu framsóknarmanna fyrir kosningar að leggja til ákveðna meginhugsun og halda því svo opnu að vinna úr henni með öðrum í framhaldinu, það var uppleggið. Við vorum gagnrýnd fyrir það í kosningabaráttunni.

Nú leyfa menn sér að koma hér og fullyrða að menn hafi sagt að það væri bara allt tilbúið, það ætti bara að hrinda öllu í framkvæmd strax á fyrstu dögum í sumar. Það var aldrei sagt. Þvert á móti, við vorum gagnrýnd fyrir að vilja vinna hlutina almennilega, vilja leita til sérfræðinga, vilja hafa samráð, vegna þess að við vorum brennd af reynslunni af því að hafa komið með útfærða tillögu, nákvæma tillögu um 20% leiðréttingu á sínum tíma, stóra tækifærið sem var til þess. Það varð til þess að þáverandi stjórnarflokkar létu umræðuna alla snúast um annars vegar smáatriðin í útfærslunni og hins vegar hvaðan útfærslan kæmi. Hún kom frá Framsóknarflokknum og þess vegna var ekki hægt að fallast á hana.

Þess vegna fórum við aðra leið núna. Við sögðum: Getum við ekki verið sammála um meginhugsunina, meginmarkmiðið og unnið svo saman að því? Þannig fórum við í síðustu kosningar. Það er það umboð sem stjórnarandstæðingar tala svo mikið um að ríkisstjórnin hafi núna, það umboð er byggt á einmitt því að við höfum lýst meginmarkmiðinu og ætlum svo að vinna það áfram með m.a. stjórnarandstöðunni, sem ég hélt reyndar að ætlaði að taka því fagnandi að fá tækifæri til að hleypa þessum málum hér áfram en virðist enn þá vera svo svekkt yfir niðurstöðum kosninganna (Forseti hringir.) að hún fær sig ekki til þess.

[15:35]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Kjarni málsins er þessi: Framsóknarflokkurinn verður að bera ábyrgð á kosningalofordum sínum, hann verður að gera það sjálfur, það gerir það enginn fyrir hann. Skilaboðin eru þau að Framsóknarflokkurinn verður þá núna að segja þjóðinni að hún verði að bíða. Framsóknarflokkurinn verður að gera það sjálfur, horfa í augun á þjóðinni og segja: Ágæta þjóð, hafðu biðlund með okkur af því að við þurfum að útfæra þetta. Gerið þið það þá. Segið bara, virðulegur forseti, hversu lengi.

[15:36]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er aum pólitík að gera andstæðingunum eða fulltrúum annarra flokka stöðugt upp skoðanir og ráðast svo á hinar ímynduðu skoðanir andstæðingsins í



stað þess að ræða hlutina bara eins og þeir eru. (Gripið fram í.) Það er því miður aðferð sem núverandi stjórnarandstöðuflokkar hafa beitt allengji og virðast ætla að beita áfram þrátt fyrir allt talið um ný vinnubrögð í pólitík.

Í kosningabaráttunni hröktust andstæðingar framsóknarmanna úr einu víginu í annað. Fyrst var því haldið fram að framsóknarmenn hefðu ekki sýnt fram á hvernig hægt væri að fjármagna úrbætur í skuldamállum heimilanna. Á endanum urðu menn að viðurkenna að búið væri að sýna fram á að hægt væri að fjármagna þetta. Búið var að sýna fram á að hægt væri að gera þetta. En hvert var síðasta vígið, það vígi sem menn héldu sig í alveg fram á kjördag? Jú, það var að ekki væri hægt að gera þetta strax, það tæki tíma og að framsóknarmenn hefðu ekki útfært hlutina heldur bara lýst markmiðunum og ætluðu síðan með hjálp sérfræðinga að útfæra hlutina.

Svo koma menn nánast daginn eftir kosningar og eru þá algjörlega búnir að endurskilgreina það sem framsóknarmenn sögðu í kosningabaráttunni og snúa algjörlega við því sem þeir sögu sjálfir í kosningabaráttunni. Nú er þetta allt í einu á hvolfi. Nú er fullyrt að framsóknarmenn hafi boðað það í kosningabaráttunni að farið yrði í aðgerðir strax, þeir væru búnir að útfæra þetta allt saman, ætluðu ekki að hlusta á neina, þyrftu enga sérfræðinga, þyrftu ekki að hlusta á neina vegna þess að þeir væru með þetta allt á hreinu sjálfir.

Hvort á það að vera? Ætla menn að gagnrýna Framsóknarflokkinn fyrir að vera með tillögur sem þarfnast útfærslu eða ætla þeir að gagnrýna Framsóknarflokkinn fyrir að vinna hlutina nú almennilega og undirbúa lagasetningu þannig að hún standist? Það er nú reyndar eitt af því sem ég hefði haldið (Forseti hringir.) að núverandi stjórnarandstaða hefði lært af reynslu sinni í ríkisstjórn, að það er mikilvægt að vanda til lagasetningar.

[15:38]

### **Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hæstv. forsætisráðherra er nú dálítið kominn í hringi, finnst mér, því að hér er talað um að vinna hlutina almennilega. Látum það standa „að vinna hlutina almennilega“ og vísa ég þá enn og aftur í þau frumvörp sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram án samráðs við nokkurn þann sem hefur með málið að gera. Þá þarf ekki að vinna hlutina almennilega, þá liggur á.

Er svo sanngjart, hæstv. forseti, að forsætisráðherra segi að fyrri ríkisstjórn hafi ekkert gert? Hvernig í ósköpunum er hægt að eiga eðlileg orðaskipti við menn sem tala á þessum grunni? (**Gripið fram í:** Allt gott fyrir fjórum árum.) Stórkostleg staða sem komið var að.

En ég vil áréttta að það sem framsóknarmenn skulda þjóðinni þá — látum þá að því liggja að við séum hér að sauma að Framsóknarfloknum með einhverri meinbægni með því halda því fram að allt hafi átt að gerast strax en það hafi í raun aldrei verið þannig og að Framsóknarflokkurinn hafi alltaf sagt að þetta þyrfti tíma og útfærslur og allt það. Ég held bara, virðulegur forseti, að þjóðin hafi upplifð að það dálítið þannig í aðdraganda kosninga að þetta ætti bara að koma strax. Þá vil ég beina því til hæstv. forsætisráðherra að hafa í sér dögung til þess að horfa framan í þjóð

sína og segja henni hversu lengi hún þurfi að bíða. (Gripið fram í.)

[15:39]

### **Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Við stöndum nú í þeim sporum að fyrir okkur liggur nýtt kjörtímabil, fjögur ár full af tækifærum og möguleikum til að gera góða hluti og rétta hluti fyrir íslenska þjóð. Ég vona svo sannarlega að allir sem sitja á Alþingi Íslendinga séu fullir af eldmód og ætli sér í þetta verkefni af heilum hug.

Mig langar, herra forseti, að hvetja hv. þingmenn, sama í hvaða flokki þeir eru, til að reyna af fremsta megni að beita sér fyrir því að þannig skulum við vinna í þinginu. Við skulum að minnsta kosti reyna það til að byrja með. Ég vona svo sannarlega að varðandi þetta mál, skuldavanda heimilanna og lausn á því stóra, sameiginlega verkefni okkar, takist okkur að vinna saman í þinginu.

Ég benti á í andsvari mínu hvar í þessu plaggi sem hér er til umræðu er talað um að viðhafa eigi samstarf og samráð. Mig langar til að hvetja hv. þingmenn til að lesa það vel og rækilega og hvet þá til þess að gefast nú ekki upp á því að trúa því að það standi til áður en á það reynir. Ég er svolítið uggandi yfir því hvernig umræðan hefur þróast í þingsal í dag, en ég ætla bara að vera bjartsýn og vonast til þess að við náum árangri.

Herra forseti. Hér liggur fyrir tillaga til þingsályktunar í tíu liðum sem segir okkur með hvaða hætti ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér að vinna að þessu stóra verkefni. Ég veit að hv. þingmenn hafa kynnt sér stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna þar sem er lögð mikil áhersla á að koma til móts við þann vanda sem íslensk heimili hafa glímt við frá hrúni. Við leggjum jafnframt mikla áherslu á efnahagsmálin og þarna er að finna stóran kafla um að ábyrg efnahagsstjórn sé forsenda velferðar. Þetta mun allt saman þurfa að spila og stilla saman. Við ætlum okkur að bæta vinnubrögð og vanda okkur við það sem gert er. Ég vonast til þess að stjórnarandstaðan verði með öflugt aðhald og bendi okkur á hvað betur megi fara.

Mig langar að tæpa á nokkrum atriðum varðandi þau verkefni sem sett eru fram í aðgerðaáætluninni og þá í fyrsta lagi 4. lið. Þar er talað um að skipuð verði verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála. Þetta er gríðarstórt verkefni og var rétt hér oft á síðasta kjörtímabili. Við ætlum okkur að skipa verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála og það er gríðarlega mikilvægt að það liggi fyrir hið fyrsta hvernig við sjáum fyrir okkur þróun húsnæðismála á Íslandi, vegna þess að við hljótum öll að gera okkur ljóst að hér þarf að fara í grundvallarbreytingar.

Það dugir auðvitað ekki að halda því fram að að sú einfalda aðgerð að færa öll húsnæðislán úr því að vera verðtryggð yfir í að vera óverðtryggð leysi allan vanda. Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram, sérstaklega ekki með tilliti til þess hvernig markaðurinn er einmitt núna. Við hljótum öll að átta okkur á því, ef við sýnum fulla sanngirni þegar við horfum á verkefnið, að við þurfum að horfa á þetta í heild.

Við þurfum jafnframt að tryggja að ungt fólk og fólk sem er að kaupa sína fyrstu fasteign hafi möguleika á því

og úrræði til þess að leggja fram fyrstu útborgun. Og við þurfum að tryggja að það séu hvarar í kerfinu til sparnaðar, vegna þess að sparnaður er það sem við þurfum að leggja höfuðáherslu á á þessu kjörtímabili. Það er fátt brýnna en að fólk átti sig á því og við öll sem hér erum að það að leggja til hliðar og eiga fyrir hlutum, sérstaklega útborgun í stærstu einstöku fjárfestingu hvers heimilis, þ.e. fasteigninni sjálfri, er gríðarlega mikilvægt.

Ég hlakka til að sjá hvernig þessar tillögur sem á að leggja fram í upphafi árs 2014 munu líta út. Og ég hlakka til samræðs við alla þá sem að málinu koma, þar á meðal stjórnanarstöðunnar.

Við áttum á síðasta kjörtímabili nokkrum sinnum orðastadum um Íbúðalánasjóð og framtíð sjóðsins. Við vorum auðvitað ekki öll sammála um það hvernig við sæjum fyrir okkur sjóðinn, en ég held að við hljótum öll að gera okkur grein fyrir því að þar þurfa að verða breytingar á.

Herra forseti. Mig langar í annan stað að minnst aðeins á 10. lið. Það sem fjallar um það að Hagstofa Íslands fái skýrar heimildir til að afla upplýsinga um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Það frumvarp kemur fram á þinginu í sumar og ég vonast til að við náum að klára það.

Á síðasta kjörtímabili, allt frá því að við hófumst handa við að reyna að finna lausnir á vanda heimilanna, rákum við okkur á að enginn var sammála um það í hverju vandin væri fölginn. Upplýsingarnar voru mjög misvísandi um það hvort um væri að ræða umfangsmikinn vanda, mikinn vanda eða lítinn. Það var algjörlega ljóst frá mínum bæjar- dyrum séð að það yrði að setja á fót einhvern vettvang, einhvern einn aðila til að halda utan um þetta og hafa opinberar tölur um hvað ætti að horfa á þegar maður væri að reyna að finna út hvar væri best að grípa inn í af hálfu ríkisvaldsins.

Lögd voru fram frumvörp á þinginu, bæði af þáverandi hæstv. ráðherra Árna Páli Árnasyni, sem nú er hv. þingmaður, og frá hv. þm. Péttri H. Blöndal. Þau mál fóru ekki í gegnum þingið. Það er miður. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að til standi að gera hér bragarbót. Ég er ekki bara að hugsa um að við fáum fram upplýsingar til þess að nota núna, heldur er ég að hugsa til framtíðar. Ég vil ekki að þingmenn þurfi aftur að lenda í því einhvern tímann seinna á Íslandi að hafa ekki nauðsynlegar upplýsingar í höndun- um þegar á þarf að halda.

Ég fagna þessu því sérstaklega og vona að við náum að koma málinu vel og örugglega í gegnum þingið. Það er mjög mikilvægt upp á framtíðina að gera.

Mig langar líka aðeins að minnst á lið nr. 9, um stimpilgjöldin. Stimpilgjöldin voru einmitt mjög til umræðu á síðasta kjörtímabili. Hér stendur til að flýta vinnu um þau, skipuð hefur verið nefnd og starfshópur til að fara yfir það hvernig hægt er að afnema þau eða breyta þeim umtalsvert. Ég fagna því að þeirri vinnu verði hraðað og hér er lagt til að leggja fram frumvarp um þetta í þinginu strax í haust. Þetta er mikilvægt fyrir þá sem eru að fjárfesta í íbúð og kemur til með að hvetja og aðstoða fólk við að fjárfesta í eigin fasteign.

Flestar aðrar tillögur hafa orðið tilefni til skoðanaskipta hér í dag, en mig langaði til að minnst sérstaklega á þessar sem ég hef nefnt hér þar sem þær voru ekki ræddar. Ég

vona svo sannarlega, herra forseti, að okkur beri gæfa til að vinna hratt og vel en örugglega og í samvinnu allra sem þurfa að koma að þessum stóru úrlausnarmálum, vegna þess að við vitum öll hér inni að vandi heimilanna var stærsta málið í aðdraganda kosninga.

Ég verð að segja að fram hafa komið tiltölulega misvísandi yfirlýsingar í þessum stól um hvað menn vilji gera, í fyrsta lagi hvort menn vilji bara hreint og beint að kosningaloforð einstakra tiltekinna stjórnmálaflokka verði lögd fram í frumvarpsformi strax á fyrstu dögum þingsins og reynt að keyra þau þannig í gegn eða í annan stað að við setjumst saman yfir verkefnið og reynum að finna réttu lausnina. Ég tel í ljósi reynslunnar á síðasta kjörtímabili að síðarnefnda leiðin sé betri. Auðvitað kemur hugmyndin og áherslan frá ríkisstjórnarflokkunum, en við ætlum okkur að vinna þetta saman. Það er besta leiðin. Ég tel að almenningur í landinu og allir þeir sem á okkur hlusta trúu og treysti því að við ætlum okkur að vinna þannig. Ég vona það svo sannarlega.

Síðan langar mig að hvetja fólk til að vera svolítið jákvætt. Það er allt í lagi að vera hreinskilinn og gagnrýnn og allt það, en eigum við ekki að einsetja okkur að vera svolítið jákvæð og trúu því að við getum og ætlum að gera góða hluti og taka á þessu stóra verkefni? Ég trúu því. Ég trúu á okkur öll hér og að við getum ráðið við þetta verkefni. Ég hvet okkur öll, sama hvar í flokki við erum, til að vinna af fullum krafti að því að leysa það stóra verkefni sem okkur hefur verið trúuð fyrir.

[15:49]

#### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Björt framtíð mun ekki standa í vegi fyrir því að þessi þingsályktunartillaga muni ná fram að ganga. Mér finnst sjálfsgat að skoða allar leiðir núna sem miða að því að rétta hlut heimilanna. Ég upplifi þetta kannski fyrst og fremst sem áframhaldandi vinnu. Það er náttúrulega ekki rétt að ekkert hafi verið gert. Það hefur heim margt verið gert, en það þarf að gera betur.

Ég ætla ekki að telja upp alla þessa punkta, margt þarna er ágætt. Mér finnst t.d. mjög mikilvægt að vera með einhverja tímabundna aðgerð til að gera fólk kleift að losna úr yfirskuldsettum fasteignum. Það er ekki þannig að greiðslu- aðlögun bjargi öllum, vegna þess að til þess að komast í greiðsluadlögun þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.

Ég set auðvitað spurningarmerki við það að banna verðtryggingu eða afnema verðtryggingu. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur úr þeim sérfræðingahópi. Í upphafi ætlaði ég að vera gagnrýnn á að stofna ætti enn einn hópin, en þetta er mjög flókið mál og mikilvægt að það sé skoðað vel.

Ég er sammála því að verðtryggingin sé ekki góð. Hún er kannski bara til komin vegna verðbólgu í þjóðfélaginu. Ég velti fyrir mér hvort það sé mögulegt að afnema bara verðtryggingu á lánnum en ekki af sparnaði um leið. Hvað verður um fermingarsparnað dóttur minnar, svo dæmi sé tekið?

Stimpilgjaldið hefur verið nefnt hér og það er mjög mikilvægt að afnema það þó ekki væri nema til að auka hreyf- anleika á markaði, auka samkeppnina, gera neytendum

kleift að skipta um banka. Þetta er mál sem ég veit að hagsmunasamtök neytenda hafa barist fyrir árum saman, ef ekki í áratugi. En það er með þetta eins og margt annað að það þurfti allsherjarhrun til að málefni heimilanna færu almennilega upp á borð.

Við tökum bara undir þetta og munum að öllum líkindum samþykkja þessa þingsályktunartillögu. Það er rétt að fara vel yfir þetta og ana ekki að neinu. Það sem mér finnst kannski flóknast í þessu fyrir utan verðtrygginguna er skuldaleiðréttingin og hvernig á að fara í hana með sanngjörnum hætti, það er mjög snúð mál, t.d. hvort við ætlum að nýta sameiginlegt skattfé og hvort því sé best varið með þessu móti. En ég ætla ekki að gagnrýna það núna. Við skulum bara ræða það þegar tillögurnar og frumvörpin liggja fyrir.

[15:52]

#### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir góðar mót-tukur sem ég hef fengið hér á nýjum vinnustað og ég vona að þetta kjörtímabil verði okkur öllum gott og við í samein-ingu, óháð flokkum, getum unnið vel saman því þannig ná-um við bestum árangri.

Nú hefur verið lögð fram þingsályktunartillaga sem fjallar um að Alþingi feli ríkisstjórninni að fylgja eftir að-gerðaáætlunum í tíu liðum til að taka á skuldavanda heimil-anna. Ég fagna mjög þessari tillögu því hún tekur á mörg-um mikilvægum málum sem koma að því ferli að leiðrétta þann forsendubrest sem íslensk heimili urðu fyrir við efna-hagshrunið haustið 2008.

Undanfarin ár hafa verið heimilunum mjög erfið. Verð-tryggð íbúðalán heimilanna hafa stökkbreyst þannig að þeir sem áttu talsverðan hluta í eignum sínum hafa glatað þeim hluta. Það er ekkert sanngjarnt við það. Ýmsir hafa haldið því fram að þeir sem séu í greiðsluferiðleikum vegna íbúða-lána séu hópur fólks sem fór óvarlega í kaupum á eignum. Það er ekkert hægt að alhæfa um það vegna þess að núna erum við að horfa upp á stóran hóp fólks sem lagði talsvert eigið fé í húsnæði og eignir. Þeir einstaklingar og þær fjöl-skyldur, fjölskyldurnar í landinu okkar, hafa glatað þeim eignarhluta og meira til. Sparnaður fólks er horfinn og það er ekkert sanngjarnt við það. Við þessu ástandi þarf að bregðast. Heimilin í landinu þurfa á því að halda.

Það eru margir búnir að fá nóg. Margt af þessu fólki mundi gjarnan vilja minnka við sig húsnæði en hefur ekki möguleika á því. Það hefur ekki möguleika á því af því að lánin á húsnæði þess eru orðin talsvert hærri en mark-aðsvirði eignarinnar. Þessir einstaklingar hafa ekki efni á því að selja eignirnar og taka á sig eftirstöðvar skulda. Það er bara ekki hægt. Þeir eru fastir í eignum sínum og það gengur ekki upp. Það er ekkert sanngjarnt við það. Alls ekki neitt. Þess vegna er mjög ánægjulegt að sjá 3. lið að-gerðaáætlunarinnar sem fjallar um hvernig gera megi eig-endum yfirsíkjulegra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið sjálft stendur ekki undir.

Við framsóknarmenn og -konur höfum beðið lengi eftir þessum degi. Við höfum lagt fram margar tillögur á liðnu kjörtímabili, m.a. um 20% leiðina sem var lögð fram árið 2009, þjóðarsátt árið 2010 og plan B árið 2011. Loksins er komið að framgöngu mála með heimilin í forgrunni.

Þess vegna fagna ég því að sjá þessa aðgerðaáætlun lagða fram. Ég hef fulla trú á því að sú vinna sem fram fer í kringum hana muni skila sér í bættum hag fyrir heimilin í landinu.

Fyrsti liður aðgerðaáætlunarinnar fjallar um að settur verði á stofn hópur sem útfæri mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og geri tillögur þar að lútandi. Það er ekkert nema gott um það að segja að skoðaðar séu mismunandi leiðir að því hvernig fara eigi að því að lækka höfuðstólinn og hvaða leið komi íslenskum heimilum best.

Ég get ekki sagt annað en að ég sé mjög ánægð með að-gerðaáætlunina í heild sinni. Hún tekur á mörgum þáttum sem munu hafa jákvæð áhrif á stöðu íslenskra heimila.

Ég geri mér grein fyrir því að þessi vinna mun taka tíma. Ég skil vel að þeir einstaklingar og þau heimili sem bíða eftir niðurstöðu mála séu óþolinmóðir. En við í Fram-sóknarflokknum viljum vinna málið vel og tryggja réttmæti þeirra aðgerða sem við ætlum að fara í.

Það hefur komið fram á ýmsum stöðum og ýmsir fjallað um það að u.þ.b. 50% heimila í landinu séu tæknilega gjaldþrota. Það gengur ekki upp. Sú staða hefur neikvæð áhrif á efnahagskerfið og við því þarf að bregðast. Það er gert með því að hrinda þessari aðgerðaáætlun í fram-kvæmd.

Það er mjög ánægjulegt að sjá áherslumál okkar fram-sóknarmanna komin fram í þessari áætlun. Ég trúi ekki öðru en að allir þingmenn óháð flokkum geti verið sam-mála um að koma tillögunni í gegn svo hægt sé að vinna að málefnum heimilanna.

Mig langar í lokin að vitna í Vilhjálm Birgisson, verka-lýðsleiðtoga á Akranesi, með leyfi forseta, en hann skrifaði blogg færslu sem ber titilinn „Ég á mér drauma“:

„Ég vil að sá miskunnarlaus forsendubrestur sem heim-ilin urðu fyrir og bera ekki nokkra ábyrgð á verði leiðréttur. En ég vil taka fram að heimili og alþýða þessa lands eru ekki að bíða um neina ölmusu heldur sanngjarna og réttláta leiðréttingu á þeim skelfilega forsendubresti sem reið yfir íslensk heimili.“

Þarna erum við Villi algjörlega sammála. Ég mun beita mér fyrir þessu máli í þingstórfum mínum.

[15:58]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Eftir kosningarnar 2007 blésu núver-andi stjórnarflokkar í eitthvert mesta bóluhagkerfi sem hag-saga vesturlanda hefur að geyma. Eignaverð hækkaði stór-lega, ekki síst íbúðaverð. — Herra forseti, það er dálítill kliður hérna úr hliðarherbergjum, ef fólk gæti hamið sig.

Eignaverð hækkaði stórlega, ekki síst íbúðaverð, og skuldir einstaklinga hækkuðu ár frá ári. Þegar bólan síðan sprakk blasti við gríðarlegur skuldavandi. Síðasta ríkis-stjórn lagði mesta áherslu á að hjálpa fólki í greiðsluvanda auk almennra aðgerða á borð við hækkaðar vaxtabætur og hina svokölluðu 110%-leið.

Núverandi ríkisstjórn nálgast vandann með öðrum hætti. Ráðast á í almenna leiðréttingu verðtryggðra húsnæðis-skulda vegna forsendubrests, sem er annað orð yfir verð-bólguþálið sem gengishrun íslensku krónunnar á árinu 2008

skapaði. Frá hruni hefur krafa um leiðréttingu af þessu tagi verið hávær sem eðlilegt er. Vandinn hefur alltaf verið sá gríðarlegi kostnaður sem fylgir leiðréttingu af þessu tagi. Í svari við fyrirsögn minni til skriflegs svars árið 2010 taldi efnahags- og viðskiptaráðherra að kostnaðurinn yrði um 230 milljarðar við 20% niðurfærslu. Þetta var á árinu 2010. Óhugsandi er að ríkissjóður geti staðið undir auknum skuldum af þessari stærðargráðu. Í kosningabaráttunni taldi Framsóknarflokkurinn lítið mál að nálgast þetta fé og jafnvel gott betur. Sumir frambjóðendur flokksins lofuðu jafnvel leiðréttingu strax í sumar.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru tvær leiðir um leiðréttingu boðaðar. Leið A sækir fjármuni til kröfuhafa gömlu bankanna, sem Framsóknarflokkurinn kallaði í sinni kosningabaráttu hrægmasjóði, en í leið B, sem er sött í smíðju hægri grænna, er talað um sérstakan leiðréttingarsjóð húsnæðisskuldna. Skilja má stefnuýfirlýsingu stjórnarflokka og þá þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu á þann veg að þessar leiðir séu út af fyrir sig jafn góðar til að ná settu markmiði, en ríkisstjórnin vilji einungis fara leið B ef leið A dregst á langinn. Þetta þarf augljóslega að fá nánari umfjöllun í meðferð þingsins.

Í fyrsta lagi má spyrja: Ef leið B, leiðréttingarsjóðurinn frá hægri grænum, er jafn góð leið til að ná settu marki, hvers vegna er stefnan ekki sett á þá leið frá upphafi? Samkvæmt þingsályktunartillögu hæstv. forsætisráðherra á leið B að vera tilbúin í nóvember.

Í öðru lagi má spyrja um tímamót sem ríkisstjórnin telur ásættanlegan til að fara leið A. Er ekki augljóst mál að það tekur mun lengri tíma að fara þá leið? Hvað er eðlilegt að bíða lengi eftir samningum við kröfuhafa? Og þá skal tekið fram að það hlýtur að vera hægt að fara leið B og nota síðan fjármunina sem fást í samningum við kröfuhafa, og menn telja sig fullvissa um að geta náð í og hafa margoft lýst því yfir, til þess að greiða síðan inn í leiðréttingarsjóðinn þegar þeir fjármunir fást.

Í kosningabaráttunni töluðu framsóknarmenn um að heimilin í landinu væru í umsátri skulda sem létta þyrfti af þeim. Án þess að ég vilji hvetja til ódagots er mikilvægt að hráða þeim aðgerðum eins og mögulegt er. Löng bið skapar óvissu um kjör fólks og getur haft slæm áhrif á fasteignamarkaðinn og lánamarkaðinn og því miður er áhrifanna nú þegar farið að gæta. Það gerir fólki erfiðara að selja eignir og jafnframt að kaupa. Mér virðist sem hæstv. forsætisráðherra vanmeti þá óvissu sem bið eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur óhjákvæmilega í för með sér.

Það vekur hins vegar athygli að báðar leiðirnar til leiðréttingu voru lítt útfærðar í aðdraganda kosninganna og eru enn þá óljósar. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki enn útskýrt fyrir þjóðinni hvernig flytja má stórfé frá kröfuhöfum til skuldara eða stofna leiðréttingarsjóð íbúðalána án þess að það hafi áhrif á peningamagn í umferð og þar með verðbólgu og endi þá með því að hækka enn frekar verðtryggingu skuldirnar okkar.

Þegar lítið er yfir tillögum hæstv. forsætisráðherra mætti ráða að verðtrygging lána sé helsti sökudólgurinn að þeim vanda sem við er að etja. Orsaka vandans er þó að leita víðar. Of mikil skuldsetning, eignabóla og síðar hrun krónunnar eru meginorsakir þess vanda sem við er að etja. Á Bret-

landseyjum er engin verðtrygging en þar má ætla að allt að 600 þús. heimili búi við neikvætt eigið fé. Í Bandaríkjunum eru um 25% allra húsnæðislána hærri en verðmæti þeirra fasteigna sem þau hvíla á. Þetta eru sláandi tölur sex árum eftir að húsnæðisbláðran í Bandaríkjunum sprakk.

Einfaldasta og besta leiðin til að losna við verðtrygginguna er að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Í kjölfarið fylgir stöðugur gjaldmiðill og minni fjármagnskostnaður fyrir heimilin í landinu. Afnáam verðtryggingar mun ein og sér ekki vernda heimilin fyrir fjárhagslegum skakkaföllum vegna gengisfellinga og verðbólgu.

Samfylkingin vill vinna að afnámi verðtryggingar. Okkar stefna er sú að besta og ábyrgasta leiðin til að afnema verðtryggingu sé að gera það í samhengi við aðild að ESB og upptöku evru. En stefnubreyting nýrrar ríkisstjórnar um aðildarviðræður við Evrópusambandið veldur því að leið Samfylkingarinnar til afnáms verðtryggingar er augljóslega ekki fær næstu árin og nauðsynlegt er að leita annarra leiða.

Framsóknarflokkurinn lofaði afdráttarlaust fyrir síðustu kosningar að verðtrygging yrði afnumin með öllu. Þessu lofaði Framsóknarflokkurinn með auglýsingum og pósti inn á hvert heimili. Í tillögum hæstv. forsætisráðherra segir, með leyfi forseta, að markmiðið sé „að hvetja lántakendur til að umbreyta lánnum sínum í óverðtryggt lán gegn leiðréttingu á höfuðstól“.

Það er því ljóst að staða verðtryggingarinnar á lánamarkaði er í uppnámi og mikilvægt að bregðast við af festu. Þrátt fyrir þessa stöðu er óvíst með öllu hvenær ríkisstjórnin hyggst leggja fram lagafrumvarp um bann við verðtryggingu neytendalána. Gert er ráð fyrir sérstakri nefnd sérfræðinga til að kanna þetta mál og dunda sér við það fram að áramótum.

Þetta er einni nefndinni of mikið, herra forseti, og þetta er of langur tími til undirbúnings. Hvað hefur Framsóknarflokkurinn verið að gera síðustu missirin? Var þetta ekki mikilvægasta kosningamálið hans? Það er ekkert flókið við það að banna verðtryggt neytendalán og ófært með öllu að draga það fram á næsta ár. Slíkt veldur óvissu á fjármálamarkaði og getur haft áhrif á fasteignamarkað. Það er að mínu viti ekki forsvaranlegt að heimila ný verðtryggt lán á sama tíma og leitað er allra leiða til að koma verðtrygðum lánnum yfir í óverðtryggt. Því miður hljómar þessi nefndarskipun hæstv. forsætisráðherra sem fyrsta skrefið í leið Framsóknarflokksins til að svíkja eða útvatna sitt stærsta loford. Það er ekkert erfitt að banna verðtryggingu, það þarf enga nefnd til að vinna að því mánuðum saman. En það er erfitt að halda vaxtastiginu lágu og vissulega tilefni til að skipa nefnd sérfræðinga um það mál.

Það skyldi þó ekki vera, virðulegur forseti, að ótti hæstv. forsætisráðherra við vaxtastigið í landinu sé hin raunverulega ástæða fyrir því að verðtrygging er ekki bönnuð nú þegar. Ef ríkisstjórnin væri í raun áhugasöm að koma til móts við heimilin og eyða óvissu á lánamarkaði mundi hún banna verðtryggingu strax. Það er mjög einfalt að útbúa frumvarp þess efnis og samþykkja strax á sumarþingi ef flokkurinn vill í raun og veru efna þetta kosningaloford sitt. En af hverju ... (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég skrái mig þá aftur á mælendaskrá.

**Ragnheiður Ríkharrðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langaði einfaldlega að spyrja hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur þeirrar spurningar hvort hún sé fylgjandi valfrelsi í lánamálum þannig að verðtrygging verði ekki hin almenna regla en engu að síður, kjósi einstaklingar að taka verðtryggð lán en ekki óverðtryggð lán, sé þeim það heimilt.

[16:09]

tryggingu eða ekki verðtryggingu. Þetta lýtur að því ... (Gripið fram í.) Já, spurningin er miklu dýpri og flóknari en svo. Spurningin lýtur að því hvort fólk vilji búa í landi þar sem það býr við efnahagslegan stöðugleika, þar sem það getur gert áætlanir fram í tímann.

Hv. þingmaður, herra forseti, hefur valið að styðja ríkisstjórn sem býður ekki upp á slíkan valkost. Það væri nær að hv. þingmaður svaraði því hvað hún telji um það.

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Já, það er auðvelt að svara því. Ég fór yfir það í ræðu minni að leið Samfylkingarinnar til að afnema verðtryggingu væri upptaka gjaldmiðils sem tryggði efnahagslegan stöðugleika sem ógnaði ekki fjárhag heimila. En við erum í þessum sal að ræða tillögur ríkisstjórnar þar sem leiðandi flokkurinn, Framsóknarflokkur, hefur lofað fólki því að verðtrygging verði afnumin.

[16:09]

Við erum því miður ekki að ræða þá leið sem síðasta ríkisstjórn markaði, sem var skynsamleg og ábyrg leið til að komast út úr óstöðugleikanum, heldur tillögur núverandi ríkisstjórnar sem hv. þingmaður styður að því er ég trúi. Það virðist vera mikið misræmi á milli stjórnarflokkanna í afstöðu þeirra til verðtryggingar. Er þá ekkert að marka það sem stendur í stjórnarsáttmálanum um að afnema eigi verðtryggingu? Er ekkert að marka kosningaloforð flokks hæstv. forsætisráðherra sem sagðist ætla að afnema verðtryggingu? Það er mjög alvarlegt í lýðræðisþjóðfélagi að komast til valda og hlaupa strax frá stærsta kosningaloforði sínu.

[16:14]

**Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Mig langar í tilefni þess að ég stend í pontu Alþingis í fyrsta skipti að óska hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórn hans innilega til hamingju og árna ég henni alls góðs í störfum hennar á komandi tímum. Eins óska ég öllum kjörnum þingmönnum til hamingju með kjörið og vænti ég mikils af samstarfi okkar allra á þingi. Ég vil einnig þakka þær hlýju móttökur sem ég hef fengið hér, bæði frá þingmönnum og ekki síst því frábæra starfsfólki sem starfar á Alþingi. Það er með mikilli tilhlökkun sem ég tek til starfa, tilhlökkun sem stafar af því góða viðmóti sem ég hef fengið frá öllum og fær mig til þess að trúa að hér sé gott að starfa. Ég fer ekki í neinar grafgötur með það að ég er einnig nokkuð kvíðinn og helgast sá kvíði einkum af því að þetta starf er í mínum augum gífurlega viðamikíð og krefjandi. Sú sannfæring mín hefur verið staðfest á fyrstu dögum mínum sem þingmaður. Það er allveg ljóst að enginn verður óbarinn biskup í þessu starfi frekar en öðru.

[16:11]

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem er lagt til grundvallar þessari umræðu er góðra gjalda vert. Það er gleðilegt að komin sé fram aðgerðaáætlun um hvernig koma á til móts við skuldavanda heimilanna. Hún hefur vakið upp umræður og spurningar sem mörgum finnst ósvarað og kom hv. þm. og formaður Bjartrar framtíðar, Guðmundur Steingrímsson, inn á þær í andsvari í dag. Ég ætla ekkert að fara meira yfir þær en tel víst að svör fáiast við þeim spurningum í þeirri umræðu sem fer fram hér og svo á seinni stigum umræðna um málið.

**Ragnheiður Ríkharrðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég spurði þingmanninn einfaldrar spurningar. Ég spurði þingmanninn hvort hún væri hlynnt valfrelsi í lánamálum, að einstaklingar á Íslandi hefðu það val að geta tekið verðtryggð lán og/eða óverðtryggð lán. Ekki hvort við ættum að skipta um gjaldmiðil vegna þess að við erum ekki að fara að gera það í náinni framtíð, þó að við getum tekið þá umræðu síðar, báðar tvær. Ég spurði þingmanninn bara einfaldrar spurningar: Er hún hlynnt því að það sé valfrelsi í lánamálum þannig að fólk geti tekið verðtryggt lán, óski það þess, eða óverðtryggð lán?

Ég ætla ekki að blanda mér í það hver eru kosningaloforð annarra flokka en flokksins míns. En ég spyr þingmanninn þessara einföldu spurningar og bið hann um svar við því. Svárið að best sé að taka upp annan gjaldmiðil, á ekki við. Þetta er einföld spurning: Er þingmaðurinn hlynnt valfrelsi hvað óverðtryggð lán og verðtryggð lán varðar, að það sé neytenda að velja?

[16:13]

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram hjá öllum stjórnmalaflokkum og hæstv. forsætisráðherra nefndi það margoft í stefnuræðu sinni að allir flokkar muni greiða götu stjórnarinnar í að ná tókum á skuldavandanum. Það er einnig svo hjá okkur í Bjartri framtíð. Ég get heitið því að ég mun leggja mig allan fram við að farsælar niðurstöður fáiast í þeim mikla vanda.

Hér tala menn mikið um stjórn og stjórnarandstöðu. Mér hugnast það tal ekkert vel þar sem ég lít ekki á mig sem sérstakan andstæðing þessarar stjórnar, en ég viðurkenni fúslega að ég er ekkert sérstaklega mikill aðdáandi hennar heldur. Meiri hluti og minni hluti er eitthvað sem mér hugnast betur þegar við erum að starfa á vettvangi eins og þessum.

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Það er ekki nema von að þingmaðurinn spyrji. Og valfrelsi — hún brigslar mér um að það sé kjánaskapur að benda á að ég vilji taka upp nýjan gjaldmiðil. (Gripið fram í.) Eru verðtryggð lán tíðkuð til neytenda almennt í þeim ríkjum þar sem er alvörugjaldmiðill?

Valfrelsi lýtur að því, þetta snýst ekki um val um verð-

Það hefur að mínum dómi gætt fullmikillar ópolinmæði hjá þingmönnum um aðgerðir stjórnarinnar. Ég tel að ekkert sé að því að gefa henni svolíttinn tíma til þess að ná markmiðum sínum. Þessi forgangsroðun á málum hennar hefur reyndar komið mér spáskt fyrir sjónir og ég er viss um að margir kjósendur eru sammála því að þau mál sem

fryst hafa verið lögð fram á þinginu eru ekki þau mál sem menn reiknuðu með. Stjórnin verður líka að taka því að hún sé spurð sjálfsagðra spurninga og benda ekki alltaf á síðustu ríkisstjórn. Mér finnst svoltið hvíleitt að alltaf sé verið að benda á hana. Fyrstu dagarnir voru bara eins og var síðast, þetta var málþóf fannst mér og hundleiðinlegt. Það er alltaf verið að benda á annan. Það er þessi ríkisstjórn sem er núna við völd og hún verður að svara spurningunum. Hún á ekkert að skammast sín fyrir það þótt ekki sé allt klappað og klárt. Hún á að viðurkenna það undanbragðalaust og halda áfram.

Hæstv. forseti. Það sem ég hef og mun hafa að leiðarljósi í mínum störfum sem þingmaður er almannaheill, en um það snúast stjórn málin og ekkert annað. Starfslysing stjórn málamannsins er einfaldlega farsæld þjóðar. Við öll sem erum kosin inn á hið háa Alþingi skuldum þjóðinni að standa saman.

Það er þyngra en tárum taki að hlusta á umræðuna úti í þjóðfélaginu um stjórn málamenn og ekki síst þá sem starfa sem þingmenn. Það er okkar að breyta því viðhorfi og það gerum við með því að sýna hvert öðru auðmýkt, virðingu og umburðarlyndi. Þannig aukum við traust sem er frumskilyrði mannglegra samskipta. Traustið heldur samfélagi manna saman og um leið og það dvínar fer að halla undan fæti. Það höfum við séð hér á þessu landi.

Hæstv. forseti. Það er einlæg von mín að við sem komum til með að starfa á komandi missirum berum gæfu til þess að efla samstarfsandann og breyta stjórn málamenningunni sem var dæmd ónýt í hinni góðu rannsóknarskýrslu Alþingis, sem allt of margir virðast hreinlega hafa gleymt.

Það eina sem við þurfum er vilji því að eins og hinn mikli meistari Muhammad Ali sagði, með leyfi forseta:

„Meistarar verða ekki til í leikfimisálfum. Meistarar verða til úr því sem býr dýpst í þeim sjálfum, ástríðum, draumi og hugsjón. Þeir þurfa bæði að hafa leikni og vilja, en viljinn verður að vera sterkari en leiknin.“

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja aftur og beina orðum mínum til okkar allra að við skuldum almenningi í landinu að starfa saman af heilindum. Ef við gerum það og breytum hugarfari, viðhorfum og samskiptum, er ég þess fullviss að við tryggjum okkur sjálfum og ekki síst börnum okkar, barnabörnum og öllum þeim ófæddu einstaklingum sem eiga eftir að búa á þessu stórkostlega landi bjarta framtíð.

Við hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórn hans vil ég segja: Takið orð míns fallega samstarfsmanns og hv. þingmanns, Óttars Proppés, til eftirbreytni og vinnið að hætti íkornans sem er lúsiðinn og útsjónarsamur, en ekki að hætti bjarnarins sem æðir áfram og engu eirir. Ekki síst í ljósi þess að þeir birnir sem á fjörur okkar Íslendinga skolar, blessaðir ísbirnir, eru undantekningarlaust aflífaðir.

[16:20]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, mál sem við höfum beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Í upphafi langar mig að nota þetta tækifæri til að óska enn og aftur ríkisstjórninni velgengni og velfarnaðar í störfum sínum, en

hún var einmitt kosin til þess að vinna að þessum málum sérstaklega og við höfum boðist til og lýst því yfir að við munum reyna að vinna að framgangi þeirra mála eftir því sem við mögulega getum.

Það felur ekki í sér að við ræðum ekki málin, veitum aðhald, setjum fram gagnrýni, spyrjum spurninga og leitum skýringa, m.a. á því sem sagt var í kosningabaráttunni — og ég ætla að játa það hreinskilnislega að ég dáðist að Framsóknarflokknum fyrir það, ég var sjálfur farinn að trúá því rétt fyrir kosningar að Framsóknarflokkurinn hefði útfærðar tillögur. Ég trúði því einlæglega að ég fengi hér á sumarþinginu útfærðar tillögur í skuldamálu heimilanna. En svo koma menn hingað og tala þannig til okkar hinna, sem hér höfum verið undanfarin ár, eins og ekkert hafi verið gert.

Hér hefur ekkert verið gert. Við höfum ekki sinnt þessu máli neitt. Enginn hefur notið aðstoðar. Þetta segir hæstv. forsætisráðherra í upphafi þings, í umræðu um skuldavanda heimilanna, um leið og hann leggur fram þingsályktunartillögu þar sem hann ákveður að setja mál í ákveðinn farveg. Hann býður okkur enn fremur upp á að þetta verði þingsályktunartillaga sem þýðir að umræðutíminn í þinginu er takmarkaður. Það þýðir að ég fæ að tala hér í 10 mínútur og síðan 5 mínútur og þá búið. Þá er aðkomu minni að málinu lokið. Hvergi í þessum tillögum kemur fram að þingið eigi að fara að fjalla um þetta nema þegar inn koma sérstök mál eins og þegar eru komin inn í einhverjum tilfellum, og það er hið besta mál. En hvar er aðkoma okkar að því að vinna þetta plagg þannig að spurningarnar sem fara út svári væntingum okkar og þeirra í samfélaginu, sem eru þrátt fyrir allt 49%, sem kusu ekki þá ríkisstjórn sem hér er.

Þetta hefur valdið mér vonbrigðum og undrun. Það hefur líka valdið vonbrigðum að hlusta á það þegar menn koma hingað og segja: Nú er öllum ljóst að 20% niðurfærsla eftir hrun var fær leið. Ég stóð í því að reyna að finna þá leið verandi í félags- og tryggingamálanefnd á þeim tíma og seinna sem ráðherra. Ég gat aldrei fundið svar við því hvernig við ætluðum að færa niður skuldir Íbúðalánasjóds, sem eru upp á 700 milljarða, um 20% á sama tíma og við vorum í vandræðum með að reka samfélag okkar og ná endum saman í ríkisbúskapnum. Það svar hef ég ekki enn fengið. Það voru rökin gegn því að sú leið væri farin.

Síðan kemur þessi hugmynd um að nýta peningana frá svokölluðum þrotabúum. Fin hugmynd, kom fram í sameiginlegri nefnd sem var skipuð til að fjalla um afnám gjaldeyrishafta, útfærð af Framsóknarflokknum. Þegar við vorum að bera upp á þá að við vildum fá betri skýringar var sagt: Þetta liggur allt fyrir. Hér liggur fyrir að þessar 10 tillögur skiptast í tvennt samkvæmt því sem sjálf tillagan segir, annars vegar beinar aðgerðir, hins vegar athuganir, að leita leiða, greina leiðir og kanna hvaða möguleikar eru.

Hvernig eru svo þessar 10 tillögur? Megintillagan er höfuðstólslækkun sem allir hafa viljað sjá, a.m.k. eru menn farnir að trúá því að það sé fær leið og muni verða. Hún er í athugunarflokknum, hana á að skoða. Það er meira að segja sett plan B og C. Þá fer maður allt í einu að efast: Bíddu, var þetta ekki meira tilbúið en þetta?

Í því felst ekki gagnrýni á að reyna eigi að fara þessa

leið. Það er bara verið að kalla eftir efndunum. Það kann að vera ásættanlegt að þetta komi til eftir að fjárlög hafa verið samþykkt, því að þetta kemur inn sem tillögur til frekari skoðunar í nóvember — þá voru fjárlög í 3. umr. fyrir næsta ár.

Nú ætla ég að vona að það standist, sem sagt var í upphafi, að þetta væri hægt að gera án þess að það kæmi neitt við ríkissjóð, að hægt væri að afla peninganna einhvers staðar annars staðar. Við erum að tala um 200 milljarða, 200 til 300 milljarða, eftir því hvernig við reiknum þetta, eftir því hvort menn trúna þeim tölum sem nefndar hafa verið. Það fer eftir útfærslum líka. Það er heldur ekki útfært hér í smáatriðum.

Á sama tíma fáum við framan í okkur að við höfum verið með óráðsú þar sem stefnir í að ríkissjóður, upp á 580 milljarða, fari fram úr um 4 til 6 milljarða, innan við eitt prósent. Þá erum við að tala um að standa við skuldbindingar sem við höfum bætt við eins og gjaldfrjálsar tannlækningar, að stíga fyrsta skrefið í því á þessu ári.

Á sama tíma fáum við inn tvö frumvörp sem munu rýra tekjur ríkissjóðs um nokkra milljarða, annars vegar um veiðileyfagjaldið og hins vegar um að afnema hærri gjald á ferðþjónustuna, fara aftur til fyrra horfs í þeim efnunum. Þá afsala menn sér tekjum upp á hálfan milljarð.

Er von að við spyrjum? Hvert eru menn að stefna? Hvað stendur til? Hvað á að fara að gera?

Ég sagði að fyrsta mál ætti að fara í athugun. Mál nr. 2 leiðréttingarsjóður, hann á að fara í athugun. Lyklafrumvarpið á að fara í athugun, en að vísu á að koma fram með frumvarp í september, svo að við gætum sanngirni. Framtíðarskipan húsnæðismála, það á að vinna áfram. Þar er búið að vinna gríðarlega mikla vinnu og verður mjög jákvætt að halda áfram þar. Þar er líka gríðarlega stórt álitamál sem er hlutverk Íbúðalánasjóðs, hvernig við fjármögnum hann til langs tíma. Þar mun koma í umræðuna uppgjör á því eða skýrsla um hvað gerðist með Íbúðalánasjóð. Hvernig stendur á því að hann stendur svona illa eftir þann tíma sem hann hefur verið rekinn og þær ákvarðanir sem teknar voru í kringum 2004 af þeim flokkum sem þá voru í stjórn?

Við erum síðan með punkt nr. 5 sem er flýtimeðferð sem er komin í frumvarpsformi. Þar spyrjum við: Hvernig mun það nýtast því fólki sem er í skuldavanda? Sú spurning er auðvitað þegar komin upp í nefndinni.

Síðan er það verðtryggingin, hvort banna eigi hana eður ei. Það var forvitnilegt að hlusta á forsætisráðherra, en hv. þm. Helgi Hjörvar túlkaði svar forsætisráðherra á þann veg að það væri tvöfalt já, þ.e. að afnema ætti og banna verðtryggingu og fara í beinar niðurfærslur. Forsætisráðherra gat ekki staðfest það. Hann sagði: Þingmaðurinn túlkar þetta svo. Það er gott að menn túlka okkar skoðun. Hann gat ekki sagt afdráttarlaust að þetta væri aðferðin. Er von að við spyrjum, a.m.k. fyrir hönd þeirra 49% sem ekki kusu þessa tvo flokka.

Auðvitað viljum við líka ræða, þegar menn eru að tala um afnám verðtryggingar, hvernig menn ætla að tryggja greiðslubyrðina, að hún verði ekki of há í byrjun. Það kemur fram hér í tillögnum að hægt sé að leysa það með því að taka hluta af greiðslu höfuðstóls og færa aftur fyrir, sem er bara svipuð aðferð og nú er notuð í verðtryggingunni.

Þetta er aðferð sem er notuð víða erlendis. Eru menn að tala um það?

Hvenær og hvar eigum við að fá tækifæri til að ræða þetta sem minni hluti í þingsal? Hvenær eigum við að ræða þetta? Við erum ekki með aðila í nefndinni. Tíminn er takmarkaður hér. Hvar er sáttin og samráðið í kringum þetta? Hæstv. forsætisráðherra verður að setta sig við að við spyrjum svona spurninga. Það er fullt af góðum hugmyndum hérna, fullt af góðum málum. Það er fullt af mikilvægum málum sem þarf að fjalla um. Það er fullt af málum sem við viljum taka þátt í að vinna áfram, afnám stimpilgjalda, bætt upplýsingagjöf.

Það er aðáunartvert að hér er lögð fram mjög ítarleg og góð tillaga um að Hagstofu Íslands verði gert kleift að afla upplýsinga um skuldir fólks, safna þeim á einn stað. Þetta var gert einu sinni af Seðlabankanum. Síðan varð að henda þeim gögnum, vegna laga um persónuvernd mátti ekki halda þeim. Nú er verið að reyna að búa til lagaumhverfi þar sem þetta er hægt. Ég styð það heils hugar. En á sama tíma er ekki hægt að setja lög um að fá sambærilegar upplýsingar um útgerðarfyriertæki og skattamál þar til þess að leggja veiðileyfagjaldið á. Hvar er trúverðugleikinn í þessu öllu saman?

Af nógu er að taka í sambandi við þessa umræðu. Ég stend við það, sem ég hef sagt, að við erum hér til að vinna að framgangi þessara mála. Við virðum niðurstöðu kosninga. Við viljum að þessi mál vinnist áfram. En við viljum að unnið sé í þeirri sátt sem talað hefur verið um, að kallað sé eftir þeim hugmyndum og möguleikum sem eru til staðar, að ekki verði reynt að halda þessu frá þinginu með þeim aðferðum (Forseti hringir.) sem hingað til hafa þó verið notaðar. Og við viljum að hægt sé að treysta á að menn svari því sem spurt er um.

[16:30]

### Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Fyrir í dag var sérstök umræða um hamfarir á Norðurlandi vegna kals í túnunum. Mér heyrir menn almennt vera nokkuð sammála um alvarleika málsins og að ríkisstjórninni beri að bregðast við og koma til móts við bændur. Við erum fámenn þjóð og eigum að standa saman þegar út af bregður. Samhjálp og samvinna er greypt í þjóðarsálinu og því megum við ekki glata. Eiginhagsmunir og pólitískt kapphlaup eiga ekki að ráða för þegar um heildarhagsmunir þjóðarinnar er að ræða.

Nú hefur hæstv. forsætisráðherra lagt fram tillögu að þingsályktun um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Aðgerðaáætlun er í tíu liðum og kemur inn á mörg málafni. Ástæða þess að forsætisráðherra felur ríkisstjórninni að fylgja eftir þessari aðgerðaáætlun er ekki — ég endurtek: ekki — til að uppfylla kosningaloforð Framsóknarflokksins eins og nokkrir hv. þingmenn hafa kosið að túlka þessa útfærslu. Mér þykja slíkar upphrópanir á frekar lágu plani. Málið snýst um heill þjóðarinnar. Það snýst um að leiðrétta stökkbreytta höfuðstóla verðtrygðra húsnæðislána og til að tryggja stöðugleika og gagnsæi á húsnæðismarkaði til lengri tíma.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þremur liðum í aðgerðaáætluninni, í fyrsta lagi að skipuð verði verkefnisstjórn um

framtíðarskipan húsnæðismála. Tillögur nefndar eiga að liggja fyrir í upphafi árs 2014. Annað er að fá sérfræðinga-hóp til að meta möguleika á því að leggja gjald á fjármála-fyrirtæki vegna tafa á endurútreikningi lána. Tillögur eiga að liggja fyrir í ágúst 2013. Þriðja atriðið er að stimpilgjöld af lánskjöllum verði endurskoðuð og stefnt að afnámi stimpilgjalda vegna kaupa einstaklinga á húsnæði til eigin nota. Það frumvarp á að leggja fram á haustþingi 2013. Ég fagna þessum tillögum einlæglega og vona að þær nái fram að ganga.

Í dag er veruleikinn sá að þeir sem vilja koma sér upp þaki yfir höfuðið eiga oft á tíðum bara val á milli nokkurra slæmra kosta: Leigja á okurverði á óstöðugum leigumarkaði, taka verðtryggð lán fyrir húsnæðis kaupum á okurvöxtum eða óverðtryggð lán. Óverðtryggð lán eru valmöguleiki en eru á háum vöxtum og verðbólgan hefur einnig rokkað upp og niður alla tíð eins og nokkrir hv. þingmenn hafa bent á í dag þannig að þau eru ekki fýsileg. Hvað skal gjöra? Hlaupa á vegg í öngstrætum einsleits húsnæðis- og bankakerfis eða ryðja veginn? Ryðja veginn, segi ég. Almennungur er búinn að fá nóg, nóg af kyrrstöðu og vonleysi og nóg af þingmönnum sem virðast ekki vera að vinna fyrir fólkið í landinu, heldur vera uppteknir við að hlusta á sjálfa sig og koma höggi á andstæðinginn. En hver er andstæðingurinn? Andstæðingurinn erum við sjálf, þjóðin.

Ég var stödd í Vík í Mýrdal fyrr í vetur og gisti þar á hótelinu. Það er nú ekki í frásögur færandi nema ég þurfti að komast í tölvu um kvöldið og fékk að nota tölvuna í afgreiðslunni enda var langt liðið á kvöldið og flestir gestir gengnir til náða nema ég og byggingavinnuflokkur sem var að vinna við stækkun hótelsins. Ég heyrði á tal hópsins og þar var rætt um þjóðmálin vítt og breitt. Ungum bygginga-verkamanni varð að orði, og með leyfi forseta, vitna ég í orð hans: Mér er eiginlega alveg sama hvernig kerfið er. — Þar átti hann við heilbrigðiskerfið. Hann bætti síðan við: Það þarf bara að virka.

Það er einmitt mergur málsins. Við erum þjóðkjörnir fulltrúar og við eigum að láta kerfið virka.

Nokkrir úr stjórnarandstöðunni fóru mikinn eftir stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra fyrr í vikunni. Þá var minn fyrsti þingdagur. Ég verð að viðurkenna að það kom á mig hvað heiftin virtist vera mikil gegn stefnu forsætisráðherra. Sama fólk og hefur talað mikið um að sýna samvinnu og að eiga samtal við þjóðina, sem var ansi vinsælt orðatiltæki fyrir kosningar.

Ein fræg fyrirsögn eftir stefnuræðuna var: Nefndir og engar efndir. Voðalega finnst mér súrt að fólk ætli sér að fara af stað í fyrirliggjandi stórverkefni með þessu hugarfari. Ættum við ekki að leyfa fólki að vinna vinnuna sína og leggja fram fullmótaðar tillögur á haustþingi? Ég held að fólk hljóti að vera sammála um að við verðum að vanda til verka þegar um svo stór og viðamikil mál er að ræða. Því borgar sig ekki að kasta til höndum og vera með óþarfa ýtni og æsing. Það er engum til gagns eða upphéðar.

Ég tel mig tala fyrir munn margra þegar ég biðla til stjórnarandstöðunnar um að styðja þetta mál. Leiðirnar sem hægt er að fara eru margar, en einhvers staðar verðum við að byrja til að höggva á hnútin og leysa þjóðina úr skuldaklafaflanum sem er að kæfa okkur hægt og bitandi.

Ísland er land tækifæranna. Við viljum öll það sama, öruggi og hamingju. Grófum stríðsaxirnar. Verum góð hvert við annað. Byggjum Ísland upp að nýju og höldum saman af stað inn í framtíð velmegunar og framfara.

[16:36]

### **Karl Garðarsson (F):**

Virðulegi forseti. Umræðan um skuldavanda heimilanna hefur verið í sérkennilegu fari hér á þinginu undanfarna daga. Það hefur legið fyrir frá upphafi að hinar stóru aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í vegna skuldamála heimilanna verða ekki afgreiddar á sumarþingi. Á þessu stutta þingi yrðu afgreidd mál sem hægt væri að hrinda í framkvæmd með einföldum hætti. Stærri málin þyrftu meiri undirbúning, samráð við marga hagsmunaaðila og síðast en ekki síst vandaða umræðu hér í þinginu — takið eftir: vandaða umræðu.

Krafan um vandaða umræðu hefur ekki síst komið frá stjórnarandstöðunni sem lagt hefur áherslu á að mál verði ekki keyrð í gegn á stuttu sumarþingi. Samt sem áður hefur þessi sama stjórnarandstaða krafist þess að sjá endanleg frumvörp um skuldaleiðréttingu strax í dag og helst í gær.

Ný ríkisstjórn hefur setið í nokkrar vikur og af hverju eru frumvörpin ekki tilbúin? heyrst hér aftur og aftur. Stjórnarandstaðan sem hafði ekki dug í sér til að taka af alvöru á málefnum heimilanna þau ár sem hún hélt um stjórnartaumana kemur hér upp hvítþvegin eftir kosningar og heimtar efndir strax og ekkert skortir á frasana: Engar efndir, bara nefndir, er sá nýjasti. Það er síðan borið á borð fyrir landsmenn eins og hver önnur sannindi.

Finnst þingmönnum þetta virkilega boðlegt? Halda þingmenn virkilega að landsmenn sjái ekki í gegnum svona orðræðu? Heldur stjórnarandstaðan virkilega að þetta leiði til aukinna vinsælda? Halda menn virkilega að þetta sé málefnaleg umræða?

Það sem gert var fyrir heimilin á síðasta kjörtímabili kom frá Hæstarétti, ekki frá Alþingi. Öll kosningaloforð um skjaldborg heimilanna voru svikin. Hugtakið „norræn velferð“ fékk nýja merkingu í meðförum fyrrverandi stjórnarherra. Virðing landsmanna gagnvart löggjafarþinginu er nánast engin eftir langa eyðimerkurgöngu þingsins.

Hæstv. forsætisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu þar sem fyrirhugaðar aðgerðir varðandi skuldavanda heimilanna eru skilgreindar. Þetta er metnaðarfullt plagg í 10 liðum, plagg sem er í samræmi við kosningaloforð stjórnarflokkanna. Höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, kostir og gallar sérstaks leiðréttingarsjóðs, afnám verðtryggingar. Það eru nokkur atriði sem tekið er á í þessu plaggi.

Er ekki rétt að leyfa ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp um þessi mál áður en farið er að gagnrýna? Gagnrýni á frumvörp sem eru ekki einu sinni komin fram telst seint málefnaleg og aldrei sanngjörn.

[16:40]

### **Willum Þór Þórsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég kom inn á það í ræðu um störf þingsins að um vandasamt og viðkvæmt mál væri að ræða. Það reyndi sannarlega fráfarandi ríkisstjórn þar sem hún



stóð nær vandanum. Því er mikilvægt að leggja fram ábyrgðarvædda og tímasetta aðgerðaáætlun sem liggur nú fyrir og er til umræðu. Það er því vel hversu vel hv. þingmenn stjórnarandstóðunnar taka í að vinna að þessari áætlun með okkur stjórnarflokkunum. Það er vissulega dýrmætt að leita í þann reynslubanka í gagnrýnni lýðræðislegri umræðu.

Ég vil síðan taka undir með fjölmörgum ræðumönnum, hv. þingmönnum úr öllum flokkum um mikilvægi þess að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og að við vinnum saman að þessu máli. Þetta mál sem og öll önnur þarfnast slíkra vinnubragða.

[16:42]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég biðst velvirðingar á því að hafa ekki verið í salnum þegar ég var á mælendaskránni síðast en ræður voru nokkur knappari heldur en ég hafði ráðgert, enda vanur gömlum ræðuhundum hér í salnum og ekki þessu skorinorða fólki sem er komið á vettvang og ástæða til að bjóða enn og aftur velkomið.

Ég átti nokkur orðaskipti við hæstv. forsætisráðherra í upphafi umræðunnar um tvennt sem mér fannst nauðsynlegt að fá skýrt: Hvort það sé ekki öruggt að afnema eigi verðtryggingu og hvort ekki eigi örugglega að bæta verðtryggingarþátt lánanna sem var umfram verðbólguarkmið Seðlabankans, þannig að alveg skýrt væri frá upphafi hvað það væri sem skuldarar gætu vænst að fá út úr þessum aðgerðum um leið og maður reyndi að hafa skilning á því að það tæki lengri tíma að vinna að þeim.

Ástæðan fyrir því að ég spurði um það tvennt er að á síðasta kjörtímabili var ég formaður efnahags- og viðskiptanefndar og talaði mjög eindregið fyrir því að við lærðum það af hruninu að hverfa frá séríslenskum lausnum í efnahagsmálum eins og verðtryggingu. Ég lét á það reyna í nefndinni að ná þverpólitísku samkomulagi um að fara í afnám verðtryggingar. Ég lagði þar fram áætlun í 10 liðum sem var vel tekið af fulltrúum úr ýmsum flokkum, en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins voru hins vegar á þeim tímapunkti algerlega ófáanlegir til að banna verðtryggingu, afnema verðtryggingu út frá svipuðum sjónarmiðum og heyra mátti fyrir í ræðu hv. þm. Ragnheiðar Ríkhardsdóttur um valfrelsi. Valfrelsið er í sjálfu sér fyrir hendi. Fólk hefur valið sig frá verðtryggingunni og það hefur verið sett inn heimild fyrir Íbúðalánasjóð til að gefa út óverðtryggð bréf og þeir munu fara í þá útgáfu.

Í því væri ekkert nýtt og þess vegna er það fagnaðarefni að Framsóknarflokkurinn skuli hafa náð samkomulagi við Sjálfstæðisflokkinn um að afnema, banna verðtryggingu í landinu. Það var hið stóra loforð um verðtrygginguna sem gefið var í kosningunum, að hún yrði afnumin, og er mikilvægt að það standi vegna þess að Framsóknarflokkurinn fékk glæsilegt umboð til að fylgja því loforði sínu eftir að afnema verðtrygginguna, sem ég held að þjóni okkur sannarlega ekki hér hvaða gjaldmiðil svo sem við ætlum að hafa.

Í öðru lagi spurði ég hvort ekki væri öruggt að bæta ætti fólki þann verðbótþátt lána sinna eftir hrun sem orsakaðist af verðbólgu umfram verðbólguarkmið Seðlabankans.

Það er leiðrétting á svokölluðum forsendubresti eins og talað hefur verið um. Hæstv. forsætisráðherra dró fram að það sem um væri að ræða væri það sem væri umfram vikmörk peningastefnunnar. Það eru þá 4% á ári, sú verðbólga sem væri umfram þar.

Ég fagna því að það er þá alveg skýrt að það er það sem á að bæta fólki eða leiðréttu hjá fólki, verðbótþátturinn sem er umfram þessi 4%. Þá veit fólk hvað það er sem þingmenn stjórnarflokka hafa tekið sér fyrir hendur að gera og þarf ekki að velkjast í vafa um þær upphæðir sem það má eiga von á að verði í leiðréttingum. Það er þó ástæða til að halda því til haga að í tillöggunni er gert ráð fyrir því að það geti orðið þak á leiðréttingunni. Ég held að það sé algerlega málefnalegt sjónarmið og ég fagna því í raun vegna þess að ég held að það væri ákaflega mikið óráð ef hér væru einfaldlega greiddar út úr ríkissjóði óendanlegar upphæðir til allra. Ég held að það væri ekkert óeðlilegt að miða við þak sem tæki annaðhvort mið af algengustu eða rúmaði mestallt íbúðarhúsnæði, venjulegt húsnæði sem venjulegt fólk eða barnafjölskyldur er að reisa sér, en næði ekki til þeirra sem eru með gríðarlega há lán eða gríðarlega dýrar eignir, segjum 100 millj. kr. lán eða 200 millj. kr. lán eða hvað menn vilja taka.

Ég hef haft djúpa sannfæringu fyrir því að í svona lagfæringu ætti að fara gagnvart þeim sem keyptu á bóluárunum frá ágúst 2004 og fram að hruninu í október 2008. Það fólk varð sannarlega fyrir þremur áföllum í senn, sannarlega fyrir forsendubresti og það hefur lengi verið eindregin sannfæring mín. Ég hef ítrekað flutt um það tillögur, þó að þær hafi ekki náð fram að ganga hjá meiri hlutanum hér á síðasta kjörtímabili, að þessi hópur þyrfti leiðréttingar við vegna þess að stjórn málin komu inn á markaðinn í ágúst 2004 með algerlega óábyrgar aðgerðir, 90% húsnæðislán sem Framsóknarflokkurinn hafði í kosningunum áður lofað til að ná góðri kosningu. Þau var alger skyssa í efnahagsmálum sem á örskömmum tíma leiddi til þess að fyrir efnahagshrunið voru íslensk heimili orðin þau skuldsettustu í heimi vegna 90% lána Framsóknarflokksins, þau skuldsettustu í heimi vegna þess að hér var peningum dælt endalaut: Allt fyrir alla. Menn þurfa að læra af þeirri reynslu og geta sín á því að fara ekki aftur í þá vegferð að gera allt fyrir alla.

Ég hef síðan sjálfur ekki haft sannfæringu fyrir því að það hafi endilega orðið forsendubrestur hjá öllum þeim sem keyptu fyrir þennan tíma. Ég hef átt erfitt með að sjá hann hjá einhverjum sem keypti sér eign, segjum árið 1997, og tók til þess verðtryggt lán. Þótt það kunni að hafa hækkað um kannski þriðjung frá því að það var tekið og sú fasteign var keypt þá er það þannig að laun í landinu hafa síðan margfaldast og fasteignaverð í landinu hefur síðan margfaldast. Ég hef aldrei haft sterka sannfæringu fyrir því að við sem vorum að kaupa til dæmis á þessum tíma höfum orðið fyrir einhverjum forsendubresti, þ.e. að við gætum gert tilkall til þess öll árin þegar laun hækkuðu meira en lánin, öll árin þegar fasteignaverð hækkaði meira en lánin, við höldum þá bara þeim ávinningi, en svo þegar komu tvö ár þar sem þetta var á hinn veginn þá eigi að leiðréttu okkur það. Ef fyrir því eru sterk rök og fyrir því er komin lýðræðisleg niðurstaða í almennum alþingiskosningum þá

er einbodið að það sé gert því að kjósendum var lofað því. Ég fagna því að forsætisráðherra hefur tekið af tvímæli um að leiðrétta eigi gagnvart verðtryggðum íbúðalánunum þá fjárhæð í verðbótaþættinum sem var umfram verðbólgu-markmið Seðlabankans eftir hrun. Það eru auðvitað gróðarlega miklar fjárhæðir og ég treysti því að það nái einvörðungu til íbúðalána og kannski ástæða til að spyrja hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem best til þess að þekkja. Mér hefur að minnsta kosti sjálfum aldrei fundist það koma til álita að einhverjir sem tóku 20 millj. kr. verðtryggt íslenskt lán til að kaupa hlutabréf eða taka einhverjar slíkar áhættur eða gera óskylda hluti því að koma sér upp heimili ættu að fara að fá einhverjar sérstakar endurgreiðslur úr ríkissjóði af þeim sökum.

Ég vona að það sé hugmyndin og treysti því að þingmenn Framsóknarflokksins staðfesti að þannig sé vegna þess að hitt væri sannarlega algert óráð. Þingmenn verða að hafa í huga að þeir peningar sem fara í þessa leiðréttingu munu koma úr ríkissjóði og þeir verða til þannig að börnin okkar eru þeim mun skuldsettari þeim mun meiri sem leiðréttingarnar verða. Alveg sama hvernig við snúum þessu þá er það svo. Þess vegna þarf maður að hafa mjög sterka sannfæringu fyrir leiðréttingunni og fyrir því til hverra hún nær. Eins og ég segi, ég hef haft mjög sterka sannfæringu fyrir þessum hópi en tel sannarlega ekki að nein ástæða sé til að endurgreiða vegna annarra lána þeim sem tengjast íbúðarhúsnæði með því að auka sem því nemur skuldir ríkissjóðs og þar með komandi kynslóða. Það væri algerlega óábyrgt af okkar hálfu. Ég spyr líka hv. þingmenn Framsóknarflokksins hvaða þak þeir sjá fyrir sér að verði á þessum leiðréttingum í krónutölu, eru það 3 millj. kr., 5 millj. kr., 10 millj. kr. eða 50 millj. kr., bara svona einhverja nálgun, einhverja hugmynd um það á hvaða vegferð menn eru? Ég held að það væri líka hjálplegt í því að eyða óvissunni og láta fólkið þarna úti sem er í vanda vita hvers er að vænta.

[16:52]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Mig langar að byrja á því að ræða aðeins um það sem hv. þm. Silja Dögg Gunnarsdóttir sagði í pontu áðan þegar hún gerði því skóna að þingmenn stjórnarandstöðunnar væru hér meira og minna til að hlusta á sjálfa sig í pontu en ekki til að vinna fyrir þjóðina. Síðan talaði hún um að við skyldum vinna saman í sátt og vera góð hvert við annað. Mér fannst ekki sérlega vel að orði komist að halda því fram að ég sem stjórnarandstöðuping-kona í minni hluta, eins og ég get allveg fallist á að sé heppilegra komandi úr sveitarstjórn, sé hér til að hlusta sérstaklega á sjálfa mig tala en ekki til að vinna fyrir þjóð mína.

Ég er búin að vera, eins og aðrir, að lesa yfir þessa þingsályktunartillögu og kom aðeins inn á hana í ræðu í gær þar sem mér finnst hún heldur rýr og velti fyrir mér sem nefndarmaður í fjárlaganefnd að meiri hlutanum af því sem snýr að lækku og leiðréttingu á skuldamálum heimilanna eigi ekki að skila fyrr en í nóvember. Þá verður fjárlagafrumvarpið væntanlega komið vel á veg og því er ekki óeðlilegt að við þingmenn stjórnarandstöðunnar spyrjum

eðli málsins samkvæmt: Er gert ráð fyrir því í fjárlögum næsta árs samt sem áður að eitthvað af þessu komi til framkvæmda? Á það þá að koma í fjárukalögum eða hvernig á að vinna þessa vinnu?

Hér eru jú, eins og hefur komið fram, starfshópar eða nefndir og í rauninni á ekkert að gerast á þessu sumarþingi eða á næstu vikum sem skiptir máli. Það að stjórnin fái tíma til að vinna vinnuna sína er ekki eitthvað sem ég er að tala fyrir að sé óeðlilegt, en eins og talað var í kosningabaráttunni þá er heldur ekki óeðlilegt að við krefjumst þess að fram komi einhverjar tillögur sem eru klárar. Það var talað þannig. Ég fór á fundi þar sem margítrekað var sagt að þetta væri ekkert mál og það væri hægt að leiðrétta og bjarga hlutunum tiltölulega fljótt.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur fram að nauðsynlegt sé að horfa til útfærslu og framkvæmdar tillagnanna um skuldaleiðréttingu, þar er m.a. talað um kostnað við aðkomu ríkissjóðs. Þetta hlýtur að lúta að starfi okkar í fjárlaganefnd. Í lið nr. 2 er talað um að gera úttekt á kostum og göllum og stofna leiðréttingarsjóð. Teymi fagaðila á að leggja fram tillögu um fjármögnun sjóðsins. Þarna er talað algerlega án þess að nokkuð búi að baki, þ.e. ekki virðast vera neinar hugmyndir um hvar þetta geti átt heima, hvar þessa peninga sé að finna. Á sama tíma koma forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar fram og tala um stóra gatið í ríkisfjármálunum og skera svo niður tekjurnar. Þá þykir manni þetta auðvitað svolítið sérstakt og því veltir maður því auðvitað fyrir sér. Allar þessar nefndir og á sama tíma er talað um að staðan sé miklu verri. Einhverjar hugmyndir hljóta bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að hafa haft í aðdraganda kosninga um það hvernig væri hægt að leysa þessi mál. Þetta eru góðra gjalda verðar hugmyndir, það er enginn að tala um annað.

Við gerð núgildandi fjárlaga, þ.e. fyrir árið 2013, var lagt upp með áherslur á bættan hag barna og fjölskyldna. Barnabætur voru stórhækkaðar og vaxta- og húsnæðisbætur. Við vinstri græn töluðum ævinlega um það í kosningabaráttunni áfram þyrfti að gæta aðhalds. Við lofuðum ekki stórkostlegri niðurfellingu á skuldum en við hlífðum velferðarþjónustunni á þessu ári og við töluðum um að ef það skapaðist borð fyrir báru mundum við svo sannarlega leggja fjármuni í innviði samfélagsins. Á meðan töluðu framsóknarmenn sérstaklega mikið um hræggammasjóði. Það virkaði á fólk eins og þar væri vont fólk sem hefði tekið af okkur Íslendingum fjármuni sem það ætti að skila til baka.

Vardandi fjármuni, verði þeir til einhvers staðar, hvort sem það er í vogunarsjóðum eða annars staðar, þá er vert að spyrja þessara spurninga fyrir komandi kynslóðir: Er þeim rétt varið eingöngu í skuldaniðurfellingu heimila eða á að greiða niður vexti ríkissjóðs? Við eigum að greiða marga milljarða í vexti á ári. Komandi kynslóðir græða á því að við greiðum niður skuldir ríkisins. Eigum við að taka sérstaklega þá sem tóku verðtryggt lán út fyrir sviga? Það deilir enginn um það að sannarlega eru einhverjir enn í vanda. Það er líka eitt af því sem hefur komið fram í umræðunni því að stjórnarandstaðan hefur verið gagnrýnd fyrir málflutning sinn eins og ekkert hafi verið gert á síðasta kjörtímabili fyrir þessar fjölskyldur, fyrir skuldetta heimili.

Því get ég ekki verið sammála en hér hefur það ítrekað verið sagt að löksins séu einhverjir komnir til valda sem ætli að gera eitthvað fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Mér finnst vert að skoða og spyrja spurninga. Talað hefur verið um að þrjár fjölskyldur á dag hafi misst húsnæði frá hrúni, um það bil 5 þús. fjölskyldur. Ungur maður, Konráð Guðjónsson, sem er hagfræðingur í meistaranámi, hefur skrifað svolfíð um skuldavanda heimilanna. Á vísir.is er, með leyfi forseta, grein eftir hann frá 12. júní þar sem hann vitnar í opinberar tölur og talar um að í „september 2008 voru 5.800 íbúðir, sem byrjað var á eða voru auðar, á höfuðborgarsvæðinu“ og hann spyr sig hversu margar þeirra hafi verið í eigu verktaka eða lögaðila og þannig komist í hendur fjármálastofnana. Hann segir að íbúðalánasjóður hafi átt fyrir ári síðan 1.751 íbúð sem flestar urðu hans eign eftir hrún, 947 í eigu lögaðila og 804 í eigu einstaklinga. Af þeim eru nú 707 leigðar út. Þess vegna er ekki óeðlilegt að maður spyrji sig hversu margar fjölskyldur hafi í raun og veru misst heimili sitt. Það eru auðvitað gögn sem við þurfum að hafa í höndunum þegar við tökum ákvörðun um það hvernig og hverja þarf að aðstoða.

Þar sem forsendubresturinn hefur orðið meiri vegna verðlags og fasteignamarkaðurinn fer hækkandi má líka velta fyrir sér hvort það sé réttlátt að þeir sem fá hugsanlega niðurfellingu fái líka verðhækkun á húsnæði sínu af völdum þessa sama forsendubrests. Samkvæmt skýrslu Seðlabankans frá því 2012 um stöðu heimilanna eru 3/4 af þeim sem mundu fá 20% niðurfellingu ekki í vanda og 2/3 af þeim sem eru í vanda mundu áfram vera í vanda miðað við þá forsendu. Auðvitað kemur fram, eins og við í Vinstri grænum sögðum ítrekað í kosningabaráttunni svart á hvítu, að þeir efnuðustu mundu fá hæstu niðurfellinguna.

Ég held að fyrir komandi kynslóðir sé líka hægt að hugsa til þess að þetta sé ekki endilega eina lausnin. Það er alveg verðugt verkefni og ég held að allir hafi talað að einhverju leyti fyrir því að breyta kerfinu, þ.e. lánakerfinu, verðtryggingunni. Einhverjir hafa talað um að afnema verðtrygginguna, aðrir hafa talað um að það sé kostur að hafa bæði verðtryggð og óverðtryggð lán. Það er að mínu skapi alla vega, ég mundi vilja geta valið. Hins vegar höfum við rætt um að setja þak á verðtrygginguna, vextina, í því sambandi.

Það er að mörgu að hyggja þegar þessi mál eru rædd. Ég hélt satt að segja að Framsóknarflokkurinn sem talaði svona drýgindalega í kosningabaráttunni hefði virkilega verið kominn með einhverjar útfærðar hugmyndir. Ég veit um fólk sem trúði því líka, ég segi ekki daginn eftir kosningar en það átti sannarlega von á því á að það fengi að heyra af því á þessu sumarþingi að til stæði að leggja til sýnilegar framkvæmdir en ekki eitthvað sem enginn hefði í hendi.

[17:02]

### Ögmundur Jónsson (Vg):

Hæstv. forseti. Umræðan er nokkuð í stíl við það sem búast mátti við. Hingað komu hæstv. forsætisráðherra og fulltrúar ríkisstjórnar og kynntu okkur frábært tíu punkta plagg, aðgerðaáætlun, til að reisa við heimilin í landinu. Stjórnarandstaðan kemur fram eftir að hafa lesið plaggið og segir að það sé harla rýrt og ekki í samræmi við það sem

menn hafi búist við, raunhæfum tillögum á þessu stigi en ekki nefndum og starfshópum. Þá kveðja þingmenn stjórnarmeirihlutans sér hljóðs og gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir ómálefnalega umræðu. Ég er búinn að heyra nokkra þingmenn stjórnarmeirihlutans koma hingað í pontu og kvarta yfir ómálefnalegri umræðu.

Ég verð að segja að það er ekkert ómálefnalegt við að benda á það þegar stjórnarflokkar nýkomnir inn í Stjórnarráðið á þeirri forsendu að þeir ætli að hrinda tilteknum hugmyndum í framkvæmd, þegar í ljós kemur að slíkar tillögur eru ekki til, þær eru bara loft, bara bóla, að á það sé bent. Það er málefnalegt vegna þess að það snýst um lýðræðið í landinu. Ef stjórnaráflökkin ætla að vera trúverðugir verða þeir að rísa undir því að framkvæma eða reyna að framkvæma það sem þeir lofa. Hér erum við því miður einungis að sjá starfshópa og nefndir en engar raunverulegar framkvæmdir, nema í einu tilviki. Eitt mál er komið fram hér í þinginu og það er um flýtimeðferð í réttarkerfinu, það liggja mikið á að fá þetta samþykkt núna í vor vegna þess að það sé mikið hagsmunamál fyrir skuldugt fólk.

Nú vill svo til að það er réttarhlé, dómstólarnir verða ekki starfandi fyrir en í september, þannig að þetta eina mál sem er raunveruleg tillaga um úrbætur núna er líka bara orðin tóm fyrir utan það að flýtimeðferðarformúlan orkar nokkuð tvímælis. Í fyrsta lagi er það svo að vandinn í réttarkerfinu hvað varðar lánamálin liggur ekki eða öllu heldur rót hans liggur ekki í dómskerfinu heldur hjá fjármálafyrirtækjunum. Hún liggur þar. Fjármálafyrirtækin hafa her lögfræðinga á sínum snærum og þegar það síðan gerist eins og lagt er til eða kveðið er á um í greinargerð þingmálsins að dómstólar skuli hafa alla fresti sem allra stysta þá getur það verð hinum skulduga manni í óhag. Hann hefur ekki her lögfræðinga sér við hlið heldur iðulega einn lögfræðing, ef hann hefur yfirleitt kost á að greiða fyrir slíkt, og skammur frestur getur komið honum í koll. Ég nefni þetta sem dæmi. Þetta eru að sjálfsögðu hlutir sem hafa verið skoðaðir enda vorum við minnt á að þingmál af þessu tagi hafa áður komið fram. Þetta leysir í sjálfu sér ekki vandann.

En aðeins um málið í heild sinni. Ég vil taka undir með þeim sem óska eftir þverpólitísku samstarfi um þessi mál, ég vil gjarnan taka þátt í slíku og stuðla að framgangi góðra mála. Slíkt samstarf var ástundað á síðasta kjörtímabili. Ég minnst þess þegar við sátum dag eftir dag og kvöld eftir kvöld í þverpólitískum nefndum. Við sameinuðum nefndir jafnvel tímabundið um tiltekin úrlausnarefni, allsherjarnefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og félagsmálanefnd. Það var ekki svo að ekkert væri aðhafast. Hér varð til embætti umboðsmanns skuldara. Ráðist var í úrræði á borð við greiðslujöfnun og skuldaaðlögun og gengið var í að ræða við fjármálastofnanir um niðurfærslu á lánnum. Útkoman úr því var svokölluð 110%-leið. Við vorum mörg sem vildum fylgja áherslum Hagsmunasamtaka heimilanna og fara í niðurfærslu á skuldum. Það var nokkuð sem Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn lagði mjög strangt bann við, vildi það alls ekki, og það voru líka deildar meiningar um það í þinginu þverpólitískt, bæði innan stjórnarliðsins og í stjórnarandstöðunni.

Ég man eftir því að hv. þm. Helgi Hjörvar talaði fyrir því fyrir ekki svo ýkja löngu að það yrði skoðað hvort unnt

væri að gera þetta hjá Íbúðalánasjóði, að við færum þá leið þar. Það er ekki svo að þessar umræður hafi ekki verið vakandi í þinginu og þverpólitískt, eða að menn hafi hugsað mjög flokkspólitískt um þessi efni. Menn hafa verið að reyna að leita leiða til að leysa hinn alvarlega skuldavanda og þegar upp er staðið hefði verið hyggilegt að mínum dómi — ég var allan tímann á þeirri skoðun — að fara niðurfærsluleiðina en þá hefði þurft að gera það í tengslum við neyðarlög. Þegar við efndum til mikilla funda í Þjóðmanningarhúsinu haustið 2010 með öllum fjármálastofnunum í landinu, lífeyrissjóðunum og pólitíkinni, fulltrúum allra stjórnarmálaflokka, þá komumst við hvorki lönd né strönd með fjármálakerfið hvað þetta snerti, hvorki lífeyrissjóðina né bankakerfið.

Hvað gerðum við þá? Við fórum aðra leið. Við skattlögðum fjármálastofnanir til að fá inn fjármagn til að standa strama af sérstökum vaxtabótum. Þessar sérstöku vaxtabætur ásamt vaxtabótunum sjálfum námu á tímabili 18 milljörðum á ári. Láttekjumaður var að fá 45% af öllum vaxtakostnaði sínum greiddan með þeim hætti. Auðvitað skipti þetta allt máli. Eða halda menn að við höfum setið aðgerðalaus? Því fer fjarri.

Við ræddum lykklafurvarpið. Þar var ágreiningur uppi, ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur innan þingliðsins alls. Við hlustuðum á sjónarmið Seðlabanka, við hlustuðum á sjónarmið annarra aðila og við vorum uppi með mismunandi hugmyndir hvað þetta snertir. Þegar menn óska eftir málefnalegri umræðu þá segi ég: Látið okkur öll njóta sannmælis líka og horfum af raunsæi til þess hvað hefur verið gert í þessum málum.

Við skipuðum ráðherranefnd til að ræða við lífeyrissjóðina um lánsveðin. Við náðum niðurstöðu sem við vorum ekkert sérstaklega sátt við vegna þess að við vorum gagnrýnin á lífeyrissjóðina hve fhalddssamir þeir voru í þessu efni. En við náðum að leysa það áður en kjörtímabilið var úti. Síðan eru aðrir þættir þarna sem á eftir að taka á. Það eru tilteknar fjármálastofnanir sem hafa ekki staðið sig sem skyldi og ekki einu sinni farið að þeim úrræðum sem fjármálastofnanir eða samtök þeirra náðu við ríkisstjórnina, til dæmis varðandi 110%-leiðina, ég nefni þar Dróma sérstaklega. Þar voru gerð mistök á sínum tíma með því að fela slitastjórn samskiptin við lántakendur. Hvergi er minnst á það í þessu plaggi. En síðan koma stjórnarþingmenn hingað upp og segjast vonast til þess að þetta þingmál nái fram að ganga, það sé gríðarlegt hagsmunamál. Hvað? Að sest verði yfir málið? Já. En við höldum að nú á vordögum og í byrjun sumars værum við að fá í hendur tillögur um hvernig ætti að taka á málinu. Það að ræða þetta og gagnrýna er málefnalegt. En það er ómálefnalegt ef menn horfa ekki til þess sem hér hefur verið gert á undanförunum fjórum árum. Látið þau sem að því stóðu njóta sannmælis.

[17:12]

#### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Ég kem hér öðru sinni og átti eftir að ljúka fyrri ræðu minni, en áður en ég geri það vil ég koma örstutt inn á húsnæðismálin.

Í þingsályktunartillögunni er talað um að koma eigi með tillögur að framtíðarstefnu í húsnæðismálum. Það hvarflar

satt best að segja að mér að ríkisstjórnin hafi fylgst jafn illa með í þeim málaflokki og ríkisfjármálunum á síðasta kjörtímabili. Það var mótuð húsnæðisstefna. Það var þverpólitísk vinna sem áttu aðild að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, annarra stjórnarmálaflokka, Alþýðusambands Íslands, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins og svo mætti lengi telja. Þessi stefna liggur fyrir í skýrslu frá apríl 2011. Á grundvelli hennar hefur verið gríðarlega mikil vinna í gangi og skilað hefur verið tillögum um hvernig eigi að miðla upp lýsingu um húsnæðismarkaðinn til að efla þann markað og gera öruggari, tillaga um nýjar húsnæðisbætur, tillaga um gerð húsnæðisáætlunar, tillaga um rekstrar- og skattumhverfi húsnæðisfélaga og tillögur um framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs og lánveitingar hans. Þetta var unnið mjög breitt og mjög þvert því að húsnæðismál eru ekki eitthvað þar sem stefnunni er breytt frá einu kjörtímabili til annars.

Ég vona svo sannarlega að velferðarnefnd fái þessar tillögur til umfjöllunar. Þarna tel ég að verði að flétta inn í þá vinnu sem þegar hefur verið unnin því að það er tímafrekt að breyta húsnæðismarkaðnum. Það er alvörumálefni sem á að taka mið af þeirri merku vinnu sem fram hefur farið.

Ef einhver efast um orð mín, því að það virðist einkenni á hæstv. forsætisráðherra að hann telur okkur öll dylgja ef við erum ekki með honum í flokki, þá er Samband íslenskra sveitarfélaga búið að innleiða þessa stefnu í sína stefnu. Reykjavíkurborg er með stefnu í þessum anda og er þegar farin að vinna eftir henni. Þetta gengur út á húsnæðisöruggi, fjölbreyttari búsetuform með svipuðum stuðningi óháð því hvort fólk á eða leigir og félagslega samheldni og er stefna sem allir hljóta að geta fellt sig við. Satt best að segja, því að ég hef komið mikið nálægt þessum málum, liggur við að mér sámi að athyglin á því sem vel hefur verið gert sé svona lítil.

Nú ætla ég að ljúka fyrri ræðu minni, herra forseti. Þar var ég komin að því að ríkisstjórnin er búin að loka dyrunum á upptöku nýrrar myntar, hún gerði það bara í beinni útsendingu á blaðamannafundi klukkan fjögur í dag, en boðar samhliða afnám verðtryggingar. Þá spyr ég: Af hverju ekki að eyða óvissunni og gera þetta strax? Þannig er komið til móts við heimilin. Það er einfalt að útbúa frumvarp þess efnis og samþykkja strax á sumarþingi. Af hverju gerir hæstv. ríkisstjórn þetta ekki? Jú, því að þá kæmist hún ekki upp með þá óábyrgu stjórn ríkisfjármála sem nú er stunduð og felur í sér lækkuð veiðigjalds á LÍÚ, afnám auðlegðarskatts á ríkustu fjölskyldur landsins og lækkuð virðisaukaskatts á neyslu erlendra ferðamanna.

Hægri stjórn hæstv. forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar getur hrist fram úr erminni dýrar aðgerðir fyrir forréttindahópa í íslensku samfélagi en þegar kemur að heimilunum, almenningi í landinu, þá eru svörin: Við skulum sjá til í haust.

[17:17]

#### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögur um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Það er virðingarvert að vilja mæta þeim brýna vanda sem blasir við mörgum heimilum í landinu, ekki skal ég draga úr því. Síðasta

ríkisstjórn glímdi við það verkefni allt síðasta kjörtímabil og náði þar miklum árangri svo eftir var tekið víða um heim. Það var talið afrek hversu vel stjórnvöld hefðu tekist á við þessar erfiðu aðstæður, að mæta skuldugum heimilum og verja velferðarkerfið, sem skiptir nú ekki litlu máli fyrir heimilin í landinu, því að þegar kemur að buddunni telja nefnilega allir þættir. Fjölskyldurnar í landinu búa við mjög fjölbreytilegar aðstæður. Sumir hafa sitt eigið húsnæði, aðrir leigja, svo það er með ýmsum hætti hvernig sá kostnaður fellur til.

Nú kemur ríkisstjórnin fram með aðgerðaáætlun og vísar þeirri vinnu inn í sumarið og langt fram á haust. Ég er nú ansi hrædd um að margir hafi trúað því að eitthvað kæmi tilbúið strax að loknum kosningum vegna þessara loforða þeirra flokka sem voru með dýra kosningavíxla. Þeir lofuðu mörgu, bæði skattalækkunum, afnámi verðtryggingar og lækkun höfuðstóls verðtryggðra lána. Það var trú margra að því yrði hrint í framkvæmd fljótlega að loknum kosningum miðað við tal manna fyrir kosningar.

Komið hefur fram í máli manna að síðasta ríkisstjórn hafi nú mest lítið gert í þeim málaflokki og hafi haft fjögur ár til þess að vinna að því úrlausnarefni eftir hrunið ásamt fjölmörgum öðrum þáttum sem menn stóðu frammi fyrir, jafnvel því að ríkissjóður yrðu settur af eða gjaldfærður niður, færi á hausinn og að við yrðum sett í Parísarklúbbinn. Það var allt í umræðunni í upphafi kjörtímabils hvað mundi verða um íslenskt þjóðarúð en sem betur fer tókst mönnum að vinna sig út úr þessum gifurlega vanda hægt og bítandi og verja erfiða stöðu margra heimila.

Þess vegna segi ég við þá flokka sem fengu umboð til þess að halda áfram að vinna að bættum hag heimilanna — ég segi: halda áfram að vinna að bættum hag heimilanna, því að ég held að það sé vilji allra þeirra þingmanna sem hér eru og sem kosnir hafa verið að vinna að bættum hag heimilanna. Ég get ekki ímyndað mér að neinn hér inni hafi neitt annað í huga en að vinna að bættum hag heimilanna. En þá eru það spurningar um leiðir og hvað er gerlegt. Þar fórum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ekki fram úr okkur því að við þekktum mætavel stöðu ríkissjóðs og það tel ég að allir flokkar sem áttu fulltrúa á Alþingi hefðu átt að gera og fara varlega í kosningalofordum sínum.

En þar sem menn fóru geyst í kosningabaráttunni og lofuðu miklu og höfðu verið með miklar hugmyndir allt kjörtímabilið, finnst mér nú að menn hefðu átt að koma betur undirbúnir til leiks. Þeir höfðu líka þessi fjögur ár til að útfæra tillögur sínar, til að láta fara ofan í saumana á því hvað væri gerlegt og hvað ekki miðað við skuldastöðu ríkissjóðs og ekki byrja á því að leggja hér fram einhvern ferningar-sáttmála um góðan vilja, sem segir í raun og veru ósköp lítið annað en það að fólk má búa við óvissu allt þetta ár um hvað verður. Mér finnst það ekki vera heiðarlegt gagnvart þeim kjósendum sem kusu þessa flokka. Þá hefðu menn átt að tala þannig í kosningabaráttunni að þeir, eins og þáverandi stjórnvöld, vildu halda áfram að vinna að þessum málum en hefðu enga töfrasprota til að kalla fram peninga sem ekki eru til. Þáverandi stjórnvöld vissu alveg að möguleiki væri fölginn í því að ná með einhverjum hætti fjármagni frá þeim vogunarsjóðum sem eru með fjármagn hér í gjalddeyrishöftum. Það vissu allir stjórnmalaflokkar að það var

möguleiki í því fölginn. En menn vissu það jafn vel að ekkert væri í hendi varðandi hvenær það yrði og að menn yrðu bara að sýna þolinmæði og vinna úr því verkefni hægt og bítandi. Ef þar væru fjármunir sem hægt væri að nýta fyrir fólkíð í landinu með einhverjum hætti þyrfti líka að ræða hvar sá stuðningur og hvar þeir fjármunir væru best nýttir. Það er auðvitað fjöldinn allur af góðum verkefnum sem væri hægt að setja fjármagn í. Þá yrðu menn að setjast niður við það erfiða verkefni eins og er hér á hverju ári varðandi fjárlögin við að deila út því fjármagni sem er til skiptanna og forgangsraða.

Mér hefur alltaf fundist að við ættum að byrja á því að aðstoða þá sem minnst mega sín og búa við erfiðar aðstæður. Þeir sem eru betur settir ráða frekar fram úr sínum málum. Ég vil forgangsraða í þágu þeirra sem verst eru settir, hvort sem er í málaflokki húsnæðismála, ellilífeyrisþega, öryrkja, barnafjölskyldna eða annarra hópa í landinu sem þurfa stuðning umfram aðra. Þannig vil ég að við sem þjóð styðjum hvert annað og forgangsroðum rétt í þessu þjóðfélagi.

Mér fannst það ekki vera rétt forgangsroðun í þessu samhengi þegar ríkisstjórnin byrjaði á því, án þess að hugsa sig um eða skipa nefnd eða starfshóp, að fella niður veiðigjöld fyrir háar fjárhæðir sem hefðu einmitt nýst þessum hópum sem ég vil forgangsraða til, að fella niður veiðigjöld af fyrirtækjum í landinu sem eru vel gjaldfær og vel megnug þess að standa undir því veiðigjaldi sem lagt var á, sem betur fer því að það er gott ef vel gengur, í sjávarútvegi sem annars staðar. Það er gott fyrir okkur öll.

Þess vegna segi ég: Við eigum að vera menn til þess að forgangsraða þeim fjármunum sem við höfum úr að spila með réttlátum hætti, ekki láta þá fara fremst sem hæst hafa heldur horfa til þess hverjir þurfa á aðstoð að halda.

Mér datt nú í hug eitt (Forseti hringir.) hér í lokin: „Þær eru margar nefndirnar en hvurnig er með efndirnar sem sumir lofuðu (Forseti hringir.) sumum?“

[17:27]

### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað mér síðar í ræðu minni að koma með eina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra en hann er ekki í salnum þannig að ég óska alla vega eftir því að henni verði komið til hans svo að hann geti svarað henni í lokaræðu sinni um þetta mál. Ég ætlast ekki til að sérstaklega verði á hann kallað, en að félagar hans sem sitja í salnum komi spurningunni áleiðis þannig að hann geti svarað henni í samantektarræðu sinni hér í lokin.

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hér, þ.e. skuldamál heimilanna, er eitt af því stærsta og erfiðasta sem ríkisstjórnin á fráfarandi kjörtímabili fékkst við. Nánast samhlíða því að forða landinu frá þjóðargjaldþroti horfðum við upp á sívaxandi vanda heimilanna í landinu. Það var ekki bara skellurinn sem kom á heimilin sem voru með gengistryggð lán heldur hinar hratt vaxandi skuldir þeirra sem voru með verðtryggð lán.

Það var þröngt í búi og þess vegna var það sem þó var gert fyrir heimilin í landinu gert af miklum vanefnum. Það er ekki hægt af hv. þingmönnum sem hingað koma upp að heima að allir séu málefnalegir í þessari umræðu en segja

svo í næsta orði að fráfari ríkisstjórn hafi ekkert gert fyrir heimilin nema það sem dómstólar hafi skipað henni. Það er nefnilega alrangt, virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn gerði gríðarlega margt fyrir heimilin en þó alls ekki nóg, ég er alveg sammála því. Við hefðum viljað gera miklu, miklu meira ef fjármunir hefðu verið til reiðu, ef við hefðum ekki líka verið í þeirri stöðu að koma okkur úr 18,6% verðbólgu, 18% stýrivöxtum, 1.500 punkta skuldatryggingarálagi, mínus á ríkiskassanum upp á 216 milljarða. Þannig var staðan hreinlega í upphafi síðasta kjörtímabils. Við það vorum við að fást og samhlíða því að gera allt sem við gátum til að mæta skuldugum heimilum. Þess vegna fóru um 300 milljarðar til heimilanna á síðasta kjörtímabili, 200 milljarðar í gegnum fjármálastofnanir og 100 milljarðar beint úr ríkissjóði í gegnum vaxtabætur og barnabætur. Við vitum og ég hef sagt það áður að það var ekki nóg. Við vitum líka að hópar voru eftir sem þurfti að horfa sérstaklega til.

Í mjög góðri skýrslu frá nefnd undir forustu þáverandi hæstv. velferðaráðherra, Guðbjarts Hannessonar, um skuldamálin kom skýrt fram að það væru ákveðnir hópar sem þurfti sérstaklega að huga að. Það var hópurinn sem keypti á versta tíma fyrir hrun, það var hópur sem var með lánsveð og líka þeir sem höfðu tekið lán hjá Íbúðalánasjóði sem ekki hafði haft burði til þess að ganga jafn langt og aðrar fjármálastofnanir til að mæta lántakendum sínum.

Virðulegi forseti. Í þessari stöðu má segja að þáverandi stjórnarandstaða sem nú er að miklu leyti komin í ríkisstjórn, eða a.m.k. tveir stærstu flokkarnir, hafi ekki gert okkur þessi mál auðveld vegna þess að hún horfðist aldrei í augu við þá stöðu sem ríkissjóður og þjóðarþúið var raunverulega í og efnahagslífið, heldur talaði hér og gerði kröfur og ýtti undir væntingar fólks eins og enginn væri morgundagurinn og allir væru fjármunirnir í ríkiskassanum. Stuðningurinn kom svo sannarlega ekki þaðan við þær erfðu aðgerðir sem fráfari ríkisstjórn stóð í. Þess vegna er ekkert skrytið að menn hefðu gríðarlegar væntingar til þeirra flokka sem gengu þannig fram, ekki bara í kosningarbaráttunni heldur allt kjörtímabilið, eins og hér væru til reiðu fjármunir til að gera miklu, miklu meira fyrir heimilin í landinu en gert var. Þess vegna er eðlilegt að það séu væntingar og eðlilegt að gerð sé krafa um að menn komi tilbúnir til leiks á sumarþing þegar þeir hafa haft fjögur ár til að smíða þær tillögur eins og aðrir höfðu — fjögur ár.

Virðulegi forseti. Það var líka talað með þeim hætti í kosningarbaráttunni og aðdraganda hennar eins og menn væru með þetta allt á hreinu. Peningarnir voru þarna til reiðu hjá hrægömmunum. Það átti að vera hægt að semja við bankana um að byrja að greiða þetta og lækka höfuðstólana strax í sumar. Svona töluðu menn. Það er því ekkert óeðlilegt þó að væntingarnar hafi verið miklar. Það er því ekkert óeðlilegt að það sem kemur fram í þessari tillögu sé gagnrýnt, að af tíu liðum séu fimm nefndir eða úttektir, helmingurinn. Tvívegis byrjar setning á „Kannað verði ...“, þ.e. sjó atriði eru ýmist úttekt, nefnd eða eitthvað sem á að kanna. Þjú atriði tryggja ágætlega að menn ætli að vinda sér í þau og eitt þeirra liggur hér fyrir frá innanríkisráðherra. Það er vel eins og ég hef áður sagt.

Virðulegi forseti. Hér á sem sagt að setja þetta stóra mál í enn eina nefndina. Mig langar líka að nefna dæmi um það

hversu gleiðir menn voru og brattir í yfirlýsingum sínum í aðdraganda kosninga í þessum þingsal. Í 6. lið í þessari tillögu til þingsályktunar stendur að settur verði á fót sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytdalánum. Tillögur þessa hóps og tímasett áætlun á að liggja fyrir í lok árs 2013.

Hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir og Eygló Harðardóttir, þáverandi þingmaður og núverandi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra, áttu í orðaskiptum hér í þinginu þann 15. mars síðastliðinn. Hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir gagnrýndi þáverandi hv. þm. Eygló Harðardóttur fyrir það að Framsóknarflokkurinn væri enn einu sinni að boða að setja verðtryggingarmálin í nefnd. Þá sagði, með leyfi forseta, núverandi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra Eygló Harðardóttir:

„Í svari mínu við hv. þingmann nefndi ég ekki að skipa ætti einhverja nefnd. Ég talaði um nefndir sem skipaðar hafa verið og hafa skilað af sér tillögum, þær hafa lagt fram áætlun um að gera það. Tillögur okkar varðandi afnám verðtryggingarinnar ganga út á það að framkvæma það.“

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti. Svona töluðu menn og þá er eðlilegt að væntingarnar séu miklar. Ef menn geta komið fram með jafn flókin og viðamikil mál og breytingar og lækkun á veiðigjaldi, eins og verið er að dreifa í þinginu, en geta ekki komið með mál hingað inn sem tengjast skuldavanda heimilanna þá hljóta menn að spyrja um forgangsröðun. Það er ekkert einfalt mál að gera breytingar á veiðigjaldinu þannig að það lækki tekjur ríkissjóðs á þessu ári um 3,2 milljarða. Það getur ekki verið mjög einfalt mál, menn hljóta að hafa hugsað það. Þá hljóta menn líka að hafa eytt í það tíma sem þeir hefðu getað eytt í að koma með tillögur um skuldavanda heimilanna.

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. forsætisráðherra snýr að því að einn hópur þurfi sérstakar úrlausnar við, svokallaður lánsveðshópur. Framsóknarflokkurinn sat hjá þegar við afgreiddum mál á síðasta þingi um það að þessi hópur fengi sérstakar viðbótarvaxtabætur á þeirri forsendu að ekki væri nægjanlega langt gengið. Allt í lagi, það er afstaða út af fyrir sig. Hins vegar náðum við þó fyrir kosningar að klára langbráð samkomulag við lífeyrissjóðina um lánsveðin til að þessi hópur gæti fengið sambærilegar niðurfærslur og aðrir hópar í samfélaginu hafa fengið svo að hann sæti ekki lengur eftir. Þetta samkomulag náðist. Núna eru stjórnir lífeyrissjóðanna að samþykkja þetta að því er ég best veit hver á fætur annarri.

Því spyr ég: Þegar rætt var í gær af hálfu forustumanna þessarar ríkisstjórnar um að það þurfti að endurskoða nýjar ákvarðanir sem fyrri ríkisstjórn hafði gert, átti það við um lánsveðin? Þau eru ekki í þessum aðgerðalista. Er það yfirsjón að lánsveðshópurinn sé ekki á listanum og efndir gagnvart honum eða er ekki ætlunin að gera neitt fyrir þann hóp?

Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. forsætisráðherra svari þessari spurningu hér þannig að þessi hópur verði ekki áfram í óvissu.

[17:38]

**Guðbjartur Hannesson (SF):**

Hæstv. forseti. Nú er ég að flytja mína seinni ræðu um

þingsályktunartillögu sem gefur hverjum þingmanni tækifæri á að ræða málið í 15 mínútur. Málið fer síðan í nefnd og þá í afgreiðslu í þinginu. Við erum að tala um eitt stærsta mál nýrrar ríkisstjórnar, 10 liði, að vísu koma þeir síðan væntanlega aftur til umræðu einhvern tímann á næsta ári. En það sem skiptir auðvitað mjög miklu máli á þessu stigi er hvað fer inn í vinnuna. Það er það sem ég hef verið að kalla eftir.

Ég hef líka áhyggjur af því þegar ég heyrir að ungir þingmenn hafa jafnvel étíð það upp eftir formönnum sínum að ekkert hafi verið gert á síðasta ári. Ég velti því fyrir mér þegar við tókum t.d. röð af skýrslum, vinnu og öðru, hvort menn hafi virkilega ekkert kynnt það, hvort menn hafi ekkert lagt það fram, hvort menn hafi ekki fengið tækifæri til að skoða þetta á netinu bara eins og þegar við höfum verið að reyna að greina hver vandinn er.

Við höfum t.d. komist að því að einn sá hópur sem er í hvað mestum vanda í þessu samfélagi eru leigjendur. Það eru þeir sem eiga ekkert í húsnæði sínu. Hvar verður leiðréttingin fyrir þá þegar við ræðum um hag heimilanna? Við ræðum þá sem setið hafa fastir, sem úrræðin okkar dugðu ekki á, sem var lánsveðshópurinn eins og nefnt var af ræðumanninum hér á undan, hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur. Við ræddum líka ábyrgðarmennina þar sem menn lánuðu eða lögðu ábyrgð inn hjá fólki og menn sitja fastir. Það er jafnvel verið að ganga að fullorðnu fólki og taka af því húsnæði vegna þess hvernig lánafyrirkomulagið var. Þeir hópar hafa ekki möguleika í þessum tillögum eins og þær liggja fyrir hér. Eru þeir alveg utanveltu?

Ég get haldið áfram. Þeir sem seldu eignir skömmu fyrir hrún, eins og var í tísku, losuðu eignir sínar, fóru inn í búmannafélög, fóru inn hjá öldrunarstofnunum eins og Eir og öðru slíku og skuldbundu sig þar, eiga engan rétt. Eru þeir utan við þetta? Það eru engar leiðréttingar fyrir þann hóp. Þeir sem keyptu eignirnar fá væntanlega þá leiðréttingu. Það er fullt af slíkum spurningum.

Hvernig ætlum við að leiðrétta það? Ég sagði það á sínum tíma, af því nú erum við að tala um forsendubrest sem er alveg hárrétt að varð hér, hér kom 20% skellur: Hvað með þá sem búa úti á landi og hafa fengið slíka skelli? Hér er fullt af þingmönnum af þeim svæðum. Og ef farið er yfir á Vestfirðina þar sem búast má við því að miðað við nýbyggingarkostnað geti menn selt eignirnar á 20–30% af virði húsnanna. Þeim hefur aldrei verið hjálpað. Meira að segja bara í kraganum í kringum Reykjavík, strax úti á Reykjanesi, Grindavík, Akranesi, Selfossi vitum við að þegar við kaupum hús, þ.e. látum byggja yfir okkur, þá seljum við húsið með 20% afföllum á næsta ári. Það er eins og bíll. Við vitum af því. Er það forsendubrestur?

Á sama tíma gerðist það í Reykjavík á árunum 2004–2007 að húsnæði hækkaði um 50% á þremur árum. Síðan lækkaði það aftur en það fór aldrei niður í það sem áður var. Er það forsendubrestur? Mér finnst að menn þurfi að ræða svona hreinskilnislega vegna þess að við erum að reyna að ná utan um þetta mál. Við erum öll sammála um að við verðum að gera það. Við verðum að ná utan um málið til að reyna að komast út úr þessum vanda og ná sátt hjá þjóðinni ef við ætlum að komast eitthvað áfram.

Hvað með þá sem eru námsmenn og safna skuldum?

Hvað með þá úttekt sem unnin var í tengslum við 110%-leiðina hjá Íbúðalánasjóði þar sem kom í ljós að þeir sem verst voru settir hjá Íbúðalánasjóði voru með meiri greiðslubyrði vegna annarra lána en húsnæðislána? Þeir voru með að meðaltali 90 þús. kr. í afborganir af íbúðarhúsnæði, nú er ég að tala um ársgamlar tölur, en þeir voru með allt upp í 80–90 þús. kr. í afborganir af öðrum lánnum. Þessum aðilum verður ekki hjálpað með einhverjum flötum niðurfærslum. Það verður að gera eitthvað annað ef þeir eiga ekki að tapa húsinu sínu.

Margir höfðu fært skuldbindingar yfir á húsin þegar þessi hækkun varð. Þá notuðu menn veðandlagið til þess að auka skuldir. Á að breyta eitthvað út frá því o.s.frv.? Það er fullt af svona spurningum sem hefði verið gaman að ræða og vinna þannig að það kæmi inn í vinnuna. Menn svoruðu því hér með okkur, ekki endilega í þingsal, en þá inni í nefndum, því að hér eru t.d. húsnæðismálin sem fara inn í velferðarnefnd: Við eigum enga adkomu að þessu aftur. Valið var að setja málið í þannig farveg að það er eiginlega ekki nokkur leið að taka málið til ítarlegrar umræðu.

Það finnst mér miður, einkum vegna þess að þarna er um að ræða stærsta málið og líka vegna þess að á sama tíma og menn ætla að fara út í þessar breytingar kvarta þeir yfir því að þurfa að draga til baka eitthvað sem við lofuðum til að bæta hag heimilanna vegna þess að þeir eru búnir að ákveða að taka tekjurnar út úr ríkissjóði með því að lækka veiðileyfagjald og lækka álögur, (Forseti hringir.) og þar með væntanlega hverfa frá gjaldfrjálsum tannlækningum, lagfæringum á fæðingarorlofi, hækkun á barnabótum (Forseti hringir.) og fleiru sem er fyrir heimilin (Forseti hringir.) þó að það sé ekki í formi húss.

[17:43]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska nýkjörnum forseta vorum til hamingju með embættið þar sem ég hef ekki haft færi á því fyrr. Sömuleiðis nýjum hv. þingmönnum sem hér eru allmargir að stíga sín fyrstu skref í þingstórfunum. Við væntum auðvitað góðs af öllu saman.

Mig langar að spyrja í fyrsta lagi forseta eða fá það staðfest: Er ekki rétt að hér sé á ferðinni stjórnartillaga sem flutt er af hæstv. forsætisráðherra? Er það rétt hjá ræðumanni?

(Forseti (EKG): Alveg hárrétt.)

Það er rétt hjá ræðumanni, gott er að vita það. Þarna sé ég meira að segja hæstv. forsætisráðherra, gleður það mig ákaflega, því að mér þóttu þunnskipaðir ráðherrabekkirir herna í þessu stóra máli ríkisstjórnarinnar. En það er gott að sjálfur höfuðpaurinn er mættur til að svara fyrir málið og gleður mig mjög.

Í fyrsta lagi langar mig aðeins að nefna formið á málinu ef hæstv. forsætisráðherra mætti við bindast og væri kannski tilbúinn til að útskýra aðeins — það eru einhver önnur brýnni mál hér í hliðarsal sem ég heyrir að teppa forsætisráðherra.

Mig langar órlítið til að grennslast fyrir um hvort hér sé að vænta einhvers konar nýbreytni í undirbúningi ríkisstjórnar að málum almennt, að hún hyggist sækja sér sérstaklega og aukalega umboð til þingsins eða hvaðningu frá þinginu til góðra verka og vænta megi þess að það verði þá gert í fleiri tilvikum.

Ég hef aðeins velt fyrir mér þingræðislegu eða stjórn-skipulegu gildi þessarar þingsályktunartillögu, sérstaklega út frá innihaldi hennar, og hvaða tilgangi hún í aðalatriði þjóni öðrum en þeim að vera einhvers konar hvatning til ríkisstjórnarinnar. En þá hlýtur ríkisstjórnin að hugsa málið þannig að hún þurfi á þeirri hvatningu að halda frá þinginu til að koma þessum verkum af stað.

Þegar lítið er á innihaldið er inngangsmálgreinin um að fela ríkisstjórninni að fylgja eftir aðgerðaáætlun í tíu liðum, sem er svo neðangreint. Þar er fyrsti liðurinn sá að settur verði á fót sérfræðingahópur sem útfæri mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra lána.

Ég velti fyrir mér, hvað er það opið umboð sem þessi sérfræðingahópur hefur? Ber að líta svo á að það sé engin leiðsögn frá loforðum eða binding við loforð stjórnarflokka-anna? Ég hef misskilið kosningabaráttuna eitthvað úr því þetta er svona. Ég taldi mig alltaf vera að lenda í rökræðum um þessi mál að þetta væri klappað og klárt og fyrir lægi hvernig þetta yrði gert og það strax í sumar. Þetta hefur greinilega skolast eitthvað til í kosningabaráttunni úr því að fara þarf að setjast yfir þetta núna og útfæra mismunandi leiðir. Er það þá sem sagt út af borðinu að farið verði í 20% lækkun allra verðtryggðra neytendalána eða a.m.k. húsnæðislána í sumar upp á 240 milljarða eða svo? Hvenær gafaði það upp? Var það daginn eftir kjördag?

Í öðru lagi. Mun stjórnarandstaðan eiga aðild að þessu starfi, þessum ótal sérfræðingahópum, verkefnisstjórnnum og aftur sérfræðingahópum sem hér á að fara að skipa? Er ríkisstjórnin að sækja umboð til þingsins í þeim skilningi að hún ætli að hafa allt þingið með sér í þeirri vinnu? Verður stjórnarandstaðan höfð með í ráðum í sambandi við mönnum þeirra nefnda, starfshópa og verkefnisstjórna og hvað þetta nú allt er?

Mér telst til að það séu fimm nefndir í þessu eða sérfræðingahópar og verkefnisstjórnir að meðtalinni sérstakri ráðherranefnd. Ég geri nú ekki ráð fyrir að stjórnarandstaðan fái sæti í henni, en í hinum kannski eða gæti bent á hæfa sérfræðinga til að vera með í þessu starfi, menn sem nytu sérstaks trúnaðar stjórnarandstöðunnar.

Það er talsvert af úttektum á kostum og göllum og að kannað verði og aftur að kannað verði, maður spyr auðvitað sömuleiðis um það hvernig að því verði staðið. Nú kann þetta að hafa að einhverju leyti komið fram í umræðunni en ég held að gagnlegt væri, herra forseti, ef forsætisráðherra, sem hlýtur að geta tekið til máls aftur í lok umræðunnar, færi aðeins yfir þetta fyrir okkur svona í lokin, dragi þetta saman. Mér býður svo í grun að hann kunni að hafa fengið spurningar af þessu tagi eða hljóðstæðar í umræðunni fram að þessu.

Ég vil sömuleiðis taka undir spurningu sem fram kom um lánsveðssamkomulagið og hvort þess sé ekki að vænta að fullnægjandi lögheimilda verði leitað á Alþingi á þessu sumarþingi til að efna það samkomulag. Það er auðvitað mjög brýnt því að lífeyrissjóðirnir vilja hafa vissu fyrir því að stjórnvöld fái í sínar hendur fullar heimildir til að efna sinn hluta samkomulagsins. Það var boðað þegar það var undirritað og formenn þáverandi stjórnarandstöðuflokka voru upplýstir um það að væntingar manna stæðu til þess að í góðri samstöðu mundi þingið á vörþingi færa fram-

kvæmdarvaldinu fullnægjandi heimildir til að halda áfram að vinna það samkomulag til enda þannig að hægt væri að hefjast handa um að auglýsa eftir umsóknum um niðurfærslu lána hjá lánsveðshópnum svo að hann gæti seint um síðir fengið sína útfærslu af 110%-leiðinni. Mér finnst ómögulegt annað en að við fáum um það skýr svör hvort ekki standi til að efna þetta samkomulag þannig að sá hópur verði ekki skilinn eftir. Það mun engin áhrif hafa að sjálf-sögðu þó að það samkomulag gengi til enda og sína leið þótt síðan ætti sér stað í framhaldinu einhver frekari niðurfærslu lána, einfaldlega vegna þess að þetta gerir lánsveðs-hópin jafn settan eða nær því að vera jafn settan við alla þá sem búnir eru að fá 110% leiðréttingu sinna mála. Það hlýti að einfalda málin frekar en hitt að hann væri kominn á sama stað.

Ég vildi gjarnan að hæstv. forsætisráðherra ræddi aðeins um þetta við okkur eða svaraði þeim spurningum ef hann vildi vera svo vænn að gera það. Ég ætla þá að láta öðrum eftir það sem er afgangs af ræðutíma mínum, forseti, og þakka kærlega fyrir gott hljóð í salnum.

[17:49]

#### **Frosti Sigurjónsson (F):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir lýsti skoðun sinni í ræðu áðan að henni þætti rétt að vísa þings-ályktunartillögu sem hér um ræðir til velferðarnefndar fremur en til efnahags- og viðskiptanefndar sem ég veiti forstöðu. Eftir að hafa rætt það mál aðeins höfum við komist að því samkomulagi að verði málinu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar muni ég sjá til þess að leitað verði álits hjá velferðarnefnd.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og efn.- og viðskn.

#### **Um fundarstjórn.**

Viðvera forsætisráðherra í umræðu.

[17:51]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Búin er að eiga sér stað umræða um grundvallarmál ríkisstjórnarinnar, kosningamálið sem Framsóknarflokkurinn vann sigur á. Forsætisráðherra hefur nú verið mismikið við hér í salnum. Hér hefur þingmaður eftir þingmann spurt hæstv. forsætisráðherra spurninga út í þá þingsályktunartillögu sem nú á að fara til vinnslu í þinginu og hæstv. ráðherra lætur ekki svo lítið að koma hingað í lokaræðu og svara hv. þingmönnum. Þetta er stórkostlegt hagsmunamál fyrir íslenskan almenning en ekki síður fyrir ríkissjóð og ýmislegt annað sem við eigum nú að bera ábyrgð á í þessu þingi. Mér finnst það mjög slæm nýlunda að hæstv. forsætisráðherra láti ekki svo lítið í þessu burðar-máli flokks hans og ríkisstjórnarinnar að koma hingað í lokaræðu og svara spurningum þingmanna.

[17:52]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir umkvörtunarefni hv. þm. Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur vegna þess að fyrir í dag heyrðum við nokkrir þingmenn hæstv. forsætisráðherra



segja í andsvari að hann mundi svara nánar ákveðnum spurningum í lokaræðu sinni. Það voru fleiri en ég sem heyrðu það og þess vegna gerði ég ekki kröfu um það þegar ég flutti mál mitt áðan þar sem ég var með beinar spurningar til hæstv. forsætisráðherra að hann kæmi hingað, heldur bara að spurningunni yrði komið á framfæri við hann þannig að hann hefði hana þá með í þessari boðuðu lokaræðu.

Ég geri við það alvarlegar athugasemdir vegna þess að ég vil ekki þurfa að taka upp á því sem mér hefur þótt plag-siður að láta alltaf kalla menn til og þeir sitji í sæti við hliðina á mér undir ræðum mínum. En ef þetta er lenskan, að menn standi ekki við það sem þeir boða þá hljótum við þingmenn að þurfa að hafa það í huga.

[17:53]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegi forseti. Auðvitað hefur maður saknað ýmissa ráðherra við umræðuna í dag og er athyglisvert að formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra skuli ekki taka þátt í umræðunni í jafn gríðarlega miklu útgjaldamáli og hér er á ferðinni. Það er eins og þetta sé einhvern veginn einkamál Framsóknarflokksins í þingsalnum.

Það er rétt sem fram kemur hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, að ég heyrði hæstv. forsætisráðherra greina frá því í ræðustóli að hann mundi koma hér í lok umræðunnar og bregðast við því sem fram hefði komið. Þegar ég var inntur eftir því af þingmönnum mínum hvort hann væri ekki viðstaddur umræðuna eða yrði til svara í ræðum þeirra þá upplýsti ég þá um að hann mundi koma hingað í lok umræðunnar og bregðast við því sem til hans væri beint. Ég verð að segja að það er miður að þetta fari svona af stað, að orð hæstv. forsætisráðherra um að hann muni svara þingmönnum með þessum hætti haldi ekki í stærsta máli ríkisstjórnarinnar á fyrstu dögum þingsins. Þetta mætti sannarlega vera betra.

[17:54]

### Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram og ég held að það sé ofmælt að segja að umræðu sé lokið þegar svona er. Hér eru margar spurningar sem enn þá eru opnar og ekki hefur verið svarað. Ég tek undir þann skilning sem komið hefur fram að hæstv. forsætisráðherra ætlaði og kvæðst mundu svara spurningum og fara yfir álitamál í lok þessarar mikilvægu umræðu. Mér finnst það ekki góðs viti hvað varðar samskipti forsætisráðherra við þingið þau andsvör og samskipti sem áttu sér stað í upphafi umræðunnar og svo það að hæstv. ráðherra skuli hunsu umræðuna með því móti sem verið er að gera hér þegar hann talar um samstarf og samngirni í hinu orðinu.

### Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11.

[17:56]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að kanna við hæstv. for-

seta hvort hæstv. menntamála- og menningarmálaráðherra sé til staðar í húsinu og hyggt taka þátt í umræðunni eða a.m.k. fylgjast með henni og jafnvel svara fyrirspurnum ef einhverjar slíkar skyldu nú hrjóta hér af vörum þingmanna. Er hæstv. ráðherra í húsinu?

(Forseti (EKG): Hæstv. ráðherra er í húsinu og ætti að hafa aðstöðu til að fylgjast með umræðunni.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þau svör.

Hér er sem sagt til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, breyting á lögum nr. 23/2013, sem samþykkt voru nú skömmu fyrir kosningar.

Frumvarp það sem var til umfjöllunar á síðasta þingi og hafði svo sem verið til umfjöllunar í þinginu nokkuð lengi var samþykkt í góðu samkomulagi stjórnmalaflokkanna á Alþingi. Það studdu það allir flokkar utan Sjálfstæðisflokks. Þrír eða fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn málinu en flestir sátu hjá við afgreiðslu málsins, þar á meðal hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, þannig að ekki var það nú á forgangslista hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra að þetta yrði hans fyrsta mál á nýju kjörtímabili ef hann hefði aðstöðu til þess og kæmist í þetta hlutverk.

Þessi lög eru sem sagt ný af nálinni. Þau hlutu góðan stuðning í þinginu og voru meira að segja svo góð og umdeild, þótt þau séu á fjölmiðlasviði, að þau hlutu staðfestingu forseta lýðveldisins. (Gripið fram í: Óvanalegt um fjölmiðlalög.) Það er óvenjulegt um fjölmiðlalög, það mætti kannski segja það. Hver veit nema þetta frumvarp, ef að lögum verður, hljóti sömu örlög og ýmis fyrri á þessu mál- sviði þegar þar að kemur, ef þar að kemur? En látum það liggja milli hluta.

Hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra taldi það a.m.k. ekki sérstaklega brýnt fyrir kosningar í vor að gera breytingar á þessum lögum, ekki kom neitt slíkt fram af hans hálfu. En hæstv. ráðherra sagði hér í umræðu fyrir í dag: „Þegar ég sá hvaða fólk hafði verið tilnefnt ...“ Og nú er spurningin: Var það þess vegna sem hæstv. menntamála- ráðherra lagði fram frumvarpið, þ.e. þegar hann sá hvaða fólk var tilnefnt í valnefnd? Sá hann þá tilefni til þess að koma fram með frumvarp um að breyta lögum á skipan Ríkisútvarpsins? Var það þess vegna? Honum var a.m.k. mjög tíðrætt um fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna í valnefndinni, fyrirverandi hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Það var eins og það væri alveg sérstök ástæða fyrir því að hæstv. ráðherra hefði flutt þetta frumvarp nú.

Það kemur mér líka á óvart að Framsóknarflokkurinn, sem studdi málið á þingi í vor, skuli hafa ljáð máls á því að þetta færi inn í þingið sem stjórnarfrumvarp strax á fyrstu dögum sumarþings sem maður hefði gert ráð fyrir að ætti að vera lagt undir brýnustu mál stjórnarflokka að afloknum kosningum. Ég hefði haldið að það væru brýnustu kosningaloforð þeirra að því er varðar hagsmuni heimilanna sem kæmu til umfjöllunar á sumarþingi.

Þess vegna verð ég að segja að ég er mjög undrandi á því að Framsóknarflokkurinn skuli hafa ljáð máls á því. En við eigum enn eftir að heyra sjónarmið framsóknarmanna almennt í þessu máli í umræðunni og væntanlega í þingnefnd þegar það kemur þangað hvort þeir hafa algerlega

snúið við blaðinu hvað þetta áhræfir eða hvort það verður einhver fyrirstaða á þeim vettvangi fyrir því að málið hljóti brautargengi eins og það er lagt fyrir þingið.

Ég vil í meginatriðum vísa efnislega í þá umfjöllun sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir fór yfir í ræðu sinni fyrr í umræðunni þar sem hún rakti mjög vel aðdraganda og tilurð þessa frumvarps, hvaða sjónarmið hefðu verið uppi varðandi breytingar á stjórn Ríkisútvarpsins og hvaða sjónarmið það hefðu verið að reyna að draga fleiri að, ekki endilega til að skilja algerlega á milli stjórnmálasjónarmiða og svokallaðra faglegra sjónarmiða heldur að tryggja breiðari aðkomu að stjórn Ríkisútvarpsins m.a. úr menningargeiranum og úr háskólasamfélaginu.

Þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla í umræðunni í morgun um að hætt væri við því að ráðherra menntamála gæti beitt áhrifum sínum í háskólum, á háskólasamfélagið til þess að hafa áhrif á það hverjir yrðu valdir í valnefnd finnast mér lýsa mjög sérstöku viðhorfi hæstv. ráðherra til háskólanna og lítils trausts á því að þeir starfi sjálfstætt og láti ekki segja sér fyrir verkum. Mér finnst það vera lítilsvirðing við háskólastigið að tala með þessum hætti. Að sjálfsögðu getur háskólastigið tilnefnt fulltrúa sína þarna á sínum faglegu forsendum, sjálfstæðum og óháðum forsendum. Ég tel að ráðherrann sé á villigötum hvað þetta snertir.

Hér er sem sagt verið að leggja til að fara aftur í gamalt far og kjósa alla stjórnarmenn í Ríkisútvarpinu á Alþingi. Ráðherrann hefur fært þau rök fyrir því að það sé mikilvægt að það sé milliliðalaust pólitískt umboð sem stjórn Ríkisútvarpsins hefur frá kjörnum fulltrúum á Alþingi þannig að þeir sem kjósa þessa fulltrúa geti staðið til svara gagnvart kjósendum, verði einhver mistök í starfi.

Gott og vel. Það er auðvitað ákveðið sjónarmið, en það kemur samt sem áður ekki í veg fyrir að stjórn Ríkisútvarpsins sé skipuð á breiðari grundvelli en hinum pólitískt kjörna vettvangi Alþingis einum saman. Það kemur ekki í veg fyrir að fleiri geti komið þar að til þess að breidd sé í þeim viðhorfum og sjónarmiðum sem koma saman í stjórn Ríkisútvarpsins. Það tel ég einmitt að lögin sem enn eru í gildi geri, því að þau tryggja í fyrsta lagi hæstv. menntamálaráðherra tengingu með því að hann skipar formanninn. Þau tryggja að einhver tenging er við Alþingi með því að allsherjar- og menntamálanefnd tilnefni fulltrúa í valnefndina, þrjá fulltrúa að ég hygg, og síðan á það sem sagt breiðari aðkomu með því að Bandalag listamanna og háskólasamfélagið tilnefni inn í valnefnd.

Nú er ekki sjálfgefið að valnefndin velji fólk úr sínum innstu röðum, það er enginn áskilnaður um slíkt í lögum. Það er að vísu ekki óeðlilegt að listamaður komi inn í stjórnina sem sé nefndur af valnefndinni, eða þá fólk úr háskólasamfélaginu, það er ekki áskilnaður um það. Að sjálfsögðu getur valnefndin lítið mjög breitt yfir það svið og valið einstaklinga sem hún telur að hafi góða þekkingu á fjölmiðlum almennt, á rekstri, á menningarmálum, því að þetta er auðvitað ein af okkar mikilvægustu menningarstofnunum.

Ég tel því að það fyrirkomulag sem sett var með lögum í vor hafi náð að fanga þessi ólíka sjónarmið og ólíka nálgun á málið með ágætlega góðum hætti án þess að gengið sé á það sem hæstv. ráðherra talaði um, að væri einhver pólitísk ábyrgð á stjórn Ríkisútvarpsins.

Ég verð að segja það fyrir mína parta, herra forseti, að ég tel að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sé á villigötum með málið og að þetta sé ekki brýnt mál og geti varla verið brýnasta málið sem ríkisstjórnin leggur inn í þingið á sumarþinginu, það bara getur ekki verið. Það kann að vera eitthvert metnaðarmál hæstv. ráðherra, en ég hlýt að velta því fyrir mér hvort þetta verði nú efst á forgangslistanum þegar ríkisstjórnin þarf að fara að gera það upp við sig hvað hún ætlar að fá afgreitt á þessu þingi og hvað ekki.

Þegar lögin eru í raun að taka nú gildi eða komast til framkvæmda með því að tilnefningaraðilar eru búnir sumir hverjir að tilnefna í valnefndina samkvæmt gildandi lögum hefði ég talið affarasælla fyrir hæstv. ráðherra að láta það ferli ganga í samræmi við lögin og fá þá reynslu á þetta fyrirkomulag og gefa því einhvern séns þannig að það væri hægt að segja eftir einhvern reynslutíma hvort fyrirkomulagið gefst vel eða illa. Það séu þá einhver slík rök ef hæstv. menntamálaráðherra mundi vilja gera breytingu á því á síðari stigum að hann geti vísað til þess að reynslan af fyrirkomulaginu sé ekki góð eða eitthvað þess háttar, í staðinn fyrir að ana fram á sumarþinginu með breytingar án þess að hafa látið á það reyna hvernig það fyrirkomulag sem góð samstaða var um — ég ítreka: góð samstaða var um hér í þinginu í vor, hefði átt að tryggja.

Málið er komið fram og mun væntanlega ganga til allsherjar- og menntamálanefndar. Ég tel mikilvægt að hv. allsherjar- og menntamálanefnd fari rækilega í saumana á þeim rökstuðningi sem liggur á bak við það að gera þessa breytingu áður en lögin koma raunverulega til framkvæmda, að hún óski umsagna væntanlega allra þeirra aðila sem veittu umsögn um fyrra frumvarpið þegar það var til umfjöllunar, að hún kalli til sín gesti og fái að heyra sjónarmið þeirra sem komu hér að máli, þeirra sem eiga bersýnilega að eiga rödd í umræðunni um Ríkisútvarpið þannig að farið verði vandlega yfir það. Ég geng út frá því að það verði ítarleg umræða um það þegar málið kemur úr nefnd, ef það kemur úr nefnd, sem mun væntanlega byggja að einhverju leyti á þeim viðhorfum og sjónarmiðum sem fram koma í umsögnum um málið.

Ég geld varhuga við því að málið sé keyrt áfram á sumarþinginu. Ég tel í raun engar efnislegar forsendur hafa komið fram. Ég tel að um málið hafi verið góð samstaða á síðasta þingi. Í raun vorum við í miðju ferli við að láta lögin koma til framkvæmda með skipan valnefnda og annað slíkt, þannig að mér finnst þetta ekki góð vinnubrögð. Ég hvet hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra til þess að íhuga og ígrunda þetta mál nú einnig miðað við þau viðhorf sem komið hafa fram í umræðunni á meðan málið er í vinnslu í þinginu.

[18:08]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að bregðast við fullyrðingum hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar þar sem hv. þingmaður segir að ég hafi tekið þessa ákvörðun eftir að ég sá hverjir voru tilnefndir. Það er arlangt. Ég sagði það hvergi. Ég sagði einfaldlega að þegar ég settist yfir málið þegar ég kom í embætti hafi ég sannfærst um að það fyrir-

komulag sem lagt var upp með væri ekki heppilegt og hefði umtalsverða galla og því hafi ég talið nauðsynlegt að bregðast við með því að leggja fram þetta frumvarp.

Ég veit ekki hvort hv. þingmaður trúir því sem ég ætla að segja núna. Ég ætla samt að segja honum það, virðulegi forseti. Ég áttaði mig á því kl. 11.06 í dag hverjir hefðu verið tilnefndir, það var nákvæmlega þá sem ég bað um að mér yrðu afhentar upplýsingar um tilnefningarnar. Ég hafði ekki fyrir áttað mig á því að upplýsingarnar væru komnar. Þær voru prentaðar út fyrir mig og ég sé það bara á tímasetningunni á blaðinu klukkan hvað það var, þess vegna get ég sagt nákvæmlega til um hvenær það var. Fyrir hafði ég ekki hugmynd um hverjir væru tilnefndir. Ég veit að það eru nú bara mín orð en ég er með þennan pappír hér.

Aðalatriðið er að þetta hefur ekkert að gera með það hverjir hafa verið skipaðir núna eða ekki. Það er bara spurningin um hvort maður telur að það valnefndarfyrirkomulag sem lagt er upp með þarna sé heppilegt eða ekki. Ég er ósammála því. Það hefur reyndar komið fram í umræðunni að tilgangurinn hafi ekki endilega verið sá að aftengja pólitíkina, að armlengdarsjónarmiðið hafi búið að baki, heldur var hugsunin meira sú að breikka samráðsvettvanginn um hvernig mynda skyldi stjórnina. Gott og vel. Ég ítreka það sem ég benti á áðan að þessi vettvangur með 63 þingmönnum sem vissulega skiptast í flokka og hver flokkur, einnig sá flokkur sem ég tilheyrir, sem er með 19 þingmenn, þarf að setjast niður og taka afstöðu. Þetta fólk kemur alls staðar að af landinu og er með víðtæka reynslu, menntun og ólíkan bakgrunn. Ég held að þessi hópur, 63 þingmenn, geti tekið mjög upplýsta og góða ákvörðun. Ég held hann sé breiðari vettvangur en sá sem lagt er upp með í núgildandi lögum, virðulegi forseti.

[18:11]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég hef nú átt nokkuð gott og langt samstarf við hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi. Eins og hann veit er ég mjög sanngjarn maður. Ég hef tilhneigingu til þess að segja hið sama um hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra eins og hann á kyn til þannig að ég vil alveg trúá því sem hann segir hér um tímasetningarnar sem hann les upp úr síma sínum og er ekkert meira um það að segja. Ekki ætla ég að rengja það eitt augnablik. Ég segi bara að ég skráði niður hjá mér þessi orð: „... sá hvaða fólk var tilnefnt“. Ég mun kanna það þegar ræðan verður aðgengileg nákvæmlega í hvaða samhengi þau orð voru látin falla og hvor okkur hefur rétt fyrir sér. Ég ætla ekki að fara að kýta við hæstv. ráðherra um það. Ég ætla að láta hann njóta vafans í því efni, mér finnst það sanngjarnt.

Hitt er svo annað mál að við erum einfaldlega ósammála um það efni sem hæstv. ráðherra talar um, að hann telur mikilvægt að það séu bein pólitísk tengsl og að stjórn Ríkisútvarpsins sé algjörlega pólitískt tengd við Alþingi.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur var ekki hugsunin endilega sú að skilja algerlega að pólitíkina, það ætti að sjálfsögðu að vera einhver pólitísk tenging, en hugsunin var að breikka aðkomuna. Og það er það sem við erum í raun að halda fram sem sjónarmiði inn í umræðuna

að hafi verið tilgangur laganna, það nái utan um ólík sjónarmið, m.a. það sjónarmið sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra er með, a.m.k. að hluta til, kannski ekki að fullu leyti en að hluta til.

Af því að það var breið samstaða um málið á þingi í vor teljum við ekki skynsamlegt eða tilefni til þess að fara að gera breytingu hvað þetta varðar.

[18:13]

### Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef áður sagt að ákvörðun mín um að leggja fram þetta frumvarp byggði á þeim efnislegu rökum sem ég hef rakið. Það gæti aldrei verið þannig að ég byggði ákvörðun mína á hvaða nöfn hafa síðan verið tilnefnd, það væri auðvitað alveg út í hött.

Ég hef líka sagt það hér í ræðu að ég treysti afskaplega vel þeim einstaklingum sem þarna hafa verið tilnefndir. Ég held t.d. að Kolbrún Halldórsdóttir, formaður Bandalags íslenskra listamanna, sé mjög vel hæf í þetta, jafn hæf hvort sem það er setið hér inni eða í Bandalagi íslenskra listamanna. Sama gildir um tilnefninguna sem kom frá háskólanum. Þetta er afskaplega hæft fólk. Það er ekki það sem ég hef áhyggjur af eða geri ágreining um, það er kerfið, fyrirkomulagið.

Þá verð ég bara að segja það enn og aftur, virðulegi forseti, þannig að það skiljist nú alveg örugglega: Ég tel hættu fölgna í því að vera með þetta valnefndarfyrirkomulag — það sé hætta sem geti myndast með að menn búi sér til falskt öryggi um að það séu t.d. ekki pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu. Ég rakti það í máli mínu.

Af því að því var nú velt upp hér í annað sinn að mönnum myndist það undarlegt að ég hefði tekið það fram í ræðu minni að það væri t.d. hætta á því að einhver menntamálaráðherra reyndi að beita áhrifum sínum í þessu máli er það einmitt málið að ég held að það eigi vel að vera hægt að sjá fyrir sér þá stöðu, því miður. Við þekkjum báðir ég og hv. þingmaður hvernig pólitíkin getur gengið fyrir sig og hvernig harka getur hlaupið í mál. Það er ekkert útilokað að slíkt geti gerst. Það bara vill þannig til með akkúrat þessa tvo aðila, tilnefningaraðila, Bandalag íslenskra listamanna og Háskóla Íslands, að þeir eiga dálítið mikið undir samskiptum sínum við ráðherrann.

Ég er ekki að fullyrða að svona lagað mundi geta gerst, en ég er bara að segja að við eigum að hafa kerfið þannig að það sé gagnsætt og það sé yfir þennan vafa hafið með sem bestum hætti.

Svo vil ég nefna það varðandi þá sem sitja núna í stjórn útvarpsins, ég man bara eftir því að hjá okkur sjálfstæðismönnum var Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri, sem kemur einmitt úr þessum menningargeira, dæmi um val okkar hér, sem ég mundi segja (Forseti hringir.) að sýni bara það hvernig við höfum tekið á þessu hvað varðar t.d. menningarmálin. Hví skyldi Alþingi Íslendinga ekki geta staðið að því (Forseti hringir.) að skipa slíka nefnd? Okkur er nú treyst fyrir að setja lög í landinu sem fólk á að fara eftir. Hví (Forseti hringir.) skyldi okkur ekki vera treyst fyrir þessu verkefni?

[18:15]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Eins og ég segi er þetta sjónarmið og ég heyrir hvað hæstv. ráðherra er að segja og hvernig hann rökstyður viðhorf sín í þessu efni. Ég er ekki fullkomlega sammála honum hvað þetta snertir og tel að það fyrirkomulag sé heppilegra sem valið var á þinginu í vor þar sem reynt er að ná utan um hvort tveggja. Það sjónarmið sem hæstv. ráðherra hefur hér uppi um að það sé eðlilegra að þingið kjósi þessa stjórn að öllu leyti og að þingið geti að sjálfsögðu leitað eftir fagfólki, ef svo má að orði komast eða fólk með sérstaka þekkingu á ákveðnum málefnum — auðvitað getur þingið gert það, við gerum það iðulega. Við erum að kjósa hér — að vísu er ekkert mjög mikið orðið um að kosid sé í stjórnir eða annað slíkt í þinginu, en einhverjar leifar eru eftir af því. Það var miklu meira um það áður. Hér var kosid í stjórnir fyrirtækja ríkisins, í bankaráð o.s.frv. og það var lagt af.

Þess vegna velti ég því upp í umræðunni í dag og ég fór í andsvar við hæstv. ráðherra um hvort þetta boðaði þá tíma að ríkisstjórnin mundi í vaxandi mæli koma með frumvörp á öðrum sviðum þar sem gert væri ráð fyrir því að Alþingi kysi stjórnir eða ráð eða nefndir til þess að fara með mál-efni einstakra stofnana eða fyrirtækja. Ráðherrann svaraði því reyndar í dag. Ég veit að hann hefur ekki tækifæri til að koma hér aftur þar sem andsvörum er lokið. Það verður fróðlegt að sjá hvernig það þróast og hver framtíðin verður í því efni.

Eins og ég segi munum við að sjálfsögðu taka þetta mál til gaumgæfilegrar skoðunar í hv. allsherjar- og menntamálanefnd og kalla eftir umsögnum og fá gesti til þess að ræða málið við og taka síðan frekari umræðu um málið við 2. umr.

[18:17]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að óska hæstv. ráðherra Illuga Gunnarssyni velfarnaðar og gæfu í starfi þannig að það reyni mikið á ráðherra á næstu árum.

Sú umræða sem er fyrir framan mig er mjög skrytín en það hefur sínar ástæður. Ríkisútvarpið starfar sem fjölmiðill í einkaeigu, þ.e. í eigu eins aðila sem er ríkið og hann hefur sömu eiginleika og aðrir fjölmiðlar í einkaeigu. Þess vegna hafa menn verið að setja fjölmiðlalög víða um lönd til þess að takmarka völd og áhrif eigandans á fjölmiðilinn. Jafnframt er Ríkisútvarpið mjög verndað, fær 18.800 kr. í útvarpsgjald frá hverjum einasta Íslendingi og öllum fyrirtækjum, þar á meðal frá hestum sem hlutafélag er um og það þarf í raun ekki að óttast neitt. Eins og alltaf þegar menn búa við þannig stöðu er hætta á að þeir tréni og staðni. Fyrir mér er Ríkisútvarpið eins konar risaeðla aftan úr ferneski sem drepur alla samkeppni í kringum sig, enda er mjög lítil gróska utan Ríkisútvarpsins á fjölmiðlamarkaði vegna þess að samkeppnin er nánast útilokuð. Ég furða mig á þeim fjölmiðlum sem reyna að fara í samkeppni við ríkisútvarp sem nýtur slíkra styrkja og er auk þess með ríkið sem bakhjarl.

En, herra forseti, ég óttast eigi. Ég býst nefnilega við því og hef upplifað það að netið er vonin. Ég horfi miklu meira á þýskar sjónvarpsstöðvar en á íslenska sjónvarpsstöð og fæ

allt aðra sýn á heiminn. Ég fylgist mjög mikið með og tíni upp fréttir héðan og þaðan og er ekkert háður því hvernig kaupin gerast á eyrinni hjá RÚV.

Ríkisútvarpið er ohf. Það segir mér að það er hlutafélag. Í hlutafélögum er það þannig að eigendur eða eigandi ræður stjórninni á hluthafafundi, en ekki hér, ekki samkvæmt þeim lögum sem samþykkt voru í vor. Samkvæmt þeim á einhver valnefnd að velja fyrir hluthafafundinn hverjir eiga að fara í stjórn. Það er náttúrlega alveg fáránlegt, fyrir utan það sem bent hefur verið á í umræðunni að það er spurning hvort hægt sé að taka þá ákvörðun frá ráðherra sem ber svo ábyrgð á gjörðum þeirrar stjórnar sem valnefndin kys. Þarna er því farið mjög rangt að, finnst mér.

Ég var á móti frumvarpinu þegar það var lagt fram í vor, ég greiddi atkvæði gegn því, svo það sé á hreinu, einn af þessum fjórum, og er ánægður með það. Ég hefði talið að ef menn vildu leita að einhverjum fulltrúum almennings væri nú einn sjálfkjörinn sem alltaf talar um sig sem fulltrúa almennings, þ.e. ASÍ, eða SA eða Verslunarráðið eða Viðskiptaráðið eða hver sem er, þannig að það eru margir aðilar til kallaðir til að vera fulltrúar almennings.

Hvers vegna eru menn að vandræðast með fjölmiðlalög og eignarhald og annað slíkt? Það er vegna þess að menn telja að til hliðar við löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómssvald, hinar þrjár meginstöðir valdsins, sé komið fjórða valdið, fjölmiðlar, og það er ekki hvað síst. Þess vegna hafa menn um allan heim miklar áhyggjur af eignarhaldi fjölmiðla og hvernig eigandi getur haft áhrif á ritstjórnarstefnu fjölmiðla jafnvel þó að hún sé tryggt með lögum.

Menn vita yfirleitt hver borgar saltið í grautinn þeirra. Háskólamaenn vita hverjir standa að fjárveitingum. Háskólamaenn vita hvern á að hafa góðan ef þeir ætla að fara í einhver verkefni, stækka skólann sinn eða eitthvað slíkt. Það á að hafa ríkisstjórnina góða og alveg sérstaklega fjármálaráðherrann. Ef svona valnefnd kemur upp þekki ég mannlegt eðli svo vel að menn mundu ekki fara að stuða ríkisstjórnina með því að fara að tilnefna eitthvert fólk sem er greinilega andsnúið ríkisstjórninni. Það er nú bara þannig. Þannig er mannlegt eðli.

Þess vegna er allt tal um óhæfi og annað slíkt, að háskólasamfélagið sé óháð og annað slíkt ekki rétt, það er ekki þannig á meðan það er greitt af ríkinu.

Ég held því að valnefndin muni hegða sér alveg nákvæmlega eins og Ríkisútvarpið sjálft. Um leið og stjórnarskipti verða vita menn hvernig þeir þurfa að breyta fréttalutningnum, þeir vita það. Þeir vita nákvæmlega hver getur breytt lögnum um fjárveitingar, hver getur skorið niður, hver getur minnkað o.s.frv. og hver getur aukið. Það er ósköp mannlegt. Þess vegna eru menn alls staðar að ræða um fjölmiðlalög. Ríkisútvarpið hefur það einkenni að það er einn eigandi og það er einhver sem stýrir þeim eiganda. Það er forsætisráðherra og ríkisstjórn. Það getur vel verið að menn séu svo óskaplega skoðanalausir og sjálfstæðir að þeir geti unnið gegn því, en ég held að hið mannlega eðli komi nú yfirleitt alltaf í gegn.

Hvorki RÚV né HÍ eru því óháðir aðilar. Það er alltaf einhver sem borgar þeim mönnum laun sem þar starfa og sem getur stuðlað að auknum framgangi, auknum verkefnum, meiri umsvifum o.s.frv. eða öndvert.

Þess vegna hef ég talið að þetta fyrirkomulag, þessi fjölmiðill, RÚV, sé bara nákvæmlega eins og aðrir fjölmiðlar og hafi ekkert sérstakt að gera. Þess vegna er ég alltaf dálítill óhress með að hengja við heitið „fjölmiðill í almannabágu“. Mér finnst það bara, ég veit ekki hvað ég á að segja um það. Ég mundi bara segja: Þetta er fjölmiðill í þágu menntamálaráðherra. Það væri ef til vill langskynsamlegast ef menn ætla að hafa eitthvert viðhengi.

Ég man þá tíð er hér voru *Tíminn* og *Þjóðviljinn* og *Morgunblaðið* og það var alveg kristaltært fyrir hvað þeir stóðu. Maður las *Tímann* með þeim gleraugum að þar væri allt saman grænt, framsóknar-eitthvað og maður las *Þjóðviljann* með þeim gleraugum að þar væri eitthvað rautt, vinstri sinnað eitthvað, ég vil ekki segja kommúnistar. Og maður las *Morgunblaðið* með þeim augum að það væri eitthvað blátt, atvinnurekendur og eitthvað slíkt. Menn vissu það. Ég hlusta alltaf á RÚV með þessum heyrnartækjum, grænum, rauðum, eftir því hver er í ríkisstjórn. Núna þarf ég allt í einu að fara að skipta um því að ég geri ráð fyrir því að núna sé RÚV orðið blátt eða blágrænt, fyrirgefið, herra forseti, það er blágrænt.

Þess vegna hef ég flutt nokkrum sinnum frumvörp um að selja RÚV, taka skrefið til fulls og selja það fyrirtæki. Það er ágætisfyrirtæki. Ég ætlaði meira að segja starfsmönnum að hafa forkaupsrétt á sérstaklega lágu verði á hlutabréfunum vegna þess að fyrirtækið er ekkert annað en starfsmennirnir. Ég er viss um að þegar RÚV hf. í einkaeigu — í eigu starfsmannanna til að byrja með, þeir geta svo selt það ef einhver vill kaupa — stendur sig vel mundu þeir geta plumað sig eins og aðrir fjölmiðlar í landinu. Ég ætla að minnka styrkina hægt og rólega til þeirra þannig að þeir mundu aðlagast. Við fengjum allt í einu heimikið af grósku í fjölmiðlaflórinni. Ég ætlaði meira að segja að hafa sömu peningana. Ég ætlaði að bjóða það allt saman út, að útvarpsráð starfaði áfram en boði út fréttaflutning, öryggismál, barnaefni o.s.frv. Þá gætu allir boðið í það og allir farið að starfa. Þá yrði nú aldeilis fjör á Íslandi. En sú hugmynd fékk nú ekki brautargengi. Kannski kemur að því að risaöðlan fellur um koll og það þarf að gera eitthvað, hver veit?

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allsh.- og menntmn.

[18:27]

#### Útbýting:

Málefni sparisjóða, 16. mál, fsp. ÖS, þskj. 16.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 18:28.

## 6. FUNDUR

föstudaginn 14. júní,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Atvinnu- og orkustefna ríkisstjórnarinnar (sérstök umræða).
3. Veidigjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
4. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Norðaust.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.

[10:32]

### Útbyting:

Aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingarbanka, 18. mál, þáttill. ÁPS o.fl., þskj. 18.

Merking á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, 17. mál, þáttill. ÁPS o.fl., þskj. 17.

### Mannabreytingar í nefndum.

[10:33]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Forseta hafa borist eftirfarandi tilkynningar frá for-  
mönnum þingflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðis-  
flokksins um mannabreytingar í nefndum þingsins, saman-  
ber 16. gr. þingskapa:

Brynjar Níelsson tekur sæti varamanns í efnahags- og  
viðskiptanefnd.

Willum Þór Þórsson tekur sæti varamanns í allsherjar-  
og menntamálanefnd.

Þessar breytingar skoðast samþykktar án atkvæða-  
greiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[10:33]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Til svara eru: Fjármála- og efnahagsráðherra, heilbrigð-  
isráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegs- og  
landbúnaðarráðherra, svo og umhverfis- og auðlindaráð-  
herra og innanríkisráðherra.

### Jöfnuður í ríkisfjármálum.

[10:33]

#### Árni Páll Arnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vildi eiga orðastað við hæstv. fjár-  
málaráðherra á þessum tímapunkti um áætlanir ríkisstjórn-  
arinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum.

Fyrstu skref nýrrar ríkisstjórnar vekja forundran þegar  
boðaðar eru stórfelldar skattalækkanir á þá sem best eru í  
færum til að borga skatta en á sama tíma á að draga úr vel-  
ferðarumbótum fyrir þá sem síst eru í færum til að bera  
auknar byrðar. Dapurlegast af öllu er að heyra forustumenn  
ríkisstjórnarflokkanna taka sérstaklega til gjaldfrjálsar tann-  
lækningar barna sem við komum á rétt fyrir kosningar sem  
verkefni sem þyrfti sérstakrar umhugsunar við.

Hugmyndirnar sem síðast birtast eru lækkun veiði-  
gjaldsins þar sem framsóknarmenn í þessari ríkisstjórn hafa  
greinilega keypt vúdúhagfræði Sjálfstæðisflokksins. Ljóst  
er miðað við þá einkunn sem Jón Steinsson hagfræðingur  
gefur þessu, eins og hann lýsir hugmyndum hæstv. sjávar-  
útvegsráðherra, að þetta felur í sér vúdúhagfræði af allra  
verstu sort.

Það sem verra er er hið algera stefnuleysi. Forustumenn  
ríkisstjórnarflokkanna boðuðu til fréttamannafundar í vik-  
unni til að tilkynna að þeir hefðu fundið gat. Þetta gat eru  
þeir síðan alla daga núna að passa upp á að stækka, að  
draga úr tekjunum. Þeir komu ekki með nein svör á þessum  
langa fréttamannafundi. Ég beið alltaf eftir endanum á hon-  
um, ég beið alltaf eftir niðurstöðunni. Það komu engin svör  
á fréttamannafundinum um hvað þeir ætluðu að gera til að  
loka gatinu. Þeir lýstu því yfir að þeir hefðu fundið gat.  
Gatið mikla var aðalefni fundarins, engin svör um hvernig  
ætti að loka því.

Síðan stöndum við frammi fyrir því að peningastefnu-  
nefnd segir: Það er ekki hægt að lækka vexti vegna þess að  
það er fullkomin óvissa um framtíð ríkisfjármála. Seðla-  
bankastjóri biður á blaðamannafundi um skýr svör. Á að ná  
jöfnuði í ríkisfjármálum eða ekki? Ég hef margspurt að því  
og (Forseti hringir.) ég spyr enn og aftur, hæstv. fjármála-  
ráðherra hlýtur að geta sagt það hér og nú: Á að stefna að  
hallalausum fjárlögum á næsta ári eða ekki? (Forseti hring-  
ir.) Svar óskast, já eða nei. (Gripið fram í.)

[10:36]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa  
fylgst með blaðamannafundinum þar sem við fórum yfir  
stöðu ríkisfjármála og drógum fram það sem ekki hefur  
verið almennilega viðurkennt í umræðu um ríkisfjármálin á  
þessu ári fram til þessa, sem er það að áætlun um heildar-  
jöfnuð í ríkisfjármálum á næsta ári hefur verið stefnt í mjög  
mikla óvissu með því að menn hafa verið allt of bjartsýnir  
um t.d. efnahagshorfur á þessu ári og allt of bjartsýnir um  
einkiptistekjur sem ekki eru að skila sér. Ég nefni þar sem  
dæmi söluhagnað af eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum.  
Svo voru menn svolítið djarfir eftir að fjárlög höfðu verið  
samþykkt að ákveða nýja útgjaldaþætti eins og þann sem  
komandi var inn á og eru ófjármagnaðir. Barnatannlækningar  
hafa verið nefndar. Þær eru bara dæmi um útgjaldaþátt sem  
mun á næstu árum smám saman leiða til um það bil millj-  
arðs í auknum útgjöldum fyrir ríkið en er ófjármagnaður.  
Það stendur ekki til af okkar hálfu að kalla til baka þann  
samning sem gerður hefur verið en okkur þykir hins vegar  
rétt, þegar menn guma sig af því að hafa náð einhverjum  
tilteknum árangri, að draga fram raunstöðuna eins og hún  
er.

Það stefnir sem sagt í það að á þessu ári verði hallinn í kringum 30 milljarða en ekki um 2–3 og að sú staða smitist síðan áfram yfir á næsta ár.

Ég get vel skilið að menn séu óþrygjufullir að fá frá nýrri ríkisstjórn langtímaáætlun í ríkisfjármálum en við verðum að áskilja okkur eitthvert lágmarkssvigrúm í tíma til að koma slíkri áætlun saman. Hún verður auðvitað kynnt samhlíða því að fjárlagafrumvarpið verður lagt fram næsta haust.

[10:38]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegur forseti. Þegar fréttir um þetta gat voru raktar á blaðamannafundi þeirra formanna stjórnarflokkanna í vikunni vakti athygli hversu lítið var í því. Að mestu leyti voru þar hefðbundnir þættir sem ríkisstjórn þarf alltaf að hafa áhyggjur af, framúrakstur og að menn þurfa auðvitað að hafa aga í ríkisrekstri. Það þýðir ekkert að kveinka sér undan því að bera þá stjórnunarbyrgð á ríkissjóði.

Varðandi síðan einstaka þætti og ný útgjöld þá er það náttúrulega þannig að verkin sýna merkin. Það er athugunar-efni að ríkisstjórnin skuli hafa fyrir því að koma hingað inn með tillögur um lækun á veiðileyfagjaldi á sama tíma og hún kvartar yfir því að þurfa að efna fyrirheit um gjaldfrjálsar tannlækningar barna. Það sýnir dapurlega forgangsröðun.

Ríkisstjórnin og fjármálaráðherrann geta ekki afsalað sér ábyrgð sinni. Hæstv. fjármálaráðherra getur ekki sagt eins og hann sagði á fréttamannafundinum í vikunni að hann væri búinn að tala við ráðherra um stöðuna. Það eru tveir mánuðir í að fjárlagafrumvarp verður lagt fram. Mun hann leggja fram hallalaus fjárlög eða ekki? Svar óskast.

[10:39]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Hér er aftur komið að þjónustusamningi vegna barnatannlækninga. Veiðigjaldinu hafði verið ráðstafað af fyrri ríkisstjórn fram í tímann til allt annarra verk-efna þannig að barnatannlækningar verða ekki notaðar í tengslum við umræðu um veiðigjöldin, en það stendur til að láta veiðigjöldin ekki hækka heilt yfir eins og ríkisstjórnin hafði gert ráð fyrir enda tel ég að það hafi verið hreinir draumórar þegar menn voru farnir að sjá fyrir sér að sjávarútvegurinn í landinu gæti til viðbótar við auknar tekju-skattsgreiðslur sem eru að falla til, sem betur fer, farið að greiða upp undir 30 milljarða, ein atvinnugreina samkvæmt sérstöku gjaldi sem á þá grein var lagt.

Þetta er nokkuð sem mönnum ætti að hafa orðið ljóst í umræðum um veiðigjöld á sínum tíma. Það er því verið að stilla veiðigjöldin til einhvers raunveruleika. Það var reyndar ómögulegt (Forseti hringir.) að leggja veiðigjöld á samkvæmt gildandi lögum vegna þess að það var enginn grunnur tilbúinn til að leggja gjöldin á.

*Hallalaus fjárlög.*

[10:40]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég ætla að halda mig á svipuðum slóðum

og vil gjarnan gefa hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra aðeins meiri tíma til að ræða þetta mál vegna þess einfaldlega að ég trúi því ekki að ríkisstjórnin ætli að leggja fram og afgreiða á þessu samarþingi allmörg og stór mál sem afsala ríkissjóði miklum tekjum strax á þessu ári. Við erum komin með á borðin frumvörp sem þýða um 4 milljarða gat miðað við tekjuáætlunina eins og hún stendur og 10–20 milljarða á næsta ári, eigi áform um að leggja t.d. auðlegðarskatt af að ganga eftir, án þess að einhver áætlun liggi fyrir um hvernig ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma líti þá út.

Jú, maður skilur það að ný ríkisstjórn þurfi eitthvert svigrúm en hún hefði kannski átt að borða minna af pönnukökum og nota tímann til að vinna frá kosningum og fram að þessum degi. Ég minni á að sú ríkisstjórn sem tók við í maí 2009 lagði sína endurskoðuðu ríkisfjármálaáætlun fram í júní það ár (Gripið fram í.) og tengdi ráðstafanir sínar í ríkisfjármálum við þá áætlun. Það sem vekur manni ugg er ef menn byrja á öfugum enda, byrja á því að afsala ríkissjóði miklum tekjum eða taka á hann aukin útgjöld og ætla svo að fara að reyna að sauma saman ríkisfjármálaáætlun í framhaldinu. Væri ekki hyggilegra að hafa þetta í öfugri röð, leggja fyrst grunninn að ríkisfjármálunum og sjá svo hvaða svigrúm menn hafa varðandi tekjur og gjöld eða gera þetta að minnsta kosti samtímis?

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er ekki mögulegt að hann geri þinginu, áður en það lýkur störfum í júní, að einhverju leyti að minnsta kosti grein fyrir mati ríkisstjórnarinnar á þróun ríkisfjármála til meðallangs tíma, hvernig markmiðinu um jákvæðan heildarjöfnuð verður viðhaldið á næsta ári sem er afar mikilvægt fyrir Ísland? Það verður okkur dýrt hvað varðar trúnað og traust á hagstjórninni og efnahagsmálunum (Forseti hringir.) ef það markmið fer fyrir borð. Nógu mikið gagnrýndi fyrrverandi stjórnarandstaða okkur fyrir að ná ekki hallalausum fjárlögum (Forseti hringir.) strax árið 2013. Ætla hún ekki að reyna að gera það 2014?

[10:43]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Ég tel að það sé fullt tilefni til að taka svólítið djúpa umræðu um stöðu efnahagsmála og fagna tækifærinu til að ræða stöðuna hér í þingsal.

Það sem við sjáum þegar við horfum aftur í tímann er að töluvert miklu aðhaldi hefur verið beitt í ríkisfjármálunum. Mér finnst að kannski hafi verið gengið of langt á stofn- kostnaðarhlíðina og þá minna á reksturinn og honum dálítið hlíft. En það sem blasir við okkur er þetta: Við erum enn með ríkissjóð í halla vegna þess að ekki hefur tekist að skapa hagvöxt. Fyrstu aðgerðir þessarar ríkisstjórnar verða allar miðaðar að því að reyna að ýta undir hagvöxt, auka bjartsýni í hagkerfinu, fá menn sem eru tilbúin að fara í fjárfestingar til að draga fjármuni upp úr skúffunum (Gripið fram í.) og slíka þætti sem munu samám saman skila sér í fjölgun starfa og nýjum fjárfestingum.

Hér er talað um að við í nýrri ríkisstjórn ætlum að afsala okkur tekjum. Ég segi: Fyrri ríkisstjórn hafði áskilið sér of stóran hlut í afkomu atvinnurekstrar í landinu, sérstaklega í

sjávarútvegi. Væntingar um hlutdeild í afkomu greinarinnar voru einfaldlega óraunhæfar, svo óraunhæfar að við höfum fjölmörg dæmi um að menn hafi þurft að afsala sér til ríkisins öllum hagnaðinum af starfseminni. Þess vegna hafa svona margir lagt upp laupana og horfið úr greininni, sérstaklega minni aðilar og meðalstórir.

Varðandi auðlegðarskattinn, sem hv. þingmaður kom inn á, þá var það fyrri ríkisstjórn sem ákvað með lagasetningu að sá skattur yrði tímabundinn. Svo koma menn hingað upp og segja: Ef þið ætlið ekki að framlengja hann þá erud þið að leggja hann af. Hvers vegna var skatturinn ekki einfaldlega lagður á ótímabundið ef menn sáu það fyrir sér að hann ætti að vara til nánustu framtíðar? Þetta er reyndar mjög stór tekjupóstur og í langtímaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar var ekki gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum til að bregðast við þegar slíkir tímabundnir skattar mundu falla niður.

[10:45]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Það er gamalkunnugt að ríkisstjórn reyni að dekkja myndina þegar hún tekur við til að skapa sjálfri sér skjól og svigrúm. Það er enn skiljanlega þegar í hlut á ríkisstjórn sem hefur gefið móður allra kosningalofrða hvað varðar áhrif á ríkissjóð, annars vegar í miklum skuldaniðurfellingum og hins vegar miklum skattalækkunum. Engu að síður koma frá ráðuneytinu sjálfu, sem hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra stýrir, upplýsingar um að greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi er nánast algerlega á áætlun. Tekjuhlíðin hefur jafnað sig aftur eftir daufa vetrarmánuði og útgjöldin eru innan áætlunar. Ef við eignum að trúa því sem kemur frá ráðuneytinu og Hagstofunni þá er þetta svona: „Í grófum dráttum teljast tekjur ársins því á áætlun ...“ segir í plaggi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Það mun samt engu breyta þótt eitthvað þyngra sé fyrir fæti, og við þekkjum auðvitað öll spár um minni hagvöxt, að viðskilnaðurinn nú er af stærðargráðunni 10–20 sinnum betri en fyrri ríkisstjórn stóð frammi fyrir á sínum tíma. Við erum að tala um stærðargráðunum (Forseti hringir.) í þeim efnun þannig að ég legg til að hæstv. ríkisstjórn finni sér eitthvað annað að tuda yfir en það (Forseti hringir.) að hún sé sérstaklega óheppin hvað varðar viðskilnað í ríkisfjármálum.

[10:46]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Það má vel vera að það sé gamalkunnugt ráð hjá þeim sem eru nýteknir við að reyna að dekkja myndina. Ekkert slíkt vakir fyrir mér í það minnsta. Ég dreg hér fram raunsanna mynd. Ég gæti á móti sagt að það væri gamalkunnugt ráð hjá þeim sem eru nýhorfnir frá að reyna að fegra myndina. Ég held að þessi umræða skili okkur afskaplega skammt fram á veginn.

Staðreynd málsins er sú að það markmið, sem hv. þm. Árni Páll Árnason vék að hér áðan og skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli, að ná heildarjöfnuði í ríkisfjármálunum, verður mun meira krefjandi vegna stöðunnar en ætla hefði

mátt eftir afgreiðslu fjárlaga undir lok síðasta árs. (ÁPÁ: ... treysta þér til þess?) Við munum gera atlögu að því að ná heildarjöfnuði en ég tel að það verði gríðarlega krefjandi og miklum mun meira krefjandi verkefni en menn almennt hafa gert sér grein fyrir fram til þessa.

### Launakjör kandiata á Landspítalanum.

[10:48]

### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Útskriftarargangur læknakandiata sendi á dögnum frá sér yfirlýsingu þar sem þeir lýsa því yfir við stjórn Landspítalans að þeir ihugi að ljúka kandiatsári sínu við aðra stofnun. Er þetta gert vegna langvarandi óánægju með aðbúnað og launakjör á sjúkrahúsinu.

Í yfirlýsingunni kemur fram að læknakandiatar hafi í mörg ár verið ein óánægðasta stéttin á Landspítalanum samkvæmt starfsumhverfiskönnun spítalans. Þar segir í fyrsta lagi að kjarasamningar hafi ekki verið virtir, ekki heldur hvíldartími sem festur er í lög og þá hafi yfirvinnu- og veikindadagar ekki verið greiddir.

Í öðru lagi sé aðbúnaði hvað varðar aðlögun og handleiðslu í starfi mjög ábótavant.

Í þriðja lagi hafi kandiatar og almennir læknar dregist mjög aftur úr í launaþróun háskólastétta með sambærilega menntun. Þeir eru með 340.734 kr. í grunnlaun eftir sex ára háskólanám.

Ekki verður sagt að Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, sýni málinu skilning þar sem hann í grein sinni í *Fréttablaðinu* frá 3. júní síðastliðinn lætur í veðri vaka að kandiatar séu ekki starfsmenn spítalans, standi ekki jafnfætis starfsmönnum í að leita réttar síns gagnvart spítalanum sem vinnuveitanda og Landspítalinn geti vel starfað án kandiata. Læknaråd Landspítalans er þessu ekki sammála og hefur hvatt stjórnvöld og yfirstjórn Landspítalans til að finna laus á málum kandiata þegar í stað til að hægt verði að tryggja áframhaldandi óbreytta þjónustu spítalans og öryggi sjúklinga.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra geri sér grein fyrir alvarleika málsins. Fjöldi almennra lækna ætla sér ekki að flytja aftur heim eftir sérfræðinám vegna þeirra erfiðu starfsskilyrða sem þeim býðst hér á landi. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort og þá hvernig hann hyggist beita sér í þeim málefnum unglækna sem hér um ræðir, hvort honum sé kunn staða mönnunar lækna eftir sérgreinum á Landspítalanum og hvernig horfur í mannaflaspám (Forseti hringir.) eru í því sambandi á næstu árum.

[10:50]

### Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirsurnina um þetta brýna og mikla mál sem hún gerir að umtalsefni og er staða mála á Landspítalanum. Það er full ástæða til að draga það út til annarra þátta íslenskrar heilbrigðisþjónustu sem býr við þá stöðu í dag að henni hafa verið naumt skammtaðir fjármunir sem og margri annarri starfsemi hjá ríkinu. Það ágæta starfsfólk sem við höfum við vinnu undir þessum þjónustuþætti ríkisins vinnur undir gríðarlega miklu álagi



og alls staðar eru uppi launakröfur, eðlilega, til að mæta vaxandi þunga við að framfleyta heimili.

Það eitt get ég sagt á þessari stundu að við munum gera allt til þess, beita öllum meðulum og öllum ráðum til að halda í þá mestu auðlind og þau verðmæti sem íslensk þjóð hefur fjárfest í á löngum tíma í grundvallarstoðkerfi íslensks þjóðfélags sem er heilbrigðiskerfið.

Ég hef ekki á reiðum höndum upplýsingar eða svör við þeim spurningum sem hv. þingmaður beindi til mín. Ég kann ekki greininguna á þessu eftir starfsstéttum og öðru því um líku. En það er alveg ljóst að átök hafa orðið átök milli forstjóra spítalans og fulltrúa kandídata í læknanámi. Ég treysti því að það ágæta fólk allt saman sem kemur að því máli leysi þann ágreining. Það þjónar hvorki hagsmunum einstakra hópa né okkar sem viljum þjóðfélaginu vel að vera í stöðugum ágreiningi um mál sem þessi inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Vilji okkar stendur til að bæta úr. Við erum að reyna að leggja okkur fram um það. Við gerum ráð fyrir því að við fjárlagagerð fyrir árið 2014 getum við gripið til ráðstafana (Forseti hringir.) varðandi heilbrigðisþjónustuna og vænti þess að það gangi eftir með skynsamlegum hætti.

[10:52]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Mér fannst svör hæstv. heilbrigðisráðherra frekar loðin verð ég að segja. Við vitum alveg hvað forstjóri Landspítalans hefur sagt um málið og við vitum afstöðu hans. Ég kalla eftir því að stjórnvöld bregðist við eins og læknafrá Landspítalans hefur beðið um og skerist í leikinn af því að ekki er vanþörf á.

[10:53]

#### **Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Varðandi þennan ágreining starfsstéttar við framkvæmdastjórn spítalans treysti ég framkvæmdastjórn Landspítala – háskólasjúkrahúss til að greiða úr honum miðað við þau framlög og það svigrúm sem löggjöfin hefur veitt henni til að vinna úr slíkum ágreiningsefnum. Ég geri sömuleiðis kröfur til fulltrúa læknaandídata að þeir sýni skilning á þeirri stöðu sem uppi er. Þeir eiga óskoraðan rétt til að leita úrbóta í sínum málum og það veltur þá á því hvaða svigrúm við höfum til að mæta því. En það þjónar engum tilgangi í mínum huga, ef við viljum stofnuninni vel, að halda málinu í þeim ágreiningi og þeim farvegi sem það hefur farið í síðustu daga.

#### *Gjaldfrjálsar tannlækningar.*

[10:54]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við höfum hlustað undanfarna daga á hrakspár um útkomu ríkissjóðs og ríkisstjórnin sem lagði af stað með bjartsýni, kjark og þor er strax farin að beita úrtölum og sýna afar mikið kjarkleysi í því að takast á við þann vanda sem öllum mátti vera ljós og allir hafa þekkt á undanförunum árum og inn í nútíðina.

Þar hefur m.a. komið á óvart að menn þurfi hugsanlega að leggja fram fjármagn sem nemur 13 milljörðum sem löngu er búið að setja inn í fjárlög með viðvörn, á sama

tíma og menn telja að ávallt hefði mátt leggja 20% af höfuðstól, greiða það út úr Íbúðalánasjóði með 140 milljarða framlagi. Mótsagnirnar eru slíkar fram og til baka.

Það er líka athyglisvert að tala um að hallinn á árinu geti orðið um 6 milljarðar á rekstrinum, þar af 1 milljarður vegna nýrra verkefna sem hafa komið til á árinu sem eru 0,2% af rekstri ríkissjóðs. Heildarhallinn yrði þá, ef þetta gengi eftir og ekkert yrði gripið inn í, um 1% af veltu ríkissjóðs. Mér er til efs að á síðustu 20 árum hafi menn verið langt innan við þá tölu. En hvernig bregst ríkisstjórnin við þessum vanda? Jú, með því að skerða tekjur. Þeir eru líka með hrakspár varðandi tekjstofnana og jafnvel þótt fjármálaráðuneytið skili skýrslu 28. júní, ef ég man rétt, eru þeir búnir að gefa út yfirlýsingu um að tekjuspá ársins muni ekki standast.

En tilefni þess að ég vil eiga hér orðastað við hæstv. heilbrigðisráðherra er að ræða það sem hefur komið fram, að ráðast eigi í að skera hugsanlega niður eitthvað af þeim viðbótarpáttum sem hafa komið inn eins og gjaldfrjálsar tannlækningar sem er nýtt mál. Ég hef að vísu heyrt yfirlýsingar hæstv. ráðherra í morgun um að hann ætli ekki að gera það en ákvað eftir sem áður að halda fyrirspurninni til haga vegna þess að ég held að það sé afar mikilvægt að sú yfirlýsing sem hann gaf í fjölmiðlum í morgun komi fram á þingi. Ég treysti á að hann muni gefa börnum og unglingum þessa lands og barnafjölskyldum (Forseti hringir.) það að þessi áform gangi eftir og raunar er þetta átak byrjað því að það tók gildi 15. maí síðastliðinn.

[10:56]

#### **Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir fyrirspurnina og þakka honum við þetta tækifæri sömuleiðis góð störf í þeim málaflökki sem hann spyr hér út í. Hv. þingmaður nefnir að ný ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkar bregðist ekki við með þeirri bjartsýni og trú á getu sína til góðra verka sem vænst hafi verið og sakar okkur um kjarkleysi.

Ég vil af því tilefni leyfa mér að fullyrða að það er fullur kjarkur og full bjartsýni í núverandi ríkisstjórnarflokkum á að þær tillögur og þær hugmyndir sem við leggjum fram og berjumst fyrir muni skila okkur árangri. Og af því að hv. þingmaður nefnir að áætlanir hafi ekki gengið eftir og ræðir um framúrkeyrslu og annað því um líkt vil ég segja: Á síðustu þremur fjárlagaárum virti stjórnarmeirihlutinn fjárlög-in sem Alþingi setti að vettugi þannig að uppsöfnuð framúrkeyrsla á fjárlögum þriggja síðustu ára var 160 milljarðar umfram heimildir.

Vandinn við barnatannlækningarnar er sá að fjármögnun vantar fyrir það góða verk. Ég nefni sem dæmi að hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra ritaði ekki undir samkomulagið fyrir en 13. apríl, tíu, fimmtán dögum fyrir kosningar og það var allt að fara í steik hjá þeim sem áttu að undirbúa málið.

En það er fullur vilji og hefur aldrei verið gefið neitt annað til kynna en að staðið verði við þá samninga sem þar voru gerðir. Vandinn við þetta mál sem búið er að blása upp stafar af því að ekki er búið að finna fjármögnun fyrir dæmið. Það verður gert.

[10:58]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil fagna svari hæstv. heilbrigðisráðherra sem ég ætla að óska velfarnaðar og óska til hamingju með starfið, sem ég hef auðvitað gegnt persónulega, það er erfitt starf fram undan. Ég treysti á að hann standi við það að efla okkur bjartsýni, kjark og þor, ekki veitir af.

Það er rétt að hann er í erfiðum málaflökki og til margra hluta að líta, en þegar verið er að krefja okkur um að bæta við þá stendur í fjárlögum varðandi tannlækningarnar að settar nr. í þann lið 150 millj. kr., það muni síðan verða bætt við í fjárukalögum, það stendur í fjárlögum fyrir árið í ár. Við skulum ekki tala um það eins og það sé einhver óvænt útgjöld. Þetta eru 20 ára vandamál sem búið er að glíma við, menn hafa verið sammingslausir og við höfum verið okkur til skammar í sambandi við þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar. Þess vegna var þetta gríðarlega mikilvægt skref sem tannlæknar stigu, ekkert síður en stjórnmöld, til að ná samningum og um tilhögun mála til frambúðar.

Það eru fleiri mál sem við lögðum áherslu á eins og fæðingarorlofið, barnabæturnar og jafnlaunaátakið (Forseti hringir.) sem er líka mikilvægt til að bæta kjör heilbrigðisstéttanna sem sitja gjarnan eftir í samunburði við viðskiptalífíð. Ég treysti á að þau fyrirheit gangi öll eftir. (Forseti hringir.) Við skulum hjálpast að til að finna fjármagn fyrir þau.

[11:00]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Varðandi þann þátt sem snýr að barnatannlækningum er rétt að geta þess að samningurinn sem gerður var við tannlækna um það góða verk er einmitt gerður í anda laga nr. 112/2008, um Sjúkratryggingar Íslands. Hverjir komu þeim lögum á? Það var gert í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins (Gripið fram í.) og þau eru unnin eftir hugmyndafræði sem við höfum barist fyrir.

Ég fagna að sjálfsögðu öllum stuðningi, hvaðan sem hann kemur, við þetta góða verk og þá góðu hugsun. Ég fagna því sömuleiðis að fá hér yfirlýsingu frá fyrirverandi heilbrigðisráðherra að hann muni aðstoða okkur og leggja okkur lið við að útfæra þá hugmyndafræði sem þar er og gera hana að veruleika. Ég veit að það mun skila okkur enn betra heilbrigðiskerfi og þróa okkur fram á veginn enn frekar í því ágæta kerfi og gera okkur fært að reisa það úr þeim rústum sem það hefur komist í, því miður, berja í þá bresti sem þar er að finna.

*Hvalaskoðun.*

[11:01]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir að eiga orðastað við ráðherra iðnaðar og viðskipta vegna þess að sá ráðherra, sem ég óska velfarnaðar í starfi, er jafnframt ráðherra ferða-

Nú er komin upp sú staða að nýr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur sagst vera að endurskoða ákvörðun fyrri ráðherra um stækkun hvalaskoðunarvæða. Hér er um að ræða í raun og veru vinsælustu afþreyingargrein ferða-

þjónustunnar og verulega vaxandi atvinnugrein. Það sem mig langar til að velta upp er hvernig ferðamálaráðherra sér fyrir sér að geta stutt við þessa stórvaxandi atvinnugrein með ráðum og dáð þegar um er að ræða þennan núnig sem ítrekað hefur komið fram. Raunar er það svo að helsti talsmaður hvalveiða á Íslandi er í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Mér telst til að 15–16 fyrirtæki muni bjóða upp á hvalaskoðunarferðir í sumar, þrjú á Húsavík, þrjú í Eyjafirði, tvö á Vestfjörðum, eitt á Snæfellsnesi, eitt í Vestmannaeyjum og tvö á Reykjanesi og líklega þrjú til fjögur í Reykjavík. Það má reikna með að allt í allt séu 300 manns starfandi beint og óbeint við hvalaskoðun auk hundruð annarra starfsmanna veitingastaða, rútfyrirtækja o.s.frv.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra líti svo á að það sé hennar verkefni að standa með þessari mikilvægu grein ferðaþjónustunnar, þ.e. hvalaskoðuninni, og í ljósi þess að öflug gríðasvæði eru starfsumhverfi þessarar þjónustu muni hún standa vörð um þau.

[11:03]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Það er rétt að sú grein sem hún nefnir, hvalaskoðun, er ört vaxandi innan þeirrar gríðarlegu mikilvægu atvinnugreinar sem ferðaþjónustan er. Við höfum horft á mikla fjölgun ferðamanna hingað og mikil tækifæri sem þar eru að skapast.

Hvað varðar það atriði sem hv. þingmaður spyr um, samspiðið á milli hvalveiða og hvalaskoðunar, er ég þeirrar skoðunar að huga þurfi vel að jafnvægi þar, sem ég tel að geti vel átt sér stað og að þessar tvær greinar geti vel farið saman.

Varðandi þá ákvörðun fyrirverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra að breyta reglum skömmu fyrir upphafsdag hvalveiðanna — og ég get t.d. nefnt aðra aðgerð síðustu ríkisstjórnar sem var fyrirvaralaus hækkun á virðisaukaskatti á gistingu — er ég þeirrar skoðunar að aðgerðir sem breyta rekstrarumhverfi og rekstrarætlanum með stuttum fyrirvar og eru ekki í samráði við atvinnulífíð séu ekki góðar.

Ég hef fengið Samtök ferðaþjónustunnar til mín á fund út af ýmsum atriðum og þetta var vissulega eitt af þeim atriðum sem þau fóru yfir og höfðu áhyggjur af á þeim fundi, þ.e. afturköllun reglugerðarinnar. Ég sagði við þau að ég hefði mestar áhyggjur af því að þetta væri ásteytingssteinn á milli þessara tveggja atvinnugreina. Ef svo fer að hæstv. sjávarútvegsráðherra breyti þessu aftur legg ég mikla áherslu á að samhliða verði komið á öflugum samtali á milli þessara tveggja atvinnugreina þannig að á þessu verði hægt að finna varanlega lausn.

[11:05]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Mér þótti þetta nú heldur klént. Það sem ég var að reyna að kalla fram er í raun og veru hvernig ráðherrann hyggst taka sér stöðu fyrir hönd ferðaþjónustunnar vegna þess að hér er um að ræða umræðu um breytingu fyrirverandi ráðherra á stækkun hvalaskoðunarvæða á

grundvelli mjög breiðs samráðs. Haft var gríðarlega breitt samráð og niðurstaðan var sú að lögð var til stækkun gríðasvæðis Faxaflóa. Mér finnst athyglisvert ef það liggur ekki fyrir skýrar en kemur fram hér í svari ráðherrans hvort ráðherra ferðamála taki hagsmuni hvalveiða fram yfir hagsmuni hvalaskoðunar eður ei.

[11:06]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að öll þessi aukning í hvalaskoðun hefur átt sér stað samhliða hvalveiðum hin síðari ár þannig að sú forsenda segir mér að þetta tvennt geti farið saman. Það er það sem ég legg áherslu á. Við þurfum hins vegar að taka þetta samtal og finna jafnvægi þarna á milli. Rétt er að það var nefnd að störfum sem lagði þetta til og það má hugsa sér að taka það samtal víðar vegna þess að ég hef heyrt ákveðna gagnrýni á skipan þeirrar nefndar.

Hins vegar vil ég leggja mesta áherslu á stuðning við atvinnulíf, og það er kannski munurinn á þeirri ríkisstjórn sem nú starfar og þeirri fyrirverandi sem var sífellt að etja atvinnugreinum saman. Hv. þingmaður spyr: Ætlar hæstv. ráðherra ekki að taka stöðu með þessari atvinnugrein, og þá væntanlega gegn annarri? Ég vil ekki gera það. (Forseti hringir.) Ég er ráðherra ferðamála, ég er ráðherra verslunar og þjónustu, iðnaðar og orkunýtingar. (Forseti hringir.) Ég ætla að stöðja við bakið á atvinnulífina en ég tek ekki þátt í því að stilla upp einni atvinnugrein á móti annarri.

**Sérstök umræða.**

Atvinnu- og orkustefna ríkisstjórnarinnar.

[11:08]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum hér atvinnustefnu nýrrar ríkisstjórnar sem er kannski eitt af því almikilvægasta sem er undir í framtíðarsýn hverrar ríkisstjórnar þegar hún sest að borðum vegna þess hversu ríkan þátt atvinnulífið skipar í efnahagslífi, uppbyggingu og samsetningu samfélags.

Í aðdraganda kosninga var það almennt rætt að svo virtist sem hefðbundin gamaldags átök um áferð atvinnulífsins væru að baki og margir vildu jafnvel segja að tími stjóriðjustefnunnar væri liðinn, að menn væru komnir á þá skoðun að skynsamlegra væri að geyma egginn í fleiri en einni körfu, að það væri skynsamlegt að tryggja hámarksárðsemi orkufyrirtækjanna og selja orkuna á því verði sem skilaði sem mestu til almennings og að við værum að hverfa frá afsláttarstefnu í þeim málum.

Í aðdraganda kosninga ræddi til að mynda Sjálfstæðisflokkurinn ekki sérstaklega um stóriðju, ekki í kosningastefnuskrá sinni, og raunar er áhugavert að í kaflanum um atvinnulíf í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar komi orðið iðnaður ekki fyrir. Það er einfaldlega ekki nefnt þannig að þær áherslur sem eru síðan að koma í ljós eftir að ríkisstjórnin tók við, sem eru að sumu leyti áherslur gamals tíma og vísa ég þá til orða hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vekja mann til umhugsunar um það hvort þessi breyting á áferð stefnunnar hafi kannski ekki náð lengra en svo að í

raun og veru hafi gamla stóriðjustefnan lúrt undir allan tímann.

Ég spyr því hæstv. ráðherra í þessari umræðu um það hvernig hún sjái samspil orkustefnunnar því að við eigum jú drög að nýrri orkustefnu sem er unnin í gríðarlega breiðri samvinnu. Ætlar ríkisstjórnin að nýta sér hana? Hvernig sér ríkisstjórnin fyrir sér þátt skapandi greina og nýsköpunar í fjölbreyttu atvinnulífi til framtíðar? Hvernig sér ný ríkisstjórn fyrir sér stöðu ferðaþjónustunnar, mikilvægi þess að verja náttúruna og fjármagna þá varðstöðu? Hvert er virði íslenskra víðerna í samspilinu við uppbyggingu ferðaþjónustunnar? Er eðlilegt að stjórnvöld leggi stórfyrirtækjum lið með beinum hætti eins og hæstv. ráðherra hefur lagt til? Hver er staða kröfunnar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun í framtíðarsýn hæstv. ráðherra?

Svo vil ég taka það fram í þessari umræðu að atvinnulíf er líka opinber starfsemi. Atvinnulíf er líka starfsemi velferðar-, heilbrigðis- og menntastofnana og vísa ég þá til orða hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra í fyrirspurnatímanum hér rétt áðan þar sem hann benti beinlínis á að að hans mati hefði rekstri hins opinbera verið hlíft á undanförmum fjórum árum. Þá vil ég bara spyrja hæstv. ráðherra um sýn hennar á stöðu hins opinbera í atvinnulífina.

Hver er hlutur stóriðjustefnunnar í framtíðarsýn ráðherrans í atvinnumálum? Hvernig spilar sú staðreynd svo saman við að jarðhitinn er í vanda? Það blasir við. Gríðarstór hluti vatnsafls hefur þegar verið virkjaður á Íslandi. Hvað með lítil og meðalstór fyrirtæki og þá staðreynd að áliðnaðurinn er líka í vanda og áhöld eru um fjármögnun slíkra verkefna?

Virðulegur forseti. Spurningar eru ærnar en ráðherrann hefur stóran málaflokk með höndum og ég vænti þess að hún gefi hér skýr svör og greinargott yfirlit yfir atvinnustefnu nýrrar ríkisstjórnar.

[11:13]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa umræðu og fyrir að vekja athygli á þeim mikilvægu málaflokkum sem atvinnu- og orkumál eru. Spurningarnar voru fjölmargar, það er rétt hjá hv. þingmanni, og ég mun leitast við að svara þeim á þessum stutta tíma en við tókum þá bara umræðu síðar ef þessi verður ekki tæmandi.

Atvinnuuppbygging er eitt af forgangsverkefnum og aðalmálum þessarar ríkisstjórnar. Að tryggja að hér á landi verði þau tækifæri sem eru alls staðar til atvinnusköpunar nýtt á næstu árum. Ég mótmæli þeirri fullyrðingu hv. þingmanns að hér eigi bara að vera einhver ein atvinnugrein. Eins og fram kom í orðaskiptum okkar áðan þá er það ekki þannig heldur þvert á móti. Núverandi ríkisstjórn ætlar ekki að etja fyrirtækjum og atvinnugreinum saman heldur er það mín skoðun og stefna ríkisstjórnarinnar að atvinnulífið eigi að vera sem fjölbreyttast og að við getum og eigum að efla atvinnulífið allt og stöðja við bakið á öllum þeim fjölbreyttu atvinnutækifærum sem hér eru fyrir hendi.

Í mínum huga má meitla verkefni í atvinnumálum í eina setningu: Við viljum laga það sem er bilað og við viljum efla það sem er í lagi. Þetta nær utan um hugsunina sem ég

ætla að vinna eftir og leggja mig alla fram um að koma í verk á þessu kjörtímabili. Stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrar- umhverfi atvinnurekstrars, hvaða nafni sem hann kann að nefnast, er forsenda þess að hægt verði að byggja hér upp á ný og sækja fram á öllum sviðum atvinnulífsins. Ég ítreka þetta: Á öllum sviðum atvinnulífsins.

Fjölbreytt og arðbært atvinnulíf. Ég er sammála hv. þingmanni, það er undirstaða þess að hægt sé að tryggja hérna velferð og fjármagna þá opinberu þjónustu sem við erum öll að kalla eftir og gerum kröfu til, að ekki sé minnst á þann ávinning og þann sparnað sem felst í því að útrýma atvinnuleysi og breyta bótum í laun, koma hér á arðbærum störfum. Verkefnið er því að auka verðmætasköpun. Stærsta viðfangsefnið er að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar og því verður áherslan að sjálfsögðu lögd á þrjár megin- stöðir gjaldeyrisþess greina, ferðapjónustuna, iðnaðar- tengdan útflutning — en auk hefðbundinna afurða má nefna að þar koma meðal annars skapandi greinar sífellt sterkari inn — og svo auðvitað sjávarútveginn. Þarna liggja sóknar- færin og við þurfum að byggja þarna upp.

Spurt var um ferðapjónustuna. Þar eru ómæld tækifæri með gríðarlegri fjölgun erlendra ferðamanna en við verð- um, eins og málshefjandi bendir réttilega á, að tryggja og huga að innviðunum og að sú vara sem við erum að bjóða upp á, sem er íslensk náttúra, sé í stakk búin til að taka við þeim fjölda ferðamanna sem hingað sækir. Innan ráðuneyt- isins er þegar komin í gang skoðun á grundvelli þess að setja á laggirnar gjaldtöku til að standa undir uppbyggingu og varðveislu ferðamannastaða. Sú vinna verður unnin í góðu samstarfi við greinina og aðra þá sem eiga hlut að máli, m.a. þá sem bera hag umhverfisins mest fyrir brjósti og þá sem fara með skattlagningarvaldið hér í landi o.s.frv. Þetta er brynt verkefni og ég legg áherslu á að vandað verði til verka en það þarf líka að vinna það hratt og vel.

Nýsköpun. Þar er margt að gerast. Þar er gróska af öllu tagi og mikill sóknarhugur nýrra sem reyndari fyrirtækja í ýmsum greinum. Hugverkaiðnaður, leikjaiðnaður, hönnun, allt vekur þetta athygli á Íslandi og styður hvert við annað. Tónlistariðnaðurinn vekur athygli á Íslandi og dregur hingað ferðamenn sem svo aftur ýta undir verslun og þjónustu og þannig er þetta allt saman ein virðiskeðja.

Orkunýtingin. Spurt var um hana. Hún er að sjálfsögðu ein af stöðum atvinnuuppbyggingar hér. Ég verð að segja að það kemur mér á óvart ef hv. þingmaður telur að ég hafi ekki talað um stóriðju fyrir kosningar sem hluta atvinnu- uppbyggingar vegna þess að ég veit og hef rifjað það upp síðustu daga, eftir að þessi umræða hófst, að við fjölmörg tilefni og tækifæri í þessum sal höfum ég og þáverandi hæstv. umhverfisráðherra einmitt átt orðaskipti um stóriðju. Það þarf því ekki að koma hv. þingmanni á óvart að ég skuli líta til orkunýtingar sem einnar af stöðum atvinnulífs- ins.

Varðandi orkunýtingu vil ég líka nefna að ég tel að sú stefna sem þáverandi hæstv. umhverfisráðherra ber ekki síst ábyrgð á, að færa úr nýtingarflökki allar helstu vatnsafls- virkjanirnar sem mögulegar eru og reida sig á jarðvarmann til framtíðarnýtingar í orkugeiranum, hafi verið kolröng vegna þess að við sjáum á nýlegum fréttum af Hellisheið- inni að jarðvarminn þarf meiri tíma. Þess vegna tel ég að í

orkunýtingu til framtíðar (Forseti hringir.) þurfum við að horfa bæði til vatnsafls og jarðvarma. Allt gerum við þetta að sjálfsögðu með sjálfbærni í huga (Forseti hringir.) og í góðri sátt við (Forseti hringir.) náttúruna vegna þess að það er það sem við lifum á.

[11:18]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir um- ræðuna, hún er mikilvæg. Á sama tíma vil ég óska hæstv. ráðherra innilega til hamingju með starfið. Ég var sjálf í því og veit hversu merkilegt það er og þau verkefni sem þar eru. Það var þess vegna sem ég kallaði ráðuneytið mjög oft ráðuneyti tækifæranna af því að það eru fjölmörg tækifæri á þeim sviðum sem hæstv. ráðherra fer með.

Það skiptir mig miklu máli að við horfum nú til þess að búa til mjög þétt vaxtarplan fyrir Ísland inn í langa framtíð sem sátt getur skapast um. Við reyndum á síðasta kjörtíma- bili að undirbyggja þann vöxt með því að ráðast í stefnu- mörkun á mjög mörgum sviðum, eins og til dæmis stefnu- mörkun um orkumál og stefnumörkun um erlenda fjárfest- ingu. Ég nefni líka samráðsvettvang um aukna hagsæld sem nú er að störfum. Allt er það þverpólitískt og þverfaglegt. Einnig er stefnumörkun um hönnunarmál á Íslandi og stefnumörkun um skapandi greinar. Allt er það til og var reynt að vanda þannig til verka að það gæti staðið inn í langa framtíð og að menn gætu nýtt það óháð því úr hvaða kimum pólitíkur þeir kæmu.

Ég vildi bara nefna það hér og vonast til þess að hæstv. ráðherra nýti það í þeirri vinnu sem fram undan er hjá henni vegna þess að í orðum hennar fólst að hún ætli að styðja við fjölbreytta atvinnuuppbyggingu og ég vonast til að sú stefnumörkun sem við réðumst í geti nýst henni í þeirri vinnu sem fram undan er.

Aðeins nokkrar spurningar, vegna þess að ég hef áhyggjur af nokkrum verkfærum sem til eru í dag og vil spyrja um afstöðu hæstv. ráðherra til þeirra.

Í fyrsta lagi: Mun hæstv. ráðherra ekki standa áfram vörð um endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunar- kostnaðar í fyrirtækjum? Það skiptir máli.

Í öðru lagi hef ég áhyggjur af Tæknipróunarsjóði og auknu framlagi til hans þegar menn ætla að fara að afnema eða lækka hér veiðigjöld.

Í þriðja lagi spyr ég hvort ekki sé ætlunin að halda áfram með markaðsátakið *Inspired by Iceland* og *Ísland allt árið*.

[11:21]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu. Þetta er gott tækifæri fyrir nýja ríkisstjórn að kynna stefnumörk- un sína í atvinnumálum og fyrir það ber að þakka. Hins vegar fannst mér tónn hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur heldur neikvæður og talar hún um að tími stóriðjustefnun- nar sé liðinn og spyr um framtíðarsýn hæstv. iðnaðarráðherra varðandi hlut stóriðjunnar við uppbyggingu hér á landi.

Virðulegur forseti. Svo virðist vera að þingmenn Vinstri grænna geti ekki horft til uppbyggingar atvinnulífs á annan

hátt en að tala niður stóriðjuna því að eins og hæstv. iðnaðarráðherra fór yfir í góðri ræðu sinni þá snýst atvinnulífið um mikið fjölbreyttara svið en akkúrat stóriðjuna.

Það er líka nokkuð merkilegt að verða vitni að því að hér er verið að tala stóriðjuna niður og vinstri grænir hafa nú yfirleitt fundið henni allt til foráttu, en rétt í lok síðasta þings fór fyrrverandi formaður Vinstri grænna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fram með mál varðandi stóriðju-uppbyggingu á Bakka sem við framsóknarmenn fögnuðum mjög vegna þess að Framsóknarflokkurinn hefur ætíð skilið samspil nýtingar náttúruauðlinda í sátt við umhverfið í tengslum við atvinnuuppbyggingu.

Það virðist nefnilega ekki vera sama hvar stóriðjan má vera hér á landi í augum vinstri grænna, það er þá helst lítið jákvæðum augum í kjördæmi fyrrverandi formanns flokksins. Við Íslendingar eigum gnótt tækifæra og ég fagna ræðu hæstv. iðnaðarráðherra hér áðan. Við þurfum að nýta auðlindirnar til að byggja upp öflugt atvinnulíf og þann skilning er augljóslega að finna í ríkisstjórninni.

[11:23]

### Róbert Marshall (BF):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu, hún er mikilvæg. Ég held að í sjálfu sér sé enginn á móti stóriðju en ég held að deilan snúist kannski fyrst og fremst um það á hvaða forsendum til hennar er þar og hvernig til hennar stofnað. Ég held að við hljótum öll að vera að færast í þá átt að verða sammála formanni Sambands ungra sjálfstæðismanna, að stóriðja á forsendum stórfelldrar aðkomu ríkisvaldsins með alls konar skattaávilnunum og ívilnunum í formi vegaframkvæmda hljóti að heyra sögunni til.

Mig langar að vitna í grein Davíðs Þorlákssonar, formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna, sem hann birti fyrir nokkru í *Morgunblaðinu* þar sem hann talar einfaldlega um að vindar markaðshyggjunnar blási því miður ekki með miklum þrótti um stóriðjuna. Ég leyfi mér að vitna beint í grein hans, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi sér hið opinbera stóriðjuni fyrir ódýri orku. Raforkuver eru byggð með lánun sem skattgreiðendur ábyrgjast í gegnum ríkissjóð og sveitarfélög. Þetta felur raunverulegan fjármagnskostnað, því að ef illa fer er hægt að borga af lánunum með því að hækka skatta á borgarana. Þessi lági fjármagnskostnaður skilar sér svo í lægra orkuverði til stóriðjunnar. Með öðrum orðum eru skattgreiðendur settir að veði til að niðurgreiða orku til stóriðjunnar.

Í öðru lagi nýtur stóriðja sérstakrar skattafyrirgreiðslu. Fyrirtækin þurfa jafnan ekki að greiða jafn háan tekjuskatt og fasteignagjöld og þeim er jafnframt lofað að skattarnir þeirra fari ekki yfir tiltekin mörk. Í þriðja lagi krefst stóriðjan þess að ríki og sveitarfélög leggi í ýmsan kostnað til að þjónusta stóriðjuna, svo sem vegaframkvæmdir, með ærnum tilkostnaði. [...]

Þetta fyrirkomulag í atvinnuuppbyggingu hljómar kunnuglega og er nær samblandi af áætlunarbúskap og kjördæmapoti en markaðsbúskap.“

Þetta segir Davíð Þorláksson í grein sinni. Ég held að við hljótum öll að geta verið sammála um þetta. Það að efna hér til atvinnuuppbyggingar (Forseti hringir.) með stórfelldri aðkomu ríkisvaldsins á að heyra sögunni til.

[11:25]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar má vissulega finna mörg fögur fyrirheit um að bæta lífsgæði landsmanna og stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu, menntun, nýsköpun og að náttúruvernd og auðlindanýting fari saman. Gott og vel með það og þetta getur allt blessast ef vel er á málum haldið. En ég hef ákveðnar áhyggjur af því sem lesa má á milli línanna í stjórnarsáttmálanum af því að það eru alltaf merkin sem sýna verkin. Mér finnst fyrstu skref ríkisstjórnarinnar ekki benda til þess að hún ætli að horfa til uppbyggingar á fjölbreyttu atvinnulífi miðað við það að strax er farið að tala um að rífa upp rammaáætlun og svo er það þessi ofuráhersla hægri manna á stóriðju eins og ekkert annað geti þrífist.

Við vinstri menn erum í sjálfu sér ekki á móti stóriðju sem slíkri. Hún getur verið meðfram öðru. En hér á Íslandi erum við búin að binda raforku okkar yfir 80% í stóriðju. Er ekki nóg komið? Eigum við ekki að fylgja eftir þeim góðu áformum sem eru í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að stuðla að nýsköpun og styðja við sprotafyrirtæki, skapandi greinar og annað það sem ungt fólk í dag er að mennta sig til? Eigum við ekki bara að styðja við það unga fólk í landinu sem vill sjá fjölbreytt atvinnulíf? Það vill sjá að náttúran fái að njóta vafans. Eigum við ekki að hætta að eltast við gamaldags stóriðjudrauma sem menn vita að er ekki nútíminn? Getum við ekki bara sammælst um það?

Það veldur mér áhyggjum að heyra að Hellsisheiðarvirkjun stendur ekki undir þeirri nýtingu sem gerð var krafa um. Það verðum við að horfa á þegar við horfum á það svæði sem um ræðir. Ég treysti því (Forseti hringir.) að núverandi ráðherra verði svolítið framsýnn en verði ekki í baksýnis-speglinum með gamaldags stóriðjuhugmyndir.

[11:27]

### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur fyrir þessa umræðu sem er gríðarlega mikilvæg. Atvinnu-málin eru málefni sem varða okkur öll vegna þess að öflugt atvinnulíf er það sem tryggir okkur vöxt og aukna velferð. Þess vegna er ánægjulegt að lesa þá kafla í samstarfsáttmála núverandi ríkisstjórnarflokka þar sem fjallað er um atvinnumál vegna þess að sáttmálinn ber þess augljós merki að mikil áhersla verður lögð á öflugt atvinnulíf, fjölbreytni og að styrkja og fjölga þeim stofnum sem við byggjum á.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra Ragnheiðar E. Árnadóttur eru málin hér í góðum höndum og er ánægjulegt að sjá með hvaða hætti farið er af stað. Varðandi þá umræðu sem átt hefur sér stað, sérstaklega þá af hálfu hv. þm. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur um rammaáætlun, þ.e. að það komi hv. þingmanni á óvart að við séum með það á stefnuskránni að endurskoða rammaáætlun, þá á það ekki að koma neinum á óvart. Hefðu menn hér í þinginu á síðasta kjörtímabili stillt sig um að setja pólitísk fingraför á málið á lokametrunum og haldið sig við þá sátt sem ætlunin var að skapa með því að koma verkefninu af stað á sínum tíma þá værum við ekki í þessum sporum í dag. Hefðu menn fylgt ferlinu allt til enda eins og lagt var til í upphafi þá værum við ekki í þessari stöðu. Það var rætt þegar málið

tók U-beygu í þinginu undir stjórn fyrrverandi ríkisstjórnarflokka þannig að að sjálfsögðu þarf að skoða málið upp á nýtt.

Herra forseti. Það er ljóst að fjölbreytnin verður í fyrirrúmi. Það er ljóst að áherslan er á að efla það sem við eigum og laga það sem er bilað. Ég fagna þeirri áherslu ráðherrans, hún er skýr og núna höldum við áfram og tækifærin liggja fyrir okkur. Við þurfum bara að nýta þau.

[11:29]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegur forseti. Það er mikilvægt að opinber umræða sé sem víðast um heildstæða atvinnustefnu, auðlindastefnu og alla þætti orkunýtingarstefnu og helst í samhengi við þá framtíðarsýn og þau markmið um eflingu atvinnulífs um allt land sem sett eru fram í áætluninni *Ísland 2020* sem stendur fyrir sókn og atvinnuuppbyggingu landsvæða í víðum skilningi.

Í stefnu Samfylkingarinnar, í kafla um sóknarfæri og sérstöðu á atvinnumálum, er fjallað um sóknarfæri í sterkum atvinnugreinum þar sem reynsla og þekking er þegar til staðar því að þar búa fjölbreyttir möguleikar. Matvælagreinin með sjávarútveg og landbúnað sem bakhjarla, orkugeirinn og tengdur iðnaður, líf- og heilsutækni, skapandi greinar og ferðaþjónusta eru dæmi um atvinnugreinar sem eiga mikil sóknarfæri. En vöxtur margra hefðbundinna greina er takmarkaður meðal annars vegna þolmarka auðlindanýtingar eða landnýtingar og því þurfum við að einbeita okkur að virðisaukningu með virkjun hugvits sem er reyndar óþrjótandi auðlind. Sóknarfæri verða ekki síst þar sem hefðbundin skil á milli atvinnugreina eru brotin upp. Vöruþróun og tækninýjungar spottnar úr sjávarútveginum hafa skapað ný og öflug fyrirtæki. Orkugeirinn er uppspretta mikillar þekkingar og nýsköpunar sem getur orðið mikilvæg útflutningsgrein á komandi árum. Matvælagreinin, öflugt heilbrigðiskerfi og ferðaþjónusta leggja grunn að heilsu og lífsstílsstengdri ferðaþjónustu.

Samfylkingin leggur áherslu á græna atvinnustarfsemi í anda þeirra tillagna sem samþykktar hafa verið um eflingu græna hagkerfisins. Hrein mynd landsins og umhverfisvæn orka er aðdráttarafli fyrir græna fjárfestingu í atvinnulífinu (Forseti hringir.) og það er brýnt að nýta þessi tækifæri vel.

[11:32]

#### **Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna eins og aðrir þessari umræðu, sérstaklega því að rætt sé af yfirvegun samspil náttúruverndar og náttúrunýtingar. Því miður hefur umræðan ekki alltaf verið yfirveguð eða róleg og ummæli eins og: verkin sýna merkin, þegar Alþingi hefur aðeins starfað í eina viku benda einfaldlega til þess að stjórnarandstaðan ætlar ekki að vera neitt sérstaklega sanngjörn, alla vega ekki allir, vil ég meina.

Óskað var eftir því að haldinn yrði sameiginlegur fundur í umhverfis- og samgöngunefnd og atvinnuveganefnd um daginn. Að sjálfsögðu urðum við við því. Af hverju? Jú, vegna þess að við viljum fá allar upplýsingar og öll sjónarmið um Hellisheiðarvirkjun upp á borðið og sjá hver staðan er í raun og veru. Ég lagði það til við hv. formann Vinstri

hreyfingarinnar – græns framboðs að við mundum bjóða fjölmiðlum að vera viðstaddir fundinn. Af hverju? Jú, vegna þess að ég tel að öll störf okkar þingmanna eigi að vera opin, eigi að vera uppi á borðinu og að fjölmiðlar eigi að hafa þar greiðan aðgang að.

En þegar verið er að ræða atvinnustefnuna vil ég taka eitt fram. Á síðasta kjörtímabili setti þáverandi ríkisstjórn sér markmið. Hún ætlaði að ná fram einhverjum tilteknum verðbólgu markmiðum sem hún náði alls ekki og hún ætlaði að auka hagvöxt um 4,4% á árinu 2012 sem hún náði alls ekki. Inni í þeim hagvaxtarspám var hvað? Jú, álver í Helguvík. Var það ekki ríkisstjórnin sem setti af stað framkvæmdir við Bakka á Húsavík? Þar var það gert á skynsamlegan máta með samspil náttúruverndar og náttúrunýtingar í huga. (Forseti hringir.) Núverandi ríkisstjórn ætlar sér ekki neitt annað en að vinna vel og faglega í þessum efnun og vonast ég til þess að (Forseti hringir.) stjórnarandstaðan hjálpi okkur við að vernda náttúruna og að ná upp öflugu atvinnulífi (Forseti hringir.) til þess að örva hagvöxtinn í landinu.

[11:34]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessi ríkisstjórn ætli sér að kanna leiðir til þess að lækka orkuverð til bændu á sambærilegan máta og orkuverð er til álvera. Ég ræddi töluvert við fráfarandi ríkisstjórn um að meðan við erum með þessi höft á gjaldeyri sé nauðsynlegt að finna leiðir til þess að við séum sjálfbærari. Mér skildist að við gætum ekki gert þetta út af einhverju EES-dæmi. Mig langar því að spyrja ráðherrann hvort hann sé tilbúinn að kanna hvað stendur í veginum og hvort það séu einhverjar leiðir til þess að við verðum sjálfbærari varðandi framleiðslu á landbúnaðarvörum, þá sérstaklega grænmeti.

Það var mótuð hér stefna með öllum flokkum í formi þingsályktunar sem var svoltið merkileg og ég var mjög stolt af að vera aðili að. Hún hét græna hagkerfið. Hvernig ætlar núverandi ríkisstjórn að nýta sér þá þingsályktun sem hér var samþykkt til þess að við förum að nýta okkur stóriðju framtíðarinnar sem felst mjög mikið til dæmis í því að gera landið netvænna og að við búum hér til lagalegt, tæknilegt og gagnaversflutningalegt umhverfi þannig að aðilar sem vilja hýsa efni vilji koma hingað? Það er stóriðja framtíðarinnar því að þar getum við bæði laðað til okkar hámenntað fólk og nýtt okkur alla þá sem hér (Forseti hringir.) hafa sérmenntað sig til þess að geta unnið að stóriðju framtíðarinnar.

[11:36]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Það kom einu sinni fyrir í mínum gamla heimabæ að þjálfari ÍBV ákvað að tefla frekar fram tíu mönnum en ellefu til þess að ljúka ákveðnum leik sem gekk illa. Hann tók sem sagt einn mann út af vellinum og setti engan inn í staðinn. Mér datt þessi saga í hug þegar ég sá ráðherrakapal Framsóknarflokksins birtast. Af því að ég er bjartsýnismaður má kannski leika sér með að segja að ef til vill sé betra að vera ekki með neinn í umhverfisráðuneytinu en að vera með framsóknarmann, en það er nú sagt í gríni.

Það hefur hingað til verið litið á það sem fullt starf að vera umhverfisráðherra og auðvitað vekur þessi áhersla ríkisstjórnarinnar ákveðnar áhyggjur. Ég vona að ríkisstjórnin taki tillit til sjónarmiða eins og formaður ungra sjálfstæðismanna lýsti í þeirri grein sem ég vitnaði til áðan.

Besta atvinnustefnan er að auka verðmæti, auka framleiðni. Við höfum séð og fengið skýrslur um það að við séum með lága framleiðni og við þurfum að auka verðmæti útflutningsafurða. Við þurfum að auka samkeppni, við þurfum að fella niður viðskiptahindranir og tolla. Það er besta leiðin til þess að búa til fjölbreytt atvinnulíf. Það að vera með ríkisvaldið og með ívilnanir, skattaívilnanir, vegaframkvæmdir, er gamaldags atvinnuuppbygging. Það er gríðarlegur kostnaður sem felst í slíkri atvinnuuppbyggingu og hún er ekki á markaðslegum og viðskiptalegum forsendum. Ástæðan fyrir því að mönnum hefur ekki gengið vel, til dæmis með að ljúka Helgufvík, er að þar hafa verið gefnar út yfirlýsingar um sölu á raforku á lágu verði sem orkuþyrirtækin hafa ekki verið tilbúin til að láta ganga eftir.

Það er atvinnustefna sem mun ekki þjóna hagsmunum okkar Íslendinga til langs tíma og við verðum að fara að temja okkur að horfa á stóru myndina og horfa til langs tíma í þeim efnun.

[11:38]

### Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir afar góða umræðu. Ég vil þó segja, vegna þess sem fram kemur í máli bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. Unnar Brár Konráðsdóttur um rammaáætlun og það hefur raunar komið fram líka í máli hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra, að það er mikilvægt að ríkisstjórnarflokkarnir ræði sig aðeins saman um þau mál vegna þess að hæstv. ráðherra hefur umhverfismál á sínu borði í hjáverkum. Hæstv. ráðherra leggur áherslu á það í fréttatilkynningu frá umhverfisráðuneytinu að fagleg vinna verkefnisstjórnar haldi áfram eins og lagt hafi verið upp með, svo og þeirra faghópa sem hún skipar, m.a. að vinna við rannsóknir á greiningu á þeim virkjunarkostum sem nú eru í biðflokki.

Með leyfi forseta:

„Lagði ráðherra til að við sína forgangsröðun tæki verkefnisstjórn til skoðunar þá orkukosti, sem fjallað er um í 12. kafla állits meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá því í vetur. Eru þessar áherslur í samræmi við lög um rammaáætlun og áherslur í fyrirliggjandi þingsályktunartillögu.“

Þau áform sem verið er að boða ítrekað af ákveðnu ábyrgðarleysi í þingræðum hæstv. ráðherra og hv. þingmanna, sérstaklega Sjálfstæðisflokksins, um að til standi að taka upp rammaáætlun, eins og það sé eitthvað sem maður gerir bara sisvona, hafa verið leiðrétt af hæstv. ráðherra þeim sem með umhverfismál fer. Ég vænti þess að þeir þingmenn, sem hér fara hástemmdum orðum um að fara beri faglega að þessu öllu saman og gæta að ferlinu, þyki vænt um að ný verkefnisstjórn sé að störfum. Þeir ætla þá væntanlega ekki að kippa því úr faglegu samhengi með sínum pólitísku fingrum.

Síðan vil ég spyrja, vegna þess að hæstv. ráðherra hefur sagt að henni finnst að vatnsaflíð eigi að fara úr biðflokki í

nýtingarflokk: Telur (Forseti hringir.) hún þá í sömu andrú að það beri að skoða jarðvarmavirkjanir, í ljósi nýjustu fréttu, sem eru í nýtingarflokki og færa í biðflokk?

[11:41]

### Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa umræðu sem hefur verið góð og málefnaleg. Af mörgu er að taka og ég kemst að sjálfsögðu ekki yfir að svara öllum þeim spurningum sem til mín var beint en ég vænti þess að við eigum hér frekari orðaskipti fljótlega um þessi mál.

Ég vil taka undir ummæli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um hugtakið „ráðuneyti tækifæranna“. Það er augljóst þegar maður sest í þennan stól að þarna er urmull tækifæra og fólk sem bíður alls staðar, bæði innan ráðuneytis og utan og í atvinnulífínu sjálfu, eftir því að nýta þau tækifæri. Og já, ég skal fullvissa hv. þingmann um að sú góða vinna — og ég get hrósað hv. þingmanni fyrir það starf sem hún innti af hendi í ráðuneytinu, þær úttektir sem hún nefndi verða að sjálfsögðu nýttar og byggt á þeim upplýsingum sem þar liggja því að þar hefur verið unnið gott starf.

Varðandi endurgreiðslurnar vegna þróunarkostnaðar, Tæknipróunarsjóð og *Inspired by Iceland* þá eru þetta að sjálfsögðu atriði sem við erum að fara í gegnum í tengslum við fjárlagagerðina en ég get fullvissað hv. þingmann um að ég mun gæta hagsmuna þessarar atvinnugreinar og þeirra verkefna sem þarna um ræðir.

Aðeins varðandi rammaáætlun og spurningar hv. þingmanns, málshefjanda, þá hef ég margoft sagt, og við sjálfstæðismenn, í umræðunni um rammaáætlun á sínum tíma, að þessi ríkisstjórn hyggst vinna að endurskoðun hennar. Við gagnrýndum rammaáætlun og þau inngríp sem þáverandi ríkisstjórn greip til. Að sjálfsögðu munum við endurskoða það með það fyrir augum að upphafleg markmið vinnunnar við rammaáætlun náist. Og hvað var það? Jú, að ná sátt um nýtingu og verndun. Þetta var ekki verndaráætlun heldur verndar- og nýtingaráætlun. Ég er sannfærð um að ef okkur lánast að setjast niður í friði og spekt og fara yfir þessi mál (Forseti hringir.) þá náum við lendingu sem við getum öll, hvaða skoðanir sem við höfum á þessu, sætt okkur við.

### Veidigjöld, 1. umr.

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15.

[11:43]

### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi á þskj. 15 sem er 15. mál. Um er að ræða breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld.

Herra forseti. Sjávarútvegur á Íslandi er í fremstu röð og hefur löngum verið ein helsta atvinnu- og útflutningsgrein þjóðarinnar. Um leið og mikilvægt er að tryggja að afrakstur auðlindarinnar skili sér í sem mestri hagsæld allra íbúa landsins er nauðsynlegt að tryggja sjávarútveginum starfs-

umhverfi sem stuðlar að öryggi, atvinnu, vexti og framsókn greinarinnar og tækifærum til fjárfestinga.

Okkur er öllum sannugt um þær þrætur sem hafa staðið um hvernig rétt og sanngjarnt sé að innheimta gjald af af-  
rakstri sjávarútvegsfyrirtækja. Ég geri mér jafnframt fulla grein fyrir því að þegar ólík sjónarmið rekast á getur verið erfitt að fara bil beggja.

Síðasta ríkisstjórn setti lög um veiðigjöld sem reynst hafa óframkvæmanleg vegna tæknilegra en ekki síður efnis-  
legra ágalla. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu sem hér er mælt fyrir er gerð grein fyrir aðdraganda þess. Þar segir, með leyfi forseta, að með frumvarpinu sé „ekki aðeins gefið svigrúm til endurskoðunar laganna á næsta reglulega löggjafarþingi í ljósi stefnumótunar ríkisstjórnarinnar og þeirrar gagnrýni sem hefur að þeim beinst, heldur einnig brugðist við þeim erfiðleikum sem hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra“.

Það er fullljóst að jafnvel þótt engin ríkisstjórnaskipti hefðu orðið væri þingheimur einmitt þessa dagana við um-  
ræðu um frumvarp til laga um breytingar á veiðigjöldum. Þegar frumvarpið var samþykkt á Alþingi sumarið 2012 lá þegar fyrir margþætt gagnrýni á það reikniverk sem lögin grundvallast á. Hér á ég ekki við þá grundvallarforsendu að eðlilegt sé að sjávarútvegurinn greiði auðlindagjald til þjóð-  
arinnar, eiganda fisveiðiauðlindarinnar, en því er ég sam-  
mála. Ég á við þá efnislegu ágalla eða skekkjur sem eru innbyggð í lögin. Það er mál margra að lögin séu haldin það miklum ágöllum að ekki hefði verið forsvaranlegt að byggja álagningu veiðigjalda á þeim óbreyttum.

Það helsta sem bent hefur verið á í þessu sambandi er að lögin séu hugsanlega ekki nægilega skýr um forsendur út-  
reiknings á veiðigjöldum. Þannig megi halda því fram að þau uppfylli ekki þær kröfur sem gera verður samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins til skattlagningarheimilda hvað varðar skýrleika. Það tengist þeim kröfum sem stjórnarskrá-  
in setur við framsali skattlagningarvalds frá Alþingi til stjórnvaldshafa. Margt fleira mætti tilfæra í þessu sam-  
hengi.

Því var haldið fram að vegna þess hvernig veiðigjöld eru ákveðin nemi þau í ákveðnum tilvikum hærri fjárhæð en sem nemur öllum hagnaði vegna veiða tiltekinna fiskteg-  
unda og í versta falli meira en öllum hagnaði ákveðinna fyrirtækja. Um þetta hefur auðvitað verið mikil óvissa og ráðuneytið sem og veiðigjaldanefnd hafa ekki getað svarað því vegna skorts á gögnum hver álagning veiðigjalda ætti að vera fyrir komandi fiskveiðiár, sem gerði allar rekstrar-  
áætlanir sjávarútvegsfyrirtækja mjög erfiðar.

Þá hefur verið bent á að sérstakt veiðigjald sé ákveðið á grundvelli bæði rentu í fiskveiðum og fiskvinnslu en með því séu útgerðir skattlagðar vegna hagnaðar óskyldra aðila. Eitt af því sem hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu er hvernig fara skuli með tekjur af sölu aflahlutdeilda. Af lög-  
unum virðist mega ráða að þegar fyrirtæki draga úr umsvifum eða fara úr rekstri með sölu hlutdeilda muni þær sölu-  
tekjur sem falla til leiða til hækkunar á álögðu sérstöku veiðigjaldi. Í þessu fælist að tekjur af sölu aflahlutdeilda hjá þeim sem hætta í útgerð mundu leggjast óbeint á alla gjald-  
endur sérstaks veiðigjald án þess að hlutadeigandi nyti nokkurs af tekjunum sem færu út úr greininni. Um veruleg

áhrif gæti verið að ræða en árið 2011 munu tekjur af sölu aflahlutdeilda hafa numið milli 7 og 8 milljörðum kr. Þessi villa í reikniverkinu, sem svo má nefna, ræðst af því að við setningu laga um veiðigjöld var gert ráð fyrir að ráðist yrði í tekjuskattsbreytingar í þá átt að greidd kvótaleiga og nið-  
urfærsla á kaupverði heimilda kæmi til frádráttar sem kostnaður. Til þess hefur hins vegar ekki komið.

Meðal þess sem var gagnrýnt við ákvæði laganna var að engin leið var fyrir gjaldendur veiðigjalda að fá nákvæmar upplýsingar um annars vegar tekjur og gjöld og hins vegar rekstrarfjármuni allra fyrirtækja sem leggja skyldi til grund-  
vallar þegar stofn til útreiknings veiðigjalda yrði fundinn út. Í þessu felst að gjaldendur veiðigjalda eða samtök þeirra hafa í raun og veru lítil tækifæri til að leiðrétta forsendur álagningar gagnvart sér, koma með fyllri upplýsingar o.s.frv.

Enn má nefna þá gagnrýni að greiningu á afkomu ein-  
stakra veiðigreina og fisktegunda væri ábótavant með reiknireglum laganna. Talið var að hætta væri á því að gjöld vegna metins hagnaðar í einni grein eða fisktegund yrðu að einhverju leyti lögð beint eða óbeint á aðra grein eða fisktegund. Í þessu sambandi voru einkum áhyggjur af notkun þorskígilda, sem eru viðmiðin um innbyrðis verð-  
mæti fisktegunda en taka ekki tillit til mismunandi kostnaðar við veiðar. Að auki er í þeim skekkja sem ræðst af því að stundum er vinnsluvirði að hluta til inni í verðmæti til grundvallar útreikningi þorskígildis. Sams konar gagnrýni beindist að skiptingu, afkomu sem og greiningu rekstrar-  
fjármuna milli útgerðarflokka samkvæmt lögunum, þ.e. veiða og vinnslu botnfisks og uppsjávarfisks. Ráðuneytið hefur leitast við að bregðast við þessari gagnrýni. Sem fyrsta lið í því má skoða þær tillögur um setningu svokallaðra sérstakra þorskígilda sem frumvarp það sem ég nú mæli fyrir hefur að geyma, en ég vík að þeim síðar.

Hér hef ég nefnt helstu sjónarmið í þeirri gagnrýni sem hefur beinst að lögunum en í sjálfu sér má efast um tilgang þess að dvelja lengi við þau.

Við þetta má loks bæta að lögin hafa reynst ófram-  
kvæmanleg fyrir veiðigjaldanefnd sem skal reikna sérstakt veiðigjald eins og rakið er í athugasemdunum með því frumvarpi sem ég mæli hér fyrir. Nefndin ræður ekki yfir nauðsynlegum upplýsingum til starfa sinna vegna þess að lögin voru ófullkomin og tæknilega gölluð hvað varðar heimildir til öflunar upplýsinga og að hluta til miðlunar þeirra til stjórnvalda, þ.e. á milli embættis ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands og veiðigjaldanefndar. Nefndin vakti athygli ráðuneytisins á þessu fyrst í desember sl. og síðan hefur verið leitað leiða til úrlausnar en án árangurs þrátt fyrir að sérstakur starfshópur hafi unnið gott starf til að leita leiða til lausna á þeim vanda sem nefndin stóð frammi fyrir. Þetta vissi fyrri ríkisstjórn en brást ekki við, þó ekki væri nema við þeim tæknilegu ágöllum sem hindra framkvæmd laganna.

Efnislega er sú aðferðafræði við útreikninga veiðigjalda sem með lögunum var lögfest ekki til þess fallin að búa sjávarútveginum starfsumhverfi sem stuðlar að nauðsynlegum framgangi og vexti greinarinnar. Eigi afrakstur auðlindar að skila sér til þjóðarinnar allrar er mikilvægt að stjórn-  
völd hafi það að markmiði að skapa atvinnuvegum vænlegt



starfsumhverfi. Það er ljóst að sú ofurálagning sem samþykkt var í gildandi lögum um veidigjöld mun ekki skapa sjávarútveginn þau skilyrði sem til þarf til að nýsköpun og fjárfesting sé innan greinarinnar og gengur of nærri þeim atvinnuvegi sem er einn af okkar helstu burðarstöðum. Það er engra hagur að fá vænar tekjur af einni atvinnugrein í afmarkaðan tíma leiði það til þess að rekstrarskilyrði greinarinnar verði óbærileg og óhagræði valdi því að greinin verði ekki starfhæf á hagkvæman máta til framtíðar.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Laugarvatnsýfirlýsingunni, kemur fram að lögin um veidigjöld verði tekin til endurskoðunar. Í ljósi þess skamma tíma sem til stefnu er fram að álagningu veidigjalda komandi fiskveiðiárs, en nauðsynlegt er að undirbúningur að álagningu þeirra hefjist nú í júlí, mæli ég fyrir breytingu á núgildandi lögum. Um leið vil ég leggja ríka áherslu á að hér er eingöngu um ráðstöfun fyrir næsta fiskveiðiár að ræða, á meðan umræðunni um veidigjöld er haldið áfram og hún leidd til lykta.

Þegar er hafinn undirbúningur varðandi fyrirkomulag áframhaldandi vinnu um álagningu veidigjalda í ráðuneyti sjávarútvegsmála. Leitast verður við að skoða og taka sjónarmið ólíkra hagaðila til álita en um leið er ljóst að veidigjöldin þurfa að vera hófstílltari en ákvörðuð voru í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Lagt er til að áfram verði innheimt svokallað almennt veidigjald og sérstakt veidigjald. Almenna veidigjaldinu er sem fyrr ætlað að standa undir rekstri á stofnunum og umsýslu tengdri sjávarútvegi. Lagt er til að áfram verði 9,5 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló. Horfið er frá því að hið svonefnda sérstaka veidigjald verði ákvarðað út frá reiknaðri rentu á þorskígildiskíló eftir veiðiflokkum. Þetta hefur annars vegar, eins og fram hefur komið, reynst óframkvæmanlegt og út frá þeim áætlunum sem gerðar voru leiðir þetta hins vegar til óeðlilega hárrar gjaldtöku með verulega neikvæðum áhrifum. Þess í stað er lagt til að gjaldið verði fastsett, annars vegar 7,38 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló í botnfisksveiðum og hins vegar 38,25 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló í uppsjávarveiðum.

Með þessu verður tekið tillit til ólíkrar afkomu veiðanna en lækkuð á verði þorsks á mörkuðum meðal annarra þátta hefur haft neikvæð áhrif á afkomu botnfisksveiða, en bæt afkoma á uppsjávarveiði fyrirtækja leiðir til hækkunar á álagningu þar miðað við þá tölu sem var á yfirstandandi fiskveiðiári. Þrátt fyrir þennan krónumun á gjaldi á kíló ganga áætlanir út frá því að álagningin hafi jöfn áhrif á báða flokka þegar litið er til áhrifa á afkomu. Áætlað er að með þessari álagningaráðferð skili veidigjöldin í heild sinni 9,8 milljörðum kr. Hér er um að ræða öllu varlegri gjaldtöku en áður hafði verið gert ráð fyrir næsta fiskveiðiár.

Í þessu sambandi má vekja athygli á fleiri þáttum. Áætlað er að tekjuskattsgreiðslur sjávarútvegsfyrirtækja rekstrarárið 2012 séu á bilinu 8,5–9,5 milljarðar. Greiðslurnar hafa aukist undanfarin ár úr því að vera 1,5 milljarðar á rekstrarárinu 2009. Þessi aukning á tekjuskattsgreiðslum skilar sér í auknu fjárstreymi til ríkissjóðs. Þá hafa skuldir sjávarútvegsfyrirtækja lækkað umtalsvert undanfarin fimm ár samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Í allri umræðunni um veidigjöld má ekki gleyma veigamiklum þætti skattgreiðslna frá sjávarútvegi og jákvæðum

áhrifum þess fyrir þjóðarþíð allt að þær fari hækkandi. Á grundvelli þessara upplýsinga má jafnframt ætla að sjávarútvegurinn sé í stöðu til að standa undir hóflega reiknuðu veidigjaldi og geti á þessum erfiðu tímum í rekstri ríkissjóðs skilað meiru til samfélagsins en ella án þess að rekstrargrundvelli fyrirtækjanna sé í stórum stíl stefnt í hættu.

Virðulegi forseti. Lagt er til að ákvæði um svokallað frítekjumark og lækkuð á veidigjaldi vegna skuldsetningar af kvótakaupum standi óbreytt að svo komnu. Með því er tekið tillit til smærri aðila og verr staddra fyrirtækja.

Í þeirri breytingu á lögum sem ég hér mæli fyrir er að finna nokkra tæknilegri þætti sem ég tel rétt að tæpa á. Gagnrýnd hefur verið notkun þorskígilda við niðurbjófnun veidigjalda á þann hátt að stuðullinn sé óeðlilega hár á þeim fisktegundum sem nær eingöngu eru unnar um borð í fiskiskipum. Með þeirri breytingu sem ég mæli fyrir er leitast við að mæta þessari gagnrýni með því að reikna sérstakan þorskígildisstuðul fyrir veidigjöld þar sem verðmæti og magn þess afla sem unnin er um borð í fiskiskipum er undanskilinn við útreikning á stuðlinum og gjaldið leggst því jafnar á allar fisktegundir óháð útgerðarmynstri.

Þá er mælt fyrir að gefin verði heimild til að fresta gjaldlega á veidigjöldum í tegundum sem ekki eru stundaðar veiðar á allt árið. Sú gagnrýni hefur komið fram að það krefjist kostnaðarsamrar fjárfestingar að standa straum af greiðslu veidigjalda áður en tekjur af veiðunum falli til. Með þessu er markmiðið að geta frestað gjalddögum, sérstaklega á veiðum sem eru árstíðabundnar, þar til ætla má að tekjustreymið sé hafið af veiðunum.

Að lokum, líkt og áður kom fram, mæli ég fyrir því að lög um veidigjöld verði í heild sinni tekin til endurskoðunar og tillögur lagðar fram á Alþingi, lögjafarþingi 2013–2014, og vil á ný vekja athygli á því að hér er eingöngu um einskiptisálagningu að ræða sem bráðabirgðaráðstöfun.

Virðulegi forseti. Á fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið og ætluð áhrif þess á tekjur ríkissjóðs. Að öðru leyti vísa ég til þeirra athugasemda sem fylgja frumvarpinu en þar er ítarlega fjallað um og gerð grein fyrir efni þess.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. atvinnuveganefndar.

[12:00]

#### **Kristján L. Möller (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Í þessu stutta andsvari vil ég eingöngu beina athyglinni að þeirri breytingu sem er að verða á krónutölu í þorskígildum, annars vegar í botnfiski og hins vegar í uppsjávarfiski, og spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna fylgja þau gögn ekki með frumvarpinu sem fylgiskjöl? Hvers vegna er veidigjald á botnfiskstegundum lækkað um 70%, eins og er boðað hér, og veidigjöld á uppsjávarfiski hækkuð um 40% á sama tíma?

Hæstv. ráðherra ræddi um nokkrar tegundir sem er óvissa um og fær hér heimild til þess að fresta greiðslu á veidigjöldum á tegundum sem er byrjað að veiða seint á fiskveiðiárinu. Sú óvissa á við um loðnu, makríl og

kolmunna og í raun og veru má spyrja hvers vegna það er þá ekki sett inn líka.

Virðulegi forseti. Aðalspurning mín er að biðja hæstv. ráðherra að útskýra hvers vegna 70% lækkun sé á botnfiskstegundunum og 40% lækkun á uppsjávurfiski. Eins og við höfum talað um og hæstv. ráðherra hefur talað um er kannski mesti ókosturinn við álagningu veiðigjalda eða lög um veiðigjöld, sem voru sett á þeim ágætisdegi 26. júní í fyrra, að þau byggja á gömlum gögnum. Það er alveg rétt og það eru hlutir sem ég ræði kannski betur ef ég kemst í ræðu á eftir.

[12:01]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Hún er fyllilega eðlileg.

Það er fyrst að segja að þorskígildisútreikningarnir liggja auðvitað ekki fyrir en í júlí. Varðandi áhyggjur hv. þingmanns af því, eðlilega, er um að ræða áætlun í bæði loðnu og makríl, þar er ákveðið magn og ekki er búið að úthluta því. Þess vegna kemur það ekki til greiðslu fyrr en því verður úthlutað. Reynist það verða meira eða minna magn tekur álagningin auðvitað tillit til þess. Ef það fer til að mynda svo illa að loðnustofninn standi ekki eins vel og við vildum, sem lítur út fyrir að einhverju leyti, og að minna magni verði úthlutað verður álagningin þar náttúrlega mun lægri.

Varðandi þau gögn og útreikninga sem hv. þingmaður vísaði til er að sumu leyti erfitt að bera saman tölur yfirstandandi árs í krónutölu og þá krónutölu sem hér birtist. Hér er ráðuneytið búið að reikna út til þess að vera með jafna álagningu á þessa tvo útgerðarflokka, þ.e. annars vegar á bolfiski og hins vegar á uppsjávurfiski. Hvernig hinar tölurnar voru fundnar sem eru notaðar á yfirstandandi fiskveiðiári er ekki gott að átta sig á, en þær hefðu átt að vera verulega öðruvísi, sérstaklega er varðar uppsjávurfiskinn, og þá mun hærri. Í raun fer það lakkandi miðað við sams konar útreikninga.

Öll þau gögn sem hv. þingmaður vísaði til verða kynnt í hv. atvinnuveganefnd og farið verður mjög vel í gegnum það þannig að atvinnuveganefnd sé fullkomlega upplýst um hvernig þær tölur eru fengnar og um forsendur þeirra og þær áætlanir sem menn reikna með í álagningu sérstaks veiðigjalds til þessa eina árs sem um er að ræða.

[12:04]

**Kristján L. Möller (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Í stuttu andsvari vil ég segja að ég mun ef ég get komist hér í ræðu á eftir — sem ég er kannski ekki alveg viss um að ég geri vegna þess að ég þarf að fara í flug austur á land til að fagna með Norðfirðingum því að í dag verður skrifað undir verksamning um framkvæmd Norðfjarðarganga og ég ætla ekki að sleppa því að vera á þeirri hátíðarstundu í Neskaupstað.

Ef ég kæmist í ræðu á eftir hefði ég viljað útskýra og setja fram þau sjónarmið sem ég hef haft um álagningu veiðigjalds. Ég ræddi tillögu mína á síðasta kjörtímabili en ekki var áhugi fyrir því að taka það fyrirkomulag upp, þ.e.

að nálgast málið út frá því að vera með svokallað staðgreiðsluveiðigjald sem byggt sé á samtímaskattagögnum og gögnum sem tekin eru frá degi til dags og sjávarútvegsfyrirtæki vinna með á hverjum einasta degi. Þau skila svo gögnum sínum til ríkisskattstjóra sem eru að mínu mati bestu gögn til þess að leggja á veiðileyfagjald.

Síðan getum við haldið uppi umræðu um það sem var ágreiningur um á milli okkar, fyrrverandi stjórnarsinna og fyrrverandi stjórnarandstöðu, sem nú hefur snúist við, þ.e. að vegna og meta hvað er hóflegt veiðileyfagjald. Landsfundur Framsóknarflokksins samþykkti í fyrra að leggja á hóflegt veiðileyfagjald. Þá er það bara spurningin: Er það 12 milljarðar eða eru það 6 milljarðar að mati þeirra eða hvað?

Varðandi breytingarnar á gjaldinu á botnfiskinn versus uppsjávurfiskinn þá er athyglisvert að það sé gert, en það er eins og ráðherrann sagði; það á eftir að vinna það betur í nefndinni.

Mér sýnist að botnfisksgjaldið muni ekki gefa meira en um 700 milljónir á næsta fiskveiðiári. Af hverju segi ég það? Jú, virðulegi forseti, ég reikna með að megnið af frítekjumarkinu og lækkun skulda vegna kaupa á aflahlutdeildum komi frá botnfiskstegundum. Þar með, þegar ég reikna það út sem hér er, kæmu ekki nema 700 milljónir frá botnfiskinum á móti því að (Forseti hringir.) áætlað er að fá um 4,2 milljarða af uppsjávurfiskinum með þeim fyrirvörum sem hæstv. ráðherra talaði um, (Forseti hringir.) sem voru um úthlutaðan afla.

[12:06]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Um síðustu spurningu hv. þm. Kristján L. Möllers er það að segja að í fylgiskjali fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er álagningin á sérstaka gjaldinu á botnfiskinn metin upp á tæpa 3 milljarða en ekki 700 milljónir, svo að það sé nú alveg skýrt.

Aðeins til frekari útskýringar á svari við fyrri spurningu hv. þingmanns er það þannig að vísitala botnfisksveiða hefur farið lakkandi; hún lækkar um 6,2% á sama tíma og vísitala í uppsjávargæranum hefur hækkað um 25,6%. Það er því mjög ólík þróun í þessum tveimur þáttum. Það kemur fram í þeim útreikningum sem hér liggja fyrir. Ég ítreka einnig að ekki er gott að bera það saman við þær tölur sem eru á yfirstandandi fiskveiðiári þannig að ekki er alveg hægt að átta sig á því hvaðan forsendur koma til þeirrar álagningar. Það er hins vegar ljóst að sú álagning hefur lagst með mjög mismunandi hætti á þessa tvo útgerðarflokka.

Varðandi stefnu ríkisstjórnarflokkanna, sem hv. þingmaður kom aðeins inn á, þá er það rétt hjá hv. þingmanni að báðir stjórnarflokkar — líka Framsóknarflokkurinn — hafa haft það á stefnuskrá sinni að lögð séu á veiðigjöld. Það var reyndar í tíð þeirra flokka sem það var lagt á upphaflega, og engin breyting er á því. Enda erum við ekki að leggja til að leggja af sérstakt veiðigjald. Við segjum einfaldlega: Það þarf að vera hóflegt til að greinin geti staðið undir því að fara í fjárfestingar, að fara í nýsköpun. Það er það sem er mikilvægast fyrir landið, bæði strax í ár en líka

á næstu árum, að við byggjum upp þær atvinnugreinar og hliðargreinar hinna hefðbundnu atvinnugreina sem skila okkur gríðarlega miklu til þjóðarþúsins þegar þannig tekst til og þegar við göngum ekki of langt í skattlagningunni.

[12:09]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Forgangsröðun Framsóknarflokksins er skýr. Útgerðarmenn fá milljarðaeftirgjöf strax en skuldug heimili eru sett í nefnd. Þetta skýrir ráðherra með því að gera þurfi rekstrarumhverfið vænlegt. Heyr á endemi. Hvergi í landinu er rekstrarumhverfi jafn vænlegt og í útgerðinni nú um stundir. Þar drýpur einfaldlega smjör af hverju strái.

Hér er gengið lengra í því að lækka gjöldin en hæstv. ráðherra taldi sjálfur vera hóflegt þegar við áttum hér í viðræðum um hvert gjaldið ætti að vera og hann var í stjórnarandstöðu. Ég hlýt að spyrja: Hvers vegna er gengið lengra í dekrinu við LÍÚ en hv. þáverandi þingmaður taldi tilefni til? Ég spyr sérstaklega þegar til þess er horft að enn er ríkissjóður rekinn með halla og því eru almannahagsmunir augljóslega ekki hér í öndvegi heldur fyrst og fremst sérhagsmunirnir.

Ég hlýt líka spyrja, fyrst þetta frumvarp er komið hér inn, um milljarðaeftirgjöf fyrir útgerðarmenn, hvað líði frumvarpi um leiðréttingu fyrir aldraða og öryrkja sem allir flokkar lofuðu fyrir kosningar. Af hverju hefur það ekki fengið sömu hraðafgreiðslu í ríkisstjórninni? Hæstv. ráðherra er nýkominn af ríkisstjórnarfundum. Hann getur kannski upplýst okkur um hvort það mál hafi verið afgreitt. Ég held að það væri mjög mikilvægt að því væri dreift hér í dag því að á stuttu sumarþingi þurfum við að ná að afgreiða það mál. Eða hvað dvelur það? Eru deilur um það í ríkisstjórninni meðan þetta mál, eftirgjöf á sköttum til útgerðarmanna, fær hraðafgreiðslu á fyrstu dögum nýrrar ríkisstjórnar. Mér finnst það ekki vel af stað farið, virðulegur forseti.

[12:11]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kemur hingað upp með sínar hefðbundnu ræður og spyr af hverju þessu sé hraðað hér í gegnum þingið. Ég fór ítarlega í gegnum það í ræðu minni að ástæðan fyrir því að þetta mál er hér til umræðu — og hefði alltaf verið til umræðu, sama hvaða ríkisstjórn væri við völd — er sú að bregðast þarf við því að lögin, sem sett voru hér sumarið 2012, komast ekki til framkvæmda, þau eru óframkvæmanleg. Ef við hefðum ekki brugðist við á þessu sumarþingi hefðu engin sérstök veiðigjöld verið lögð á frá 1. september 2013.

Hér er lagt fram frumvarp þar sem tekið er tillit til skynsamlegrí efnahagsstefnu til að byggja upp atvinnu. Ég veit að hv. þingmaður hefur verið hér í fjögur ár að reyna að koma ýmsu í gang og gert margt vel. En hins vegar hefur alltaf skort á ákveðinn skilning. Þegar um grundvallarvinnuvegina er að ræða hefur hv. þingmaður ekki skilning á þeim þörfum sem þar eru.

Hann segir að hér drjúpi smjör af öllum stráum. Fyrirtæki hafa farið á hausinn. Fyrirtæki hafa þurft að segja upp

fólki. Fyrirtæki hafa gengið kaupum og sölum vegna þess að þau sjá ekki þann möguleika fyrir sér að starfa í því rekstrarumhverfi sem hv. þm. Helgi Hjörvar, Samfylkingin og Vinstri græn, hafa komið á í þessari grein á síðustu fjórum árum.

Við sögðumst ætla að breyta því og við erum komin hingað til þess og það munum við gera. Við leggjum á til eins árs, á meðan við gefum okkur tíma til að fara vel yfir það hvernig við ætlum að leggja veiðigjöld á til framtíðar — á grundvelli stefnu ríkisstjórnarflokka, á grundvelli stjórnarsáttmálans, leggjum við á þetta gjald sem er að mínu mati skynsamlegt, ýtir undir nýsköpun og fjárfestingar í greininni og gengur ekki að einstaka fyrirtækjum dauðum eins og stefnt hefði í með þessa atvinnugrein ef hv. þingmaður og sú ríkisstjórn sem hann átti aðild að hefðu fengið sínu framgennt.

[12:13]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það var sérkennilegt að tarna. Hér er látið eins og allt sé á hausnum í útgerðinni á Íslandi og menn barma sér yfir því að rekstrarskilýrðin séu ómöguleg.

Virðulegi forseti. Síðustu fjögur ár hefur verið meiri hagnaður í útgerð á Íslandi en í áratugi áður. Tugmilljarðahagnaður, hátt í 100 þúsund millj. kr. framlegð. — Og þetta er forgangur ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. ráðherra svaraði því ekki af hverju ríkisstjórnin er ekki búin að afgreiða málefni aldraða og öryrkja, leiðréttingar til þeirra, þegar hún getur tekið þetta mál, með 10 milljarða tekjutapi, svona hratt í gegn.

Ég ítreka þá spurningu: Voru málefni aldraða og öryrkja afgreidd í ríkisstjórn í morgun þannig að þau komist til umræðu í næstu viku eða á það að sitja á hakanum? Eru deilur um það í ríkisstjórn?

[12:14]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ólíkt því sem var, a.m.k. þegar síðasta ríkisstjórn lauk starfi sínu, eru engar deilur í núverandi ríkisstjórn, ekki um nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í: Noh!**) (**LRM:** Það veit ekki á gott.) Hér er sjávarútvegsráðherra mættur til að kynna frumvarp um veiðigjöld og vill gjarnan tala um það og vera hér til að útskýra málin í dag, hlusta á áhyggjur þingmanna og ábendingar, hefur lagt málið fram og vill gjarnan fá að heyra mat einstakra þingmanna á því. Ég held að við ættum ekki að blanda öðrum málum þar inn í.

Það er hins vegar rangt hjá hv. þingmanni, enn og aftur, en var hins vegar grundvöllur þeirra laga sem hér eru — álagning í þessari grein var meðaltalsleg yfir alla atvinnugreinina aftur í tímann, sem þýðir að þau fyrirtæki sem eru undir meðaltalinu verða fyrir verulega miklum áhrifum ef gjaldið er of hátt. Það er sú staðreynd sem við höfum þegar séð á fyrsta ári sem þessi tilraun var gerð, hún gekk einfaldlega of langt fyrir einstaka útgerðarflokka, fyrir einstök fyrirtæki, og við því erum við að bregðast hér á þann veg sem fram kemur í frumvarpinu en einnig að tryggja ríkissjóði ákveðnar tekjur sem ella hefðu ekki orðið neinar af sér-

stöku veidigjaldi ef við hefðum ekki brugðist við. Lögin hefðu aldrei getað orðið framkvæmanleg og við hefðum orðið að fella þau úr gildi.

[12:16]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég að reyna að komast í óruttu ræðu um það frumvarp sem hér er rætt, þ.e. breytingu á veidigjöldum. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra um það hann sagði áðan, aðalókosturinn við veidigjöldin, lögin eins og þau eru í dag, er að þau eru lögð á að meðaltali.

Ef við tækjum skattstofninn á Íslinga allra og myndum út meðaltal og deildum því svo út kæmi það auðvitað þannig út að þeir sem lægst hafa launin greiddu hærri skatta og þeir sem hæstu launin hafa borga þá lægri skatta, sem sagt ef við tækjum þetta víðfræga meðaltal. Það er kannski aðalókosturinn. Við vitum að um 80% af veidigjöldunum áttu að koma frá 25 stærstu fyrirtækjum landsins en afgangurinn dreifðist á alla hina, m.a. aðila með lítinn kvóta, einyrkja, sem ættu í vandræðum með að greiða gjaldið þó svo að sett væru inn ákvæði við vinnslu frumvarpsins í atvinnuveganefnd, þar til frumvarpið varð að lögum, sem tóku á mjög skuldsettum úterðum vegna kvótakaupa undanfarinna ára þar sem reiknaður var svokallaður afsláttur þar á.

Alveg eins og varðandi meðaltalið vil ég líka vera hreinskilinn og segja: Mér finnst of langt gengið í lækkun veidigjalds eins og það er sett fram hér. Ég ætla þó að hafa þann fyrirvara á að ráðuneyti og aðrir komi í atvinnuveganefnd og sýni okkur þá útreikninga sem þeir byggja vinnu sína á. Það sem ég sagði áðan er dálítið sérstakt og rauð ljós kvikna, þ.e. hvers vegna 70% lækkun er á botnfiskinum en 40% hækkun er á uppsjávarfiskinum. Það er það sem við munum ræða í atvinnuveganefnd og ég bíð eftir því. En mér finnst við fyrstu sýn að allt of langt sé gengið í lækkun vegna þess að ég hef alltaf lítið svo á að álagning hóflegs veidigjalds sé stóri lykhillinn að því að búa til meiri sátt um sjávarútveg á Íslandi. Því miður tókst ekki að klára ýmsar breytingar sem gera þurfti í framhaldinu á fiskveiðistjórnarkerfinu, en þar var mikill ágreiningur, það er vandamálið.

Virðulegi forseti. Á þeim örfáu mínútum sem ég hef til að ræða þetta ætla ég að segja að vandamálið við núverandi álagningu er, eins og á svo mörgum stöðum í þjóðfélaginu, að stuðst er við allt of gömul gögn, tveggja ára gömul gögn, skattframtöl. Þegar Hagstofan fer að vinna upp gögn eru þau allt of gömul. Þar af leiðandi þarf að notast við framreikninga á vísitölum. Ef við værum með ári yngri gögn værum við miklu betur stödd. Þá værum við sem næst raunafkomu álagningarárið. Þá væru sem minnst frávik frá skattframtölum og um leið mundi flækjustigið og kostnaður minnka mjög. Það mundi um leið auðvelda eftirlit og hindra undanskot.

Ég sagði áðan að eftir vinnu mína sem formaður atvinnuveganefndar við veidigjöldin og fiskveiðistjórnarbreytingarnar í fyrra fór ég að skoða málið betur og leitaði mér aðstoðar hjá mér færari mönnum, endurskoðendum og lögfræðingum. Skoðun mín var sú að hægt væri að leggja veidigjaldið á með einfaldari hætti og hafa það einfaldara í framkvæmd þar sem tekið yrði tillit til þess að tiltekið hlut-

fall af tekjum og afkomu kæmi inn. Þá mundi ónákvæmni gjaldsins á greinina í heild hverfa um leið og ársreikningar og skattframtöl ákvarða álagninguna, gjaldstofninn og álagninguna. Þá er bara áætlað hvað á að greiða, alveg eins og hjá almenningi; annaðhvort er búið að greiða of mikið eða of lítið þegar álagning hefur átt sér stað og þá skuldar aðili fé eða fær eitthvað til baka. Álagningin yrði sem sagt alveg eins og við önnur opinber gjöld.

Ég var á þeirri skoðun að við ættum að nota þrjá stofna til álagningar veidigjalds: Í fyrsta lagi svokallað veltuframlag, sem væri 1% af heildartekjum veida og vinnslu án nokkurs tillits til kostnaðar. Í öðru lagi gjaldstofn sem mundi heita afkomuálag, sem væri reiknað út frá rekstrarhagnaði fyrir fjármagnskostnað eða svokallað EBIT, ekki EBITDA heldur EBIT. Þá væri breytilegur gjaldstofn vegna sveiflna í afkomu og sett yrði inn stígmínkandi hlutfall fjármagnsgjalda frádráttarþær í fjögur ár í líkingu við það sem tókst að setja inn sem afslátt hjá skuldsettum úterðum vegna kvótakaupa með sólarlagsákvæði. Síðan yrði þriðji gjaldstofninn, svokölluð stoðkvöð, sem væri hið núverandi almenna veidigjald og því væri varið til stofnkerfis sjávarútvegs.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað gefa mér tíma til að fara betur í málin núna en það gefst betri tími í atvinnuveganefnd bæði til þess að fá að útskýra þessa leið og fara í gegnum hana. En það sem ég segi aðallega hvað þetta varðar, og þá á það ekki bara við um álagningu veidigjalda; það er líka komið fram frumvarp á Alþingi frá hæstv. forsætisráðherra um heimild til Hagstofu til að eiga upplýsingar um skuldastöðu almennings. Ríkisstjórnin sem sat 2007–2009 hafði ekki slíkt í höndum en fékk leyfi hjá Persónuvernd til að láta vinna það. Við fengum leyfi í þáverandi ríkisstjórn til að skoða það nokkrum sinnum en það leyfi Persónuverndar var háð því að öllum þeim gögnum yrði svo eytt, því miður.

Nú tek ég skýrt fram, virðulegi forseti, að ég er ekki að tala um að halda úti svona gögnum og gagnaböndum sem eru rekjanlegir. Nei, það er eingöngu hugsað til þess að það sé til í hagsögunni, að það sé til hjá einhverri opinberri stofnun, að hægt sé að fá upplýsingar um skuldastöðu, hvernig skuldirnar skiptast í erlend og innlend lán, lán vegna bílakaupa og annars o.s.frv. En þessu þurfti sem sagt að eyða.

Af hverju segi ég það, virðulegi forseti? Jú, vegna þess að við álagningu veidigjaldsins komumst við að því að þau gögn sem unnið er út frá, þ.e. reikningsskil til Hagstofu, sem byggjast á tveggja ára gömlum gögnum, eru bara ekki viðunandi í nútímasamfélagi. Þetta á að gera frá degi til dags. Og með þeirri aðferð sem ég hef tæpt á hér og mun sýna betur í atvinnuveganefnd, er hægt að gera það.

Við getum bara tekið sem dæmi: Komi frystitogari að landi og landi afla fyrir 200 milljónir þá kemur sérstaka veidigjaldið til greiðslu út frá þessum 200 milljónum tveimur til þremur mánuðum síðar. Komi togarinn hins vegar úr næsta túr þar sem hann hefur bara fiskað fyrir 150 milljónir, hann er með jafnmikinn afla og síðast en söluverðið hefur lækkað um 50 milljónir, þá lækkar að sjálfsögðu veidigjaldið strax og sama á auðvitað við ef það hækkar. Þannig er strax tekið á þeim sveiflum sem eru svo mikið í grein-

inni. Grundvallaratriðið í þeirri hugmynd sem ég set hér fram er að þetta er allt saman gert með smávægilegri viðbót við þau gögn sem sjávarútvegurinn skilar til ríkisskattstjóra í hverjum mánuði og notar til að borga annan hvern mánuð. Það er sú aðferð sem ég hefði viljað kynna betur og fá betra tækifæri til að skýra og vonandi gefst færi til þess í nefndinni.

Ég ítreka að mér finnst fulllangt gengið í lækkun á botnfiskinum og hækkun í uppsjávarfiskinum. Ég hef þann fyrirvara á að ég þarf að heyra frekari rök fyrir þessari ákvörðun. Mér finnst líka rétt, svo það komi alveg skýrt fram, að breyta álagningunni þannig að hún sé ekki í prósentu á næsta ári heldur í krónutölu, eins og hér er lagt til og eins og við gerðum sem lögðum veidigjaldi á í fyrra. Er ég þá ekki að mæla með þeirri lækkun, eins og ég hef margoft sagt, sem boðuð er á krónutölunni, en krónutalan sem álagning er framlengd um eitt ár, þ.e. bráðabirgðaákvæðið, sem er rétt að mínu mati og alveg sérstaklega út frá því ákvæði stjórnarskrárinna að skattlagning Alþingis verður að vera mjög skýr. Ég tel hana ekki skýra með því að setja hana sem prósentu á óljósan tekjustofn. Hann er betri og hann er klár á miðað við stjórnarskrá um skattlagningarvald Alþingis með því að setja þetta í fasta krónutölu þó svo að næst megi þá e.t.v. deila um það hvernig finna á út þorskígildi.

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég ætla að fara á þá háttíð sem er austur í Neskaupstað í dag þegar skrifað verður undir verksamning við framkvæmd Norðfjarðarganga verð ég eiginlega að fá að nýta mér það sem verið hefur heidursmannasamkomulag um jómfrúrræður, þ.e. að andsvör eru ekki leyfð að þessu sinni.

[12:26]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Varðandi það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra um gildandi lög er vissulega rétt að þau eru eins og öll önnur mannanna verk ekki án ágalla. Það var iðulega rætt í umræðum um það frumvarp og lagasetninguna að þessa aðferðafræði þyrfti að þróa, gagnagrunninn þyrfti að styrkja. Framtíðarmarkmiðin væru að geta aðgreint betur afkomu innan einstakra greina og fært upplýsingarnar sem næst okkur í samtíma sem væru andlag gjaldtökunnar. Að því leyti get ég að sjálfsgöðu tekið undir að það þarf að leggja vinnu í að þróa betur aðferðafræðina. Það hefur verið hafin vinna að því leyti og það er m.a. hlutverk veidigjaldsnefndar samkvæmt lögum að koma með ábendingar um það sem betur megi fara í þeim efnum.

Að hinu leytinu er ég mjög ósammála mörgu af því sem hæstv. ráðherra þuldi hér upp í langri ræðu um alla mögulega ágalla á þessari aðferðafræði. Mér fannst það ekki sérstaklega málefnalegt heldur hefði ég viljað heyra hæstv. ráðherra fara skilmerkilega yfir ágallana en líka viðurkenna að hér er stuðst við viðurkennda aðferðafræði sem er orðin þróuð í réttinum um auðlindarentunálgun þegar kemur að endurgjaldi fyrir nýtingu verðmætra afmarkaðrar auðlindar. Það fannst mér hæstv. ráðherra alveg missa út úr sínu máli. Við getum vísað þar til margra fræðirita, skýrslna og greina frá OECD, frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og víðar að þar sem þessi aðferðafræði er orðin mjög vel viður-

kennd. Við þurfum ekki annað en yfir til Noregs til að finna alveg þrælómótaða aðferðafræði um það hvernig norska ríkið, norska þjóðin, tekur til sín stærstan hluttann af auðlindarentunni sem sprettur af nýtingu olíu- og gaslindanna þar.

Þessi langa vandræðaupptalning í ræðu hæstv. ráðherra fannst mér ekki góð. Satt best að segja leyfi ég mér að segja, þó að það sé kannski strákslegt, að allstóran hluta af ræðu hæstv. ráðherra, harmgrátinn um það hvað þetta væri allt saman erfitt, hefði LÍÚ verið fullsæmt af. Þetta er kveinið sem við heyrum úr þeim, og við skulum ekki missa það út úr umræðunni að það er verið að takast á um mikla hagsmunu. En reynum að halda okkur niðri á jörðinni og ræða kost og löst hlutanna.

Það er í fyrsta lagi rétt að þorskígildisstuðlarnir eru ekki gallalaus viðmiðun í þessum efnum, það er vel viðurkennt. Í öðru lagi væri æskilegt að geta brotið greinarnar betur niður, t.d. innan bolfisksútgerðarinnar og horfa þá betur til þess hver er sóknarkostnaður, hver er endanleg framlegð út úr rekstri við að sækja einstakar tegundir, því að þar duga ekki bara endanleg afurðaverð eins og kunnugt er.

Á hinn bóginn bið ég menn að staldra við áður en þeir gefa sér, eins og svífur yfir vötum og mér heyrast að hæstv. ríkisstjórn sé að tala í áttina að í vatnsyfirlýsingu sinni, hvort það var Apavatn eða Laugarvatn eða hvar þetta var nú samið, að það eigi að reyna að leggja þetta á hvert einstakt fyrirtæki. Það er ekki ný hugmynd undir sólinni eða hvað? Auðvitað er búið að þrælskoða hvernig það kemur út. Það hefur auðvitað LÍÚ viljað gera, færa þetta bara inn í eins konar skattalegt uppgjör á grundvelli bókhalds fyrirtækjanna.

Þá gerist tvennt. Annars vegar kemur til sögunnar hættan á því að menn fari að gullhúða hjá sér handriðin, þ.e. að menn færa alls konar kostnað á reksturinn til að sýna sem minnsta framlegð. Þetta er vel þekkt í fræðunum, þetta er ekki einhver uppfinning vandra manna, að sá ágalli er alltaf á því ef menn ætla að ná út sérstakri auðlindarentu við þessar aðstæður með því að leyfa fyrirtækjunum að nota allar mögulegar leiðir til að bókfæra hjá sér sem minnstan hagnað eða minnsta framlegð að endingu.

Hitt kemur líka til sögunnar, sem ætti nú ekki að þurfa vinstri manninn til að benda sumum hér í þingsal á, samkeppnissinnuðum þingmönnum, að þá færa menn þunga greiðslanna á best reknu fyrirtækin og hlífa lakast rekna hlutanum ef þeir láta afkomu hvers og eins fyrirtækis vera andlagið að fullu og öllu leyti. Þá bera best reknu fyrirtækin með mestu framlegðina, mesta hagnaðinn, þungann af gjöldunum og hinum er hlíft. Og hvaða áhrif hefur það til lengdar á atvinnugrein af þessu tagi, er það það sem við viljum?

Kosturinn við að nálgast þetta út frá einhvers konar meðaltalsframlegð, meðaltalsafkomu er að þá hafa menn að einhverju að keppa og betur reknu fyrirtækin koma að breyttu breytanda betur út. Þau eiga þann kost að reyna að standa svo vel að sínum rekstri að afkoman sé a.m.k. í meðaltalinu eða yfir því og þá léttest greiðslan hlutfallslega hjá þeim með það. Ég hélt að það væru einhverjir enn þá í þessum sal sem hefðu kannski tilhneigingu til að nálgast hlutina að einhverju leyti út frá þessu.

Svo má auðvitað líka velta fyrir sér að einhverju leyti að

blanda þessum tveimur leiðum saman, því að hvorug er gallalaus, það er rétt. Það má segja að það sé gert að hluta til með því að skipta veidigjöldunum í tvennt, annars vegar almennt gjald, sem er það hóflegt að allir eiga að geta ráðið við það í öllu venjulegu árferði, og hins vegar sértækara gjald sem tekur sérstakt mið af afkomunni. Það kæmi vissulega til greina, ég viðurkenni það, að þá væri horft að einhverjum hluta til til eiginlegrar afkomu hvers og eins fyrirtækis.

Mig langar að spyrja ráðherra um það hvernig staðið var að undirbúningi þessa frumvarps og hvernig samskipti ráðuneytisins voru á þeim dögum frá því að ónefndur maður hvarf þaðan og þangað til frumvarpið var lagt fram við veidigjaldsnefnd. Það hafði verið unnið þannig að þessu og undirbúid meðan ég kom við sögu að það væri hlutverk veidigjaldsnefndar að reyna að koma tillögum til ráðuneytisins um það sem betur mætti fara um álagningu veidigjalda, eftir atvikum hugmyndum um að breyta þyrfti lögum fyrir álagninguna á næsta fiskveiðidári.

Er efnisinntak frumvarpsins að einhverju leyti byggt á tillögum frá veidigjaldsnefnd? Stendur veidigjaldsnefnd að baki þeirri útfærslu hér að lækka svona mikið sérstaka veidigjaldið á bolfiskinn en hækka það á uppsjavarveiðarnar? Er það byggt á einhverjum gögnum frá veidigjaldsnefnd eða settu menn puttann upp í loftið inni í ráðuneytinu, í Brú eða einhvers staðar annars staðar og fundu bara út úr þessu?

Ég segi svipað og síðasti ræðumaður, ég var mjög undrandi þegar ég sá þetta frumvarp. Ekki það að ég þekkti ekki málflutning stjórnarflokkanna en ég átti ekki von á því að útfærslan, ef menn hneigðust að því að leggja aftur veiðigjaldið á með krónutölu á þorskígildi á grundvelli bráðabirgðaákvæða, mundi sýna svona gríðarlegan mun í álagningunni á bolfiskinn og á uppsjavarveiðarnar, því að það munar um minna en þarna er lagt til.

Stjórnarflokkarnir hafa sagt að þeir hafi áhyggjur af afkomu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bolfisksveiðunum. Ég deili þeim áhyggjum að hluta til. Ég hef sagt það opinberlega og sagði meðan ég var ráðherra að það er að sýna sig að þetta er hvað þungst og erfiðast fyrir lítil og kannski meðalstór bolfisksveiðifyrirtæki, sérstaklega þau sem eru eingöngu í veiðum og njóta ekki framlegðar af vinnslu í sínum rekstri. Það held ég að sé ljóst. Ég er sammála því mati að það er sá hluti útgerðarinnar í dag sem á hvað erfiðast með þetta.

Á móti kemur að vísu að sá hluti útgerðarinnar hefur notið sérstaklega aukins þorskkvóta núna ár eftir ár og á svipað í vændum á næsta fiskveiðidári. Það hlýtur að sjálf-sögðu að koma til móts að einhverju leyti við það að afkoman þarna hefur þungst. Það er líka ljóst að þróun verðvísitölu sjávarútvegsins hefði sjálfkrafa leitt til nokkurrar lækkunar á sérstöku veidigjaldi á botnfiski á grundvelli gildandi laga. Þannig virkar það. Verðvísitalan er tekin eins seint og hægt er áður en tillögur um veidigjöld eru lögð á samkvæmt lögumum í lok apríl, ef ég man rétt, og hún hefur þegar lækkað þó nokkuð. Það hefði sjálfkrafa leitt til þess að þetta hefði orðið eitthvað léttar á bolfisksveiðunum.

Er þetta þá aðferðin til að koma sérstaklega til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki í anda stjórnarflokkanna? Þetta er dálítill fjallabaksleið í þeim efnum því hverjir munu fá

langmest út úr þessari miklu lækkun, næstum helmingslækkun á sérstaka veidigjaldinu á bolfisk? Það eru auðvitað stóru bolfisksfyrirtækin, að sjálfsgöðu. Það eru þau sem fá þarna gríðarlega lækkun veidigjalda. Þau eru ekkert öll lítil og ekkert öll í vandræðum og þau eru ekkert öll meðalstór. Það er alveg ljóst að fyrirtæki eins og Fiskiðjan á Sauðárkróki, Brim, Stálskip, Þorbjörn, Ögurvík, Gullberg, Rammi, Vísir í Grindavík, eru heldur betur að fá glaðning. Þetta eru kannski einu aðilarnir sem fá ávísunina frægu sem þjóðin hélt að hún fengi núna í sumar. (**Gripið fram í:** Feita tækka.) Þarna eru feitir tækur á ferð.

Ef menn voru sérstaklega að hugsa um lítil og meðalstór fyrirtæki voru aðrar aðferðir nærtækari í lögumum, færa upp mörkin á einingaafslættinum, láta hann elta aðeins lengra upp í tonnum í þorskígildum, í staðinn fyrir 35/100, að fara þá í 50/250, eitthvað slíkt. Það hníga mörg rök til þess að þannig mætti kannski nálgast þetta og það hefði verið sanngjarn.

Ég spyr líka um það hvernig menn hafa brotið niður fyrir sér líklega og raunverulega álagningu gjaldsins nettó á næsta ári. Hversu mikið mun botnfisksútgerðin borga í sérstakt veidigjald þegar upp verður staðið, að teknu tilliti til afsláttanna? Það verður ekki mikið. Brúttóálagningin á samkvæmt þessu, 7,38 kr. á kíló, að skila tæpum 3 milljörðum. En ef við skoðum það að langstærstur hluti skulda-leiðréttingarinnar lendir á þennan hluta útgerðarinnar, segjum 1.500, 1.550 milljónir af þessum áætluðu 1.800, og segjum að 340–350 milljónir af einingaafslættinum lendi sömuleiðis hjá þessum hluta útgerðarinnar, af 438, hvað stendur þá eftir í sérstakt veidigjald á bolfiskinn nettó? Sennilega innan við milljarður kr., eins og hv. þm. Kristján L. Möller kom að. Hann var aðeins grófari í útreikningum en ég, talaði um 700 milljónir, ég mundi segja u.þ.b. milljarð, 2,70 kr. á kíló, eitthvað svoleiðis. Það verður þá allt og sumt sem bolfisksútgerðin á Íslandi borgar nettó í sérstakt veidigjald á næsta ári. Afkoma hennar er ekki svo léleg, það er óravegur frá því.

Með því að viðhalda skuldaafslættinum og færa kannski upp einingaafsláttinn þannig að hann hefði vigtað dálítið upp í meðalstóru fyrirtækin, hefði það kostað nokkra milljarða en það væri miklu skilvirkari aðferð ef menn vildu ná fram markmiðunum sem ríkisstjórnin sjálf er að tala um. En aðferðin hér þýðir fyrst og fremst gríðarlega lækkun á mörg mjög öflug, stöndug og stór bolfisksfyrirtæki sem ráða vel við sitt veidigjald. Það er bara þannig.

Ég er auðvitað dálítið nærri sjálfum mér í því að ég horfi á þetta líka út frá hagsmunum ríkissjóðs. Ég er satt best að segja gáttaður á því að eitt af fyrstu frumvörpum ríkisstjórnarinnar sé um 10 milljarða tekjutap fyrir ríkið á einu og hálfu ári eða einu ári og fjórum mánuðum. Ja, menn eru ekki í vandræðum, segi ég bara, ef þeir þurfa ekki að hugsa sig betur um en þetta áður en þeir létta svona gríðarlega gjöldum af stórum, ríkum sjávarútvegsfyrirtækjum sem geta vel borgað meira í veidigjald í en þetta. Það er algerlega á hreinu. 3,2 milljarðar á þessu ári og 6,4 á næsta ári í tekjutap miðað við forsendur ríkissfjármálaáætlunarinnar sem mér sýnist að fjármálaráðuneytið leggi til grundvallar í kostnaðarmati sínu. Ekki endilega útreikninga á gildandi lögum eins og þau hefðu gefið af sér, sennilega um 17

milljarða í heildartekjur af veiðigjöldum á næsta fiskveiðarári og þá er afslátturinn enn meiri. Ég segi aftur: Menn eru ekki í vandræðum, það er alveg á hreinu, ef samúð manna liggur mest þarna.

Koma menn alveg hreint til dyranna þegar þeir færa málið í þann búning að þetta sé sérstaklega gert vegna þess að þeir hafi áhyggjur af litlu og meðalstóru fyrirtækjunum? Ég efast um að svo sé. Ég spyr mig líka að því hversu gríðarlegur munurinn er þarna orðinn á sérstöku veiðigjöldunum annars vegar á bolfiskinn og hins vegar á uppsjavarfiskinn. Við erum að tala um að veiðigjaldið á bolfiskinn lækkar brúttó um 15,82 kr. en brúttó hækkar það um 10,75 kr. á uppsjavarveiðarnar. Ég er sammála því að afkoman þar er afbragðsgóð en þetta tekur væntanlega talsvert í. Fyrirtæki sem eru eingöngu með aflareynslu eða veiðheimildir í uppsjavarveiðum eru sennilega ekki mjög kát þessa dagana. Ætli þeim finnst sanngjarnt gefið? Eskja, sem er nánast alfarið með sínar veiðheimildir í uppsjavarvegundum — þetta er nú þó nokkuð sem lendir á henni. Ég ætla ekki að segja að það sé svo komið að þeir fari að sakna fyrri ríkisstjórnar en þeir eru örugglega ekkert sérstaklega kátir með sína menn núna, sumir íhaldsmennirnir þar á bænnum til dæmis. Nefna mætti fleiri fyrirtæki.

Menn verða að hafa þetta í huga. Þetta jafnast meira út hjá stóru blönduðu fyrirtækjunum (Forseti hringir.) ef þau eru með veiðheimildir bæði í uppsjavarveiðum og bolfiski.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að málinu verði vísað til (Forseti hringir.) fjárlaganefndar vegna áhrifa þess á ríkisfjármálin, þ.e. til viðbótar atvinnuveganefnd.

[12:42]

### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni lengi vel málefnalega ræðu og mjög áhugaverðar þælingar um hvernig framhaldið getur verið. Það er rétt að vinnan er hafin, eins og kom fram í máli mínu. Þessi aðgerð nú er til bráðabirgða, til eins árs, vegna þess að lögin sem ellegar hefðu tekið gildi 1. september eru óframkvæmanleg.

Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þingmann hvort hann geti ekki staðfest það sem fyrrverandi ráðherra að hann hafi haft upplýsingar um það frá veiðigjaldsnefnd, eins og kom fram í máli mínu, fyrst í desember og síðar í bréfi í lok mars, að þetta hafi ekki verið hægt. Af hverju var þá ekki verið brugðist við af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar á yfirstandandi vörþingi?

Varðandi aðkomu veiðigjaldsnefndar var hún kölluð fyrst til verks, það var mitt fyrsta verk. Hún hefur verið með í ráðum allan tímann og formaður veiðigjaldsnefndar mun koma á fund atvinnuveganefndar og fara yfir málið. Þetta mál hefur því verið unnið vel og vandað til verka eins og hægt er, (Forseti hringir.) á þeim stutta tíma sem gefist hefur til sumarþings, til þess að bregðast við því að lögin gátu ekki tekið gildi 1. september.

[12:43]

### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er alveg rétt að það voru vankantar á eða vandræði í framkvæmd gildandi laga, það kom fram.

Ekki að lögin í sjálfu sér sem slík séu ekki alveg fullnægjandi grunnur heldur aðallega það að erfiðleikar voru við að ná fram samstarfi þeirra aðila sem verða að leggja í púkk til þess að allar upplýsingar liggi fyrir. Þá erfiðleika var mér fullkunnugt um og það var unnið hörðum höndum að lausn á því af ráðuneytinu. Ráðuneytisstjóri var meðal annars sérstaklega með það mál á sinni könnu að reyna að funda með ríkisskattstjóra, Hagstofu, Fiskistofu og veiðigjaldanefnd og öllum viðkomandi aðilum til þess að reyna að ná samningum um að hægt væri að draga þær upplýsingar út úr þessum embættum sem þyrfti til að hafa traustan grunn undir álagningu veiðigjaldsins. Það er rétt, þarna voru vandkvæði. Það er ekki í sjálfu sér vegna þess að lögin séu gölluð sem slík eða að umgjörðin sé ekki fullnægjandi heldur hefði kannski þurft að hafa skýrari lögheimildir til þess að skylda viðkomandi aðila til að leggja upplýsingarnar fram.

[12:44]

### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er gott að hv. þingmaður staðfestir að það þyrfti að bregðast við og það reyndist ekki gerlegt í þeim vanda sem hv. þingmaður minntist á.

Hv. þingmaður talar um að ekki væri komið til móts við minni fyrirtækin. Við höfum reynt á þessum stutta tíma að leggja mat á einstök fyrirtæki. Eitt lítið fyrirtæki sem ellegar hefði þurft að greiða yfir 5 milljónir í sérstakt veiðigjald lækkar hér niður í 3 milljónir. Það er því ekki hægt að halda öðru fram en að virkilega sé verið að koma til móts við minni fyrirtækin.

Varðandi þann samanburð sem hv. þingmaður er með við núverandi krónutölu í uppsjavar- og botnfiski væri kannski áhugavert fyrir okkur að hv. þingmaður upplýsti með hvaða hætti sú tala var fengin, að í uppsjavigreinunum væri sama vægi álagningar, annars vegar 23,20 og hins vegar 27,50 á yfirstandandi ári, þegar menn setjast yfir reikningana og það kemur út allt önnur tala þegar þeir eru að (Forseti hringir.) reyna að hafa vægið jafnt. Það væri mjög áhugavert að fá að heyra þá útreikninga frá hv. þingmanni.

[12:46]

### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég stend við það að aðrar aðferðir hefðu verið miklu skilvirkari ef menn hefðu viljað ýta þessum stuðningi sérstaklega til litlu og meðalstóru fyrirtækjanna og setja einfaldlega rýmri afsláttarreglur sem tækju mið af því hver staða veiðheimildanna væri. Stóru tölurnar í þessu, stóru ávísanirnar hér, fara til stóru bolfiskeiðifyrirtækjanna, það er algjörlega á hreinu.

Ástæða þess að minni munur var á sérstökum veiðigjöldum þegar menn settust yfir reikninga í þeim efnunum á fyrri hluta árs 2012 var að þá var minni afkomumunur milli bolfiskeiða og uppsjavarveiða, það er alveg ljóst. Síðan hefur dregið þar í sundur og er að gera jafnvel enn. Það skýrir auðvitað að hluta til að búast mátti við því að umtalsvert meiri munur yrði á sérstökum veiðigjöldum, annars vegar á uppsjavarveiðar núna og hins vegar á bolfiskeiðar.

Það er eðlilegt því að afkoman hefur einfaldlega þróast þannig og hún var að þróast þannig á síðasta ári. Þegar menn voru með þessa reikninga var talið að nokkurn veginn sanngjarn munur þarna á væru kannski 5 krónur eða svo, 4–6 krónur. (Forseti hringir.) eins og niðurstaðan varð að lokum sumarið 2012.

[12:47]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að spyrja hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra örflítið út í þetta frumvarp, eða í tilefni af ræðu hans, af því að ég er hér með frétt sem birtist í dag á visir.is þar sem talað er um bindandi samning um Norðfjarðargöng. Ég gleðst mjög yfir því að farið verði í gerð Norðfjarðarganga þó að það séu áform þessarar ríkisstjórnar að hætta við veiðigjaldið, sem ég tel algjörlega ófært nema farið verði mjög gaumgæfilega yfir lækkunina á því. Átlunin var að veiðigjaldið yrði einmitt notað til þess að fjármagna Norðfjarðargöng og er mikið kvartað yfir því hér að staðan á ríkissjóði sé slæm.

Um leið og það er ánægjulegt að fara eigi í Norðfjarðargöng er fjármögnunin farin. Hvaða skilning hefur hv. þingmaður á því?

[12:48]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég hef eiginlega ekki skilning á því því að ég átta mig ekki alveg á því. Það er auðvitað hæstv. ríkisstjórnar að svara því hvernig hún ætlar að mæta þessu tekjutapi. En söguna kann ég held ég sæmilega. Hún er þannig að þegar við vorum að stilla upp ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma vorum við það högvær að við gerðum ráð fyrir um 9–9,5 milljarða kr. tekjum af veiðigjöldum inn í þá áætlun. Þess vegna töldum við okkur geta látið eftir okkur að reikna a.m.k. 4,5 milljarða af viðbótartekjum sem grunn inn í fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar og stór hluti þeirra fjármuna átti að fara í samgönguframkvæmdir, Norðfjarðargöng, endurnýjun Herjólfss, Landeyjahöfn og fleira í þeim dúr.

Sá viðbótartekjuauki umfram ríkisfjármálaáætlunina eins og hún stóð á árunum 2011–2012 er því allur farinn með þeirri lækun sem hér er boðuð og þá verður auðvitað að finna fjármagn fyrir því annars staðar eða það leiðir til aukins halla á ríkissjóði. Einu trúi ég ekki og það er að mönnum detti í hug að hætta við Norðfjarðargöng, enda verður það vonandi alls ekki hægt eftir daginn í dag.

[12:49]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Það varð mikil endurnýjun á Alþingi eftir kosningar og er það mjög ánægjulegt. En það veldur líka því að það eru mjög margir alþingismenn hér sem þekkja ekki sögu síðasta kjörtímabils jafn ítarlega og við sem vorum herna. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að við ræðum veiðigjaldið í samhengi við fjárfestingaráætlunina því að henni var ætlað að byggja upp innviði fyrir íslenskar byggðir og atvinnulíf og henni var líka ætlað að fjármagna inn í samkeppnissjóðina í atvinnulífina. Veiðigjaldið átti því að nota í mjög byggðatengdum tilgangi. Við vorum

mjög stolt af því, þingmenn sem studdum síðustu ríkisstjórn, að fara í svo metnaðarfulla aðgerð á þessum erfiðu tímum, en veiðigjaldið var ein af forsendum þess.

Ég vil því heyrna hvort hv. þingmaður telji að verið sé að vikja frá stefnu byggðaþróunar með þessu.

[12:51]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Vandinn er sá að við höfum litlar upplýsingar um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst þá bregðast við þessu. Það er hárrétt sem hv. þingmaður segir, að að uppistöðu til er fjármuninum í fjárfestingaráætluninni ráðstafað í samgöngur, í innviði, í skapandi greinar, uppbyggingu í ferðaþjónustu og í það að stórefla rannsóknar- og samkeppnissjóði á sviði tækni og vísinda. Allt eru það verkefni sem maður bindur vonir við að fái að halda áfram, sóknaráætlanir landshlutanna og hvað það nú er.

Þarna er vísað á tekjur annars vegar, einkum af sérstökum veiðigjöldum eða viðbótarauðlindarentu á meðan árfærið helst svona gott í sjávarútveginum og hins vegar mögulegan hagnað, arðgreiðslur og söluhagnað frá fjármálastofnunum. Þannig er sagan í grófum dráttum.

Ég sæi engar ástæður til þess að hafa áhyggjur af þeim hluta fjárfestingaráætlunarinnar þar sem menn horfðu til tekna af veiðigjöldum. Afkoma sjávarútvegsins hefur einfaldlega ekki breyst þannig að ástæða sé til að veita þar mikinn afslátt af. Viðbótartekjurnar, sem kannski glitti í samkvæmt lögnum, hefðu e.t.v. ekki skilað sér í eins miklum (Forseti hringir.) mæli og þar lá fyrir. En að verja u.þ.b. núverandi tekjur tel ég enga goðgá.

[12:52]

**Jón Gunnarsson (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er ekki mikill söknuður almennt í atvinnulífina eftir síðustu ríkisstjórn og ég held að það nái reyndar langt út fyrir hennar raðir.

Það var einnig áhugavert að heyrna hv. þingmann staðfesta að þetta er mjög óþroskuð aðferðafræði sem verið er að vinna hér eftir, það á eftir að þróa hana, og að þetta sé mjög erfitt fyrir ákveðin útgerðarform, reyndar það erfitt að það gæti ekki gengið óbreytt áfram.

Sanngjörn skattlagning og ofurskattlagning, það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þingmanni það að leiðir til þess að menn fara að gullhúða handriðið. Það er einmitt sanngjörn skattlagning sem leiðir til þess að menn gera það ekki og menn eru sáttir við að borga þá skatta. Það er auðvitað sú aðferðafræði sem þessi ríkisstjórn ætlar að vinna eftir.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort álagningin almennt í skattlagningu eða í auðlindarentu, skulum við segja, eigi að taka mið af stærð fyrirtækja eða afkomu þeirra og hvort það eigi eingöngu almennt að greiða auðlindarentu hjá stórum fyrirtækjum en ekki litlum. (Forseti hringir.) Við skulum horfa til þess að við færum auðlindarentu mögulega yfir í aðrar atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu. Er þá eingöngu stór fyrirtæki sem má innheimta af þar (Forseti hringir.) og ekki lítil?



[12:54]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er líka gamalt máltæki sem segir: Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og ég held að núverandi ríkisstjórn ætti að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er ekkert víst að hún hafi óskaplega langan tíma í þessu sjálfbirgingslega andrúmslofti sem hún hefur búið sér til. Við skulum bara bíða og sjá hversu mikið verður fagnað yfir henni eftir hálf tveim árum eða ári.

Varðandi auðlindarentu og lítil og stór fyrirtæki, nei, að sjálfsögðu er það ekki grunnhugsunin. Hún er sú að afmarka rentuna og það á að vera á jafnræðisgrundvelli gagnvart rekstrarformum og stærð fyrirtækja að breyttu breytanda. En það geta auðvitað verið lögmæt sjónarmið sem ganga út á það að leyfa vissan einingafrádrátt. Maður getur litið svo á að hverri einingu fylgi viss grunnkostnaður sem sé eðlilegt að sé dreginn frá og sem hverfur svo og hefur minna og minna vægi eftir því sem fyrirtækin eru stærri.

Auðvitað er líka sú hugsun að þeim mun stærri hlutdeild í nýtingu hinnar afmörkuðu auðlindar (Forseti hringir.) sem menn hafa, þeim mun meiri sé framlegðin og þeim mun meira sé eðlilegt að þeir geti lagt af mörkun. Það er því ekki hægt að segja að þetta sé bara já eða nei, svart eða hvítt.

[12:55]

**Jón Gunnarsson (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að það er enginn sjálfbirgingsháttur í störfum núverandi ríkisstjórnar eða þeirra þingmanna sem skipa ríkisstjórnarmeirihluta hér á þingi. Við nálgumst þessi mál af auðmýkt og af raunsei á sama grunni og við höfum gagnrýnt síðustu ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili. Við trúum því að til séu aðrar leiðir sem muni skapa meiri arðsemi, skapa meiri atvinnu og betri afkomu almennt í samfélaginu en þær leiðir sem síðasta ríkisstjórn valdi að fara í gegnum skattlagningu.

Það er kannski einmitt mergurinn málsins í þeirri auðlindarentu sem við erum að tala um, hvernig á að nálgast þennan útreikning. Hvernig ætlum við að finna þann grunn sem þetta á að byggja á? Það krefst auðvitað vinnu vegna þess að ljóst er að sú vegferð sem farið var í á síðasta kjörtímabili gengur ekki upp, það kom fram í máli hv. formanns atvinnuveganefndar hérna síðast.

Ef við förum þá leið sem fyrrverandi hæstv. ráðherra boðaði hér, að við ættum að fara með afsláttarþrep upp (Forseti hringir.) fyrir lítil fyrirtæki, auka afsláttarþrepin í þessu, er þá ekki hættu á því að við komum í veg fyrir eðlilega þróun og hagkvæmni í greininni þar sem verið er að refsa fyrirtækjum fyrir að þróa, (Forseti hringir.) stækka og skapa meiri arðsemi fyrir þjóðarbúið?

[12:57]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er ekki frá því að brandari kjörtímabilsins sé þegar sagður héðan úr þessum ræðustóli þegar hv. þm. Jón Gunnarsson talaði um að þeir sem stjórnarandstaða hefðu gagnrýnt fyrri ríkisstjórn af auðmýkt. Það skyldi nú ekki bara verða brandari þessa kjörtímabils. Meiri öfugmæli eru sennilega varla til um það eyðileggingarstarf, það

skipulagða eyðileggingarstarf sem þáverandi stjórnarandstaða stundaði.

Varðandi andlag auðlindagjaldtökkunnar er, eins og ég sagði áðan, grunnhugsunin sú að þetta sé umframrentan. Það getur verið einhver munur á því hversu auðveldlega fyrirtækjunum gengur að fanga hana eftir stærð og eftir aðgangi þeirra að auðlindinni. Væntanlega er eitthvað mögulega til sem heitir stærðarhagkvæmni o.s.frv., (**Gripið fram í:** Landfræðilegar aðstæður.) landfræðilegar aðstæður og margt getur spilað inn í. En við skulum hafa í huga að hin leiðin, eins og sumir vildu, hækka bara almenna veiðigjaldið, af hverju vildu hagsmunaaðilarnir það? Vegna þess að þeir vissu að þá yrði það alltaf svo miklu, miklu lægra en greinin að uppistöðu til hefði getu til að borga. (Forseti hringir.) vegna þess að þá yrði að sníða það gjald að möguleikum allra lakast settu fyrirtækjanna.

[12:58]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er sérstakt tækifæri að fá að spyrja fyrrverandi atvinnuvegaráðherra og fjármálaráðherra einmitt út í þessa veiðigjaldabreytingu. Annars vegar er tala um að markmiðið sé að verja litlu og meðalstóru fyrirtækin, ræðumaður hefur aðeins komið inn á það, en hins vegar hefur verið bent á að þetta sé ekki framkvæmanlegt.

Þetta snýst um tvennt, auðlindarentu og tekjuöflun eins og hér hefur komið fram. Við erum að beita sanngirnireglu um það að þjóðin fái rentu af auðlindum sínum og síðan fái ríkissjóður tekjur.

Mig langar aðeins að heyra skoðanir hv. þingmanns á annars vegar tekjuafkomu greinarinnar á sl. tveimur árum og getu til að standa undir þessum gjöldum. Það hefur kannski ekki komið nægilega skýrt fram en ég hef haldið því fram að undanfarin tvö ár séu bestu ár í sjávarútvegi frá því að kvótakerfið kom á. Það er vert að huga að því hvaða ríkisstjórn var þá við völd. Hins vegar eru áhrifin því að þarna er verið að kippa út úr ríkissjóðmálunum verulegum upphæðum. Það hefur verið rætt svolítið um það. Í síðasta lagi kannski örstutt varðandi það að erfitt hefur verið að fá gögn. (Forseti hringir.) Hér liggur fyrir frumvarp um breytingar á lögum varðandi Hagstofuna til að geta aflað upplýsinga um skuldir heimilanna. Hefði slíkt ekki verið hægt til að afla upplýsinga (Forseti hringir.) um sjávarútveginn?

[12:59]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Varðandi afkomu sjávarútvegsins má fara lengra aftur. Það er alveg ljóst að undanfarin fjögur og í raun fimm ár hafa myndað algerlega einstakt afkomuskeið í íslenskum sjávarútvegi. Það má nota ýmsa mælikvarða til að sjá það. Um 80 milljarða framlegð hefur verið núna ár eftir ár þannig að þó að 13–14 milljarðar séu teknir í veiðigjöld eru skildir eftir 65 milljarðar í framlegð, sem eru einhverjar hæstu tölur sem nokkurn tíma hafa sést fyrir daga veiðigjalda. Það er meiri framlegð eftir, þrátt fyrir veiðigjöld í sjávarútvegnum í dag, en hann hefur nokkurn tíma áður búið við.

Í frumvarpinu er birt tafla um lækkandi skuldir sjávarútvegsins. Það má líka fara í efnahagsreikninginn, í eiginfjárþróunina. Hvernig hefur hún verið? Ætli það sé ekki um

260 milljarða sveifla í eigin fé sjávarútvegsins á undanförunum fjórum árum, úr mínus 60 milljörðum við hrunið í um 200 milljarða jákvætt eigið fé í dag. Hvaða dæmi hafa menn um atvinnugrein sem hefur tekið annað eins risastökk hvað varðar afkomu (Forseti hringir.) og hér um ræðir? Það er augljóst mál að sá grátkór sem sumpart hefur komið hingað inn í þingsalina eða verið á fundum stórutgerðarmanna (Forseti hringir.) — það er ömurlagt að hlusta á slíkt.

[13:01]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er ágætt að fá þessar upplýsingar inn í umræðuna strax.

Varðandi það sem ég spurði um í sambandi við Hagstofuna þá vekur athygli að það er, eins og ég segi, komið hingað inn með frumvarp til að breyta lögum um aðgengi að upplýsingum og veita heimildir til að safna upplýsingum. Hefði ekki mátt og er ekki enn möguleiki á að breyta lögum með svipuðum hætti varðandi sjávarútvegin? Það skiptir auðvitað miklu máli að búa til þannig umhverfi að við séum með upplýsingar eins nálægt í rauntíma og hægt er varðandi afkomu þannig að skattlagning eða auðlindarenta, eins og hér er um að ræða, verði sem næst í tíma.

Ég hef líka skilið hv. þingmann þannig að það eigi að vera auðvelt að ná þessum tekjum jafnvel þó að horfið yrði frá því formi sem talað var um áður. Mínútan er nú ekki langur tími til að svara slíku en það hefði verið gaman að taka örlítið meiri umræðu um það. Hvaða afsakanir er í raun verið að nota til að létta þessu af í sjávarútvegi?

[13:02]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Vandinn við stöðu Hagstofunnar og að nokkru leyti ríkisskattstjóra í þessum efnunum er auðvitað sá að þessi embætti eru mjög viðkvæm fyrir því hvernig upplýsingar sem þau afla og fá beint frá fyrirtækjunum á grundvallinn sterkra lögheimilda sinna til að nýta í eigin starfsemi eru notaðar af öðrum utan veggja stofnunarinnar. Það er ekki alveg auðleyst mál að setja lagaákvæði sem að einhverju leyti skylda svona aðila til þess að taka eitthvað af upplýsingum sínum og nota í öðrum tilgangi en starfrækslu stofnunarinnar. Það var verið að reyna að koma þessu á með samkomulagi en kannski þarf að styrkja lagaumgjörðina eða leggja þá lagakvöð á Hagstofuna, eftir atvikum ríkisskattstjóra eða skattinn, að skilgreina einfaldlega tiltekna upplýsingar og afhenda inn í grunninn.

Varðandi tekjurnar þá fullyrði ég að það að leggja á veiðigjöld á næsta fiskveiðidári, sem skilaði um það bil óbreyttum tekjum, er ekki minnsta vandamál fyrir afkomu greinarinnar. En ég viðurkenni alveg að það mundi þurfa að leggjast nokkuð öðruvísi á. Það er edlilegt að uppsjávarveiðarnar beri þyngri hlut (Forseti hringir.) og bolfiskveiðarnar eitthvað minni og kannski þyrfti líka að jafna eitthvað innan þess hóps og reyna að létta á minni og meðalstórum fyrirtækjum og/eða þeim fyrirtækjum sem sérstaklega sækja í tegundir sem ekki skila (Forseti hringir.) eins mikilli framlegð.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:30]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hv. þingmanni, sem nú situr á forsetastóli, til hamingju með að vera kominn í forsætisnefnd og taka hér við stjórn þingfundar í fyrsta skipti. Það var ekki seinna vænna að hv. þingmaður kæmist í þennan virðulega stól.

Til umfjöllunar er frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald, lækkun veiðigjalda. Hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur mælt fyrir því máli sem getið er um í stefnuýfirlýsingu núverandi hæstv. ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Fyrst vil ég segja að almennt er það svo að nýrri ríkisstjórn er gefið nokkurt svigrúm fyrstu dagana og vikurnar og stjórnarandstaða er yfirleitt þannig úr garði gerð að hún bíður að minnsta kosti og sér hvað ný ríkisstjórn ætlast fyrir í helstu málum áður en hin pólitísku átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu, sem alltaf verða og eru edlileg í lýðræðis-samfélagi, hefjast. Það er samt sem áður eftirtektarvert á þessu sumarþingi, fyrsta þingi sem ný hæstv. ríkisstjórn mætir til, hvaða mál fá sérstakan forgang. Ekki síst í ljósi þeirrar miklu umræðu sem varð í aðdraganda kosninganna og í kosningabaráttunni um hvaða mál væru brýnust í samfélaginu, sem brýnast væri að taka á.

Það er auðvitað skammt að minnast mikilla yfirlýsinga frá núverandi stjórnarflokkum, ekki síst frá Framsóknarflokknum, um hvað væri brýnt að ráðast í þegar í sumar. Reyndar er það þannig í umræðu um ýmis mál hér það sem af er þessu þingi að ýmsir forustumenn Framsóknarflokksins, ekki síst hæstv. forsætisráðherra, hafa í raun farið aðeins undan í flæmingi og talað um að gefa verði ríkisstjórninni svigrúm og tíma. Í kosningabaráttunni mátti reyndar skilja málin, umræðuna og loforðin svo að þetta væri allt klappað og klárt, menn vissu nákvæmlega hvað þeir ætluðu að gera og hvernig, einkum og sér í lagi að því er varðar aðgerðir í þágu heimilanna, hvað þyrfti að gera til þess að létta byrði skuldugra heimila.

Flestir flokkar, ef ekki allir, tóku undir að mikilvægt væri að beina sjónum sérstaklega að því í upphafi nýs kjörtímabils. Þá bregður svo við að þau mál sem koma inn á þing af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er mjög loðin þingsályktunartillaga um að setja mál í nefnd, einkum og sér í lagi vegna þess að það þyrfti að vanda svo vel undirbúning að því hvernig eigi að haga lofuðum skuldalækkunum. Þegar kemur að máli eins og því sem er til umræðu, um milljarða afslátt á veiðigjaldi eða lækkun á veiðigjaldi til útgerðarinnar í landinu, bregður svo við að ekki þarf sérstakar nefndir eða yfirlegu til þess að henda því upp í frumvarpsform og koma inn í þingið.

Virðulegur forseti. Það er bersýnilegt hver áherslumál hæstv. núverandi ríkisstjórnar eru hvað þetta snertir. Þau birtast í þeim málum sem lögd eru fyrir þingið, lækkun á skatttekjum, lækkun á gjöldum til útgerðarinnar. Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra boðaði það í einni ræðu sinni að fjárfestingaráætlun fyrrverandi hæstv. ríkisstjórnar væri slegin af, sem var þó sett fram í því augnamiði að auka umsvif í hagkerfinu, stuðla að hagvexti. Að sjálfsögðu vekur það upp spurningar um það á hvaða leið ríkisstjórnin ætlar að vera.

Það er hægt að nálgast umræðu um málið sem um ræðir úr ólíkum áttum. Eðlilega munu sumir hv. þingmenn fjalla sérstaklega um einstök efnisatriði og sökkva sér á dýptina í málið. Það verður ugglaut þannig þegar það kemur til umfjöllunar í hv. atvinnuveganefnd að þeir þingmenn sem þar sitja muni kafa á dýptina í málið. Það er líka hægt að nálgast málið út frá, við skulum segja, almennum prinsippum og ég hef hugsað mér að gera það. Ég hef ekki átt sæti í atvinnuveganefnd, átti það ekki á síðasta kjörtímabili. Ég var reyndar varamaður þar en tók ekki sérstaklega þátt í umfjöllun á vegum nefndar um þessi mál þegar þau voru þar til umfjöllunar. Ég hef því hugsað mér að ræða málið út frá nokkrum prinsippum.

Fyrsta prinsippið er í raun og veru auðlindaprinsippið, þ.e. hvernig við lítum á sameiginlegar auðlindir. Eða lítum við á auðlindir okkar sem sameiginlegar? Það er grundvallarspurning. Í umræðum til dæmis á síðasta þingi um stjórnarskrána var auðvitað mikið rætt um sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, að binda í stjórnarskrá að auðlindir okkar, þar með talið fiskstofnarnir, væru sameign þjóðarinnar. Það stendur að vísu í lögunum um stjórn fiskveiða en hefur það verið þannig í reynd?

Ég hygg að allir flokkar hafi lýst því yfir að þeir vilji ákvæði í stjórnarskrá um að fiskurinn í sjónum ásamt öðrum auðlindum séu sameign þjóðarinnar, en þegar hefur komið að því að koma því fyrir í stjórnarskrá hefur vafist fyrir mörgum að standa að slíku, ekki síst Sjálfstæðisflokknum.

Við erum þeirrar skoðunar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að mjög mikilvægt sé að stjórnarskrá-binda sameign þjóðarinnar á auðlindum okkar, þar með talið sjávarauðlindinni. Það er mikilvægt prinsipp og því tengist að sjálfsögðu sú renta sem eðlilegt er að greinin sem nýtir auðlindina greiði þjóðinni fyrir afnot sín af viðkomandi auðlind. Þannig tengist það að sjálfsögðu því máli sem er til umfjöllunar um veiðigjaldið. Er eðlilegt að sjávarútvegurinn greiði tiltekið framlag til þjóðarinnar fyrir afnot af auðlind sinni og hvert á þá framlag greinarinnar að vera? Það er eðlilegt að menn geti deilt um það eða haft ólíkar skoðanir á því hversu hátt framlagið á að vera og hvernig það er útfært. Það er ekkert að því að menn tákist á um það, en ég verð að segja að frá mínum bæjarryrnum séð teljum við í mínum flokki mikilvægt að sjávarútvegurinn skili framlagi sínu til þjóðarinnar með einhverjum sanngjörnum og eðlilegum hætti.

Hér er lagt til að veiðigjöldin verði lækkuð og eftir því sem ég fæ best séð af gögnum málsins er lækkunin fyrst og fremst á stórutgerðirnar. Um að ræða á fjórða milljarð kr. á þessu ári og á sjöunda milljarð á næsta ári. Það eru 10 milljarðar. Þetta skiptir verulegu máli.

Ef ég tók rétt eftir í máli hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra talaði hann um að það væru að vísu dæmi um að litlar útgerðir fengju lækkun, en ég fæ ekki alveg séð það í útfærslunni hér eða í gögnum málsins í athugasemdum við þetta lagafrumvarp. Hæstv. ráðherra skýrði reyndar ekkert frekar hvað væri þá þar á ferðinni. Það kann vel að vera að hægt sé að finna slík dæmi en mér virðist að í öllum meginatriðum sé það stórutgerðin sem er að fá lækkun á veiðigjaldi sínu. Þetta eru miklar fjárhæðir sem er um að

ræða í samhengi ríkisfjármálanna og það er annar þáttur almenns eðlis sem mér finnst að þurfi að ræða þetta mál í, þ.e. samhengið við ríkisfjármálin.

Við vitum auðvitað að við höfum á undanförunum árum búið við mjög þröng skilyrði í ríkisfjármálum okkar. Við höfum verið að takast á við efnahagshrun og afleiðingar þess með miklu tekjutapi fyrir ríkissjóð sem er sá sjóður sem við göngum í til þess að greiða fyrir samfélagsþjónustuna, sameiginlegan rekstur hins opinbera, velferðarþjónustuna, heilbrigðisþjónustuna, menntakerfið, löggæsluna, samgöngurnar og þannig koll af kalli. Ríkissjóður má ekki við miklu um þessar mundir, hann má ekki við miklum skakkaföllum.

Í kosningabaráttunni lögðum við vinstri græn áherslu á að halda yrði áfram ábyrgri stjórn ríkisfjármála en að á komandi kjörtímabili mundi engu að síður, ef vel yrði haldið á málum, skapast svigrúm til þess að styrkja og efla grunnstöðir okkar samfélagsþjónustu, heilbrigðisþjónustuna, velferðarkerfið og skólakerfið einkum og sér í lagi. Þá má ríkissjóður ekki við tekjutapi af þeirri stærðargráðu sem er lagt upp með hér.

Þetta er ekkert eina málið. Hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi sem ég hygg að hafi verið fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar. Það var frumvarp um að falla frá hækkun á virðisaukaskatti á gistingu sem er einn þáttur ferðaþjónustunnar. Þau fyrstu mál sem ríkisstjórnin er að koma með inn hníga í þá átt að draga úr tekjum ríkissjóðs. Síðan heyrum við í umræðunni að á vettvangi ríkisstjórnarinnar sé verið að ræða niðurskurð á ýmsum grundvallarþáttum eins og í heilbrigðisþjónustu. Tannlæknþjónustan var nefnd sérstaklega en ég hygg að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi sett undir þann leka í yfirlýsingum á síðasta sólarhring og ég vona að það haldi.

Margt er undir í ríkisrekstrinum sem gæti orðið niðurskurði að bráð þegar tekjurnar eru dregnar saman með þessum hætti. Hverjir eru það sem munu fá þennan afslátt? Eins og ég segi er það fyrst og fremst stórutgerðin. Ég vil segja í því samhengi að það kann vel að vera að skynsamlegt hafi verið eða nauðsynlegt að gera breytingar á innbyrðis hlutföllum á uppsjávarveiðum annars vegar og botnfiskveiðum hins vegar, hluteild þeirra innbyrðis, en það eitt og sér réttlætir ekki að menn gefi afslátt á veiðigjaldinu í heild sinni upp á marga, marga milljarða að mínu viti.

Allar tilfærslur eða breytingar á innbyrðis hlutföllum hefðu átt að ganga út frá því að veiðigjaldið skilaði eftir sem áður sambærilegu inn í ríkissjóð. Hér er farin önnur leið, sú leið að lækka tekjur ríkissjóðs, gefa afsláttinn inn í þessa grein sem ég held að flestir séu sammála um að á heildina litið sé vel aflögufær. Ef horft er á framlegðina í greininni er hún vel aflögufær og hún á að skila tekjum inn í sameiginlega sjóði okkar landsmanna vegna þess að hún hefur afnot af auðlind sem við eigum sameiginlega.

Síðan veur það auðvitað athygli í þessu frumvarpi að hæstv. sjávarútvegsráðherra er falið mikið vald með reglugerðarheimildum. Það segir til að mynda í 1. gr. frumvarpsins að ráðherra sé heimilt að ákveða aðra gjaldgæða en liggja fyrir. Það er líka talað um það í 2. gr., með leyfi forseta, að „sérstakt þorskígildi hveirrar fisktegundar, sbr. 2. mgr., skal ákveðið af ráðherra með reglugerð“. Það hefur

hingað til byggst á útreikningum, sérstökum formúlum frá Fiskistofu. Nú fær ráðherra þetta vald. Ráðherra er falið mikið vald og ég hlýt að velta því fyrir mér, af því að hæstv. ríkisstjórn hefur sagt að hún vilji fara mjög gaumgæfilega yfir allar útfærslur að því er varðar skuldamál heimilanna með tilliti til stjórnarskrárinnar og annað slíkt: Hefur þetta verið skoðað með tilliti til valdheimilda sem stjórnarskráin mundi heimila? Er ekki verið að seilast býsna langt í að gefa hæstv. ráðherra vald til þess að ákveða hluti sem eðlilegt væri að löggjafinn kæmi að með miklu afdráttarlausari hætti? Ég velti því fyrir mér. Mér finnst mikið umhugsunarefni hvernig er staðið að þessu og mörgum spurningum ósvarað og hv. atvinnuveganefnd verði þá að fara gaumgæfilega ofan í það.

Ég tel líka mikilvægt að fjallað verði um málið í fleiri þingnefndum, eins og t.d. fjárlaganefnd, vegna áhrifanna á afkomu ríkissjóðs.

[13:46]

### **Oddný G. Harðardóttir (SF):**

Virðulegur forseti. Hæstv. sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra hefur nú mælt fyrir einu af forgangsmálum sínum á sumarþingi, máli sem felur í sér umtalsverða tekjulækkun fyrir ríkissjóð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, eins og fram hefur komið í umræðunni hér í dag, að lög um veiðigjöld komi ekki til fullra framkvæmda, einkum er varðar sérstakt veiðileyfagjald, og mælst er til að teknir verði upp sérstakir þorskígildisstuðlar í stað venjulegs þorskígildis samkvæmt 19. gr. laga um stjórn fiskveiða. Einnig er í frumvarpinu heimild til að breyta gjaldkögum.

Skrifstofa opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu gerir grein fyrir því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir vegna frumvarpið að lögum. Tekjutapið er umtalsvert, 3,2 milljarðar kr. á árinu 2013 og 6,4 milljarðar á árinu 2014. Þetta er tekjutap sem ríkissjóður má ekki við, virðulegi forseti, og þegar við bætist forgangsmál hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra á þessu sumarþingi, sem er að halda neyslusköttum á erlenda ferðamenn áfram lágum, verður tekjutapið á þessum tveimur forgangsmálum hægri stjórnarinnar um 8 milljarðar kr. Fyrir þá upphæð má til dæmis reka Fjölbrautaskóla Suðurnesja, sem í eru 1.100 nemendur, embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja svo dæmi séu tekin úr minni heimabyggð en við ættum samt afgang til þess að reka sjúkrahúsið á Akureyri.

Það er mikilvægt að setja tekjutapið í þetta samhengi. 8 milljarðar eru há upphæð og ef það á að skera niður fyrir henni geta menn séð þegar dæmi eru tekin hvað það þýðir fyrir samfélagin. Enda hafa forsvarsmenn hægri stjórnarinnar boðað að öll útgjöld verði endurskoðuð. Þeir hafa boðað til blaðamannafundar og sagt: Hér er gat sem þarf að brúa, við þurfum að taka öll gjöldin og fara inn í hvert ráðuneyti og velta þar við steinum og athuga hvað hægt er að gera til þess að brúa bilið — og koma síðan inn í þingið með frumvörp sem gera gatið enn stærra.

Þetta er undarleg fjármálastjórn, hæstv. forseti, og ég hef verulegar áhyggjur af því þegar forsvarsmenn hægri stjórnarinnar nefna sérstaklega í þessu sambandi fæðingarorlof, fríar tannlækingar barna og aðstoð við skuldug

heimili með lánsveð sem pósta sem íhuga þurfi að rýra. Við þessari ótrúlegu forgangsörðun í þágu þeirra sem allra síst þurfa á stuðningi ríkisins að halda mátti að vísu búast af hálfu hægri stjórnarinnar þó að hún gangi lengra í sérhagsmunagæslunni en ég hafði gert ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt fyrir þjóð sem byggir efnahag sinn eins mikið á nýtingu náttúruauðlinda og Íslendingar gera að hafa beinar tekjur af nýtingu þeirra. Þjóðaratkvæðagreiðsla um efnisatriði nýrrar stjórnarskrár í október síðastliðnum leiddi í ljós afgerandi stuðning þjóðarinnar við ákvæði um ævarandi þjóðareign á náttúruauðlindum, að nýtingarrétti verði úthlutað til ákveðins tíma gegn fullu gjaldi og af gegnsæi og hlutlægni. Fylgja þarf þeirri niðurstöðu eftir og innleiða heildstæða auðlindastefnu á forsendum sjálfbærrar þróunar þannig að þjóðin njóti í raun arðsins af auðlindum sínum. Álagning veiðigjalds sem tekur mið af reiknaðri auðlindarentu í sjávarútvegi er skref í þá átt að skipta umframardinum sem sérleyfi til nýtingar verðmætrar auðlindar í þjóðareign skapar, umframardi sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst. Líta þarf á kostnað vegna sérleyfis eins og kostnað við önnur aðföng við rekstur útgerðarinnar. Sá kostnaður á ekki að miðast við stöðu hvers fyrirtækis fyrir sig heldur byggjast á viðmiðum sem varða greinina í heild. Þannig er auðlindagjaldið hugsað í lögum um veiðigjald.

Kostir auðlindagjalda umfram aðra skattheimtu eru ótvíráðir. Þar er umframhagnaður eingöngu skattlagður og ákvörðun gjaldsins tekur ekki mið af hegðun hvers og eins fyrirtækis, t.d. hvort þau eru vel eða illa rekin hvert um sig, heldur er gjaldið fundið út sem hlutfall af umframhagnaði greinarinnar í heild. Í góðu árferði, eins og útgerðin hefur búið við undanfarin ár, ætti auðlindagjaldið að vera hátt en í verra árferði yrði það lægra. Þannig má segja að auðlindagjaldið gæti verið sveiflujafnandi ef það er til dæmis hátt þegar krónan er veik en lægra þegar krónan styrkist.

Til að ákvarða gjald fyrir sérleyfi til nýtingar á takmarkaðri auðlind þjóðarinnar væri best að nýta markaðslögmálið. Best væri ef allur fiskur færi á markað og ákveðið hlutfall markaðsverðs væri gjald fyrir sérleyfið. Þar sem slíkar aðstæður eru því miður ekki til staðar hér á landi er næstbest að láta sérfræðinga meta út frá bestu fánlegum upplýsingum auðlindarentuna í greininni og leggja auðlindagjaldið á sem ákveðið hlutfall af henni. Versta leiðin, virðulegi forseti, er að fela stjórnmalámönnum að ákveða gjaldið því að í þeirri tilhögun býr áhætta og spillingargildra.

Í lögum um veiðigjald er gert ráð fyrir að allir greiði jafnt gjald fyrir þorskígildi nema lítil fyrirtæki sem greiða að jafnaði lægra gjald sökum þess að af fyrstu 30 tonnum hverrar útgerðar greiðist ekkert gjald og af næstu 70 tonnum hálf gjald. Ef hæstv. ráðherra meinar eitthvað með orðum sínum um sérstakar áhyggjur af minni útgerðum hefði hann lagt til að þessi gjaldfrelsmörk yrðu hækkuð en legði ekki til aðrar breytingar. Sú leið sem lögð er til með frumvarpinu gefur stóru fyrirtækjunum mikinn afslátt. Frumvarpið sem hæstv. ríkisstjórn ætti að leggja fram í stað þess sem hér er er frumvarp um heimild til upplýsingagjafar svo nefnd um veiðigjald geti reiknað og fundið út hvert gjaldið

ætti að vera miðað við auðlindarentuna, fundið út hlutfall af henni og reiknað út gjaldið.

Gjaldtaka fyrir olúvinnslu í Noregi fer eftir sömu hugmynd og er í lögum um veiðigjald. Þar myndast mikil auðlindarenta og hún er skattlögd með auðlindarentusköttum. Í norsku vatnsaflí myndast einnig töluverð auðlindarenta. Hún er einnig skattlögd með auðlindarentuskatti sem nemur 58% af hagnaði umfram eðlilegan hagnað og til viðbótar því gjaldi eru greidd nýtingargjöld til sveitarstjórnarstigsins. Það er ákaflega skynsamlegt af okkur á Íslandi að sækja reynslu og fyrirmyndir hvað þetta varðar til Noregs. Norðmenn hafa reynsluna, hafa rekist á vandræðin og leyst úr þeim.

Ég tel þá hugmynd að hluti veiðileyfagjaldsins hér á landi renni til sjávarbyggða afar skynsamlega og sanngjarna. Sveitarfélögin hafa þurft að færa fórnir og bera kostnað vegna kvótakerfisins. Veiðileyfagjaldið ætti að hluta að renna til sjávarbyggða og stuðla þannig að bættri búsetu á þeim stöðum. Sjávarplássin hafa myndað með sér samtök sem krefjast hlutdeildar í auðlindagjaldinu og þá kröfu styð ég heils hugar.

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka fyrstu ræðu minni um þetta mál með því að lýsa andstöðu minni við breytingarnar sem boðaðar eru á veiðigjaldinu og áhyggjum mínum af afleiðingum tekjutapsins sem ríkissjóður verður fyrir af þeirra völdum. Nær hefði verið að hækka veiðigjaldið í því árferði sem útgerðin býr við, en hún býr nú við meiri framlegð en nokkru sinni þrátt fyrir veiðigjaldið eins og fram hefur komið í umræðum hér í dag.

Hæstv. ríkisstjórn ætti frekar að tryggja að ríkissjóður njóti beinna tekna af auðlindinni, fyrir hönd fólksins í landinu, og stuðla þannig að aukinni velsæld og bættum innviðum landsins.

Ég legg einnig til, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að frumvarpinu verði vísað til hv. fjárlaganefndar út af því tekjutapi sem boðað er í frumvarpinu og því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir. Verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að fjárlaganefnd fái það í hendurnar og beri það saman við væntanlega yfirferð yfir stöðu ríkissjóðs, bæði tekju- og gjaldahlíð.

[13:57]

**Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það var ein spurning sem vaknaði í huga mínum við orð hv. þm. Oddnýjar G. Harðardóttur þegar hún fór yfir það sem Norðmenn gera varðandi auðlindarentu. Í ljósi þess að ég er nú nýgræðingur hérna langaði mig til þess að biðja hana um að upplýsa mig og aðra hv. þingmenn um hvernig Norðmenn fara með auðlindarentu af fiskveiðum. Ég efast ekki um að við getum lært ýmislegt af Norðmönnum, en mig fýsir að vita það hvort hv. þingmaður býr yfir upplýsingum um hvernig Norðmenn reikna sér auðlindarentu af fiskveiðum sínum.

[13:58]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni spurninguna, en ég er ekki sérfræðingur í því hvað Norðmenn varðar en hins vegar hef ég lesið mér til um auðlindarentuna, hvernig

þeir reikna hana út af olúnni og eins af raforkuframléiðslu. Ég hef skoðað sérstaklega hvernig þeir haga sér gagnvart sveitarfélögum, t.d. þar sem raforkuframléiðslan er og er þess gætt að þau landsvæði njóti þess sérstaklega, sem mér finnst afar skynsamlegt. Það er sú fyrirmynd sem mér finnst að við ættum að nota þegar við þróum okkar aðferð við að taka auðlindarentu af auðlindum okkar, sem eru ekki bara sjávarauðlindir heldur er Ísland sem betur fer ríkt af auðlindum sem við nýtum og munum nýta í framtíðinni. Skapa þarf heildstæða stefnu um þetta.

Því miður, virðulegi forseti, þekki ég ekki nákvæmlega hvernig Norðmenn fara með auðlindarentu sína í sjávarútvegi, en þekkt er aðferð þeirra bæði varðandi olúauðlindina og raforkuna.

[14:00]

**Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Í ljósi svara hv. þingmanns hygg ég að það sé rétt og skylt fyrir mig sem nefndarmann í atvinnuveganefnd hins háa Alþingis að gaumgæfa það atriði sérstaklega hvernig Norðmenn reikna auðlindarentu í sjávarútvegi til þess að við getum haft það okkur til upplýsingar, fróðleiks og hlíðsjónar. Ég hygg því að ég muni beita mér fyrir því á vettvangi hv. nefndar.

[14:00]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég hvet til þess að hv. atvinnuveganefnd fari vel yfir þessu mál, en mér finnst líka mikilvægt og ég nota það tækifæri sem ég fæ hér til að ítreka þá beiðni mína að frumvarpið verði einnig til umfjöllunar í fjárlaganefnd. Það skiptir mjög miklu máli, þarna eru tengsl á milli, þarna er um stóran tekjstofn að ræða sem ætti náttúrulega að renna beint í ríkissjóð.

Búið er að gera ráð fyrir því að hluti gjaldsins verði notaður í samgönguverkefni, til þess að styrkja landshlutasamtökin og til þess að styrkja Tæknisjóð og Rannsóknasjóð og að hluti hans fari beint í velferðarþjónustuna. Það skiptir allt máli og tengist saman. Það er afar mikilvægt að það sé ekki bara atvinnuveganefnd sem fjallar um frumvarpið heldur einnig fjárlaganefnd og jafnvel efnahags- og viðskiptanefnd ef út í það er farið.

[14:02]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við ræðum breytingar á lögum um veiðigjöld, mál sem kom mönnum verulega á óvart þegar það kom í þingið, a.m.k. mér. Ég átti von á því að hugsanlega yrðu gerðar einhverjar breytingar á framkvæmdinni. En ég hafði ekki séð fyrir að menn mundu leyfa sér að minnka tekjurnar svo mikið vegna þessara veiðigjalda, enda er ekkert tilefni til þess ef lítið er á heildarafkomu greinarinnar. Þarna er sem sagt verið að tala um að létta af sjávarútveginum 3,2 milljörðum kr. bara á þessu ári og erum við að tala um álagningu sem óhætt er að fullyrða að miðist við bestu ár út frá arðsemi í sjávarútvegi frá því að kvótakerfið kom á 1992. Það skýrist auðvitað að verulegu leyti af gengisskráningunni og hvernig breytingar urðu á henni við hrúnið. Það er auðvitað þess vegna sem sjávarútvegurinn hefur ávallt

gegnst alveg gríðarlega miklu hlutverki í samfélagi okkar, en engin ástæða er til annars en að lögd séu á gjöld aukalega þegar menn upplifa slíka tíma, miðað við þessa afkomu, á sama tíma og við erum með yfirskaðsettan ríkissjóð sem á í rekstrarerfiðleikum. Þess vegna er nauðsynlegt að nýta alla tekjustofna til þess að láta hjálpa okkur í gegnum ógöngurnar.

Ég ætla að leyfa mér að fara aðeins yfir söguna vegna þess að ég held að það sé afar mikilvægt að menn átti sig á því hver aðdragandinn að veiðigjaldaumræðunni er yfir höfuð. Það er sko aldeilis ekki nýtt að hér sé rétt um þessi mál og það er aldeilis ekki nýtt að menn hafi talið það sanngirnismál og mikilvægt að lögd sé á einhvers konar auðlindarenta eða auðlindagjald fyrir þann rétt að fá að nýta sjávarauðlindina.

Í þeim tilgangi skilaði tvíhöfðanefnd, sem kölluð var, álit strax árið 1993 og kemur það ágætlega fram í skýrslu, sem ég ætla að hafa í þúttinu hjá mér, frá starfshópi sem ég stýrði. Það er skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða þar sem reifuð voru álitamál, greiningar, skýrslur og valkostir við breytingar á stjórn fiskveiða. Það er vinna hóps sem vitnað er í í stjórnarsáttmálanum varðandi það að byggja á því í lausnum til þess að reyna að ná sáttum í þessum málaflokki, sem ég tel vera gríðarlega mikilvægt.

Ég ætla aðeins að fara aftur í tímann og rifja upp söguna. Hér var sett á fót tvíhöfðanefnd sem skilaði af sér álit árið 1993 og er forvitnilegt að sjá að þar er einmitt talað um gjaldtöku af veiðheimildum fyrir aflaheimildir og réttinn til þess að veiða fisk.

Vegna sífjells ágreinings um það atriði var skipuð auðlindanefnd sem skilaði skýrslu árið 2000. Þar var lögd mikil áhersla á að um væri að ræða auðlind í þjóðareign. Það hefur í rauninni verið þemað í gegnum alla lagasetninguna að menn hafa litið þannig á að verið væri að nýta auðlind, auðlind ekki væri í eigu viðkomandi fyrirtækja. Jafnvel þó að sumir hafi túlkað það þannig að eitthvert eignarréttarígildi væri fyrir hendi hafa lögin alltaf verið skýr hvað þetta varðar.

Á bls. 9 í skýrslunni kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

Nefndin er „þeirrar skoðunar að rétt sé að stefna að greiðslu fyrir afnotarétt af öllum auðlindum sem eru í eigu ríkis eða þjóðar af tvennum ástæðum: annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind, hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting hennar skapar“.

Þetta var skrifað árið 2000 af nefnd sem þá var starfrækt, gott ef það var ekki Jóhannes Nordal sem stýrði þeim hópi á þeim tíma.

Á þeim tíma skoðuðu menn líka ýmsar leiðir til þess að fara í þessu sambandi. Þá var strax komin upp hugmyndin um fyrningarleiðina, að menn gætu tekið gjald af sjávarafurðinni þar sem sjávarútvegurinn verðlagði aflahlutdeildir sínar sjálfur í gegnum tilboðsmarkað eða uppboðsmarkað, fyrst og fremst tilboðsmarkað. En niðurstaðan var sú eftir átök að leggja til veiðileyfagjald. Á því veiðileyfagjaldi hefur verið byggt síðan. Að vísu kom í millitíðinni svokölluð endurskoðunarnefnd sem skilaði viðbótarálit, ef ég man

rétt stýrði Vilhjálmur Egilsson þeim hópi árið 2001. Niðurstaðan var sú sama, að halda sig við niðurstöðu auðlindanefndarinnar frá árinu 2000. Það kemur allt fram í vinnu þess hóps vegna þess að það er auðvitað mikilvægt að vera ekki að vinna hlutina í endalausum tómarúmi.

Það er athyglisvert áfram að skoða skýrslu auðlindanefndar frá árinu 2000 því að þar stendur, með leyfi forseta, á bls. 10:

„Nefndin telur brýnt að mótuð verði samræmd stefna og stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem skapi heilsteypnan lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Reynt verði eftir föngum að beita hagrænum stjórntækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppþótum þar sem það á við.“

Sú vinna hefur því miður aldrei klárast en þó hefur verið starfandi auðlindanefnd sem hefur komið með samræmdar tillögur um það hvernig þjóðin eigi að fá arð af auðlindum sínum, þar með af vatnsaflinu og gufuaflinu og öðru slíku þar sem menn hafa horft til þess jafnvel að taka þá rentu í gegnum fyrirtækin.

Það er fróðlegt að sjá eftirfarandi í skýrslu endurskoðunarnefndar, sem skilaði árið 2001, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði um afnotarétt af auðlindinni og gjaldtökur fyrir hann. Meiri hlutinn taldi æskilegt að skýra betur þau réttindi sem veiðheimildirnar fælu í sér.“

Eitt atriði er mjög mikilvægt að komi inn í áframhaldandi vinnu varðandi sjávarútveginn, þ.e. að skilgreind sé krafa um með hvaða hætti þeir sem fá leyfi til þess að nýta auðlindina fara með hana og hvaða skilyrði menn eiga að uppfylla til þess að fá að nýta auðlindina. Það kemur líka ágætlega fram í nefndarálitu endurskoðunarhópsins. Þar segir varðandi endurskoðunarstarfshóp 2001, með leyfi forseta:

„Nefndin lagði til að veiðigjaldið yrði tvískipt, annars vegar fastur hluti sem tæki mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem réðist af afkomu greinarinnar og er þetta ítarlega útfært í skýrslu nefndarinnar.“

Svo eru ákvæði um að nýta eigi þessar tekjur til þess að styrkja sveitarfélög o.s.frv.

Mér finnst mikilvægt að draga það fram hér svo við förum nú ekki enn einn hringinn og séum alltaf að leita að nýjum og nýjum lausnum. Frá því að ég fór að fylgjast með málinu, en ég hafði fylgst með því áður en ég kom á þing 2007, hafa menn alltaf fundið undanþágur frá því að greiða þessi gjöld. Áður báru menn fyrir sig afkomu greinarinnar á ákveðnum tímabilum því að það var ekki mikill arður af sjávarútvegi á árunum 2003, 2004 og 2005. Þá veita menn endalaust afslátt af því gjaldi sem þó var lagt á, breyta prósentum alveg niður í það að þegar aflaheimildir voru dregnar niður, sem sagt alveg um 30% eins og gert var árið 2007, þá var veiðileyfagjaldið nánast fellt út.

Núna þegar sjávarútvegurinn er með bullandi afkomu og skuldir hafa verið lækkaðar, eignastaðan hefur aukist og menn ætla að fara að byggja gjaldtökuna á því að reyna að ná hluta af sannanlegri rentu koma aftur endalausar afsakanir. Þá kemur aftur upp ágreiningur varðandi veiðitegund-

ir, þ.e. hvaða fisk er verið að veiða, með hvaða veiðarfærum og á hvaða bátum, á hvaða svæðum og annað slíkt, allt saman eru það þekkt mál. Ég held að það sé afar mikilvægt að við reynum að leiða málið til lykta. Mér finnst það mikill kjarkur hjá núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að ráðast í að lækka veiðigjaldið í þeirri stöðu sem ríkissjóður er nú í og vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað hér um að reyna að verja velferðarkerfið og halda áfram uppbyggingu hér á landi. Mér finnst það kolröng forgangsroðun og engin efnisleg rök fyrir því þó að við höfum öll verið tilbúin að taka þátt í því að breyta álagningunni þannig að hún væri betur framkvæmanleg og sanngjarnari hvað útfærslu varðar. En það þýðir ekki að það þurfi að lækka heildartöluna.

Í nefndarvinnunni á sínum tíma voru tilgreind þau markmið sem farið var af stað með þegar sá hópur var skipaður. Þar átti hópurinn að vinna að endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni með því að stuðla að vernd fiskstofna, stuðla að hagkvæmni, nýtingu auðlinda sjávar, treysta atvinnu, efla byggð í landinu og skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar. Það voru verkefni í meginatriðum en því til viðbótar var talað um að leggja grunn að innköllun og endurúthlutun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.

Verið hafa mismunandi túlkningar á því ákvæði, allt frá því að túlka það sem fyrningarleið yfir í að túlka það þannig að þarna ætti að gera samninga til langs tíma og undirstrika að hér væru menn að vinna samkvæmt samningum þar sem auðlindin væri klárlega í eigu þjóðarinnar en að menn hefðu afnotarétt.

Það má segja um þetta að niðurstaðan úr þessari vinnu allri saman hafi einmitt verið að það voru fjögur atriði sem við vilðum að sátt væri um:

Í fyrsta lagi ákvæðið um þjóðareignina, að það væri skýrt og yrði fest í stjórnarskrá og tryggt að ekki væri hægt að leika sér neitt með túlkun á því ákvæði eða búa til einhver eignarréttarskilgreiningarákvæði í sambandi við það. Það væri alveg skýrt og afdráttarlaust að þjóðin ætti eignina.

Í öðru lagi að afnotum af þessari þjóðareign skyldi úthlutað til tilgreinds tíma og með reglum, eins og fyrri nefndir hafa nefnt, þar sem skilgreint væri hvaða réttur fælist í því að hafa aðgang að auðlindinni og þá til hve langs tíma, endurnýjunaréttur og fleira í því samhengi.

Í þriðja lagi var atriðið að úthluta ætti aðgangi til tilgreinds tíma gegn gjaldi og það er akkúrat það sem við erum að ræða hér í dag, þ.e. hversu hátt gjaldið á að vera. Það er alveg afdráttarlaust, þetta er það sem menn tala um að eigi að vera í sjávarútvegsstefnunni.

Í fjórða lagi, sem er auðvitað erfitt í túlkun en skiptir samt gríðarlega miklu máli og er eiginlega spurning um atvinnuréttindi almennt, er að jafnréttis sé gætt við úthlutun. Þá er ekki verið að tala um úthlutun á því sem er í höndum þeirra sem eru með samninga. Hér er verið að tala um ef viðbótarheimildir skapast eða nýjar tegundir koma að menn eigi aðgang að því með einhverjum sanngjörnum hætti sem fleiri eigi aðgang að en ein tegund útgerðar eða útgerðir á einhverju ákveðnu svæði. Þó hafa menn haft skilning á því að taka þurfi tillit til hugsanlegrar veiðireynslu eða ef menn

hafa vakið athygli á auðlind með því að vera fyrstir til þess að nýta hana o.s.frv. En jafnræði skiptir þarna mjög miklu máli.

Þetta eru þau atriði sem komu síðan inn í stjórnarskráartillögurnar hjá fyrirverandi stjórnlaganefnd. Þessi atriði voru nákvæmlega þau sem lögð voru fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi stjórnarskrána og voru studd af 82% þeirra sem tóku þátt í þeirri kosningu. Ég held að óhætt sé að fullyrða að þjóðarviljinn er mikill og í því á sáttin að felast; að þetta verði grundvallaratriðið í sjávarútvegskerfinu.

Við erum ekki að tala um að breyta aflareglu eða neitt slíkt, hún er eftir sem áður en ég ætla ekki að fara ítarlega út í það. Þess vegna skiptir líka miklu máli þegar við erum að ræða sátt að við ræðum við hvern sáttin er. Mesta ósættid á tímabili var þegar verið var að ræða um nýjar tillögur í sambandi við sjávarútveg jafnvel á milli landsvæða þar sem ólíkir hagsmunir voru hjá uppsjávarfisksfyrirtækjunum á Austurlandi og Suðurlandi á móti bolfiskveiðisvæðunum á Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Þar varð t.d. ein af frægustu uppkomunum sem allt lögð út af því að í svokölluðu bótakerfi, eða þar sem menn voru með línuvillanir og sérstakar fyrirgreiðslur, byggðauurræði, að menn ákváðu að skipta upp með nýjum hætti þannig að uppsjávarfisksfyrirtækin legðu til þorskígildi inn í þessa potta til jafns við bolfiskinn. Þá varð allt vitlaust á milli landsvæða og hafði það ekkert með flokkspólitík að gera þó að sumir héldu það, enda varð tillaga sem þar komst inn í frumvarp þáverandi ráðherra sjávarútvegs mála var flutt af hv. þingmönnum Gunnari Braga Sveinssyni og Einari K. Guðfinnssyni og fór hún þangað nánast óbreytt. Hv. þingmenn studdu það einlæglega og hafa gert alla tíð síðan.

Ég skora á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að tryggja nú a.m.k. að tekjurnar verði ekki rýrðar í þessari lotu einfaldlega vegna ríkissjóðs og vegna þess að við þurfum að sjá til þess að samfélag okkar gangi vel áfram. Við þurfum að tryggja að við höfum tekjur núna af þessum greinum okkar sem eru burðarásarnir, einmitt vegna gengisstöðunnar, að þær skili fyllilega sínu til samneyslunnar. Þess vegna held ég að það sé mjög misráðið að fara í þá lækun sem hér er lögð til.

Ég vil endilega að farið verði með málið ekki bara inni í atvinnuveganefnd heldur líka í fjárlaganefnd til þess að þessi mál verði rædd vegna þess að það hefur víðtæk áhrif að kippa út úr tekjumöguleikum 3,2 milljörðum á þessu ári og allt upp í 6,4 milljörðum árlega í framhaldinu þó að við verðum að hafa allan fyrirvara varðandi veiðigjaldið, það er lagt þannig á að það getur farið niður í núll. Þess vegna er það ekki bara hluti af rekstrinum heldur líka hluti af framkvæmdum vegna þess að við verðum að gera okkur grein fyrir því að við verðum að þola sveiflurnar í veiðigjaldinu þegar (Forseti hringir.) hugsanlega árar verr í framtíðinni, en sem betur fer stefnir í það með auknum veiðiheimumildum að bjart verði fram undan í sjávarútvegi.

[14:17]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég hélt jómfrúrræðu mína hérna í gær og var afskaplega ánægður með það að hafa stigið þetta skref og komið í pontu. Ég hafði tekið þá ákvörðun sem nýr

þingmaður að vera ekki mikið að bróla hingað upp fyrr en ég væri búinn að átta mig aðeins á hlutunum og hlusta og læra. Það er víst óhætt að segja að maður hafi gert það.

Þetta veiðigjald og umræðan um það snertir mig svolfétt líka vegna þess að ég bý í sjávarútvegsplássi sem á í rauninni nánast allt undir sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Ég hef unnið hjá mörgum af þessum stærstu fyrirtækjum í Grindavík. Ég vann í fiski í 30 ár og er búinn að sjá hvernig þróunin í sjávarútvegi hefur verið alla þessa tíð og hef séð hvernig íslenskur sjávarútvegur hefur dafnað og stækkað og orðið betri og betri. Ég vann á fiskmarkaði í 11 ár og sá þróunina á því hvernig meðferð á afla varð betri og betri. Í dag stöndum við frammi fyrir því að vera með einn best rekna sjávarútveg í heimi, sjávarútveg sem skilar gríðarlegum arði fyrir eigendur sína og samfélag.

Ég tók þátt í kosningabaráttunni af fullum hug og hef talað fyrir hönd míns bæjarfélags og allra í rauninni.

Það má alveg deila um hvort veiðigjaldið sé hóflegt, of mikið eða hvernig það er, við getum talað um það. Ég tók undir með fólki að það væri kannski of mikið en ég vissi það ekki, ég kann ekki alveg deila á því. Ég er búinn að hlusta á þessa umræðu í dag og það er ljóst að hér eru menn sem hafa mikið vit á þessu og hafa fylgst mikið með þessu. Það sem fékk mig til þess að vera mjög ánægður með að þetta veiðigjald var sett á á sínum tíma var að við þurfum að fá arð af auðlindum okkar, ekki bara sjávarútvegsauðlindinni sem slíkri heldur öllum auðlindum okkar.

Ég hef fylgst með því í gegnum tíðina að á Íslandi er alltaf allt fjársvelt. Við getum ekki rekið herna heilbrigðiskerfi, löggæslu, menntakerfi eða nokkra grunnþjónustu nema með einhverjum harmkvælum. Það kemur mér spáskt fyrir sjónir í landi eins og Íslandi þar sem búa 320 þús. manns og er svona gríðarlega ríkt af auðlindum. Hvar eru allir peningarnir? Ég spyr. Ég velti þessu oft fyrir mér og ég verð oft dapur yfir því hvernig er komið fyrir þessari þjóð í rauninni, eins stórkostleg og hún er. Ég segi að stór ástæða fyrir því sé að kökunni er ekki rétt skipt herna og hefur aldrei verið. Við tölum um sjávarútvegsfyrirtækin, sem eru frábær. Ég er stoltur af sjávarútveginum á Íslandi, ég er stoltur af að hafa tekið þátt í að vinna við hann og ég er stoltur af því að þekkja þetta góða fólk. Ég er til dæmis mjög þakklátur einum útgerðarmanni í Grindavík sem hjálpaði mér þegar ég tók mín fyrstu skref í búskap, hann á alltaf stað í hjarta mínu fyrir þá hjálp. En hvernig stendur á því að við erum svona fjársvelt? Ég velti þessu svo oft fyrir mér. Þess vegna er þessi umræða eiginlega bara óþörf.

Ég kom hingað upp í gær í jórnfrúrræðunni og talaði um að ég mundi stýlja núverandi ríkisstjórn til allra góðra verka. Á fyrsta fundi okkar þar sem við vorum saman í kosningabaráttunni, ég og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði ég við hann að ég hefði sennilega kosið Framsókn ef ég hefði ekki verið að bróla sjálfur í þessu, svo safarík og girnileg var stefnuskráin hjá þeim. Það verður ekkert frá þeim tekið að hún var flott. Ég batt miklar vonir við þessa ríkisstjórn og geri enn. Ég tók það líka fram í gær að ég er alveg tilbúinn að gefa henni svigrúm til að koma með aðgerðaáætlun og koma með eitthvað gott fyrir heimilin við skuldavanda heimilanna. Þess vegna er ég svo dapur yfir þeim málum sem þeir koma fyrst með hingað

inn. Ég tók það líka fram í gær að fyrir mér snúast stjórn-mál um almannaheill og ekkert annað. Þess vegna finnst mér þetta um fyrstu málin sem eru komin hingað inn. Ég veit að þjóðin batt gríðarlega miklar vonir við þessa ríkisstjórn og þau loforð sem voru gefin. Ég vona að hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir því að bundnar eru vonir við að fyrst og fremst verði tekið á skuldavanda heimilanna.

Ég segi það nú að allar breytingar sem farið er í á hinu háa Alþingi eiga fyrst og fremst að miðast að því að þær komi sér best fyrir þá sem verst eru settir því að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Ég er búinn að vinna í fiski og þekki fullt af fólki sem vinnur í fiski og ég þekki líka fullt af fólki sem vinnur í ferðaþjónustu. Mér hefði fundist meiri bragur á því hjá hæstv. ríkisstjórn, fyrst hún talar um að lækka skatta, að lækka skatta á þá lægst launuðu. Það hefði verið bragur á því. Fólk sem vinnur við fisk alla daga eða sér um að skipta á rúmunum í gistiheimilum — ég held að það hefði ekki verið vanþörf á að það fengi smá-kjarabót á þessum síðustu og verstu tímum.

Mikið hefur verið talað um það herna í ræðustól að staða ríkisbúskaparins sé verri en áætlað var. Það kemur mér ekkert á óvart, við vissum það. Staðan var slæm og staðan er mjög slæm. Þess vegna, burt séð frá því hvort veiðigjaldið sé hóflegt eða réttlátt eða eitthvað og eins með gistináttaskattinn, þá finnst mér ótrúlegt að ríkisstjórnin skuli fara í þetta en tala á sama tíma um að staðan sé svo slæm.

Ég hef fulla samúð með sjávarútveginum sem finnst gjaldið eitthvað hátt. Ég held að gjaldið sé ekkert of hátt eins og það er núna. Ég las viðtal við trillusjómann sem rekur lítinn bát vestur á Breiðafirði. Veiðigjaldið þyngdi honum ekkert. Það sem hann hafði mestar áhyggjur af í sjávarútvegi var óvissan um framhaldið, kvótakerfið, hvernig það yrði. Veiðigjaldið truflaði hann ekki. En við vitum hvernig það er ef á að hrófla við einhverju. Við vitum að ef við gefum litlum krakka sleikjó og ætlum að taka hann af honum aftur þá verður hann alveg vitlaus. Þannig er það alltaf þegar á að taka eitthvað af vissum hópum sem hafa kannski meira en aðrir. Það hefur verið lenskan í þessu þjóðfélagi að um leið og á að hrófla við einhverju verður allt vitlaust. Alla vega hef ég upplifað það þannig.

Á ferðalögum mínum í kosningabaráttunni talaði fólk um heilbrigðisþjónustuna og um löggæsluna. Úti í Vestmannaeyjum, sem er mikill kvótabær og sjávarútvegsbær, talaði fólk um þetta. Það hafði miklar áhyggjur af fæðingar-deildinni og það hafði miklar áhyggjur af menntakerfinu og hvernig ætti að laga það og spurði: Hvað eruð þið tilbúin að gera fyrir okkur? Ég sagði náttúrliga: Hvað á ég að gera? Ég get ekki lofað neinu. Auðvitað vill maður að þetta sé í lagi.

Ég lít á veiðigjaldið, hæstv. forseti, sem hluta af því að reyna að mæta þessum vanda í þessum byggðarlögum. Suðurkjördæmi er gríðarlega öflugt kjördæmi, þar er landbúnaður og öflug sjávarútvegsfyrirtæki. Ég hefði til dæmis viljað, þegar við tölum um veiðigjaldið, að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði talað um það hvernig væri hægt að skilja eftir um 50% af veiðigjaldinu í byggðarlögunum til að byggja upp innviðina svo að hægt væri að reka á þessum stöðum, Vestmannaeyjum, Hornafirði, Grindavík, flotta og



göða heilbrigðisþjónustu og löggæslu. Í Vestmannaeyjum er einn lögreglumaður á vakt. Er það boðlegt? Nei, við verðum að tala betur saman um þetta.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, eins og í Grindavík, sem er sterkt sjávarútvegsplass, að útvegsmenn eru algjörlega ómetanlegir. Þeir skapa gríðarlega mikla vinnu og eru mjög sterkir í félagsstarfi hjá okkur, í íþróttum, kirkjunni o.fl. Þetta eru ómetanlegir menn sem ég mundi ekki vilja missa.

Mér finnst að þetta mál hefði ekki átt að koma fram. Það er mín skoðun. Það er búið að setja öll þessi mál í fleiri, fleiri nefndir. Gott og vel, við getum alveg sætt okkur við það, þetta eru alvarleg mál sem þarf að ræða. Eins hefði mér fundist að þetta mál hefði mátt fara í nefnd til að ræða það betur. Ég held að sjávarútvegurinn sé þannig staddur að hann geti látið þetta af hendi.

Við munum alveg hvernig sjávarútvegurinn var hérna áður fyrr. Hann var alltaf rekinn með bullandi tapi. Það var alltaf verið að fella gengið til þess að bjarga sjávarútveginum, sem kom sér mjög illa fyrir hina lægst launuðu og hinn almenna borgara í landinu. Hann er alltaf að borga þetta, við erum alltaf að borga þetta. Af hverju er ekki verið að tala um það hér? Það er verið að tala um fyrirtækin.

Tækifærin á Íslandi eru gríðarlega mikil til atvinnuuppbyggingar, ekki síst í Suðurkjördæmi. Þar liggja tækifærin undir hverjum steini og bak við hverja þúfu. Það er bara að koma sér af stað, hætta þessum barlómi sem er allt of mikill. Það eru gríðarleg tækifæri.

Ef ég væri útgerðarmaður — segi ég, það er svo auðvelt fyrir mig að segja það — mundi ég vera stoltur af því að koma inn með meiri pening í þjóðfélagið þegar svo illa árar. Mér finnst að við þurfum einhvern veginn að skerpa þessa samfélagslegu sýn og standa betur saman, öll.

Ég hef verið lágláunamaður alla mína tíð og ég hef alltaf borgað 35–40% skatt og hef ekki talið það eftir mér, fundist það sjálfsagt vegna þess að skattar eru til þess að reka velferðarkerfið. Síðan þegar við fáum meiri arð af auðlindunum okkar, ég tala nú ekki um af orkuauðlindinni ef Landsvirkjun gæti farið að skila okkur arði upp á tugi milljarða eftir einhver ár, þá erum við farin að tala saman. Þá verður kannski hægt að lækka einhver gjöld og skatta. Það býr ekkert land í heiminum við jafn mikla möguleika og við, ég held ekki. Það er bara þannig.

Ríkisstjórnin hefur völdin. Hún kemur náttúrulega með sín mál, hún hefur fullan rétt á því, hún er með góðan meiri hluta og sterkan, og það er allt í lagi með það en mér finnst þetta kolröng forgangsröðun.

Það er eins með gistináttagjaldið, ég átta mig ekki alveg á því. Var það ekki lækkað á sínum tíma til að mæta hugsanlegum áföllum í greininni? Hvað hefur gerst eftir það? Ferðaðþjónustan er á bullandi uppleið og hefur sennilega aldrei staðið betur en einmitt núna. Mér hefði ekki fundist neitt að því þó að þessum 7 prósentustiga skatti hefði verið bætt á hana, ég held að hún hefði alveg staðið undir því.

Þetta er svolítið skrytið. Mér hafa fundist svolítið skrytín þau mál sem hafa komið hérna fram á fyrstu dögum þingsins. Ég fagna aðgerðaáætluninni en set stórt spurningarmerki við þetta veiðigjald og það frumvarp sem hefur verið lagt hér fram. Það hefði alveg mátt bíða betri tíma. Það er

ekkert fullkomið frekar en nokkuð annað í þessum heimi. Öll mál eru þess eðlis að hægt er að ræða þau fram og til baka. Við þurfum að ræða saman, til þess erum við hérna — við erum hérna til þess að ræða saman og komast að niðurstöðu sem viðtæk sátt er um, en alltaf fyrst og fremst um það sem kemur sér best fyrir þá sem verst eru settir. Það er fullt af fólki í þjóðfélaginu sem er mun verr sett en útgerðarmenn, það er þannig.

Ég vona bara að sjávarútvegsráðherra dragi þetta frumvarp til baka og snúi sér til dæmis að því að lækka raforkuverð til grænmetisbænda. Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði á fundi austur í sveitum að það þyrfti ekki nema eitt pennastrik til að laga það. Það hefði verið aldeilis fínt að gera það núna. Grænmetisbændur hafa eytt 25% af rekstrar-kostnaði sínum í raforku, sem er náttúrulega hlægilegt.

Það er að mörgu að hyggja í þessu en þetta er mín afstaða. Ég er stoltur af íslenskum sjávarútvegi, ég er stoltur af því hvað honum gengur vel og við eigum öll að vera það, en þetta frumvarp má bara leggja til hliðar að mínum dómi.

[14:31]

#### **Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka að mestu málefnaegar umræður um veiðileyfagjald. Ég tek eftir því að ekki er verið að þrasa um það hvort leggja eigi veiðileyfagjald á. Allir eru sammála um að hafa auðlindagjald, það er aðeins tekst á um hversu hátt það á að vera og hvernig á að reikna það út. Það er því á málefnaegum grundvelli.

Ég vil til upprifjunar fyrir þá sem ekki muna nefna að þorskaflí var árið 1980 430 þús. tonn. Árið 2012 var hann 157 þús. tonn. Árið 1984 horfðust menn í augu við að það voru allt of mörg skip að veiða. Það þyrfti að fækka í greininni, það voru allir að tapa. Hvernig átti að hagræða? Þá kom þessi pólitíska spurning: Átti ríkið að taka í taumana og nota skattpeninga til að borga út þá sem fyrir voru í greininni, til að fækka skipum og skapa rekstrargrundvöll fyrir hina sem eftir voru?

Hin leiðin var að láta þá sem eftir voru í greininni borga hina út. Með öðrum orðum, þeir sem mundu njóta hagnaðarins af hagræðingunni greiddu hina út. Til guðs lukku var ekki farið í vasa skattborgara og einhverjir útgerðarmenn borgaðir út svo að þeir hættu, heldur voru þeir sem eftir voru látnir borga. Þannig byrjaði sá bolti að rúlla og þannig er það enn þá. Vandamálið, ef við getum kallað það vandamál — við segjum stundum að það séu til jákvæð vandamál — er að hagræðingin gerðist hraðar og varð meiri en menn bjuggust við. Hún lýsti sér í því að menn borguðu alltaf hærri og hærri gjöld þeim sem voru að fara úr greininni.

Svo stöndum við frammi fyrir því í dag að svo vel hefur tekist til, hagnaðurinn er svo mikill, að nú er spurningin: Hvað á þjóðin að fá mikið af hagnaðinum? Allir eru sammála um að þjóðin á sinn hlut. Við deilum aðeins um það hér hvernig við reiknum hann, hversu mikill hluturinn á að vera.

Ég vil enn fremur benda á að 80% starfa í sjávarútvegi eru á landsbyggðinni, það er búið að vera svoleiðis síðustu 30 ár. Frá 1991 til 2011 fækkaði störfum í veiðum og vinnslu um 5.200 manns. Á landsbyggðinni eru 12% starfa

í sjávarútvegi meðan á höfuðborgarsvæðinu eru þau 1,7%. Það er því ekki skrytið að menn tali um að þetta sé landsbyggðarskattur, við hljótum að geta verið sammála um það. Það lýsir sér líka svoltið í því að maður heyrir að það kveður svoltið við annan tón eftir því hvort hv. þingmenn eru af höfuðborgarsvæðinu eða af landsbyggðinni.

Auk þess má benda á að mestur fjöldi fyrirtækja í haf-tengdri framleiðslu, sprotafyrirtækja og þjónustufyrirtækja sem þjónusta sjávarútveginn, sprettur upp í Reykjavík. Við getum t.d. lítið út á Granda þar sem Sjávarklasinn er. Þetta myndast allt í Reykjavík. Stækkunin og uppbyggingin í hliðargreinum sjávarútvegsins er mest í Reykjavík. Þess vegna þurfum við aðeins að gæta okkar þegar við skattleggjum grunnstoðina sem er landsbyggðin.

Eins og ég sagði heyrir ég svoltið mun á því hvort þingmenn eru héðan af höfuðborgarsvæðinu eða af landsbyggðinni í þessari umræðu. Einn talar um að smjör drjúpi af hverju strái en hv. þm. Kristján Möller skilur þetta aðeins betur, hann veit að það er ekki af hverju strái. Það er auðvitað af mörgum stráum og flóran er mikil, en ekki eru öll strá eins. Það var ágætisviðmiðun hjá hv. þm. Kristjáni Möller þegar hann líkti þessu við flatan skatt á alla landsmenn, sama hvað sem þeir þéna mikið, í hvaða aðstöðu sem þeir eru til að borga, allir skulu borga jafnt. Það stendur misjafnlega á hjá fyrirtækjum, það árar misvel hjá greinunum. Við vitum öll að í uppsjávargeiranum gengur vel, það þrætir enginn fyrir það. Á sama tíma er mikið verðfall á bolfiskstegundum, allar tölur styðja það.

Það stingur mig svoltið þegar ég heyrir hvernig fyrrverandi ráðherra notar ýmis hugtök, t.d. auðlindaskatt, að sá skattur sé borgaður af arði sjávarútvegsfyrirtækja. Það vita allir að auðlindaskattur er ekki borgaður af arði sjávarútvegsfyrirtækja, hann er reiknaður út frá tveggja ára gömlum gögnum um hagnað í sjávarútvegi í heild. Það er stór munur þar á. Annað orð er umframhagnaður, sem ég kann ekki alveg að útskýra. Ef ekki er tekið tillit til rekstrarafkomu hvers útgerðarflokks fyrir sig gefur augaleið að einhver fyrirtæki þola það ekki. Við vitum að það eru einkum minni fyrirtækin sem þola verr skakkaföll.

Ég fagna ákvæði um sérstök þorskígildi þar sem til grundvallar er lögð framlegð út úr hverri fisktegund fyrir sig. Eins og lögin eru í dag er hætta á því að sumar fisktegundir verði ekki veiddar af því að veiðileyfagjöldin eru svo há. Dæmin sýna það. Menn þurfa að átta sig á því að þó að afurðaverð sé það sama getur verið mismunur á því að veiða hverja tegund. Það getur verið stór munur þar á. Venjulegir þorskígildisstuðlar í dag taka aðeins tillit til afurðaverðs þannig að þó að ráðherra taki sér vald og tíma að skoða það og reikna kostnaðinn inn í það líka, til að tryggja að við verðum ekki af þessum tekjum, þá verðum við að nýta allar auðlindirnar. Við megum ekki skattleggja okkur svo mikið að við töpum af þeim. Afurðaverðið segir ekki allt.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um hvernig Norðmenn hafa kerfið. Það er svoltið athyglisvert. Eins og kom fram áðan verður það væntanlega tekið fyrir í nefnd. Það er ekki alveg hægt að miða við hvernig við skattleggjum olíu, rafmagn eða aðrar auðlindir því að í dag tökum við aðeins auðlindagjald af sjávarútveginum. Er ekki kominn tími til að við lít-

um á fleiri auðlindir? Ég held að það sé kominn tími til þess.

Sumir hv. þingmenn benda á skattaleiðina eins og fleiri hafa gert og hún hefur oft komið til tals. Mönnum finnst sanngjarnara, í staðinn fyrir að vera með flatan skatt, hvort sem er á alla greinina eða hverja grein fyrir sig, að miða við skattskýrslu hvers og eins fyrirtækis. Ég heyrir að ekki treysta allir skattskýrslunum.

Mönnum verður líka tíðrætt um stórfyrirtækin, stórúterðina, það er vinsælt orð. En eigendur stórúterðanna eru flestir hluthafar. Oftast er félagin í því formi að eigendurnir eru hluthafar og þeir geta ekki greitt sér arð úr fyrirtækjunum nema það sé hagnaður. Ég tel því ekki miklar líkur á því að þeir reyni ekki að mynda sem mestan hagnað til að fá arð af hlutabréfum sínum. [Kliður í hliðarsal.] Þar fyrir utan, til að forðast að borga tekjuskatt, er vinsæl leið að fjárfesta og framkvæma, en það er kannski ekkert svo slæmt. Er ekki bara allt í lagi þó að menn fari í að framkvæma og það komi inn í veltu? Ég held að þannig gætu orðið til meiri tekjur fyrir þjóðina.

Ég held að maður geti sagt að stórúterðin sé ekki kát í dag. Það er verið að hækka veiðigjöld á hana. Ef einhverja úterð, eitthvert úterðarmynstur, er hægt að flokka sem stórúterð þá eru það uppsjávarfyrirtækin. Það er verið að hækka gjöldin á þau umtalsvert. Það talar enginn um það. Menn geta síðan stillt þessu upp þannig að veiðigjöldin hafi átt að fara í Norðfjarðargöng og Landeyjahöfn en sömu menn minntust ekki á Vaðlaheiðargöng. Ég sé ekki stóran mun á því hvort ég er í ábyrgð fyrir einhverju eða legg út fyrir því sjálfur því að ég þarf væntanlega að taka lán fyrir því. Þetta er einföldun á málinu, auðvitað kemur þetta inn í rekstur ríkisins, tekjur og gjöld. Ástæðan fyrir því að við hökkum gjöld á uppsjávarskipin er að við þurfum svigrúm til að auka veltuna og skapa meiri tekjur.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson minntist á sáttanefndina, sem hann stjórnadi, og hann er ekki einn um það. Mönnum verður mjög tíðrætt um hina svokölluðu sáttanefnd og vitna oft til hennar og skilja ekki enn í dag af hverju var ekki farið meira eftir niðurstöðum hennar. En ég fagna því að menn eru að tala um útfærslu á veiðileyfagjöldum, auðlindagjaldid, hvernig við útfærum það og hversu hátt við höfum það.

[14:45]

#### Ásmundur Friðriksson (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn. Ég vil byrja þessa jómfrúrræðu mína á að þakka ykkur fyrir hlý handtök og góðar óskir þegar ég kom hingað til starfa í þinginu og ekki síður starfsmönnum þingsins sem tóku afskaplega vel á móti okkur. Hér er gott að koma og gott að vera og ég þakka fyrir þessa fyrstu viku sem ég hef unnið með ykkur. Hún hefur verið ánægjuleg og gefur fyrirheit um að vinnustaðurinn sé skemmtilegur og gefandi. Ég hlakka til að vinna með ykkur í framtíðinni.

Ég tók þá ákvörðun að tala undir þessum lið. Ég tek undir það sem hv. þm. Suðurk., Páll Jóhann Pálsson, sagði áðan, við erum sammála um að veiðileyfagjöldin séu eðlileg og þau þurfa að vera hófleg. Það er verkefni okkar í þessum sal að finna það hóf. Ég hef einkum áhyggjur af sérstaka veiðigjaldinu sem nú er sett á, sem er pungur baggi

á uppsjárveiðarnar. Það er alveg ljóst að það mun koma mjög skakkt niður í samfélagunum í sjávarbyggðunum í kringum landið. Ég hef miklar áhyggjur af því hvernig það mun koma niður á mínum gamla heimabæ, Vestmannaeyjum, þar sem uppsjárveiðin er gríðarlega sterk, Höfn í Hornafirði, Fjarðabyggð, Þórshöfn og Vopnafirði þar sem mikið er unnið af uppsjárvarfiski. Ég hef áhyggjur af því að þessar byggðir muni leggja mun meira fram en aðrar. Við þurfum að finna leiðir í þessu, það er verkefni okkar, og við í atvinnuveganefnd munum taka málið fyrir og ræða það áfram og reyna að finna sanngjarna laus á því.

Fiskvinnslan er og hefur verið stóriðja þjóðarinnar undanfarin ár og ekki aðeins undanfarin ár heldur frá öröfi alda. Þegar ég hlusta á umræðuna sem hér fer fram gleðst ég yfir því hversu mörg stór og merkileg skref hafa verið stigin í framþróun í veiðum og vinnslu. Framþróunin næst fram í skjóli stórra og öflugra fyrirtækja á landsbyggðinni, eins og hér kom fram áðan, og hefur afleiðingar inn á höfuborgarsvæðið þar sem þjónustu- og tæknifyrirtæki hafa í ríkari mæli á undanförunum árum sótt sér verkefni í sjávarútvegi. Þar eru líka borguð há og mikil laun.

Sjávarklasinn er afar merkilegt fyrirbæri. Þar hafa fyrirtækin tekið sig saman og unnið að verkefnum innan sjávarútvegsins. Í Grindavík er Codland gott dæmi um gríðarlegan árangur sem hefur náðst í nýtingu sjávarafurða. Markmið þeirra að tvöfalda verðgildi hvers einstaks þorsks er afar áhugavert og ekki síst fyrir okkur á landsbyggðinni að upplifa það að unga fólkið okkar sem fór og sótti sér menntun á mölina er nú að koma heim aftur að taka þátt í klasasamstarfinu í heimabyggð; vinna sem verkfræðingar, lyfjafræðingar og hönnuðir að sköpun á nýjum og verðmætum vörum. Það er afar mikilvægt og skapar hálaunuð störf í samfélaginu og eftir því erum við að sækjast. Það er auðvitað eitt af verkefnum okkar hér að skapa fleiri vellaunuð störf. Um það snýst málið.

Ég hef hlustað á góðar ræður í dag, margt gott hefur verið lagt til og ég tek undir margt af því sem hér hefur verið sagt. En fyrst mörg okkar telja að það sé svona mikill peningur í sjávarútveginum af hverju erum við þá alltaf að tala um skatta, álögur og gjöld? Af hverju töllum við ekki um hærri laun? Er það ekki það sem þarf, hærri laun í sjávarútveginum, fiskvinnslunni? Það mundi skila sér til sveitarfélaganna í herra útsvari. Ef fólkið í sjávarbyggðunum hefði laun á við þá sem eru í álverunum mundi margt breytast hjá mörgum sveitarfélögum, tekjurnar mundu aukast, fólkið mundi hafa það betra, ríkið fengi meiri skatt og veltan í samfélaginu yrði margfalt meiri. Á endanum mundi stærsti hlutinn af þeim peningum skila sér aftur til ríkisins en í gegnum launaumslagið hjá fólkinu. Um það snýst þetta allt saman, að auka tekjur fólksins. Kannski er tækifæri núna til þess. Við þurfum að nota árið sem fram undan er til að ræða hvernig við getum nýtt þær miklu tekjur sem skapast í atvinnulífínu til hagsbóta fyrir heimilin, sveitarfélögin og fyrir ríkið.

Í mínu sveitarfélagi þar sem ég bý núna, í Garðinum, voru menn að reikna út auðlindagjald og veiðileyfagjald á íbúa. Þegar menn fóru á mesta flugið í því á sínum tíma sáu um við fram á að hver íbúi í Garðinum, sem þá taldi u.þ.b. 1.500 manns, mundi borga um 460 þús. kr. í veiði-

leyfagjöld á sama tíma og sveitarfélagið er með um eða innan við 100 þús. kr. tekjur á hvert mannsbarn í sveitarfélaginu. Á að fara að flytja alla þessa peninga í burtu? Er einhver ástæða til þess? Ég held ekki. Það er verkefni okkar hér að halda áfram þessum góðu viðræðum, samræðum, um þetta verkefni inn í framtíðina.

Hæstv. forseti. Ég vil líka nota tækifærið og segja frá því að á fund atvinnuveganefndar í vikunni komu fulltrúar frá Hafrannsóknastofnun og fóru yfir stöðu fiskstofna og framtíðina á næsta kvótaári sem byrjar 1. september. Þar koma fram afar ánægjulegar upplýsingar í flestum stofnum en auðvitað ekki öllum. Mælingarnar eru kannski ekki góðar á loðnu og uppsjárvarfiski þannig að við skulum anda rólega, peningarnir eru ekki komnir í kassann, við þurfum að veiða fiskinn fyrst. En það eru góðar vísbendingar um þorskinn og ufsann, ýsan er nú slöpp. Humarinn er í ágætu jafnvægi þó að þeir lækki hann aðeins, við þurfum að skoða það betur. Þeir auka við síldina þrátt fyrir að 50 þús. tonn hafi borið beinin í Kolgrafafirði.

Það leiðir hugann að því að aflareglan hefur verið 20% í fimm ár, það þarf að endurskoða hana. Ég spyr, núna þegar við ætlum að endurskoða aflaregluna hvort ekki sé rétt að fara með hana úr 20% í 25% og auka þannig veiðina enn frekar. Það hefur verið afar góð veiði síðasta ár, það hefur veiðst fallegur og stór fiskur, en verðfall hefur orðið á mörkuðum. Við þurfum að mæta því með því að geta búið áfram góðan fisk á réttu verði. Við getum gert það með því að auka við kvótann enn frekar og haldið þannig mörkuðum okkar við, sem þurfa auðvitað á fiski að halda þegar verðið er orðið lakara.

Hér fyrr í dag var áhugaverð umræða hjá hæstv. iðnaðarráðherra og fyrrverandi hæstv. iðnaðarráðherra um auglýsingaherferðina *Inspired by Iceland*. Ég tel að við þurfum að færa þá herferð upp á atvinnuvegina okkar, upp á fiskinn okkar sem við flytjum út. Við þurfum að auglýsa hann sem íslenskan fisk. Þess er hvergi getið á mörkuðum að um sé að ræða íslenskan fisk. Við þurfum að monta okkur svolítið af þeim frábæru afurðum sem við framleiðum og gera þeim hátt undir höfði, ekki bara hér í þingsal, í þjóðfélaginu, heldur á erlendum mörkuðum.

[14:54]

### Jón Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir það sem mér finnst vera góð og málefnaleg umræða almennt um veiðigjöld og stöðuna í íslenskum sjávarútvegi. Það er hárrétt sem hv. þm. Ásmundur Friðriksson kom inn á í ræðu sinni að auðvitað snýst þetta allt um að bæta afkomu fyrirtækjanna í landinu þannig að þau geti á endanum borgað betri laun. Það skilar sér best til samfélagsins að starfsemin sé það öflug að hún geti, þegar upp er staðið, borgað betri laun. Hann bar saman hvað það mundi þýða fyrir samfélagið ef fólk sem er að vinna fisk, þessa verðmætu útflutningsafurð okkar, væri á sömu launakjörum og almennt gerist og gengur í t.d. orkufrekum iðnaði. Þetta væri mikil bylting.

Lykilatriðið er hvernig ríkið eða hið opinbera kemur að þessum málum. Sú skattlagning sem ríkið ákveður að taka á hverjum tíma af atvinnulífínu spilar mjög stóran þátt í afkomu fyrirtækjanna og getu þeirra til að borga hærri laun, til þess að geta farið í fjárfestingar o.s.frv.

Veiferð þeirrar ríkisstjórnar sem fór frá völdum í vor var ömurleg að þessu leyti og ekki síst í því máli sem við fjöllum um núna. Það er alveg ljóst að hún gerði mikil mistök í aðkomu sinni að sjávarútveginum í þeim málum sem hún lagði fram um fiskveiðistjórnarkerfið okkar almennt og þar með veiðileyfagjald.

Það má segja að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Kristján L. Möller hafi staðfest þetta í sínum ræðum. Hv. þm. Kristján L. Möller var formaður atvinnuveganefndar á síðasta kjörtímabili. Hann gaf þessu kerfi algjöra falleinkunn í ræðu sinni áðan og sagði að fara þyrfti allt aðrar leiðir. Ég tek undir það með honum. Þetta er umræða sem oft átti sér stað innan atvinnuveganefndar og hann þekkir þetta mál mjög vel og alla þá miklu umræðu sem átti sér stað á síðasta kjörtímabili um þetta mál í nefndinni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að málið væri óþroskað og þyrfti að þróa það miklu betur. Það er hárrétt. Þetta væri erfiðast fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og við vitum það. Við vitum að afleiðingarnar af því kerfi sem hér var innleitt eru hvað erfiðastar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki, jafnvel upp í stærri fyrirtæki, í bol-fisksvinnslu. Það má segja að fyrirtæki í uppsjávarveiðum komist miklu betur frá þessu og geti ráðið betur við þetta. Það skapast eingöngu af þeim sérstaklega góðu aðstæðum sem hafa verið í þeirri grein á undanförmum árum.

En gæfan er fallvölt á þeim vettvangi, það þekkjum við. Í dag er staðan þannig að mikil óvissa er fram undan í uppsjávarveiðum. Það má segja að við höfum dottið í lukku-pottinn þegar makrillinn fór að venja komur sínar á Íslands-mið og þar höfum við verið að skapa útflutningsverðmæti upp á tugi milljarða á undanförmum árum. Við höfum fengið góðar loðnuvertíðir á síðustu tveim, þrem árum. Það er algjör óvissa varðandi loðnuna næsta vetur og makrillinn er eitt stórt spurningarmerki líka. Sú grein, uppsjávarveidarnar, hefur því búið við kannski hvað mestar sveiflur í íslenskum sjávarútvegi.

Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir talaði áðan um að núverandi stjórnvöld vildu leggja niður veiðileyfagjaldið. Það er dæmi um ómálefnalega umræðu, sem ég vona að við getum lagt af á nýju þingi. Enginn flokkur hefur talað um að leggja af veiðileyfagjöld. Útgerðin er alveg sátt við að borga einhver veiðileyfagjöld. Um það ríkir almenn sátt. Það voru núverandi stjórnarflokkar sem á sínum tíma innleiddu þá hugmyndafræði að leggja ákveðin veiðileyfagjöld eða skatt á sjávarútvegsfyrirtæki til þess að þau greiddu eitthvað fyrir aðgang sinn að auðlindinni.

Það er rétt sem einnig kom fram áðan að þetta spratt ekki upp úr engu. Þetta spratt auðvitað upp úr þeirri illu nauðsyn að takmarka þurfti veiðar og fara að hagræða í greininni. Við vorum komin í mjög erfiða stöðu upp úr 1980. Ofveiði var mikil úr helstu nytjastofnum okkar og það stefndi í algjört óefni. Þá var sest niður og farið yfir hvað við ættum að gera. Við urðum að takmarka veiðarnar. Sú einfalda aðferðafræði var notuð að við skiptum þeim takmörkuðu veiðiheimildum, sem þá var ákveðið að úthluta, á þá aðila sem höfðu fjárfest í greininni og voru til staðar í henni.

Á mörgum árum, nokkuð mörgum árum, varð þetta til þess að mikil hagræðing hófst. Framsalið varð heimilt

1991. Á þeim tíma vorum við með um 2.550–2.560 fiskiskip á Íslandi og mörg þúsund sjómenn. Á tíu ára tímabili fækkuðum við fiskiskipum niður í á milli 1.100 og 1.200 og sjómönnum með tilheyrandi hætti. Þetta var hagræðingin.

Hverjir greiddu fyrir þessa hagræðingu? Það var útgerðin sjálf. Hún greiddi í svokallaðan Úreldingarsjóð og þeir peningar voru notaðir til að kaupa skip sem ekki voru endurnýjuð. Við gætum enn verið með 2.500–2.600 fiskiskip til þess að veiða þær aflaheimildir sem við höfum, en mundi það bæta afkomu okkar með tilheyrandi miklu meiri fjölda í sjómannaátt? Mundi það bæta afkomu sjómanna eða fyrirtækja? Yrðu verðmætin eitthvað meiri úr þeim takmörkuðu gæðum sem við höfum úr að spila? Nei.

Hagræðingin tókst vel og það má segja að af þessu til efni kemur manni í hug sagan um litlu gulu hænuna. Það voru kannski ekkert margir sem voru tilbúnir á sínum tíma til að fjárfesta í sjávarútvegi þegar taprekstur var viðvarandi og ekki álitlegt að setja fé í þann rekstur. En það eru margir sem tóku ekki þátt í að baka brauðið sem vilja borða það í dag.

Það er í raun grátlegt að það skuli hafa verið í nokkuð mörg ár djúpstæður ágreiningur um þennan mikilvæga málaflokk í samfélaginu og hvað umræðan hefur oft verið á miklum villigötum og menn talað í pólitískum frösom. Þetta er okkur mun mikilvægara mál en svo að við höfum efni á því til lengri tíma að fara þannig með málaflokkinn. Það setur mikla ábyrgð á hendur okkar alþingismanna að koma málaflokknum í var, ná um hann einhverri sátt í samfélaginu, sátt við greinina, sátt við þjóðina um það hvernig við ætlum að haga þessum málum til lengri tíma. Það er okkur öllum mikilvægast, það er íslensku samfélagi það mikilvægasta sem við getum gert og er verkefni okkar alþingismanna á kjörtímabilinu að reyna að ná um þetta eins mikilli sátt og hægt er.

Ég fór yfir það áðan hvaða einkunn forustumenn úr hæstv. síðustu ríkisstjórn gáfu sjálfum sér. Það var eftir fjögurra ára starf. Þeir höfðu heilt kjörtímabil þar sem þeir lögðu ítrekað fram mál sem voru algjörlega út úr kortinu, var algjörlega ljóst að voru andvana fædd. Það var alveg sama hvaða sérfræðingar eða hagsmunaaðilar komu fyrir atvinnuveganefnd og lýstu skoðunum sínum, lögðu fram reikninga og útreikninga. Á þetta var blásið í mörgum tilfellum. En þeir sýndu fram á þær afleiðingar sem við stöndum frammi fyrir í dag, þ.e. ef við höldum áfram á þessum nótum í innheimtu veiðileyfagjalds eins og lagt var upp með munum við keyra mörg fyrirtæki í þrot. Þá verður mun valdafrekarí samþjöppun í greininni vegna þess að það verða fyrst og fremst litlu fyrirtæki, meðalstóru fyrirtækin sem stunda bolfisksútgerð sem munu verða fyrir barðinu á þessu. Það verður að bregðast við.

Þessi ríkisstjórn hefur ekki setið marga daga en þetta er það sem hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er að gera með frumvarpinu, hann er að reyna að bregðast við. Við í atvinnuveganefnd eigum eftir að vinna með það, fara yfir það og fara yfir þá útreikninga sem þarna liggja að baki. Við eigum eftir að hitta aðila úr greininni, hagsmunaaðila, og aðra til að glöggva okkur svolítið betur á málinu.

Þetta er ákveðin bráðabirgðaaðgerð sem gripið er til og þegar frumvarpið er lesið liggur alveg fyrir hver hugsunin

er. Hún er nákvæmlega sú að mæta þeirri gagnrýni sem komið hefur fram, og sem var staðfest af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni áðan, og reyna að mæta litlu og meðalstóru fyrirtækjunum. Það er vissulega gert í þessu frumvarpi eins og það liggur fyrir, á kostnað þeirra fyrirtækja sem eingöngu eru í uppsjávarveiðum. Að margra mati er gengið þar of langt. Það verður verkefni okkar í nefndinni að skoða hvort hægt sé að dreifa þessum byrðum betur, hvaða afleiðingar þetta kunni að hafa fyrir fyrirtækin og byggðarlögin sem þar liggja undir, vegna þess að þarna eiga öflugar og sterkar sjávarútvegsbyggðir mikilla hagsmuna að gæta og fólkið sem þar býr. Það verður okkar að skoða þetta og reyna að nálgast málið þannig að við getum náð viðtækari sátt.

Grunntóninn er aftur á móti sleginn, við ætlum að lækka þessi gjöld. Við teljum að of langt hafi verið gengið. Það höfum við sagt allan tímann, það er ekkert nýtt í því. Ég sagði áðan að núverandi stjórnmöld náguðust verkefnið af ákveðinni auðmýkt og með sömu áherslum og við settum allt síðasta kjörtímabil. Við vitum að verkefnið er flókið og líta þarf víða til að ná þeirri sátt sem ég er að tala hér fyrir og við munum leggja okkur fram um það.

Í grundvallaratriðum teljum við að of langt hafi verið gengið, að gjaldið sé of hátt. Hér erum við að stíga skref til að lækka það. Við erum að stíga mjög stór skref gagnvart þeim fyrirtækjum sem hvað verst hafa orðið fyrir bardinu á núverandi kerfi og við munum beita okkur fyrir því að þetta verði á endanum gjald sem sé eðlilegt og sanngjarnt að sjávarútvegurinn greiði og geti orðið sátt um, gjald sem dregur ekki prótt úr fyrirtækjunum, gerir ekki gæfumuninn um það hvort fyrirtækin geti til lengri tíma fjárfest, hækkað launin hjá starfsfólki sínu, gert betur við það og unnið að blómlegri starfsemi. Markmið okkar verður að vinna þannig að lausn þessara mála.

Við munum taka tillit til þeirra viðvarana sem við munum fá inn á borð okkar og reyna að mæta þeim sjónarmiðum eins og hægt er. Í svona miklu máli er eflaust til of mikils mælst að allir verði sáttir þegar upp verður staðið. Það er ljóst að allir verða að gefa eftir þegar svo miklir hagsmunir eru undir eins og í þessu máli. Þannig verðum við að nálgast málið í pólitískri umræðu. Við megum ekki nota þessa atvinnugrein til að slá ryki í augu fólks sem þekkir eðlilega ekki starfsumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja í smáatriðum. Við megum ekki nota þetta til að slá pólitískar keilur. Við verðum öll að vera tilbúin til að horfa fram hjá okkar ýr-ustu kröfum og leggja okkur fram um að ná sátt.

Hér er verið að stíga fyrsta skrefið. Það er ekki loka-skref á þessu kjörtímabili, langt í frá, mikil vinna er eftir. Ég vona að við getum haft hana sem mest í faglegum og góðum farvegi frá og með næsta hausti.

[15:09]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir ræðu hans. Ég veit að hann þekkir gjörla til þess sem hér er til umfjöllunar og hann mun gegna mikilvægu hlutverki í að fara yfir málið á vettvangi atvinnuveganefndar á milli umræðna. Ég treysti því að nefndin muni fara í mál-efnalega og vandaða umfjöllun og taka í það þann tíma sem

hv. þingmaður kallaði eftir að væri gert á liðnu kjörtímabili þegar þessi mál voru þar til umfjöllunar.

Ég vil í þessu fyrra andsvari inna hv. þingmann einkum eftir tvennu. Annars vegar hvaða umboð nefndin hefur til breytinga á málinu á milli umræðna, þ.e. breytinga á fjárhæð veiðigjaldsins. Hefur nefndin svigrúm til að hækka það eða lækka eftir atvikum eða gera innbyrðis breytingar á því milli uppsjávarfisksins og botnfisksins hins vegar?

Þá hefur hv. þingmaður verið eindreginn talsmaður þess að lækka gjaldið á botnfiskinn og væntanlega að eðlilegra væri að uppsjávargreinarnar bæru meira en þær gerðu í upphaflegri skiptingu. Ég vil inna hv. þingmann eftir því: Hversu margar krónur er almenna veiðigjaldið eftir þessa breytingu, ef hún nær fram að ganga, og sérstaka veiðigjaldið samanlagt á hvert þorsklól? Er það rétt hjá mér að þetta séu 17 kr. sem menn væru að greiða fyrir hvert klól af veiddum þorski?

[15:11]

#### **Jón Gunnarsson (S) (andvar):**

Virðulegi forseti. Hvert er umboð nefndarinnar til að gera á málinu einhverjar breytingar? Hv. þm. Helgi Hjörvar veit jafn vel og ég að alþingismenn hafa bara það umboð sem þeim er veitt þegar þeir eru kosnir til Alþingis og það er nákvæmlega það umboð sem við notum. Ég þarf ekki umboð frá neinum öðrum. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður var að meina að hæstv. fjármálaráðherra eða sjávarútvegsráðherra væru búnir að veita okkur í nefndinni eitthvert umboð eða svigrúm til breytinga af sinni hálfu. Ég hef ekki átt neina umræðu um það við þá og ég tel að við í atvinnuveganefnd þurfum ekki á slíku umboði að halda.

Það er verkefni allra nefnda í þinginu, þegar mál er komið frá ríkisstjórn til þings, að fara með það í góða vinnu. Leitað verður umsagna í málinu hjá helstu hagsmunaaðilum og ekki er ólíklegt að leitað verði til sérfræðinga til að fá einhverjar niðurstöður um áhrif þessara breytinga á veiðigjaldinu. Nefndin mun að mínu mati þurfa að líta til þess hvort of langt sé gengið hér gagnvart fyrirtækjum í uppsjávarveiðum, við þurfum að líta til þess, (Forseti hringir.) og hvort jafnvægið í þessu geti talist eðlilegt. Það verður verkefni okkar og við munum fara málefnalega og faglega yfir það.

[15:13]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andvar):**

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. formanns atvinnuveganefndar um að gefinn verði góður tími í þessa vinnu og fengnir að henni sérfræðingar enda minnir mig, þó að ég ætli nú ekki að sverja fyrir það án þess að fletta því upp, að hv. þingmaður hafi einmitt kallað eftir því að sérfræðingar yrðu fengnir til að gera úttekt á áhrifum breytinga á veiðigjöldum á greinina. Ég held að eðlilegt sé að gera það áður en lög eru sett þar um á Alþingi og eðlilegt að hv. þingmaður fylgi þeim orðum sínum frá fyrra kjörtímabili eftir í framkvæmdinni núna þegar hann er kominn hinum megin við borðið.

Það sem ég átti við þegar ég spurði um umboð nefndarinnar var að umboð manna takmarkast auðvitað að einhverju leyti af gildandi lögum. Gildandi fjárlög gera ráð

fyrir ákveðnum tekjum sem ríkisstjórnin hefur í krafti stjórnarmeirihluta ákveðið að víkja frá og minnka tekjurnar frá því sem hefur verið ákveðið í fjárlögum. Ég skildi hv. þingmann þannig að hann telji koma til greina að ganga enn lengra í þessu efni og lækka gjaldið enn frekar, lækka það á uppsjávarhlutanum, þannig að eftirgjöfin gagnvart útgerðarmönnum og ávinningur þeirra verði enn meiri en hér er og gatið á fjárlögum þeim mun stærra. Ég bið hann um að staðfesta það ef svo er.

Ég fékk ekki svar við þeirri spurningu sem mig fýsti kannski mest að vita um. Er það ekki rétt munað hjá mér að með þessum lækkunum sé gjaldið fyrir kíló af þorski komið niður í 17 kr.? Er það nú ekki býsna lítill greiðsla til almennings sem á auðlindina, 17 kr. á hvert kíló þorsks? Þurfa menn nú nokkuð að taka upp vasaklúta til að barma sér yfir stöðu greinarinnar ef gjaldið á ekki að vera hærra en þetta?

[15:15]

#### **Jón Gunnarsson (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Já, svona er þetta stundum í pólitískri umræðu. Nú sagði hv. þm. Helgi Hjörvar að ég hefði sagt að til greina kæmi að skoða hvort gjaldið á uppsjávarfyrirtækin væri of hátt í frumvarpinu. Hann gleymdi alveg að nefna það sem fylgdi þeirri setningu hjá mér, sem var nákvæmlega það hvort það þyrfti hugsanlega að jafna gjaldið á milli greinanna. En svona er þetta í pólitísku umræðu, orð eru gjarnan slitin úr samhengi. Þá er það bara áréttað hér.

Vaðandi ráðgjöfina sem ég talaði um, að við mundum hugsanlega leita til einhverra sérfræðinga, er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að við þingmenn stjórnarandstöðunnar á síðasta kjörtímabili óskuðum eftir því í vor að reiknuð yrðu út áhrif fiskveiðistjórnarfrumvarpsins, sem þá lá fyrir þinginu, á greinina. Það fól í sér gríðarlega miklar álögur og gríðarlegar grundvallarbreytingar á greininni. Því var hafnað. Við fengum ekki þá vinnu framkvæmda, í stuttu máli. Því var hafnað og málið keyrt í gegn.

Þau vinnubrögð verða ekki stunduð í þessu máli en auðvitað erum við að ræða um allt annað frumvarp. Hér erum við að tala um að lækka þau veiðigjöld sem voru lögð á af síðustu ríkisstjórn. Þegar ég segi að við þyrftum að fá einhverja útreikninga þá er það fyrst og fremst til að átta mig á því hver áhrifin verða innan greina og milli mismunandi greina og ólíkra útgerðarforma og hvernig við ætlum að ná þessu samhengi. Það er ekki eins mikið undir hér og var í þeim (Forseti hringir.) stórkostlegu grundvallarbreytingum sem voru boðaðar í því fiskveiðistjórnarfrumvarpi.

[15:17]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því áður en ég ber upp spurningu við hv. þingmann að leiðrétta ákveðna þætti sem komu fram í máli hans þegar hann sagði að það væri dæmi um ómálefnalega umræðu að ég hefði sagt að afleggja ætti veiðigjöldin. Í andsvari mínu við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon orðaði ég þetta einhvern veginn svona en leiðrétti mig síðan og sagði að það ætti að lækka þau. Að sjálfsögðu mundi ég ekki vilja standa hér og plata, ég mismælti mig bara og leiðrétti það. Ég vona að þingmaðurinn taki því

með þeirri auðmykt sem hann lýsti yfir að hann vildi gjarnan beita í garð sinna pólitísku andstæðinga.

Við erum að tala um, eins og hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á, lækkun á veiðigjaldi en því var ætlað að fjármagna útgjöld samkvæmt fjárlögum. En ástæðan fyrir því að mig langar að tala við hv. formann atvinnuveganefndar er sú að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar mjög við þeirri lækkun og telur að með henni sé verið að ógna þeim góða árangri sem hafi náðst í ríkisfjármálum. Ekki nóg með það heldur segir Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbiaháskóla í New York, engin hagfræðileg rök fyrir þessu frumvarpi og að það skjóti skökku við að lækka veiðigjaldið sem hagkvæmustu leið ríkissjóðs til að afla sér tekna og bendir á að ef eitthvað væri ætti frekar að hækka það. Ég vildi heyra viðbrögð þingmannsins við þessu.

[15:20]

#### **Jón Gunnarsson (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég tek það alveg fullgilt hjá hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur vaðandi umræðuna um að fella niður veiðigjaldið eða að lækka það. Þetta hefur svo sem áður heyrst í umræðunni, talað þannig eins og það sé vilji núverandi stjórnarflokka að fella þessi gjöld niður, en það er bara alls ekki þannig. Umræðan er fyrst og fremst um hversu há við getum haft þau, hvernig við getum innheimt þau eftir afkomu greinarinnar og hinna mismunandi sviða innan hennar á hverjum tíma.

Hv. þingmaður segir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tali um að lækkun muni ógna þeim árangri sem hafi náðst í íslensku efnahagslífi og vitnað er í hagfræðing sem starfar erlendis, sem telur að jafnvel hefði átt að hækka veiðigjöldin. Ég er algjörlega ósammála þessu.

Ég tel reyndar og við, ég held að það sé sammerkt með okkur í meirihlutaflokkunum, að ef eitthvað er ógn við stöðugleika og uppbyggingu í íslensku samfélagi þá sé það skattstefna síðustu ríkisstjórnar. Við höfum þá skoðun að þegar of langt er gengið í þeim efnunum skili það ekki þeim árangri sem menn hafi væntingar um. Við teljum miklu frekar að ef skattlagningu er haldið í ákveðnu jafnvægi þannig að ákveðin sátt sé um greiðslu skatta stuðli það í fyrsta lagi að betri skattskilum, það stuðli að auknum umsvifum í samfélaginu, það stuðli að aukinni atvinnusköpun og verðmætasköpun og það sé miklu hagfelldara fyrir íslenskan ríkissjóð en sú leið sem hér var vörðud.

Ég leyfi mér bara að segja að þær fullyrðingar sem komu fram hjá hagfræðingnum (Forseti hringir.) standist enga skoðun og eru algjörlega í ósamræmi við þá niðurstöðu sem við höfum fengið frá fjöldamörgum öðrum sérfræðingum.

[15:22]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Ekkert er óeðlilegt við það þó að fólk sé hugmyndafræðilega ósammála um hvaða leiðir sé rétt að fara. Við erum hér kjörmir fulltrúar kjósenda þar sem fólk hefur valið okkur eftir þeirri sýn sem flokkar okkar hafa á samfélagið.

Það er samt svolítið óþægilegt, sérstaklega í ljósi sögu ríkisstjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknar-

flokks að hér tvo daga í röð — fyrri daginn segir hæstv. forsætisráðherra að hann sé ósammála Seðlabankanum um að hætt sé við að flöt niðurfærsla skulda gagnist aðallega þeim auðugustu með hæstu tekjurnar. Hér er hv. þingmaður ósammála Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og virtum fræðimanni við háskóla, Jóni Steinssyni. Jón Steinsson segir einmitt í því viðtali sem Ríkisútvarpið tekur við hann að ef verið er að tala um verðmætasköpun, þ.e. hagvöxt í landinu, væri eðlilegra að hækka veidigjaldið til að geta þá lækkað skatta sem í raun og veru væri hagvaxtarhvetjandi að gera.

Nú ætla ég ekki að fullyrða að hv. þingmaður kunni ekki að hafa rétt fyrir sér og þetta sé bara rangt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Jóni Steinssyni. En telur þingmaðurinn og formaður nefndarinnar ekki rétt að fræðimaður á borð við Jón Steinsson, sem hefur þessi orð uppi við Ríkisútvarpið, fái tækifæri til að tjá sig fyrir nefndinni? Það væri hægt með fjarfundabúnaði að hafa samband, það eru til fínar slíkar græjur hér í þinginu.

[15:24]

### Jón Gunnarsson (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Í þeirri miklu umræðu sem fór fram um veiðileyfagjaldið og getu greinarinnar til að standa undir veiðileyfagjaldi á síðasta kjörtímabili var leitað til fjölmargra sérfræðinga. Unnar voru skýrslur af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, virtustu endurskoðunarskrifstofur landsins komu með mjög ítarlegar úttektir og skýrslur, Samband íslenskra sveitarfélaga fjallaði mjög ítarlega um málið og einstök sveitarfélög, fyrir utan beina hagsmunaaðila eins og sjómannaforustuna og útgerðaraðila, hvort sem það voru smábátar eða aðilar innan Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Það var samdóma álit allra þeirra sem komu fyrir nefndina í þeirri vinnu, ekki einu sinni heldur oftast, að við værum að ganga allt of langt og afleiðingarnar af þeim breytingum sem fyrirhugaðar voru, þar með talið hækkun á veidigjaldi, væru allt of róttækar og mundu stefna í voða þeim góða árangri sem Íslendingar hafa náð í sjávarútvegsmálum. Ekki má gleyma því þegar við fjöllum um þetta mál að það er yfir vafa hafið að árangurinn í rekstri í sjávarútvegi er hvað mestur í heiminum á Íslandi. Við erum leiðandi á þessum vettvangi í heiminum. Það verður því auðvitað að fara mjög varlega, ganga hér mjög varlega um þegar við breytum einhverju sem hefur í heildina reynst mjög vel.

Ég ætla ekki að skella skollaeyrum við þeirri gagnrýni sem kemur fram, en Jón Steinsson kemur fram með hugmyndir sem eru algjörlega úr takti við allt annað sem ég hef séð, ég hef svo sem ekkert séð frá honum annað um þetta. Nefndin mun fara yfir hvaða (Forseti hringir.) gestir verða kallaðir á hennar fund eða hverja við fáum. Við erum að taka til (Forseti hringir.) tímabundinna ráðstafana má segja, eins og boðað er í frumvarpinu, og ítarlegri úttekt og vinna fer fram strax á haustdögum.

[15:27]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum lækkun á veidigjöldum, frumvarp sem hæstv. sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra mælti fyrir fyrir í dag. Ég ætla að fara inn á

málefnið með ýmsum hætti. Ég sit í atvinnuveganefnd og er l. varaformaður hennar. Ég tel að nefndin sem slík eigi að fara betur ofan í saumana á ýmsum hlutum sem snúa að tæknilegum útfærslum varðandi veidigjaldið, bæði eins og hugmyndir ráðherra eru núna og eins og það var útfært áður.

Ég vil segja að þó að fram hafi komið í máli hæstv. ráðherra að þar sem ekki væri búið að finna út úr því hvernig væri hægt að undirbyggja betur grundvöllinn fyrir útreikningum á veidigjaldinu — sem vissulega var vitað og unnið var í að leita leiða til að ná fram upplýsingum hjá stofnunum eins og Hagstofnunni, Fiskistofu og fleiri aðilum til að byggja á hvernig finna mætti út auðlindarentuna og þá aðferðafræði sem liggur þar að baki — sé ekki þar með sagt að lækka þurfi veidigjaldið þótt styrkja þurfi betur hvernig það er lagt fyrir á næsta fiskveiðidári. Það er engin afsökun fólgin í því að tæknilega þurfi að undirbyggja það betur, að verið sé að skjóta sér á bak við það og þess vegna verði að lækka veidigjaldið í leiðinni. Mér finnst stóra pólitíkin í málinu vera forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar, þessarar hægri stjórnar sem nú byrjar yst á hægri kantinum í pólitíkinu og keyrir á þann veg að byrja á því að lækka álögur á útgerðarfyrirtæki í landinu, sem eru mörg hver í bullandi gróða, í stað þess að byrja á því, eins og þessir flokkar töluðu fyrir, að koma til móts við hag heimila í landinu.

Ég man ekki eftir því að mikili hafi verið rætt um það fyrir þessar kosningar af frambjóðendum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að létta álögum af útgerð í landinu. Ég held ekki að talað hafi verið fyrir því víða og mér þætti gaman að vita hvaða þingmaður hér inni hefur talað fyrir því, hv. þingmaður sem situr á þingi nú, að eitt af því brýnasta sem yrði gert á sumarþingi væri að lækka álögur á útgerðir í landinu. Þá væri gaman að fara í andsvör við þann þingmann.

Svona er það, sumt er sagt fyrir kosningar og annað framkvæmt eftir kosningar, það er gömul saga og ný, en þessi forgangsröðun er auðvitað algjörlega með ólíkindum. Mér finnst sem kjósanda í þessu landi að þjóðinni hljóti að misbjóða að þetta sé fyrsta forgangsverkefni þessarar blessuðu hæstv. hægri ríkisstjórnar.

Það er talað um að þetta sé landsbyggðarskattur og komið inn í það á þeirri forsendu að létta verði veidigjaldinu af útgerðum vegna þess að það sé svo mikill landsbyggðarskattur. Ég er nú eldri en tvævetur og bæði hef ég fylgst með í sjávarútvegi og búið úti á landi alla mína ævi og ég hef horft upp á fyrirtæki koma og fara. Þau hafa gengið kaupum og sölum og farið á hausinn og á alla kanta, alveg burt séð frá því að ekkert veidigjald var þá. Núna þegar hefur verið bullandi uppgangur í þessum geira undanfarin fimm ár er allt í einu farið að tala um að létta þurfi af þessum veidigjöldum, sem er bara lítið brot af þeim hagnaði sem er í greininni, vegna þess að greinin geti ekki byggt sig upp og útgerðarfyrirtækin séu að fara á hausinn vegna veidigjaldsins. Það verða auðvitað alltaf fyrirtæki í sjávarútvegi, sem og í öðrum greinum í atvinnulífinu, sem ganga ekki upp af einhverjum orsökum og fara á hausinn, eins ömurlegt og það er. Það er bara staðreynd, sama hvar er í atvinnulífinu, og veidigjöldin til eða frá eru hvorki upphaf né endir í þeim málum.

Sem betur fer gengur útgerð í landinu mjög vel og eins og ég nefndi hefur hún verið að skila miklum umframhagnaði, 80 milljörðum að meðaltali, og það blasir við áfram. Greinin hefur líka fengið aflaaukningu undanfarin missiri og það blasir við áfram. Að gamni má hafa í huga að aflaaukning upp á 20 þús. tonn í þorski, vegna þess að það er framsal í greininni, ef því væri umbreytt í meðalverðið sem fæst fyrir hvert kíló í varanlegu framsali á þorski væri fræðilega hægt að umbreyta aflaaukningunni sem við gefum okkur, 20 þús. tonnum í þorski, í eitthvað á milli 60 og 70 milljarða. Greinin borgar ekki neitt fyrir þetta til þjóðarinnar. Þegar aflaaukning verður fá allir sem „eiga“ einhvern kvóta fyrir sjálfkrafa það hlutfall í heildarkökunni í aflaaukningu og gætu tekið þá ákvörðun daginn eftir að umbreyta þeirri aflaaukningu í pening. Ég hugsa að það væru mörg heimili í landinu sem yrðu mjög glöð með að fá slíkan tékka af sinni sameiginlegu auðlind þegar aflaaukning yrði. Ég held að hendinni yrði ekki slegið á móti því.

Það fer ekkert á milli mála að ég hef verið á milli framsali í kvótakerfinu sem hefur verið við lýði hér, en ég er ekki á móti veiðistýringu og því að ganga vel um auðlindina eða því að stýra veiðum með ákveðnum hætti og að þar sitji menn við sama borð.

Þetta tal um að veiðigjaldið sem var lagt á og greinin ræður mjög vel við — það er ekki þar með sagt að verið sé að taka það úr vasa þess fólks sem býr á landsbyggðinni. Það má minna á að eitt stærsta útgerðarfyrirtæki landsins, Grandi, sem fær stóran hluta, ætli það sé ekki alveg uppi í hámarki af því sem fyrirtæki mega eiga eða vera með í stóra kerfinu, er nú hérna í höfuðborginni. Það er ekki eins og umframhagnaður sjávarútvegsfyrirtækja hafi sjálfkrafa runnið til uppbyggingar á landsbyggðinni. Ég hef ekkert orðið sérstaklega vör við það á Vestfjörðum eða á þeim landsvæðum sem sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið á.

Auðvitað hafa mörg sjávarútvegsfyrirtæki gert vel við heimabyggðir sínar og er það vel, en við verðum að gera ráð fyrir því að allir greiði til samfélagsins af tekjum sínum með eðlilegum hætti og að það séu réttkjörin stjórnvöld sem fari síðan í gegnum fjárlög og ráðstafi svo því skattfé til allra landsmanna.

Það er einmitt það sem er verið að gera með þessu veiðigjaldi. Það er nákvæmlega það að verið er að eyrnamerkja hluta veiðigjaldsins til framkvæmda úti á landi, til samgönguframkvæmda, til sóknarætlunar landshluta. Það er verið að ráðstafa því til tækni- og rannsóknarsjóða og nýsköpunarsjóða, til ferðamannageirans. Allt er það þættir sem skipta gífurlegu máli svo að hægt verði að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf úti á landi og styrkja samgöngukerfi landsmanna. Í dag er verið að skrifa undir verksamning um Norðfjarðargöng, sem var nákvæmlega eitt af þeim verkfærum sem veiðigjaldið átti að standa undir.

Þegar menn tala þannig að lækkan veiðigjalds þurfi ekki eins mikla skoðun og hækkun veiðigjalds vil ég minna á að það skiptir ekkert litlu máli hvaða áhrif þessi lækkan hefur á fjárlög ríkisins. Það hýtur að vega ansi þungt, vona ég, í hugum allra þingmanna hér inni, að við sýnum þá ábyrgð að kippa ekki út úr fjárlögum tekjupóstum sem eiga að standa undir framkvæmdum sem var reiknað með og eru færðar til gjalda. Menn verða að ganga varlega um þær dyr

að ætla að gleðja suma umfram aðra og þá sem í raun og veru hafa vel borð fyrir báru til þess að reka fyrirtæki sín með miklum hagnaði þótt þeir þurfi að borga þetta sanngjarna veiðileyfagjald sem var lagt á, þetta sérstaka veiðigjald umfram almenna gjaldið.

Ég hef sagt það hér áður að mér fannst mjög eðlilegt að sú veiðigjaldanefnd sem var sett á stofn til að endurskoða veiðigjaldið og framkvæmd þess mundi skoða gaumgæfilega hvað varðar mismun á milli útgerðarflokka og ég treysti því að sú vinna fari fram. Það var byrjað á því að mæta þeim sjónarmiðum að minni útgerðir og skuldugar væru verr settar en aðrar að borga sérstakt veiðigjald og tekið tillit til þess. Ég held að það sé þannig áfram að við þurfum að horfa til þeirra fyrirtækja þar sem bæði er meiri kostnaður við að sækja afla og eru með mismunandi rekstrarumhverfi. Það var vilji fyrri ríkisstjórnar og ég vona að sá vilji haldi áfram.

Það er mikil samþjöppun í sjávarútvegi sem mér hugnast ekki. Bæði í stóra aflamarkskerfinu og í krókaaflamarkskerfinu blasir við að sú hætta sé fyrir hendi með stækkun báta í því kerfi að aflaheimildir þjappast á færri hendur og þær aflaheimildir, það aflamark sem úthlutað var síðast, það eru um 20 fyrirtæki sem fá 80% af þeim úthlutaða afla, sem segir ákveðna sögu. Það eru 20 fyrirtæki sem fá úthlutað 80% af þeim afla sem er úthlutað á ársgrundvelli. Ef mönnum er umhugað um fjölbreytni byggða jafnt og fjölbreytni atvinnulífs segi ég að menn verða að huga aðeins að þeim þáttum líka.

Að lokum vil ég segja að ég er alfarið á móti því að veiðigjald á útgerðinni sé lækkað þegar hún hefur burði til þess að greiða þetta gjald og ætti að vera stolt af því að leggja það til samfélagsins til þess að mæta þeim hópum í samfélaginu, heimilunum í landinu, elli- og (Forseti hringir.) örorkulífeyrisþegum og fleirum sem á þurfa að halda, að styðja við bakið á þeim.

[15:42]

**Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Fyrst um forgangsröðun ríkisstjórnarinnar.

Í athugasemd við 3. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Það hefur sýnt sig að lögin eru ekki nægilega afráttarlaus um heimildir til nauðsynlegrar öflunar upplýsinga og miðlunar þeirra milli embættis ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands og veiðigjaldanefndar. Nefndin vakti athygli ráðuneytisins á þessu í lok mars og síðan hefur verið leitað leiða til úrlausnar. Sú vinna hefur ekki skilað tilætluðum árangri og útséð er um að ekki er unnt að leggja á sérstakt veiðigjald samkvæmt lögunum fyrir komandi fiskveiðiar 2013/2014.“

„EKKI er unnt að leggja á sérstakt veiðigjald.“ — Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar snýst um að hægt sé að leggja á veiðigjald. Þess vegna er það lagt fram.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur að hún væri á móti samþjöppun í greininni. Nú eru vísbendingar um að ef veiðigjaldið hefði verið lagt á óbreytt hefði verið einsýnt að um frekari samþjöppun hefði orðið að ræða. Þess vegna er gripið til þessara breytinga til



að reyna að sporna við því meðal annars og til að reyna að koma í veg fyrir að lítil og meðalstór fyrirtæki í greininni leggist af. Þetta er forgangsroðun ríkisstjórnarinnar.

Mig langaði líka til að biðja hv. þingmann að útskýra fyrir mér og þingheimi hugtakið „umframhagnaður“. Hvar myndast hann? Er það hagnaður eftir fjármagnstekjur? Hvað er umframhagnaður, hv. þingmaður?

[15:44]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að útskýra fyrir hv. þingmanni hvað umframhagnaður er, hann getur flett því upp, menn vita hvað það þýðir.

Menn segja að ekki hafi verið hægt að framkvæma þessa gjaldtöku í veiðileyfagjaldinu þar sem ekki liggi fyrir nægjanlegur grunnur til að byggja á hvað varðar upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Fiskistofu og Hagstofunni. En ekki er þar með sagt að þurft hafi að lækka veiðigjald á bolfisksgeiranum eða hækka veiðigjald á uppsjávargeiranum. Hvaða forsendur og upplýsingar höfðu menn þá til þess að gera það? Hvað lá þar á bak við, hvaða vinna lá þar á bak við? Lá eitthvað þar á bak við? Ég vil fá að vita hvað lá þar að baki að menn skyldu geta dottið niður á nákvæmlega þessa tölu til lækkunar í bolfisksgeiranum og til hækkunar í uppsjávargeiranum. Voru einhverjar upplýsingar sem lágu fyrir þar?

Varðandi samþjöppun í greininni, að veiðigjaldið sem slíkt hefði orsakað samþjöppun í greininni hjá minni útgerðum, og þess vegna séu menn að létta svo mikið af þeim geira — ég kaupi bara ekki þá skýringu. Ég er talsmaður þess að við styðjum við smærri útgerðir og við getum gert það á margan hátt eins og fyrrverandi ríkisstjórn lagði til, að við kæmum upp öflugum leigupotti á kvótapipi þar sem þessar minni útgerðir þyrftu ekki að vera leiguliðar og leigja af stærri útgerðum kvóta heldur gætu leigt hann beint af ríkinu. Þannig aðgerð er hægt að setja á fót til að styðja við minni útgerðir, svo að þær geti leigt á sanngjörnu verði af ríkinu en ekki á uppsprengdu verði af öðrum sem eru í greininni og gera út á það að leigja öðrum.

[15:46]

**Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er nú svo gamall sem á grönum má sjá og búinn að vera í viðskiptum lungann af ævi minni en hugtakið umframhagnað hef ég ekki rekist á nokkurs staðar, hvorki í fræðibókum né annars staðar. Þess vegna fýsir mig mjög að vita hvað hugtakið þýðir.

Hv. þingmaður benti mér á að fletta þessu upp. Mér þætti afar vænt um ef hún benti mér á link — hlekk, eins og maður segir á íslensku, afsakið — til að ég gæti svalað forvitni minni og læknað vanþekkingu mína.

[15:47]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það get ég gert í einni setningu, ég bendi hv. þingmanni á að fletta upp á google.is. Þá fær hann að vita allt um það hvað umframhagnaður er.

[15:48]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir greinargöða ræðu. Komid hefur fram í umræðunum í dag að þetta er flókið mál og á því eru margar hliðar. Hv. þingmaður var í hv. atvinnuveganefnd á síðasta kjörtímabili og þekkir mjög vel hvernig vinnan var við löggin um veiðigjaldið. Ég vil spyrja hv. þingmann hvernig hún telji að ferillinn verði í atvinnuveganefndinni þegar málið kemur þangað inn og eins umsagnartíminn og það allt saman. Hvernig verður vinnan við málið í hv. atvinnuveganefnd?

Síðan vil ég spyrja hv. þingmann hvort hún styðji ekki þá beiðni mína og hv. þm. Steingrims J. Sigfússonar að um málið verði einnig fjallað í fjárlaganefnd. Það skiptir mjög miklu máli fyrir ríkissjóðmálin, þetta eru háar tölur.

Ég nefndi það í ræðu minni fyrr í dag að ef tekið er saman tekjutapið af þessu frumvarpi og frumvarpinu sem hæstv. fjármálaráðherra lét verða sitt fyrsta verk að leggja fram eru það 8 milljarðar. Ef ég horfi bara á mína heimabyggð þá dugur það fé fyrir rekstri stoðstofnana þar, rekstri fjölbrautaskólans, lögreglustjóraembættisins og heilbrigðisstofnunarinnar, og þá ættum við jafnframt afgang til þess að reka sjúkrahúsið á Akureyri.

Ég hefði alveg eins getað nefnt Fæðingarorlofssjóð. Það eru 7,4 milljarðar sem ríkið setur í hann á árinu 2013, en hér erum við að tala um að skerða tekjur ríkisins um 8 milljarða.

[15:50]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Í fyrsta lagi varðandi meðferð atvinnuveganefndar á málinu tel ég það vara þess eðlis að fara þurfi vel ofan í saumana á því og að kalla verði til fjölda gesta og fá álit sérfræðinga, eins og menn töluðu mjög mikið um á sínum tíma og var gert. Ég held að það þurfi að gera það í þessu máli, ekki síst þar sem það getur skipt sköpum fyrir fjárlög ríkisins og það sem bundið er þar inni varðandi þessar tekjur ef hugsað er um framkvæmdahlíðina.

Ég mun fylgja því eftir í hv. atvinnuveganefnd og styð það heils hugar að málið fari til umsagnar í fjárlaganefnd. Mér þykir líka eðlilegt að málið fari til umsagnar bæði í velferðarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, af því að það hefur áhrif á alla þessa pósta með einum eða öðrum hætti.

Ég hef miklar áhyggjur af öllu því sem er í uppnámi vegna þess að það er ekki bara verið að lækka veiðigjöldin þetta mikið, hv. þingmaður nefndi að það gæti numið 8 milljörðum, heldur er líka verið að tala um að lækka virðisaukaskatt sem verður 6 milljarðar á næsta kjörtímabili, miðað við 1,5 milljarða á ári. Verið er að grafa undan framkvæmdagetu ríkisins á næstu árum í velferðarmálum, heilbrigðismálum, menntamálum og uppbyggingu samfélagsins þannig að það er grafalvarlegur hlutur sem ég tel að hæstv. ráðherra, sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, eigi að taka alvarlega. Ég veit að hæstv. ráðherra vill ekki vera sá sem ber ábyrgð á því að (Forseti hringir.) stoðir ríkissjóðs og ríkissjóður fari aftur á hliðina.

**Oddný G. Harðardóttir (Sf)** (*andsvar*):

[15:52]

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og hæstv. ráðherra hafa talað mikið um stöðu smærri fyrirtækja og að nauðsynlegt sé að koma til móts við þau. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún telji að það sem lagt er til í frumvarpinu sé betri leið en einfaldlega að rýmka skerðingarmörkin sem þó eru í gildandi lögum fyrir fyrstu 30 tonninn og svo aftur afsláttinn af 70 tonnum þar á eftir.

Einnig vil ég spyrja hv. þingmann hvort hún telji ekki hættu í því fólgni að það sé ráðherra sem eigi að sýsla með einhvern stuðul fyrir þorskígildin, hvort það sé ekki áhætta í því fólgin sem ráðherra ætti ekki (Forseti hringir.) að vera að sýsla með.

[15:53]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég ætla byrja á því að svara hv. þingmanni. Ég tel það ekki eiga að vera í hendi hæstv. ráðherra sjávarútvegs, landbúnaðar og umhverfismála að sjá um þennan stuðul og bera ábyrgð á þeim málum. Mér finnst það ekki mjög fagmannlegt. Miðað við að núverandi ríkisstjórn ætlar að hafa fagmennskuna og gegnsæið í fyrirrúmi þá byrjar það ekki vel þegar hæstv. ráðherra er með það allt á sinni könnu.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi varðandi það að hækka mörkin er ég mjög hlynnt því að það verði skoðað miklu frekar en að setja smærri útgerðir og stórar útgerðir, sem græða vissulega miklu meira, undir sama hatt.

Ég vil benda á það í lokin, af því að verið er að tala um að styðja þurfi með einhverjum hætti við minni útgerðir og að menn fari á bak við það með þessum hætti, hvers vegna í ósköpunum studdi þá hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) ekki minni útgerðirnar með því að setja strandveiðar í aflahlutdeild eins og fyrrverandi ríkisstjórn lagði til? Hvers vegna í ósköpunum gerði hann það ekki?

[15:55]

**Vilhjálmur Bjarnason (S)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég vil í þessum þunnskipaða þingheimi spyrja hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um hagnaðarhugtakið. Ég hef nú reynt að fletta upp þessum umframhagnaði og ég finn ekki alveg útskýringu á því hvernig hægt er að ákvarða hann með mjög hlutlægum hætti. Það hlýtur að verða huglæg stærð.

Annað er að það er alveg sama hvernig ég fletti upp gögnunum, reyndar frá 2011, um hagnað af veiðum og vinnslu, þar kem ég þessari tölu ekki upp í þá 80 milljarða sem hv. þingmaður talar um sem hagnað í greininni. Þar er framlegð af greininni upp á 25 milljarða til greiðslu afborgana og vaxta en ég átta mig ekki almennilega á því hvernig þú færð þessa 80 milljarða sem hagnað í greininni.

Erum við ekki að tala hér um tölur út og suður, eins og gert var t.d. varðandi sölu á gistipjónustu, sem ég mun fjalla um síðar ef ég kemst að?

[15:56]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fara í það hlutverk að vera með útskýringar á orðunum umframhagnaður og hagnaður. Allir þeir sem fylgjast með fréttum og lesið hafa fréttir og fylgjast með því bæði hjá Hagstofunni og *Vísindingu* og öðrum sem fjalla um hagnað í greininni vita ósköp vel að hagnaður í sjávarútvegi hefur aldrei verið meiri. Þeir 80 milljarðar sem ég nefndi áðan eru ekki gripnir upp af götunni og þeir eru ekki persónulegir útreikningar mínir, heldur fékk ég þessar upplýsingar úr fjölmiðlum. Fleiri hafa nefnt þessa tölu í ræðu í dag. Ég er ekki eini þingmaðurinn sem nefnt hefur þessa tölu.

Ég ætla bara rétt að vona að það geri ekki útslagið hvort hægt verði að leggja veiðigjöld á greinina eða ekki hvort ég hef rétt fyrir mér eða ekki að hagnaður í greininni sé um 80 milljarðar. Ég vona að það verði ekki til þess að rugga bátnum, en ég tel að greinin geti vel borið það veiðigjald sem fyrrverandi ríkisstjórn lagði upp með og standi undir því og gott betur.

[15:58]

**Vilhjálmur Bjarnason (S)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að biðjast afsökunar á orðfæri mínu, ég ávarpaði hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur í 2. persónu sem ég á ekki að gera og ég biðst fyrirgefningar á því.

Það er dálítið erfitt að eiga orðastað við fólk um tölur sem eru fengnar í fjölmiðlum. Ég leitaði eftir þeim tölum á opinberum vef Hagstofunnar sem er með afkomuupplýsingar, að vísu árs gamlar, nýjar upplýsingar koma ekki fyrr en seinna á þessu ári. Ég tel því rétt í þessari umræðu að menn haldi sig við þær opinberu upplýsingar sem til eru og hafi einnig nokkuð skýrari hugtakanotkun, eins og þetta með umframhagnað. Ég hef fengist við hagfræði í 40 ár og ég hef aldrei getað fundið (Forseti hringir.) hlutlæga skýringu á því fyrirbæri.

[15:59]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegur forseti. Lífið væri ekki flókið ef við þyrftum bara að glíma við að finna út úr því hvað umframhagnaður er í sjávarútvegi. Ég held að ég og hv. þingmaður getum alveg verið sammála um að það finnst nú einhver hagnaður í sjávarútvegi, sem betur fer fyrir okkur sem þjóð og við njótum öll góðs af. Svo er það alltaf spurningin um hvernig við viljum skipta því sem menn hafa þá til skiptanna umfram eðlilega fjárfestingaruppyggingu í fyrirtækjum og greiðslur til starfsfólks.

Ég vil í lokin einnig nefna það sem var nefnt hér í ræðum hv. þingmanna áðan að ég tel að greinin ætti að sjá sóma sinn í því að borga fiskvinnslufólki í landinu hærra kaup miðað við þá miklu uppsveiflu sem er í greininni. Ég vann í frystihúsi í mörg ár og þar voru launin ekki til að hrópa húrta fyrir.

[16:00]

**Útbýting:**

Efling heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 19. mál, þáttill. KJak o.fl., þskj. 19.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 16:01.

---

## 7. FUNDUR

Þriðjudaginn 18. júní,  
kl. 1.30 miðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Áherslur nýrrar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum (sérstök umræða).
3. Veiðigjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr.
4. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Oddný G. Harðardóttir, 6. þm. Suðurk.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[13:32]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru fjármála- og efnahagsráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.

#### Ríkisfjármál.

[13:32]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hún heldur áfram, leitin að stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. En okkur tókst með miklum eftirgangsmunum í þingsal í síðustu viku að kreista upp úr hæstv. fjármálaráðherra yfirlýsingu þess efnis að hann ætlaði að gera atrennu — ég endurtek, gera atrennu — að því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum í fjárlagafrumvarpi í haust.

Hann boðaði hins vegar, ásamt hæstv. forsætisráðherra, til blaðamannafundar í síðustu viku þar sem þeir lýstu því yfir að þeir væru búnir að finna afar stórt gat. Þeir hafa síðan ekkert gert til að minnka það gat heldur frekar aukið það með því að afturkalla skattahækkningar sem mögulega hefðu getað hjálpað til við að loka gatinu.

Því er óhjákvæmilegt að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra — þar sem hann hefur áður, í júlímánuði í fyrra svo að ég taki það nákvæmlega fram, lýst því sem veruleikafirringu að vera ekki tilbúinn að skera niður í velferðarkerfinu til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum — hvernig hann tekur þessa atrennu.

Hvaða fyrirmæli hafa verið gefin til ráðherra í ríkisstjórninni um niðurskurð og undirbúning hans? Er búið að leggja ákveðnar línur um hvar eigi að skera niður í velferðarkerfinu? Er búið að segja nákvæmlega hve mikið eigi að skera niður í almannatryggingakerfinu, í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu, í löggæslunni? Eða ætlar hæstv. fjármálaráðherra að hækka skatta á venjulegt fólk til að borga fyrir skattalækkun á stórútgæðum? Er það stefna hæstv. fjármálaráðherra að brúa bilið með því að hækka skatta á

venjulegt fólk og fyrirtæki en létta sköttum af stórútgæðum inni?

[13:34]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Mér finnst menn vera býsna borubratir sem hér hafa lagt fram fjárlagafrumvörp ár eftir ár sem ekki hafa staðist, og munar þar hundruðum milljarða þegar allt er saman tekið frá árinu 2009, að geta ekki beðið þess að ný ríkisstjórn taki saman sína eigin langtímaáætlun í ríkisfjármálum sem lögð verður fram samhliða fjárlagafrumvarpi eins og tíðkast í haust og tekið síðan umræðuna um það hvert stefnir í ríkisfjármálum svona heilt yfir.

Ef menn eru að kalla eftir því að vita hvaða fyrirmæli eru gefin inn í ráðuneytin á þessum tímapunkti eru fyrirmælin þau að halda áfram að gæta ýtrasta aðhalds í rekstrinum. Áfram verður gerð hagræðingarkrafa á ráðuneytin fyrir almennan rekstur. En eins og hv. þingmaður kom inn á stefnir í að farið verði mjög hressilega fram úr þeirri áætlun sem menn höfðu fyrir yfirstandandi ár og samþykkt var með gerð fjárlaga undir lok síðasta árs.

Þetta er bara staðan og það kann vel að vera að mönnum þyki sárt að hún sé tekin saman og birt opinberlega en menn verða að þola að rætt sé um stöðuna eins og hún er. Hún er þannig að það voru teknar ákvarðanir eftir samþykkt fjárlaganna sem leiða til útgjaldaauka. Það hafa líka verið í farvatninu ýmiss konar hugmyndir sem mundu fela í sér enn frekari útgjaldaauka og svo voru í frumvarpinu forsendur sem ekki ganga eftir eins og til dæmis um hagvöxt. Menn verða að þola að þessi umræða sé tekin og ríkisstjórnin nýja mun samhliða gerð fjárlagafrumvarps (Forseti hringir.) koma með sína eigin langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

[13:36]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra má ekki verða svona ónugur þó að hann sé spurður út í þá stefnu sem ríkisstjórnin fylgir í ríkisfjármálum, því að hún er ekki einkamálið ríkisstjórnarinnar. Við eigum öll mikið undir því að það sé skýr stefna í ríkisfjármálum. Nú síðast í síðustu viku sagði peningastefnunefnd Seðlabankans að hún kæmist ekki í að lækka vexti vegna þess að hún vissi ekki hvert hæstv. fjármálaráðherra væri að fara með jöfnuði í ríkisfjármálum. Þess vegna er eðlilegt að við öll spyrjum.

Síðasta ríkisstjórn var alltaf með fyrirmælin til fagráðuneytanna opinber á vörmaðum — í maí var alltaf vitað eftir hverju verið var að vinna og það voru opinberar upplýsingar. Því er eðlilegt að ég spyrji: Hvaða fyrirmæli er búið að gefa í ráðuneytinum? Ég ítreka þá spurningu. Almenn fyrirmæli um að geta ýtrasta aðhalds? Ja, ég kaupir nú ekki að það sé það sem raunverulega hafi verið sagt við ráðherrana ef hæstv. fjármálaráðherra meinar eitthvað með því að gera alvöruatrennu að jöfnuði í ríkisfjármálum.

Er það rétt að búið sé að leggja til við velferðarráðuneytið að draga þar saman um 3,5 milljarða? Það er talan sem flýgur fyrir. Er það þannig? (Forseti hringir.) Eru það 3,5 milljarðar í velferðarráðuneytinu?

[13:37]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég skil vel að menn vilji vita allt um samtöl ráðherra í milli og kalla eftir upplýsingum um það hvað rætt er formlega eða eftir atvikum óformlega í samskiptum fjármálaráðuneytis og einstakra fagráðuneyta. Það verður hins vegar ekki þannig að það verði allt rekið fyrir opnum tjöldum áður en hugmyndir hafa verið skoðaðar og þær útfærðar með skriflegum hætti í formi fjárlagafrumvarps.

Spurt er: Hver er stefnan? Stefnan er sú að ná auknum hagvexti. Þegar menn horfa til baka og skoða áætlanir sem gerðar voru um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum þá blasir við okkur tiltölulega einföld mynd. Það er skorturinn á hagvexti sem veldur því að við erum enn í hallarekstri. Það er ástæðan fyrir því að ríkissjóður nær ekki endum saman. Töluvert mikils aðhalds hefur verið gætt víða í kerfinu. Það má hafa ólíkar skoðanir á því hvort menn hafi borið niður á réttum stöðum þegar aðhaldskrafan var gerð en það er skortur á hagvexti, á auknum umsvifum, á fjölda nýrra starfa. Stefna nýrrar ríkisstjórnar verður sú að leggja áherslu á vöxt.

**Varamaður tekur þingsæti.**

[13:39]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins um að 7. þm. Reykv. s., Guðlaugur Þór Þórðarson, geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Sigríður Á. Andersen. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

**Óundirbúinn fyrirspurnatími, frh. umr.***Breytt stefna Framsóknarflokksins í velferðarmálum.*

[13:39]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hvort hún taki undir skoðun hv. formanns fjárlaganefndar, Vigdísar Hauksdóttur, um breytta stefnu í velferðarmálum hjá Framsóknarflokknum og hvernig sú stefna er. Eftirfarandi ummæli voru höfð eftir hv. formanni fjárlaganefndar í RÚV 14. júní, með leyfi forseta:

„Vinstri stefna gengur út á það að koma sem flestum á bætur sem dæmi og að það sé verið að flytja til fjármagn með skatttekjum ríkisins og svo eru það alltaf einhverjir háir herrar sem deila því út aftur til baka. Það er svona stefna sem er rekin í þágu Evrópusambandsins sem er ekkert annað er risastór félagsmálastofnun. Þannig að þessari leið ætlu við framsóknarmenn að fara af.“

Mig langar að spyrja: Telur hæstv. ráðherra að unnið hafi verið markvisst að því gegnum árin, með stuðningi Framsóknarflokksins, að koma sem flestum á bætur af einhverjum toga sem ekki hafa haft þörf fyrir stuðning af hálfu velferðarkerfisins? Telur hæstv. ráðherra að sú velferðar-

stefna sem rekin hefur verið í landinu sé vinstri stefna sem Framsóknarflokkurinn vill hverfa frá og taka upp hægri stefnu með aðrar áherslur í velferðarmálum? Og telur hæstv. ráðherra að of hátt hlutfall skatttekna fari í bætur almannatrygginga, barnabætur, vaxtabætur og örorkubætur? Ef svo er, hvar ætlar Framsóknarflokkurinn að draga úr stuðningi í þessum málaflokkum ef það er meiningin?

[13:41]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur fyrir fyrirspurnina. Ég vil benda á að hér er líka liður á dagskrá þingsins sem heitir störf þingsins. Eflaust væri hægt að ræða undir þeim lið við hv. þm. Vigdís Hauksdóttur um orð hennar og áherslur.

Ég vil hins vegar taka það fram — og ég veit það á grundvelli mikils og góðs samstarfs við hv. þm. Vigdís Hauksdóttur — að henni er mjög umhugað um velferðarkerfið og ég held að það einkenni alla þá þingmenn sem sitja hér. Ég hef margtírekað sagt það hér í ræðustól og víða annars staðar að ef það er eitthvað sem einkennir almennt íslenskt samfélag er það áhersla okkar á mikilvægi velferðar, óháð því hvort við teljum okkur tilheyrja vinstri eða hægri flokkum eða flokkum þar á milli.

Hér var haldin stór ráðstefna í tilefni þess að við höfðum útskrifast úr sérstöku verkefni í samstarfi við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn. Það vakti athygli mína að starfsmennirnir þar sögðust hafa fundið einstaka samstöðu um það hér á Íslandi að standa vörð um velferðina, um það að velferð skipti verulega miklu máli. Þeir virtust ekki hafa átt því að venjast í þeim löndum sem þeir höfðu farið inn í og starfað í.

Ég held að það muni heldur aldrei koma að því að nokkur ráðherra sem fer með velferðarmálin komi til með að segja að nægur peningur sé til í það sem snýr að velferðinni. Þessi ráðherra verður ekki sá fyrsti til að segja það.

[13:43]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég gat lesið úr orðum hennar að hún væri ekki sammála hv. formanni fjárlaganefndar og er það vel. En það er nú ekkert lítið ef formaður fjárlaganefndar, sem mótar stefnu fjárlaga fyrir næsta ár, og hæstv. ráðherra velferðarmála eru ekki á sömu línu. Þessir tveir aðilar hljóta að þurfa að tala saman og vera með sömu stefnu í málunum.

Ég gef ekki mikið fyrir það ef hv. formaður fjárlaganefndar er með allt aðra stefnu í ríkisfjármálum en hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar. Menn þurfa að tala eitthvað saman á þeim bænum, sýnist mér, þ.e. að menn séu ekki að fara út og suður með hvað menn ætla að framkvæma og hvað verður til skiptanna á fjárlögum til velferðarmála.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra standi fast á sínu því að hún hefur boðað það að hún ætli að leggja aukna fjármuni í að bæta elli- og örorkulífeyrisþegum það sem tapadist vegna hrunsins, (Forseti hringir.) en mér heyrst á hv. formanni fjárlaganefndar að það sé ekki meiningin.

[13:44]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ábendinguna um það að ég og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir ættum að tala sem oftast saman. Við gerum það reglulega og höfum almennt verið mjög sammála þegar kemur að áherslum í velferðarmálum.

Hv. þingmaður hefur einmitt lagt mikla áherslu á mál-efni öryrkja og aldraðra og ég tel að það muni endurspeglast í því frumvarpi sem kemur fram um breytingar á almannatryggingum.

Ég vil líka taka það fram að ein ástæðan fyrir því að ég treysti mér til að koma fram með frumvarp á sumarþingi um að afturkalla skerðingar er snúa að almannatryggingum grundvallast einmitt á trú minni á þeirri hugmyndafræði að við getum aukið hér hagvöxt með því að útbúa og byggja upp hagstæðara umhverfi fyrir atvinnulíf. Á því grundvallast velferðin.

*Séreignarsparnaður.*

[13:45]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Alþingi hefur rætt um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, sem hæstv. forsætisráðherra flutti á Alþingi, sem er tíu liða áætlun sem sett er fram með tímasettum dagsetningum og því hvaða ráðherra beri ábyrgð á málinu. Allt er þetta gott og góðra gjalda vert og í raun og veru fagnaðarefni vegna þess að, eins og hv. þm. Frosti Sigurjónsson hefur sagt, komist Framsóknarflokkurinn til valda verða skuldamál heimilanna leiðrétt strax. (Gripid fram í.) Hv. formaður fjárlaganefndar upplýsir að það verði í haust og því fagna ég vegna þess að það er ljóst, eins og hér hefur komið fram, að fólk bíður eftir þessu, fólk er hætt að borga af lánunum o.s.frv. vegna þess að það er að biða eftir þeim aðgerðum sem kosningarnar voru unnar á, dýrasta kosningaloforði Íslandssögunnar sennilega, en það er annar handleggur.

Ég ætla hins vegar að spyrja hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra Bjarna Benediktsson, sem jafnframt er formaður Sjálfstæðisflokksins, út í það sem stóð í kosningastefnuskrá þeirra, þ.e. „Forganasmál Sjálfstæðisflokksins á næsta kjörtímabili eru:“ — og svo voru þau nokkur talin upp. Spurning mín lýtur að ákvæðinu um skattfrjálstan séreignarsparnað sem getur runnið inn á húsnæðislán vegna þess að það er ekki sjá að það sé hér inni. Hvað varð um séreignarsparnaðarleið Sjálfstæðisflokksins? Af hverju er hún ekki með jafn mikið vægi í þessari tíu leiða áætlun og aðrar áætlanir sem hér eru inni?

[13:47]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir fyrirspurnina frá hv. þingmanni. Það sem vísað er til í umræddri þingsályktunartilögu er sérstaklega í einum lið og snýr að höfuðstólslækkunum húsnæðisskulda. Eins og fram kemur í þingsályktunartilögunni er þeim hópi sem skoðar þann þátt sérstaklega

ætlað að skoða mismunandi leiðir og má lesa úr greinargerð undir þeim lið að þar eru menn opnir fyrir ólíkum útfærslum. Eitt af því sem kemur til álita þar er að beita skattasparnaði út af séreignarsparnaðinum sérstaklega til að ná þessu markmiði. Þá gætu menn nýtt sér það sem lagt hefur verið til hliðar í séreignarsparnað til niðurgreiðslu á höfuðstól skulda og fengið tekjuskattinn felldan niður varanlega. Þetta er ein leið til að ná markmiðinu. Þetta væri hægt að gera í sérstakri lagasetningu næsta vetur þannig að það gæti mögulega haft afturvirk áhrif. Þá er ég að vísa til þess sparnaðar sem safnast hefði upp frá og með kosningum, til dæmis, ásamt með ávöxtun, að hann væri hægt að nýta í þessum tilgangi ef menn veldu þá leið.

Það er samspil þessara leiða sem verður sérstaklega skoðað í viðkomandi nefnd, þ.e. sú leið að nota séreignarsparnaðinn til að ná niður höfuðstólum, sú leið að fá skattafslátt vegna tekjuskattsgreiðslna af tekjum og eftir atvikum sérstök niðurfærsla sem fjármögnuð yrði með sérstökum hætti.

Svarið við spurningunni er að séreignarsparnaðarleiðin verður til skoðunar ásamt með öðru.

[13:49]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. efnahags- og fjármálaráðherra fyrir þetta svar. Ég túlka það þannig að þó svo að sá mikilvægi þáttur sem þarna er nefndur og var eitt af aðalatriðum Sjálfstæðisflokksins við skuldavanda heimilanna sé ekki settur fram í þessari aðgerðaáætlun hafi hann samt sem áður það vægi sem þarf til skoðunar. Óneitanlega vekur það athygli að í þessum tíu punktum er miklu meira fastsett með tímaáætlun og hvaða ráðherra beri ábyrgð en þetta tiltekna atriði sem ég er að spyrja hér út í.

Áður hefur verið talað um að þeirri áætlun sem sett er fram skuli ljúka í hausti vegna þess, eins og ég sagði hér áðan, að fólk bíður, en það sem kemur upp í hugann bæði þegar maður les stjórn málaályktanir og stefnuskrár sem við verðum auðvitað öll að gera hjá öllum flokkum þá rifjast upp fyrir mér landsfundur Sjálfstæðisflokksins í febrúar, engar nefndir, enga starfshópa, (Forseti hringir.) aðgerðir strax. (Forseti hringir.) Það virðist hafa horfið (Forseti hringir.) og þurft að setja þetta allt saman í (Forseti hringir.) nefndir og starfshópa.

[13:51]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt þegar við náum að eiga málefnalega umræðu í þinginu. Þá skemmir ekki fyrir þegar menn tefla fram sínum eigin hugmyndum þannig að við getum verið að skylmast svoltiði á grundvelli hugmyndafræðinnar um það hvor leiðin sé betri til að ná tilætlunum árangri. Mér finnst afskaplega lítið hafa farið fyrir því hjá stjórnarandstöðunni að setja fram hugmyndir um það hvemig eigi að takast á við vandann. Reyndar verð ég að segja alveg eins og er að ég er farinn að efast um að stjórnarandstaðan telji nokkurn vanda vera til staðar yfir höfuð.

Varðandi það að ekki hafi þurft nefndir eða ráð til að

grípa til aðgerða þá stend ég við það sem ég sagði á tilvitnuðum fundi, nefnilega að ef leið Sjálfstæðisflokksins hefði verið valin ein og sér hefði í sjálfu sér ekki þurft að ræða það frekar en við störfum hér á þinginu með samsteypu-stjórn og menn ræða sig niður á niðurstöðu. Á endanum verður það síðan þingsins að taka ákvörðun með lagasetningu (Forseti hringir.) en útfærsluna eins og við kynntum hana hefði verið hægt að setja (Forseti hringir.) í framkvæmd án frekari tafar.

*Breyting á lögum um veiðigjöld.*

[13:52]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir síðast, á ágætum fundi um makrílmálið í utanríkismálanefnd í morgun. Það er hins vegar annað mál sem ég ætla að eiga orðastað við hæstv. ráðherra um í dag, það er mál sem hæstv. ráðherra mælti fyrir hér fyrir þjóðhá-tíð, frumvarp um veiðigjöld, sem enn er til 1. umr. í þinginu.

Samkvæmt gildandi lögum um veiðigjald á sérstaka veiðigjaldið að vera 23,20 kr. í botnfisksveiðum og 27,50 kr. á uppsjávarfisk í þorskígildistonnum talið, en miðað við það frumvarp sem hér liggur fyrir sýnist mér að sérstaka veiðigjaldið á botnfisk verði tæpar 3 kr. nettó og um 35 kr. á uppsjávarfisk.

Þrátt fyrir mikla lækkun á gjaldinu er samt sem áður gert ráð fyrir miklum afslætti til viðbótar vegna skulda eða kaupa á aflaheimildum en samkvæmt kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins er um að ræða tæpa 2 milljarða kr. í sérstakan afslátt. Botnfisksútgerðin fær að auki alla aukninguna á nýju fiskveiðiári í sinn hlut og borgar ekki nema inn- an við 3 kr. í sérstakt veiðigjald af því.

Getur ráðherrann staðfest að vegna mun betri afkomu af nýtingu auðlindarinnar á næsta ári hefði veiðigjaldið orðið mun meira en gert hafði verið ráð fyrir, jafnvel svo að tekjurnar yrðu 3–4 milljörðum meiri en ráð var fyrir gert? Er þá ekki ljóst að tekjutap fyrir ríkissjóð er þeim mun meira en sem fram kemur í frumvarpinu?

Er ekki einnig ljóst í huga ráðherrans að það er engin eining innan greinarinnar milli uppsjávar- og botnfisksútgerða vegna þessa frumvarps?

Getur hæstv. ráðherra gert þinginu nákvæmlega grein fyrir samráðinu við veiðigjaldsnefndina vegna þessa máls, sem er áskilið samkvæmt lögum? Var hún til að mynda höfð með í ráðum og hver er hlutur hennar í útfærslu og útreikningum sem frumvarpið byggir á?

[13:55]

#### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Þór Sigurðs- syni þessa fyrirspurn. Hún kom reyndar upp hér í þinginu fyrir helgi þegar ég mælti fyrir frumvarpinu, ekki síst hvað varðaði samráð við veiðigjaldsnefndina. Ég upplýsti þá og get gert það aftur í dag að það var gert með þeim hætti að þegar ég kom í ráðuneytið var ljóst að bregðast þyrfti við því að þau lög sem ella áttu að taka gildi 1. september, eins

og þingmaðurinn veit, voru óframkvæmanleg. Það var ekki hægt að leggja gjaldið á samkvæmt þeim frá og með næsta fiskveiðiári þannig að það þyrfti að bregðast við. Ég sagði hér fyrir helgina að það hefði ekki skipt nokkru máli hvaða ríkisstjórn hefði komið að málum, í þessum sal hefði akkúrat verið fjallað um veiðigjöld á þessum tíma. Þess vegna kallaði ég veiðigjaldsnefndina fyrir strax og hún var með í ráðum frá fyrstu mínútu, vil ég segja, og til þeirrar útfærslu sem síðan lá fyrir í frumvarpinu, þannig að samráð samkvæmt lögum og samkvæmt því sem skynsamlegt er, að hafa samráð við þá sem hafa verið á kafi í málinu frá því fyrir einu ári, var fullkomið.

Varðandi það sem hv. þingmaður kom hér inn á og sam- anburð við tölur yfirstandandi árs og þess sem þær hefðu hugsanlega getað orðið ef lögin hefðu tekið gildi, og að um 50% skattur hefði verið tekinn af útgerðinni áður en kom til fjármagnsliða, eins og til stóð, þá hefðu þær tölur orðið umtalsvert hærri. Þær hefðu m.a. í uppsjávarhlutanum orðið um 71 kr. alls. Því er það mikið undrunarefni og við höfum skoðað það í ráðuneytinu og ég spurði hér fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, hv. þm. Steingrím J. Sigfús- son, hvernig á því stæði að þessi tala vegna yfirstandandi árs væri 27,50 en ekki umtalsvert hærri miðað við að þá átti hún að vera um 45% (Forseti hringir.) af svokölluðum um- framhagnaði.

[13:57]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið, svo langt sem það nær. Það er þá ljóst að í hans huga var fullt samráð haft við veiðigjaldsnefndina, hann fullyrðir það a.m.k. hér. Hins vegar var því ekki svarað sérstaklega með tekjurnar hverjar þær hefðu orðið miðað við bætta afkomu í greininni, en ég hef ástæðu til að ætla að þær hefðu verið kannski 3–4 milljarðar í viðbót í tekjum.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það hefði verið fyrirjáan- legt að það þing sem nú er að störfum, óháð því hvaða rík- isstjórn hefði verið við völd, mundi ræða veiðigjöld. Það kann vel að vera rétt en það er ekki víst að menn hefðu þá verið að ræða um 10 milljarða kr. afslátt af veiðigjöldunum ef einhver önnur ríkisstjórn hefði verið við völdin og það er það sem verið er að gera hér og nú.

Þegar ráðherrann segir að lögin hafi ekki verið fram- kvæmanleg og leita hefði þurft einhverra heimilda til að skjóta styrkari stöðum undir stofnanir sem þurfa að afla upplýsinga þá liggur nú fyrir frumvarp á dagskrá í dag um Hagstofuna. Það hefði kannski verið hægt að fara þá leið og afla þeirra heimilda (Forseti hringir.) sem ráðherrann telur nauðsynlegar án þess að gefa milljarða á (Forseti hringir.) milljarða ofan í afslátt af veiðigjaldinu.

[13:58]

#### Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega þannig, eins og hv. þingmaður endaði hér ræðu sína, að tala um hvort ekki hefði verið hægt að gera breytingar á lögum um Hagstof- una, að þá verður aftur að leita í smiðju fyrrverandi sjávar- útvegsráðherra og spyrja: Af hverju var ekki búið að því?

Þær upplýsingar lágu fyrir frá veiðigjaldsnefnd allt frá því í desember 2012 að ekki yrði hægt að leggja veiðigjald á samkvæmt þeim lögum sem fyrirverandi ríkisstjórn kom með inn í þingið og keyrði í gegn á vordögum 2012, í hálfst ári. Þess vegna varð að bregðast við. Það var sem sagt ekki hægt, (Gripið fram í.) ég vil upplýsa hv. þingmann, og þess vegna leituum við annarra leiða.

Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að væri sú ríkisstjórn sem áður sat við völd hefði hún væntanlega haldið áfram á sömu braut og dregið allan mátt úr nýsköpun og fjárfestingargetu sjávarútvegsins hringinn í kringum landið með tilheyrandi landsbyggðarskatti sem (Forseti hringir.) núverandi ríkisstjórn er einmitt að snúa við til þess að nýsköpun og fjárfesting (Forseti hringir.) fari af stað en engu síður skili sjávarútvegurinn góðum tekjum í ríkiskassann.

#### *Dreifiveita og raforka til garðyrkjubænda.*

[14:00]

#### **Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra varðandi orkukostnað ylræktarstöðva.

Íslenska grænmetið er á margan hátt einstök afurð sem framleidd er í hreinu og heilnæmu umhverfi með sjálfbærum orkugjöfum. Ylrækt er í örur vexti. Hún er atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi grein sem þarf að vaxa og skapa fleiri betur launuð störf í framtíðinni. Ég efast ekki um að við viljum öll styðja við bakið á þeirri þróun og framleiðslu vörunnar.

Ylræktarstöðvar kaupa mikla orku til starfseminnar. Rafmagnskostnaður ylræktar hefur hækkað langt umfram vísitölu en þar munar mestu um kostnað við dreifingu en á þeim markaði ríkir engin samkeppni. Orkukostnaðurinn hefur hins vegar hækkað minna vegna samkeppni á þeim markaði.

Í uppsveitum Árnassýslu hefur nú verið stofnað félag sem hefur það að markmiði að tryggja notendum sínum orku á lægra verði en almennt gerist á raforkumarkaði í dag. Frá árinu 2008 hefur rafmagnskostnaður ylræktarstöðva hækkað um 43% en vísitalan um 23% samkvæmt þeim upplýsingum sem mér voru gefnar. Það er nú til skoðunar að félagið reisi sérstakt dreifikerfi við hlið dreifikerfis Raríks sökum þess að sú gjaldskrá sem Rarík notast við er óhagstæð fyrir greinina og tekur ekki tillit til þess að um er að ræða stórnotendur sem kaupa mjög mikla orku. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef gæti slíkt dreifikerfi kostað um 600 millj. kr. ef það yrði greitt niður á innan við áratug og verið töluverð kjarabót fyrir garðyrkjubændur. Hér er verkefni sem þarf að skoða sem fyrst.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki óeðlilegt að það geti verið hagstæðara að byggja sjálfstæða dreifiveitu með ærnum tilkostnaði og umhverfisáhrifum við hlið núverandi dreifikerfis sem allt er í eigu ríkisins og hvort til greina komi að ganga til samninga við garðyrkjubændur á þeim grunni sem þeir hafa óskað um lækkun kostnaðar.

Eins spyr ég hæstv. ráðherra hvort (Forseti hringir.) ekki sé rétt að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að gera sérstaka gjaldskrá fyrir orkusækin (Forseti hringir.) smá og millistór fyrirtæki í ylrækt og þörungarækt, (Forseti hringir.) um leið

gæti ríkisstjórnin sent skýr skilaboð til minni og meðalstórra fyrirtækja (Forseti hringir.) um stuðning við greinina.

[14:03]

#### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn og fyrir að vekja athygli á þessu máli sem mér er vel kunnugt, ekki bara í mínu nýja embætti heldur einnig af samskiptum mínum við garðyrkjubændur og talsmenn þeirra á síðasta kjörtímabili sem þingmaður Suðurkjördæmis, en þeir hafa verið duglegir að minna á sig. Þeir hafa þegar komið á fund til mín í ráðuneytinu og ég veit til þess að þeir hafa einnig heimsótt hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra vegna þessa máls.

Ég get upplýst að það er mikill vilji hjá mér og ég veit að það er mikill vilji hjá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra að koma til móts við þessa atvinnugrein vegna þess, eins og hv. þingmaður lýsti vel, að þetta er mjög mikilvæg atvinnustarfsemi. Garðyrkjubændur eru að gera þarna alveg skínandi góða hluti, hafa stóreflt framleiðsluna og eru að leggja grunn að fjölmörgum tækifærum sem við vitum öll að munu koma til með að skapa verðmæti, spara innflutning og tryggja að okkar góðu afurðir verði á boðstólum.

Varðandi spurninguna, sem hv. þingmaður nefndi um dreifiveiturnar sem þeir í uppsveitum Árnassýslu hafa verið að undirbúa, þá tel ég að það hafi verið hálfgerð örþrifarad hjá þeim sem varð ekki síst til að vekja athygli á þeirri skekkju sem hv. þingmaður fór vel yfir. Ég tel enga skynsemi í því að leggja og búa til annað kerfi til hliðar við það sem við höfum vegna þess að einn gallinn á því væri líka sá að það mundi hækka verðið til þeirra sem eftir yrðu í kerfinu þannig að af þessu hlytist ekkert hagræði. Ég tel (Forseti hringir.) sjálfsagt mál og hef í raun greint garðyrkjubændum (Forseti hringir.) frá því að við munum finna í sameiningu lausn (Forseti hringir.) á þeirra málum og tryggja rekstrarstöðu þeirra til framtíðar.

[14:05]

#### **Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka svör ráðherrans og treysti því að þessi mál fari í góðan farveg. Hérna er um gríðarlega mikið hagsmunamál að ræða. Ylrækt er grein sem við þurfum að efla og leggja ríka rækt við og ég treysti ráðherranum manna best til að koma því til skila.

[14:06]

#### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að beta en vegna þess hversu hart hæstv. forseti barði í hjölluna þegar ég var að ljúka máli mínu hér áðan vildi ég bara ítreka það sem ég sagði í lokin, að bæði ég og hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra höfum hitt garðyrkjubændur og greint þeim frá því að við munum leggja okkur fram um að finna lausn á umkvörtunum þeirra vegna þess að þetta er afar mikilvæg atvinnugrein og oft nefnd sem dæmi um þetta „eithvað annað“ sem við viljum byggja



undir. Ég vildi koma þessu skýrt á framfæri án bjölluundirleiks hæstv. forseta.

### **Sérstök umræða.**

Aherslur nýrrar ríkisstjórnar í ríkisfjármálum.

[14:07]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir að skapað er svigrúm fyrir þessa umræðu sem bæði þingflokkar Vinstri grænna og Samfylkingar höfðu óskað eftir. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að reyna að öðlast yfirsýn og reyna að horfa á heildarmyndina hvað ríkisfjármálin varðar en ekki bara takast hér á um einstök frumvörp eða einstaka þætti. Ég veit að hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra er sömu skoðunar og fagnar þessu tækifæri, samanber það sem hann sagði í óundirbúnum fyrirspurnatíma hér í vikunni.

Við höfum ekki mikla leiðsögn um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir í ríkisfjármálum annað en þær brotakennu myndir sem birtast í einstökum frumvörpum. Samstarfsyfirlýsing flokkanna er afar fáorð í þessum efnunum. Enginn kafli er þar helgaður ríkisfjármálum þó að í sjálfu sér sé ekkert út á það að setja sem þar stendur eins og að agi og jafnvægi í ríkisfjármálum gegni lykilhlutverki við að tryggja stöðugleika, lægri vexti og litla verðbólgu og að markvisst þurfi að vinna að því að lækka skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Hver tekur ekki undir þetta? En við erum í sjálfu sér ekki miklu nær, því miður.

Hæstv. ríkisstjórn hélt blaðamannafund á dögum og taldi þar að hún væri að uppgötva þann sannleik að viðskilnaðurinn, staðan og horfur í ríkisfjármálum, væri lakari en þeir höfðu þá átt von á, væntanlega í góðri trú sinni á ráfarandi ríkisstjórn. Ég fór að skoða þessi plögg og það vakti athygli mína að á blaðamannafundinum sem haldinn var 12. júní voru ekki einu sinni notuð nýjustu gögn frá ríkisstjórninni sjálfri eða ráðuneytum hennar um afkomu ríkissjóðs. Það er augljóst að verið er að reyna að dekkja þessa mynd samanber það að þarna er talað um að lakari innheimta á fyrsta ársfjórðungi ársins hafi leitt til þess að tekjuáætlun sé endurskoðuð; fyrsta ársfjórðungi, fyrstu þremur mánuðum ársins.

Þetta er 12. júní en 28. maí kemur fjögurra mánaða uppgjör ríkissjóðs og hvað stendur þar? Þar stendur að staða handbærs fjár frá rekstri batni miðað við sama tímabil 2012, sé neikvætt um 4,3 milljarða en var neikvætt um 6,1 milljarð 2012. Tekjur hækka um 7,1 milljarð milli ára. Gjöld jukust um 5,6 milljarða kr. Þessi útkoma er betri en áætlað var þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé yrði neikvætt um 6,3 milljarða kr. Og neðar stendur að í grófum dráttum teljist tekjur ársins því á áætlun og ljóst sé að það neikvæða frávik sem fram hafi komið í greiðsluafkomu fyrsta ársfjórðungs hafi að mestu gengið til baka. En samt er þessi sami fyrsti ársfjórðungur notaður á blaðamannafundi 12. júní, tæpum hálfum mánuði eftir að fjórir mánuði eru komnir í hús en ekki bara þrír.

Þetta finnst mér ekki fullkomlega vönduð vinnubrögð. Stóra málið er auðvitað það hvað stendur til hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnunum. Auðvitað eru forsendur fjárlaga

aldrei klappaðar í stein. Auðvitað verða frávik. Auðvitað eru veikleikar í fjárlögum og hafa alltaf verið og ég veit ekki betur en fjármálaráðuneytið keyri lista með 25 til 30 stofnunum sem eru vaktadar reglulega vegna þess að menn hafa áhyggjur af því að þær kunni að fara fram úr. Það er framkvæmdarvaldsins að takast á við slíkt, fylgjast með framvindu mála og bregðast þá við eftir atvikum. En það er fátt sem bendir til annars, enn sem komið er sem betur fer, en að forsendur fjárlaga haldi í aðalatriðum eins og þær voru lagðar niður. Sumt er jákvætt og annað síður jákvætt sem breyst hefur frá því að við afgreiddum fjárlög í desember.

Ég skal nefna þrjá jákvæða hluti. Atvinnuleysi lækkar núna hraðar en spár höfðu gert ráð fyrir; 4,3% í maí er lægri tala en við áttum von á. Tölur af stærðinni 3,6–3,8% í júní verða auðvitað mikið fagnaðarefni borið saman við það sem við sáum áður. Ferðaþjónustan hefur aukist meira að umsvifum í vetur og horfur yfir árið í ár eru betri en spár gerðu ráð fyrir og voru þær þó glæsilegar. Þorskeiðikvótinn verður væntanlega aukinn um 20 þús. tonn núna innan fárra vikna.

Annað er neikvæðara eins og spár um heldur minni hagvöxt á þessu ári á Íslandi eins og reyndar í gjörvallri Evrópu. Spurningar mínar til hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra eru fyrst og fremst þessar: Hversu stórt gat hefur ríkisstjórnin þegar ákveðið í fjárlög yfirstandandi árs með þeim frumvörpum sem hún er búin að leggja fram eða hyggst leggja fram næstu ár? Við erum komin í 4 milljarða í tekjutap með frumvörpum sem liggja fyrir. Hvað er í vendum og hversu stórt verður þetta gat á árinu 2014? Ætlar ríkisstjórnin að halda við markmið um hallalaus fjárlög með afgangi 2014 og hvernig ætla hún þá að fara að því?

Þetta er ósköp einfalt. Þetta eru engin geimvísindi. Þetta eru tekjur og þetta eru útgjöld. Þetta er debet og þetta er kredit. Má ég frábiðja mér allar Laffer/vúdu-hagfræðikenningar í þessum efnunum. Þetta er bara einfalt og ég vona að hæstv. fjármálaráðherra gerist maður raunsæis þegar hann fer að glíma við þessi mál. Og sérstaklega mundi ég í sporum hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) vera sár á allar tekjur sem ríkið er að missa út (Forseti hringir.) við þessar aðstæður.

[14:12]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Eins og aðrir þakka ég líka fyrir að þessi umræða fari fram vegna þess að það skiptir máli að fara vandlega yfir þessa stöðu. Ráfarandi ríkisstjórn lagði mjög mikið á sig til að loka stóru fjárlagagati, upp á 216 milljarða, sem hún tók við á síðasta kjörtímabili. Það var ekki gert út í bláinn, það var gert vegna þess að undirstaða þess að við getum farið að spretta úr spori sem samfélag er að ríkisvaldið standi sig og loki fjárlagagatinu. Eingöngu þannig getum við farið að horfa til afnáms hafta og eingöngu þannig getum við farið að horfa til alvöruvaxtar í íslensku samfélagi. Þess vegna var þetta hjartað í efnahagsstefnu ráfarandi ríkisstjórnar.

Nú lítur út fyrir að sú ríkisstjórn sem nýlega er tekin við, ríkisstjórn hægri flokkanna, ætli að víkja af þeirri braut. (Gripid fram í.) Allt lítur út fyrir það og við því þurfum við

að fara að fá svör. Allar aðgerðir hennar hingað til og allt sem sagt hefur verið bendir til þess og segir okkur að ríkisstjórnin ætli sér ekki að standa við áætlanir um að byrja að greiða niður skuldir strax á næsta ári. Það þykir mér metnaðarleysi og ekki síst þegar menn eru hér að draga fram liði sem ástæður fyrir því að þeir telji sig ekki geta þetta, sem eru liðir sem ríkisstjórnir á hverjum einasta tíma þurfa að vinna að að halda innan ramma fjárlaga, þ.e. að stofnanir og fjárlagaliðir haldist á áætlun. Ég vorkenni þessari ríkisstjórn ekkert að þurfa að kljást við það verkefni þó að hún kveinki sér undan því en það er ríkisstjórnar á hverjum tíma að tryggja að menn fari ekki fram úr.

Virðulegi forseti. Árangurinn hefur verið þó nokkur hingað til og mér þykir mjög miður ef menn ætla að fara að víkja af þessari braut. Ávöxtunarkrafa og álag fyrir Ísland hefur farið lækkanði vegna aukinnar tiltrúar á Íslandi út af aðgerðum í ríkisfjármálum. Það er óumdeilt og sú óvissa sem ummæli forustumanna nýrrar ríkisstjórnar hafa skapað er óþolandi, hún er óþolandi fyrir þá aðila sem þurfa til dæmis að fjármagna sig erlendis. Þetta er óþolandi fyrir íslenskt atvinnulíf og út úr þessari óvissu þurfum við að komast. Við þurfum að fara að fá skýr svör um það á hvaða braut menn ætla að halda sig.

Forustumenn hæstv. ríkisstjórnar stígu út úr stjórnarmyndunarviðræðunum með miklar yfirlýsingar um að þeir hefðu fundið risastórt gat á fjárlögum. Þegar við gengum til kosninga, ríkisstjórnarflokkarnir fyrrverandi, þá var það algjörlega klárt, við sögðum það, að við gátum ekki lofað neinu vegna þess að staðan í ríkisfjármálum væri enn þá viðkvæm. Staðan var í járnnum og hún er enn í sömu járnnum. Það þarf vinnu til að halda sér innan ramma fjárlaga og það þarf að leggja ýmislegt á sig til að ná þeim markmiðum. En mér heyrst á öllu að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að leggja það á sig sem til þarf.

Virðulegi forseti. Ég velti því líka fyrir mér hvers vegna ný ríkisstjórn og forustumenn hennar leggja svona mikið á sig og fara í þann leiðangur að tína til mjög sérstaka þætti ríkisfjármálanna, sem ávallt má telja til veikleika, til þess að búa þetta gat til. Ég velti því fyrir mér hvort menn séu með þessu að undirbúa samfélagið og markaðina undir afleiðingar þess að auðlindagjaldið á sjávarútveginn verði lækkað um 6,4 milljarða á ársgrundvelli eins og liggur fyrir hér í þinginu og undir afleiðingar þess að auðlegðarskattur og önnur slík gjöld verði afnumin.

Virðulegi forseti. Það er ekki að spyrja að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Öllu gegru var lofað fyrir heimilin. Núna er það svo flókið að það þarf að setja þetta allt í nefnd en mönnum þykir ekki jafn flókið að koma hér inn með lækkanir upp á 6,4 milljarða á sjávarútveginn eða yfirlýsingar um að auðlegðarskatturinn verði ekki framlengdur. Það þykir mönnum hið einfaldasta mál. Þessi stefna núverandi ríkisstjórnar mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar ef ekki verður horfið frá henni og aftur farið inn á þá braut að loka fjárlagagatinu og fara að greiða niður skuldir.

Jákvæðar fréttir berast úr fjármálaráðuneytinu samhliða blaðamannafundum ríkisstjórnarinnar sem eru þær að við erum á áætlun. Ég sé því ekki að verkefnið ætti að vera nýrri ríkisstjórn erfitt, það er að segja að halda áfram á þeirri braut að ná jöfnuði og hefja niðurgreiðslu skulda. Nú

þurfum við að fá skýr svör frá hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra: Hvenær ætla menn að byrja niðurgreiðslu skulda ríkisins?

[14:18]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til að ræða stöðuna í ríkisfjármálum í sérstakri umræðu hér á þinginu, þakka fyrir að tekinn hafi verið frá tími til þess. Ég fagna tækifærinu til að eiga orðastað við þá sem sérstaklega hafa viljað tjá sig um þessi mál og spyrja okkur sem nýtekin erum við spurninga. Menn geta haft skoðanir á því hvort til efni hafi verið til að taka saman stöðuna eins og við ákváðum að gera, ég og forsætisráðherra, og efna til blaðamannafundar til að skýra frá því hvar við stöndum í dag. En við töldum rétt, skynsamlegt, eðlilegt og bara heiðarlegt að gera það og við höfum tiltekið sérstaklega þá þætti sem við teljum að hafi verið merki um ákveðna veikleika þegar við komum í Stjórnarráðið.

Hér hefur verið komið inn á að mjög miklar sveiflur geti orðið í innheimtumálum hjá ríkissjóði og eftir fjóra mánuði geti staðan litið öðruvísi út en eftir þrjú mánuði. Það kann vel að vera rétt en þegar saman er tekið verður ekki komist hjá því að viðurkenna veikleikana sem við blasa og þeir liggja til að mynda í því að teknar hafa verið nýjar ákvarðanir eftir að fjárlög voru samþykkt sem munu leiða til útgjaldaauka. Hér hefur verið gert ráð fyrir að við mundum hafa tekjur af arði og sölu eigna á fjármálaframtækjum sem munu ekki ganga eftir og það gildir ekki bara fyrir þetta ár heldur líka næsta ár. Ekki er heldur hægt að horfa fram hjá því að staðan blasir þannig við okkur, þegar við komum að málum, að það stefni í talsvert mikla framúrkeyslu. Þá erum við að horfa til þess að það stefni í framúrkeyslu hjá stofnunum ríkisins á þessu ári upp á kannski 6 milljarða ef ekkert verður að gert. Það er þá til viðbótar við uppsafnaðan vanda sem víða er hjá stofnunum ríkisins. Þannig bætist sá vandi við þann sem var fyrir.

Við töldum rétt að nefna þetta strax og við áttuðum okkur á því hvernig staða ríkissjóðs er. Við höfum jafnframt bent á að búast megi við því að gjaldfæra þurfi framlagið til Íbúðalánasjóðs sem gert er ráð fyrir í fjárlögum sem eigin fjárframlagi til sjóðsins, að vegna bágrar stöðu hans stefni í að gjaldfæra þurfi það framlag að fullu á yfirstandandi ári. Ef mönnum þykir þessi umræða óþægileg þá verður bara svo að vera en svona blasir staðan við okkur.

Hér er mikið talað um að ný ríkisstjórn taki við alveg sérstaklega góðu búi og að mikill árangur hafi náðst. Hallinn á ríkissjóði á yfirstandandi ári er sannarlega mun minni en hann var þegar fráfarandi ríkisstjórn tók við. Það er alveg rétt. Það voru mjög erfiðar aðstæður sem menn tóku við á þeim tíma en hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því, ef menn vilja á annað borð tala um árangur, hvernig tekist hefur á undanföllum árum að standast fjárlög og það er það sem við reðdam á blaðamannafundinum sem menn láta fara í taugarnar á sér.

Stefnir í að fjárlög standist? Þau stóðust ekki fyrir árið 2009, ekki fyrir árið 2010, ekki fyrir árið 2011 og ekki heldur fyrir árið 2012. Árið 2011 sagði fráfarandi ríkis-

stjórn að hún væri búin að ná frumjöfnuði. Það stóðst ekki, það vantaði nokkra tugi milljarða upp á. Samtals er hallinn á ríkissjóði upp undir 400 milljarðar frá árinu 2009, uppsafnað, og verulega mikið vantar upp á það á hverju einasta ári að áætlanir í ríkisfjármálum gangi eftir.

Þessi staða virðist enn og aftur vera uppi á teningnum, það er að segja menn ganga frá fjárlögum undir lok árs þar sem of mikillar bjartsýni gætir og síðan slá menn sér upp á forsendum áætlana sem aldrei hafa gengið eftir. Þeir koma ár eftir ár og benda á árangurinn sem er fyrst og fremst skriflegur í skjölunum en ekki í raunveruleikanum þegar upp er staðið. Mér finnst ekki nema eðlilegt að þetta sé tiltekið hér sérstaklega.

Það vekur líka athygli mína þegar verið er að færa fram athugasemdir vegna fram kominna frumvarpa frá ríkisstjórninni, sem er nýtekin við, og menn segja að muni leiða til verri afkomu ríkissjóðs, að á sama tíma koma fram frumvörp frá hinum sömu sem munu líka leiða til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ég nefni til dæmis nýframkomid frumvarp frá þingmönnum Samfylkingarinnar um endurbætur á almannatryggingakerfinu sem mun kalla á stigvaxandi útgjaldaauka. Þegar hann verður að fullu kominn til framkvæmda má gera ráð fyrir að útgjöld vaxi um 20 milljarða á ári; og ekki hefur verið lögð nein sérstök vinna í að útskýra hvernig ríkið eigi að mæta þeim mikla útgjaldaauka sem í því fælist.

Hér er spurt að því hversu stórt gatið verði á árinu 2014. Þetta er kjarni þeirrar vinnu sem við erum rétt að hefjast handa við að fara í, það er að segja að koma saman fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014. Það frumvarp verður lagt fram í haust. Ég skil vel að menn vilji helst fá það í dag eða á morgun en það verður ekki til nema með sameiginlegu átaki allra ráðuneyta og eftir mjög mikla vinnu í fjármálaráðuneytinu eins og alltaf hefur átt við. Ég get því ekki svarað þeirri spurningu hér og nú með öðrum hætti en þeim sem ég gerði hér í þingsal í síðustu viku, þ.e. að við munum leggja okkur öll fram um að lágmarka hallann og reyna að halda við markmiðið um hallalaus fjárlög á árinu 2014. En það er mun meira krefjandi verkefni en ég hefði fyrir fram ætlað, m.a. vegna þeirra veikleika sem ég hef farið hér yfir.

Sá vandi sem við glífum við verður ekki leystur með sífellt meiri skattbyrði og efnahagsvandinn sem við glífum við er ekki heldur bundinn við Ísland eitt. Þetta er sameiginlegt vandamál margra Evrópuríkja og segja má að um sé að ræða sameiginlegan vanda víða um heim. Þessi vandi er nú til umræðu á fundi leiðtoga G8-ríkjana á Norður-Írlandi. Send var ályktun frá þeim fundi eftir umræður morgunsins. Þar er lögð áhersla á peningastefnu sem treystir stöðugleika og uppbyggingu, það vill ríkisstjórnin jafnframt gera. Þar er lögð áhersla á að ná jafnvægi í ríkisbúskap til lengri tíma, við stefnum að því að gera það líka. Þar er einnig lögð áhersla á kerfisumbætur til að bæta sjálfbæran vöxt og lífskjör til langs tíma, sem er mjög í samræmi við það sem segir í stjórnarsáttmálanum.

Leiðtogar G8-ríkjana leggja áherslu á samkeppnishæfni, á mikilvægi þess að halda lánaleiðum vel virkum til að greiða fyrir fjárfestingu og á að auka traust. Allt eru þetta liðir sem við í nýrri ríkisstjórn viljum leggja sérstaka áherslu á. Og á þessum fundi G8-ríkjana er sérstaklega

rætt um mikilvægi vaxtar. Mér sýnir, þegar við horfum til baka, að sú hagræðing sem átt hefur sér stað í ríkisrekstrinum, eða það aðhald sem stundað hefur verið, hafi skilað þó nokkuð miklum árangri.

Ég hef deilt á það með hvaða hætti það aðhald var framkvæmt, það hafi um of verið á framkvæmdahliðinni og of lítið á rekstrarhliðinni. En heilt yfir hefur tekist ágætlega að halda útgjaldavextinum samleiga í skefjum. Á tekjuhliðinni vantar hins vegar verulega mikið upp á. Ef áætlanir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefðu gengið eftir, ef okkur hefði tekist að skapa hvetjandi umhverfi á Íslandi, ef við værum laus úr viðjum haftanna, gjaldeyrishaftanna, ef okkur hefði tekist að hvetja menn áfram til nýrrar fjárfestingar — peningarnir eru vissulega til staðar, við sjáum það til dæmis á því sem er að gerast á verðbréfamörkuðum — ef okkur hefði tekist þetta hefði hugsanlega verið hér aukinn hagvöxtur. Og hvaða staða væri þá uppi? Ef hagvaxtarspár hefðu gengið eftir, vætningar um hagvöxt þessi ár sem nú eru nýliðin, værum við ekki að ræða um neitt fjárlagagat. Þá værum við búin að ná þessum jöfnuði. Vandinn liggur fyrst og fremst tekjumegin og það er þess vegna sem við leggjum svo mikla höfudáherslu á að senda réttu skilaboðin út í samfélagið til þess að ná þessari fjárfestingu fram, fjárfestingu sem er algjörlega í frystinum í stórum atvinnugreinum eins og til dæmis í sjávarútvegi.

Það hefur líka verið of lítil fjárfesting í orkufrekum iðnaði, við komum hingað í þingið með frumvarp sem snertir ferðaþjónustuna og samkeppnishæfni hennar. Við höfum fengið gagnrýni fyrir að gefa af tekjum ríkissjóðs, eins og sumir vilja orða það, en í okkar huga erum við að bæta samkeppnisstöðu mikilvægrar greinar. Menn geta horft á virðisaukaskattinn og sagt: Ja, við hefðum frekar viljað fá 14% af gistingunni. En við erum að skoða þetta í miklu stærra samhengi. Við erum að reyna að viðhalda samkeppnishæfni greinar sem mun skila tekjum eftir mjög mörgum öðrum leiðum en virðisaukaskattinum. (Forseti hringir.) Í því stóra samhengi munum við vinna að ríkisfjármálaáætlun okkar sem verður lögð fram í haust.

[14:28]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Herra forseti. Mér hefur ekki fundist það vera neitt sérstaklega erfitt að komast að þeirri niðurstöðu að ríkisfjármálin séu, miðað við allt það sem á hefur gengið í íslensku samfélagi á undanförunum árum, í járnnum og hljóti að vera í járnnum. Það áttu náttúrlega ótrúlegir atburðir sér stað hér á landi fyrir nokkrum árum, sem höfðu gríðarleg áhrif á stöðu ríkissjóðs. Mér og okkur í Bjartri framtíð kom því á óvart umræðan í kosningabaráttunni sem var stundum einhvern veginn á þeim nóttum að það væri til mikið svigrúm í ríkisrekstrinum til að fara í ýmislegt, t.d. skattalækkningar.

Maður þarf ekki annað en að minna sig á að aðalumsvif ríkissjóðs um þessar mundir eru að greiða vexti af lánum til að komast að þeirri niðurstöðu að staðan hlýtur að vera í járnnum. Það er ekki eftirsóknarverð staða að vera með um 90 milljarða kr. þannig reikning á ári hverju. Það er óviðunandi og hlýtur líka að fá fólk til að komast að þeirri niðurstöðu að slík staða sé viðkvæm. Vaxtastig á þessu láni getur breyst og hefur þar með gríðarleg áhrif á stöðu ríkissjóðs.

Ég hef því ekki verið almennilega í tengslum við þá umræðu að mikið svigrúm sé til skattalækkana. Ég hef líka talið að í slíkri stöðu þar sem svo mikil viðkvæmni ríkir sé sérstaklega mikilvægt að lögð sé fram einhver áætlun til langs tíma um ríkisfjármál. Ég sakna þeirrar áætlunar. Ég sakna þess að geta séð í stefnu ríkisstjórnarinnar núna hver áætlunin sé. Hvernig á að lækka skuldirnar? Hvernig á að einfalda skattkerfið? Hvernig á að fá tekjur af auðlindum?

Ég held að það séu ýmsar leiðir sem hægt er að fara. Ríkisstjórnin hefur sýnt aðeins á spilin og ég er ekki mjög hrifinn af því sem ég hef séð. Það eru skattalækkanir á ferðþjónustu. Þegar er búið að draga í land fyrirhugaða skattahækkun. Það var kannski ágætt að gera það, en þarna verður ríkið af 1,5 milljörðum miðað við útreikninga fjárlagaskrifstofunnar og segir beinlínis í umsögn fjárlagaskrifstofunnar að það sé ekkert fyrirbyggjandi um hvernig eigi að fylla upp í þetta gat. Þetta finnst mér dæmi um óviðunandi vinnubrögð í viðkvæmri stöðu.

Síðan er veiðigjald lækkað og þeim rökum er beitt að það eigi að auka umsvif í greininni og auka fjárfestingar. En þetta veiðigjald er nýtt, það hefur ekki verið lagt á greinina áður og þar af leiðandi er varla því um að kenna að fjárfesting hefur verið lítil á undanfönum árum. Hér er röksemdafærsla sem mér finnst standast illa og almennt séð held ég að við getum ekki keypt það sjónarmið algjörlega umyrðalaust að skattalækkanir skapi almennt tekjur. Ég held að því sé yfirleitt þveröfugt farið, að skattalækkanir minnki yfirleitt tekjur.

Mér finnst ríkisstjórnin leggja svolítið mikla áherslu á að það sé einhvers konar viðtekinn sannleikur að skattalækkanir auki umsvif, skapi hagnað sem síðar verði nýttur til fjárfestinga og skapi þar með tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta getur virkað svona, held ég, í einhverjum tilfellum en þetta þarf að rökstyðja miklu betur. Mér finnst erfitt að sjá að þetta gangi upp sem röksemdafærsla, t.d. núna fyrir lækkun veiðigjaldsins. Ég auglýsi því eftir langtímahugsun.

Ég hefði til dæmis talið skynsamlegra miðað við umræðuna og miðað við svona ákveðinn samhljóm sem mér fannst ég skynja í kosningabaráttunni að menn færu frekar í lækkun á tryggingagjaldi. Atvinnuleysi hefur minnkað. Tryggingagjaldið var auðvitað hækkað út af mjög miklu atvinnuleysi sem hefur lækkað núna þannig að ég hefði talið að sterk rök væru fyrir því að fara frekar í lækkun á því gjaldi sem síðar mundi koma atvinnulífina, eins og litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum í hugbúnaðargeiranum, mjög til góða og auka fjölbreytni. Í staðinn eru menn í raun og veru að minnka fjölbreytni vegna þess að það er áformað að veiðigjaldið, hluti af því, fari í fjárfestingaráætlun sem mundi gagnast sumum þeim greinum sem ég nefndi áðan en óljóst hvort af því verður.

Ég get alveg ímyndað mér að það sé skynsamlegt að lækka og jafnvel afnema stimpilgjald sem ég held að sé tekjupóstur sem sé mjög til óþurftar og að miklu meiri samhljómur sé um að afnema hann. Ég held að það þurfi að auðvelda lántakendum að njóta góðs af samkeppni á lána-markaði.

Ég held það megi líka lækka skatta á leigu sem ég held að mundi mögulega skila ríkissjóði tekjum þegar til lengri tíma er litið og er í rauninni skattur til óþurftar núna.

Ég sakna heildarhugsunarinnar og langtímahugsunarinnar og bíð spenntur eftir því hvort ríkisstjórnin muni leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins. Það er nú unnið í nánu samstarfi við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn. Ástæðan fyrir því að ég bíð spenntur eftir því hvort það verði lagt fram eru nýleg ummæli um Alþjóðagjaldveyrissjóðinn og afskipti hans af efnahagsmálum Íslands. Þau voru dálítið á þann veg í gær eins og hæstv. forsætisráðherra vildi ekki þau afskipti og fagnaði þeim ekki, en ég held að samstarfið við Alþjóðagjaldveyrissjóðinn í skattamálum sem síðan leiddi af sér frumvarpsdrög að breytingum á lögum um fjárreiður ríkisins hafi, miðað við það sem ég hef heyrt, verið af hinu góða. Ég held að það þurfi miklu meiri festu í þessi mál.

Ég held að við þurfum miklu betri forsendur hér inni til að geta rætt aðalatriðin, meginlínurnar og mér finnst núna það sem mér hefur oft fundist áður, að línurnar í ríkisfjármálum séu ótrúlega óskýrar.

[14:35]

#### Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjendum umræðuna. Rétt er að geta þess að beiðni hafði komið til fjárlaganefndar um að fulltrúar fjármálaráðuneytisins og hæstv. fjármálaráðherra mundu koma fyrir fjárlaganefnd nú fyrir síðustu helgi. Það er reglulegur fundur í nefndinni á morgun þannig að þeir þingmenn sem sitja í fjárlaganefnd geta því undirbúið sig í þessari umræðu og lagt fram ítarlegri spurningar sem vakna hér. Því ber að fagna. Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og hæstv. fjármálaráðherra koma fyrir nefndina kl. 10. Ég hvet því þingmenn til þess að taka niður punkta nú í umræðunni, því að fundaróskvin var á þessum grunni, þ.e. hvernig staða ríkissjóðs væri.

Hér hafa fallið einkennilegar setningar, við öðru er kannski ekki að búast, eins og þessi ný frasi Samfylkingarinnar að hún hefði ekki getað lofað neinu í kosningabaráttunni. Því vísa ég á bug því að ég er með gögn undir höndum sem ég fer kannski yfir á eftir. Það var raunverulega skjalfest fyrir kosningarnar, allur lofordalistinn og þau mál sem átti að koma hér í gegn fyrir kosningar sem var raunverulega búið að lofa. Fara átti fram með stóra hluti, hefðu þeir flokkar haldið völdum áfram, á gagnslausri fjárfestingaráætlun. Við skulum muna hvað lá til grundvallar, virðulegi forseti. Það var fjárfestingaráætlun sem byggð var á lofti.

Hér er spurt: Hversu stórt er gatið? Ég minni á að ríkisstjórnarskipti urðu fyrir tæpum mánuði. Hér hrópa núverandi stjórnarandstæðingar og spyrja: Hversu stórt er gatið?

Skemmst er frá því að segja að það liggur fyrir mikið til í þingskjöllum hvað til dæmis skuldir ríkissjóðs eru miklar. Ég vísa í svar við fyrirspurn, sem ég lagði fyrir þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, á þskj. 924, 483. mál, þar sem ég spyri um hversu þung greiðslubyrðin verði fyrir ríkissjóð á árabílinu 2012–2018. Það svar var ekki birt með þungum vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Það lítur betur út að sýna bara hvað afborganirnar eru án vaxta. En fram hefur komið að ríkissjóður greiðir milli 85 og 90 milljarða í vexti á ári í erlendum gjaldeyri, sem er um 15% af landsframleiðslunni. En samkvæmt svarinu sem barst þinginu 1. mars 2011 er

greiðslubyrði ríkissjóðs af erlendum lánum með vöxtum um 700 milljarðar árabílið 2014–2021.

Við horfum líka fram á að nú er Landsbankinn nánast að fullu orðinn ríkisbanki. Við vitum öll hvernig skuldabréfið varð til þegar Bretar og Hollendingar rúkuðu okkur um ólögvarðar kröfur, kröfur sem okkur bar ekki lagaleg skylda til að bera, en þá skrifaði þáverandi hæstv. fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, undir 300 milljarða bréf og lagði inn í nýja Landsbankann. Landsbankinn er í algjörum vandræðum með þetta skuldabréf vegna þess að ekki er til gjaldveyr til að greiða það skuldabréf. Það er ríkisábyrgð á skuldabréfinu vegna þess að Landsbankinn er að mestu kominn í ríkiseigu. Hvað ber að gera? Jú, nú þarf sú ríkisstjórn sem er nýtekin við að endursemjja líklega um þetta lán ásamt stjórnendum Landsbankans. Vandinn er því risastór, virðulegi forseti.

Svo hórap stjórnarandstaðan hér sem er nýfarin frá völdum, Samfylkingin búið að sitja sex ár í ríkisstjórn, Vinstri grænir fjögur ár í ríkisstjórn, og er alveg hissa á því að ríkisstjórnin hafi áhyggjur af stöðu ríkisfjármála.

Fram kemur í *Hagsjá*, ritinu sem gefið var út af hagfræðideild Landsbankans 12. júní 2013, hvað skuldir ríkisins eru áætlaðar háar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í upphafi þessa árs áætlaði fjármálaráðuneytið að heildarskuldir ríkissjóðs myndu verða um 1.500 milljarðar kr. í lok 2013. Nýjustu tölur sýna skuldir í árslok 2012 upp á um 1.560 milljarða kr., og um 1.930 milljarða kr. að viðbættum lífeyrisskuldbindingum. Sé vanda Íbúðalánasjóðs bætt við má ætla að skuldir ríkissjóðs losi nú 2.000 milljarða kr., sem er u.þ.b. 117% af landsframleiðslu.“

Við stöndum frammi fyrir miklum vanda. Við skulum bera virðingu fyrir þeim vanda og reyna að leysa þetta í sameiningu án upphrópana. Þessi staða er mjög erfið því að við þetta allt bættast skuldir sveitarfélaganna sem eru að auki 13–15% af landsframleiðslu.

Einnig kemur fram í þessu riti frá Landsbankanum sú skoðun að það sé viðtekin venja hér á landi að fjárlög haldi ekki. Útgjaldaaukningin frá fjárlagafrumvarpi, þ.e. frá því það er lagt fram til þess að það verði að lögum og svo til fjárukalaga og endanlegs ríkisreiknings, er oft mjög mikil og niðurstaðan versnar oftar en ekki. Bilið frá fjárukalögum til ríkisreiknings er oft skýrt með óreglulegum liðum og einskiptisadgerðum. Við sáum það svo glöggst á síðasta kjörtímabili. Þá voru lögð fram fjárlagafrumvörp sem litu þokkalega vel út, með svona þolanlegum halla á ríkissjóði, en raunverulega var þar verið að leggja fram fyrstu drög því að svo komu alltaf síðar fjárukalög sem juku halla ríkissjóðs verulega.

Við þurfum að breyta þessu. Ég skora á ríkisstjórn að breyta því verklagi því að þetta er óásættanlegt. Þegar mjög breytt fjárukalagafrumvarp kemur fram í þinginu er staða ríkissjóðs allt önnur en þegar þingmenn samþykkja fjárlög, því að þá eru settar inn í fjárukalögin nýjar forsendur.

Ég er ekki að segja, virðulegi forseti, að verið sé að beita blekkingum en það er í það minnsta verið að segja hálfannleik.

Mig langar því til að grípa niður í fjárlagafrumvarpið 2013, lið 989 sem heitir Öviss útgjöld. Bætt var mjög við þann lið í fjárlögnum á síðasta ári en þar er að finna 5

milljarða fjárheimild til að bregðast við óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum. Þessi liður var hækkaður um 2.200 milljónir á milli ára. Þarna er verið að setja inn 5.000 milljónir undir óvænt útgjöld í fjárlagafrumvarpinu. Þá hlýtt ég að spyrja: Er búið að taka tillit til þessara 5 milljarða nú, þegar verið er að skoða ríkisreikninginn? Því að þarna er raunverulega verið að búa til svigrúm fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar að koma inn með útgjaldaaukningu til að setja undir þennan blinda lið án þess að það komi nokkurs staðar fram í ríkisbókhaldinu og hvað það er sem fellur þarna undir.

Þetta samræmist mjög því sem verið er að breyta í lögnum um fjárreiður ríkisins sem var minnst á í ræðu áðan. Fjárlaganefnd kemur til með að fá kynningu á því frumvarpi en sú litla kynning sem hefur farið fram á því frumvarpi lýtur að því að gera fjárlögin ógegnsæri. Eftir því sem mér skilst af þeirri kynningu sem ég hef fengið er verið að gera liðina stærri, ógegnsæri og eru það aðeins þingmenn fjárlaganefndar sem vita hvað er undirliggjandi hverri tölu. Ég veit því ekki, virðulegi forseti, hvort það sé til bóta talandi um það að allt eigi að vera gegnsætt og allt uppi á borðinu.

Að lokum langar mig til að koma með áskorun á nýja ríkisstjórn. Ég tel að mikil soun eigi sér stað í ríkisfjármálum þegar kemur að leiguhúsnæði ríkisins. Við höfum farið í gegnum mikla endurskipulagningu til dæmis á Stjórnarráðinu á undanfögnu kjörtímabili. Hvergi hefur verið hægt að festa fingur á því hvort um einhvern sparnað sé að ræða. Hér er alltaf verið að tala um langtímasparnað fyrir ríkissjóð. Ég efast stórlega um að svo sé, eins og til dæmis það dæmi sem minnst var á varðandi Perluna þegar ríkið gerði samning við Reykjavíkurborg að leigja Perluna til 15–20 ára. Gríðarlega miklir peningar liggja í þeim húsaleigu-samningi. Ekki er búið að samþykkja í (Forseti hringir.) fjárlagafrumvarpi að svo mikil útgjöld nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að fara ofan í sérstaka liði sem (Forseti hringir.) bent var á sem ekki er lagabókstafur fyrir en var samt komið inn á áætlun hjá ríkisstjórninni að eyða. Ég verð að koma að því síðar þegar fjárlögin komast til umræðu.

[14:46]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Ég hef lagt það í vana minn að reyna að skilja áður en ég mynda mér miklar skoðanir. Þegar kemur sérstaklega að skattamálum get ég ekki stært sjálfan mig af því að vera einhver sérstakur vinstri maður, ég hef jafnvel kallað sjálfan mig hægri mann, alla vegna þegar ég er í vondu skapi. En þegar kemur að fyrstu aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sérstaklega með hliðsjón af því að afskaplega lítið er um efnislegar upplýsingar enn sem komið er, þykir mér aðgerðirnar mjög skrýtnar. Þótt 1,5 milljarðar á ári sé kannski ekki jafn hríkaleg tala og 6,4 milljarðar á ári, hefur mér þótt erfið að skilja nákvæmlega hvað vakir þar fyrir mönnum. En ég held að ég sé búinn að fatta það.

Ég held ég sé búinn að fatta hvers vegna það eigi að taka til baka þessa skattahækkun, virðisaukaskattshækkunina á ferðaþjónustuna. Ég held ekki að það sé gert til að sýna sérstaka ábyrgð. Ég held ekki að það sé út af hugmyndafræðilegum ágreiningi eins og oft hefur verið látið í

veðri vaka í fjölmiðlum. Ég held ekki að það sé til að auka fjárfestingu eða eitthvað slíkt. Ég held að það sé eingöngu til þess að uppfylla kosningaloforð.

Það er alltaf gaman að saka andstæðinga sína um að svíkja kosningaloforðin, en í þessu tilfelli þykir mér frekar verra að þau séu efnd vegna þess að í ferðapjónustunni er gullæði í gangi. Það er nóg af fjárfestingu í ferðapjónustunni. Hún er í uppsveiflu. Hefur verið í uppsveiflu mjög lengi og allt bendir til þess að hún verði áfram í uppsveiflu.

Ef einhvers staðar er ráð að hafa þolanlegan virðisaukaskatt, og 14% skattur er alveg þolanlegur virðisaukaskattur, er það í ferðapjónustunni. Það er oft svigrúm til þess að lækka skatta. Oft getur það aukið hagvöxt og fjárfestingu o.s.frv., en ég get ekki ímyndað mér — og það má gjarnan hver sem er fræða mig um það — verri stað til þess að lækka skatta á verri tíma en ákkúrat núna. Við sjáum ekki enn þá fram á það hvernig eigi að fylla upp í fjárlagagatið. Við sjáum ekki fram á það. Og þá ætlum við að taka af 14% skatt, sem ég ítreka að er hóflegur skattur, mjög hóflegur skattur í alþjóðlegu samhengi. 25,5% er ekki mjög hóflegur skattur í alþjóðlegu samhengi. Það vær nær að ráðast á virðisaukaskatta þar sem þeir eru háir, kannski í iðnaði sem er ekki í jafn mikilli blússandi uppsveiflu.

Mér þykir þetta stórfurðulegt, þ.e. ef ég gef mér að markmiðin séu að auka fjárfestingu. Það stemmir einfaldlega ekki að markmiðið sé að hjálpa greininni. Það stemmir ekki, hún þarf enga hjálp, hún er í uppsveiflu, það gengur vel.

Nú veit ég ekki alveg hversu mikill Keynes-maður hæstv. fjármálaráðherra er í raun og veru, en þegar kemur að því að hækka og lækka skatta finnst manni frekar augljóst að það beri að hækka skatta þegar árar vel til að vera tilbúinn fyrir t.d. efnahagshrun, hæstv. forsætisráðherra. Hvernig væri að vera tilbúinn undir einhver slík áföll? En í staðinn, nú þegar við erum komin upp úr niðursveiflunni, við erum á leiðinni upp aftur, ætlum við að lækka skattana á þeim tíma sem við ættum að vera að spara. Við erum að eyða peningum þegar við ættum að vera að spara þá. Það þýðir að við þurfum að spara þá þegar við ættum að eyða þeim. Við hefðum átt að geta eytt þeim þegar hrundi var en gátum það ekki. Hvers vegna? Vegna þess að það hafði ekki verið sýnd þessi svokallaða efnahagslega ábyrgð, sem er að spara áður en maður þarf að nota peningana. Hvenær byggði Nóri örkina? Áður en rigndi.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta, nema um það þegar talað er um efnahagslega ábyrgð. Ef við ætlum að sýna ábyrgð getum við ekki leyft okkur endalaust að eltast við þau kosningaloforð sem við höfum gefið, sérstaklega ef þau hafa verið gefin í einhvers konar offorss. Ef við ætlum að sýna ábyrgð þurfum við að hafa aga á sjálfum okkur, sjálfsaga. Það þýðir að stundum þurfum við að hækka skatta. Þegar 90 milljarðar kr. á ári eiga að fara í vexti eina saman þá, fyrirgefið, þurfum við að hækka skatta. Það er ekki vegna þess að það sé gaman, ekki vegna þess að við séum vinstri menn heldur vegna þess að það er einföld stærðfræði. Þetta er ekki mjög flókið.

Þegar kemur að því að auka hagvöxt með skattalækkunum — allt í lagi, það gæti virkað, kannski til fimm eða tíu ára, sérstaklega í iðnaði sem væri í niðursveiflu. Þessi iðn-

aður er í uppsveiflu. Þetta meikar ekki sens. Afsakið, virðulegi forseti. Þetta er ekki rökrétt.

[14:51]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það var nú ekki svo í kosningabaráttunni eða fyrir hana að við hefðum mestar áhyggjur af stöðu ríkisfjármála, við vissum hvernig staðan var. Við höfðum mestar áhyggjur af loforðaflaumnum sem stjórnarflokkarnir báru á borð fyrir þjóðina til að upplýsa hv. formann fjárlaganefndar um það.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur rætt um að ríkissjóður sé í miklum vanda og mun meiri en fyrri ríkisstjórn hafði gefið til kynna. Á sama tíma boðar ráðherrann skattalækkanir og kemur um leið í veg fyrir auknar tekjur ríkissjóðs. Í umræðu undanfarna daga hefur það sætt furðu að fyrstu mál þessarar ríkisstjórn skuli vera að falla frá virðisaukaskatti á hótél- og gistiþjónustu og lækkun á veiðigjöldum. Skuldamáli heimilanna verða að bíða til haustsins þegar umræða um fjárlög stendur sem hæst, þau koma væntanlega inn í fjárlagagatann sem hv. formaður fjárlaganefndar var hér að gagnrýna, sagði að það væri alla jafna of feitt.

Það hefur líka komið fram frá fjármálaráðuneytinu að það geri ráð fyrir tekjutapi upp á 500 milljónir í ár og um 1.500 milljónir á næsta ári og áfram miðað við að gistirými myndi sambærilegt og verið hefur, sem er fremur ólíklegt því að það sýni sig nú strax að það stefni allt í mikla aukningu. Það er því með ólíkindum að hægri stjórnin sjái ástæðu til að innheimta ekki skatta af ört vaxandi ferðapjónustu. Greinin er þó langt undir samanburðarlöndum þegar kemur að skattheimtu.

Á síðasta þingi ræddu þingmenn meðal annars um stöðu löggæslunnar á Íslandi. Ég man ekki betur en allir væru sammála um að í hana þyrfti aukið fjármagn. Helmingnum af þeirri fjárþörf er hæstv. fjármálaráðherra að afsala ríkissjóði með því að ívilna ferðapjónustunni eða fylgja ekki eftir frumvarpinu sem hér lá fyrir. Hann segir að það sé til þess að gera greinina samkeppnisfærari. Því er ég bara ekki sammála. Fyrir þessar 1.500 milljónir væri meðal annars hægt að reka eins og tvær heilbrigðisstofnanir úti á landi.

Sama má segja um veiðigjaldið sem var til umfjöllunar í síðustu viku og verður áfram haldið, en því hefur verið haldið fram að vegna þess geti útgerðin ekki fjárfest eða sinnt viðhaldi. Það stenst enga skoðun, því að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni var EBITDA í sjávarútveginum á árinu 2012 um 80 milljarðar og þegar áætlað veiðigjald hefur verið dregið frá í kringum 65 milljarðar, sem er þó meira en nokkru sinni fyrir.

Þegar við fjöllum um verri afkomu ríkissjóðs á sama tíma og hægri stjórnin lætur það eftir sér að ívilna útgerðinni á kostnað þeirra stofnana sem eru afar fjárþurfi er ekki nema von að spurt sé: Hvar á að bera niður? Hvar ætlar ríkisstjórnin að skera niður?

Virðulegi forseti. Það hefur verið sagt um vinstri stjórnina að hún hafi lagt á endalusa skatta. Það leggur enginn á skatta bara til að leggja á skatta. Þeim er ætlað að afla tekna fyrir ríkissjóð til að greiða fyrir jafnræði til búsetu, velferðarkerfið, heilbrigðis- og menntakerfið, löggæsluna og allt það sem við töluðum öll um í kosningabaráttunni. Eða

verður það þannig að aðgengi verður háð efnahag?

Við Íslendingar höfum flest verið tilbúin til að greiða skattana okkar vitandi að þeir fari í sameiginlega sjóði og þegar kemur að því að við þurfum að nota þjónustuna er hún til staðar fyrir okkur án mikils tilkostnaðar. Það lá fyrir eftir hrunið 2008 að ríkissjóður var á barmi gjaldþrots og tekjustofnarnir veikir. Það lá því fyrir að grípa þyrfti til röt-tækra aðgerða til að halda velferðarkerfinu á floti og rétta ríkissjóð af hægt og bitandi. Það hefur tekist.

Margar sársaukafullar ákvarðanir voru teknar sem allir fundu fyrir með einum eða öðrum hætti, en velferðarkerfinu var hlíf eins og kostur var. Nú er stigið skref til baka. Ný áhersla hjá nýrri ríkisstjórn. Ráðherrum fjölgað, stjórn-sýslunni skipt upp aftur með tilheyrandi kostnaði. Þeim fjármunum væri að mínu viti betur varið í þau mál sem ég hef hér upp talið, að ekki sé nú talað um að lækka vaxta-kostnað ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum að áherslan skuli vera á þá sem eru vel aflöguþær. Eins og undirskriftir sem nú eru í gangi benda til er þjóðin sammála því að borga skuli auðlindagjald af fiskinum í sjónum. Að endurskoða þurfi forsendur eru eitt, að fella niður er annað. Að flytja byrðarnar af þeim sem eru vel aflöguþær yfir á þá sem síst skyldi er hins vegar óásætlanlegt. Hér talar hæstv. ráðherra eingöngu um að ástandið sé ekki gott í ríkisfjármálunum, en á sama tíma eru engar lausnir heldur allt í nefndir.

Þegar fjármál ríkisins eru með þeim hætti sem hér hefur komið fram í dag, fyrst og fremst vegna stefnu hægri flokka-anna fyrr á árum, hefur maður af því áhyggjur að allt stefni í sömu átt með þeim tillögum sem hafa komið hér á þessu sumarþingi. Þetta kallar hæstv. forsætisráðherra skynsemissjórn. Sér er nú hver skynsemin. Það er í það minnst ekki það sem ég lærði í skóla að henda frá mér hugsanlegum tekjum ef ég væri nú þegar of skuldsett. Við þurfum á þessum tekjum að halda til að byggja upp sameiginlega velferð okkar allra.

[14:56]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér ríkisfjármál ríkisstjórnar sem boðaði bjartsýni, kjark og þor en hefur sitt skeið í um-ræðu um fjármál með óttalegu væli og úrtölum og kjark-leysi.

Það er tvennt sem hefur einkennt umræðuna. Í fyrsta lagi hafa hæstv. ráðherrar, forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, strax þegar í sumarbústað var komið far-ið að ræða um að þeir hefðu ekki vitað hver staðan var og margt hefði komið þeim á óvart sem endaði svo með fundi með sérstakri glærusýningu í Þjóðmenningarhúsinu 12. júní síðastliðinn. Í öðru lagi hefur hæstv. forsætisráðherra ít-rekað kveinkað sér undan því að honum sé lögð orð í munn, að þeim séu ætluð ýmis áform varðandi niðurskurð og annað sem þeir hafi aldrei sagt.

Það er kannski ástæða til að velta fyrir sér af hverju þetta er svona. Af hverju vita þessir háu herrar, hæstv. ráð-herrar, ekki betur? Er þetta svipað og kosningaloforð Sjálf-stæðisflokksins um að afnema tekjutengingu líffeyris-greiðslna við tekjur maka, atburður sem átti sér stað árið 2008 og þyrfti engin kosningaloforð til að efna? Erú menn

ekki betur lesnir en þetta eftir það sem á undan er gengið, að við höfum þurft að gera okkur fyllilega grein fyrir því hversu erfitt það hefur verið og er að reka íslenskt þjóðar-bú, hversu miklu aðhaldi hefur þurft að beita, sársaukafull-um aðgerðum bæði í tekjuöflun og í rekstri? Ég held að þessum háu herrum hefði átt að vera þetta ljóst fyrir löngu. Var þeim ekki ljóst að við erum að velta í gegnum fjárlög ríkisins um það bil 573 milljörðum kr. og að vaxtakostnað-urinn er þar tæpir 90 milljarðar?

Síðan koma fram menn sem eru nýteknir við á miðju ári og kveinka sér undan því að á árinu 2013 sé búið að ráð-stafa um 1 milljarði af fyrrverandi ríkisstjórn og segja að það raski fjárlögum. (**Gripið fram í:** Þeir eru margir millj-ardarnir.) Þetta eru tölur úr þeirri glærusýningu sem er sam-tals með óvissuþætti upp á 6 milljarða, þar af 5 í framúr-akstri og 1 milljarður — nú er þetta beint eftir glærunum — tengist ákvörðunum fyrrverandi ríkisstjórnar. Þetta eru töl-urnar sem voru lagðar fram í fjölmiðlum. Þegar við skoðum hvað þessir 5 milljarðar eru þá erum við að tala um 1% af fjárlögum. Ég hefði gaman af að skoða á þeim 18 árunum sem Sjálfstæðisflokkurinn leiddi ríkisstjórnir og oftast fjár-málaráðuneytið hvort þeir hafi verið svona nálægt því að vera innan við 1% í frávikum á þeim tíma. (**Gripið fram í:** Aldrei.) Það er alla vega eitthvað sem ég hef ekki séð áður. (**Gripið fram í.**) Og að þær fyrirframákvæðanir sem voru teknar, að visu á þessu ári, skyldu vera 0,2% af veltu, eig-andi eftir að fara yfir fjárlögin með fjárlaganefnd og hv. formanni fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttur, sem kallar væntanlega inn alla forstöðumenn, fer yfir reksturinn eins og gert er á hverju ári til að endurskoða hvort menn geti staðið við þau fjárlög sem búið hefur verið við. Þar hafa menn unnið eftir reglunni plús/mínus 3% og þurft að færa til yfir áramótin ýmist sem halla eða inneign. Ég veit ekki til þess að sé búið að breyta þeirri reglu.

Þegar menn bera svo fyrir sig að tekjuspáin hafi brugð-ist hefur það komið ágætlega fram hér áður að menn notuðu þriggja mánaða uppgjör þar sem Hagstofan spáði að það vantaði 4 milljarða í tekjur. Strax mánuði seinna var búið að vinna það upp í pappírnum frá hæstv. fjármálaráðuney-tinu þar sem allt stefnir í að tekjuspá muni standast.

Af hverju draga menn fram þessa dökku mynd nema til að undirbúa sig undir einhverja væntingastjórnun sem felur í sér að geta afsakað það að þeir standi ekki við ákveðna hluti? Af hverju kveinka menn sér undan því þegar hæstv. ráðherra Bjarni Benediktsson kemur og segir: Ja, það þarf að endurskoða áform fyrri ríkisstjórnar — og nefnir sér-staklega gjaldfrjálsar tannlækningar? Svo er það kölluð að-för eða ég veit ekki hvað hæstv. forsætisráðherra kallaði það, að við værum að ljúga upp á þá einhverjum áformum, þegar við spyrjum hvort það sé ætlunin.

Við spurðum líka: Af hverju reiknuðu menn ekki sterkara gengi inn í tekjurnar? Verðbólgan er undir áætlun, aukning í þorskafla, minna atvinnuleysi. Allt það sem var viðskilnaðurinn frá fyrrverandi ríkisstjórn. Af hverju er það ekki komið inn í þessar tölur og inn í Þjóðmenningarhúsið? Nei, það er sama og hér hefur verið rétt af fyrrverandi þingmönnum, þeim sem hafa talað á undan mér, menn hafa einmitt ákveðið að bæta í á ýmsum sviðum.

Hv. formaður fjárlaganefndar nefnir hér að enginn

sparnaður hafi orðið af sameiningu ráðuneytanna við þær breytingar. Það liggur fyrir í tölum að velferðarráðuneytið hefur sparað 20% síðan það var sameinað, um 200 millj. kr. (Gripið fram í.) Það verður gaman að fylgjast með því þegar það verður fært saman síðar þegar menn fara að skoða hvað kostaði að breyta því til baka.

Það sem við erum að glíma við er hefðbundin stjórn ríkisfjármála við mjög erfiðar aðstæður. Það hefði verið betra ef menn hefðu hugsað það þegar þeir fóru að lofa nokkur hundruð milljörðum og kveinka sér svo undan því að almannatryggingarnar gætu kostað 10 milljarða eftir fimm til tíu ár og þegar allt væri komið til enda, þegar hámarkinu væri náð, yrðu það 20 milljarðar. Það er akkúrat (Gripið fram í.) þetta dæmigerða sem er verið að nefna sem menn vorkenna sér yfir á sama tíma og þeir fella niður gjöld á útveginum við bestu aðstæður (Forseti hringir.) frá því að kvótakerfið kom á, bestu tvö undanfarin ár. Þar ætla menn að léttu frekar en eldri borgurum og öryrkjum. (**Gripið fram í:** Ekki gerðuð þið það.) (**Gripið fram í:** Nei.)

[15:02]

### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Í umræðu um fjárlög yfirstandandi árs á síðasta ári var bent á mörg blikkandi ljós og mig langar í þessari umræðu að gera grein fyrir nokkrum þeirra. Seðlabankinn varaði við því að aukins útgjaldaprýstings gætti meðal annars í tengslum við þingkosningar og auk þess væri óvíst hver væri aðkoma stjórnvalda og hver hún gæti orðið við endurskoðun kjarasamninga ef hún yrði einhver. Óvissa ríkti um þróun fjármagnskostnaðar hins opinbera vegna þess að ekki hafði tekist að ná tókum á innlendri verðbólgu — það stendur vonandi til bóta — og óvissa væri um afnám gjaldeyrishafta. Þá varaði bankinn við óvissu sem tengd væri eiginfjárbörf Íbúðalánasjóðs í ljósi umfangsmikilla og vaxandi vanskila og ört fjölgandi yfirtekinnna fasteigna og út af lakari horfum í grunnrekstri. Á þetta var allt bent.

Seðlabankinn taldi líka að óvissa væri um forsendur fjárlaga og hætt væri við að verr gengi að ná jöfnuði í rekstri hins opinbera en gert væri, m.a. vegna þess að stjórnvöld hefðu ekki innleitt formlegar fjármálareglur. Og á það lagði Seðlabankinn áherslu. Alþingi hefur sett sveitarfélögum slíkar reglur og Alþingi ætti að setja framkvæmdarvaldinu slíkar reglur og það hið fyrsta. Það mundi breyta ýmsu við gerð fjárlaga og það mundi sýna aðhald í rekstri og bæta stöðu ríkissjóðs.

Hæstv. forseti. Í umræðu um yfirstandandi fjárlög þessa árs var líka bent á það að hagkerfið liði fyrir skuldsettan ríkissjóð og að það ætti að vera forgangsmál að ná jákvæðum heildarjöfnuði í ríkisfjármálum svo að unnt væri að lækka skuldir ríkisins. Það var líka bent á það í þessari umræðu að til þess væru tvær leiðir. Annars vegar þyrfti greiðsluafkoma ríkissjóðs að skila afgangi eða að verja þyrfti eignum ríkissjóðs, arði eða söluandvirði til uppgerðislu skulda. Hvorugt gekk eftir og fráfarandi ríkisstjórn ákvað, í fjárfestingaráætlun sinni, að nýta hugsanlegan arð af fjármálafyrirtækjum og hugsanlegan arð í sérstöku veiðigjaldi til þess að setja meðal annars inn í fjárfestingaráætlun sína.

Það var ekki hugsað til þess að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Hvergi var minnst á það einu orði. Það er því dálítið kúnstugt, hæstv. forseti, þegar hér koma tveir fyrrverandi fjármálaráðherrar síðasta kjörtímabils, einn þeirra vantar, og ræða það að taka þurfi höndum saman um að greiða niður skuldir ríkisins. Afkoma ríkissjóðs, samkvæmt ríkisreikningi árið 2009, var þannig að þá voru gjöld umfram tekjur í kringum 140 milljarðar. Árið 2010 var það í kringum 124 milljarða og árið 2011, samkvæmt ríkisreikningi, voru gjöld umfram tekjur tæpir 90 milljarðar.

Virðulegur forseti. Í fjárlögum yfirstandandi árs, ársins 2013, eru vaxtagjöld þriðji stærsti útgjaldamálaflokkurinn á eftir velferðar- og heilbrigðismálum. Það er áætlað, eins og hér hefur komið fram, að vaxtagjöld ríkissjóðs á árinu 2013 nemi 84 milljörðum og vaxtatekjur í kringum 20 milljörðum og það er sýnt að vaxtakostnaður ríkissjóðs vex ár frá ári ef ekki verður brugðist við.

Það kom líka fram, og hefur verið sýnt fram á, að fjármagnsjöfnuður versnaði um 15,5 milljarða á milli árunna 2009 og 2012 og sama þróun heldur áfram miðað við fjárlagafrumvarp yfirstandandi árs. Þar er gert ráð fyrir 7,5 milljarða króna breytingu milli ára og að vextir umfram vaxtatekjur verði neikvæðir um 63 milljarða árið 2013.

Virðulegur forseti. Þetta er staðan og það er algjörlega ljóst að vaxtagjöld og skuldsetning ríkissjóðs er orðinn verulegur áhættuþáttur og hefur verið í rekstri ríkisins. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að ríkissjóður fjármagnar sig í skjóli gjaldeyrishafta.

Einnig var bent á það, í umræðu um fjárlög yfirstandandi árs, að það ætti að vera forgangsverkefni að lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs og hefja niðurgreiðslu skulda. Fráfarandi ríkisstjórn ákvað að taka þann umframard sem hugsanlega fengist úr fjármálastofnunum í önnur verkefni. Hún lagði ekki áherslu á að greiða niður skuldir og draga þannig úr vaxtagjöldum ríkissjóðs. Hún gerði það ekki og það þýðir ekkert að koma hér og kalla nú eftir einhverjum öðrum gjörðum en fráfarandi ríkisstjórn sýndi. Bent var á að skilyrðislaust ætti að ráðstafa arði af eignum ríkissjóðs og tekjum af sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum til lækunar skulda. Á það var ekki hlustað.

Virðulegur forseti. Mönnum hefur orðið tíðrætt um að vel hafi gengið í ríkisfjármálum. Ekki ætla ég að draga dul á að það ástand sem hér skapaðist 2008 og það bú sem fráfarandi ríkisstjórn tók við var fordæmalaust. Það breytir ekki því að menn geta ekki staðið hér og barið sér á brjóst og talað um að hafa náð góðum og miklum tókum á verkefnum þegar sýnt er að fjárlög hvers einasta árs stóðust aldrei, að í öllum fjárukalögum var komið með tugi milljóna ef ekki hundruð milljóna til að laga fjárlögin hvert ár. Þannig er það og þannig blasir það við að það verði árið 2013 vegna þess að í umræðu um fjárlagafrumvarpið í nóvember og desember var það beinlínis sagt að það yrði komið í fjárlögum 2013 til þess að mæta útgjöldum sem hæstv. ríkisstjórn hygðist standa fyrir. Það var sagt hér í þessari umræðu.

Virðulegur forseti. Það er ljóst samkvæmt ríkisreikningi í árslok 2011 hverjar langtímaskuldir og skammtímaskuldir eru. Þær eru um 1.915 milljónir, hvorki meira né minna, og þá er ekki tekið tillit til óleystra vandamála Íbúðalánasjóðs,



óbókfærðar lífeyrisskuldbindingar A-deildar LSR, ekki er tekið tillit til þess.

Við getum endalasta talað um hvernig hlutirnir voru en ég held að við ætjum að einbeita okkur að því að tala um hvernig við viljum að hlutirnir verði. Það er í mínum huga mjög mikilvægt að ríkissjóður Íslands verði rekinn hallalaus og ég held að við getum öll verið sammála um það. Það er mér líka mikilvægt að lækka skuldir ríkisins og draga úr vaxtagjöldum og vaxtabyrði. Við hljótum öll að geta komið okkur saman um það. Þannig hafa tveir fyrrverandi fjármálaráðherrar í það minnsta talað hér.

Ég vona að það verði sú nálgun sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjármálaráðherra horfa til þegar hann leggur fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014 en það breytir ekki þeirri stöðu, virðulegi forseti, að það blasti við við fjárlög yfirstandandi árs, þegar þau voru rædd og þegar þau voru samþykkt, að inn í þau vantaði marga stóra þætti sem boðað var að kæmu í fjárlögum árið 2013. Við eigum eftir að sjá hvernig það kemur í ljós. Sú staða sem við stöndum frammi fyrir er að ríkisreikningur ársins 2011 og fjárlög og fjárlög ársins 2012 voru ekki í þá veru sem væntingar stóðu til. Í mínum huga er ljóst að svo verður heldur ekki um fjárlög yfirstandandi árs. Þau verða ekki í þá veru sem væntingar stóðu til, þau fjárlög sem hér voru samþykkt í desember 2013.

Virðulegur forseti. Þess vegna finnst mér, tæpum tveimur mánuðum frá kosningum, sérkennilegt þegar fráfarandi stjórnarflokkar kalla eftir ráðstöfunum, kalla eftir því að núverandi ríkisstjórn, sem setið hefur í tæpan mánuð, sé í fyrsta lagi tilbúin með svör við öllum spurningum, í öðru lagi hvernig fjárlagafrumvarpið komi til með að ganga og í þriðja lagi hvort það sé stefnan að leggja fram hallalaus fjárlög. (Forseti hringir.) Og ég tel eðlilegt að stefnt verði að því og að það eigi að stefna að því. (Forseti hringir.) Nákvæmlega á sama hátt og Alþingi hefur sett sveitarfélögum um fjármálareglur þá á Alþingi að setja sjálfu sér og framkvæmdarvaldinu fjármálareglur sem hægt sé að fara eftir.

[15:13]

### Brynhildur Pétursdóttir (Bf):

Herra forseti. Ég segi eins og aðrir, ég er hugsuð yfir stöðunni og afstöðu stjórnvalda til ríkisfjármálanna. Kjörtímabilið er reyndar bara rétt nýhafið þannig að ég gef mér að stjórnvöld hafi meiri yfirsýn og stjórn á stöðunni en ég hef tilfinningu fyrir.

Mikið hefur verið rætt í þessum sal um þá ákvörðun stjórnvalda að hætta við að hækka virðisaukaskatt á gistingu. Það mun þýða minni tekjur í ríkiskassann. Stjórnvöld hafa ekki sýnt fram á hvernig þau ætla að hagræða eða afla tekna á móti.

Þar sem ég sit í fjárlaganefnd hef ég verið að grufna aðeins í málunum og var að lesa nefndarálit frá 1. minni hluta fjárlaganefndar sem kom út í lok síðasta árs eða 29. nóvember. Í minnihlutaálitinu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að gistingu-usta færðist í almenna skattþrepið 25,5% frá og með 1. maí 2013 en nú er hins vegar gert ráð fyrir að skattþrepið verði 14%. Þetta lækkar áætlun frumvarpsins um 1,5 milljarða kr.“

Fyrsti minni hlutinn nefnir fleiri skattalækanir og orðrétt segir í álitinu, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að atvinnu-tryggingagjald lækkaði úr 2,45% í 2,15% á árinu 2013. Nú er aftur á móti gert ráð fyrir að það lækki um 0,10% í viðbót og verði því 2,05%. Við það lækka tekjur ríkissjóðs um ríflega 1 milljarð kr. ...“

Ég les það svo að 1. minni hluti hafi haft áhyggjur af þessum tekjumissi, þ.e. að ríkið verði af tekjum vegna lækkunar á sköttum. Ég skil þessa gagnrýni mætavel. En eru ekki stjórnvöld að gera nákvæmlega það sama núna? Ákveða að lækka tekjur án þess að koma með tillögur um það hvar eigi að spara á móti eða hvar eigi að auka tekjur? Mér finnst eins og þessi kenning sem haldið er fram endalast um að tekjur aukist sjálfkrafa með því að lækka skatta sé bara notuð eftir hentugleikum. Það verður heldur ekki annað séð en að 1. minni hluta hafi verið ljóst hversu veik staða ríkissjóðs væri. Hún kom okkur í Bjartri framtíð að minnsta kosti ekkert á óvart. Þess vegna, eins og hv. þm. Guðmundur Steingrímsson sagði, lofuðum við engu fyrir kosningar. Það vissu það allir sem vildu að staðan var mjög veik og það kom okkur mjög á óvart hve sumir flokkar voru tilbúnir að lofa miklu, kannski upp í ermina á sér.

Á sama hátt og með sáttina er auðvelt að tala um aga í ríkisfjármálum en það virðist vera erfiðara að ná honum. Ég vona bara að stjórnvöld viti hvað þau eru að gera. Mér finnst það eðlileg krafa okkar að kalla eftir upplýsingum. Þegar talað er um að lækka tekjurnar verðum við auðvitað að sjá líka útgjaldahlíðina. Hvar á að draga saman? Ætla menn að fækka stofnunum, loka einhverjum stofnunum? Hvernig á þetta að fara fram? Mér finnst menn ekkert getað kveinkað sér yfir því að veita upplýsingar um það. En það er rétt, við erum bara rétt að byrja og ég vona að stjórnvöld hafi meiri yfirsýn en ég hef á tilfinningunni að þau hafi.

[15:16]

### Ásmundur Einar Daðason (F):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt núna í upphafi kjörtímabilsins að við tökum umræðu um stöðu ríkisfjármála og hvert stefnir.

Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með umræðunni í dag og síðustu daga þar sem menn hafa einkum verið að takast á um hvort verið sé að dekkja stöðuna eða hvort verið sé að segja sannleikann, hvort fráfarandi ríkisstjórn hafi verið að fegra stöðuna vísitandi eða hvernig málum sé háttað. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir í það minnsta að staðan er ekki jafn góð og talað var um fyrir kosningar.

Stjórnarandstæðingar hafa komið hér ítrekað upp og talað um að núverandi ríkisstjórn hafi lofað öllu fögru. Mér er það minnisstætt fyrir kosningarnar þegar fráfarandi ríkisstjórn talaði mjög um þann gríðarlega góða árangur sem hefði náðst í ríkisfjármálum og að halli ríkissjóðs væri orðinn 4 milljarðar kr. Meðal annars ritaði efnahagsráðgjafi hæstv. forsætisráðherra, Ágúst Ólafur Ágústsson, grein nokkrum dögum fyrir kosningar þar sem þetta kom fram og sagði að þetta ætti m.a. að vera ástæða þess að veita ætti sitjandi ríkisstjórn áframhaldandi umboð. (Gripið fram í.)

Það er í rauninni sú staðreynd sem fráfarandi ríkisstjórn gaf upp boltann með og þetta urðum við vör við í kosninga-

baráttunni. 4 milljarðar. Það er ekki óeðlilegt að þegar nýir aðilar taka við búinu fari þeir að skoða allar áætlanir, fjárlög þessa árs og annað, fyrirbyggjandi loforð, frumvörp sem voru samþykkt á síðustu dögum þingsins, og velti fyrir sér hver raunveruleg staða sé. Standast þessir 4 milljarðar eða ekki?

Þegar þessi skoðun hefur farið fram, gróflaga, af hálfu hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar, kemur auðvitað fram að þetta stenst ekki. Þá kemur fram, og m.a. hefur verið vitnað til blaðamannafundar sem var haldinn hér, að staðan er mun verri en þetta, tala getur hlaupið á allt að 14 milljörðum kr. og menn tala um að á næsta ári geti afkoma ríkissjóðs verið 27 milljörðum lakari en gert var ráð fyrir.

Þetta er staðreynd, þetta er verri staða en menn töluðu um í lok síðasta árs. Þetta er bara staðreynd, það er ekkert hægt að rengja þetta. Þá hljóttum við að spyrja: Hvernig ætlum við að taka á málunum út frá þessari stöðu? Við getum leikið okkur með tölum og menn geta sagt: Ja, þetta er ekki alveg svona slæmt eða þetta er aðeins betra, en staðan er miklu verri en menn gerðu ráð fyrir og töluðu um í aðdraganda kosninga.

Við þessari stöðu þarf að bregðast og það er það sem hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni hafa boðað. Við þessu verður brugðist því að rétt eins og m.a. formaður Samfylkingarinnar hefur kallað eftir er grundvallaratriði að ná ríkissjóði hallalausum. Og það er rétt að fagna því að stjórnarandstaðan ætlar að vera samstarfsfús þegar kemur að því verkefni og koma að því verkefni með okkur, að ná ríkissjóði hallalausum því að það er grunnur þess að við getum byggt upp velferðarsamfélag.

Það liggur ljóst fyrir og kom m.a. fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra, kom fram á blaðamannafundi sem hann og hæstv. forsætisráðherra héldu, og hefur komið fram síðustu daga, að ýmsir liðir eru mun hærri en gert var ráð fyrir.

Það liggur líka ljóst fyrir að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er skýrt kveðið á um, og ég held að það sé gríðarlega mikilvægt, að grípa þurfi til hagræðingar í ríkisrekstrinum og það þurfi að ráðast í hana. Mig langar að lesa upp úr yfirlýsingunni, með leyfi virðulegs forseta, en þar segir að það eigi að taka til skoðunar „ríkisútgjöld með það að markmiði að hagræða og forgangsraða og auka skilvirkni stofnana ríkisins“.

Einnig er tekið fram í yfirlýsingunni að stefnt skuli að aukinni skilvirkni stjórnýsslunnar, m.a. með breytingum á skipulagi, samræmingu á stoðþjónustu, sameiningu stofnana og tilflutningi milli sviða í samræmi við áherslur og forgangsmál.

Það er nefnilega staðreynd að þessi halli ríkissjóðs er til staðar og ef við ætlum að mynda svigrúm til að byrja að greiða niður skuldir ríkissjóðs verður það ekki gert með almennum hagræðingaraðgerðum. Það þarf að fara ofan í allan ríkisreksturinn, fara ofan í einstakar stofnanir, við þurfum að horfa á þetta eins og fyrirtækjarekstur. Íslenska ríkið er ekkert stærra en mörg fyrirtæki á alþjóðamarkaði. Við þurfum að horfa á þetta eins og fyrirtækjarekstur og spyrja okkur: Getum við gert hlutina hagkvæmar en við höfum verið að gera? Getum við ráðist í sameiningu á einstökum ríkisstofnunum?

Það er fagnaðarefni hvernig stjórnarandstaðan kemur inn í umræðuna í dag og ætlar að leggja hönd á plóg við þetta verkefni í ljósi þess hversu mikið hún hefur talað um mikilvægi þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum til að geta farið að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Ég hlakka til samstarfs við stjórnarandstöðuna, m.a. í fjárlaganefnd, að þeim verkefnum.

Þegar menn tala um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum þá þarf það nefnilega ekki endilega að þýða að það sé bara gert með því að hækka skatta á almenning og fyrirtæki í landinu. Það þarf ekki endilega að þýða að það þurfi alltaf að valda því að það dragi úr hagvexti í landinu. Það þarf ekki heldur að valda því að við drögum úr velferðarþjónustu eða gæðum menntunar. Það er hægt að hagræða í stjórnsýslunni og það er einmitt þar sem m.a. hefur ekki verið unnið nægilega vel á undanförunum árum. Ég hef miklar áhyggjur af því að margar stofnanir hafi verið að ganga á vannýtt fjárframlög og hafi ekki ráðist í raunverulegar (Forseti hringir.) hagræðingaraðgerðir til frambúðar. Þetta verður verkefni nýrrar ríkisstjórnar og ég hlakka til að starfa með stjórnarandstöðunni að því verkefni.

[15:23]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Vá, hvað þetta er skringilegt, það hefur verið hlutverkaskiptaleikur hérna. Ég man eftir þessu síðast líka, þá var hlutverkaskiptaleikur og nú eru allir komnir í akkúrat gagnstæð hlutverk.

Ég vona að ég detti ekki inn í það, ég var reyndar ekki í neinu hlutverki síðast. Mig langar svolítið að rifja upp að ég mælti mikið fyrir því ásamt félögum mínum í Hreyfingunni að við mundum reyna að skilgreina okkur, ekki endilega sem andstæðinga, stjórnarandstæðinga, það gefur strax neikvæðan tón. Við reyndum alltaf að starfa út frá málefnum og ég vona að þetta þing muni gera það, starfi út frá málefnum en setji sig ekki sjálfkrafa í stellingar andstöðu. Það á bæði við um stjórnarmeirihlutann og minni hlutann. Ekki það að ég ætli að vera með einhvern síðferðipistil yfir þingmönnum.

Ég geri mér grein fyrir því að allar ríkisstjórnir leggja af stað með góð fyrirheit og það er mjög margt gott, ef maður skoðar heildrænt yfir, sem kemur frá hverri ríkisstjórn og svo er líka margt sem maður er ekki sáttur við. Ég hef enn ekki séð nægilega skýr fyrirheit frá þessari ríkisstjórn um hvernig hún ætlar að framkvæma það sem hún lofaði. Það verður að viðurkennast að þegar maður blandar saman loforðapakka Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins er hann gríðarlega metnaðarfullur og skilur eftir rosalega stórt gat í fjárlögnum, aukagat. Ég hef áhyggjur af því.

Ég hef áhyggjur af því hvar á að taka þessa peninga. Ég vona og beini því til hæstv. fjármálaráðherra að tryggja að ekki verði skorið meira niður í heilbrigðiskerfinu því að heilbrigðiskerfið þolir það ekki. Það þarf að gefa í í heilbrigðiskerfinu því að heilbrigðiskerfið okkar er orðið svo gótt að það er hrundið sums staðar. Íslendingar eru ánægðir með að fá borga skatta ef þeir fá grunnþjónustu og við verðum að tryggja að grunnþjónustan okkar bresti ekki, eins og við sem vorum í minni hluta síðast bentum gjarnan á. Ég vil því sem minni hluti núna beina því til meiri hlut-

ans og þeirra þingmanna sem ræddu hvað hæst um þetta að þeir sýni að þeir hafi meint það. Ég bið meiri hlutann um að sýna í verki að þeir hafi meint það sem þeir gagnrýndu síðast. Það er mjög mikilvægt.

Síðan langar mig líka aðeins að benda á að það hefur mjög mikið komið fram sem ég er sammála. Mér finnst til dæmis hugmynd hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar um tryggingagjaldið mjög góð, það mætti vissulega skoða hana. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hafi komið til athugunar. Ég hef áhyggjur af veiðigjaldinu og mér finnst það svolítið óskýrt. Sumir þingmenn, þar á meðal hv. þm. Eygló Harðardóttir, hafa sagt að það sé í raun og veru ekki verið að lækka þetta gjald heldur eigi að laga það. Gæti ég fengið betri útskýringu á því hvað það þýðir allt saman? Það er mjög mikið misræmi milli þess sem er sagt, hvernig þetta er útskýrt í fjölmiðlum og gagnvart þinginu. Það væri mjög gagnlegt að fá skýra mynd af því hvað það þýðir ef lækka á veiðigjaldið. Ég vil gjarnan upplýsa þingheim um að sett var af stað undirskriftasöfnun fyrir um 19 klukkutímum, og síðast þegar ég gáði höfðu um 7.200 manns kvittað undir hana, þar sem er farið fram á að veiðigjaldið verði ekki lagt af eða því breytt, því verði haldið óbreyttu. Ég hafði ekkert með undirskriftasöfnunina að gera en mér var sendur hlekkur á hana og að sjálfsögðu kvittaði ég undir.

Síðan langar mig líka að spyrja, og það hafa aðrir gert en ég vil ítreka það: Hvernig á að brúa þetta risastóra gat, hvernig á að stoppa upp í það? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Á að vera niðurskurður? Hvernig ætlið þið að afla þessara tekna?

[15:28]

### Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og kannski sérstaklega hvað hún hefur verið yfirveguð á köflum. Ég skil áhyggjur þeirra sem nú eru í stjórnarandstöðu af því hvar eigi að sækja tekjur á móti boðaðri lækun á álögum á ferðaþjónustu og veiðigjaldi.

Nú stendur líka í stjórnarsáttmálanum að draga eigi til baka skerðingar á tekjum eldri borgara og öryrkja. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann í stjórnarandstöðunni minnast á að hann sé á móti því (Gripið fram í.) eða ætli að koma með tillögum um hvar megi sækja tekjur á móti.

Þær aðgerðir sem lagt er af stað með núna eru að mínu mati hóflegar og skynsamlegar. Við skulum gefa nýrri ríkisstjórn tækifæri til að leggja fram fullmótaðar tillögur en ekki fara á límingunum hér á fyrstu vikunum þegar menn eru einfaldlega að átta sig á nýrri stöðu, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Ég var ánægður með ræðu hv. þm. Brynhildar Pétursdóttur, kollega míns úr Norðausturkjördæmi, sem benti á að ef menn ætluðu að tiltaka ákveðnar skattalækkanir yrðu þeir að finna tekjur einhvers staðar á móti. En hv. formaður Bjartrar Framtíðar, Guðmundur Steingrímsson, nefndi hér einmitt þætti sem hann vildi lækka skatta á án þess að benda á hvaða tillögur hann væri með til mótvægis.

Ég held að það sé rétt að ræða hér aðalatriðin og meginlínurnar í ríkisfjármálum og það sé mjög mikilvægt að ræða hina dökku mynd sem nú blasir við.

Hvernig var umræðan um ríkisfjármálin á síðasta kjörtímabili? Hvernig lagði síðasta ríkisstjórn af stað? Hún lagði af stað með því að setja saman skýrslu þar sem fram komu markmið um hagvöxt og verðbólgu, um jöfnuð, frumjöfnuð og heildarjöfnuð, markmið sem hún þurfti að hún var eins langt frá þessum markmiðum og hugsast gat. Engu að síður þóttu þessi markmið lágstemmd. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var sannfærður um að hægt væri að ná þessum markmiðum. Til að mynda átti hagvöxtur á árinu 2012 að vera 4,4%, verðbólga átti að vera kominn niður í 1,6%. En hvar stöndum við núna? Hagvöxtur er miklu minni en allir töldu hægt og raunhæft væri að ná. Verðbólgan er í hæstu hæðum.

Hér hefur enginn nefnt Icesave, stærsta mál síðasta kjörtímabils. Hér er verið að tala um einhverja milljarða í minni tekjum, það er rétt, en til stóð og ríkisstjórnin barðist fyrir því í meira en tvö ár að íslenska ríkið mundi taka á sig um 4 milljarða kostnað sem Bretar og Hollendingar höfðu fyrir því að greiða út gagnvart eigin þegnum og hafði nákvæmlega ekkert með Íslendinga að gera. Barist var fyrir því í rúm tvö ár að Íslendingar tækju á sig 24 milljarða aukinn kostnað til að borga vexti umfram skyldu, ekki frá hinum eðlilega vaxtadegi heldur níu mánuðum fyrr sem þýddi um 24 milljarða kostnaðaraukningu. Ef þetta hefði allt gengið eftir værum við að tala um virkilega slæma stöðu.

Hvert einasta skipti sem fjárlagafrumvarpið var rætt á Alþingi benti ég á að staðan væri verri. Hvað gerðist? Á síðustu þremur árum var framúrastur upp á um það bil 160 milljarða. Ég hóf hér utandagskráruræðu um aga í ríkisfjármálum og stend við allt það sem ég sagði þá. Verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að koma á aga í ríkisfjármálum. Það er mikilvægasta verkefnið.

Fyrirverandi hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, boðaði að sett yrðu á laggirnar ný fjárreiðulög. Ég fagnaði því. Ágæt samstaða var í fjárlaganefnd um að þau fjárreiðulög yrðu að veruleika og unnið var að því og það rætt í nefndinni. Ég benti á það í ræðustól Alþingis. Af hverju var þetta ekki lagt fram á síðasta kjörtímabili? Af hverju var það dregið í sífellu þangað til menn runnu á rassinn með það? Við þurfum að koma þessum lögum á dagskrá. Ég hafði reyndar gagnrýnt ýmislegt í þeim eins og það að hér yrði enn gert ráð fyrir þeirri meginreglu sem hefur því miður verið að fjárukalög væru einhver sannindi og menn gætu endalást lofað einhverjum fjármunum.

Við í hv. fjárlaganefnd fórum til Svíþjóðar og þar var bent á að þegar Svíar lentu í sambærilegri kreppu og Íslendingar höfðu allar fjárheimildir verið teknar af ráðherra. Þar var kallað eftir ábyrgð. Hér er verið að tala um tannlækningar barna. Ef þingmaður í Svíþjóð hefði lagt fram slíkt frumvarp eða slíka tillögu órædda á þingi án þess að tilgreina hvar hann (Forseti hringir.) ætlaði að sækja tekjurnar hefði hann verið gagnrýndur harðlega í umræðunni, það yrði talið ábyrgðarlaust. Það er þannig umræða (Forseti hringir.) sem við verðum að koma á á Íslandi, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu.

[15:34]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag og mikilvægu og gott að við skulum öll setjast vandlega yfir þessi mál og rekja okkur í gegnum þessa stöðu.

Margt skemmtilegt kom fram eins og t.d. að fyrrverandi þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Ásmundur Einar Daðason, sé farinn að tala fyrir því að rekum íslenskt samfélag eins og bandarískt stórfyrirtæki. Það er nylunda fyrir mér og ég vona að við förum ekki að gera það. Við megum ekki gleyma því, við sem sitjum hér á þingi, að við erum að reka samfélag fyrst og fremst. Það er verkefnið, við erum að reka samfélag. Það er hold og blóð í öllu því sem við gerum og snertum við og þess vegna verðum við að vanda okkur. Það eigum við að hafa að markmiði í öllu því sem við gerum.

Virðulegi forseti. Hér kom líka fram að menn væru hissa á því að við værum hissa yfir gati sem væri að birtast í fjárlögum. Það er ekki svo. Það sem við erum hissa á í þessari umræðu, og höfum verið hissa á í umræðunni undanfarna daga, er að menn skuli yfir höfuð vera hissa, þ.e. þeir sem eru að taka við stjórninni í þessu landi. Við töluðum um þessi mál, hversu staðan væri viðkvæm í ríkisfjármálunum, í aðdraganda kosninga. Við töluðum um það marga mánuði þar á undan og ég held að meira og minna allt síðasta kjörtímabilið hafi farið í að tala um hina erfiðu stöðu ríkisfjármálanna. Og það var ekkert þannig að við værum búin að veifa einhverjum töfraspota og öll vandamál væru horfin rétt fyrir kosningar, það var ekki svo.

Við vorum hins vegar langt komin með og erum langt komin með að loka þessu gati en því er ekki lokið. Það er þeirri ríkisstjórn sem nú er að taka við, og menn mega ekkert vera hissa á því að vera með það verkefni í fanginu, að klára málið, þ.e. að klára málið á þann veg að við getum farið að snúa okkur að því að greiða niður skuldir. Menn geta ekkert verið hissa á því verkefni eða eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði hér áðan að menn ætluðu að reyna að standa við hallalaus fjárlög en þetta væri meira krefjandi en menn gerðu ráð fyrir. Þá hafa menn bara ekkert fylgst með. Þeir 4 milljarðar sem til dæmis hafa verið nefndir út af breyttri hagvaxtarspá komu fram í byrjun ársins. Það er vitað ár eftir ár að það eru stofnanir sem eru í járnnum og er hætt á að keyri fram úr. Þetta vita menn á hverju einasta ári, það er ekkert nýtt í því. Það er ekkert nýtt í neinu af því sem þeir tína hérna til.

Varðandi liðinn um söluhagnað þá hafa menn lengi ekki gert ráð fyrir neinum fjármálafyrirtækjum þar heldur er gert ráð fyrir eignasölu sem listuð er á öftustu síðu í fjárlagafrumvarpinu. Ég held því að hæstv. fjármálaráðherra ætti líka að fara að tala um hlutina eins og við skildum við þá en ekki einhverja gamla tíma.

Virðulegi forseti. Rætt hefur verið um agann, hversu mikilvægur hann sé, og að síðasta ríkisstjórn hafi ítrekað farið fram úr fjárlögum og áætlanir hafi ekki staðist. Þá er það hreinlega þannig — og ég ætla að fá að segja það einu sinni enn og vona að ég þurfi ekki að segja það aftur — að samfélagið fór á hliðina árið 2008 og ófyrirséð útgjöld urðu aftur og aftur, sérstaklega á fyrri hluta kjörtímabilsins.

Eru menn til dæmis búnir að gleyma því að Seðlabankinn varð gjaldþrota? Hann varð tæknilega gjaldþrota. Það þurfti að setja nærri því 100 milljarða í hann eða 90 milljarða ef ég man það rétt. Og ekki var beinlínis hægt að setja það inn í fjárlagafrumvarp. Við getum nefnt fleiri þætti þar sem fram komu svokallaðir óreglulegir liðir. Það var margt sem gerðist á þessu kjörtímabili sem fjármagn þurfti í og ríkið þurfti að fara í lántökur út af, sama hvort það var eiginfjárframlag eða beinlínis útgjöld.

Virðulegi forseti. Við erum í þeirri stöðu að vera með 90 milljarða sem við greiðum í vexti á hverju einasta ári. Fyrir hv. formann fjárlaganefndar bendi ég á myndbönd á alnetinu þar sem við ræðum þessi vandamál fyrir kosningar. Það var ekki þannig að við lægjum eitthvað á þeirri stöðu.

Mér þykir það því undarlegt — þegar ríkisstjórnin ákveður að koma fram með þessum hætti, að draga upp dökka mynd og halda því fram að hér hafi enginn vitað hvern staðan er og um sé að ræða ný sannindi — að menn skuli á sama tíma leggja fram frumvörp sem búa til gat í fjárlögin upp á 6,4 milljarða, bara af veiðigjöldunum einum, og tala svo fyrir því að ætla ekki að endurnýja auðlegðarskattinn sem skilar 10 milljörðum (**Gripð fram í:** Ólöglegum.) í ríkiskassann árlega. Bara þetta tvennt eru 17 milljarðar, það er stærra en það gat sem menn voru að tala um á blaðamannafundinum um daginn, bara þessir tveir liðir sem (Forseti hringir.) þessi ríkisstjórn hefur boðað.

Það er því algjörlega klárt mál, virðulegi forseti, að þessi ríkisstjórn er að skapa slíka óvissu (Forseti hringir.) í ríkisfjármálunum að kallað er eftir því úti á markaðnum að menn fari að senda skýr skilaboð um að þeir ætli raunverulega að loka fjárlagagatinu og (Forseti hringir.) vera ábyrgir þegar kemur að ríkiskassanum.

[15:40]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson sagði að verkefnið væri að koma á aga í ríkisfjármálum og vitnaði í margar ræður sínar á fyrra kjörtímabili um hversu illa það hefði allt gengið.

Já. Er þetta byrjunin, er þetta aðferðin, er þetta upphafið að því að koma á aga í ríkisfjármálum? Við erum með á borðum okkar tvö frumvörp, sem er nú mest allt sem komið hefur frá ríkisstjórninni enn þá, sem afsala ríkissjóði á þessu og næsta ári 12 milljörðum kr. í tekjur. Þannig er það. 535 milljónir í ár vegna þess að fallið er frá áformum um að hækka virðisaukaskatt á hóteldgistingu upp í 14%, 1,5 milljarðar á næsta ári, 3,2 milljarðar í töpuðum veiðigjaldstekjum á þessu ári og 6,4 eða 6,2 milljarðar á næsta ári. Samtals um 12 milljarðar á þessu ári og hinu næsta.

Er þetta upphafið að koma á aga í ríkisfjármálum að byrja svona? Eru fleiri frumvörp af þessu tagi í vendum áður en nokkrar mótvægisáðgerðir líta dagsins ljós eða fáum við nokkur svör um það? Á að mæta þessu með annarri tekjuöflun, á að skera niður á móti eða ætla menn að sætta sig við aukinn halla á ríkissjóði? Eitt af þrennu gerist þegar menn sleppa tekjum. Annaðhvort verða menn að afla tekna annars staðar í staðinn, menn verða að skera niður kostnað sem þessu nemur eða halli ríkissjóðs vex. Engin geimvís-

indi, ekkert svoleiðis, bara tekjur og gjöld, debet og kredit. Ekkert vídú. Þetta er bara svona.

Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir nefndi réttilega að á fyrri kjörtímabili og þar af leiðandi í fjárlögum þessa árs er 5 milljarða varapottur vegna ófyrirséðra útgjalda. Í öllum þrengingum undanfarinna fjárlaga lokuðum við þeim alltaf þannig að það var borð fyrir báru vegna ófyrirséðra útgjalda og það kom sér vel. (Gripið fram í.) Það kom sér t.d. vel þegar ríkissjóður varð að taka á sig kostnað upp á á annan milljarð kr. vegna náttúruhamfara. Þá var það að sjálf-sögðu tekið af þessum lið. Ríkisstjórnin mætti hafa í huga að hún fær þarna í hendur verulegan sjóð sem er til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum.

Það var talað um að fjárukalög hefðu aukið útgjöld mikið miðað við fjárlög undanfarinna ára. Já, við skulum fara yfir það, við skulum skoða listann yfir það hversu mikið frávikíð hefur verið að meðaltali síðustu tíu ár eða svo. Veruleikinn er sá að þrátt fyrir þessar ógnarlegu aðstæður í ríkisfjármálum undanfarin ár og óvissuna sem þeim tengdist hefur frávikíð minnkað, farið niður í 1,5–2,5% frá fjárlögum í fjárukalögum núna undanfarin þrjú, fjögur ár, en það var iðulega upp í 5% í góðærinu margrómaða.

Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra svaraði lykilsurningu dagsins: Verður staðið við markmiðið um hallalaus fjárlög á næsta ári? Svona, og ég vona að ég hafi náð því rétt niður: „Við munum leggja okkur öll fram um að lágmarka hallann og reyna að ná hallalausum fjárlögum, en það verður mun meira krefjandi en við áttum von á.“

Þetta er þá svarið. Því miður er þetta svar þannig að ekki er lengur gengið út frá því sem ófrávikjanlegu skilyrði að fjárlögin á næsta ári verði hallalaus. Það hryggir mig, það hryggir mig mjög. Hæstv. fjármálaráðherra var sanngjarn hvað það varðaði að hann viðurkenni að tekist hefði vel til með að halda útgjöldum innan ramma, en það væru tekjurnar sem hefðu ekki skilað sér af því að hagvöxturinn hefði ekki orðið eins mikill á Íslandi og spáð var í árslok 2008 eða byrjun árs 2009 (Gripið fram í.) og stundum í fjárlögum eftir það.

Bíddu, hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra, hvar hefur hagvöxtur í Evrópu orðið eins og honum var spáð í árslok 2008 eða 2009? Vita menn ekki í hvaða heimi við lifum? Djúpstæð efnahagskreppa hefur orðið viðvarandi sem hefur auðvitað marktæk áhrif á úrvinnslu hrunsins hér og hefur þyngt róðurinn og það er hún sem gerir hagvaxtarhorfurnar þyngri á þessu ári.

Varðandi það að lækka þurfi eða falla frá áformum um 14% virðisaukaskatt á hóteltgistingu af samkeppnisástandum þá get ég bara ekki, þó að tíminn sé naumur, látið svona vitleysu ómótmælt. Bíddu, er ferðaþjónustan í vanda, er hún að dragast saman? Er hún að tapa í samkeppni við einhverja aðra? Nei, er ekki ferðaþjónustan á Íslandi að vaxa meira en nánast nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli í bullandi sókn? Og bíddu, var ekki virðisaukaskattur 14% á ferðaþjónustu fram til 2007? Jú. Og var þá ekki raungengi krónunnar upp í 40% hærra en það er núna? Jú. Og er ekki raungengið meira en 20% undir langtímafjafnvægisgengi? Jú. Er það virkilegt að samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar sé samt svo slæm að þetta geti ekki gengið eftir? Ja, heyr á endemi.

Auðvitað mætti segja það sama um veiðigjöldin, það er algjörlega augljóst mál að stærstur hluti sjávarútvegsins a.m.k. þarf ekki á þeirri lækku að halda. Við höfum viðurkennt að lagfæra megi útfærsluna og ef menn vilja lifa eitthvað minni bolfisksfyrirtækjunum eru leiðir til þess en það þarf ekki að kosta 10 milljarða á þessu ári og hinu næsta.

Talandi um viðskilnaðinn þá var hallinn á ríkissjóði var 216 milljarðar 2008, 14,6% af landsframleiðslu. Tæpir 140 milljarðar 2009, minni en áætlað var, um 9% af landsframleiðslu. 123 milljarðar 2010, um 7% af landsframleiðslu. 89 milljarðar 2011, um 3,5% af landsframleiðslu. Segjum 30–35 milljarðar árið 2012, 1,5–2% af landsframleiðslu. (Forseti hringir.) 4 milljarðar samkvæmt gildandi fjárlögum þó að við tækjum 14 milljarðana fjármálaráðherra í viðbót og bættum þeim við, 17, 18 milljarðar, um 1% af landsframleiðslu. (Forseti hringir.) Eru menn að væla undan þeim viðskilnaði að fá í hendur aðstöðu sem teiknar til 0,5–1% halla þegar við tókum við 14,5%?

[15:46]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna sem hefur að langmestu leyti verið málefnaleg og uppbyggileg með eindasta undantekningu, það var kannski fyrirséð.

Mér finnst einkennilegt að þurfa að svara fyrir það að þegar við drögum fram myndina í ríkisfjármálum eins og hún blasir við okkur nú þegar við komum inn í Stjórnarráðið séum við sögð vera að væla — væla undan stöðunni sem hafi verið svo miklu verri einhvern tímann áður. Það er ekkert slíkt á ferðinni. Við erum bara að draga fram myndina eins og hún blasir við okkur í dag.

Hér hefur verið komið víða við og margir þættir ríkisfjármálanna verið nefndir sérstaklega. Ég ætla að byrja á því að ræða aðeins um stöðuna eftir fjóra mánuði á þessu ári.

Það er sagt að við séum algerlega á áætlun þegar á heildina sé lítið. En vandinn liggur í því að skatttekjurnar hafa ekki skilað sér ekki eins og menn höfðu reiknað með. Þær eru um 90% tekjum ríkisins. Þessi veikleiki sem birtist á fyrri hluta ársins, fyrstu fjórum mánuðunum, er líklegur til þess að vera viðvarandi vandamál út árið. Þess vegna spáum við því í fjármálaráðuneytinu að þegar upp verður staðið verði þessi veikleiki til staðar eftir 12 mánuðina. Það eru skatttekjurnar sem eru ekki að skila sér. Aðrar tekjur hafa að einhverju leyti skilað sér hraðar, en síðan munu koma veikleikar á móti á síðari hluta ársins. Þetta vildi ég sagt hafa út af umræðunni um tekjur á fyrsta ársfjórðungi eða fyrstu fjórum mánuðum þessa árs.

Menn nefna hér ýmsa tekjuliði. Nú erum við sökuð um að vilja ekki framlengja auðlegðarskattinn. Það var ríkisstjórnin sem ákvað að hann skyldi vera tímabundinn. Nú er í gangi dómsmál um það hvort hann stenst yfir höfuð stjórnarskrána. En það eru ekki uppi áform um að framlengja þann skatt. Hafi stjórnarliðar á sínum tíma viljað hafa hann viðvarandi var þeim í lófa lagið að festa það í lög, en það var sérstök ákvörðun fráfarandi ríkisstjórnar að hafa hann tímabundinn. Það er ekki við okkur að sakast

þegar skatturinn fellur síðan niður eins og fyrrverandi ríkisstjórn hafði ákveðið. Þetta er furðuleg umræða.

Varðandi veiðigjöldin er það sömuleiðis afskaplega ein-kennileg umræða. Alveg stórunderleg reyndar. Það er sagt að ný ríkisstjórn sé að afsala ríkissjóði tekjum. Viðkvæðið er alltaf að við séum annaðhvort að sleppa út tekjum eða afsala okkur einhverjum tekjustofnum.

Skoðum veiðigjaldið í sögulegu samhengi. Hvert var veiðigjaldið fyrir nokkrum árum síðan? Hvers vegna er ekki hægt að ræða um veiðigjaldið í því samhengi og horfast í augu við að veiðigjaldið eins og það er áætlað í nýju frumvarpi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er u.þ.b. tífalt hærra en það var fyrir örfáum árum síðan? Það er líka stutt síðan þingmenn voru almennt sammála um að sleppa ætti útgerðinni verið veiðigjald það árið vegna erfiðrar rekstrarafkomu. (Gripið fram í.)

Menn innheimtu lengst af, hv. þingmaður sem kallar hér fram í, í kringum 1 milljarð, það hafði hækkað upp í 1 milljarð. Nú eru menn með áætlanir um að innheimta tífalt það gjald, en það heitir á máli þeirra sem gagnrýna ákvörðunina „að sleppa út tekjum“. Maður getur skilið það vegna þess að viðkomandi aðilar höfðu uppi áform um að taka allt að 30 milljarða af útgerðinni þegar vel áraði. En að okkar mati og flestra þeirra sem fengu málið til umsagnar voru þau áform algerlega óraunhæf. Þetta eru gjöld sem koma til viðbótar við önnur gjöld sem sjávarútvegsfyrirtækin í landinu greiða og hafa verið stórkostlega skaðleg.

Í umræðunni hefur verið komið inn á það að fráfarandi stjórnarflokkar hafi talað um þessa erfiðu stöðu, það sé ekkert nýtt í því sem hér sé verið að ræða af hálfu nýrrar ríkisstjórnar. Það sem er ekki nýtt er að fjárlög fráfarandi ríkisstjórnar virðast ekki ætla að halda. Það gerðist árið 2009. Það gerðist líka árið 2010, 2011, 2012 og nú er árið 2013 og það stefnir í að fjárlögin haldi ekki og það munar töluvert miklu. Það má segja að það sé ekkert nýtt í þessu. Það er ekkert nýtt í því að áform og áætlanir sem birtast hér og eru samþykktar sem fjárlög ganga ekki eftir þegar upp er staðið.

Þessir flokkar sem segjast hafa talað um erfiða stöðu ríkissjóðs voru líka með uppi áform um að auka við útgjöld ríkissjóðs á næstu örfáu árum. Það birtist líka í frumvörpum sem eru nýkomin fram. Þannig voru t.d. uppi áform um að auka útgjöld til velferðarmála um 30–50 milljarða nefnd í kosningabaráttunni af þessum sömu flokkum, en þeir koma samt núna upp og segja að þeir hafi talað fyrir gríðarlega erfiðri stöðu ríkissjóðs. Mér finnst menn tala út og suður um þetta ef ég á að segja alveg eins og er.

Hér er spurt hversu mikla áherslu stjórnarflokkarnir ætli að leggja á að ná heildarjöfnuði. Við munum leggja alla áherslu á að gera það. En við ætlum að vera raunsæ. Við ætlum að tala um hlutina eins og þeir eru. Við teljum að fyrstu aðgerðir okkar muni styrkja stöðu ríkissjóðs til lengri tíma.

Hér er rætt um ferðaþjónustuna. En ef við viljum ræða um stöðu ferðaþjónustunnar í landinu þarf að brjóta hana upp í ýmsar undirgreinar. Ef við skoðum sérstaklega gistiþjónustuna í landinu stendur hún ekkert sérstaklega vel. Nýjar skýrslur, t.d. frá McKinsey, sýna að afkoma í greininni er algörlega óviðunandi. Framlegðin hjá ferðaþjónustunni er lág.

Hjá gistiþjónustunni vantar verulega mikið upp á nýtingu, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Hér á höfuðborgarsvæðinu hafa menn barist í bökum við að láta enda ná saman. Menn geta sagt að ferðaþjónustan heilt yfir sé í miklum vexti og gangi ágætlega, en þessi aðgerð, það frumvarp til laga sem við komum hér með og kynnum í þinginu, beinist sérstaklega að gistiþjónustunni sem er einn þáttur í samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar heilt yfir. Við trúum því að með því að viðhalda sterkri samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar, þar sem gistiþjónustan er einn mikilvægur þáttur, skapi menn ríkinu meiri tekjur til lengri tíma lítið.

Ég gæti komið inn á ýmislegt fleira. Það var nefnt í umræðunni hvort við vildum ekki skoða hluti eins og stimpilgjaldið. Því er til að svara að það er til skoðunar. Reyndar hafði verið að stórfum nefnd þegar við komum í Stjórnarráðið til að skoða stimpilgjaldið. Hún mun skila af sér á haustdögum.

Það er spurt hvort ekki standi til að lækka tryggingagjald. Það hlýtur að koma til skoðunar samhlíða gerð kjarasamninga, sérstaklega það sem stendur undir (Forseti hringir.) atvinnuleysistryggingunum. Og fleira gæti ég nefnt sérstaklega.

Ég kalla eftir skilningi á því að ný ríkisstjórn komi ekki með (Forseti hringir.) langtímaáætlun í ríkisfjármálum fyrr en lög boða að það verði gert, á haustþingi.

### *Veiðigjöld, frh. 1. umr.*

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15.

[15:54]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég vil kanna hvernig ástatt er um hæstv. flutningsmann málsins, sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson. Er hæstv. ráðherra á þinginu til þess að hlýða á umræðuna?

(Forseti (KLM): Hæstv. ráðherra er í húsi og hefur forseti þegar gert ráðstafanir til þess að færa honum boð um að hans nærveru sé óskað.)

Ég þakka virðulegum forseta kærlega fyrir það. Það er út af fyrir sig nóg fyrir mig að vita að hann er í húsi og hefur tækifæri til þess að hlýða á umræðuna.

Hæstv. fjármálaráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í febrúar: Engar nefndir, enga starfshópa, aðgerðir strax í þágu heimilanna. Og nú er komið fram til hvaða heimila hann var að vísa. Hann var að vísa til heimila útgerðarmanna á Íslandi, því að skuldug heimili eru sett í nefndir, skuldug heimili eru sett í starfshópa en útgerðarmennirnir fá örlætisgjörningana strax.

Virðulegur forseti. Veiðigjaldafrumvarpið er glóruleast útgerðarmannadekur. Aldrei fyrr í sögu Íslands hefur nokkur atvinnugrein skilað viðlíka hagnaði og útgerðin á Íslandi gerir einmitt nú. Og þá, þegar gróðinn er meiri en nokkru sinni fyrr í sögunni, ákveður ríkisstjórnin að lækka skatta á útgerðina. Á sama tíma og heimilin í landinu búa við meiri skuldsetningu en nokkru sinni fyrr og á sama tíma og ríkissjóður býr eftir efnahagshrunið við meiri skuldsetningu og þrengri kost en fyrr. Það er vond forgangsroðun.

Við í stjórnarandstöðunni höfum vakið athygli á þeirri forgangsroðun og er augljóst af viðbrögðum úti í samfélaginu að þetta kemur fleirum en okkur hér spáskt fyrir sjónir. Þegar er hafin undirskriftasöfnun gegn þessum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar og var getið um hana í utandagskrárumræðunni áðan. Mér skilst að sú undirskriftasöfnun heiti *Óbreytt veidigjald* og sé staðsett einhvers staðar á internetinu. Hvort það er á facebook eða einhvers staðar á heimasíðu er mér ekki kunnugt um, þeir vita það eflaust betur píratarnir enda eru það þeir sem upplýstu um það í umræðunni. Mér er sagt að á rétt rúmlega sólarhring hafi þegar hátt í átta þúsund manns skrifað undir áskorun á Alþingi um að fara ekki í þessa lækkun og verði ráðist í hana verði hún samt ekki að lögum.

Ég held að það hljóti að vekja okkur til umhugsunar um að nú þegar virðast koma hjá almennum borgurum mjög hratt sterk viðbrögð við þessari forgangsroðun og ég vona að það sé þannig að núverandi stjórnarflokkar, sem lögðu mikla áherslu á það á síðastliðnu kjörtímabili að hlustað væri eftir röddum almennings, hlusti eftir því hvað hér er verið að segja og endurskoði þessi áform sín. Auðvitað er það þyngra en tárur taki að heyra hæstv. fjármálaráðherra ræða um að hugsanlega sé ekki til fyrir tannlækningum fyrir börn á sama tíma og menn ætla að létta yfir 6 milljörðum á ári af útgerðinni í landinu, á næsta ári 6,4 milljörðum.

Það er mikilvægt að við setjum þessar fjárhæðir í samhengi. Líðlega 6 milljarða skattalækkun útgerðarinnar á næsta ári jafngildir 60 þúsund kr. fyrir hvert heimili í landinu. Það er ekki mjög flókin stærðfræði, 60 þúsund kr. þarf þá hvert heimili í landinu að greiða meira að meðaltali í skatta eða þola á niðurskurð þjónustu. Það er alveg ljóst að umsvifin í sjávarútvegnum takmarkast af aflabrögðunum og verði á mörkuðum og þessar lækkanir verða ekki til þess að auka neyslu, framleiðni eða hagvöxt svo neinu nemi, eins og góðir og gegnir hagfræðingar hafa þegar dregið fram. Ef það væri vilji landstjórnarinnar að beita skattalækkunum til þess að auka hagvöxt eða fjárfestingu í landinu væri það auðvitað gert með allt öðrum hætti en bara þeim að gefa mönnum afslátt af sköttunum sínum þegar greinin veit ekki aura sinna tal.

Auðvitað er hæstv. ríkisstjórn í fullum rétti að koma hér inn með mál sem endurspeglar áherslur hennar í þessu efni, en þær eru hins vegar svo augljóslega og hróplega andstæðar almannahagsmunum að við hljótum að hreyfa kröftugleika við andmælum. Við mundum varla gera athugasemdir við það þó að hæstv. ríkisstjórn vildi gera breytingar á gjaldinu. Það geta auðvitað verið málefnaleg sjónarmið fyrir því að einstaka útgerðarflokkar komi ekki vel út úr þessu eða að útgerðir af tiltekinni stærð þurfi að bera meira gjald en góðu hófi gegnir og eðlilegt væri að slaka til í gjaldtöku (Gripíð fram í.) við þær með efnislegum röksemdum. Hér á þinginu eru auðvitað þjóðkjörnir fulltrúar sem vilja gjarnan hlýða á slíkar efnislegar röksemdir en það væri þá vegna þess að verið væri að breyta áherslum innan veiðigjaldsins, flytja frá einum útgerðarflokki til annars, ívilna einum en láta annan bera nokkuð meira á þessum erfiðu tímum þegar framleiðnin í greininni er nærri því 100.000 millj. kr. — nærri því 100.000 millj. kr. á ári, og hún átti að greiða, hvað?, um 14 milljarða fyrir aðganginn.

Hér er verið að lækka það niður í 17 kr. sem menn borga fyrir að veiða kíló af þorski. Sá sem hefur farið út í fiskbúð og keypt sér fisk veit býsna vel að 17 kr. eru ekki mikið gjald fyrir að hafa aðgang að þessari auðlind. Við vitum það öll að tvöfalt herra gjald en það, 34 kr., væri í lagi og það væri enginn hörgull á útgerðum sem vildu nýta þær veiðiheimildir gegn því gjaldi, enda eru menn tilbúnir til þess að greiða margfalt það verð þegar þeir leigja til sín aflaheimildir. Því eru ekki sjáanleg nein efnisleg rök fyrir því að láta útgerðina hafa á silfurfati milljarða á milljarða ofan, sem þýða 60 þús. kr. á ári fyrir hvert heimili í landinu, í sérstakan skattafslátt á tímum þegar hún hefur aldrei haft það betra.

Menn geta auðvitað haft skilning á því að stundum vegnar ekki vel í sjávarútvegi. Stundum eru aflabrögð slæleg eða verð lágt á mörkuðum, olíuverð hátt, gengi krónunnar mjög sterkt eða önnur skilyrði óhagstæð útgerðinni. Og auðvitað kemur sterklega til álita á slíkum tímum að draga úr gjaldtökunni, enda var veiðigjaldið smíðað þannig að það legðist á nokkuð hraustlega þegar vel áraði en að hið sérstaka veiðigjald hyrfi á hinum árunum. Hér er hins vegar verið að lækka verulega gjaldið þegar afkoman er betri en nokkru sinni fyrr, þegar bullandi hagnaður hefur verið í útgerð á Íslandi ár eftir ár síðastliðin fjögur ár og hún hefur sem betur fer greitt upp skuldir sínar hraðar en nokkru sinni fyrr. Um leið og það er fagnaðarefni hversu vel hefur gengið er augljóst að það gefur ekkert tilefni til þess að veita sérstakan afslátt á þeim gjöldum sem greinin á að greiða fyrir aðgang að auðlindinni, með þeim fyrirvara að sjálf-sögðu að við mundum ekki leggja gegn því fyrir fram að það ætti að flytja eitthvað til innan gjaldsins, að einn útgerðarflokkurinn ætti að greiða eitthvað meira og annar eitthvað minna á grundvelli efnislegra sjónarmiða þar að lútandi um að einn bæri ósanngjarnar byrðar og einhverjir aðrir ættu að taka meira til sín.

Virðulegur forseti. Ég hvet hv. atvinnuveganefnd til þess að taka þetta málefni til mjög ítarlegrar umfjöllunar. (**Gripíð fram í:** Heyr, heyr.) Ég minni á að þeir flokkar sem það leggja fram kölluðu á síðasta kjörtímabili eftir því að engar breytingar mætti gera á veiðigjaldinu nema farið yrði í ítarlega efnahagslega greiningu á áhrifum breytinganna á greinina. Ég held að það hljóti að vera nokkuð sem hv. atvinnuveganefnd hefur á dagskrá sinni þegar hún fær málið til umfjöllunar, því að auðvitað er það ekki ætlun okkar að koma í veg fyrir að nefndin fái málið til efnislegrar umfjöllunar, ég geri ráð fyrir því að hún hafi færi á því þegar á morgun. Á síðasta kjörtímabili var eftir því kallað að fá að málinu færustu hagfræðinga og greina áhrifin á sjávarútveginn. Það hlýtur auðvitað að eiga sérstaklega við núna um uppsjávargreinarnar vegna þess að þó að verið sé að lækka óhóflega veiðigjaldið í botnfiskinum er sannarlega verið að hækka það í uppsjávarfiskinum og hvort tveggja held ég að kalli á ítarlega greiningu á áhrifum þessara breytinga á greinina, þannig að menn megi hafa þær fyrir sér þegar þeir taka síðan endanlega afstöðu eða gera breytingartillögur við málið eins og það er fram komið.

Veiðigjaldið er mikið grundvallarmál. Það er einfaldlega spurningin um það hvort land er lýðræðisríki eða bananalýðveldi hvort almenningur nýtur góðs af auðlindum

landsins eða bara einkaaðilar. Það er spurningin um hvort við erum kjánar sem látum arðræna okkur eða hvort við erum þjóð meðal þjóða þar sem almenningur gerir kröfu til þess að fá hlutdeild í arðinum af þeim auðlindum sem þjóðin sjálf fékk í vöggugjöf. Þetta er þess vegna ekki þingmál sem varðar einhverjar krónur til eða frá. Þetta er mál sem varðar grundvallaratriði um tilkallið til arðs af auðlindum þjóðarinnar, ekki bara af fiskinum í sjónum heldur öllum öðrum auðlindum. Og þá er það ekki bara spurningin um hvernig þeim arði er skipt í ár heldur líka spurningin um með hvaða hætti þeim arði er skipt til framtíðar, hvaða kröfu komandi kynslóðir, börnin okkar og barnabörn, eiga til þess að þær auðlindir sem við öll fengum í vöggugjöf megi verða til þess að létta þeim lífsbaráttuna á komandi árum og áratugum.

Það er þess vegna ekki ástæða til að ganga skemmra í því að innheimta auðlindagjöld á Íslandi eins og ríkisstjórnin leggur hér til. Það er þvert á móti full ástæða til þess að ganga lengra í því efni. Verkefnið núna er ekki að lækka gjöldin á auðlindirnar í hafinu heldur að bæta við gjaldtöku á orkuauðlindir landsins, á vatnsaflíð og á jarðhitann. Það væri það verkefni sem ríkisstjórnin ætti að vera að vinna að, að styrkja afkomu ríkissjóðs, að bæta möguleikana á því að koma til móts við almenning, efla velferðarþjónustuna með því að auka tekjur okkar af okkar eigin auðlindum en ekki að gefa útgerðarmönnum sérstakan afslátt einmitt á því ári sem þeir græða sem aldrei fyrr.

Það væri auðvitað líka til þess fallið að jafna nokkuð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Ýmsir gleyma því stundum að 101 Reykjavík er einhver stærsti útgerðarþæfar landsins og hafa margir haft það á orði að þetta leggist heldur þyngra á staði utan suðvesturhornsins. Það kunna að vera sjónarmið þar að baki, en þá væri það sannarlega til mótvægis gert að leggja gjald á orkuauðlindirnar, á þá miklu jarðhitavinnslu, á þá miklu vatnsaflsvinnslu sem er hér suðvestanlands og láta það með sama hætti renna helst hvort tveggja í auðlindasjóð, sem við gætum á komandi tíð fært sem arf komandi kynslóða frá kynslóð okkar. (Forseti hringir.) Það væri betur gert en þetta frumvarp hér.

[16:09]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ágæta ræðu og mikla yfirferð. Það skín í gegn að hann vill hafa gjaldið óbreytt. Nú er það þannig að gjaldið er byggt á gömlum upplýsingum, þetta er mjög mikið sovétkerfi, þetta er allt saman skipulagt ofan frá. Það er búið að ákveða að greinin eigi að hafa svo og svo mikla arðsemiskröfu, að hún eigi að skila svo og svo miklum arði og á það sem umfram er skuli lagt auðlindagjald.

Við byggjum sem sagt á gömlum tölum, við byggjum á því að horfa aftur í tímann, jafnvel tvö, þrjú ár aftur í tímann. Auðlindagjaldið er miðað við stöðu greinarinnar fyrir tveimur, þremur árum. Aðstæður úti í heimi breytast mjög hratt, í Evrópusambandinu og víðar þar sem lífskjör hafa versnað og við getum ekki lengur selt saltfiskinn og annað á jafn góðu verði.

Þá kem ég að spurningunni til hv. þingmanns: Hefur hann trú á markaði til þess að ákveða verð? Markaðurinn er

öndvert við stjórnámálamennina og sovétíð sem líta aftur í tímann. Hefur hv. þingmaður ekki trú á því að það væri betra að hafa markaðinn til að ákveða verðið eins og verð á brauði og öðru slíku, meira að segja bensíni? Finnst hv. þingmanni ekki þetta kerfi vera slæmt? Eru menn ekki núna að bjarga einhverju við vegna þess að menn horfa aftur í tímann þegar þeir ákveða veidigjaldið en ekki fram í tímann eins og markaðurinn mundi gera?

[16:11]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er sannfæring mín að markaðurinn sé góður þjónn en slæmur húsbóndi og þess vegna væri mjög eftirsóknarvert að nýta hann til þess að ákvarða auðlindagjöld. Ég get lofað hv. þingmanni því að ef rétturinn til þess að veiða kíló af þorski yrði boðinn upp á markaði yrði verðið ekki þær 17 krónur sem stjórnarmeirihlutinn leggur hér til, heldur miklu hærri og hv. þingmaður veit það jafn vel og ég. Þess vegna er hér verðið að undirverðleggja takmörkuð gæði í þágu forréttindastéttar, útgerðarmanna sem verðið er að gera gælur við að afloknum kosningum, jafn ósmekklegt og það nú er.

Ég vil hins vegar segja að maður á ekki að vera kreddubundinn í þessu og ef menn vilja ákveða gjaldið með einhverjum öðrum hætti en á markaði er ég algjörlega opin fyrir því. Það verður bara að vera gert með málefnalegum hætti. Ég sagði að við lokuðum engum leiðum í því, það má vera krónutala ef menn telja það vera réttu leiðina eða vera byggt á einhverjum tilteknum upplýsingum ef þeir færa efnisleg rök fyrir því. Það er auðvitað vont að byggja á gömlum upplýsingum. Mér hugnast best það sem Kristján Möller hefur nefnt, að verðið sem í gangi er á þeirri stundu þegar landað er ákvarði hvaða veidigjald á að greiða.

Það má líka hugsa sér fjölmargar aðrar leiðir og það er auðvelt að afla upplýsinga um hvað næstu mánuðir og missiri bera í skauti sér. Það liggur fyrir hvaða aflaheimildir verða veittar. Það eru til framvirkir samningar á heimsmörkuðum um olíuverðið eins og það mun þróast. Sömu leiðis eru til samningar a.m.k. eitthvað fram í tímann sem gefa vísbendingar um hvers megi vænta í fiskverði og annað þess háttar. Ég held að við getum haft nokkrar leiðir varðandi það með hvaða hætti menn komast að málefnalegri niðurstöðu en hér er náttúrulega bara verðið að gefa útgerðarmönnum peninga.

[16:13]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Talandi um að kreddugera, orðfærið sem hv. þingmaður notar um forréttindastéttir og ég veit ekki hvað og hvað, hvað er það annað en að kreddugera?

Ég vil koma inn á það að ég hef lagt fram frumvarp um að dreifa kvótanum á þjóðina. Það byggir á algjörrri markaðsvæðingu. Honum yrði dreift jafnt og þétt aftur og aftur þannig að það yrði engin endanleg eign á kvóta þjóðarinnar. Þessi aflahlutdeild yrði algjörlega frjáls til framsals og til gjafar, t.d. fyrir þá sem ekki vilja veiða o.s.frv. Þannig að þá mundi algjör markaður ráða í greininni og við þyrftum ekki að ræða um hvort hægt sé að veiða makríl eða einhverjar aðrar tegundir. Reyndar er makrillinn mjög arðþæf



en aðrar tegundir eru svo lítið arðbærar að þær greinar sem ætla að stunda þær veiðar geta eiginlega ekki borgað neitt veiðigjald og þá á það bara að vera þannig. Á markaði mundi það gerast að þær greinar þar sem kostnaðurinn er jafn mikill og arðurinn af greininni mundi veiðigjaldið vera núll. Í þeim greinum eins og makríl eða þorski eða öðru slíku þar sem arðurinn er mjög mikill yrði ... (Gripíð fram í.) Ég er ekki við, herra forseti.

Í þeim greinum sem skila miklum arði yrði veiðigjaldið hátt.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Er þetta ekki lausnin á því í staðinn fyrir að vera núna að bjarga einhverju við vegna þess að sumar greinar geta ekki starfað undir þessu sovét-kerfi sem við höfum komið á?

[16:15]

### Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Við hnotabíutumst um ýmis smámál í þinginu frá degi til dags en hér ræðum við um grundvallaratriði. Það er rétt að hv. þingmaður hefur lagt það til að auðlindinni verði úthlutað til þjóðarinnar einu sinni á ári og henni leyft að ráðstafa sínum hlut þar í með þeim hætti sem hverjum og einum sýnist. Mér finnst það að mörgu leyti miklu betri aðferð en sú sem hér er lögð til. Hún mundi a.m.k. tryggja það að þjóðin fengi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald eins og hægt er að ætlast til, þ.e. það endurgjald sem réðist af markaði.

En vegna þess að við erum ekki stödd í draumaveröld og eigum ekki allra kosta völ verðum við að taka afstöðu til þeirra kosta sem í boði eru. Sá kostur sem ríkisstjórn hv. þingmanns hefur lagt á borðið er kosturinn um að lækka skatta á útgerðarmann um 6,4 milljarða í ári þegar afkoman er betri en nokkru sinni fyrr. Það er ekki tillaga sem ég get fellt mig við vegna þess að ég tel að nota eigi þessa 6,4 milljarða með nánast hvaða öðrum hætti sem vera skal. Ef menn vilja nota 6,4 milljarða í skattalækkanir þá geri þeir það endilega, en þá til þess að örva nýsköpun, nýja útflutningsstarfsemi, til þess að auka umsvif í einstaka greinum eða ívilna fjárfestingum, en ekki nota þá í að gefa útgerðarmönnum peninga.

Hitt væri svo miklu betra, að nota þessa 6,4 milljarða í það að efla velferðarþjónustuna, það heilbrigðiskerfi sem nú hefur verið svelt svo lengi eða til að bæta kjör lífeyrisþega, en ekki að gefa þá útgerðarmönnum. Þeir þurfa ekki á því að halda.

[16:18]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Það er óneitanlega sérstakt að við skulum hér vera í umræðu um lækkan veiðigjalds á sama tíma og ný ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er óþreytandi við að lýsa því yfir hvað þeim hafi komið á óvart að það væru ákveðin vandamál tengd ríkisfjármálum á Íslandi. En ríkisstjórninni þykir sjálfsgagt að hafa það forgangsverkefni nú þegar á sumarþingi að lækka veiðigjald á íslenska útgerð. Ekkert bólar hins vegar á boðuðu frumvarpi um hækkun lífeyrisgreiðslna til ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega þó að fjármálaráðherra sé ákaflega hneykslaður á Samfylkingunni að endurflytja frumvarp frá

fyrra þingi um heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Það er ágætt að þessi nýja hægri stjórn er svona grímúlusa í forgangsstöðun sinni, þá er kjósendum það strax ljóst hvað í vandum er næstu fjögur árin.

Í kostnaðarumsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að verði þetta frumvarp að lögum muni það þýða rýrnun tekna ríkissjóðs um 3,2 milljarða á yfirstandandi ári og 6,4 milljarða á því næsta. Bendir skrifstofan á að staða ríkissjóðs muni versna umtalsvert vegna þessarar tekjulækkunar og verði það til muna lengri leið að jöfnuði í heildarafkomunni en gert var ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun sem fylgdi fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2013.

Einhvern veginn virðist vera tekin við algjör óstjórn í ríkisfjármálunum eftir fjögurra ára aga og festu. Því ber að bæta við að fyrir helgi var skrifað undir bindandi samning um Norðfjarðargöng, þessi Norðfjarðargöng sem fjármagna átti með m.a. tekjum af veiðigjaldi, þannig að ríkisstjórnin er ekki bara að afsala sér tekjum upp á 6,4 milljarða á næsta ári heldur er hún jafnframt með ófjármögnum útgjöld í bindandi samningi sem nema Norðfjarðargöngum sem mun þá leggjast við reikninginn af þessum vildargjörmingi.

Í andsvari mínu fyrir helgina vitnaði ég í virtan fræðimann, Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla, sem er óþreytandi við að benda á hvað þetta sé óheppileg ráðstöfun. Hann segir m.a. að þessi lækkan um 3 milljarða á þessu ári og rúma 6 milljarða á því næsta skapi ekki sérstakan hvata til fjárfestingar í greininni enda sé hvatinn, eins og hann orðar það, með leyfi forseta, „ævintýralegur“ og til þess að veiðigjaldið fari að hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu í greininni þurfi það að verða í kringum 50 milljarðar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tekur undir það að þessi lækkan á veiðigjaldi muni ekki auka hvata til fjárfestingar þannig að þarna eru aðilar sem eru sammála um að þetta sé ekki þjóðhagslega hagkvæm aðgerð.

Svo ég haldi áfram að vitna til dósentensins telur hann eftir útreikninga þar sem dreginn er frá allur rekstrarkostnaður í greininni og áætlaður 8% arður á eigið fé, standi eftir 56 milljarðar kr. fyrir árið 2011 sem sé auðlindaarður, arðurinn af því að fá að fénytá þá auðlind sem fiskurinn í sjónum er, og að á árunum 2008–2010 hafi hann verið á bilinu 38–46 milljarðar.

Ég ætla ekki að efast um það í eina mínútu, herra forseti, að það má deila um hvernig útreikninga eru gerðir og hvað eru réttar tölur og hverjar eru rangar. Ég ætla þó að segja að ég treysti því að þessir 56 milljarðar séu í námunda við það sem hægt væri að sammælast um að vera arðurinn af nýtingunni á auðlindinni. Jafnvel þó að við værum með skekkjumörk upp á 5–10 milljarða eru þetta umtalsverðir fjármunir. Ef við tölum um 56 milljarða skila 18% af auðlindaarðinum sér til þjóðarinnar, sem lögum samkvæmt á auðlindina þó að það eigi eftir að festa slíkt í stjórnarskrá, á meðan 82% renna beint í vasa útgerðarinnar og er hún þá jafnframt búin að fá arð af því fé sem hún hefur lagt í reksturinn. (Gripíð fram í.) Þetta eru því gríðarlegir fjármunir, herra forseti, og ég verð að segja það að það er fráleitt að vera í umræðu sem snýst um að lækka veiðigjaldið í stað þess að hún snúist um að hækka veiðigjaldið, sérstaklega af því að við förum í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október síð-

astliðinn um það hvort frumvarp stjórnlagabings ætti að verða grunnurinn að nýrri stjórnarskrá. Þar voru nokkrar spurningar teknar út. Þar voru kjósendur spurðir að því hvort þeir teldu að þær auðlindir, eins og t.d. fiskveiðiauðlindin, fiskurinn í sjónum, ættu að vera þjóðareign og hvort fyrir ætti að koma fullt gjald vegna nýtingar. Töldu 83% kjósenda á Íslandi að svo væri. Mér finnst það mikil dirfska af nýrri ríkisstjórn að ögra kjósendum með þessum hætti, **(BirgJ: Heyr, heyr.)** að bjóða upp á þetta frumvarp í upphafi ríkisstjórnartíðar sinnar.

Herra forseti. Það er ekki minni dirfska í ljósi þess að niðurstöður úr BA-ritgerð þar sem skoðaður var fjárstuðningur til stjórnmalasamtaka sýna að það eru núverandi stjórnarflokkar sem njóta langt umfram aðra flokka fjárhagslegs stuðnings frá þessari atvinnugrein, sjávarútveginum. Þær upplýsingar hvíla náttúrulega sem skuggi yfir umræðunni og án þess að ég ætli að leyfa mér að vera með dylgjur um það frekar þá segir það okkur ekki bara sem stjórnmalamönnum heldur sem venjulegu fólki með „common sense“, með leyfi forseta, ég sletti, að það er ástæða til þess að horfa á frumvarp sem þessi skuggi hvílir yfir með einstaklega gagnrýnum hætti.

Herra forseti. Ég vil ljúka ræðu minni á því að segja að í fyrsta lagi er óeðlilegt að ætla á skömmum tíma án ítarlegrar yfirlegu að draga úr því gjaldi sem sjávarútvegurinn þarf að greiða fyrir not af sameiginlegri auðlind okkar.

Í öðru lagi er ábyrgðarleysi að leggja slíkt fram án þess að fyrir því liggi gild rök þegar staða ríkissjóðs er eins og hún er og búið er að fara í bindandi samninga um t.d. útgjöld sem tengjast þessum tekjum.

Í þriðja lagi tel ég að ástæða sé til að gjalda varhuga við tillögum sem lúta að atvinnugrein sem hefur með svo afgerandi hætti styrkt stjórnarflokkana umfram aðra stjórnmalaflokka hér á Alþingi.

Ég ítreka það í lok ræðu minnar, herra forseti, að þetta er í andstöðu við yfirlýstan vilja kjósenda í atkvæðagreiðslunni þann 20. október 2012 þegar 83% kjósenda vildu að auðlindir yrðu í þjóðareign og að fyrir notkun af þeim kæmi fullt gjald.

[16:28]

### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður. Hér hefur aðeins verið rætt um undirskriftasöfnun sem hófst fyrir u.þ.b. 20 klukkutímum og ber yfirskriftina „Óbreytt veiðigjald“. Núna þegar ég var að kíkja á hana hafa 7.842 skrifad undir. Í því sambandi held ég að mjög mikilvægt sé að við höfum í huga í þessum umræðum það sem kom lífa fram í ræðu hv. þm. Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, að í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október sl. um heildarendurskoðun á stjórnarskrá þar sem út fyrir sviga var tekið hvort almenningur vildi að auðlindirnar væru í þjóðareign sögðu 83% þjóðarinnar já.

Ég held að það hve hratt hefur safnast á þennan undirskriftalista, sem er algjörlega sjálfsprottinn, lýsi vel afstöðu þjóðarinnar til þessa máls. Í yfirskrift söfnunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Við undirrituð hvetjum Alþingi til að samþykkja ekki frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum nr.

74/2012 frá 26. júní 2012, þar sem skilgreind eru þau gjöld sem útgerðinni ber að greiða fyrir afnot af sameiginlegri fiskveiðiauðlind okkar.

Verði Alþingi ekki við þeirri ósk verður þessi undirskriftalisti afhentur hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, og hann hvattur til að undirrita ekki lög sem taka til breytinga á lögum nr. 74/2012, frá 26. júní 2012, heldur vísa þeirri ákvörðun í þjóðaratkvæði til eigenda fiskveiðiauðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar.“

Þetta er svolítið merkilegt að vera hér enn og aftur í þeirri stöðu að hvetja stjórnvöld til að hlusta á almenning. Síðast var það í tengslum við Icesave og þá var ég í góðri samvinnu við þá flokka sem nú eru í ríkisstjórn. Nú mun ég án efa vera í góðri samvinnu við þá flokka sem ekki eru í ríkisstjórn um málefni sem varðar svo sannarlega þjóðarhag.

Ég held að þetta sé mjög gott dæmi og mjög mikilvægt fyrir okkur þingmenn, sem erum hér í umboði þjóðarinnar en ekki smárra hagsmunahópa, að byrja að aftengja og skilja að þessi óeðlilegu tengsl viðskiptaheims við þingheim. Það er löngu tímabært. Höfum við ekkert lært, höfum við ekki neitt lært af hruninu? Nei, það er bara eitthvert óþægilegt kusk sem við skulum reyna að gleyma og tala um sem „svokallað“. Nei, það er svo sannarlega tími kominn til að sýna í verki að hér ráða einvörðungu hagsmunir alls almennings.

Ég var í umræðum rétt áðan um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og ég innti hæstv. fjármálaráðherra eftir skýrum svörum um hvernig ætti að brúa þessa óyfirséanlegu gjá. Hann svaraði mér ekki. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort til stæði að skera niður í heilbrigðis- og menntakerfinu eða hvort til stæði að gefa í eins og þörf er á og minni hlutinn, sem nú er í ríkisstjórn, hefur talað mjög eindregið fyrir. Ég fékk ekki nein svör við því. Þegar manni er ekki svarað hlýtur maður að lesa í þögnina og að mér setur ugg, ég verð að segja það.

Við vitum að heilbrigðiskerfið okkar er komið út fyrir formið. Við vitum að menntakerfið okkar er mjög veikburða. Við vitum að grunnstoðir samfélags okkar standa ekki styrkum fótum og þar er ekki einvörðungu hægt að kenna um verkstjórn síðustu ríkisstjórnar heldur þurfum við að horfast í augu við að hér varð þriðja mesta fjármálahrún heimssögunnar. Ég verð að segja, forseti, að þrátt fyrir að ég hafi gagnrýnt fyrrverandi ríkisstjórn oft á tíðum og sér í lagi varðandi ríkisbúskapinn, er ég ævarandi þakklát fyrir að það voru vinstri flokkar sem huguðu að því að skera ekki alveg inn að merg, því að það er svo oft þannig þegar niðurskurður er eftir svona hrun.

Ég hef setið mikið á fundum með „góðvinum mínum“ í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem ég gagnrýni alltaf þegar ég hitti þá. Mér fannst svolítið athyglisvert að heyra fulltrúa hans segja að þeir hefðu gríðarlegar áhyggjur af því sem við erum að tala um núna, afnámi veiðigjaldanna. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn getur hreinlega ekki séð hvernig á að brúa þetta bil, þeir sjá ekki að ríkisstjórnin geti greitt niður skuldarnar. Því væri mjög gagnlegt að vita, af því að ég gat ekki fengið nákvæma tölu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hvað við skuldu þeim eiginlega mikið enn þá og hvað við borgum þeim mikla vexti.

Það væri náttúrlega mjög gagnlegt að losa okkur úr viðjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en ég sé ekki að það gerist ef við ætlum að skera af eitthvað sem hefði verið nauðsynlegt til að geta haldið áfram að reyna að setja stóðir undir mjög veikburða samfélagsgrunn.

Það sem ég hef áhyggjur af er að ef við höldum áfram að segja við fólk í landinu að hagsmunir lífils hóps vegi þyngra en hagsmunir heildarinnar muni sú virðing sem ekki hefur farið mikið fyrir gagnvart þessari stofnun ekki breytast með því að setja bindi um hálsinn á þingmönnum. Um það var mikið rætt í forsætisnefnd í morgun hve nauðsynlegt væri að þingmenn klæddu sig snyrtilega. Ég held að það sé mun mikilvægara að við sýnum snyrtimennsku og heildarleika í verkum en ekki á yfirborði.

Það er svolítið merkilegt að fylgjast með því hér á hinu háa Alþingi hvað orðin eru oft innantóm. Það er ótrúlega merkilegt að fylgjast með því hvað fólk er tilbúið að gleyma mikilvægi þess að vera flekklaus í orði. Orð eru mjög mögnuð. Ef maður segist fylgja einhverju einn daginn og snýr síðan blaðinu við næsta dag er manni varla treystandi.

Ég upplifi hér það sem ég hef gefið heitið ping-pong pólitík eða það sem ég kalla stundum líka ullarpeysupólitíkina, ullarpeysuna eða dreim varð til, út af því sem maður horfir upp á á þessu sumarþingi. Núverandi ríkisstjórn ætlar að rekja upp allt sem hin ríkisstjórnin gerði. Þar á undan rakti sú ríkisstjórn upp allt það sem ríkisstjórnin þar á undan gerði. (Gripið fram í.)

Það er svo mikilvægt að við hættem að vinna á þennan hátt. Við verðum að klára peysuna sem er skjólið utan um þjóðina. — Mjög þjóðlegt, þetta er meira að segja ullarpeysa, og þess vegna er garnið svona viðkvæmt. Ef við erum alltaf að rekja upp trosnar það upp og hér blasir aðeins við samfélag sem mun aldrei gróa um heilt. Það eru ótrúlegar erjur í samfélaginu. En það er þó eitt sem þjóðin okkar er tiltölulega samhent og sammála um og það er að þeir sem njóta arðsins af okkar sameiginlegu auðlind þurfi að leggja til í sameiginlega sjóði okkar. Það er svo einfalt. Og okkur sem þingmönnum ber að hlusta á þjóðina. Það er bara þannig.

Við skulum hætta þessu bulli, förum frekar og skoðum það sem hefur verið gagnrýnt, að það séu gallar í því hvernig þetta kemur út út frá mismunandi fiskstofnum. Það er allt í lagi að athuga ef gerð hafa verið einhver mistök. En að fara út í þessa aðgerð er eins og blaut tuska framan í þjóðina. Því ber þinginu að hætta við, sýna fram á að þetta séu hreinlega byrjendamistök hjá nýrri ríkisstjórn. Við eigum að sýna þjóðinni virðingu. Þetta er ekki það sem þjóðin er að biðja um.

Ég vona svo sannarlega að þegar fjöldi undirskrifa í söfnuninni verður kominn upp í 10%, sem hann mun án efa gera, að þá hlustum við. Þess vegna þurfum við að gefa þessu frumvarpi góðan tíma í þinginu og ég geri ekki ráð fyrir að það fari nokkuð í gegn óbreytt. Ég trúi því ekki að hinir ágætu nýju þingmenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins ætli að gera þetta sem sitt fyrsta verk. Ég vona að minnsta kosti í einlægni að svo verði ekki.

[16:40]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Hvað segja löginn? Í lögunum um stjórn fiskveiða, 1. gr., almennum ákvæðum, segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þá er spurningin: Hvað vill þjóðin? Þjóðin er sammála um að það eigi að festa í stjórnarskrá að þjóðin eigi auðlindina. Lögspékingar hafa verið að velta þessu fyrir sér og sumir hverjir gagnrýnt það að þjóðin geti ekki átt neitt en það er útskýrt á mjög einfaldan hátt af mörgum öðrum lögspékingum að þá er það ríkiseign sem má ekki framselja, ríkiseign sem skal vera ævarandi eign þjóðarinnar eins og Þingvellir.

Hvernig getur þjóðin náð fram vilja sínum þegar kemur að þessu? Þjóðin kallar eftir því að fá eðlilegt verð fyrir eignina, markaðsverð sem ætti ekki að vera erfitt fyrir sjálfstæðismenn að samþykka, a.m.k. ekki hugmyndafræðilega, að þjóðin, sem á auðlindina, fengi markaðsverð fyrir hana. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan væri það eðlilegast á markaði, það væri mögulega hægt að úthluta henni á ársgrundvelli og fólk gæti þar af leiðandi framleigt hana til þeirra sem vilja veiða. Það væri ein leið. Það eru alls konar mismunandi leiðir sem hægt er að fara að því marki að tryggja að þjóðin fái markaðsverð fyrir auðlindina sína. Það er það sem þjóðin vill.

Hvernig nær þjóðin fram vilja sínum í þessu máli? Ein leiðin er að kjósa flokka til Alþingis. Í þessu máli eru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur með tillögu um hvað skuli gera, að veiðigjaldið skuli lækkað. Veiðigjaldið er í dag engan veginn markaðsvirði en þessir tveir flokkar vilja lækka það enn þá meira og það er ekki það sem þjóðin vill.

Það að kjósa flokka er því þakkaðfyll og menn fá ekki allt sem þeir vilja. En hvað getur þjóðin þá gert? Samkvæmt stjórnarskránni sem við höfum í dag getur þjóðin beðið forsetann — það er reyndar ekki í stjórnarskránni að þjóðin biðji forsetann, en það er forsetinn sem getur með málskoti sínu vísað máli til þjóðarinnar sem þá hefur neitunarvald. Þjóðin hefur neitunarvaldið, ekki forsetinn. Forsetinn hefur málskotsréttinn, þjóðin samþykkir svo eða synjar lögum sem koma frá Alþingi. Þetta er það sem þjóðin getur gert og hún hefur gert það, m.a. í Icesave. Hún hefur gert það núna margoft og við erum komin með ákveðinn smekk fyrir því, við kunnum að meta þetta. Forsetinn hefur sýnt að hann kann að meta það ef hann hefur nógu mikinn stuðning þjóðarinnar á bak við sig.

Nú er hafin undirskriftasöfnun, næstum því 8 þús. manns búin að skrifa undir. Ef við förum eftir frumvarpi stjórnlagaráðs ættu 10% þjóðarinnar að geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um að leggja fyrir þjóðina lög sem þingið hefði samþykkt. Það eru 22 þús. manns miðað við kjörskrá í dag þannig að það vantar eitthvað upp á. Það er kominn rúmlega einn þriðji á einum sólarhring. Það er gott, mjög gott. Það er mjög gott að við á þinginu þurfum að hugsa til þess að þjóðin er farin að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum um ákvarðanir okkar. Það þýðir að ákvarðanir okkar verða að vera vel ígrundaðar og endurspeglja það sem við vitum að er vilji þjóðarinnar.

Þetta er staðan. Ég hvet þjóðina til að halda áfram að skrifa undir, halda áfram að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslum. Þannig munum við hægt og rólega færa okkur í

átt til beinna lýðræðis og seinna þurfum við að festa slík ákvæði í lög, ákvæði um að þjóðin sjálf geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að hafa milligöngumann sem er forsetinn. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[16:44]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni þegar þetta mál var rætt í fyrra skiptið fór ég lauslega yfir þá útfærslu sem ég hef sett fram og kynnti síðast en náði því miður ekki fram að ganga. Ég ætla því að fara aðeins betur yfir þetta, reyna það á þessum fimm mínútum, en ég vonaðist til og hélt að ráðherrann yrði hér viðstaddur til enda.

Í þeirri útfærslu sem ég setti fram þá var tillaga um reiknireglu fyrir veiðigjöld, útgerðir og vinnslu vegna aðgangs að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Í tillögu þeirri er lagt til að veiðigjöld verði innheimt sem tiltekið hlutfall af tekjum og afkomu einstakra útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja í stað almenns gjalds sem reikna á út frá afkomu greinarinnar í heild, sem er auðvitað höfuðókosturinn. Útreikningar gjaldstofns og álagning munu samkvæmt tillögnum byggja á upplýsingum úr ársreikningum og skattframtölum viðkomandi félaga. Miðað er við að álagning gjaldsins fari fram með sama hætti og álagning opinberra gjalda þar sem skattstofnar eru dregnir fram í ársreikningum félaga. Þar með er ávallt verið að stýðjast við nýjustu upplýsingar og ekki er verið að safna gögnum sérstaklega til að leggja á veiðigjöld með þeim kostnaði og göllum sem í því felst og ónákvæmum eftiráupplýsingum frá Hagstofu, sem er meginókostur núverandi veiðigjalda.

Tillagan gerir ráð fyrir að gjaldtakan verði þrífætt eins og ég hef áður talað um en þó tiltölulega einföld í útreikningi og framkvæmd. Að hluta yrði gjaldtakan hugsuð sem fastákveðið gjald óháð afkomu í greininni og óháð afkomu einstakra fyrirtækja, almennt veiðigjald. Þetta gjald er sambærilegt núverandi veiðigjaldi. Að auki yrði innheimt gjald sem reiknað væri af heildartekjum af veiðum og vinnslu og að lokum væri innheimt gjald sem byggði á hagnaði félaga fyrir fjármagnskostnað, svokallað EBIT. Þar sem fyrir liggur að félög eru mjög misjafnlega skuldsett var líka lagt til að tillit verði tekið til skuldsetningar félaga á þeim tíma sem kalla má aðlögunartíma. Þetta rataði sem betur fer inn í lögina við vinnslu nefndarinnar á síðasta kjörtímabili.

Heildartekjur af veiðum og vinnslu samkvæmt skattframtölum félaga mynda þennan stofn, þ.e. gjaldstofn 1, eins og við ræddum um síðast, en tekjur af leigu og öðru af sölu aflaheimilda mynduðu stofninn. Söluhagnaður eigna og tekjur sem ekki tengjast veiðum og vinnslu, svo sem húsaleigutekjur, yrðu utan skattstofnsins til að koma í veg fyrir að veiðigjald af tekjum yrði innheimt tvisvar. Þegar affli er seldur til vinnslu eða gjaldtöku af hráefni sem veitt er utan íslensku landhelginnar af erlendum skipum er lagt til að skattstofn vinnslufyrirtækja lækki um kaupverð hráefnis til vinnslunnar. Þessi gjaldstofn mætti vera lágur eða um 1%.

Í gjaldstofni 2 er lagt til að rekstrarhagnaður félaga fyrir fjármagnskostnað myndi stofn til veiðigjalds. Stofn þessi mundi þá taka breytingum frá einu ári til annars vegna sveiflu í afkomu greinarinnar og er það í samræmi við þann

vilja að skattleggja afkomu með einhverjum hætti. Gjaldstofn þessi væri þá af heildartekjum af veiðum og vinnslu að frádrögnum almennum rekstrarkostnaði og skattalegum afskriftum. Með þessu er tekið tillit til fjárfestingarfélaga, þ.e. félög sem hafa til dæmis fjárfest í skipum og tækjum geta dregið þann kostnað frá við útreikning á skattstofni. Með því að hafa skattalegar afskriftir inni í útreikningum er girt fyrir að hægt sé að hafa áhrif á skattstofn með því að leigja til sín framleiðslutæki í stað þess að eiga þau. Þetta var sett fram vegna umræðu þar var um.

Virðulegi forseti. Ég hef stuttan tíma eftir í ræðu minni en ég var með hugmyndir og hef sett þær fram um svokallaðan gjaldstofn 3 sem væri í raun og veru staðgreiðsluveiðigjald. Aðalkosturinn við það er, eins og ég sagði síðast, að það yrði byggt á samtímagögnum, það yrði ekki byggt á tveggja ára gömlum gögnum og ekki gert þannig eftir á. Þetta yrði gert í rauninni þrá degi til dags miðað við landaðan afla og yrði þá sett þannig fram að fyrirtækin mundu áætla veiðigjald sitt í rauninni, eins og gert er bara með skatta annarra, og svo í lok skattaárs færi fram uppgjör og annaðhvort eiga menn þá inni eða skulda. Þetta er einfalt kerfi, mjög einfalt, og yrði bætt við núverandi skil fyrirtækja til ríkisskattstjóra sama hvort það er gert ársfjórðungslega eða annan hvern mánuð.

Virðulegi forseti. Í fimm mínútna ræðu er kannski ekki hægt að fara í gegnum þetta allt saman en ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður, höfuðókosturinn við núverandi veiðigjöld og álagningu þeirra er hvað byggt er á gömlum gögnum. Þess vegna þarf að færa það til nútímans, færa það til þess þegar landað er afla og svo og svo mikið fæst fyrir hann. Þá er greitt af því kannski tveimur, þremur mánuðum seinna. Verði verðfall á mörkuðum kemur (Forseti hringir.) einfaldlega minna til að leggja á og þar af leiðandi minna gjald. Aðalatriðið er það sem samkomulag varð hér um á Alþingi milli flokka að leggja bæri á (Forseti hringir.) hóflegt veiðileyfagjald og þá er spurningin, hvað er hóflegt? En það verður spurningin endalausa.

[16:50]

**Sigríður Á. Andersen (S):**

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar fróðlegt að fylgjast með umræðum um þetta merkilega mál, sem hafa staðið yfir í tvo daga, að ég hygg. Mér hefur þótt sérstaklega fróðlegt að fylgjast með umræðunum í ljósi þess að lítið hefur farið fyrir umræðu um meginefni frumvarpsins. Lítið hefur farið fyrir umræðu um tæknilega útfærslu á hinu sérstaka veiðigjaldi sem frumvarpið tekur til og skyldi nú kannski engan undra vegna þess að ekki er hlaupið að því að skilja fyrirkomulagið sem sett var fram í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar á síðasta kjörtímabili með sérstöku veiðigjaldi.

Ég hjó eftir því í umræðu hér, ekki á þessum þingfundi heldur fyrir einhverjum dögum, um málið að menn tiltöku að það væri merkilegt og einhver taldi það jákvætt að í þessum þingsal væru engar efasemdir uppi um töku gjaldsins sem slíks heldur væru menn að þrætta hér um útfærsluna sem slíka. Ég get þá komið hér fyrst fram í þessari umræðu um málið og lýst yfir efasemdum um veiðigjaldið sem slíkt og töku þess. (**Gripið fram í:** Almennt?) Almennt. Ég held að menn geti verið sammála um það miðað við málflutning

mannanna í þessari umræðu um að lögin um töku veidigjaldsins eru gölluð. Lögin eru meingölluð. Það hefur ekki verið hægt að framfylgja þeim og þess vegna stöndum við í þeim sporum að ræða útfærsluna fyrir næsta fiskveiðiár.

Í tilefni af ummælum sem fallið hafa um veidigjald almennt og fiskstofnana við landið get ég ekki látið hjá líða að leiðrétta þann misskilning sem mér fannst koma fram í máli einhverra hv. þingmanna hvað varðar fiskstofnana. Ég áréttu það sem fræðimenn eru nú almennt sammála um að fiskstofnarnir sjálfir eru ekki í eigu eins eða neins. Þeir flakka á milli lögsagna. Þeir eru ekki í eigu eins eða neins en Alþingi hefur í skjóli fullveldisréttar, eins og menn þekkjá hér, heimild til þess að setja reglur um nýtingu á þessum fiskstofnum.

Það er enginn eignarréttur sem fylgir þessu. Ég vil áréttu það, af því að mér fannst annað koma fram í ræðu hv. þingmanna áðan, t.d. að 1. gr. laga um stjórningu fiskveiða frá árinu 2006 hefur enga eignarréttarlega þýðingu, bara svo menn hafi það í huga í umræðunni í framtíðinni þegar málið kemur aftur til kasta þingsins. Það er þannig enginn réttur til leigugjalds. Að sjálfsögðu er hægt að leggja á skatta en menn skulu þá kalla hlutina réttum nöfnum. Það er auðvitað hægt að leggja á skatta en það er ekki á grundvelli nokkurs eignarréttar og það er það sem hér er til umfjöllunar.

Það sem er til umfjöllunar er veidigjaldið, það er skattur. Eins og nefndi áðan eru þessi lög, nr. 74/2012, sem frumvarpið lýtur að, lögin um veidigjöldin, gölluð. Þau eru tæknilega óframkvæmanleg í dag því að gjaldið er ekki hægt að reikna. Um það eru menn sammála, það hefur komið fram í máli hv. þingmanna.

Lögin eru ekki bara tæknilega gölluð. Þau eru auðvitað líka hugmyndafræðilega óásættanleg. Menn sjá það bara strax þegar menn lesa greinargerð, athugasemdir með frumvarpinu, með lögum nr. 74/2012, um veidigjöld, hversu gölluð þau eru.

Mjög lítið var fjallað um hugtakið auðlindarentu í umræðu um frumvarpið hingað til en þó var nefnt, heyrði ég, að menn töldu það vera hugtak sem hönd á festi, en það er alls ekki svoleiðis. Auðlindarentan er ekki hugtak sem hönd á festir og það kemur meira að segja fram í athugasemdum með lögum um veidigjöld. Það kemur berlega fram. Þar er sérstaklega tiltekið að mismunandi aðferðum er beitt við að finna auðlindarentuna, mismunandi aðferðir sem liggja til grundvallar og eru tilteknar í athugasemdum með lögnum ýmsar aðferðir. Það er munur á rentu, og það er líka tiltekið í athugasemdum með lögnum, eftir árum, eftir veiðum, eftir skipategundum, vinnsluaðferðum. Auðlindarentan er ekki nokkuð sem hönd á festir.

Þá ber sérfræðingum ekki heldur saman um hversu há rentan hefur verið undanfarin ár. Mönnum ber náttúrulega alls ekki saman um hver auðlindarentan er fyrirhuguð næstu ár en þótt menn líti til baka og hafi allar tölur tiltækar ber sérfræðingum heldur ekki saman um hver auðlindarentan hafi verið undanfarin ár. Það er líka tiltekið í athugasemdum með lögum nr. 74/2012, og skeikar þar nokkru, allt frá 20 upp í 55 eða 60 milljarða. Er ekki einkennilegt að menn geti ekki sett fram ákveðna tölu ef auðlindarentan er svona hlutlægt hugtak?

Þá er líka óásættanlegt í hugmyndafræðinni um veiði-

gjöldin að það er einhvers konar ójafnræði á milli útgerða, á milli atvinnugreina í sjávarútvegi. Það er bara gert ráð fyrir því. Það sem er helst til umræðu núna er mismunurinn á botnfisksveiðum og uppsjávarfisksveiðum. Er það ásettanlegt? Og er það ásettanlegt að það skuli vera gert með þeim rökum sem fram koma í athugasemdum með lögum um veidigjöld þar sem segir að skattheimtan þurfi að vera sveigjanleg? Hún þarf að vera sveigjanleg og tekur breytingum frá ári til árs. Er það ásettanleg skattheimta? Er það það umhverfi sem menn vilja búa atvinnulífínu og einstaklingum? Ég tel það ekki ásettanlegt.

Það er svo margt annað sem er athugasemdir í sjálfum lögum um veidigjöldin. Ég ætla ekki að vera með langa ræðu að þessu sinni um þetta atriði enda kemur frumvarpið til umræðu í nefndum, en öll hugtökin í lögum um veidigjöld, þau hugtök sem þar eru notuð, geta ekki verið grundvöllur að skattlagningu. Rekstrarafgangur í hefðbundnum skilningi virðist vera notað þar sem hugtak sem menn ætla að byggja einhvern rétt eða einhverjar skyldur manna á. Eðlileg ávöxtunarkrafa — allt eru þetta óútfært, óútskýrt hugtök.

Virðulegi forseti. Ég gat ekki látið hjá líða að taka til máls þegar á þessu stigi málsins, við afgreiðslu þessa máls. Í ljósi þess að veidigjaldið er ekki hægt að reikna út með þeim hætti sem fyrirhugað var, hefði þá ekki verið eðlilegast að framlengja bráðabirgðakvæði laga um veidigjald í stað þess að setja það á núna? Nú, eða það sem ég hefði auðvitað viljað sjá, að fella veidigjöld úr gildi, taka málið upp aftur með einhverjum skynsamlegum hætti, standi vilji til þess að hafa þessa skattheimtu og það verði lögð í það einhver vinna sem greinilega var ekki gert á sínum tíma þegar lög um veidigjöld voru sett.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og atvinnunn.

### *Hagstofa Íslands, 1. umr.*

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). — Þskj. 14.

[17:00]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum. Í því felst í meginatriðum að tekin verði af öll tvímæli um að Hagstofunni sé heimilt í þágu hagskýrslugerðar að óska eftir upplýsingum af fjárhagslegum toga frá fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri um viðskipti þeirra við þriðja aðila. Frumvarpið er einn liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna skuldavanda heimila sem rædd var á Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Í kjölfar efnahagsshrúnsins 2008 beindist athygli stjórnvalda m.a. að skuldavanda heimilanna. Á 138. lögjafarþingi og 139. lögjafarþingi voru lögð fram frumvörp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um rannsókn á fjárhags-

stöðu skuldugra heimila. Þessi frumvörp hlutu ekki brautar- gengi og um mitt ár 2011 var settur á stofn vinnuhópur Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og efnahags- og viðskiptaráðuneytis til að huga að því hvernig að þeim málum skyldi staðið. Lagði vinnuhópurinn fram tillögu um að Hagstofunni yrði falið það verkefni að safna og vinna tölfraði um skuldir heimila og fyrirtækja. Með samþykkt ríkisstjórnar í október 2011 og með varan- legri fjárveitingu til Hagstofu Íslands var stofnuninni falið að vinna reglulega nýja tölfraði um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og birta ársfjórðungslega. Það verkefni hefur verið í undirbúningi, en fjármálastofnanir hafa lagst gegn því að afhenda nauðsynlegar upplýsingar nema lagaheim- ildir séu ótvíræðar. Úr því er bætt með frumvarpi þessu.

Rökin fyrir því að ráðast í þetta verkefni voru m.a. tí- unduð svo í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 2011:

„1. Í dag fer engin stofnun með það hlutverk að afla ítar- legra upplýsinga um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja í landinu. Það skortir því verulega á að rétt mynd fáiast af samtíma- stöðu og þróun þessara þátta.

2. Í dag hefur engin opinber stofnun yfirsýn yfir upplýs- ingar um vanskil svo dæmi sé tekið. Ekki er því hægt að bera saman ólík tímabil nema að mjög litlu leyti.

3. Mikil hagræðing er af því að ein stofnun safni gögn- um um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja.

4. Grunnöggn um flokkun fyrirtækja sem Hagstofa Ís- lands, Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands nota í dag eru ekki þau sömu sem getur leitt til þess að mismunandi niðurstæða fáiast við úrvinnslu gagna. Ólíkar niðurstöður valda oftar en ekki misskilningi, rangtúlkun og vantrausti meðal almennings.

5. Upplýsingar um fjárhagsstöðu heimila eru ein af for- sendum þess að hægt sé að greina húsnæðismarkaðinn og þá sem eru í vanda á hverjum tíma.“

Virðulegi forseti. Þessi rök eiga enn við og er í raun synd að ekki skuli hafa tekist að afla þessara gagna fyrr, en betra er seint en aldrei. Núverandi ríkisstjórn hefur sett úr- lausn í skuldamállum heimilanna á oddinn. Framlagning þessa frumvarps er einn liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar á því sviði. Þannig verður lagður grundvöllur að stefnumót- un stjórnvalda og mati á árangri aðgerða á sviði skulda, greiðslubyrði og greiðsluvanda. Þessar upplýsingar munu jafnframt nýtast í mun víðara samhengi.

Þær tölfraðilegu upplýsingar sem til stendur að afla eiga að gefa skýra heildarmynd af stöðu og þróun skulda, greiðslubyrði og greiðsluvanda heimila. Gögnin verða auðguð, eins og það er kallað, með öðrum tölfraðigögnum Hagstofunnar, svo sem upplýsingum um tekjur, eignir, bæ- tur o.fl., sem Hagstofan safnar fyrir úrvinnslu annarra hagtalna. Verkefnið fellur vel að hlutverki Hagstofu Íslands og verður söfnun og birting gagna um fjárhagsstöðu heim- ila og fyrirtækja hliðstæð öðrum reglubundnum verkefnum Hagstofunnar. Þetta frumvarp styður því við marga aðra liði í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar og færir okkur þann tölfraðilega grunn sem vantar til að leggja mat á mismun- andi leiðir og hvernig þær nýtast heimilunum.

Ljóst er að fáar eða engar þjóðir hafa enn ráðist í gerð jafn viðamikilla tölfraðiupplýsinga á þessu sviði og hér er áformað. Þá er til þess að líta að skuldavandi heimilanna er

óviða meiri. Skuldir heimilanna jukust hratt fyrir hrun og sú skuldasöfnun var óvenjuleg í sögulegu íslensku samhengi, en einnig í alþjóðlegu samhengi. Skuldarnar jukust síðan stórum skrefum þegar verðbólgan skall á eftir fall krónunn- ar og enn er glímt við það verkefni að leysa úr vanda heim- ilaranna á þessu sviði og mun verða um einhver ár enn.

Alþjóðastofnanir hafa einnig hvatt til að tekin sé saman áreiðanleg tölfraði á þessu sviði til að leggja grunn að op- inberri stefnumótun.

Vegna þess að hér er um söfnun persónuupplýsinga að ræða sem felur í sér visst inngríp í friðhelgi einkalífs sem nýtur stjórnarskrárverndar þarf að gæta mjög vel að öryggi þeirra upplýsinga sem safnað er og sérstaklega að þær kom- ist ekki í hendur annarra óviðkomandi aðila. Engin stofnun er betur til þess fallin en Hagstofa Íslands sem nýtur óskor- aðs trausts á þessu sviði. Samt sem áður þarf að skoða hvort aðrar og vægari leiðir hefðu verið færar. Hagstofa Íslands hefur nú þegar aðgang að upplýsingum um fjármál einstak- lings og fyrirtækja frá skattýfirvöldum. Það hefur hins veg- ar komið í ljós að þau gögn eru sniðin að þörfum skattýfir- valda vegna álagningar skatta og gefa ágæta heildarmynd af stöðunni á hverju ári, en eru ekki nógu ítarleg eða tímanleg til þess að þau nýtist að fullu til að fylgjast stöðugt með þróuninni.

Nýja verkefnið sem frumvarpið rennir stöðum undir gefur hins vegar trúverðugar og tímanlegar upplýsingar, þ.e. ársfjórðungslega, um stöðu heimila og fyrirtækja á þessu sviði. Þarna verður því til nýr efnahagsvísir sem gef- ur tímanlega til kynna ef eitthvað er að fara úrskaiðis í þessum málum.

Þess verður eigi að síður freistað að samræma upplýs- ingagjöf til opinberra aðila til að koma í veg fyrir að fjár- málastofnanir þurfi að láta sömu upplýsingarnar í té oftar en einu sinni.

Aðrar leiðir til að afla nauðsynlegra gagna eins og spurningakannanir sem beint yrði að fyrirtækjum og ein- staklingum mundu þýða aukna stjórnsýslubyrði fyrir við- komandi og gögnin yrðu aldrei jafn áreiðanleg og tæmandi, auk þess að sú leið yrði mun dýrari og tímafrekari.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármála- fyrirtæki og lánastofnanir afhendi Hagstofunni ítarlegar upp- lýsingar um öll lán í þeirra eigu, hvort sem um er að ræða einstaklingslán eða fyrirtækjalán, þar með talda upplýsing- ar um skuldara, en þær þarf til að geta unnið tölfraði um lántakendur.

Stefnt er að birtingu ársfjórðungsniðurstöðum ríflega tveimur mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs sem er sam- bærulegt við birtingu á niðurstöðum ársfjórðungslegra þjóð- hagsreikninga. Birtar verða hagtölur um stöðu og þróun skulda og eigna, greiðslubyrði og greiðsluvanda, annars vegar fyrir heimili eftir heimilisgerð, tekjum og eignum og hins vegar fyrir fyrirtæki eftir rekstrarformi, stærð og at- vinnustarfsemi.

Á þessari stundu er ekki hægt að segja nákvæmlega fyr- ir um hvenær tölfraðilegu upplýsingarnar verða tilbúnar til birtingar, en breytulýsing á þeim gögnum sem þarf að afla hefur staðið yfir í góðri samvinnu við banka og fjármála- stofnanir og er langt komin. Auk þess hefur verið unnið að öðrum undirbúningi við sendingu og móttöku slíkra gagna

á Hagstofunni. Verður þeirri vinnu flýtt eftir megni verði frumvarpið að lögum.

Í athugasemdam með frumvarpinu er vikið að samráði sem átti sér stað í aðdraganda þess. Þótt bankamenn sjái margir kostina í áreiðanlegum tölfraeðiupplýsingum um skuldamál heimila og fyrirtækja, verður ekki dul dregin á að þeir, eins og svo margir aðrir, hafa áhyggjur af bankaleyndinni. Henni er vikið til hliðar í vissum skilningi, þ.e. að fjármálastofnanir munu samkvæmt frumvarpinu mega afhenda Hagstofunni persónugreinanlegar upplýsingar. Gagnvart viðskiptavinum bankanna ætti þetta hins vegar ekki að valda of miklum áhyggjum, því tryggt er í lögum um Hagstofuna og í þessu frumvarpi sérstaklega að slíkar upplýsingar geta ekki farið út fyrir veggi Hagstofunnar.

Þar innan húss er einnig mjög vel gætt að því að ekki sé unnið með kennitölur eða önnur augljós persónuauðkenni, heldur er hverri kennitölu breytt í einkvæmt númer, en það er hins vegar ekki hægt að afmá með öllu nauðsynleg auðkenni, þ.e. einkvæma númerið vísar til tiltekins einstaklings eða fyrirtækis. Þetta er nauðsynlegt svo hægt sé að tengja upplýsingar frá bönkum við önnur gögn eins og um eignir fólks sem liggja fyrir hjá skattvörðöldum.

Lýkilatriði er eigi að síður að upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaklinga og einstakra fyrirtækja muni aldrei fara út fyrir dyr Hagstofunnar og verða í raun heldur ekki aðgengilegar starfsfólki hennar nema eingöngu þeim sérfræðingum sem vinna við villuprófanir. Þetta er sá þáttur sem ég tel að þurfi að koma til hvað mestrar skoðunar í nefndinni. Fram hefur komið í opinberri umræðu að viðeigandi stofnanir hafi þegar af eigin frumkvæði hafið skoðun á frumvarpinu og þess er því vonandi að vænta að í vinnu nefndarinnar komi fram öll helstu sjónarmið sem taka verður tillit til í þessu samhengi. Mér finnst að alls ekki megi útiloka að aðlaga þurfi frumvarpið að ábendingum sem fram koma um þessi efni. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess hversu efnið er viðkvæmt og varðar mikilvæg réttindi fólks í landinu.

Undir þessu samráði var hvatt til þess að það yrði skoðað hvort heimildir til að afla viðkomandi upplýsinga yrðu tímabundnar. Það er brugðist við þeirri ábendingu með því að gert er ráð fyrir endurskoðun lagaheimildanna og verkefnisins í heild fyrir árslok 2017, en það má jafnframt gera ráð fyrir að sú þingnefnd sem fær málið til meðferðar skoði þetta atriði einnig sérstaklega.

Loks má vænta þess að Persónuvernd fari gaumgæfilega yfir frumvarpið og að þingnefndin skoði vel ábendingar hennar. Eins og ég hef hér komið inn á liggur fyrir að Persónuvernd hefur þegar tekið það upp að eigin frumkvæði að skoða málið og er ekki við öðru að búast en að nefndin geti átt gott samstarf við Persónuvernd.

Lagt er til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og efnahags- og viðskiptanefndar, en ég geri ráð fyrir því að málið gangi til umsagnar í öðrum viðeigandi nefndum í þinginu.

[17:14]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. starfandi forsætisráðherra fyrir að hafa mælt fyrir þessu máli. Ég held að allir

átti sig á tilgangi þess og því sem hér er að baki. Það eru nokkur atriði sem ég tel samt ástæðu til þess að vekja athygli á og hugsanlega spyrja hæstv. ráðherra út í.

Í fyrsta lagi lagði hæstv. ráðherra til í lok ræðu sinnar að málinu yrði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar en væntanlega yrði leitað umsagnar allsherjar- og menntamálanefndar. Það kemur mér mjög á óvart. Þetta er málefni sem eðli málsins samkvæmt hlýtur að heyra undir allsherjar- og menntamálanefnd þannig að ég vil mælast til þess að það verði eitthvað skoðað áður en umræðunni lýkur hvert rétt sé að vísa málinu.

Ég vil líka nefna sérstaklega persónuverndarsjónarmiðin. Það er rakið í greinargerð með frumvarpinu og meðal annars í samhengi við ákvæði stjórnarskrárinnar, 71. gr. hennar um friðhelgi einkalífs manna. Mér finnst í greinargerð með frumvarpinu mjög lítillaga farið yfir hvernig komist er að þeirri niðurstöðu sem segir hér, með leyfi forseta:

„Að öllu þessu virtu verður að telja að frumvarpið stríði ekki gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar.“

Þetta er atriði sem ég tel að verði að skoða mjög gaumgæfilega á vettvangi þingnefndar. Meðal annars af þeim sökum finnst mér eðlilegt að allsherjar- og menntamálanefnd fjalli um málið. Þetta er í raun og veru ekki rökstutt hér með öðrum hætti en þeim að vísað er í eldra mál sem varðaði gagnagrunn á heilbrigðissviði og umfjöllun Persónuverndar um það. Mér finnst vanta dálítið í þessa umfjöllun.

Við höfum verið að ræða annað mál sem varðar veiðigjöldin. Þar hefur verið kvartað yfir því að það vanti lagaheimildir til þess að safna upplýsingum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji eitthvað því til fyrirstöðu að skotið sé lagastöð undir heimildir til þess að safna upplýsingum um veiðigjöldin með sama hætti og er gert hér að því er varðar þetta frumvarp til þess að (Forseti hringir.) safna upplýsingum um fjármál einstaklinga.

[17:16]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það var á síðasta þingi sem við fórum að hluta yfir sambærilega umræðu og hv. þingmaður kemur inn á, þ.e. varðandi persónuverndina þegar Seðlabankanum var sérstaklega falið að taka út stöðu heimilanna. Ef minnið er ekki að bregðast mér var gengið þannig frá því máli þegar upp var staðið að öllum gögnum sem safnað hafði verið var eytt í kjölfarið. Við getum eflaust sótt einhvern fróðleik í þá umræðu sem átti sér stað þar þegar við metum hvernig best væri að standa að þessu markmiði hér, en eins og málið ber með sér er það komið fram til þess að fá gleggri, betri og raunsannari mynd af skuldastöðu heimila og fyrirtækja en átt hefur við fram til þessa. Það er út af fyrir sig mjög mikilvægur tilgangur, til þess að geta brugðist við í tíma. Vandinn liggur í því að þarna getur sá góði tilgangur stangast á við önnur mikilsverð réttindi.

Þess vegna geri ég það að umtalfsni í framsöguræðu minni að þau atriði þurfi að koma til sérstakrar skoðunar. Þau atriði heyra sannarlega undir málefna svið allsherjar- og menntamálanefndar, nema hvað málefni Hagstofunnar,

svona heilt yfir, kannski frekar undir þá nefnd sem ég lagði til að fengi málið til umfjöllunar. Ég er hins vegar alveg tilbúinn til þess að hlusta á sjónarmið um hvar málið eigi best heima og eins trúu ég því að nefndir í þinginu (Forseti hringir.) geti átt gott samstarf eftir því sem málið krefst samstarfs um skoðun einstakra málefna.

Varðandi veiðigjaldið fer það eftir því hvað menn vilja gera með það hversu (Forseti hringir.) miklar upplýsingar þarf að ná í.

[17:18]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að ef eini tilgangur með breytingu á veiðigjaldi er að lækka það um 10 milljarða þarf ekki miklar upplýsingar úr kerfinu til þess að ná því fram í sjálfu sér, en ég vonast til þess að ráðherrann fari aðeins betur yfir það.

Annað atriði sem ég vildi líka nefna í því sambandi er að upplýsingasöfnun af þessu tagi er viðkvæm og eins og hæstv. ráðherra kom inn á í framsögu sinni er komið hér inn á persónuverndarsjónarmiðin og að ólík markmið geti stangast á. Það er ekkert óeðlilegt og engin nýlunda að menn þurfi að glíma við slík viðfangsefni. Hér er til dæmis lagt til og sagt í greinargerð að komið sé til móts við sjónarmið, t.d. úr bankakerfinu, með því að hafa þetta tímabundna heimild eða gera ráð fyrir að frumvarpið verði endurskoðað fyrir árið 2017, eins og er gert ráð fyrir.

Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann teldi ekki frekar koma til álita að þessi ákvæði í lögunum væru hreinlega tímabundin og rynnun út á einhverjum tilteknum tíma ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðstafanir og hvort þetta tímabil, fjögur ár, sé ekki dálítið langt fyrir bráðabirgðaráðstöfun. Gerir hæstv. ráðherra ekki ráð fyrir að búið verði að ráða bót á þessum skuldavanda áður en sú dagsetning rennur upp? Mér dettur í hug að kannski væri skynsamlegra að byrja alla vega með styttri tíma, t.d. tveggja ára gildistíma eða að lögin yrðu endurskoðuð eftir tvö ár.

Þetta er bara viðhorf inn í málið sem ég vil velja upp og vonast til að hæstv. ráðherra geti brugðist við og vonandi fá þau viðhorf einnig einhverja umfjöllun í hv. þingnefnd sem tekur málið til umfjöllunar.

[17:20]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):

Herra forseti. Það er þannig varðandi endurskoðunarákvæðið að með því er reynt að koma til móts við sjónarmið um að taka málið til skoðunar og láta reyna á hvernig hefur tekist til með það eftir nokkur missiri. Ástæðan fyrir því að mér finnst síður koma til greina að hafa öll þessi heimildar-ákvæði tímabundin og láta heimildina hreinlega renna út, nema hún verði sérstaklega framlengd, er sú að málið er hugsað sem viðvarandi upplýsingasöfnun, þ.e. ekki eingöngu til þess að taka á þeim skuldavanda sem er til staðar í dag, heldur líka að hafa til framtíðar efnahagslegar vísendingar sem geta sagt mikið um það sem er að gerast í hagkerfinu. Með því að birta þær ársfjórðungslega geta menn vonandi séð ef það á sér stað ofhitnun einhvers staðar, sérstaklega varðandi uppsöfnun skulda eða aðra slíka þætti. Af

þeirri ástæðu er ekki lagt upp með að þetta sé átaksverkefni sem verði lokið og hægt sé að hverfa frá þegar það hefur verið klárað, heldur að við verðum komin með viðvarandi mæla sem hægt verður að líta til þegar menn meta þennan undirþátt í efnahagslífinu.

[17:22]

### Kristján L. Möller (Sf):

Hæstv. forseti. Starfandi forsætisráðherra hefur flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum, þ.e. tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja.

Fyrir það fyrsta lætur þetta í eyrum sem mjög skynsamleg aðgerð og nauðsynleg. Maður spyr sig auðvitað af hverju verið sé að flytja þetta frumvarp 18. júní 2013. Af hverju hefur þetta ekki alltaf verið til?

Ég ætla í upphafi máls míns að hafa fyrirvara vegna persónuupplýsinga, persónurekjanlegra gagna, og vegna umsagnar í nefnd og umsagnar frá Persónuvernd. Þær mikilvægu upplýsingar sem þarf að gefa í þennan gagnagrunn mega ekki undir neinum kringumstæðum fara út fyrir þá stofnun sem heldur utan um þetta, t.d. til fjármálfyrirtækja eða annarra sem gætu þá nýtt sér þau gögn í ýmsum tilgangi. Það er fyrirvari minn. En fyrstu viðbrögð mín eru þau að þetta hljómi skynsamlega. Eins og ég segi þá undrast ég það í raun að þetta skuli vera gert núna fyrst árið 2013.

Virðulegi forseti. Mig langar að segja frá reynslu minni úr sitjandi ríkisstjórn 2008, við hrundið, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þar var rætt um skuldavanda heimilanna og skuldastöðu fyrirtækja í landinu. Þá kom á daginn, sem er auðvitað hálfgeggjað, að hvergi var hægt að fá upplýsingar um skuldastöðu heimilanna, skuldastöðu einstaklinga. Þá höfðu menn áhuga á að taka strax á vandanum og kynna sér málin til að meta hvað hægt væri að gera í stöðunni. Gengið var leyfi frá Persónuvernd til að taka þessar upplýsingar saman. Fulltrúa í Seðlabankanum, ágætum ungum hagfræðingi, var falið að vinna þessi gögn og á nokkrum óformlegum ríkisstjórnarfundum var þessi vinna kynnt. Við sem sátum í þáverandi ríkisstjórn fengum sýningu upp á tjaldi, en það var svolítið áfangaskipt.

Ég man til dæmis eftir einum fundi. Þá töldu menn sig vera komna með heildarskuldastöðu heimilanna vegna húsnæðislána, en þá átti eftir að greina skuldir einstaklinga vegna bílakaupa og skipta því eftir því hvað var í erlendum lánunum og hvað í innlendum lánunum. Þannig mjakaði þetta smátt og smátt upp. Rúsinan í pylsuendanum, og það sem mér fannst töluvert geggjáð, er að innan ákveðins tíma þurfti að eyða öllum þeim gögnum sem aflað hafði verið með miklum tilkostnaði og mikilli vinnu.

Nú itreka ég það enn einu sinni, virðulegi forseti, að ég er ekki hlynntur því að eitthvað af þessu tagi sé gert og svo gætu, eins og segir í frumvarpinu: „... óráðvandir aðilar komist í gögnin“. Það má aldrei verða. Það má aldrei vera hægt að rekja slíkar upplýsingar eftir kennitölu. Þetta þarf að dulkóða þannig að það sé órekjanlegt.

Ég vona að starfandi forsætisráðherra, sem flutti þetta frumvarp, heyrir til mín — því miður er hann farinn. Spurn-



ing mín er þessi: Af hverju eigum við að láta Hagstofuna gera þetta? Af hverju verður það ekki bara verkefni ríkisskattstjóra að eiga samtölur úr nokkrum dálkum í skattframtali? Nú kann ég ekki að segja hvar skuldir heimilanna eru settar inn á skattskýrsluna, en ef það væri reitur 174, innlend verðtrygð húsnæðislán, hver er þá samtalan út úr reit 174? Hvernig breytist sú samtala við næsta skattframtal og hvað hefur gerst? Spurning mín til hæstv. starfandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar, er þessi: Af hverju á Hagstofan að gera þetta en ekki ríkisskattstjóri?

Það er engu að síður nauðsynlegt fyrir okkur að eiga þessar upplýsingar. Þegar hið mikla efnahagshrun varð á haustdögum 2008 hefði þurft að vera hægt að keyra þessar upplýsingar allar út og fá skuldastöðu heimilanna, skipt eftir innlendum verðtrygðum lánunum og svo aftur erlendum lánunum o.s.frv., til þess að bregðast við. Allra best hefði verið að þetta hefði legið fyrir. Þá hefði Alþingi getað tekið þá ákvörðun með neyðarlögunum, sem kannski hefði verið skynsamlegast að gera, að taka vísitöluna úr sambandi í nokkra mánuði þar á eftir, vegna þess að við fall krónunnar var fyrirsjáanlegt hvað mundi gerast. Það hefði þurft að skoða hvort það hefði verið möguleiki.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson nefndi veiðigjöld og heimildir Hagstofu og ríkisskattstjóra til að afla gagna vegna álagningar veiðigjalda. Ég gerði það að umtalsefni hér áðan. Mér kemur það mjög á óvart sem starfandi formanni atvinnuveganefndar, sem hafði með veiðigjaldafrumvarpið að gera, að við vorum aldrei vörud við því að auka þyrfti heimildir Hagstofu eða ríkisskattstjóra til að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að leggja á veiðigjöld miðað við nýjustu upplýsingar, miðað við upplýsingar dagsins skulum við segja. Hins vegar er talað um það núna að þess þurfi.

Ég ætla ekki að segja að það sé jafn klikkað, en það er jafn óþægilegt eða óheppilegt að það skuli ekki vera til í gagnabanka hjá hinu opinbera, órekjanlegt að sjálfsögðu milli fyrirtækja, hver heildarekstrar- og skuldastaða sjávarútvegsfyrirtækja í landinu er. Í veiðigjaldafrumvarpinu er það sett fram hvernig skuldirnar hafa lækkað á undanförunum mánuðum, og það er gott. Það er væntanlega tekið upp úr skattframtölum til Hagstofu, en Hagstofan er með þessi gögn. Mig minnir að það taki hana að minnsta kosti ár — eftir því sem fram kom hjá fulltrúum hennar þegar verið var að finna að frumvarpi um veiðigjöld í atvinnuveganefnd — að vinna úr þeim gögnum sem talin eru fram til skatts og skattstofan sendir svo til Hagstofunnar.

Grundvallaratriðið er það, hvort sem um er að ræða Hagstofuna eða ríkisskattstjóra, að við verðum að treysta þeim 100% fyrir þessari gagnaöflun, að gögnin séu órekjanleg nema innan húss hjá þeim sem vinna þessa vinnu. Nokkrir aðilar þyrftu að geta komið að því til að geta tengt sig inn í kerfið og það þarf að vera rekjanlegt. Og ef eitthvað gerðist, annaðhvort óvart eða viljandi, þyrftu auðvitað miklar refsingar að liggja við. Það væri í lögum, það væri vitað mál ef það mundi upplýsast hver hefði gert það að þá væru mikil viðurlög við því sem forvarnaratriði.

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hæstv. ráðherra hefur flutt hér sem staðgengill forsætisráðherra — hann er farinn að hitta forsætisráðherra Svþjóðar — hljómar skyn-

samlega svona í byrjun. Ég ítreka þann fyrirvara sem kann að koma fram í vinnslu nefndarinnar, fyrirvara sem Persónuvernd kann að setja fram en við treystum þeirri stofnun 100% til að gæta að persónuvernd í landinu. En ég trúi ekki öðru, miðað við núverandi tækni, en hægt sé að setja þessar upplýsingar saman og keyra þær saman þannig að við höfum heildartölurnar, ekki endilega hvað íbúar í Garðabæ skulda eða íbúar á Siglufirði eða í Grindavík, ekki rekjanlegt á þann veg heldur heildina og hver hreyfing er. Ég held að það sé mikilvægt til að koma betri efnahagsstjórn á í þessu landi.

Ef til vill er það táknrænt fyrir það hvernig við umgöngumst þessa hluti. Verðbólgan og verðtrygging og annað gerir það að verkum að menn hugsa ekki nógu mikið um það hver skuldastaðan er, hvort hún er að aukast eða minnka. Það er auðvitað mikilvægt að fylgjast með því.

Þó að ég eigi ekki sæti í efnahags- og viðskiptanefnd sá ég fljótlega að þetta var herna og þetta var dálítið í takt við það sem gerðist 2008 þegar þáverandi ríkisstjórn fékk leyfi til að láta afla þessara gagna sem voru skoðuð lítills háttar. Eitthvað var reynt að vinna með þau, en í lokin var það skilyrði sett að Seðlabankinn tæki þetta saman og eyddi öllum þeim gögnum þar á eftir. Ég tók eftir því að hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra sagði í framsöguræðu sinni að ekki væri meiningin að gera þetta til skamms tíma og eyða svo gögnum. Ég held að það sé líka alveg hárrétt.

Enn einu sinni set ég fram fyrirvara um það og tek undir það sem stendur í frumvarpinu, að söfnun persónuupplýsinga í miklum mæli felur alltaf í sér hættu á misnotkun og hættu á að óráðvandar aðilar komist í gögnin. Það má aldrei gerast. Þess vegna verður nefndin að fara verulega vel yfir þetta.

Auðvitað er líka rétt að minna á sjónarmiðin sem komu fram í umræðum fulltrúa forsætisráðuneytisins, væntanlega, við stærstu fjármálastofnun landsins um þetta. Þar kom fram að margir teldu gagnlegt að fá gagnagrunn af því tagi sem hér er rætt um og tölfraðiupplýsingar byggðar á honum, á meðan aðrir lýstu áhyggjum af því mikla gagnasafni sem þarna yrði til og hvort það gæti haft áhrif á traust almennings og fyrirtækja hvað það varðar að bankaleynd væri í heiðri höfð, en við verðum alltaf að geta treyst því að hún eigi við. Sú bankaleynd á að sjálfsögðu að eiga við um viðskipti hvers og eins. En það brýtur ekki endilega bankaleynd að taka saman hvað Íslendingar sem þjóð skulda í heild sinni, skipt eftir lánaflokkum eða til hvers menn nota lánin.

[17:34]

### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Það er margt skemmtilegt við þetta frumvarp. Þegar ég las það fyrst sá ég fyrir mér alls konar kókurit í margvíslegum skemmtilegum litum og línurit og ýmsar tölfraðiupplýsingar sem væri afskaplega gaman og vissulega gagnlegt að vinna úr. Á sama tíma hræðir það mig þínulítið vegna þess að mér sýnist, og leiðrétti mig hver sem betur getur, að hér sé safnað saman hvorki meira né minna en öllum fjárhagslegum upplýsingum um alla frá öllum fyrirtækjum og lánastofnunum sem til eru á landinu. Ef sá skilningur er réttur þurftu við að gera okkur grein

fyrir því að við erum í reynd að færa Hagstofunni gríðarlega mikið vald, næstum því alvald, yfir upplýsingasöfnun af fjárhagslegum toga frá þjóðinni allri. Þá er að mínu mati ekki nóg að treysta á þagnarskyldu starfsmanna Hagstofu.

Ég heyrði að hæstv. fjármálaráðherra vék að því að það þyrfti að huga að persónuvernd, að sjálfsögðu, og skoða hvaða aðrar leiðir væru færar sem eru ekki jafn róttækar. Þessar aðferðir eru verulega róttækar að mínu mati og kalla á mjög ítarlegar réttlætningar. Það má ekki safna slíkum upplýsingum með þessum hætti til þæginda. Það má ekki gerast. Þetta er ekki góð leið til þæginda. Ef það er nauðsynlegt, þá kannski að því gefnu að tekið sé tillit til allra þátta sem varða friðhelgi einkalífsins og persónuvernd.

Mig langar að stinga sérstaklega upp á því að frumvarpið verði líka sent til allsherjar- og menntamálanefndar vegna þess að friðhelgi einkalífsins sýnist mér tvímælalaust eiga heima þar og það held ég að sé veigamesti þátturinn þegar kemur að afgreiðslu þessa frumvarps. Kostirnir eru ótvíræðir, en gallinn er tvímælalaust þessi um friðhelgi einkalífsins. Við megum ekki leyfa okkur að vanmeta hann vegna þess að ef við stígum þetta skref, göngum svona langt í nýtingu upplýsingatækninnar, þurfum við meðfram því að fluga borgararéttindin.

Það eru akkúrat svona mál sem gerðu það að verkom að píratar söu nauðsyn á að bjóða sig fram. Meðfram tækni-framförum koma líka tækifæri, ekki bara til þess að auka hagvöxt og safna upplýsingum, heldur hafa aldrei verið betri tækifæri til þess að brjóta á mannréttindum, jafnvel ómeðvitað, sérstaklega friðhelgi einkalífsins og tjáningarfrelsi. Þess vegna þurfum við að stíga mjög varlega til jarðar hér og fluga alla kosti.

Það gleður mig að sama skapi að sjá að það virðist vera ríkur vilji til þess. Ég vil bara ítreka og ítreka, og ítreka enn og aftur: Ekki vanmeta friðhelgi einkalífsins. Það er aðal-málið sem við eigum að horfa á þegar kemur til þessa frumvarps.

Sem tæknimaður er ég ekki alveg fullkomlega sannfærður um ágæti leiðarinnar sem var lýst áðan, þ.e. svokallaðar dulkóðunar. Það er væntanlega ekki dulkóðun heldur svokölluð „hössun“. Ég ætla ekki að fara út í nákvæmar tæknilegar lýsingar á því hvað allt það þýðir, en mér finnst mikilvægt að þetta komi fyrir allsherjarnefnd og að gnægð tæknimanna komi fyrir hana og útskýri hvernig hægt sé að gera þetta í sem mestu bróðerni við friðhelgi einkalífsins að því gefnu að það sé yfir höfuð hægt.

Annað sem mig langar að vekja athygli á er að mér sýnist í fljótu bragði við að lesa þetta allt saman að það reyni á hugbúnaðargerð við útfærslu á þessum hugmyndum. Vil ég sérstaklega leggja það til við formenn allra nefnda sem koma til með að vinna með þetta mál að sá hugbúnaður verði opinn. Opinn hugbúnaður þýðir að kóðinn, þ.e. ferlið sem meðhöndlar upplýsingarnar, sé sýnilegur öllum. Það þýðir ekki að upplýsingarnar sem eru meðhöndlaðar séu opnar, heldur það sem er gert við þær. Það eitt og sér væri gríðarleg málsbót vegna þess að þá geta „akademónarnir“, og nördar eins og ég, ritrynt þessar aðferðir og séð strax ef eitthvað er ekki alveg nógu gott.

Annað sem mér finnst mjög óþægilegt við þetta er það að ég sé hvergi beina faglega ábyrgð á því að þessum gögn-

um sé haldið til haga. Hér hefur verið sagt nokkrum sinnum að þessi gögn megi aldrei leka, núll sinnum, aldrei nokkurn tímann. Þá þykir mér við hæfi að í það minnsta sé mjög rík ábyrgð á bak við að passa að það gerist núll sinnum. Aldrei. Ótrúlegir hlutir gerast. Þetta má gerast núll sinnum. Að leka þessum upplýsingum, eins og þær birtast hér, er að leka öllum fjárhagsupplýsingum um alla Íslendinga. Það er erfitt að ýkja afleiðingar slíks, a.m.k. ef þetta er réttur skilningur hjá mér. En eins og ég segi, leiðrétti mig hver sem betur getur.

Síðast en ekki síst skulum við muna að friðhelgi einkalífsins er, eins og önnur borgararéttindi, ekki leyfi yfirvalda. Það er ekki eitthvað sem yfirvöld gefa þegnum sínum. Það eru réttindi sem við höfum og yfirvöld mega ekki taka burt frá okkur. Neyðin til þess að brjóta á borgararéttindum þarf að vera slík að hún sé til verndar öðrum borgararéttindum.

Nú er mikilvægt að laga ýmislegt í efnahagnum, taka á skuldamálum heimilanna og svo framvegis, en gleymum ekki að friðhelgi einkalífsins er réttur, hann er ekki leyfi, hann er ekki neitt annað en algjör grundvallarréttur hvers einasta þegns, burt séð frá vilja eða hagsmunum meiri hlutans.

Að því sögðu hlakka ég til að sjá málið í nefnd og ræða það miklu betur.

[17:41]

### Óttarr Proppé (Bf):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að til standi að fá góðar upplýsingar áður en til ákvörðunartöku kemur. Það er mjög mikilvægt fyrir þingið og almennt fyrir góða vinnu að byggt sé á traustum og góðum upplýsingum. Það eru tveir punktar við þetta frumvarp sem mig langar til að setja smáspurningarmerki við. Annars vegar eru, eins og aðrir þingmenn á undan hafa minnst á, persónuupplýsingarnar og öryggi upplýsinganna út frá persónuverndarsjónarmiði.

Ég tek að mörgu leyti undir ræðu hv. þm. Helga Hrafns Gunnarssonar hér á undan, fátt skiptir jafn miklu máli og friðhelgi einkalífsins og það þarf að vera algjörlega tryggt þegar sett er af stað vinna sem safnar saman upplýsingum, eins og hér stendur til, að hún fari eftir öllum reglum um persónuvernd og órekjanleika upplýsinganna, að það sé skýr umgjörð um það hvernig að því sé staðið og að ekki komi til möguleg slys um að upplýsingar eða hluti upplýsinga leki. Þetta tel ég mjög mikilvægt og þess vegna vil ég vísa því til þeirra nefnda sem taka frumvarpið til umfjöllunar að það sé sérstaklega horft á þetta. Ekki bara skiptir þetta máli upp á að viðhalda og tryggja friðhelgi einkalífs þegna-anna heldur skiptir þetta líka öllu máli upp á það traust sem til vinnunnar verður borið og þar af leiðandi til upplýsinganna sem út úr vinnunni koma.

Hinn punkturinn sem ég vil benda á er að mér þykir frekar óskýrt hvar ráðstöfun endar þar sem ekki kemur fram að þetta sé tímabundin ráðstöfun. Það er minnst á það í frumvarpinu en það er ekki skýrt hvort þetta sé tímabundin ráðstöfun. Kannski er þetta upphafið að ótímabundinni ráðstöfun og ef svo væri skiptir þeim mun meira máli að utanumhaldið sé sterkara og að stofnað sé utan um þetta sterkt og öruggt apparat sem væri með öruggar og gagnsæjar vinnureglur sem hægt væri að hefja yfir allan vafa.

Það hefur verið vandamál á Íslandi, m.a. í þinginu, að stundum höfum við glímt við skort á skýrum upplýsingum eins og kom fram í ræðu þingmanns áðan. Einnig hefur viljað brenna við að upplýsingar hafa verið vefngar. Það virðist vera gert reglulega og þá jafnvel án mjög sterks rökstúdnings. Ég tel að hluti af því að við höfum tamið okkur að vantreysta upplýsingum sé að við höfum ekki haft nógu gagnsætt utanumhald um hvernig þeirra er aflað og hvernig farið með þær. Það skiptir mjög miklu máli. Það skiptir miklu máli í störfum þingsins og í störfum hæstv. ríkisstjórnar að sé verið að safna upplýsingum og vinna út frá þeim sé fullt traust borið til þeirra upplýsinga, bæði hjá þeim sem eru að vinna með þær og líka úti í samfélaginu.

[17:45]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Mig langar að fjalla örstutt um það frumvarp sem hér liggur fyrir og vil þakka þeim þingmönnum sem hafa blandað sér í umræðuna. Það var sérstaklega áhugavert að heyra ræðu hv. þm. Kristjáns L. Möllers sem sat á sínum tíma í ríkisstjórn. Allt síðasta kjörtímabil vorum við sem sátum hér á þingi að reyna að nálgast lausn á stóra verkefninu um skuldavanda heimilanna. Í allri þeirri vinnu stöðum við frammi fyrir því að ekki voru til upplýsingar. Þegar menn eru að reyna að taka ákvarðanir til að leysa verkefni sem ekki liggur nákvæmlega fyrir hvert er, er ljóst að þeir eru í hálfgerðri blindni að reyna að laga eitthvað sem er bilað. Það er aldrei gott.

Á síðasta kjörtímabili voru í tvígang lögð fram þingmál er vörðuðu svipuð atriði og hér, en þau mál voru ekki klárað. Meðal annars snerust aðalathugasemdirnar um friðhelgi einkalífsins og persónuverndarsjónarmið, um það stóð vafinn. Það eru þau atriði sem helst þurfa skoðunar við í þessu máli og þau atriði sem ég geri ráð fyrir að verði lögð mest áhersla á í vinnu þingnefnda sem munu fara yfir það.

Það er algerlega ljóst að til framtíðar lítið er nauðsynlegt að hægt sé að nálgast upplýsingar um efnahagsleg málefni, ekki síst málefni er varða efnahag heimilanna, á einhverjum stað þar sem menn geta treyst því að þetta séu upplýsingar sem hægt er að byggja ákvarðanir á. Við erum ekki í þeirri stöðu í dag.

Sú upplýsingasöfnun sem vísað var til í umræðunni sem Seðlabanki Íslands fór í á sínum tíma var ágæt svo langt sem hún náði en nyttist í rauninni ekki Alþingi í þeim ákvörðunum sem taka þurfti á síðasta þingi vegna þess að öllum upplýsingum var eytt og það var ekki hægt að gera neinn samanburð á því hvernig málin voru að þróast.

Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt að smíða regluverk utan um þessi viðkvæmu mál sem fullnægja öllum sjónarmiðum um persónuvernd. En það er algjörlega ljóst að það verður að minnsta kosti ekki gert ef menn reyna ekki. Þannig að þetta mál er fram komið. Ég trúi því og treysti að þingheimur allur muni taka þátt í því að reyna að skoða þetta vel og gæta að persónuverndarsjónarmiðum.

[17:48]

#### Sigríður Á. Andersen (S):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu er um margt merkilegt. Það verður nú ekki annað sagt en að

gengið sé mjög langt í því að afnema það sem menn hafa viljað telja að sé eðlilegur trúnaður um persónuleg málefni einstaklinga í viðskiptum sínum við fjármálafyrirtæki. Einhverjir mundu kannski telja að frumvarpið hefði það í för með sér að þessum persónulega trúnaði væri fyrirgert með öllu þannig að þetta er ekki lítið mál í sjálfu sér.

Nokkuð hefur verið fjallað um tilgang frumvarpsins. Hæstv. fjármálaráðherra, sem mælir fyrir frumvarpinu, nefndi að þetta væri ekki einskiptisaðgerð, þetta ætti eingöngu að verða til þess að liðka til fyrir aðgerðum í því ástandi sem nú er uppi. Mér finnst hins vegar ætlunin með þessu frekar vera sú að skapa vettvang til þess að safna þessum persónulegu upplýsingum oftar og lengra fram í tímann. Mér finnst nokkuð skorta á nánari skýringu á tilgangi slíkrar söfnunar. Söfnun sem slík getur ekki verið tilgangur í sjálfu sér. Ég velti því fyrir mér hvort það þýði að menn horfi til framtíðar um ítrekaðar sértækar aðgerðir, hvort það sé hugsunin. Í öllu falli tel ég frumvarpið svolítið kvanbúið að því leyti að tilgangur þess er ekki nógu skýr.

Einhverjir gætu sagt sem svo, eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að þessar upplýsingar um persónuleg málefni sem lagt er til að trúnaður ríki ekki um, séu ekki viðkvæmar upplýsingar. Í athugasemdum með frumvarpinu er vikið að dómi Hæstaréttar í máli 151/2003, sem varðaði gagnagrunn á heilbrigðissviði, en í málinu kvað Hæstiréttur upp þann dóm að upplýsingar sem þar um ræddi væru viðkvæmar persónuupplýsingar sem menn gætu ekki safnað án samþykkis viðkomandi einstaklinga.

Í athugasemdum með frumvarpinu er fullyrt að þær upplýsingar af fjárhagslegum toga sem frumvarpið tekur til sé ekki jafn viðkvæmar og þær heilsufarsupplýsingar sem lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði taka til. Það finnst mér undarleg fullyrðing, í öllu falli fullyrðing sem ég get ekki tekið undir og sem löggjafinn hefur ekki tekið undir. Í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er sérstakt ákvæði um bankaleynd, það er 58. gr. Í lögum um persónuvernd, nr. 77/2000, er líka almennt ákvæði um slíkt.

Í athugasemdum við lög um fjármálafyrirtæki kemur skýrt fram að löggjafinn hefur sjálfur lýst því svo að þær upplýsingar sem fjármálafyrirtæki hafa undir höndum séu viðkvæmar persónuupplýsingar, þær geti varðað fjármál einstaklinga en líka persónuleg málefni. Þær upplýsingar sem bankar hafa yfir að búa um skuldastöðu manna eru ekki bara upplýsingar um fjárhagsleg málefni, það eru líka upplýsingar um persónuleg málefni. Um þær upplýsingar gildir ríkur trúnaður að lögum, það er hugsað einstaklingnum sjálfum til hagsbóta. Bankaleyndin er ekki fyrir fjármálastofnanirnar. Bankaleyndin er sett til hagsbóta til handa einstaklingunum og viðskiptavinum fjármálafyrirtækja.

Dómaframkvæmd hefur hins vegar ítrekað viðurkennt rétt eftirlitsaðila til þess að fá upplýsingar eða að fá þessum trúnaði aflétt í sérstökum tilgangi, þ.e. í þeim tilgangi að sinna eftirliti. En um það er ekki að ræða í þessu frumvarpi. Þess vegna geld ég nokkurn varhuga við frumvarpinu.

Ég ætla ekki á þessu stigi að mótmæla því alfarið að tilgangurinn með frumvarpinu sé ekki góður og að því sé ekki ætlað að koma til móts við einhvers konar aðgerðir sem fyrirhugaðar eru eða þess vegna þjóðaröryggis. Hvað veit ég?

Ég ætla hins vegar að rifja það upp að á árinu 2009 veittu allar fjármálastofnanir landsins Seðlabanka Íslands dulkóðaðar upplýsingar um skuldastöðu heimila og stöðu, þar með talið stöðu einstaklinga, fjármálaupplýsingar dulkóðaðar með sérstökum hætti að ósk Seðlabankans og stjórnvalda á þeim tíma. Það var gert og Seðlabankinn fékk þessar upplýsingar, hann vann eitthvað úr þeim en eyddi þeim svo strax eftir það. Það var gert með ákveðnum hætti og í samráði við þá sem veittu upplýsingarnar. Það var gert á þeim tíma, árið 2009, til þess að meta stöðu heimilanna og einstaklinganna í landinu á þeim tíma. Hvað kom út úr því eða hvort eitthvað var unnið með niðurstöðurnar hef ég ekki hugmynd um, það er svo sem rannsóknarefni út af fyrir sig hvort það hafði eitthvað að segja. En ég mundi vilja fá að vita hvort hæstv. ráðherra viti til þess hvort leitað hafi verið aftur til fjármálafyrirtækjanna í þessum tilgangi, hvort ekki séu til aðrar en vægari leiðir ef markmiðið er að koma á framfæri einhvers konar upplýsingum um skuldastöðu heimila, einstaklinga og fyrirtækja. Með öðrum orðum; hvort ekki megi ná þessu markmiði með meðalhóf að leiðarljósi.

Ég velti því líka fyrir mér, mér finnst það óljóst í frumvarpinu, hvort um er að ræða dulkóðaðar upplýsingar eða ekki. Varðandi frumvarpið sjálft, þ.e. frumvarpið sem kann að verða að lögum, fæ ég ekki séð að það verði að bankarnir eða fjármálastofnanirnar afhendi Hagstofunni dulkóðaðar upplýsingar, heldur þvert á móti bara upplýsingar eins og þær koma af kúnni, eins og sagt er. Í greinargerð með frumvarpinu er hins vegar vikið að flutningi gagna á tölfraðivinnslu þannig að ekki verði unnið með kennitölur heldur einkvæm einkenni og því verði persónuupplýsingar órekjanlegar þar sem persónuauðkenni verða afmáð eða dulkóðuð. Það er ekki hægt að lesa út úr frumvarpinu sjálfu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum fæ ég ekki séð að dulkóðaðar upplýsingar verði fluttar til Hagstofunnar, en það kann að vera misskilningur minn. Verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr því.

Þetta er frumvarp til breytinga á lögum um Hagstofu Íslands og gengur út á það að Hagstofan fái þessar upplýsingar. Allt að einu er í stuttum kafla í frumvarpinu vikið að gagnasöfnun Seðlabankans og þar eru vangaveltur um hvort verið gæti hentugt að safna öllum þeim upplýsingum sem fjármálafyrirtæki eru skyldug til þess að veita inn um einu og sömu gáttina, gæti slíkt varðað hluta af gagnasöfnun Seðlabankans. Þess vegna væri fróðlegt að vita, hvort sem það væri á þessu stigi eða síðar í ferli málsins, hvort Seðlabankanum sé ætlað eitthvert hlutverk í þessari gagnasöfnun.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að það sem mér finnst skipta máli hér er að það liggja skýrt fyrir hver tilgangur þessa frumvarps er, hinn raunverulegi tilgangur. Ég vænti þess að því verði velt upp sérstaklega og fjallað um það ítarlega í nefnd hvort ekki megi ná tilgangi eða markmiðum frumvarpsins með öðrum og vægari hætti þar sem trúnaðarsamband einstaklinga við fjármálastofnanir um fjárhagsmálefni einstaklinga og aðrar persónulegar upplýsingar verði virt.

[17:59]

### Vilhjálmur Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Hér kemur til umfjöllunar dálítið stórt málefni og kannski stærra en menn gera sér í hugarlund vegna þess að verið er að safna saman öllum fjárhagslegum upplýsingum um heila þjóð. Það er verið að safna saman öllum fjárhagslegum málefnum um skuldir einstaklinga og væntanlega eignir þeirra líka, því að þarna þarf að raða saman skuldum og eignum til að nálgast það vandamál sem er til umfjöllunar, sem ég reikna með að sé greiðsluvandi heimila. Nú vill svo til að bankaleynd nýtur ekki mikillar virðingar í þessu landi. Ég hef reynt það á sjálfum mér. Ég hef reynt það í ýmsum málefnum og ég hef til dæmis reynt það í umfjöllun fjölmiðla þar sem fjölmiðlar reyna að nálgast ýmsar fjárhagslegar upplýsingar varðandi einstaklinga, ekki til þess að vinna úr þeim með einhverjum vísindalegum hætti heldur til þess að velta einstaklingum upp úr annarlegum sjónarmiðum.

Ég vil meina að bankaleyndin sé á engan hátt frábrugðin þeirri leynd sem er lögð á heilbrigðisstéttir, þ.e. rekja má bankaleyndina allar götur aftur til Hippókratesar, það skuli gæta alls trúnaðar gagnvart skjólstæðingum í banka, gagnvart sjúklingi, en í einni útgáfu Hippókratesareidis sem ég hef unnið með segir „nema alþjóðaheill krefjist“. Þá má kannski vísa til þess sem hv. þm. Sigríður Á. Andersen vísaði til varðandi dóma þar sem eftirlitsaðilar geta aflað upplýsinga um fjárhagsleg málefni.

Í þessu máli er væntanlega verið að reyna að nálgast einn vanda sem heitir greiðsluvandi heimila. Ég velti því fyrir mér til hvers í ósköpunum er verið að safna inn í þennan gagnagrunn fjárhagslegum upplýsingum um þau heimili sem eiga ekki við greiðsluvanda að stríða. Það getur varla verið til þess að nálgast vanda. Hvað er það sem kemur fram í þeirri upplýsingasöfnun umfram það sem kemur fram í hinum árlegu skilum til ríkisskattstjóra, í framtölum þar sem allar fjárhagslegar upplýsingar koma fram? Það kann að vera að hér eigi að vinna einhverjar ársfjórðungslegar upplýsingar, en hvernig þær upplýsingar verða þarf, að mínu viti, að koma aðeins skýrar fram, hvernig upplýsingarnar eiga að verða sem á að vinna á ársfjórðungslegum grunni.

Það vill svo til að á þeim 100 árum sem eru liðin frá stofnun Hagstofu hefur hún nánast aldrei fjallað um lánamarkaðinn. Lánamarkaðurinn, þ.e. tölfraði lánamarkaðarins, hefur algerlega verið fyrir utan Hagstofuna þannig að hér er algerlega nýr vinkill á hana. Lánamarkaðurinn hefur alfarið verið unninn af Seðlabanka síðastliðin 50 ár og af forverum hans þar á undan. Ég vil alla vegna fá gleggri upplýsingar um af hverju á að færa þetta inn í Hagstofu þegar lánamarkaðurinn hefur verið unninn annars staðar.

Svo ég fari aðeins til baka vísaði ég til fjárhagslegra upplýsinga þeirra sem ekki eiga í vanda og af hverju. Umboðsmaður skuldara er hvergi nefndur í þessu. Ég vænti þess að verið sé að nálgast vandamálið sem er greiðsluvandi heimila og ég ætla ekki að draga úr honum.

Það gerðist hér á árunum frá 1980–2008 að skuldir heimila jukust úr 25% af ráðstöfunartekjum í 250% af ráðstöfunartekjum, á þessum 27–28 árum. Einhvern tímann reiknaði ég út að skuldir heimila umfram ráðstöfunartekjur

jukust um 8% á ári á þessum 27–28 árum. Sú aukning var aldrei áhyggjuefni, af hverju hún stafaði. Í stuttu máli má flokka skuldir heimila í nokkra flokka, þ.e. húsnæðisskuldir, skuldir vegna kaupa á lausafé, neysluskuldir, sem verða bara til vegna þess að launin duga ekki fyrir neyslu, og að lokum Lánaþjófur íslenskra námsmanna eða námsskuldir. Á móti má flokka þau lán niður í lánin í skilum, lánin í vanskilum, eða sá hluti sem er í vanskilum, greiðslubyrði og svo á einhverjum stað er fjallað um neikvætt eigið fé.

Ég hef oft velt því fyrir mér á undanförunum árum eftir að það varð mikið mál varðandi skuldir heimilanna að einhver heimili eru með neikvætt eigið fé. Ég hef þá skoðun að neikvætt eigið fé heimilanna sé í rauninni ekkert vandamál, ekki eitt og sér. Það er hins vegar orðið vandamál ef greiðslubyrði af lánnum er óyfirtíganleg og vanskil hrannast upp. Inni í þessum skuldum sem ég taldi upp áðan eru skuldir við LÍN. Á móti þeim skuldum er eign sem er hvergi skráð í opinberum gögnum, þ.e. menntunin og aflahæfið sem felst í menntuninni.

Ég reikna með því að þetta frumvarp komi til umfjöllunar í nokkrum nefndum og nefndir hafi með sér samvinnu þar um. Ég hef áhyggjur af þeim gríðarlegu fjárhagslegu upplýsingum sem eru til hjá ríkisskattstjóra og í hverjum banka fyrir sig og hægt er að kalla fram í hverjum banka fyrir sig fyrir einn einstakling sem kemur þar til úrlausnar varðandi sinn vanda, einstaklingurinn getur komið inn og samþykkt að allar fjárhagslegar upplýsingar tengdar honum verði lagðar fram.

En hvað erum við að vinna þarna til viðbótar? Hvað heimilin skulda að meðaltali er í sjálfu sér ekki vandamál. Það sem er vandamál er það sem hver og einn einstaklingur hefur í greiðslubyrði umfram það sem hann ræður við. Ég vona að það sé í rauninni það sem á að taka á í þessu, þ.e. hinn eiginlegi greiðsluvandi en ekki tölfræði tölfræðinnar vegna.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu að sinni.

[18:08]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þær ábendingar sem hafa komið fram, sérstaklega þær sem snúa að viðkvæmari þáttum frumvarpsins og varða friðhelgi einkalífsins og þá þætti sem ég kom inn á í upphafi máls míns sem þyrftu að koma til skoðunar í þingnefnd. Ég held að þetta séu mjög gild sjónarmið og verkefnið í þinginu verður að samtvinna það markmið sem stefnt er að með málinu til þess að við höfum á hverjum tíma betri upplýsingar um skuldastöðuna og fáum þá mikilvægu vísbendingu sem getur falist í henni án þess að ganga að óþörfu, eða þannig að brjóti í bága við lög, inn í friðhelgi einkalífsins.

Þetta er viðkvæmt jafnvægi sem þarf að finna þarna á milli. Kannski er það einmitt út af því sem við erum að ræða þetta mál og það hefur ekki áður verið lögfest, vegna þess að það er ekki alveg auðrættur vegur, það er vandfundið einstigi þarna á milli.

Ég lét þess getið fyrir í andsvörum að eflaust mundi þurfa gott samstarf milli nefnda. Ég hef að athuguðu máli ákveðið að betur fari á því að málið fari til allsherjar- og menntamálanefndar, ekki síst út af þeim lögfræðilegu atriðum sem hafa verið til umræðu. Ég mælist til þess að málið fari þangað til skoðunar milli umræðna.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allsh.- og menntmn.

Fundi slitið kl. 18:11.

## 8. FUNDUR

miðvikudaginn 19. júní,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

Jafnlaunaáttak og kjarasamningar (sérstök umræða).

### Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.

Elín Hirst, 13. þm. Suðvest.

Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n.

### Vísun skýrslna til nefndar.

[15:02]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti vill tilkynna að með bréfi, dagsettu 11. júní sl., hefur forseti óskað eftir því við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, samanber ákvæði 8. töluliðar 1. mgr. 13. gr. þingskapa, að hún fjalli um eftirfarandi skýrslur: skýrslu um Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna, skýrslu um kaup Fasteigna ríkissjóðs á málningarvinnu, skýrslu um fjárhags- og mannaúskerfi ríkisins, skýrslu um verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá 2010, skýrslu um stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni, skýrslu um framkvæmd búvörusamninga, skýrslu um kaup á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings, skýrslu um verkefni fyrrum Varnarmálastofnunar, skýrslu um þjónustusamninga við öldrunarheimili og ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2012.

### Kvenréttindadagurinn.

[15:03]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Nú við upphaf þingfundar vil ég minnst þess að í dag er kvenréttindadagurinn, en 19. júní hefur hérlendis um langt skeið verið helgaður kvenréttindum. Að forgöngu Kvenréttindafélags Íslands, Kvenfélagasambands Íslands og fleiri samtaka verður dagsins að venju minnst með ýmsum hætti.

Dagurinn á rætur í því að 19. júní 1915 staðfesti kongungur Íslands og Danmerkur, Kristján X., frumvarp sem Alþingi hafði samþykkt um kosningarrétt kvenna og kjörgengi til Alþingis. 19. júní 1915 markaði því þáttaskil í kvenréttindabaráttu á Íslandi en baráttan fyrir kosningarrétti og kjörgengi kvenna til Alþingis hafði staðið yfir allt frá árinu 1885.

Eins og þingheimi er kunnugt samþykkti Alþingi fyrir lok síðasta þings ályktun um hvernig minnst skuli 100 ára afmælis kosningarréttar og kjörgengis íslenskra kvenna 19. júní 2015. Samkvæmt ályktuninni var Alþingi falið að kalla saman til undirbúningsfundar fulltrúa sem flestra samtaka íslenskra kvenna, svo og stofnana sem fást við jafnréttismál kvenna og karla, til þess að safna hugmyndum og gera til-

lögur um hvernig minnst skuli tímamótanna, auka jafnréttis- og lýðræðisvitund og blása til nýrrar sóknar í jafnréttis- og mannréttindamálum.

Í samræmi við þessa ályktun Alþingis hyggst ég kalla til slíks undirbúningsfundar fyrir upphaf haustþings. Eitt af verkefnum þess fundar verður að kjósa fimm manna framkvæmdanefnd sem móti endanlegar tillögur og annist frekari undirbúning fyrir afmælisárið 2015.

Forveri minn í starfi, Ásta R. Jóhannesdóttir, sýndi þessu máli mikinn áhuga og fyrir hennar forgöngu var á síðasta ári haldinn fundur í Alþingishúsinu með fulltrúum kvenna- og jafnréttissamtaka á Íslandi til að ræða þetta mál. Þar voru reifaðar fjölmargar hugmyndir um hvernig væri viðeigandi að halda upp á þessi merku tímamót í sögu landsins. Þær hugmyndir verða gott veganestí nú þegar hin formlega undirbúningsvinna fer af stað.

Ég vil að lokum fyrir hönd Alþingis óska íslenskum konum til hamingju með daginn.

### Um fundarstjórn.

Boðun nefndarfundar.

[15:05]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að óska íslenskum konum til hamingju með kvenréttindadaginn.

Tilfni þessi að ég kem hér upp er að ég vil undirstrika mikilvægi þess að boðað sé til funda í nefndum þingsins með eðlilegum fyrirvara. Í gær var boðað til fundar í atvinnuveganefnd með mjög skömmum fyrirvara og á hefðbundnum fundartíma. Ég sem 1. varaformaður nefndarinnar fékk skilaboð með mjög stuttum fyrirvara og var nýkomin hér úr þinghúsi.

Ég vil undirstrika það að við byrjum þetta þing vel, að við reynum að vanda vinnubrögð okkar við að boða til funda og ná til allra nefndarmanna með eðlilegum hætti. Þegar svona stuttur fyrirvari er á, sem af eðlilegum ástæðum getur alltaf þurft að vera, er mikilvægt að menn gleymi sér ekki í hita leiksins og temji sér þann sið að ná til allra nefndarmanna.

Á fundinum í gær var mjög mikilvægt mál á ferðinni, verið að senda (Forseti hringir.) veiðigjaldamálið til umsagnar og ég hafði ekki tækifæri til að koma að því.

### Sérstök umræða.

Jafnlaunaáttak og kjarasamningar.

[15:07]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (SF):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka forseta fyrir skellegg inngangsröð í upphafi fundar og fagna því að forseti ætli með myndarlegum hætti að halda áfram undirbúningi fyrir 100 ára afmæli kosningarréttarins.

Ég vil jafnframt þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að samþykkja sérstaka umræðu um jafnlaunamál á þessum hátíðisdegi íslenskra kvenna.

Í dag minnumst við þess að 98 ár eru frá því að konur fengu kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Þetta eru ein

merkustu tímamót íslenskrar kvennasögu og mikilvægt að við minnumst þeirra á Alþingi. Við búum í samfélagi þar sem konur hafa haslað sér völl á nær öllum sviðum samfélagsins. Lagalegt jafnrétti er nánast í höfn þó að við búum ekki við jafnrétti í raun. Skýrustu birtingarmyndir kynjasmisréttis eru kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur. Þetta misrétti er svartur blettur á samfélaginu.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun vinna markvisst að því að ná raunverulegu jafnrétti fyrir alla. Ríkisstjórnin mun endurmeta þær aðferðir sem notaðar hafa verið í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna með það að markmiði að bæta árangur á sviði jafnréttismála og vinna gegn launamun kynjanna.“

Ég fagna því auðvitað að ríkisstjórnin ætli að vinna markvisst að jafnrétti fyrir alla en hingað til hefur ekki komið fram í hverju endurmatið á aðferðum felst. Ákvæði jafnréttislaga eru skýr. Kynbundinn launamunur er ólöglegur. Það er því vægast sagt þreytandi fyrir konur að þurfa ár eftir ár að berjast fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Þessu ranglæti verður að linna. Gera verður þá kröfu til ríkisvaldsins að það sýni forustu í þessum efnunum og taki á vandanum með krafti. Lægst launuðu stéttirnar í landinu samkvæmt könnunum nokkurra verkálýðsfélaga innan Starfsgreinasambandsins eru konur í umönnunarstörfum hjá ríkinu. Þær hafa tekið á sig kjararýrnun síðustu ár í gegnum skert starfshlutfall en álagið hefur aukist ef eitthvað er.

Í nýlegri launakönnun SFR mælist kynbundinn launamunur nú 12% og minnkar um 1% á milli ára. Frá síðustu kjarasamningum í maí 2011 hafa grunnlaun kvenna hækkað hlutfallslega meira en karla en munurinn er neikvæður þegar litið er til heildarlaunanna.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga talar í þessu samhengi um ráðuneytisbundinn launamun og vísar þá til þess að laun séu almennt lægri hjá þeim stofnunum sem heyra undir ráðuneyti sem fara með velferðarmál og menntamál. Í þeim málaflökkum vinna stóru kvennastéttirnar. Heilbrigðisstéttirnar hafa ekki síst orðið fyrir barðinu á því.

Til þess að taka á þessum vanda var farið í sérstakt jafnlaunaátak í janúar síðastliðnum þar sem veitt var svigrúm til hækunar kvennastétta á heilbrigðisstofnunum ríkisins innan stofnanasamninga eða tímabundið innan núgildandi kjarasamnings en að frambúðarlausn verði fundin í næstu kjarasamningum.

Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hyggst ríkisstjórnin halda áfram því jafnlaunaátaki á heilbrigðisstofnunum sem hófst í tíð fyrri ríkisstjórnar?

Í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur var undirrituð viljayfirlýsing með aðilum vinnumarkaðarins um að eyða kynbundnum launamun. Í henni fólst ákvörðun um að setja á fót aðgerðahóp sem á meðal annars að samræma rannsóknir á kynbundnum launamun, gera áætlun um kynningu jafnlaunastaðals, annast upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja.

Þá samþykkti Alþingi tillögu velferðaráðherra um aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Alþingi samþykkti síðan í fjárlögum fyrir árið 2013 árlega fjárveitingu til ráðningar tveggja sérfræðinga til að halda utan um þetta verkefni.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er staðan á vinnu um innleiðingu jafnlaunastaðals og útreikning á kynbundnum launamun til undirbúnings kjarasamninga?

Fram undan eru kjarasamningar þar sem stóru kvennastéttirnar, sem hafa haldið íslensku samfélagi gangandi á erfiðum tímum, vænta leiðréttingar á kynbundnum launamun.

Verður áhersla lögð, spyr ég hæstv. fjármálaráðherra, á jöfnun launa milli kvenna- og karlastétta í komandi kjarasamningum af hálfu ríkisins?

[15:12]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda fyrir að brydda upp á þessu þarfa umræðuefni og óska öllum konum og okkur öllum til hamingju með daginn. Það væri gleðilegt að geta nú, 98 árum eftir að konungur staðfesti samþykkt Alþingis um kosningarétt kvenna, fulllyrt að fullkomnu jafnrétti væri náð á öllum sviðum. En við eigum talsvert í land. Konur eru mun færri í hópi stjórnenda fyrirtækja. Þær eru enn í minni hluta hér á þingi og víðar gætir misvægis.

Þótt mikið starf hafi verið unnið til að tryggja lög um jafnan rétt karla og kvenna glínum við einnig enn við nokkurn launamun kynjanna eins og málshefjandi bendir á og það þrátt fyrir áratugalanga baráttu og mikla umræðu um það mál. Vissulega hefur mikill árangur náðst víða en ég treysti því að við sem samfélag munum ekki láta staðar numið fyrir en við getum fulllyrt að óútskýrðum launamun kynjanna hafi verið útrýmt.

Hér er spurt hvort ríkisstjórnin hyggist halda áfram jafnlaunaátakinu. Um þetta er það að segja að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega fjallað um jafnréttismálin eins og hér hefur reyndar verið komið inn á. Í samræmi við þá stefnumörkun hefur, innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins, verið unnið að frekari greiningu og mati á þeim aðferðum sem helst hefur verið beitt þegar kemur að launamun kynjanna. Þó að þeirri vinnu miði ágætlega er því miður ekki orðið tímabært að setja fram tillögur á þessu stigi málsins enda stutt síðan stjórnarskipti urðu.

Hvað varðar vinnu samkvæmt viljayfirlýsingu ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins, um innleiðingu jafnlaunastaðals og útreikning á kynbundnum launamun vegna kjarasamninganna fram undan, þá er það rétt, sem hér hefur jafnframt komið fram, að ráðnir voru tveir starfsmenn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem er ætlað að sinna þessu verkefni af hálfu ríkisins. Eins hefur sérstök nefnd, skipuð fulltrúum heildarsamtaka opinberra starfsmanna, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og fjármála- og efnahagsráðuneytis, tekist á við það verkefni að setja fram hvaða málefnalegu forsendur skulu lagðar til grundvallar við mat á launamun kynjanna. Í þessari nefnd hafa verið haldnir tíu fundir og nefndin stefnir á að ljúka störfum fyrir 1. október næstkomandi. Undirbúningi að innleiðingu jafnlaunastaðals miðar líka vel og hefur þó nokkur fjöldi stofnana lýst sig tilbúinn í það ferli.

Eins og þeir vita sem kynnt hafa sér staðalinn er launaúttekt á stofnun fyrsta skrefið í átt að jafnlaunavottun og er

vinna við slíkar úttektir þegar hafin. Málshjefjandi spyr hvort ríkisstjórnin hyggist leggja sérstaka áherslu á jöfnun launa milli kvenna- og karlastétta í komandi kjarasamningum. Svarið er að að sjálfsgöðu verður lögð áhersla á að laun verði byggð á málefnalegum forsendum þar sem kynferði á ekki að hafa áhrif. Hvernig stéttarfélagin taka á þessum málum skiptir mjög miklu máli. Ef hækkun kvennastétta sem gætu talist hafa setið eftir í launapróun verður mætt með enn frekari hækkun stétta sem telja má til hefðbundinna karlastétta liggur í augum uppi að launamunurinn við-helst.

Reyndar má bæta því við að hjá ríkinu eru ekki margar starfsstéttir sem eru að meiri hluta skipaðar körlum. Konur eru aftur á móti í meiri hluta í fjölmörgum starfsstéttum, enda hafa konur verið fleiri í námsgreinum sem skila þeim störfum í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í menntakerfinu. Kynbundið náms- og starfsval er því ein af skýringum þess að illa hefur gengið að útrýma kynbundnum launamun.

Hér má líka nefna að skráningu upplýsinga um þætti sem hafa áhrif á laun hefur því miður verið ábótavant hjá stofnunum ríkisins og nú er í gangi sérstakt átak til að bæta þá skráningu með aðkomu Hagstofunnar og Fjársýslu ríkisins auk fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

[15:17]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir byrja þessa umræðu á því að óska íslenskum konum til hamingju með daginn og reyndar samfélaginu öllu. Ég tel að þau tímamót sem hér er minnst séu mikilvæg fyrir þróun samfélagsins alls, bæði fyrir konur og karla og mikilvægt að halda því til haga.

Baráttan gegn kynbundnum launamun er að sjálfsgöðu viðvarandi verkefni, hefur staðið yfir lengi og bæði ríkisstjórnir og sveitarstjórnir hafa verið að glíma við þetta um langt skeið. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ýmislegt hefur áunnist í þeim efnunum en það er líka rétt hjá hæstv. ráðherra að við höfum ekki náð á endastöð hvað þetta varðar. Þess vegna er þetta áfram viðvarandi verkefni þó að maður mundi gjarnan vilja sjá þróunina á þann veg að verkefnið yrði leyst í eitt skipti fyrir öll.

Stjórnvöld hafa ýmis ráð í sínu búi til að vinna að þessu viðfangsefni. Eitt er til dæmis verkefni sem hefur verið kallað kynjuð hagstjórn. Stundum hefur verið gert grín að þessu hugtaki en engu að síður er það mikilvægt tæki sem stjórnvöld hafa yfir að ráða og hefur verið unnið að, meðal annars í tíð síðustu ríkisstjórnar, og ég vonast til þess að áfram verði haldið við það verkefni.

Jafnlaunaátakið, sem hv. málshjefjandi hefur rætt sérstaklega, er mikilvægt og ég skil hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra á þann veg að áfram verði unnið að því, bæði á vettvangi ráðuneytisins og einnig í komandi kjarasamningum. Það viðhorf sem samningsaðilar, og þá stórir samningsaðilar eins og ríki og sveitarfélög, sýna í þessu efni skiptir máli. Síðan er ástæða til að velta fyrir sér hvort ýmsar lagaumbætur þarf til að vinna gegn kynbundnum launamun og ég mun koma betur að því hér á eftir.

[15:20]

### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska okkur öllum innilega til hamingju með daginn. Takk fyrir betra samfélag, kærur brautryðjendur kvenfrelsis. Takk hinar amerísku súfragettur, takk Bríet Bjarnhéðinsdóttir, takk Ingibjörg H. Bjarnason, takk Kvennalistinn, takk mamma og þið allar mæður og feður fyrir að hreinsa til.

Ég vil líka þakka hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga efni. Eins og hv. þingmaður fór vel í gegnum eru störf kvennastétta enn þann dag í dag minna metin í íslensku samfélagi en þau störf þar sem karlar eru ráðandi. Launamismunur kynjanna er sá þáttur kynjamisréttis sem er okkur hvað mest sýnilegur. Það er vegna þess að hann er vel mælanlegur. Annað kynjamisrétti, svo sem kúgun og undirokun hvers konar, er illmælanlegt. Þetta óáþreifanlega sem er yfir og allt um kring, það er það mein sem er uppspretta gildismatsins sem við búum við.

Til að leiðrétta birtingarmynd vandans, minni laun fyrir sömu vinnu, þurfum við að taka á rót hans. Við verðum að taka til hjá okkur, vera femínísk og hugrökk; og þá helst þið, kærur karlar, og breyta þannig gildismati samfélagsins okkar. Verðum okkur sjálfum til sóma, við eigum enn nokkuð langt í land.

[15:22]

### Sigrún Magnúsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Það er vel til fundið að efna til þessarar umræðu 19. júní og ég þakka hv. málshjefjanda og hæstv. ráðherra fyrir ræður þeirra sem og forseta. Sannarlega mikilvægt verkefni sem erfitt hefur reynst að uppfylla þrátt fyrir góðan ásetning margra.

En hvernig stendur á því að við skulum þurfa að ræða þessi mál á 142. þingi og að við þurfum að setja það ákvæði í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar árið 2013 að launajafnrétti skuli ríkja í landinu? Við erum að taka við stjórnartaumum af stjórn málaöflum sem voru oft með kvenfrelsi og jafnrétti á vörum en...

Einn af brautryðjendum okkar kvenna varðandi þetta málefni var Rannveig Þorsteinsdóttir, fyrrum þingmaður og lögfræðingur, og eins og hér hefur komið fram er baráttan fyrir launajafnrétti orðin mjög löng. Hún skrifar á 40 ára afmæli kosningaréttar í blaðið *19. júní* árið 1955 og greinin heitir „Jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf“. Með leyfi forseta, langar mig að grípa niður í þessa stórmerku 60 ára gömlu grein:

„Launamismunurinn er víða falinn með því að störfum er skipt í karla- og kvennastörf og karlastörfin eru yfirleitt hærra launuð en kvennastörfin án tillits til þess hvaða verk-hæfni þarf hjá þeim sem störfin vinna.“

Hún vitnar einnig til mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna frá 1948 þar sem kveðið er á um að hver og einn eigi rétt til sömu launa fyrir sömu vinnu og Alþjóðavinnu-málastofnunin gefur líka út árið 1951 jafnlaunasamþykkt þar sem hvatt er til að reglan um jöfn laun til kvenna og karla taki til alls starfsfólks. Það gekk nokkuð hægt hjá okkur að samþykkja þetta ákall en Rannveig er samt bjart-sýn í lok greinarinnar, ef ég má vitna aftur í greinina:



„Launajafnréttið er á leiðinni. Það getur komist á innan lítils tíma og það getur líka átt nokkurn aðdraganda enn þá.“

Er ekki aðdragandinn orðinn nógu langur? Hefjumst handa.

[15:24]

### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegur forseti. Launamisrétti á grundvelli kynferðis á ekki að viðgangast. Með því skrefi sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur steig í þá átt að útrýma launamuninum með jafnlaunaátakinu þokast málið í rétta átt. Tæknileg mál eins og skráning í mannaúðskerfi þarf einnig að fylgja í átakinu og greining á því hvað óútskýrður launamunur er eða öllu heldur hvað eru sanngjarnar skýringar á launamun. Kyn er ekki ein af þeim breytum sem eiga að koma til greina í þeim skýringum. Það er ótrúlegt að við skulum enn þurfa að berjast fyrir því að svo sé ekki og setja í gang sérstakt átak til að útrýma kynbundnum launamun.

Á krepputímum þurfum við að gæta sérstaklega að okkur því að þekkt er að þá er hætta á því að kynbundinn launamunur aukist, að fjármunir til kvennastarfa séu skornir niður á vegum ríkisins en atvinnuáttak sett af stað sem nýttist frekar körlum. Ellilífeyrir kvenna ber einnig mark áratugalangrar kynjamismununar í íslensku samfélagi. Ólaunuð vinna kvenna inni á heimilum ásamt kynbundnum launamun hafa leitt til þess að gjá er á milli lífeyrisgreiðslna karla og kvenna. Vinna þarf í brúargerð yfir þá gjá.

Mikilvægt er að halda áfram með jafnlaunaátakið þó að ný ríkisstjórn sé tekin við. Það sama á við um áherslu fyrri ríkisstjórnar á kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð sem er öflugt efnahagstæki ef vel er á haldið og mun skila auknu jafnrétti til framtíðar. Þó að nauðsynlegt sé að fara í sérstakt jafnlaunaátak til að rétta kúrsinn er lausnin til framtíðar að efla kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð þar sem markmiðið er að tvína saman jafnrétti og efnahagslega velferð, tvína saman jafnréttisstefnuna og þjóðhagsstefnuna og taka meðvitandaðr ákvarðanir í ríkisfjármálum til að auka jafnrétti og útrýma kynbundnum launamun.

[15:26]

### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Í dag er kvenréttindagurinn. Ég óska konum ekki til hamingju með hann. Mér finnst ganga of hægt að ná fram jafnrétti kynjanna, allt of hægt. Jafnrétti er jafnvel að hraka. Eftir nýjstu upplýsingum er jafnrétti að minnka, misréttið er að aukast.

Það eru ekki bara launin sem við þurfum að horfa á, við þurfum líka að horfa á framgang kvenna innan fyrirtækja. Hvernig ná þær hæri stöðu? Þar er pottur verulega brotinn og það er hvergi mælt. Það sjáum við best á aðalfundi Seðlabankans þar sem eru nánast eingöngu karlmenn.

Ég tel mjög mikilvægt að jafnréttis sé gætt í landinu. Ekki viljum við karlmenn að mæður okkar, systur, dætur, frænkur og eiginkonur séu með lægri laun en aðrir bara af því að þær eru konur. Það er líka efnahagslegt mál vegna þess að þegar misrétti er í launum er hæfasti einstaklingurinn ekki að gegna starfinu. Þjóðfélagið allt tapar á því.

Ég tel að hæstv. fjármálaráðherra hafi gullið tækifæri til að taka á þessum málum í kjarasamningum sem standa fyrir

dyrum og bæta stöðu þeirra kvenna sem eru í umönnunarstörfum, sem eru mjög erfið störf en mjög illa borguð, og bæta þá stöðu.

Ég bind miklar vonir við jafnréttisvottunina — að fyrirtæki og stofnanir fái jafnréttisvottun. Ég er mjög ánægður að heyra hjá hæstv. ráðherra að hæstv. ríkisstjórn er að vinna að því að ráðuneytin og jafnvel stofnanir ríkisins fái jafnlaunavottun sem ætti náttúrulega að gilda um allt þjóðfélagið. Jafnlaunavottun tryggir að karlar og konur séu með sambærileg laun.

[15:28]

### **Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég nefndi hér stuttlega áðan hugsanlegar lagaumbætur til að vinna gegn kynbundnum launamun. Að sjálfsögðu hefur ýmislegt verið gert og unnið á þeim vettvangi á undanförunum árum og til að mynda hafa staða og tæki Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs verið styrkt í lögum. Ég tel mikilvægt að huga enn frekar að þeim málum, hvort hægt sé að ná meiri árangri með umbótum á því sviði.

Ekki er nóg að taka á þessum þáttum í lagaumgjörðinni. Það þarf líka viðhorfsbreytingu í samfélaginu. Því miður hafa ýmsar rannsóknir sýnt að ungir drengir í skólakerfinu hafa jafnvel neikvæðari sýn á jafnrétti kynjanna en þeir sem eru heldur eldri. Þetta er viðfangsefni sem ég tel mikilvægt að vinna að. Við þurfum að vinna að viðhorfsbreytingu. Hún er nauðsynleg í skólakerfinu.

Við sjáum að vísu að fleiri konur en karlar útskrifast úr háskólum hér á landi, umtalsvert fleiri. Ég hygg að í Háskóla Íslands séu þeir sem eru að útskrifast með BA-gráður og jafnvel mastersgráður upp undir 60 eða 67% konur en það skilar sér ekki í minnkunum launamun og er áhyggjuefni. Ég tel mikilvægt að unnið sé að viðhorfsbreytingum í samfélaginu öllu en ekki síst í skólakerfinu og gagnvart ungum drengjum.

Hér var nefnt að í dag væru 98 ár liðin frá því að konur öðluðust kosningarrétt á Íslandi. Eftir tvö ár verður þess minnst að 100 ár eru liðin frá þeim tíma. Er það þá ekki tilvalið tilefni til að taka höndum saman öll, óháð því hvar við skipum okkur í sveit í stjórn málum, og taka á þessu samfélagslega meini því að þetta er samfélagslegt mein sem við verðum öll að taka alvarlega og ráða bót á. Ég hvet til þess að við látum tímamótin eftir tvö ár verða eins konar viðmiðun í því efni að hafa ráðið bót á þessu í eitt skipti fyrir öll.

[15:31]

### **Óttarr Proppé (Bf):**

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir byrja á að óska íslenskum konum og Íslendingum öllum til hamingju með daginn og ég óska Íslendingum og öllum, hvers kyns sem þeir eru, til hamingju með daginn. Ójafnrétti og mismunur sem byggð er á kynferðislegum forsendum er mein, er slæmt fyrir samfélagið. Það hamlar vexti og viðgangi samfélagsins.

Ég eins og fleiri hér inni er tiltölulega nýr á hinum pólitíska vettvangi og þá staldrar maður við, skoðar tilgang sinn og veltir fyrir sér styrkleikum og veikleikum. Það er augljóst að ég er miðaldra karlmaður. Ég er þeirrar skoðunar að offramboð sé á sjónarmiðum miðaldra karlanna. Það er

alla vega ljóst að ég er ekki kvenmaður og ég lít á það sem minn helsta pólitíska veikleika að vera ekki kvenmaður.

En ég trúi líka á að hægt sé að vinna með bæði veikleika og styrkleika og því legg ég mikið upp úr því í eigin viðhorfum að rækta þau viðhorf sem eru ekki náttúrulegust og ég held að það sé mikilvægt í samfélaginu öllu. Launamismunur er mismunur og ójafnrétti er óréttlátt hvaða nafni sem það nefnist. Margt hefur áunnist í réttindabaráttu kvenna og í minnkun launamismunar á Íslandi en það að hlutirnir gætu verið verri er aldrei afsökun fyrir því að vera sáttur við stöðuna. Við þurfum að berjast áfram. Þær bætur og þær breytingar sem orðið hafa hafa ekki komið af sjálfu sér. Þær hafa komið af baráttu og ef það lagar sig ekki sjálfkrafa verður að vinna áfram í því. Ég brýni hæstv. ríkisstjórn og þingheim allan til góðra verka.

[15:33]

#### **Þórunn Egilsdóttir (F):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, málshefjanda þessarar umræðu, fyrir innlegg hennar og frumkvæði. Það er við hæfi að ræða þessi mál í dag þar sem 19. júní er helgaður kvenréttindum á Íslandi. Nú þegar tæp 100 ár eru síðan konur fengu fyrst kosningarrétt hefur margt áunnist en því miður eigum við enn langt í land til að launajafnrétti sé náð. Það sem áunnist hefur er að lagatextar og rammi til að vinna eftir er í nokkuð góðu lagi en því miður hefur okkur ekki tekist að koma jafnréttinu á í raun. Meðan við þurfum að taka það fram að fyrirrtæki skuldbindi sig til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir sambærilega frammistöðu og jafn verðmæt störf óháð kyni þá er mikil vinna eftir.

Í nýjum stjórnarsáttmála kemur fram, með leyfi forseta, að endurmeta skuli þær aðferðir sem notaðar hafa verið í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna í þeim tilgangi að bæta árangur á sviði jafnréttismála og vinna gegn launamun kynjanna. Þetta held ég að sé mikilvægur þáttur í jafnréttisumræðunni. Við þurfum líka að skoða málin út frá grunninum, t.d. hvernig við ölum börnin okkar upp. Erum við í raun sú fyrirmynd sem við viljum vera þegar kemur að jafnréttismálum?

Ný ríkisstjórn leggur áherslu á jafnréttismál og hefur þingflokkur Framsóknarflokksins þegar endurskoðað kynjaskiptinguna í nefndum hjá sér. Lítum líka í eigin barn, leggjum okkur fram og stöndum öll saman um að taka á þessu þjóðfélagsmeini fyrir börnin okkar.

[15:35]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir umræðurnar og það er ánægjulegt að heyra að við erum öll sammála um að kynbundinn launamunur sé óásættanlegur.

Ég var líka ánægð að heyra að ekki er um breytta stefnu að ræða frá þeirri sem fyrrverandi ríkisstjórn markaði varðandi jafnlaunamálin, en ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að taka pólitíska forustu í þessari ríkisstjórn til að eyða kynbundnum launamun hjá ríkinu.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra ræðuna en óska samt eftir skýrari svörum um jafnlaunaátakið á heilbrigðisstofnunum og hvort núverandi ríkisstjórn ætli ekki örugglega að klára það mál þannig að jafnt megi yfir alla ganga.

Ég tek undir það að mikilvægt er að bæta upplýsingar. Það er merkilegt að jafnréttislög kveða á um kyngreiningu upplýsinga en það er svo langt frá því að það sé veruleikinn hjá ríkinu.

Hæstv. ráðherra vísar í að stéttarfélögin þurfi að beita sér fyrir því að sérstök áhersla verði á hækkun launa í komandi kjarasamningum. Ég tek undir það en tel atvinnurekandann, ríkið, verða að leggja sérstaka áherslu á hækkun launa umönnunarstétta og annarra kvennastétta sem búa við þann núturlega veruleika að þurfa að setta sig við kynbundinn launamun. Þetta þurfa íslenskar konur langflestar að gera þrátt fyrir að í landinu séu skýr lög um að slíkt sé óheimilt.

Að lokum vil ég óska okkur öllum til hamingju með daginn og vona að að ári liðnu, þegar við ræðum kannski næst um kynbundinn launamun, höfum við þokast skrefi nær.

[15:37]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er því miður þannig í þessum málaflokki að það dugar ekki eitt og sér að hafa uppi háleit markmið og hástemmdar yfirlýsingar. Ég efast til dæmis ekki um að sú ríkisstjórn sem nú er nýfarin frá völdum hafi ætlað sér að ná enn meiri árangri en náðst hefur og vissulega lögðu menn sig fram. En þetta er málaflokkur sem því miður virðist þannig vaxinn að það tekur tíma að ná árangri. Þess vegna hafa svo margir komið inn á það í umræðunni í dag að við þurfum að halda áfram og gefast ekki upp.

Þegar við ræðum um kynbundinn launamun í þessari umræðu erum við bæði að ræða um það þegar tveir einstaklingar hvor af sínu kyni gegna nákvæmlega sambærilegu starfi en þiggja ekki fyrir það sömu launin og í sömu andrá erum við líka að ræða um það að sumar stéttir, sem fyrst og fremst eru skipaðar af konum í dag, virðast almennt vera lægra launaðar en aðrar stéttir, sem fyrst og fremst eru skipaðar körlum. Þetta er líka hluti vandans og verður að taka með í umræðuna um það hvernig hægt er að bregðast við þegar kemur að gerð kjarasamninga.

Varðandi jafnlaunaátakið stöndum við frammi fyrir þeim vanda að ákvarðanir um það eru teknar eftir að fjárlög fyrir yfirstandandi ár voru samþykkt og stofnanir sem hafa fengið það verkefni að hrinda áttakinu í framkvæmd hafa ekki séð mikið svigrúm innan þess ramma sem þær hafa á yfirstandandi ári til að bregðast við óskum um þátttöku í áttakinu. Við þessu verður ekki brugðist með öðrum hætti en að auka fjárveitingar, annars eru menn í raun að taka lán fyrir áttakinu. Við höfum í sjálfu sér ekki séð færi til þess að lofa frekari framlögum á fjáráukalögum en við styðjum viðleitnina og munum finna okkar leiðir til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 15:41.

## 9. FUNDUR

fimmtudaginn 20. júní,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 23. — 2. umr.
4. Stjórn fiskveiða o.fl., stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 21, brtt. 22. — 2. umr.
5. Staða geðheilbrigðismála barna og unglunga á Norð-austurlandi (sérstök umræða).

### Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.  
Elín Hirst, 13. þm. Suðvest.  
Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n.  
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.

[10:32]

### Útbýtt utan þingfundar 19. júní:

Seðlabanki Íslands, 20. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 20.  
Stjórn fiskveiða, 3. mál, nál. atvinnuvn., þskj. 23.  
Stjórn fiskveiða o.fl., 4. mál, nál. meiri hluta atvinnuvn., þskj. 21; brtt. meiri hluta atvinnuvn., þskj. 22.

### Tilhögun þingfundar.

[10:32]

### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Í dag verður gert hádegishlé á milli kl. 1 og 2 vegna nefndafunda.

Forseti vekur athygli á því að atkvæðagreiðsla verður um afbrigði kl. 11 á eftir.

### Störf þingsins.

[10:33]

### Jóhanna María Sigmundsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka árnaðaróskir og góðar kveðjur og óska forseta til hamingju með starfið.

Ég kem hingað upp til að vekja athygli á erfiðu máli, heimilisofbeldi. Í nýútgefni ársskýrslu UNICEF um velferð barna og unglunga í heiminum er að finna sláandi tölur um viðhorf ungra kvenna til heimilisofbeldis. Ekki er endilega um að ræða lönd þar sem aðgangur kvenna að upplýsingaveitum svo sem interneti sé skertur.

Í Jórdanfu er aðgangur ungra kvenna að upplýsingum mjög góður en þar finnst 91% kvenna á aldrinum 15–19 ára sjálfsagt að eiginmaður beiti konu sína ofbeldi ef hún til dæmis brennir við matinn eða neitar honum um kynlíf. Ef við lítum á tölur hérlendis sjáum við að fjöldi þolenda og gerenda í heimilisofbeldi eykst við 15 ára aldursmörkin. Flestir þolendur eru á aldrinum frá 18–35 ára.

Allþt. 2013. B. (142. lögjafarþing).

Ég tek hérna sérstaklega fyrir konur og viðhorf þeirra þar sem þær eru í miklum meiri hluta þolenda. Stóra talan í skýrslu UNICEF er fjöldi ungra kvenna á aldrinum 15–19 ára í heiminum öllum sem finnst heimilisofbeldi sjálfsagt, en það eru 49%. Að horfa á þetta stórt hlutfall ungra kvenna sem hafa þetta viðhorf vekur hjá manni miklar áhyggjur því að þær ungu konur munu væntanlega bera sama viðhorf áfram út lífið og jafnvel miðla því til barna sinna.

Það eru greinilega röng skilaboð sem börn eru að fá í dag. Við verðum að beita okkur í forvörnum og úrræðum svo þetta ástand viðgangist ekki áfram. Í því samhengi má benda á að hérlendis eru börn viðstödd í nærri einu af hverju þremur tilkynntum atvikum um heimilisofríð.

Með þessari ræðu vil ég biðla til þingsins að vinna ótullega og af mikilli staðfestu í málum er snerta heimilisofbeldi og aðkomu barna í þeim málum.

[10:35]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu brýna umfjöllunarefni.

En að öðru. 10 milljarða gjafabréf til útgerðarmanna, lækun veiðigjalds, er forgangsmál ríkisstjórnarinnar og er hér á sérstakri hraðferð með aukafundum í gegnum þingið. Á sama tíma bólar ekkert á frumvarpi um leiðréttingu á kjörum aldraðra og öryrkja. Í gær hygg ég að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafi stöðvað afgreiðslu á því máli þannig að það verður ekki lagt hér fram í dag og kemst ekki til umræðu í dag. Kjarabætur fyrir útgerðarmenn á hraðferð í gegnum sumarþingið sem er að að verða að lokum komið og ekkert frumvarp komið fram sem lýtur að kjörum aldraðra og öryrkja, hvað þá að það sé farið í gegnum umræður eða nefndastörf. Þó lofuðu því allir stjórnsmálaflokkar sem nú eiga sæti á Alþingi að skerðingar á öldruðum og öryrkjum frá 2009 yrðu leiðréttar.

Ég hlýt að spyrja þingmenn Sjálfstæðisflokksins: Hvað dvelur orminn langa? Á ekki að efna kosningaloforðin? Og hvað finnst þingmönnum Framsóknarflokksins um það að stjórnarfrumvarp félagsmálaráðherra þeirra mæti þessari andstöðu? Á bara að aflétta þeim skerðingum sem Sjálfstæðisflokkurinn vildi eða hvað veldur því að hálfum mánuði eftir að þingið kom saman er frumvarp um útgerðarmenn ekki bara búið að fara í gegnum 1. umr., ekki bara framlagt, ekki bara farið út til umsagnar, heldur komið í fulla vinnu í nefnd meðan hér er ekki einu sinni búið að sýna það að leiðrétta eigi kjör aldraðra og öryrkja. Hvað veldur þessu?

[10:37]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður koma hér inn á forgangsmál ríkisstjórnarinnar og sérstaklega umræðu um sjávarútvegsmálin, veiðigjöldin.

Komið hefur fram að þetta veiðigjaldamál — það sem hv. þm. Helgi Hjörvar kallaði gjafabréf ríkisstjórnarinnar til útgerðarinnar upp á 10 milljarða — er eitt helsta forgangsmál núverandi hæstv. ríkisstjórnar. Málið er keyrt áfram í þinginu inn í nefnd og því miður er enginn raunverulegur

tími gefinn til að vinna málið. Ég hélt að við hefðum öll rætt það, bæði á síðasta þingi og þegar í upphafi þessa, að menn þyrftu að bæta vinnubrögðin hér í þinginu og bæta lagasetninguna. Mér finnst þetta ekki bera merki þess að mikill metnaður sé í því efni.

Nú hafa safnast um 27 þúsund undirskriftir á netinu þar sem hvatt er til þess að þessi lög verði ekki samþykkt en að öðrum kosti verði forseta lýðveldisins afhentar undirskriftir þar sem hann verður hvattur til að synja lögnum staðfestingar. Hann hefur áður gert slíkt eins og kunnugt er og tekid við undirskriftum þar að lútandi. Hann hefur reyndar sjálfur sagt að spurningin um arð þjóðarinnar af auðlindunum sé spurning sem sé vel til þess fallin að spyrja þjóðina. Að sjálfsögðu verður horft mjög rækilega á það hver viðbrögð hans verða ef málið fær afgreiðslu hér í þinginu.

Mín afstaða er engu að síður sú að það sé þingið sem eigi að setja lög í þessu landi og það sé þingið sem eigi að taka afstöðu til undirskriftalista af þeim toga sem hér eru í gangi, að hv. atvinnuveganefnd verði að fá þessar undirskriftir inn til sín til að hún taki afstöðu. Ég tel miklu eðlilegra í okkar stjórnskipun að það sé þingið sem taki afstöðu af þessum toga frekar en það sé lagt í hendurnar á einum manni suður á Bessastöðum, mér finnst það ekki mjög lýðræðislegt í sjálfu sér.

Ég vil hvetja til þess að atvinnuveganefnd geri það en fari rækilega yfir þetta mál, herra forseti, og fái undirskriftirnar til sín og taki afstöðu til þeirra á þeim vettvangi.

[10:39]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Mikilvægur hluti af löggjafarstarfinu fer fram í nefndum og er mikilvægt að kjósendur hafi aðgang að því að fylgjast með þeim hluta þingstarfsins. Þannig fær almenningur raunverulega innsýn í störf Alþingis auk þess sem slík opnun er mikilvægt aðhald fyrir þingmenn og mundi að öllum líkindum styrkja þingið gagnvart ráðherraræðinu.

Í ljósi umræðu undanfarinna daga má velja því fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að opna nefndarfundi enn frekar en verid hefur. Mikil tortryggni ríkir gagnvart því máli sem veiðigjöldin eru og umræðu um þau og fólk hefur stórar áhyggjur af hagsmunatengslum. Um gríðarlega hagsmuni er að ræða í þessu stóra og mikla máli, atvinnugreinin stór og margir sem eiga hagsmuna að gæta.

Almenningur á kröfu á því að ekkert sé dregið undan og umræðan á að fara fram fyrir opnum tjöldum. Það eru vissulega annmarkar á því á stundum að vera með fundi fyrir opnum tjöldum. En til að allir þingmenn geti sagt að þeir hafi ekkert að fela, þeir séu ekki að ganga hagsmuna eins aðila umfram annan, tel ég það þinginu fyrir bestu að umræða um þessi mál fari fram fyrir opnum tjöldum. Og ég treysti því að það verði gert. Engin ástæða er til að hafa þann fund sem fram fer í atvinnuveganefnd ekki opin.

Ég skora á hv. formann atvinnuveganefndar að hafa fundina sem fram undan eru um þessi mál fyrir opnum tjöldum.

[10:41]

### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Hæstv. forseti. Mig langar til að vekja athygli á hreyfiseðli en talsverð umræða hefur verið um hreyfiseðil í fréttamiðlum undanfarna daga. Það er framkvæmdastjóri SÍBS sem hefur haft förgöngu um innleiðingu hreyfiseðils í heilbrigðiskerfinu. Hreyfiseðlar eru ákveðin bylting í hugarfari og nálgun þeirra hér á landi er gerð að fyrirmynd Norðurlandanna en þar hefur notkun þeirra gefist mjög vel. Hreyfiseðlar eru ávísun lækna á hreyfingu sem getur eftir atvikum komið í stað lyfja eða minnkað þörfina fyrir þau. Skipulögð hreyfing hefur reynst vel meðal annars til að vinna á hinum ýmsu sjúkdómum, má þar meðal annars nefna kvíða, sykursýki, kransæðasjúkdóma og marga aðra.

Hreyfiseðillinn er tilraunaverkefni til tveggja ára og stefnt er að því að á því tímabili verði hann orðinn raunhæfur valkostur í heilbrigðiskerfinu á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og víðar á landsbyggðinni. Núna hafa alls 17 heilsugæslustöðvar samþykkt þátttöku í verkefninu. Hreyfiseðill á að standa jafnfætis lyfseðli í heilsugæslunni og verði skrifaður út ýmist í stað hans eða samhliða lyfseðli. Þegar læknir skrifar út hreyfiseðil er einstaklingum vísað til samhæfingaraðila innan heilsugæslustöðva til ráðgjafar og eftirfylgni. Þar verða möguleikar og geta til hreyfingar metin, sett fram markmið og útbúin æfingaáætlun. Þetta tilraunaverkefni samræmist vel stefnu okkar framsóknarmanna um að styðja fólk til sjálfshjálpar, bættrar heilsu og virkrar þátttöku í samfélaginu.

[10:44]

### **Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Hæstv. forseti. Mér þótti athyglisvert að heyra orð hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar áðan um að bæta þyrfti lagasetningu á Alþingi, ég tek heils hugar og hjartanlega undir það. Nú er í meðförum atvinnuálanefndar frumvarp sem er til þess fallið, verði það að lögum, að hjarga klúðri síðustu ríkisstjórnar varðandi sérstakt veiðigjald. Það er sorglegt til þess að vita að 27 þús. mætir Íslendingar skuli nota lýðræðislegan rétt sinn og áhuga á samfélagsmálum til að skrifa undir áskorun um að núverandi lög verði framlengd óbreytt og verði þannig til þess að ekkert sérstakt veiðigjald verði lagt á útgerðina á næsta ári. Lögin sem eru ræðir eru þannig vaxin að ekki er hægt að innheimta veiðigjöld samkvæmt þeim. Þetta hefur komið kirfilega fram í umræðu og þetta kemur kirfilega fram í athugasemdum með þessu sama frumvarpi.

Atvinnuveganefnd vinnur að því hörðum höndum að fara vel yfir þetta mál, kalla til sín fjölda gesta og stefnir að því að málsmeðferðin verði hin vandaðasta. Það kann vel að vera að á einhverjum tíma henti það — og ég held að það væri fagnaðarefni — að fundir nefndarinnar verði opinir til þess að hægt sé að skýra fyrir almenningi í landinu hvað gerist ef þessi lög standa óbreytt. Ég held að það væri mikið þarfaverk. Ég tek undir það að æskilegt væri að einhverjir af fundum atvinnuveganefndar verði opinir til að leiðrétta þann misskilning þó ekki sé til annars.

Herra forseti. Ég segi aftur: Ég tek undir það með hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni að hér þarf að vanda til verka. Þess vegna skulum við líka horfast í augu við það þegar við höfum klúðrað málum. Við skulum reyna að gera það besta úr því og láta það verða okkur víti til varnaðar.

[10:46]

**Haraldur Einarsson (F):**

Herra forseti. Það hefur orðið heilsuvakning á Íslandi á síðustu árum. Auk mataræðis og næringarvitundar spila íþróttir þar stærstan hluta. Íþróttir eru ekki bara afreks-íþróttir eða sjónvarpsefni. Með leyfi forseta segir í 1. gr. íþróttalaga:

„Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnin að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.“

Íþróttir fá að mínu mati allt of lítinn bita af fjármagni velferðarkökunnar. Ég fullyrði að til lengri tíma litíð verði sparnaður með fjárfestingu í heilsu Íslendinga til íþróttaiðkunar en einnig forvörnum og fræðslu, forvörnum gagnvart vímuefnum, heilsuhraki og sjúkdómum, og leiði til samfélagslegrar virkni einstaklingsins. Rannsóknir sýna beina tengingu milli skipulags íþróttar og tólmundastarfs og vímuefna og einnig minna brottfalls úr skóla.

Íþróttahreyfingin er fjöldmennasta fjöldahreyfing landsins og hélt upp á aldarafmæli í janúar á síðasta ári. Sem sjálfboðaliði í íþróttahreyfingunni langar mig að minnast látins vinar. Ólafur E. Rafnsson, 6. forseti Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands, er látinn. Hann tók við embætti árið 2006 og er minnst fyrir göfugt og óeingingjart starf í þágu íþróttar í landinu. Hans skarð verður vart fyllt. Ég votta Ólafi virðingu mína og þakka honum fyrir hans frábæru störf í þágu íþróttar á undanförunum árum. Einnig votta ég fjölskyldu hans innilega samúð mína. Íslandi allt.

[10:48]

**Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir bryninguna. Ég held að hann verði nú að gefa okkur meira en átta daga í þinginu til þess að moka flórin eftir fyrrverandi ríkisstjórn (Gripið fram í.) og leiðréttarárásir á kjör eldri borgara og öryrkja, loforð sem við ætlum svo sannarlega að efna, sem fyrrverandi ríkisstjórn gerði ekki síðustu fjögur árin.

En það var ekki það sem ég ætlaði að ræða, ég ætlaði að ræða um svarta atvinnustarfsemi. Það vakti athygli mína í *Morgunblaðinu* í morgun heilsumauglýsing frá Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands og ríkisskattstjóra þar sem varað er við svartri atvinnustarfsemi. Þetta hafði líka komið fram í grein í *Morgunblaðinu* síðasta þriðjudag sem Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar, stéttarfélags á Selfossi, skrifaði og spyr: Hvað er fram undan, hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Hvernig getum við komið í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi sem virðist heldur sækja í sig veðrið þrátt fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í vinnustaðaeftirlit?

Mér brá auðvitað við lestur þessarar greinar og ekki minna þegar á fund okkar í atvinnuveganefnd komu fulltrúar ferðaþjónustunnar og ræddu við okkur um málefni hennar. Í máli þeirra kom fram að á höfuðborgarsvæðinu væru 700 íbúðir leigðar út án leyfis. Samtökin hafa látið taka þetta út á umliðnum árum og upplýsingar liggja fyrir um það. Þetta er á heimasíðum og öllum til gagns en við þurfum að taka á.

Ég tek undir með Halldóru Sigríði Sveinsdóttur þegar ég

spyr: Hvað er fram undan, hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þessum málum? Ég held að við þurfum öll að bregðast við og koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi sem er allt of mikil.

[10:50]

**Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Það er ekki almennt deilt um það hvort greiða eigi veiðigjöld sérstaklega, en þau lög sem eru gildandi um þessi mál í dag gera að verkum að þau verður að endurskoða eigi að innheimta veiðigjald á næsta fiskveiðiári. Það er nákvæmlega það sem meirihlutflokkarnir á þingi eru að gera núna. Í þessari nálgun þeirra flokka er verið að reyna að mæta þeim augljósu göllum sem eru á núgildandi lögum og núgildandi skattlagningu þar sem litlar og meðalstórar útgerðir í landinu, bolfisksútgerðir, eiga mjög undir högg að sækja á meðan uppsjávarútgerðirnar bera þetta gjald miklu betur. (Gripið fram í.)

Nálgunin er nákvæmlega sú, virðulegi forseti, að það er verið að lækka gjöldin á þá sem hafa farið verst út úr þessu en hækka þau á móti á stórútgerðirnar sem eru í uppsjávarveiðum, enda kom það fram hjá gestum sem komu fyrir atvinnuveganefnd í morgun. Þar kom meðal annars fram heilmikil gagnrýni frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna en frá Landssambandi smábátaeigenda kom ekki fram svo mikil gagnrýni á þetta mál. Þeir fögnuðu þeim breytingum sem er verið að boða, svo að því sé nú haldið til haga.

Hér hafa menn verið sakaðir um að málsmeðferðin sé ómálefnaleg. Ég segi að sú umræða sé ómálefnaleg. Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir óskaði eftir því í gær við mig að fundirnir yrðu opnir. Ég bendi bara þingmönnum á að kynna sér þær reglur sem gilda á Alþingi um opna fundi nefnda. Þetta er ekki hin almenna regla. Það þarf þá að breyta þeim reglum ef við eigum að fara að hafa fundi almennt opna og þeim verður þá að stýra með þeim hætti sem kveðið er á um. Það breytir auðvitað öllu fundarformi hinna almennu nefndarfunda. Að vera að bera mönnum það hér á brún að opna þurfi fundi til að það komi í ljós að þingmenn hafi ekkert að fela — ég hafna svona málflytningi. (Gripið fram í.) Ég held að við ættum að hætta þessu, hv. þingmenn, hætta slíkum málflytningi. Við ættum að stunda hér einhvern málefnalegan málflytning. Margt í þessu máli er (Forseti hringir.) mjög ómálefnalegt og menn sýna það svo sannarlega að þeir ætla ekki að breyta neinu í vinnubrögðum sínum á nýju þingi.

[10:53]

**Vilhjálmur Árnason (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jónhönnu Maríu Sigmundsdóttur kærlega fyrir erindi hennar hér áðan um heimilisofbeldi sem mikil þörf er á umræðu um. Það er eitthvað sem við þurfum að vinna í að koma í veg fyrir og stoppa slíka þróun og snúa til betri vegar.

Mig langar í þessu efni að benda á mjög mikilvægt verkefni sem lögreglustjórnin á Suðurnesjum og Reykjanesbær hafa tekið upp og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum hafa svo komið inn í. Þetta verkefni snýst um að taka mun fastar á heimilisofbeldismálum strax í upphafi og sýna að ofbeldið verði ekki liðið. Verkefnið snýst um að beita þeim

úrræðum sem til eru markvissar og auka samstarf lögreglu og félagsmálayfirvalda í þessum málum til að nýta öll þau tæki sem þau hafa til að sporna við þessum vanda. Til að styrkja þólanda hefst eftirfylgni lögreglu og félagsmálayfirvalda innan við viku frá því að atburður gerist þannig að lögregla og félagsmálayfirvöld fara saman og heimsækja þólandann til að úrræðin verði örugglega nýtt. Einnig leggur lögregla mikla áherslu á að rannsókn verði mun ítarlegri strax í upphafi þannig að mál sé ferskt þegar það er rannsakað og tekið fast á því. Í upphafi máls er einnig boðið upp á fræðslu, m.a. fyrir gerendurna, til þess að koma í veg fyrir að þetta haldi áfram.

Í framhaldi af þessu mætti kannski skoða hvort þyngja ætti refsingar, tengsl heimilisofbeldis og alvarlegri brota eins og manndrápa og fleira sem við getum skoðað eða hvort taka ætti upp þríhliða hættumat gagnvart þólanda og geranda og kerfislegt mat þar sem farið yrði í gegnum það hver hættan sé í framhaldinu og hvort öll úrræði hafi mögulega verið nýtt í hverju máli fyrir sig.

[10:55]

### Karl Garðarsson (F):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. ræddi hér áðan um svarta atvinnustarfsemi og er það vel. Undanskot frá skatti er alvarlegt vandamál jafnt hérlandis sem erlendis. Í leiðara mafheftis *Tíundar*, blaðs ríkisskattstjóra, er talað um þjóðfélagsmein sem étur samfélagið innan frá.

Svo vitnað sé orðrétt í *Tíund*, með leyfi virðulegs forseta:

„Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að taka á slíku meini með skjótvirkum hætti. Enn eru sömu einstaklingar að hefja atvinnurekstur undir sömu auðkennum þar sem gamla félagið er látið sitja eftir eignalaust með skattskuldir. Er ástæða til að velta fyrir sér hvort ekki þurfi við þessar aðstæður skjótvirkari úrræði í stjórnsýslunni en nú eru til staðar. Síðast en ekki síst þarf að verða vitundarvakning meðal þjóðarinnar um hvað skattundanskot og bótasvik eru mikið mein sem bitnar harðast á grunnstoðum samfélagsins.“

Í leiðara *Morgunblaðsins* þann 18. maí sl., sem ber heitið „Reikningar annarra“, segir að undanskot frá skatti leiði til þess að þorri landsmanna borgi aðra reikninga en sína eigin. Þetta er rétt. Menn koma sér hjá skattgreiðslum með því að yta reikningum sínum yfir á samborgara sína.

Ýmislegt hefur áunnist í skatteftirliti á undanförunum árum. Oft hefur verið fjallað um málið hér á þingi og hinir ýmsu hagsmunaaðilar hafa látið það til sín taka. En betur má ef duga skal. Stórauka þarf mannafla hjá skattstjóra til að hann geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þeir peningar sem varið er í skatteftirlit skila sér margfalt til baka.

Í dag starfa um 30 manns hjá ríkisskattstjóra við þetta eftirlit. Sjálfur telur hann að ef vel ætti að vera þyrftu um 50 manns að starfa þar. Hér vantar því mikið upp á.

Guðni Björnsson, viðskiptafræðingur hjá ríkisskattstjóra, hefur tekið saman árangur herts eftirlits með skattskilum og þar koma fram sláandi tölur. Á síðustu fjórum árum voru að meðaltali 2.000 mál til skoðunar á ári hjá skattstjóra og ríkisskattstjóra. Á síðasta ári hóf eftirlitssvið ríkisskattstjóra vinnu við 481 mál.

Á sama tíma og við lækjum skatta og önnur gjöld á ákveðnar atvinnugreinar (Forseti hringir.) er hávæð orðrómur um stórfelld undanskot frá skatti. (Forseti hringir.) Það hlýtur að vera krafa okkar að tekið sé á þessum málum.

[10:58]

### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu hefur komið fram gagnrýni á það frumvarp sem liggur frammi um veiðileyfagjald sem við ræðum hér á eftir. Komið hefur fram að ástæða þess að frumvarpið er lagt fram sé sú að þau lög sem í gildi eru, og koma átta til framkvæmda frá og með nýju fiskveiðiári 1. september 2013, hafi verið þannig úr garði gerð af hálfu okkar þingmanna að ekki sé hægt að vinna eftir þeim; og það er áminning til okkar. En til að hægt verði að leggja veiðigjald á útgerðina, sem ég held að flestir í þessum sal ef ekki allir séu sammála um að eigi að gera, þá er þetta frumvarp lagt fram. Nú fer minni hlutinn hamföllum í því hvernig það er gert og að gera eigi það öðruvísi.

Undirskriftalistar eru líka í gangi en ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því í hverju þeir eru fólgnir vegna þess að þau lög sem átta að taka gildi geta ekki tekið gildi þar sem þau eru vanbúin af hálfu okkar þingmanna.

Ég vil spyrja hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur: Var henni kunnugt um, sem fulltrúa í atvinnuveganefnd, að veiðileyfagjaldanefndin hafði í tvígang á síðasta þingi, bæði í desember og síðan í mars, gert ríkisstjórninni viðvart um að ekki væri hægt að innheimta veiðileyfagjaldið samkvæmt þessum lögum.

Hv. þingmaður sat í atvinnuveganefnd og því spyr ég hana: Var henni kunnugt um að ríkisstjórninni hefði verið gert viðvart? Var meiri hluta í atvinnuveganefnd gert viðvart um að ekki væri hægt að leggja veiðigjald á samkvæmt þessum lögum? Ég tel mikilvægt að það komi fram hvort þingmönnum, stjórnarmeirihluta síðustu ríkisstjórnar, hafi verið kunnugt um þetta verklag veiðigjaldsnefndar.

[11:00]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er mjög einkennilegt að stjórnarmeirihlutinn ætli að nýta sér þetta sem skálkaskjól til þess að lækka veiðileyfagjöldin. Veiðigjaldsnefnd, sem hefur verið starfandi, hefur aflað upplýsinga hjá ríkisskattstjóra, Hagstofunni og Fiskistofu. Það kom í ljós að ekki var hægt að fá þær upplýsingar (**Gripið fram í:** Rétt.) með þeim heimildum sem fyrir eru.

Þá er mjög einfalt að Alþingi breyti lögum sem veita heimild til að nálgast upplýsingarnar hjá ríkisskattstjóra, Hagstofunni og Fiskistofu, svo grunninum að því að hægt sé að leggja veiðigjald á útgerðina sé kipt í lag. Það þarf ekki meira. Það er engin ástæða til þess að nota ferðina til að lækka veiðigjöld á útgerðinni sem er í bullandi gróða.

Menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir tala svona. (Gripið fram í.) Veiðigjaldsnefndin er að störfum, hún hefur leitað allra leiða til að ná þessum upplýsingum fram eins og hlutirnir eru í dag, en það hefur komið í ljós að það reynist erfitt. Ef það þarf lagabreytingu þá þarf einfalda

lagabreytingu til að veita stofnunum eins og ríkisskattstjóra eða Hagstofunni heimild til þess að leggja fram umbeðnar upplýsingar um útgerðir í landinu svo að hægt sé að reikna veiðigjaldið.

Það er engin ástæða til þess að lækka veiðigjaldið í leiðinni. Það er hægt að framlengja þetta, (**Gripið fram í:** Svaraðu spurningunni.) framlengja ákvæðið án þess að lækka það (Gripið fram í.) ef þingheimur er sammála um þetta. Allt fram í apríl á þessu ári lá fyrir að veiðigjaldsnefnd taldi að hún gæti leitað samninga við ríkisskattstjóra, Hagstofu og Fiskistofu til þess að byggja álagningu á. Ef það er ekki hægt eigum við alþingismenn að breyta því en ekki að fela okkur bak við það að nú þurfi að lækka veiðigjald á útgerðinni. Ég held að menn ættu að sjá sóma sinn í því að hugsa um heimilin landinu en ekki útgerðarmenn sem geta greitt. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:02]

**Oddný G. Harðardóttir (S):**

Virðulegi forseti. Ég hef áhyggjur af þeirri pólitísku óvissu sem aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálum skapa.

Forsvarsmenn hægri stjórnarinnar blésu fyrir rúmri viku til blaðamannafundar til að fara yfir þá stöðu sem tekin er út eftir þrjú fyrstu mánuði ársins. Þar var bent á að hugsanlega fari stofnanir fram úr fjárlögum, það sé hugsanlegt ef ekki verði gripið til ráðstafana. Staðreyndin er sú að á mánadarfresti fáum við uppgjör sem gefur okkur þá ástæðu til að grípa til ráðstafana. Almennitur fékk þau skilaboð að þarna sé pottur brotinn, líklegt sé að farið verði fram úr fjárlögum og menn skuli undirbúa sig undir að velferðarþjónustan verði dregin enn meira saman eða almannþjónustan í einhverri mynd.

Nú skyldi maður ætla, þegar ljóst er að þeir sem fara með eftirlitið á framkvæmd fjárlaga er Alþingi, ráðuneyti og síðan forstöðumenn stofnana, að blásið hefði verið strax í kjölfar blaðamannafundarinnar til fundar í fjárlaganefnd til að fara yfir stöðuna. Það var ekki gert, virðulegi forseti. Og þrátt fyrir ítrekaðar óskir er fundurinn haldinn viku síðar. Maður hefði líka haldið, virðulegi forseti, að hæstv. fjármálaráðherra hefði þá mætt á fundinn til að fara yfir þessa stöðu með þingmönnum, en það hefur hann ekki gert þrátt fyrir ítrekaðar óskir.

[11:04]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég ætla, eins og hv. þingmenn Ásmundur Friðriksson og Karl Gardarsson hér áður, að ræða um ferðarþjónustuna. Gífurleg fjölgun hefur orðið á ferðamönnum. Á árunum 2011 og 2012 komu 100 þúsund fleiri ferðamenn hvort ár en árið þar á undan. Sú er aukningin, 100 þúsund. Þetta hlýtur að skapa mikla vinnu. Það þarf að búa um allt þetta fólk, það þarf að elda fyrir það mat, það þarf að þrifa og það þarf að leiðsega. En ég furða mig á því að ég sé hvergi auglýsingar um vinnu í þessari grein. Ég furða mig á því. Það hlýtur að þurfa þúsundir manna til að sinna þessum aukna fjölda ferðamanna, bara aukningunni einni og sér. Ég spyr: Hvar auglýsir ferðarþjónustan eftir fólki? Það vill svo til að ég er í tengslum við nokkuð margt fólk og

ótrúlega margt fólk sem er atvinnulaust, fær ekki vinnu og vill fá vinnu. Það spyr sig: Hvar er auglýst?

Gefið hefur verið í skyn að ekki sé farið að kjarasamningum, gefið hefur verið í skyn að skattalög séu ekki virt og það hefur líka verið gefið í skyn að hugsanlega séu gjaldveyrishöft ekki virt í þessum geira. Ég tel mjög brýnt að unnið sé að því að finna út úr því og laga þá stöðu.

Þessi mikli fjöldi ferðamanna skaðar landið. Það kemur til með að kosta óhjemjufé að gera ferðamannastaðina þannig úr garði að þeir ráði við þennan mikla fjölda. Við þurfum að standa þannig að verki að ferðarþjónustan gefi þjóðinni hagsæld, dragi úr atvinnuleysi og veiti ferðamönnum góða þjónustu. Það verðum við að gera.

Umræðu lokið.

**Um fundarstjórn.**

Ummæli í störfum þingsins og framhald sumarþings.

[11:07]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að ræða fundarstjórn forseta vegna þess að mér þóttu orð falla hér áðan sem gáfu tilefni til þess að forseti slægi í það minnsta í bjöllu og bæði hv. þingmann um að gæta orða sinna. Það voru orð hv. þm. Þjarkeyjar Gunnarsdóttur þegar hún vændi þingmenn, og þá alla þingmenn, um að þeir hefðu eitthvað að fela og væru að huga að hagsmunum einhverra annarra en þjóðarinnar sem þeir sitja hér í umboði fyrir.

Þegar þingmenn fara fram með þessum hætti, virðulegur forseti, tel ég að hæstv. forseti hafi ástæðu til að slá í bjöllu og í það minnsta áminna þingmenn um að gæta orða sinna. Umræða á þessum nótum, um að hér sitji þingmenn sem gæti hagsmuna annarra en þjóðarinnar og þeirra umbjóðenda sem þeir eru kosnir af, og að þeir hafi eitthvað að fela, er ekki boðleg. Ef það kallar ekki á bjölluhljómi af hálfu hæstv. forseta þá er vart margt sem kallar á bjölluhljómi.

[11:08]

**Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég er hugsi yfir þeim dagskrárlið sem var hér áðan. Hann á að fjalla um málefni líðandi stundar og það er ólíðandi þegar bent er á ákveðna þingmenn eða ábyrgðaraðila með ákveðin atriði eins og gerðist í ræðu hv. þm. Oddnýjar Harðardóttur.

Ég ætla ekki að fara efnislega í ræðu hennar en ég ætla að leiðrétta nokkur atriði. Það virðist vera nýjasta tækni Samfylkingarinnar að segja nógu oft sömu röngu hlutina svo að fólk fari að trúá þeim. Fundur var boðaður í fjárlaganefnd og aðdróttanir af þessu tagi, þegar þingmenn geta ekki svarað fyrir þær blekkingar sem beitt er hér í ræðustól, vekja mig til umhugsunar um hvort ekki þurfi að endurskoða þennan dagskrárlið, Störf þingsins.

[11:09]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill nefna hér að það er ekki gert ráð fyrir því undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta að efnislegar

umræður um dagskrárliðið á undan, um störf þingsins, haldi hér áfram og biður hv. þingmenn að virða það.

[11:09]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Það er sjálfsgagt að virða það.

Fyrir hálfum mánuði var yfirlýst að hér ætti að fara fram stutt sumarþing án átakamála með áherslu á fjárhagsstöðu heimilanna. Því átti helst að ljúka á morgun. Þess í stað hefur verið lögð áhersla á átakamál eins og gjafabréf til útgerðarmanna og hér eru enn, degi áður en þinginu átti að ljúka, ekki komin til 1. umr. fjölmörg boðuð stjórnarfrumvörp. Á eftir á að taka á dagskrá með afbrigðum eitthvert mál um Seðlabankann sem lengi hefur legið á skrifborðum í Stjórnarráðinu og þarf ekki að taka inn með neinum afbrigðum.

Boðum okkar í stjórnarandstöðunni um að greiða leið kjarabótum fyrir aldraða og öryrkja með því að taka það á dagskrá með afbrigðum og þeim málum sem lúta að skuldamálum heimilanna virðist hins vegar í engu sinn. Ég undrast, virðulegur forseti, hvernig haldið er á þinghaldinu og sé ekki betur en að við stefnum á þinghald (Forseti hringir.) sem standi fram í júlímánuð bara vegna þess hversu óhönduglega (Forseti hringir.) er að málatilbúnaði staðið af hálfu stjórnarmeirihlutans. (**VigH:** ... Icesave.)

[11:11]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill vekja athygli á því að hér hafa verið haldnir þingfundir með bærilegri dagskrá flesta daga. Í gær var hins vegar nefndadagur til að vinna úr þeim fjöldamörgu málum sem þá lágu fyrir einstökum þingnefndum þannig að það er ekki eins að það hafi staðið eitthvað á því að fá mál inn í þingið. Þau hafa borist hingað býsna hratt. Það getur verið að hv. einstakir þingmenn kalli eftir einstökum málum. Þá er það þannig, en þau munu koma þegar þeir sem standa að þeim málum hafa lokið undirbúningi þeirra.

[11:11]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegur forseti. Það er alvarlegt mál og áhyggjuefni fyrir hæstv. forseta og hv. þingmenn ef þingmönnum er haldið utan við upplýsta umræðu með því að halda frá þeim upplýsingum. Ég sendi að kvöldi miðvikudagsins 12. júní beiðni til formanns fjárlaganefndar, og lét reyndar alla fjárlaganefnd vita um þá beiðni mína, þar sem ég óskaði eftir fundi í fjárlaganefnd í kjölfar blaðamannafundarinnar og það um að hann yrði eigi síðar en föstudaginn 14. júní. (**VigH:** Þú nefndir ...) Hugmyndin var sú að við þingmenn gætum sinnt eftirlitshlutverki okkar, tekið þátt í almennri umræðu vegna þess að markmið blaðamannafundarinnar hefur væntanlega verið að koma út til almennings áhyggjum af stöðu ríkisfjármála. Þingmenn þurfa að taka þátt í þeirri umræðu og þurfa því að fá kynningar og upplýsingar. Þegar síðan (Forseti hringir.) fundurinn var haldinn á reglulegum fundartíma fjárlaganefndar var aðeins farið yfir veikleika gjaldamegin eftir þrjá fyrstu mánuðina en ekki rætt um tekjur. (**VigH:** Ég hef upplýsingar um ...)

[11:13]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Heldur þykir mér þunnur þrettándi þessi upphróp hjá stjórnarandstöðunni á þessum fáu dögum sem við komum saman á sumarþingi. Það er sagt að ekkert eigi að gera fyrir heimilin þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar. Hér liggur engu að síður fyrir þingsályktunartillaga frá forsætisráðherra í fjölmörgum liðum þar sem öllum stóru afgangsstærðunum sem núverandi stjórnarandstaða skildi eftir óafgreidd eftir fjögur ár í ríkisstjórn er komið í farveg. Hverju málinu á fatur öðru er komið í traustan farveg en það heitir hjá stjórnarandstæðingum sem boðuðu sátt og gott samstarf á sumarþinginu, og reyndar allt kjörtímabilið, loft og froða. Þannig er það orðað í ræðum í þinginu. Svo er kallað eftir því að fá upplýsingar vegna málefna sem rædd voru opinberlega á blaðamannafundi og gögn send út um. Það hafa allir Íslendingar (Forseti hringir.) jafnan aðgang að þeim upplýsingum.

[11:14]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Í fullri vinsemd og með vísan til yfirlýsinga bæði stjórnarmeirihlutans og stjórnarandstöðunnar um mikilvægi samráðs og sáttar lýsti hæstv. forseti Alþingis því yfir í ræðu sinni við setningu þessa sumarþings, þegar hann hafði verið kjörinn til setu á þeim stóli næstkomandi fjögur ár, að hann mundi leggja á það ríka áherslu að til þings kæmu stjórnarmálefni frá ríkisstjórninni tímanlega fyrir þingið til að hafa um þau vandaða umfjöllun.

Nú liggur fyrir að í dag þarf að taka inn stjórnarfrumvarp frá hæstv. fjármálaráðherra með afbrigðum og vantar þar enn eitt eða tvö mál frá honum. Þau koma þá ekki til 1. umr. fyrr en í næstu viku og mér sýnist þess vegna ljóst að ríkisstjórnin sé að fara með þingið inn í júlímánuð vegna þess hversu seint málin koma fram. Það leiðir af eðli máls að tryggja þarf vandaða umfjöllun í þinginu. Við höfum ekki lagst fyrir nein mál og hér hafa mál farið greiðlega í gegnum umræður til nefndar. (Forseti hringir.) Stjórnarmeirihlutinn getur auðvitað staðfest að hér hefur ekki verið (Forseti hringir.) um annað að ræða en góða samvinnu af hálfu stjórnarandstöðunnar.

[11:15]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Eins og forseti vakti athygli á fyrr í dag hafa komið til umræðu og dagskrár fjöldamörg mál, m.a. frá ríkisstjórninni. Dagskráin hefur verið fullsetin alla þessa daga og í gær var sérstakur nefndadagur til að takast á við öll þau fjöldamörgu mál sem þá voru komin til nefndar. Það hefur ekki tafið fyrir þingsstörfum að hingað hafa ekki borist mál, m.a. frá hæstv. ríkisstjórn.

Það er alveg rétt sem hér var nefnt, forseti hefur lagt mikla áherslu á að mál komi inn í tæka tíð og hefur lagt sig fram um að þannig geti það orðið og vekur athygli á því að ekki eitt einasta mál fram að þessu hefur verið tekið á dagskrá með afbrigðum. Hér er því um að ræða undantekningu sem forseti vonar að verði sem fæstar.



## Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:17]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, ELA, FSigurj, HarB, HE, JMS, JónG, KG, LínS, PJP, PHB, RR, SÁA, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** JÞÓ.

4 þm. (BirgJ, GStein, HHJ, OH) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BjG, BjÓ, BP, EIH, EyH, Guðbh, GBS, HBK, HHG, HöskÞ, IIG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, ÓP, PVB, REÁ, RM, SDG, SII, SIJ, SJS, SSv, VBJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

## Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 20. mál (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). — Þskj. 20.

[11:18]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Frumvarpinu er ætlað að styðja við losun fjármagnshafta sem sett voru haustið 2008 og draga úr lausafjár- og gjaldeyrisáhættu í fjármálakerfinu. Reynslan sýnir að óheftum fjármagnshreyfingum fylgir áhætta fyrir lítið opið hagkerfi. Vegna fjármagnshaftanna sem sett voru haustið 2008 er hættan hér á landi umfram það sem almennt gerist þar sem umtalsverðar krónueignir kunna að flæða úr hagkerfinu við losun haftanna með tilheyrandi áhrifum á gengi krónunnar og verðlag. Í því sambandi finnst mér mikilvægt, vegna umræðunnar um að þetta sé mál sem gæti beðið, að nefna það að ríkisstjórnin mun setja ákomaða haftu á forgangslista hjá sér. Þess vegna tel ég rétt að koma fram með þetta mál strax á samræpingi og láta á það reyna hvort tími geti unnist til að ljúka málinu í stað þess að láta það bíða fram til haustsins og standa þannig mögulega veikari fótum gagnvart þeim viðfangsefnum sem við stöndum frammi fyrir við afnám haftanna.

Í frumvarpinu er lagt til að hlutverk Seðlabanka Íslands á sviði fjármálastöðugleika verði eflt með þeim hætti að heimildir bankans til að setja reglur um laust fé og gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana verði styrktar ásamt heimildum til upplýsingaöflunar. Einnig er lagt til að tiltekið verði með skýrari hætti en nú er í lögnum að Seðlabankinn skuli stuðla að fjármálastöðugleika. Þá er lagt til að framsetning á ákvæði laganna um dagsektir verði lögð, en dagsektir geta fallið til vegna brota á upplýsingaskyldu. Loks er lagt til að afmörkun á gildistíma ákvæðis til bráðabirgða III í lögnum falli brott í samræmi við breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 16/2013, þar sem ákveðið var að gildistími fjármagnshaftanna yrði ekki lengur bundinn tilgreindu tímaviðmiði.

Frumvarpið er unnið í samvinnu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands. Í sértiti bankans, *Varúðarreglur eftir fjármagnshöft*, frá ágúst 2012, er farið yfir þörfina á því að í aðdraganda að losun haftanna verði innleiddar varúðarreglur til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu. Meginefni frumvarpsins stendur í tengslum við umfjöllunina sem finna má í ritinu, einkum varðandi kröfur um lausafjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að hlutverk Seðlabanka Íslands á sviði fjármálastöðugleika verði áreittað til að renna styrkari stöðum undir varúðarreglur af því tagi sem lagðar eru til í frumvarpinu. Breytingin felur ekki í sér eiginlega efnisbreytingu heldur endurspeglar hún aukna áherslu á þetta hlutverk seðlabanka í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar.

Samkvæmt ritum Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika er með hugtakinu „fjármálastöðugleiki“ átt við að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálaörkuðum, tryggt fjármagn, miðlað lánsfé og greiðslum og tryggt að áhættu sé dreift með viðhlítandi hætti. Enn fremur er talið að heilbriggt fjármálakerfi sé nauðsynleg forsenda stöðugleika og hagvaxtar og virkrar stefnu í peningamálum.

Alþjóðlega hefur verið lögð aukin áhersla á þjóðhagsvarúð, þ.e. að regluverk og eftirlit með stöðugleika fjármálamarkaðarins beinist að því að takmarka kerfisáhættu og mögulegt framleiðslutap vegna fjármálaáfalls. Þjóðhagsvarúð byggist á því að greina þá þætti sem ógnað geta stöðugleika fjármálakerfisins og að nota varúðarreglur til að bregðast við þeim.

Helstu breytingar frumvarpsins koma fram í 2., 3. og 4. gr. þess og eins og áður hefur komið fram er ætlunin einkum að draga úr lausafjár- og gjaldeyrisáhættu í fjármálakerfinu í aðdraganda að afnámi fjármagnshafta.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvenns konar breytingar á heimild Seðlabanka Íslands samkvæmt 12. gr. laganna til að setja reglur um laust fé lánastofnunar. Í a-lið frumvarpsgreinarinnar er lagt til að tekinn verði af allur vafi um heimild Seðlabankans til að setja reglur um lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum en í b-lið er lagt til að bankanum verði heimilt að setja reglur um lágmark stöðugrar fjármögnunar í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Lausafjárreglur er ætlað að tryggja að lánastofnun eigi ávallt nægt laust fé til að standa skil á fjárfisráðlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili. Á það hefur hins vegar verið bent að í aðdraganda fjármálakreppunnar hafi verulegt tímamissræmi í erlendum eignum og skuldum bankanna skapað mikla hættu á lausafjárþurrð í erlendum gjaldeyri og að lausafjárstuðningi Seðlabankans hafi samhliða verið veruleg takmörk sett. Þá kemur fram í fjármálastöðugleikariti Seðlabanka Íslands, fyrra hefti þessa árs, að í dag séu áhættusöm innlán stórt hlutfall heildarinnlána og samþjöppun eigenda þeirra mikil. Er talið að enda þótt lausafjárstaða bankanna í erlendum gjaldmiðlum sé sterk og að þeir geti greitt út öll innlán í erlendum gjaldmiðlum verði að hafa í huga að lausafjárstaðan gefi aðeins mynd af stöðu þeirra til skamms tíma og að bankarnir séu ólíkt staddir þegar greiðslur af erlendum lán- um koma á gjaldlega.

Í a-lið 2. gr. frumvarpsins er Seðlabanka Íslands veitt skýr lagaheimild til að setja strangari reglur um laust fé og fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum en gildir um íslenskar krónur. Með því er reynt að draga úr líkum á því að lausafjárskortur í erlendri mynt leiði til óstöðugleika á gjaldeyrismarkaði. Þegar fjármagnshöftin verða losuð þurfa lánastofnanir að vera vel í stakk búnar til að þola mögulegt útlæði skuldbindinga í erlendum gjaldmiðlum, t.d. innlána í erlendri mynt, en eins og nefnt hefur verið kann lausafjárháetta einnig að stafa af því að greiðslur einstakra lánastofnana í erlendum gjaldmiðlum geta verið meiri en tekjur þeirra til skamms tíma.

Ákvæði b-liðar 2. gr. frumvarpsins er nýmæli sem veitir Seðlabankanum heimild til að setja reglur um lágmark stöðugar fjármögnunar lánastofnunar í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Fjármögnun til lengri tíma dregur úr fjármögnunaráhættu og leið úr líkum á því að lánastofnun lendi í lausafjárþurrð sem felst í því að ekki er til reiðu nægilega mikið laust fé til að standa strauum af skuldbindingum til skamms tíma. Brynt þykir að lánastofnanir geti staðið af sér sviptingar á erlendum mörkuðum án þess að ganga á gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar.

Seðlabanki Íslands hefur um nokkurt skeið unnið að gerð nýrra lausafjárreglna sem stefnt er á að taki gildi á hausti komanda. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að kröfur um laust fé verði hertar í áföngum á næstu árum og að lánastofnanir muni fá ákveðinn aðlögunartíma að breyttum reglum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að reglur um lausafjárhlutfall og stöðuga fjármögnun lánastofnana taki mið af þróun alþjóðlegra staðla (Basel III-tilmælin) ásamt því að vera lagaðar að íslenskum aðstæðum þannig að gjalddagamisræmi verði þröngar skorður settar. Í tilmælunum er kynnt ný viðmið um lágmarkslausafjárhlutföll, annars vegar viðmið um „lausafjárþekju“, sem ætlað er að tryggja að fjármálfyrirtæki geti mætt lausafjárþörf næstu 30 daga undir töluverðu álagi, og hins vegar viðmið um „fjármögnunarþekju“, sem ætlað að hvetja til stöðugar fjármögnunar til lengri tíma, a.m.k. eins árs.

Í sértili Seðlabankans, *Varúðarreglur eftir fjármagnshöft*, er út frá því gengið að bönkunum verði gert að standast reglur um lausafjárþekju og fjármögnunarþekju í helstu starfsgjaldmiðlum sínum og að fjármögnunarþekja verði útfærð með þeim hætti að hún nái til allt að þriggja ára í erlendum gjaldmiðlum. Þá er lagt til að lausafjárkröfur vegna innlána verði auknar og að gerðar verði strangari kröfur til erlendra innlána þar sem erlend innlánsöfnun þykir almennt kvikari en innlend, m.a. í ljósi óvissu um ábyrgð tryggingasjóða og þrautavarálan frá Seðlabanka ef á reynir.

Í rammagrein V-1 í fjármálastöðugleikariti Seðlabankans, fyrra hefti þessa árs, er skýrara ljósi varpað á heildarendurskoðun gildandi lausafjárreglna og talið að nýju reglurnar verði sambærilegar við kröfur sem gerðar verða alþjóðlega frá og með árinu 2015. Í ritinu er vakin athygli á því í hverju munurinn frá gildandi reglum er helst fólgin og talið að nýju reglurnar taki á áhættuþáttum sem gildandi reglur hafa ekki náð utan um.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimild Seðlabankans til að setja reglur um gjaldeyrisjöfnuð sem eiga að gera bankanum kleift að skilgreina jöfnuðinn

þannig að einungis eignir og skuldir sem eru raunverulega erlendar flokkast sem slíkar. Í athugasemdum við greinina eru rakin dæmi um mikilvægi þess, ekki síst í ljósi áforna um losun hafta, að Seðlabankinn sé við mat á gjaldeyrisjöfnuði og raunverulegri stöðu ekki bundinn af því í hvaða gjaldmiðli lánafyrirtæki kjósa sjálf að færa eignir sínar og skuldbindingar til bókar.

Seðlabankanum er heimilt skv. 13. gr. laganna sem um starfsemi hans gilda, að setja lánastofnunum reglur um gjaldeyrisjöfnuð. Í sértili Seðlabankans, *Varúðarreglur eftir fjármagnshöft*, er talið að reglurnar hafi í aðdraganda krepunnar ekki þjónað því markmiði að takmarka gjaldeyrisáhættu lánastofnana þar sem hún virðist í mörgum tilvikum hafa verið yfirfærð yfir á heimili og fyrirtæki sem ekki voru með tekjur og eignir í erlendri mynt. Lántökur þessara aðila hafi í raun ekki verið erlend eign bankanna þar sem veðin og tekjuflæðið sem stóð að baki þeim var í innlendri mynt.

Við fall bankakerfisins var reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð breytt og lánastofnunum veitt tíma-bundin heimild fram til 1. janúar 2013 til að hafa sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð. Hefur komið fram að næstum allar lánastofnanir hafi nýtt sér þá heimild þrátt fyrir að hafa uppfyllt gjaldeyrisjafnaðarreglur fyrir fall bankakerfisins. Má af því ráða að tilefni sé til að haga reglum um gjaldeyrisjöfnuð þannig að einungis eignir og skuldir sem eru raunverulega erlendar flokkast sem slíkar. Er það sér í lagi mikilvægt með hliðsjón af áætlun um afnám hafta þar sem draga þarf úr áhættu á því að mögulegar óhóflegar sveiflur í gengi krónunnar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstur og efnahag lánastofnana.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands sem ætlað er að styrkja heimildir bankans til upplýsingaöflunar.

Samkvæmt 29. gr. laga um Seðlabanka Íslands er heimild til upplýsingaöflunar bundin því skilyrði að hún standi í tengslum við hlutverk Seðlabankans sem að meginstefnu til er tvíþætt; annars vegar að stuðla að framgangi peningastefnunnar og hins vegar að stuðla að fjármálastöðugleika. Upphafsgrein frumvarpsins er eins og áður hefur komið fram ætlað að áréttu hið síðarnefnda hlutverk sem beinist í vaxandi mæli að mati á kerfisáhættu, en forsenda þess er að bankinn hafi yfirgripsmikla yfirsýn yfir lausafjárstöðu og gjaldeyrisjöfnuð í fjármálakerfinu.

Ákvæðið í 4. gr. frumvarpsins er nýmæli sem felur í sér að lögaðilum sem upplýsingaskyldan samkvæmt 29. gr. laganna tekur til verður óháð þagnarskyldu skylt að láta í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur þörf á. Er hér um að ræða aðila sem eiga í innlánsviðskiptum við bankann samkvæmt 6. gr. laganna sem og fyrirtæki á greiðslumiðlun og önnur fyrirtæki eða aðila sem lúta opinberu eftirliti samkvæmt 2. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telja verður þessa breytingu eðlilega í ljósi mikilvægis þeirra hagsmuna og eftirlits sem Seðlabankinn hefur með höndum. Í athugasemdum frumvarpsins er sem dæmi nefnt að til að fyrirgreiðsla bankans við lánastofnanir geti verið örugg og markviss þurfi hann að hafa yfirsýn yfir lausafjárstöðu þeirra. Fullnægjandi upplýsingar um lausafjárstöðu

og gjaldeyrisjöfnuð eru enn fremur álitnar forsenda fyrir losun fjármagnshaftanna þar sem bankinn verður að geta framkvæmt álagspróf og aðrar greiningar í aðdraganda afnáms haftanna. Sviptingar geta orðið á lausafjárstöðu lána- stofnana á milli daga og jafnvel innan dags og hefur verið vísað til þess að þagnarskylda hafi torvelað eftirlit Seðlabankans. Hafa þarf í huga að starfsmenn Seðlabankans, bankaráðsmenn og nefndarmenn í peningastefnunefnd bera ríka þagnarskyldu. Loks má benda á að í 3. mgr. 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er að finna samsvarandi heimild til að víkja þagnarskyldu til hliðar.

Í 4. gr. frumvarpsins er til árétting lagd til að upplýsingaskyldan eigi við þegar henni er beitt í þágu eftirlits með reglum sem Seðlabankinn setur með heimild í lögnum, en í því sambandi má nefna reglur um lausafjárhlutfall, reglur um lágmark stöðugar fjármögnunar og gjaldeyrisjöfnuð.

Þá er lagt til að í 1. mgr. 29. gr. laganna verði vísað með beinum hætti til 37. gr. laganna þannig að skýrar komi fram en nú er að skylda lögaðila til að veita Seðlabankanum upplýsingar er að viðlögðum dagsektum. Sambærilega tilvísun í 37. gr. er að finna í 2. mgr. 29. gr. laganna sem varðar upplýsingaöflun til hagskýrslugerðar.

Í 5. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 37. gr. laganna sem fyrst og fremst varða skýrleika lagaákvæðisins. Ekki eru lagðar til efnislegar breytingar á 2. og 3. mgr. 37. gr. en í þeim ákvæðum er getið um þau tilvik sem réttlæta töku dagsekta, þar með talið þegar aðili vanrækir að veita bankanum upplýsingar sem bankinn á lögmætt tilkall til eða veitir vísitandi rangar upplýsingar.

Meðal þess sem lagt er til í 5. gr. frumvarpsins er að felld verði brott úr 2. mgr. 37. gr. laganna heimild til að kæra til ráðherra ákvörðun um að beita dagsektum, en að þess í stað komi fram að unnt sé að höfða dómsmál til ógildingar ákvörðunar og er það í samræmi við samsvarandi ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um réttaráhrif málshöfðunar má vísa til þess sem fram kemur í athugasemdum frumvarpsins en að greindum skilyrðum getur hún frestað innheimtu dagsekta. Frumvarpsgreinin gerir einnig ráð fyrir að dagsektir falli ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Seðlabankans nema seðlabankastjóri ákveði það sérstaklega.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að fallið verði frá því að kynna þurfi reglur um viðurlög sérstaklega fyrir hlutadeigandi lánastofnum og Fjármálaeftirlitinu þar sem ekki þykir lengur þörf á þess háttar fyrirkomulagi með hliðsjón af sérstökum samstarfssamningi Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og því að reglurnar ber að birta opinberlega í Beldil *Stjórntíðinda*.

Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á ákvæði til bráðabirgða III í lögum um Seðlabanka Íslands. Þessi breyting tengist ekki með beinum hætti meginefni frumvarpsins en í greininni er lagt til að felld verði brott afmörkun á gildistíma bráðabirgðaákvæðisins. Það er til samræmis við breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 16/2013, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, þar sem ákveðið var að gildistími fjármagnshafta sem sett voru haustið 2008 yrði ekki lengur afmarkaður í lögum.

Umrætt bráðabirgðaákvæði og ákvæði til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál veita Seðlabanka Íslands heimildir

til að eiga tiltekin viðskipti og standa fyrir aðgerðum til losunar takmarkana á gjaldeyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum, samanber áætlun um losun gjaldeyrishafta, dags. 25. mars 2011. Með lögum nr. 16/2013, var gildistími síðarnefnda ákvæðisins afnuminn og því mikilvægt að gætt sé samræmis.

Til nánari skýringa á tilvist umræddra bráðabirgðaákvæða má enn fremur vísa til minnisblaðs efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til efnahags- og skattanefndar frá 8. september 2011, en það stóð í tengslum við samþykkt laga nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[11:36]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargerðina fyrir máli þessu. Þetta er ekki eina málið af málalista hæstv. ráðherra sem við höfum saknað í þinginu og væri gott að fá upplýsingar um það hvort frumvarpa um skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé að vanta annars vegar og hins vegar um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og hvenær þá þannig að við getum áttað okkur betur á framvindu þingstarfanna. Líka væri gott að fá eilítið nánari upplýsingar um hvað felst í ráðstöfunum í ríkisfjármálum, hvort það séu óumdeild atriði eins og lækkan virðisaukaskatts á barnaföt. Eru það ef til vill stimpilgjöldin eða einhverjar allt aðrar og miklu umdeildari breytingar? Það væri gagnlegt að fá upplýsingarnar til að átta sig á því hvernig best sé að haga þingstörfum næstu daga, átta sig á því hvenær von er á þessum málum frá hæstv. ráðherra og hvernig þau eru í aðalatriðum í laginu.

Það fer ekki vel á því að taka á dagskrá frumvarp um málefni Seðlabankans með afbrigðum. Það eru aðeins örfá ár síðan hv. Alþingi samþykkti breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem leiddu til gjaldþrots bankans. Það hefði átt að vera þingheimi til áminningar um að fara varlega þegar gerðar eru breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands og gæta að öllum formsatriðum.

Þetta mál er út af fyrir sig ekki nýtt og varðar heimildir sem bankinn hefur verið að sækja og hefur í sjálfu sér ekki verið pólitískur ágreiningur um í þinginu. Ég vænti þess að góð samvinna geti tekist um vinnslu málsins í nefndinni, en ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hér sé ekki verið að veita bankanum sömu heimildir til upplýsingaöflunar hjá fyrirtækjum og einstaklingum eins og Sjálfstæðisflokkurinn var á síðasta kjörtímabili eindregið andvígur að væru veittar þegar svipuð málefni voru til umfjöllunar.

[11:38]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla fyrst að svara því sem beinist að öðrum þingmálum en því sem við erum að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir því að frumvarp um skyldutryggingu lífeyrisréttinda muni koma fram. Ég tel að það sé fullnægjandi að það mál komi fram í haust en ég taldi varlegast að gera ráð

fyrir að það þyrfti að mæla fyrir því á þessu sumarþingi. Eftir samtöl við leiðtoga stjórnarandstöðuflokka, a.m.k. hluta þeirra, tel ég að ekki reynist þörf á að mæla fyrir því máli núna.

Varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum að öðru leyti er að skýrast hvort frekari slík mál muni koma fram. Það sem hefur verið sérstaklega til skoðunar í því efni er að létta af heimilunum í landinu sköttum á borð við þá sem lagðir voru til dæmis á heitavatnsnotkunina. Um málið að öðru leyti vil ég segja að ástæðan fyrir því að það kemur fram núna er, eins og ég gat um í ræðu minni, að ríkisstjórnin vill grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að undirbúa losun haftanna. Ég tel að málið sé mikilvægur liður í því og afnám hafta sé svo mikilvægt mál að við eigum að hraða öllum undirbúningsaðgerðum eins og unnt er.

Það er ekki hægt að vera með neinar yfirlýsingar um það hvenær raunhæft er að höftin verði farin, en við þurfum að minnsta kosti að hafa öll tækin og tólin til að geta látið reyna á afnám haftanna þegar að því kemur.

Varðandi 4. gr. frumvarpsins vil ég bara segja að ég fór vandlega yfir hana áður en hún var lögð hér fram. Hún tók nokkrum breytingum á síðustu stigum og ég vona að hún verði ásamt með öðrum efnisatriðum frumvarpsins tekin til góðrar skoðunar í nefndinni. Mér heyrir að það geti tekist góður samhljómur um afgreiðslu málsins.

[11:41]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessar upplýsingar. Það er ágætt að horfið sé frá því að leggja fram tiltekin mál því að það léttr okkur störfin fram undan og gerir að verkum að það verður hægt að ljúka þessu sumarþingi fyrr en ella og taka málin einfaldlega til afgreiðslu á haustþingi.

Það eru ákvæðin atriði sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um til viðbótar varðandi þetta frumvarp. Í því er meðal annars ákvæði um að seðlabankastjóri geti ákveðið að fella niður sektir sem lagðar hafa verið á aðila, eða ekki. Ég spyr um ástæður þessa umbúnaðar og hvort hann eigi sér fyrirmyndir í einhverju þar sem embættismenn eins og seðlabankastjóri eða ráðherrar geti ákveðið hvort sektir sem hafa verið lagðar á borgarana séu felldar niður eða ekki. Hvernig stendur þetta gagnvart jafnræðisreglu og öðrum slíkum hlutum? Ég fagna því um leið að hæstv. fjármálaráðherra hefur augun á boltanum og hugar að afnámi hafta eins fljótt og hægt er. Ég fullvissa hann um að við munum efnislega leitast við að eiga góða samvinnu um það mikilvæga verkefni fyrir íslenska þjóðarhagsmunum þvert á landmæri stjórnar og stjórnarandstöðu eins og okkur tókst býsna oft á síðasta kjörtímabili sem betur fer.

[11:42]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mig langar til að bregðast aðeins við því sem fram kom í fyrra andsvari hv. þingmanns og varðar framlagningu mála af þessum toga. Ég get tekið undir að það skiptir máli að mál komi tímanlega fram en ég tel að allir skilji þær aðstæður sem við búum við í dag. Á stuttu

sumarþingi að afstöðnum kosningum vonast ég til að því verði sýndur skilningur að frá meginreglum sem við viljum annars alltaf viðhafa sé vikið í undantekningartilvikum. Ég þakka fyrir að málið skuli hafa komist á dagskrá með afbrigðum.

Varðandi það efnisatriði sem hv. þingmaður spyr um finnst mér verkefni nefndarinnar vera að fara nánar yfir hvernig það stendur gagnvart almennum stjórnsýsluregnum. Það er þó alveg skýrt í mínum huga að hér getur aldrei verið um að ræða einhvers konar geðþóttaákvörðun. Þetta yrði að vera ákvörðun sem byggð væri á einhverjum málefnalegum sjónarmiðum og ég hef sjálfur hallast að því að slík sjónarmið ættu sem ítarlegast að vera tiltekin í lögnum sjálfum. Ég beini því til nefndarinnar að kanna hvaða forðemi eru fyrir því að þessi leið sé farin. Eins og fram kom í máli mínu var frumvarpið unnið í samstarfi ráðuneytis míns og Seðlabankans og er lagt fram með ákvæðinu eins og þar er búið um það.

[11:44]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig er ekki miklu að bæta við það sem fram hefur komið í orðaskiptum mínum og ráðherrans fyrr. Það sem skiptir öllu máli fyrir okkur Íslendinga er að Seðlabanki Íslands hafi yfir að ráða öllum þeim tólum og tækjum sem hann þarf til að geta samið við þá aðila sem semja þarf við, einkum erlenda kröfuhafa, og gert þær ráðstafanir að hægt sé að létta af gjaldeyrishöftum í landinu skref fyrir skref svo að það mikilvæga verkefni takist með farsælum hætti. Ef umbúnaður um það er ekki nægilega góður getur sannarlega farið illa og það kostað efnahagsleg áföll sem enginn hér í þinginu, hvar í flokki sem hann stendur, vill sjá. Það er því sameiginlegt skylduverkefni okkar að hlýða vel á það sem bankinn kallar eftir, að hann fái það í sína verkfærakistu í þessum efnum, og reyna að greiða því leið í gegnum þingið.

Um leið er mikilvægt að bankinn hafi þingið að öflugum bakhjarli og að í þingsölum sé breið samstaða um forustu bankans í þessum mikilvægu viðfangsefnum. Í þeim samningum sem fram undan eru er mikilvægt að við komum fram sem ein heild, Íslendingar, og að skýr forusta sé fyrir því að halda á okkar hlut í þessum viðræðum. Það þarf að vera forusta sem nýtur trausts og trúnaðar í hinu alþjóðlega fjármálakerfi því að sannarlega eru mörg óvenjuleg viðfangsefni sem við munum glíma við þar og mikilvægt fyrir okkur að þar fari fyrir aðilar sem njóta trausts og trúnaðar á alþjóðavettvangi og geta vel skýrt málstað okkar þar.

Ég hygg að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hafi þegar gert ráðstafanir til að skjóta á aukaneftarfundum til að greiða fyrir því að þetta mál komist til efnislegrar umfjöllunar — núna í hádegishléi — og ekki ætla ég að verða til þess að draga umræðuna þannig á langinn að ekki geti orðið af því. Það er, eins og ég segi, mikilvægt að við sýnum sjónarmiðum hver annars skilning hér í þinginu, alveg sérstaklega þegar að þessum mikilvægu þjóðarhagsmunum kemur, og leggjum okkur fram um það, umfram öll önnur mál, að ná saman yfir raðir stjórnar og stjórnarandstöðu eða flokka almennt þegar kemur að þessum grundvallarhagsmunum okkar til framtíðar. Þó að það sé auðvitað viðleitni

sem við sýnum almennt í öllum málum þá er skyldan þeim mun meiri eftir því sem hagsmunirnir eru meiri sem um er að tefla.

Pegar kemur að gjaldeyrishöftum þá er einfaldlega um að ræða samkeppnishæfni Íslands til langrar framtíðar um líf skjör og aðstæður sem við búum komandi kynslóðum, að ná því að brjótast út úr þeim fyrr en síðar, og í þeim samningum sem því þurfa að tengjast eru svo gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir undir að það hefur reynt okkur mikilvægt fram að þessu að standa saman í því. Ég treysti því að við munum bera gæfu til að gera það á þessu kjörtímabili eins og hinu síðasta.

[11:48]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ræðuna og sérstaklega niðurlagið. Það er rétt hjá honum að á síðasta þingi, sérstaklega á síðasta ári, var mikil samstaða meðal þingmanna um að leysa vandamálið sem kallað hefur verið snjóhengja, miklu meiri samstaða en kom fram. Hv. þingmaður á góðan þátt í því að vera með stjórnarandstöðunni á þeim tíma, sem ég var hluti af, í því að vinna saman að því að leysa þetta mikla vandamál þjóðarinnar. Ég vil þakka honum fyrir það hér og nú. Þetta er sem sagt ekki andsvar heldur eiginlega meðsva.

[11:49]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Við ræðum í miklu bróðerni, eins og síðustu orðaskipti báru með sér, þetta viðfangsefni sem ég held að allir séu sammála um að sé stórt og afdrifaríkt fyrir okkur, þ.e. tengist náttúrulega þessu frumvarpi, miðlægt hlutverk Seðlabankans sem snýr að undirbúningi undir næstu skref í afnámi gjaldeyrishaftanna og vinda ofan af hinum gríðarlegu krónustöðum erlendra aðila hér í hagkerfinu.

Ég tel að þetta frumvarp sé eðlilegt framhald af ýmsu sem hefur verið gert að segja má undanfarin eitt til þrjú ár á þessu sviði. Þar má auðvitað nefna lagabreytinguna í mars 2012 sem skipti afar miklu máli og hefur lagt grunninn að þeirri stöðu sem við þó erum í gagnvart því að hafa tók á þessum hlutum. Það áttuðu sig ekki allir á því á sínum tíma hversu gríðarlega mikilvæg sú breyting var að færa eignir búanna inn undir gjaldeyrishöftin og sama má segja um þá niðurstöðu frá síðasta vetri að framlangja heimild til að viðhafa fjármagnshöft og gera hana ótímabundna. Seðlabankinn hefur áður óskað eftir því að staða hans sé styrkt að þessu leyti og það kom í minn hlut sem efnahags- og viðskiptaráðherra á sínum tíma að flytja meðal annars frumvörp þar sem ráðuneytið og Seðlabankinn unnu saman og miðuðu að því sama sem er hér undir að hluta til, þ.e. að styrkja stöðu Seðlabankans til að afla upplýsinga og gagna þannig að hann gæti greint betur stöður í kerfinu og varast áhættur. Það frumvarp setti reyndar andstöðu, að mínu mati að óþörfu, og náði ekki fram að ganga. Hér eru flutt hliðstæð ákvæði að mestu leyti sem treysta stöðu Seðlabankans hvað það varðar að geta sótt sér upplýsingar í fjármálakerfið og hægt að koma við viðurlögum ef ekki er orðið við því.

Ég tel að efnisatriði frumvarpsins séu í sjálfu sér öll eðlileg við þessar aðstæður. Það má segja að þetta snúi í fyrsta lagi að reglusetningunni um lausafjárkröfur sem eru gerðar til fjármálastofnana og að hægt sé að sundurliða þær kröfur eftir því hvort um erlendar eða innlendar stöður er að ræða, þ.e. að setja reglur annars vegar fyrir lausafjárstöðu í innlendri mynt og hins vegar í erlendum gjaldmiðlum og sömuleiðis reglur um stöðuga fjármögnun, sem hefði gjarnan mátt vera til staðar hér á árum áður, að menn gætu ekki þanið út banka á skammtímafjármögnun og búið til gríðarlegar áhættur annars vegar í tímaháðum skilningi og hins vegar í gegnum gjaldeyrismisvægi og annað í þeim dúr.

Síðan er lögð til sú breyting sem er í sjálfu sér, eins og er sagt í frumvarpinu, ekki endilega efnisbreyting frá því hvernig menn hafa túlkað lögin um Seðlabanka Íslands þ.e. að hann skuli stuðla að fjármálastöðugleika. Það er lagt til í frumvarpinu að því sé skotið inn í 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands þar sem fjallað er um viðfangsefni Seðlabankans, svo sem að varðveita gjaldeyrissvarsjóð, stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þar með talið greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Það er alveg rétt sem kemur fram í greinargerð að menn hafa auðvitað lagt þann skilning í að þessu tengdist sjálfkrafa það að Seðlabankinn hefði miðlægu hlutverki að gegna hvað varðar að tryggja fjármálastöðugleika. Þetta er hins vegar ekki breyting á 3. gr. þar sem skilgreind eru meginmarkmið Seðlabanka Íslands og það er áfram að stuðla að stöðugu verðlagi. Verðlagsstöðugleikamarkmiðið er því áfram meginmarkmið, eins og ég skil þetta, og það er ekki hróflað við því. Þar með er viðhaldið þeirri lendingu sem varð í lögnum um Seðlabankans frá 2001 eftir mikið starf, en áður var þetta með öðrum hætti, eins og kunnugt er, og þá voru meginmarkmið Seðlabankans samsettari. Þar kom þá líka til gengisstöðugleiki, að tryggja fulla atvinnu og bestu nýtingu framleiðsluþáttanna eða hvernig það var. Frá því hurfu menn í anda þeirra tíma sem uppi voru upp úr aldamótunum og lögum um Seðlabanka var breytt víða í heiminum í anda þeirrar hugmyndafræði sem þá réð mjög ríkjum, að þessu öllu ætti að henda fyrir borð og það eina sem skipti máli væri verðlagsstöðugleiki. Ég hafði á þeim tíma talsverðar efasemdir um þetta, ég sat í nefndinni sem undirbjó frumvarpið, og hafa þær efasemdir mínar heldur betur styrkst. Ég er þeirrar skoðunar að það sé of þröng skilgreining að ætla Seðlabanka það eina meginmarkmið að stuðla að stöðugu verðlagi og er þó ekkert gert lítið úr því.

Á köflum urðu menn svo bókstafstrúar í þeim efnum að þeir ýttu í raun og veru öllum öðrum mikilvægum breytingum til hliðar eins og þær skiptu ekki máli, þar með talið sveiflur í gengi sem aftur leiddu auðvitað inn í verðlagið og áttu hlut í þeim óstöðugleika sem var hér. Ég tel líka að það eigi að minnsta kosti að vera undirmarkmið Seðlabankans að stuðla að fullri atvinnu í landinu og hagkvæmri nýtingu framleiðsluþáttanna. Ég á ekki í neinum erfiðleikum með að fjármálastöðugleikamarkmiði sé styrkt með þeim hætti sem þarna er gert en ég vil spyrja hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra: Hvað með ábyrgð á fjármálastöðugleika að öðru leyti?

Ég veit vel að Seðlabankinn lítur svo á að hann sé fullfær um og einfær um að tryggja fjármálastöðugleika. Ég

mundi giska á að ef hann væri spurður og fengi einn að ráða mundi hann segja: Fínt, setja það bara inn í lögin og málið afgreitt, Seðlabankinn sér um þetta mál. Ég er ekki sammála því. Ég held að reynslan hafi kennt okkur að það verður ekki þannig ef á bjátar. Ef á bjátar munu stjórnvöld, ríkisstjórn og Alþingi, aldrei geta keypt sér neina fjarvistar-sönnun því að það hlýtur að lokum að liggja yfir ábyrgð-inni. Það er þannig. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráð-herra, þótt ég viti vel að þau mál eru í vinnslu: Hver er af-staða hæstv. ráðherra og nýrrar ríkisstjórnar til þeirrar vinnu sem stendur yfir varðandi það að reyna að ljúka gegnumferðinni á löggjöf um fjármálamarkaðinn og þar með talið hver eru viðhorf hæstv. ráðherra til þess að hér verði sett rammalöggjöf eða regnhlifaröggjöf um fjármála-stöðugleika og í þeirri löggjöf verði kveðið á um stofnun fjármálastöðugleikaráðs? Það er hluti tillagna sem eftir mikið nefndarstarf og mikla vinnu, og nokkuð kostnaðar-sama þar sem allýrir erlendir sérfræðingar voru meðal annars fengin til liðs, er ein af tillögunum. Nefndir munu eiga að skila núna á vordögum eða í sumarbyrjun, einar tvær ef ekki þrjár sem tengjast þessu. Ein var sett af stað af fjármálaráðuneytinu og lýtur akkúrat að því að leggja grunn að löggjöf um fjármálastöðugleika. Önnur af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem fór með málefni fjármála-markaðarins um ýmis lagaákvæði á sviði fjármálamarkaðar, þar með talið hvernig haga skuli slita- eða skilameðferð fjármálastofnana sem komast í þá stöðu og spurningin um að þá sé hægt við slíka skila- eða slitameðferð að aðgreina í skilunum eða slitunum viðskiptabankætti og fjárfesting-arbankætti og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Ég tel mjög mikilvægt að þessu starfi verði haldið áfram enda væri það synd og sóun ef þeirri miklu vinnu og þeim miklu fjármunum sem hefur verið kostað til til að undir-byggja að við getum, má segja, lokið því verkefni að endur-móta fjármálastöðugleikana og fjármálastöðugleikaumhverfið þannig að til frambúðar horfi og við treystum því sæmilega að hamfarir af því tagi sem urðu hér 2008 endurtaki sig ekki. Þess vegna fýsir mig að heyra aðeins frá hæstv. ráð-herra í tengslum við umræðuna hver hans viðhorf í þessum efnun eru og hvar málín er stöð og hvort hæstv. ríkis-stjórn hyggist ekki halda vinnunni ótraud áfram, af því að ég er eindregið þeirrar skoðunar að þess sé þörf.

Það er ekki í neinni mótsögn við miðlægt hlutverk Seðlabankans þó að pólitísk ábyrgð á fjármálastöðugleika sé skilgreind og skýrð í lögum og hún sé algerlega klár. Að mínu mati hefur reynslan kennt okkur að þetta þarf að vera algerlega kristaltært. Það má enginn vafi leika á því hvar ábyrgðin liggur og hvert þræðirnir liggja og sérstaklega ef upp koma einhverjar varhugaverðar aðstæður. Heildaryf-sýnin verður að vera til staðar. Það er ekki hægt að byggja eftirlit á þessu efni bara á einingaeftirliti. Það er meðal annars einn af lærdómunum. Það er ekki nóg að fylgjast með því hvort hver og ein stofnun teljist standa sæmilega miðað við að kerfið í heild sinni standi af því að áhættan getur safnast upp. Kerfislæg áhætta getur safnast upp og orðið stórfelld þó að svo líti út sem flestar einingarnar standi sæmilega, hver og ein út af fyrir sig. Þar af leiðandi verða bæði Fjármálaeftirlitið, einingaeftirlitið, og síðan sá aðili sem ber ábyrgð á kerfislægri áhættu, á kerfinu í heild, að

hafa töl og tæki til að fylgjast með, að hafa upplýsingar, meta áhættuna og svo verður stjórnskipulag málaflokksins að vera algerlega klárt ef á það reynir. Ég held að það sé augljóst mál. Það er eðlilegast að sá ráðherra í ríkisstjórn sem fer með ríkisfjármál, og ég tala nú ekki um ef það eru bæði ríkisfjármál og efnahagsmál, sé formaður í slíku fjár-málastöðugleikaráði. Þar geta að sjálfsögðu starfað með honum seðlabankastjóri, forstjóri Fjármálaeftirlits og reyndar held ég að það ættu að lágmarki að vera tveir ráð-herrar úr ríkisstjórn í slíku fjármálastöðugleikaráði hverju sinni, jafnvel þótt ríkisfjármál og efnahagsmál séu á einni hendi innan Stjórnarráðsins.

Þetta skiptir líka máli í tengslum við undirbúning undir og aðgerðir sem tengjast næstu skrefum í sambandi við af-nám fjármagnshaftanna. Það má að mínu mati ekki bíða þangað til allt er um garð gengið og fara þá að huga að því hvernig við ætlum að halva lagaumgjörðina til lengri fram-tíðar lítið. Það er því alveg hárrétt sem kemur fram hér og má ekki seinna vera. Það þarf auðvitað að grípa til þessara ráðstafana til að styrkja stöðu Seðlabankans í þessu ferli eins og er lagt til hér enn á ný, en er búið að gera það tvisvar áður án þess að það hafi náð afgreiðslu á Alþingi. Nú er velviljuð og jákvæð stjórnarandstaða mætt á þingið og hún mun stuðla að því að tryggja framgang málsins að öllu leyti sem það er til bóta og jákvætt. Ég hef engar „skrúbbur“ yfir því að þarna sé farið offari í rétti Seðla-bankans til að sækja upplýsingar. Það voru aldrei efni til að hafa af því þær áhyggjur sem sumir höfðu hér í salnum.

Ég fagna sinnaskiptunum og bind vonir við að þetta mál fái gott brautargengi. Að uppistöðu til er það tvímælalaust til bóta og að sjálfsögðu í anda þess að menn ætli áfram að vinna þverpólitískt og vel saman að þessum gríðarlega mik-ilvæga málaflökki og öllu sem honum tengist, bæði í bráð og lengd.

[12:02]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts-son) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna og ágætisundirtektir við þau efnisatriði sem frumvarpið hefur að geyma.

Mig langar til að bregðast örstutt við fyrirspurn sem fram kom í framsögunni og lýtur að framhaldi vinnunnar um fjármálastöðugleikaráðið og vegna þeirra nefnda sem hafa verið að störfum. Ég fékk nýlega kynningu á stöðu þess máls og tel að í sjálfu sér sé ekkert því til fyrirstöðu að halda þeirri vinnu áfram. Ég get svo sem lýst því yfir að ég er sammála þörfinni fyrir fjármálastöðugleikaráðið sem þar er komið inn á og geri allt eins ráð fyrir að strax á haust-þingi verði komin saman frumvörp sem hægt verður að ræða í þinginu um þessi efni.

[12:03]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er ekki tilefni til málalenginga úr því að þetta er svona. Ég þakka hæstv. fjármála- og efnahags-ráðherra fyrir svörin. Ég er mjög sáttur við þau.

[12:04]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Hv. þingmaður flutti ágæta ræðu og nefndi meðal annars kerfislæga áhættu. Hann nefndi hana þó ekki með nafni, það sem um er að ræða er hringferli fjár í hlutafélögum sem ég hef margoft bent á, þ.e. að hlutafélög eiga hvert í öðru og geta myndað heila keðju sem bitur í skottið á sjálfri sér og alltaf eykst eigið fé viðkomandi félaga án þess að nokkur innstæða sé fyrir því. Íslensk fyrirtæki voru í árslok 2007 komin með eigið fé upp á 7 þús. milljarða samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Það var sem sagt fimmföld þjóðarframleiðsla. Upphæðin datt niður í 50 milljarða í árslok 2008 og fór svo í mínus 1.400 milljarða í árslok 2009. Og maður spyr sig: Hvað varð um alla þessa peninga? Þeir voru aldrei til. Þetta er kerfislægur galli við hlutafélagiformið sjálft. Ég hef margoft nefnt það og flutt um það frumvarp en það hefur ekki náð fram enda erfitt fyrir Ísland eitt að nota það því að þetta er um allan heim.

Það er kannski best að sjá að SPRON átti í Existu og Kaupþingi og meginuppistaða eigin fjár SPRON voru þessi tvö hlutabréf, í Kaupþingi og Existu. Exista og Kaupþing voru hins vegar stórir stofnfjáreigendur í SPRON og heil keðja í kringum allt saman. Það var engin innstæða í þessu öllu saman. Ég hef ekki tíma til að fara nánar út í þetta en held að þetta hafi verið meginástæðan fyrir hruninu, þessi mikla notkun á að fyrirtæki og hlutafélög áttu hvert í öðru. Svo áttu náttúrlega Exista og Kaupþing 20% hvort í öðru þegar ballið stóð sem hæst. Þegar þetta byrjar að hrynja hrynur það allt og þetta er sú samanlagða kerfislæga áhætta sem er í dæminu og það er ekki búið að laga þetta.

[12:06]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er margt áhugavert í því sem hv. þingmaður nefnir. Það er reyndar búið að laga vissa hluti í þessum efnunum eins og það að taka fyrir lánveitingar banka til eigenda sinna sem var hluti af ógæfunni í hruninu, þ.e. að menn lánuðu sjálfum sér alveg út og suður. Það er hárrétt að ein mesta hættan í hagkerfi er bólu myndun þar sem hagkerfið blæs upp og efnahagsreikningar fyrirtækja eru blásnir út á grundvelli sýndarverðmæta sem reynast froða. Það getur gerst með ýmsum hætti og ein aðferðin er sú sem hv. þingmaður nefndi, þetta hringferli í hlutafélögum. Kross-eignatengsln eru sérstaklega varhugaverð í þessum efnunum, þ.e. þegar menn eiga hver í öðrum, og það verður til þess að þenja út efnahagsreikningana og engin raunveruleg verðmæti standa á bak við.

En það getur líka gerst með ýmsum öðrum hætti, bólu á fasteignamarkaði þegar verð er komið langt upp fyrir raunverð og í viðskiptum, t.d. þegar menn kaupa fyrirtæki af sjálfum sér eða tengdum aðilum og skrúfa upp verðið í hverjum einustu viðskiptum. Ætli frægasta dæmið sé ekki kaupin á danska flugfélaginu Sterling sem menn keyptu og seldu og keyptu aftur, tengdir eða skyldir aðilar, og það hækkaði alltaf gríðarlega í verði í hverjum viðskiptum. Það reyndist svo nokkurn veginn gjaldþrota þegar upp var staðið. Hver ný sala á hærra verði þýddi að menn færðu þessa eign upp í bókunum hjá sér. Þetta er stórkostleg hættu. Það

er alveg rétt, þetta er hluti af kerfislægri áhættu. Hér erum við að vísu að tala meira um fjármálakerfið þröngt og ég tel að sú reglusetning sem hér verður heimiluð um að aðgreina innlenda og erlenda áhættuþætti í lausafjárreglunum og varðandi langtímafjármögnun sé mjög til bóta. Það leysir þó ekki allan vandann, ég get verið sammála hv. þingmanni um það.

[12:08]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Að einhverju leyti er þetta rétt hjá hv. þingmanni en alls ekki að öllu leyti. Það sem stendur eftir í dag og hefur ekki verið samþykkt — ég hef flutt um það frumvarp — er að lánveitingar fyrirtækja til starfsmanna séu takmarkaðar við 1 millj. kr. eða eitthvað slíkt. Nú er það ótakmarkað. Ég gæti til dæmis farið út í eitthvert hlutafélag og ráðið mig sem sendil fyrir hádegi, þá væri ég orðinn starfsmaður, það lánar mér 1 milljarð kr. til kaupa á hlutabréfum í fyrirtækinu sjálfu. Það er heimilt að kröfu ESA og hv. þingmaður stóð með mér að því að samþykkja þau ósköp á Alþingi. Ég er búinn að biðjast afsökunar á því en hv. þingmaður ekki.

Þá mundi eigið fé viðkomandi hlutafélags aukast um milljarð ef ég gerðist starfsmaður þarna sem sendill fyrir hádegi, keypti hlutabréf fyrir milljarð, fengi lán til þess hjá fyrirtækinu, og þá mundi eigið fé fyrirtækisins vaxa um milljarð vegna þess að lánið telst sem eign en hlutabréf ekki sem skuld. Þetta er einfaldasta dæmið. Eftir hádegið, klukkan fjögur, er ég rekinn af því að ég náði ekki ákveðinni sendingu. Þetta er svo einfalt. Ég þarf ekki að starfa þarna nema nokkra klukkutíma. Þetta var gert. Bankarnir gerðu þetta, ég meina ekki með sendla en þeir lánuðu starfsmönnum í stórum stíl, 40–50 milljarða, Kaupþing og hinir bankarnir, á tímabili 2006 þegar litla kreppan kom. Þá lánuðu þeir starfsmönnum til þess að auka eigið fé sitt, ekki fyrir starfsmennina heldur fyrir sjálfa sig. Það hefur eflaust verið erfitt fyrir starfsmennina að hafna slíku. Viltu ekki fá lán til að kaupa hlutabréf, hefurðu ekki trú á fyrirtækinu, hvað er þetta? spyrja stjórnendur.

Það er ekki búið að laga þetta. Að kröfu ESA er þetta enn þá ótakmarkað. Ég held að það sé ýmislegt sem við þurfum að gera og laga hið snarasta til að koma í veg fyrir að menn geti búið til eigið fé eins og þeim sýnist.

[12:10]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég held því ekki fram að við séum búin að róa fyrir hverja vík í þessum efnunum þó að ýmislegt hafi verið gert. Strax á árinu 2010 og aftur 2011 var breytt ýmsum ákvæðum á fjármálamarkaði til að draga úr áhættu, m.a. í beinu framhaldi af útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þáverandi hæstv. efnahags- og viðskiptaráðherra, Gylfi Magnússon, flutti hér ágætt frumvarp um það. Það var til bóta, ég held að við séum alveg sammála um það, eins og þetta með að það kom í veg fyrir krosslánveitingarnar úr bönkum til eigenda og annað í þeim dúr.

En það þarf meira til, ég er algerlega sammála því, og það hefur verið dregið fram og skilgreint, t.d. að koma í veg fyrir að myndist óvarðar stöður aðila sem skuldsætja sig í

erlendri mynt en eru með allar tekjur í innlendri. Auðvitað á að koma í veg fyrir að heimili og sveitarfélög og aðrir slíkir aðilar með allar sínar tekjur í innlendri mynt byggja upp stórkostlega óvarða áhættustöðu með því að skuldstetja sig í erlendu o.s.frv. Þetta hefur allt saman legið fyrir. Sumt af þessu hefur verið framkvæmt en annað ekki.

Reyndar tel ég að ganga þurfi lengra og hef lengi verið þeirrar skoðunar. Það þarf að útrýma tilteknum fjármálategundum fjármálagerninga eða -afurða sem menn hafa innleitt í þetta braskkerfi á síðustu 10–15 árum og grjótharðir kapitalistar hafa sjálfir kallað efnahagsleg geryðingarvopn. Ég man ekki betur en að það hafi verið Warren Buffet sem beinlínis tók svo til orða að afleiðurnar og vafningarnir væru efnahagsleg geryðingarvopn, „economic weapons of mass destruction“ ef maður má skjóta enskunni, virðulegi forseti.

Þetta var alveg rétt hjá honum, þessar tegundir af braskgerningum sem menn fundu upp á að kalla fjármálaafurðir, það hljómaði svo vel, eiga auðvitað ekki að líðast. Þetta á ekkert skylt við heilbrigð og eðlileg viðskipti og þessa þarf ekki. Það þurfa ekki að vera þessar tegundir af afurðum í fjármálakerfinu til að þjónusta atvinnulíf og einstaklinga, þær eru óþarfi. Þetta er bara grundvöllur að stöðutöku og braski, þjónar engum eiginlegum (Forseti hringir.) pósitífum tilgangi í viðskiptalegu tilliti.

[12:12]

#### Þéttur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér þó að ég ætli ekki að lengja umræðuna mikið að taka upp þráðinn þar sem hv. þingmaður, sem hér talaði áður, endaði, þ.e. varðandi framvirka samninga. Þeir eru óskaplega mikilvægir. Þeir eru svo mikilvægir að þeir geta létt bændum, sjómönnum og öðrum róðurinn. Sjómaður geti til dæmis selt fiskinn sinn framvirkt, það sem hann ætlar að veiða í haust getur hann selt núna á ákveðnu verði sem tryggir honum ákveðið verð. Þetta er gildi framvirkra samninga. En hvað varðar Buffet sem hv. þingmaður nefndi, það er misnotkun á þessu fyrirbæri, þ.e. þegar menn selja kannski sömu olíutunnuna 10 þúsund sinnum. Það er misnotkun. Og það er tiltölulega auðvelt að koma í veg fyrir það með því að segja bara að ekki megi selja sömu vöruna nema einu sinni. Sjómaðurinn megi ekki selja fiskinn sinn nema einu sinni, mjög einfalt. Þá geta framvirkir samningar virkilega orðið það sem þeir eiga að vera, að minnka áhættu í atvinnulífina.

En við erum að tala um frumvarp um Seðlabanka sem snýr að gjaldeyrishöftunum og vörpum Seðlabankans til að vinna betur gegn alls konar misferli með gjaldeyrishöft. Gjalddeyrishöftin skaða mjög mikið, þau eru mjög skaðleg og kannski skaðlegri en flestir gera sér grein fyrir, jafnvel í því veika formi sem þau eru í í dag. Skaðinn felst í því að erlendir aðilar eru ekki tilbúnir til að fjárfesta í innlendu atvinnulífi sem mundi skapa atvinnu. Þau koma líka í veg fyrir sparnað innlendra og flendra aðila innan lands vegna þess að menn geta ekki flutt peningana út yfirleitt og eru bundnir með þá hér á landi ef þetta verður svona til langframa. Það minnkar langtímalán og það minnkar fjárfestingu sem mundi skapa atvinnu. Gjalddeyrishöftin koma í veg fyrir að hér skapist atvinna eða hindra það.

En það versta er þó með síðrofið sem felst í því að allir eða mjög margir, ekki allir, reyna að finna göt í gjalddeyrishöftunum og svindla á þeim. Ég nefndi nokkur dæmi þegar þessi gjalddeyrishöft voru tekin upp þar sem menn gætu leikið sér að því að svindla á kerfinu. Ég þekkti einu sinni þá tíð, ég er orðinn það gamall, þegar hér voru gjalddeyrishöft og allt var löðrandi í einhverju sem átti ekki að vera. Það var varla svo brotist inn á heimili á Íslandi eða í Reykjavík að ekki væri stolið gjalddeyri sem fólk átti eða hafði hamstrað. Forsenda þess að afletta gjalddeyrishöftunum er að laga snjóhengjuna og þetta er hluti af því.

Ég ætla ekki að fara langt ofan í þetta, ég ætla að fara aðallega í 4. gr. en þar er þessi gífurlega heimild. Þó að þetta sé mjög mikilvægt, ég átta mig á því, þá þurfum við að gæta okkar dálítúð á því að veita ekki einstökum aðilum of miklar heimildir. En hér stendur, með leyfi forseta:

„Skylt er, að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr., að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.“

Það er bara allt landið og miðin undir, læknaskýrslur o.s.frv. Það gæti verið að Seðlabankinn vilji komast að því hvort einhver ákveðinn aðili, til dæmis ég, sé eitthvað geðveikur og ætlaði að fara að kíkjá í læknaskýrslur til að athuga það. Það eru engin takmörk þarna, engin. Þetta var rætt hérna í sambandi við gjalddeyrishöftin sömuleiðis, en ég tel að þetta ættu að vera fjárhagslegar upplýsingar. Það mætti setja eitt orð þarna fyrir framan, þ.e. „fjárhagslegar“ upplýsingar, og það verður væntanlega gert í nefndinni þegar málið verður rætt þar, eða að lagaákvæði um þagnarskyldu takmarkað, ég mundi segja um „bankaleynd“. Þá er komið á hreint að þrátt fyrir bankaleynd eigi að veita Seðlabankanum upplýsingar. Þá snýr þetta bara að bönkum. Þetta er eitthvað sem nefndin þarf að skoða. Ég ætla ekki að fara nánar út í það en hættulegt er að veita mönnum upplýsingar. Mér skilst að fólk í Seðlabankanum sé að skoða kreditkort eða eyðslu úti í heimi, í hvað menn nota kreditkortíð sitt. Það getur verið kannski áhugavert hjá sumum.

Síðan vil ég gera smáathugasemd við umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið og þar stendur í lokin, með leyfi forseta:

„Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun og er ekki rekinn með framlögum frá ríkissjóði. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður því ekki séð að það hafi fjárhagsleg áhrif fyrir ríkissjóð.“

Herra forseti. Það vantar pínulítið inn í þetta. Seðlabankinn er rekinn með ríkisábyrgð, galopinni. Það kom í ljós í hruninu að ríkið þurfti að borga hvort það voru 100 eða 200 milljarða til Seðlabankans. Ég held að við þurfum að skoða dálítið vel þá ríkisábyrgð sem Seðlabankinn er að valsa í án þess að fá til þess heimild í fjárlögum. Mér þætti eðlilegt, af því að ég er svo upptekinn af ríkisfjármálum og sérstaklega ríkisábyrgðum, að til að sýna raunverulega stöðu ríkissjóðs þurfi Seðlabankinn að vinna samkvæmt fjárlögum og fá til þess heimild að taka lán og annað slíkt og skuldbinda ríkissjóð til framtíðar.

Taka þarf á mörgu öðru, herra forseti, til dæmis Líffeyrissjóði starfsmanna ríkisins. B-deildin er með 400 milljarða



í skuldbindingu. Það hefur ekki verið fært í fjárlög. Þetta er galopið, stendur bara þarna, svífur í loftinu. Það er eins og ríkissjóður og hæstv. fjármálaráðherra ætli ekki að standa við kjarasamninga. Það er búið að vera í mörg herrans ár, í áratugi, gífurleg skuldbinding á B-deild LSR upp á 400 milljarða. Svo vex skuldbindingin í A-deildinni sem var tekin upp og átti að standa undir sjálfri sér, er komin upp í 60 milljarða núna og menn gera ekkert í því, ekki neitt. Svo við tölum ekki um Íbúðalánasjóð og þau ósköp. Það vantar því alveg heilmikið í ríkisfjármálin og þetta er eitt atriðið. Það skiptir virkilega máli fyrir ríkissjóð hvað gerist með Seðlabankann þannig að þessi fullröðing í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að mínu mati ekki rétt.

[12:19]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan um að ríkið væri ábyrgt fyrir Seðlabankanum. En að ríkið hafi greitt þessa 200 milljarða efast ég um. Var það ekki svo að Seðlabankinn þurfti bara að búa til þessa 200 milljarða? Er það ekki rétt að Seðlabankinn býr til peninga? Það þýðir að ríkið, skattgreiðendur þurftu ekki að borga fyrir þetta beint í gegnum skattana sína heldur þurftu þeir sem eiga krónur að borga eins konar verðbóluskatt. Verðgildi krónunnar rýrnaði, sem er þá fjárhagslegur skaði fyrir þá sem eiga krónur. Það voru þeir sem urðu fyrir þessum skaða og borguðu þetta gjald, við getum kallað það verðbóluskatt.

[12:20]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Þetta er hárrétt, Seðlabankinn prentar bara peninga og finnur út krónuna. Það vill svo til að allir Íslendingar eiga peninga nema kannski allra yngstu börnin. Sum fá vasapening, þau kaupa sér nammi og nammið hækkar þannig að það hækkar allt, það þurfa allir að borga fyrir þetta, ekki hvað síst lánveitendur sem eru með verðtryggðar eignir. Þær hækka, ekki vegna þess að þær hafi aukist að verðgildi, nei, þær hækka vegna þess að krónan sem er á bak við það rýrnar, þ.e. eignin helst að verðgildi en krónan rýrnar og það sem menn nota til að borga af lánunum sínum og í alla framfærslu, framfærsla heimilanna er verðtryggð, nota bene, það sem er notað til þess eru launin og launin skerðast þegar Seðlabankinn fer í svona æfingar og prentar peninga. Það er rétt, þetta kemur fram sem skattur á alla Íslendinga nema kannski þá alyngstu sem ekki fá vasapening.

[12:21]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Herra forseti. Mig langar að þakka fyrir þessa útskýringu nákvæmlega. Það tapa allir á þessu, sérstaklega þeir sem eru með verðtryggð lán, og þannig veldur þetta fjárhagsskaða hjá öllum. Sú hugmynd að það séu bankar — Seðlabankinn bjó náttúrulega til þessa peninga en í því peningakerfi sem við búum við í dag eru það einkabankar sem búa til um 95% af öllum nýjum peningum en Seðlabankinn 5% eða eitthvert smotteri sem fjármálafyrirtækin hafa síðan ein rétt til að fá lánaða á stýrivöxtum.

Það þarf því að skoða allt þetta kerfi þar sem þetta er

eins konar verðbóluskattur. Þetta er fjárhagslegur skaði sem er tilfærður og kerfið þarf allt að skoða. Ég veit að herra Frosti hefur mikinn áhuga á því að skoða þetta fyrir-komulag allt saman. Það verður mjög gaman að fylgjast með því hér í þinginu.

(**Forseti (SJS)**): Ég vil minna ræðumann á að nefna hv. þingmann rétt.)

[12:23]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Við erum komin töluvert langt frá því frumvarpi sem við ræðum, en ég þakka hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni fyrir ræðuna og seinna andsvar hans. Ég vil segja það að vissulega búa bankar til peninga með lánveitingum, það er þekkt, og til að hindra það hafa menn bindiskyldu og ýmis fleiri tæki sem Seðlabankinn hefur en hefur ekki beitt neitt voðalega sterkt.

Ég hygg að hringferli peninga í hlutafélögum búi ekki síður til peningana og hafi búið til miklu meiri peninga á Íslandi árin fyrir hrun. Þar gátu menn búið til eigið fé í stórum stíl og svo gátu þeir tekið lán út á eigið féð og þannig blés blaðran út. Það eru því ýmsir aðilar sem búa til peninga í þjóðfélaginu, til skaða fyrir alla landsmenn sem eiga krónur nema litlu börnin sem ekki fá vasapening.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efn.- og viðskn.

[12:24]

**Útbýting:**

Stjórn fiskveiða o.fl., 4. mál, nál. minni hluta atvinnuvn., þskj. 24.

**Stjórn fiskveiða, 2. umr.**

Stjfrv., 3. mál (framlenging bráðabirgðaákvæða). — Þskj. 3, nál. 23.

[12:25]

**Frsm. atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, svokallaða framlengingu bráðabirgðaákvæða, frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Arnór Snæbjörnsson og Jóhann Guðmundsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátæigenda, Samtökum fiskframléiðenda og útflytjenda, Samtökum íslenskra fiskimanna og sameiginleg umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Alþingi hefur áður fjallað um frumvarp af sama meiddi. Þannig innihéldu 3.–8. gr frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 75/2012, um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 856. mál á 140. löggjafarþingi, ákvæði sambærilegs efnis og ákvæði frumvarpsins nú. Í grundvallaratriðum felur frumvarpið í sér að fiskveiðiárið 2013/2014 láti stjórn fiskveiða sömu reglum og giltu fiskveiðiárið 2012/2013.

Á fundi nefndarinnar var nokkuð rætt um 1. gr. frumvarpsins og forsögu hennar. Kom það sjónarmið meðal annars fram að betur færi á að fundin yrði varanleg lausn á því ástandi sem kallað hefur á tilvist hennar. Eins og fram kom í framsöguræðu ráðherra standa væntingar til að stjórn fiskveiða verði skoðuð heildstætt á næsta löggjafarþingi og því fela ákvæði frumvarpsins aðeins í sér eins árs framlengingu ákvæða sem annars liðu undir lok á yfirstandandi fiskveiðarári.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir frumvarpið skrifar Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaformaður nefndarinnar, með fyrirvara, Haraldur Benediktsson 2. varaformaður, Ásmundur Friðriksson, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Páll Jóhann Pálsson, Þorsteinn Sæmundsson og Þórunn Egilsdóttir. Hv. þm. Björt Ólafsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[12:27]

#### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Herra forseti. Ég hef fengið að sitja í atvinnuveganefnd. Við höfum fundað strangt, setið langa og stranga fundi, sem er eðlilegt og gaman að taka þátt í því. Það er mjög fræðandi að fá alla þessa gesti, þessa sérfræðinga til að gefa okkur álit. Ég geri mér vel grein fyrir því, og þannig á það á að vera á Alþingi, að þegar mál eru bryn og leysa þarf að úr þeim fljótt að við þurfum að vinna mikið og lengi. Það er ekkert öðruvísi hér en í öðrum vinnum sem maður hefur stundað og ég tek því fagnandi.

Hins vegar finnst mér vont, leggjandi mikinn metnað í þessa nefnd, ég er mjög áhugasöm, að vera í fyrstu tveimur nefndarálitum fjarverandi við afgreiðslu máls. Það helgast af því að ég þurfti frá að hverfa af fundi. Hann var eins og gefur að skilja að vissu leyti boðaður frekar seint, en hann var á milli fimm og sjö að mig minnr, á tíma þegar ungt fjölskyldufólk þarf að sækja börn. Mínir góðu samnefndarmenn eru flestir eldri en ég, ágætis miðaldra karlmenn og miðaldra konur. Ég bið þau og minn ágæta formann að taka tillit til þess að ef við viljum halda fjölbreytni hér á Alþingi eins og um 8%, kjósendur Bjartrar framtíðar, vilja og eitthvað um 5%, þeir sem kusu Pírata, — ég geri ráð fyrir því að fólk kjósi hingað inn margbreytilegt fólk — þá þóssum við upp á það að mér og öðru fjölskyldufólki sé gert kleift að sinna þeim skyldum sem við tókum sæti hér á Alþingi til að sinna.

Ég veit að þessu verður vel tekið en vildi bara koma þessu á framfæri. Takk.

[12:30]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins að fá að ræða hér um stækkun á krókaafلامarbsátum. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti ...

Forseti. Nú varð þessum þingmanni verulega á vegna þess að krókaafلامarbsfrumvarpið er næst á dagskrá og þar af leiðandi, virðulegur forseti, fellur hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir frá orðinu.

(Forseti (SJS): Já, eða lætur þessa stuttu ræðu nægja.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

#### Stjórn fiskveiða o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 4. mál (krókaafلامarbsátar, strandveiðar og gjaldtökuheimildir). — Þskj. 4, nál. 21 og 24, brtt. 22.

[12:31]

#### Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndarálitum vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaafلامarbsátar, strandveiðar, gjaldtökuheimildir, viðurlög), frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin fjallaði um málið og á hennar fund hennar komu Arnór Snæbjörnsson og Jóhann Guðmundsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Helgi Jóhannesson og Kristinn Ingólfsson frá Siglingastofnun, Öggni Bergþórsson frá Trefjum ehf., Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátæigenda, Finnþogi Vikar Guðmundsson frá Samtökum íslenskra fiskimanna, Helga Guðjónsdóttir, Friðbjörn Ásbjörnsson og Jóhann R. Kristinnsson frá Samtökum smábátatúgerða og Reynir Þorsteinsson frá Landssambandi línubáta. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi línubáta, Trefjum ehf., Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskistofu, Víkingabátum ehf. og sameiginleg umsögn frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum atvinnulífsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er það efnislega byggt á frumvarpi sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi að teknu tilliti til viðamikilla breytinga sem lagðar voru til við meðferð málsins. Í umsögnum og í máli gesta á fundum nefndarinnar komu fram ýmis sjónarmið sem nefndin tók til skoðunar og fhuagaði við meðferð málsins. Nokkur sjónarmið og athugasemdir voru teknar alveg til sérstakrar skoðunar.

Stærðarmörk krókaafلامarbsátar og stærð báta:

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að það verði gert að skilyrði útgáfu veiðileyfis með krókaafلامarbski að bátur sem leyfi er gefið út fyrir sé styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 20 brúttótonn. Gert er ráð fyrir að þau brúttótonn sem frumvarpsgreinin vísar til verði reiknuð samkvæmt reiknireglu sem finna má í Evrópugerð, reglugerð ráðsins (EB) nr. 2930/86, um skráningu fiskiskipa, eins og henni var breytt með reglugerð síðar og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/84/EB.

Óhætt er að segja að efni greinarinnar hafi fengið mikla umræðu á fundum nefndarinnar. Tvö megin sjónarmið komu fram og vógust á við umfjöllun nefndarinnar. Annars vegar kom fram sú skoðun að gæta bæri varúðar þegar kæmi að breytingum á skilyrðum um stærð krókaafلامarbsátar enda gætu slíkar breytingar haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar fyrir smábátatúgerð í landinu. Bent var á að stækkun báta í smábátatölanum opnaði fyrir tilfærslu í handhöfn aflaheimilda, þær kynnu að færast á færri hendur. Að auki var talið að möguleikar til stækkunar smábáta breyttu eðli smábátatúgerðar, færðu hana fjær því að vera útgerð þar sem eigandi báts eða fjölskylda hans heldur sjálf í ródra og nær bátatúgerð stærri útgerðarfyrirtækja.

Hins vegar var sú þróun sem orðið hefur í smábátutgerð síðustu ár reifuð og látin í ljós sú skoðun að stærðarmörk krókaafلامarbsbáta stæðu frekari þróun fyrir þrifum. Bent var á að meiri búnaður fylgdi smábátutgerð núorðið en áður. Þannig væri svokölluð línubeitningarkerfi að finna í um 40 smábátum. Kom fram að tilvist slíkra kerfa hefði aukið mjög á hagkvæmni útgerðarformsins en jafnframt bent á að vinnuástaða sjómanna um borð í slíkum smábátum væri ekki fullnægjandi, sérstaklega þegar litið væri til hollustuverndar- og öryggissjónarmiða. Þá var bent á að þau stærðarmörk sem leiða má af 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða hafi í gegnum tíðina verið túlkuð svo að þau útilokuðu ekki að ýmsum kössum, svölum og öðrum búnaði væru skeytt við báta án þess að viðskeytingin hefði áhrif á melda stærð þeirra. Meiningin með því að taka upp nýtt lengdarviðmið, 15 m mestu lengd, ef allt er tekið með í reikninginn, er sú að líkur væru á að menn hættu að skeyta ýmsum búnaði við báta sem hefði aftur jákvæð áhrif á sjöhæfi bátanna. Að lokum var bent á að vegna breytinga á ýsugengd undanfarið hefðu smábátasjómenn þurft að sækja aflann lengra út en áður hafði þekkt og slík sókn krefðist í eðli sínu stærri báta.

Mat meiri hlutans er að ekki megi hamla þeirri þróun sem orðið hefur og fyrirsjáanleg er í útgerð smábáta. Hagkvæmni og hollustuverndar- og öryggissjónarmið leiða til þeirrar niðurstöðu að stærðarmörkum krókaafلامarbsbáta verði breytt.

Þrátt fyrir að á fundum nefndarinnar hafi almennt ríkt nokkuð góð sátt um 15 m lengdarmörk krókaafلامarbsbáta kom nokkur gagnrýni fram á að stærðarmörk þeirra yrðu að öðru leyti miðuð við 20 brúttótonn. Ýmsir töldu að slík mörk settu stærð smábáta svo miklar skorður að sú breyting sem ætti að felast í 1. gr. frumvarpsins yrði í raun of lítil. Kom sú skoðun fram að samsetning 15 m og 20 brúttótonna gengi illa upp og mundi hugsanlega leiða til þess að draga mundi úr sjöhæfi og öryggi smábáta og smábátasjómönnum yrði gert erfiðara um vik þegar kæmi að umgengni við afla. Kom ítrekað fram að 30 brúttótonna viðmiðun væri mun raunhæfari kostur.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð fjallað um þá reiknireglu brúttótonna sem fram kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Skilningur meiri hlutans er að sú regla sé samevrópsk að uppruna. Í máli gesta nefndarinnar kom það mat fram að reikniregla frumvarpsgreinarinnar mundi leiða til þess að smábátar yrðu óþarflega lágir, freistandi yrði að lækka dekkhæð og þrengja að lestarrými, sem aftur takmarkaði hönnunarforsendur fiskilesta og möguleika við meðferð afla. Þá kynnu vistarverur sjómanna að verða rúmminni en ella og umgengni um þær erfiðari. Að auki kom það sjónarmið fram að hin tíðkaða reikniregla væri haganleg og í góðu samræmi við þær viðmiðanir sem tíðkast hafa hér á landi við mælingu báta.

Nokkuð kom til tals á fundum nefndarinnar hvort þau áform sem koma fram í 1. gr. frumvarpsins, um 15 m mestu lengd sem viðmið við útgáfu veiðileyfis með krókaafلامarbsmarki, hefðu snertiflöt við skipstjóra-, stýrimanna- og vélstjórnarréttindi þeirra sem hingað til hafa stýrt svokölluðum smáskipum. Var bent á að samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa

væri gert ráð fyrir því að ýmis réttindi miðuðust við 12 m skráningarlengd skipa eða styttri. Á móti kom það sjónarmið fram að ef til vill væri eðlilegt að breytingar á stærðarmörkum báta sem gerðu þeim fært að sækja lengra en áður leiddu til þess að fleiri sjómenn yrðu um borð og réttindaáskilnaður meiri.

Skoðun nefndarinnar leiddi í ljós að samþykkt frumvarpsins ætti ekki að hafa áhrif þegar kemur að framangreindum réttindum sem leiða má af lögum um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa og reglugerðum settum með stöð í þeim. Sú breyting sem 1. gr. frumvarpsins hefur í för með sér snýr því eingöngu að viðmiðun við fiskveiðistjórn en hefur engin áhrif á skráningarlengd.

Mat meiri hlutans er að bregðast verði við þeim athugasemdum sem settar voru fram við nefndina við meðferð málsins. Telur meiri hlutinn það heillaskref að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru í ljósi þróunar á stærðarmörkum krókaafلامarbsbáta. Engu að síður telur meiri hlutinn að útfærsla 1. gr. frumvarpsins þurfi að taka breytingum til að tryggt verði að með samþykkt frumvarpsins verði þeim markmiðum náð sem að er stefnt. Tekið skal þó fram að tillögur meiri hlutans stefna ekki að því að gera handhöfum krókaafلامarbs fært að færa sig yfir í aflamarkshluta fiskveiðistjórnkerfisins heldur grundvallast þær á sjónarmiðum um öryggi sjómanna og gæði sjávaraflla. Þannig er m.a. stefnt að því að koma í veg fyrir hönnunarvandkvæði tengd dekkhæð.

Í ljósi framangreinds leggur meiri hlutinn til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Annars vegar verði stærðarviðmiðunin 20 brúttótonn hækkuð í 30 brúttótonn. Er það álit meiri hlutans að slík breyting sé til þess gerð að koma til móts við þau hagkvæmni-, öryggis- og hollustusjónarmið sem rakin hafa verið hér að framan. Hins vegar leggur meiri hlutinn til þá breytingu að reikniregla frumvarpsgreinarinnar á brúttótonnum verði felld brott og áfram verði miðað við reiknireglu sem kemur fram í íslenskum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, nú 6. gr. reglugerðar nr. 527/1997, um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

Fjallað var um byggðakvóta:

Við meðferð atvinnuveganefndar á sambærilegu frumvarpi á síðasta löggjafarþingi lagði þáverandi meiri hluti fram tillögu um að við það frumvarp yrði bætt heimild fyrir Byggðastofnun, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, til að grípa til aðgerða með sérstakri úthlutun til handa byggðarlögum í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Álit meiri hlutans er að rétt sé að leggja til að framangreindri heimild verði bætt við frumvarpið með minni háttar orðalagsbreytingum. Eftirfarandi kom meðal annars fram í nefndarálit meiri hluta atvinnuveganefndar á síðasta löggjafarþingi (þskj. 1132 í 447. máli á 141. löggjafarþingi):

„Á fundum nefndarinnar komu fram upplýsingar um að Byggðastofnun hefði leitað leiða til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum á varnarsvæðum sem átt hafa við mikinn vanda að etja um langt árabíl. Þessi vandi birtist einkum í viðvarandi fólksfækkun, einhæfni atvinnulífs, fækkun starfa og hækkandi meðalaldri íbúanna. Reynsla undangenginna áratuga sýnir að uppbygging almenns stöð-

kerfis hefur ekki nýst brothættustu samfélögunum sem skyldi. Byggðastofnun hefur því leitað nýrra leiða til að styrkja slíkar byggðir. Í því felst meðal annars að skýrari greinarmunur verði gerður á stöðu byggðarlaga og mismunandi leiðir þróaðar í samræmi við tækifæri og áskoranir á hverjum stað, þar sem fyrst og fremst verði leitast við að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra, og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélög, stoðkerfi atvinnulífsins, brottflutta íbúa og fleiri aðila.

Eitt öflugasta úrræði sem ríkisvaldið getur beitt til að sporna við neikvæðri byggðapróun í einstökum sjávarbyggðum er byggðakvóti. Um úthlutun byggðakvóta gildir ákvæði 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í 5. mgr. greinarinnar er ráðherra falið að setja með reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði meðal annars varða skráningarstað, skráningar tíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Ráðherra getur þó heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum sem víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum sem ráðherra settur í reglugerð, enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Í 7. mgr. greinarinnar kemur fram að fiskiskipum sé skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemi í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað samkvæmt 2. tölulíð 1. mgr. 10. gr. og að úthlutun til þeirra skuli ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði sé uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra settur. Ráðherra er heimilt að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Við framkvæmd framangreindra ákvæða til þessa hefur hins vegar komið í ljós að úthlutun byggðakvóta samkvæmt þeim hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir byggðarlög sem orðið hafa fyrir skerðingu aflaheimilda og eru háð veiðum og vinnslu. Það þýðir í raun að viðkomandi byggðarlag þarf að vera búíð að missa veiðiheilmildirnar áður en til aðstoðar getur komið. Í sumum byggðarlögum hefur það þá þýðingu að grundvöllur byggðarinnar brestur og að of seint sé að grípa inn í.

Nefna má sem dæmi að hafi verið um rekstrarstöðvun og/eða gjaldþrot fyrirtækis að ræða þarf að endurreisa það eða stofna nýtt fyrirtæki sem tekur tíma og ýmis atriði geta haft áhrif á hvort það takist. Biðin eftir því að fá byggðakvóta í stað þeirra heimilda sem ráðstafað hefur verið úr byggðarlagi getur því verið of löng og skapað hættu á því að hluti íbúanna verði fluttur burtu þegar til úthlutunar kemur. Sérstaklega á það við um yngri íbúa og þá sem ekki eiga húsnæði á viðkomandi stað.

Í þessum tilfellum verða að koma til fljótvirkari og áhrifameiri úrræði sem skipt geta verulegu máli fyrir þær byggðir þar sem fólk byggir afkomu sína að verulegu leyti á veiðum og vinnslu sjávarafurða.

Með vísan til framanritaðs leggur meiri hlutinn til að nýju ákvæði verði bætt við frumvarpið þar sem lagt verði til

að lögfest verði ákvæði um byggðakvóta sem úthlutað verði af Byggðastofnun, þ.e. svonefndan Byggðastofnunarbyggðakvóta, sem komi tímabundið til viðbótar við þann byggðakvóta sem úthlutað er samkvæmt framangreindu ákvæði 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Þessi hugmynd byggist á því að geta tryggt byggðakvótann til a.m.k. þriggja ára með hugsanlegri framlengingu um tvö ár. Gert er ráð fyrir að frekari skilyrði fyrir úthlutun byggðakvótans verði sett í reglugerð sem ráðherra settur fyrir hvert fiskveiðiár. Þau atriði sem slík skilyrði verða byggð á geta meðal annars verið fjöldi íbúa (tiltekið hámark), skipting þeirra aflaheimilda sem úthlutað er til einstakra byggðarlaga, hvort og hvernig byggðakvótinn geti verið hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu eða til að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækisins þann tíma sem byggðakvóta er úthlutað o.fl. Þá verður þar meðal annars lögð áhersla á að byggðakvótinn verði skilyrðislaust unninn í vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.“

Hér er einnig fjallað um eignarhald strandveiðiskipa, í 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. a laga um stjórn fiskveiða. Í b-lið frumvarpsgreinarinnar er að finna viðbót við reglugerðarheimild ráðherra þar sem gert er ráð fyrir að honum verði heimilað að kveða á um skilyrði eignarhalds fiskiskipa sem fá útgefið strandveiðileyfi.

Á fundi nefndarinnar kom til umræðu hvort með heimildinni væri of langt gengið í að fela ráðherra að ákveða lágmarkseignarhlutadeild lögskráðra sjómanna á fiskiskipi lögaðila, eiganda fiskiskipsins. Rætt var hvort rétt væri að Alþingi afmarkaði lágmarkseignarhlutadeildina sjálfst með lögum. Á móti var bent á að ráðherra þyrfti að njóta svigrúms til þess að takast á við álitamál sem tengjast lágmarkseignarhaldi og bregðast við margvíslegum kringumstæðum sem koma upp varðandi strandveiðar. Hverju sinni væri um tæknilega útfærslu að ræða og nauðsynlegt væri að ráðherra gæti brugðist við breyttum aðstæðum með skömmum fyrirvara þegar svo háttáði til. Þá var einnig bent á að við útfærslu reglugerða væri ráðherra bundinn af þeim markmiðum sem stefnt væri að við lagasetningu og hann hefði því ekki fullt frelsi til að fara með reglugerðina eftir eigin gedþótta.

Undir þetta nefndarálit skrifa Jón Gunnarsson, Haraldur Benediktsson, Ásmundur Friðriksson, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Páll Jóhann Pálsson, Þorsteinn Sæmundsson og Þórunn Egilsdóttir.

Frumvarpinu fylgir breytingartillaga sem flutt er af sömu þingmönnum:

1. gr. orðist svo:

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þeir bátar einir geta öðlast veiðileyfi með krókaafmarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Óheimilt er að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur.

Við 6. gr. bætist nýr liður:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á fiskveiðiárunum 2013/2014 til og með 2017/2018 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem

nema 1.800 þorskígildislestum til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Hafa skal samráð við viðkomandi sveitarstjórnir við ráðstöfunina. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. gr. laganna, samanber 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Bygðastofnunar, að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum (stærðarmörk krókaflamarksbáta, strandveiðar, byggðakvóti, gjaldtökuheimildir, viðurlög).

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

### Sérstök umræða.

Staða geðheilbrigðismála barna og unglinga á Norðausturlandi.

[14:01]

#### Brynhildur Pétursdóttir (Bf):

Herra forseti. Mig langaði að ræða um stöðu geðheilbrigðismála barna og unglinga á Norður- og Austurlandi. Staðan er þannig að engin barna- og unglíngageðlæknir hefur verið starfandi í þessum landsfjórðungi frá því í byrjun apríl á þessu ári. Þessi þjónusta var veitt á Fjórðungsjúkrahúsinu á Akureyri og þjónaði landsfjórðungnum.

Ég sendi hæstv. heilbrigðisráðherra tölvupóst vegna þessa máls um leið og hann tók við embætti og fékk svar að bragði. Mig langar að nota tækifærið og þakka kærlega fyrir skjót viðbrögð hæstv. ráðherra. Ég mat það mikils að hann skyldi taka sér tíma í að svara mér og einnig að sjá að hann var vel meðvitaður um stöðuna og var með málið á sínu borði. Ég þarf svo sem ekki að ítreka alvarleika málsins fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra. Hún er öllum kunn.

Það sem mig langar til að spyrjast fyrir um er 20 millj. kr. viðbótarfjarveiting á fjárlögum 2013 sem var sérstaklega ætluð til þess að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga á FSA. Ég mundi vilja vita hvernig þessir peningar nýtast skjólstæðingum, í ljósi þess að enginn barnageðlæknir er á launum eins og staðan er í dag, hvort þetta nýttist kannski sem ferðastyrkur til að komast suður vegna bráðþjónustu, eða hvort aukid hafi verið við sálfræðiþjónustu og hún gerð aðgengilegri og ódýrari.

Svo var ég líka að velta fyrir mér hvort það væri einhver fjarþjónusta í boði, þ.e. hvort verið væri að notast við fjarfundabúnað til að eiga samskipti við lækna á höfuðborgarsvæðinu á meðan þetta ófremdarástand ríkir. Það kemur auðvitað ekki í staðinn fyrir hefðbundinn tíma, en gæti verið ódýr og góð lausn.

Ég vona að það sé lausn í farvatninu og þetta leysist. Ég treysti hæstv. heilbrigðisráðherra til að taka á málinu, ég

þekki hann ekki af öðru en dugnaði. Við mundum aldrei láta líðast að handleggsbrotið barn fengi ekki aðhlyningu í heimabyggð. Við getum ekki látið líðast að börnum sem þurfa á þjónustu geðlæknis að halda sé gert erfið um vik.

[14:03]

#### Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):

Forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka hv. þingmanni fyrir að óska eftir umræðu um þetta mikilvæga mál og vekja þar með athygli á þeirri stöðu sem uppi er í geðheilbrigðismálum á þessu svæði Norðurlandsins alls og Austurlandsins. Ég get upplýst við þetta tækifæri að ég hef átt nokkra fundi með öllum þeim aðilum sem tengjast málinu og hef m.a. fundað tvisvar með framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri vegna þessa. Ég hef hitt þann barna- og unglíngageðlækni sem sagði upp störfum, auk þess sem ég hef rætt við og hitt aðstandendur þeirra sem notið hafa þessarar þjónustu.

Hv. þingmaður spyr um þá viðbótarfjarveitingu sem veitt var á fjárlögum þessa árs og hvernig hún hafi verið nýtt og er því til að svara að sú viðbót sem þar kom inn var nýtt á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og ráðstafað þannig að ráðið var í hált stöðugildi geðlæknis, eitt stöðugildi gæslumanns og hált stöðugildi hjúkrunarfræðings.

Einnig var spurt um hvort þessari fjarveitingu hafi að einhverju leyti verið ráðstafað til greiðslu ferðastyrkja. Svo er ekki samkvæmt mínum bestu upplýsingum þar sem þess gerist ekki þörf, því sjúkratryggðir geta átt rétt á greiðslu ferðakostnaðar ef þjónustan er ekki í boði í heimabyggð, þannig eru reglur Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um greiðslu ferðakostnaðar. Það er gert á grundvelli reglugerðar um ferðakostnað sjúklinga innan lands, nr. 871/2004. Þannig á þetta sér stað og ágætt að upplýsa það hér að lækni í heimahéraði sækir um ferðakostnaðinn á þar til gerðu eyðublaði

Eftir að þessi staða kom upp að barna- og unglíngageðlæknirinn hætti störfum skapaðist réttur til greiðslu ferðakostnaðar vegna geðvandamála barna og unglinga. Sjúkratryggingar Íslands hafa frá þeim tíma tekið þátt í kostnaði vegna nokkurs fjölda ferða af þeim sökum, í það minnsta herna mínar upplýsingar það.

Varðandi fjarþjónustuna er því til að svara að enn sem komið er er lítil reynsla af notkun fjarfundabúnaðar í þeim tilvikum sem hér falla undir og hv. þingmaður vísar til. Hins vegar er mikil og góð reynsla af notkun fjarfundabúnaðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri og raunar fleiri heilbrigðisstofnunum. Að sjálfsögðu er þetta atriði sem vert er að skoða ef ekki finnst aðrar lausnir.

Ég tel þó engu að síður skylt að upplýsa við þessa umræðu að Sjúkrahúsið á Akureyri hefur nú þegar reynt að mæta eftir sínum leiðum með viðeigandi aðgerðum þeirri þörf sem er fyrir þjónustu fyrir börn og unglinga með geðraskanir eftir uppsögn viðkomandi sérfræðings, og raunar sálfræðingsins líka, á barna- og unglíngageðdeild. Sjúkrahúsið hefur í tvígang auglýst eftir geðlækni. Umsóknarfræsturinn í síðari auglýsingu rennur út 6. júlí nk.

Sjúkrahúsið hefur einnig ráðið í stöðu sálfræðings að undangenginni auglýsingu. Sá sálfræðingur hóf störf 1. júní og vinnur í samvinnu við barnadeild og geðdeild og er bæði

með reynslu og menntun í vandamálum barna og unglunga. Haldnir eru þverfaglegir samráðsfundir með fulltrúum geðlækna, barnalækna, svæfinga- og gjörgæslulækna, forstöðulækni slysa- og bráðamóttöku um verklag við móttöku bráðatilfella barna og unglunga með geðraskanir. Sérstaklega er hugað að sjálfsvígstilraunum í því efni. Sömuleiðis hefur sjúkrahúsið átt samráð við heilsugæsluna á Akureyri um verklag við endurnýjun lyfja fyrir börn og unglunga með atferlisraskanir.

Það ber einnig að nefna að mikið og gott samráð er við barna- og unglिंगageðdeild Landspítala sem á að miða að því að tryggja að börn og unglingar með geðraskanir í heilbrigðisumdæminu fyrir norðan og austan fái sams konar þjónustu og aðrir landsmenn. Það er nokkuð ljóst af þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum að gefa þarf þessum málaflokkum betri gaum, ekki síst þegar maður horfir á það hvernig fagmenntað fólk á þessu sviði raðast eftir landsvæðum. Ég kem kannski að því nánar í síðara svari mínu.

[14:08]

#### **Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál til sérstakar umræðu og ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur gefið. Hér er verið að ræða stórt og mikið mál sem snýst að hluta til um fjárveitingar og niðurskurðinn undanfarin ár, því miður, sem við höfum þurft að fara í. En það ánægjulega gerðist við fjárlagagerð þessa árs hjá síðustu ríkisstjórn að 20 millj. kr. var veitt aukalega til geðheilbrigðismála barna og unglunga á Norðausturlandi. Þetta snýst svolítið um það. Ég má til með, virðulegi forseti, að minna á að töluvert var líka aukið í tækjakaup.

Í tengslum við það mál sem hér er rætt og hæstv. ráðherra sem nú er kominn í ráðherrastólinn fer maður að hugsa svolítið um þau hlutverkaskipti sem hafa orðið. Nú er hann ekki lengur sem hrópanði sem gagnrýnir niðurskurð og fyrri stjórnvöld eins og á stórum fundi sem við getum minnt á, á Húsavík forðum. En hlutverkin hafa snúist við, nú er hann kominn í stól heilbrigðisráðherra. Nú hefur hann tækifæri til að uppfylla það sem hann krafðist af okkur og við gátum ekki orðið við að öllu leyti á sínum tíma. Nú er það þannig.

Ég vil hins vegar ekki gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að hann svari því hér og nú hvað hann mun koma með mikið fé í viðbót til þessa málaflokks fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég vil gefa honum tíma fram á haustið. Ég býð spenntur eftir 10. september þegar við komum hér saman og fáum fjárlög. Þá munum við meta hvernig hefur tekist og hvort hrópanðinn hefur breyst yfir í veitanda og komi færandi hendi með það sem vantar. (Forseti hringir.) Við vitum að það sem vantar er meira fé til að geta ráðið starfsfólk og borgað betur því hæfa starfsfólki sem við þurfum að hafa á þessu svæði.

[14:11]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Brynhildi Pétursdóttur fyrir umræðuna sem er afar þörf. Faraldsfræðilegar rannsóknir, þar með talið íslenskar, benda til þess að um 20% barna eigi við geðheilsuvanda að stríða og 7–10% barna

þurfi á geðrænni meðferð að halda. Það eru 10–20% barna sem þurfa á slíkri hjálp að halda vegna geðraskana.

Í starfi mínu sem ég sinnti áður en ég kom hingað á þing sem náms- og starfsráðgjafi sinnti ég oft málefnum barna með margs konar geðraskanir og veit því nokkuð um þá glímu sem bæði nemendur og foreldrar standa frammi fyrir. Fjölskyldur takast á við fjölmargar áskoranir á hverjum degi en líka mikla erfiðleika og vanmátt gagnvart kerfinu. Foreldrar eru oft mikið frá vinnu vegna veikinda barna sinna.

Þegar kemur að því að leita aðstoðar, til dæmis í Norð-austurkjördæmi, er erfitt um vik eins og hér hefur verið rakið. Undanfarin ár hefur verið vakning í að efla bæði grunn- og sérfræðiþjónustu við börn og unglunga með geðrænan vanda. Það þarf að vera framhald á þeirri vinnu því að hún heyrir til mikilvægra framfara í meðferðar- og forvarnavinnu á sviði barna og unglunga. Tilvísunum hefur fjölgað, biðlistar lengst og skortur er á meðferðarúræðum öðrum en lyfjameðferð og það er áhyggjuefni.

Ég tel að öll skólastig sinni þessum nemendum eftir bestu getu en álag er mikið, og afar mikið eins og staðan er í dag, og skólakerfið er alls ekki í stakk búit til að sinna börnum með geðraskanir svo vel sé. Auka þarf stoðþjónustuna enn frekar í grunn- og framhaldsskólum og auka þar með náms- og starfsráðgjöf og aðgengi að sálfræðingum og skólahjúkrunarfræðingum í heilsugæslunni. Það er óásættanlegt að fjölskyldur þurfi að bíða jafnvel árum saman eftir viðeigandi aðstoð því að samkvæmt heilbrigðisáætlunum og lögum hér á landi er gert ráð fyrir að geðheilbrigðisþjónusta verði stór þáttur í starfsemi heilsugæslustöðva.

Að flytja börn og fjölskyldur suður er ekki lausn að mínu mati, enda viðvarandi biðlisti á barna- og unglिंगageðdeildinni og einungis hægt að aðstoða þau börn sem eru í mjög bráðum vanda. Óleyst vandamál vaxa með miklum þunga fram á fullorðinsár.

Í því sambandi langar mig að varpa nokkrum spurningum til hæstv. heilbrigðisráðherra:

Veit hann hversu mörg börn eru nú á biðlista hjá BUGL eða Greiningarmiðstöðinni og á Akureyri?

Veit hæstv. ráðherra hversu margir stunda nám í barna- (Forseti hringir.) og unglिंगageðlækningum?

Væri hægt að veita einhvers konar ívilnanir til handa slíkum sérfræðingum til að þjónusta landsbyggðina?

[14:13]

#### **Líneik Anna Sævarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Brynhildi Pétursdóttur fyrir að hefja umræðu um þetta mikilvæga mál í dag og ráðherra fyrir svörin. Þetta snýst ekki fyrst og fremst um niðurskurðinn heldur um ákveðinn vanda sem upp er kominn og þarf að finna lausn á.

Undanfarin ár hefur sérhæfð og þverfagleg þjónusta verið byggð upp á Akureyri fyrir börn og unglunga sem glíma við þroskafrávik eða geðræna erfiðleika. Þessi þjónusta hefur verið skilvirk þó að bent hafi verið á að frekar þyrfti að bæta í en draga úr. Barna- og unglिंगageðdeild hefur sinnt þjónustu við börn og unglunga sem búsettir eru á svæðinu frá Hrótafjarðarbotni til Djúpavogshrepps. Það er ekki lítið svæði.

Almennt er þjónusta við börn með geðrænan vanda af allt of skornum skammti á landinu. Oftast er löng bið eftir henni. Eins og staðan er nú er um mikla afturför í þjónustu að ræða og þjónustan verður miklum mun óaðgengilegri fyrir íbúa á stóru landsvæði. Margir hafa vakið máls á þessu í fjölmiðlum eða annars staðar; foreldrar á svæðinu, skólaskrifstofur, starfsmenn framhaldsskóla og grunnskóla, sálfræðingar á Norður- og Austurlandi og Barnageðlæknafélag Íslands, enda varðar þetta starf alla þessa aðila.

Málið snýst um þjónustu, ráðgjöf og forvarnir ekki síst og hefur áhrif á aðgang að nauðsynlegri þjónustu og ráðgjöf til einstaklinga, fjölskyldna, skóla, barnaverndaryfirvalda og annarra aðila sem vinna með börnum og unglingum. En fyrst og fremst snýst það um lífsgæði barna og fjölskyldna.

Ég hvet ráðherra heilbrigðismála því til að bregðast við þessum vanda og leita allra mögulegra lausna. Ég veit að allir þingmenn í Norðausturkjördæmi (Forseti hringir.) a.m.k. eru tilbúnir í þá lausnaleit.

[14:16]

### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Mig langar að byrja á því að þakka hv. þm. Brynhildi Pétursdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli. Öll þekkjum við að erfitt er að horfa upp á að biðlistar í heilbrigðisþjónustu, grundvallarþjónustu fyrir börn hvar sem er á Íslandi, eru of langir. Það verður að leita allra leiða til að taka á því vandamáli. Við ræddum í fyrra málefni barna með tal- og málþroskaraskanir. Við höfum reynt að koma því máli í farveg. Það varðar börn alls staðar á landinu. Það er erfitt að horfa upp á að veitum ekki nægilega góða þjónustu.

Mig langar þess vegna að hvetja hv. þingmenn sem hér sitja til að einbeita sér að því að standa saman um að reyna að finna leiðir til að taka á vandanum og styðja hæstv. ráðherra heilbrigðismála til að leysa þessi mál, finna leiðir sem gerlegt er að fara þannig að við getum búið upp á þá þjónustu sem okkur langar til að veita og er ásættanleg.

Það er erfitt að vita af því að þjónustan á landsbyggðinni sé að dragast saman og sé jafnvel ekki fyrir hendi. Auðvitað vill enginn hér inni, hvort sem hann er þingmaður landsbyggðarinnar eða höfuðborgarsvæðisins, stilla hlutunum þannig upp að fólki sé nauðgur einn sá kostur að færa sig yfir á suðvesturhornið ef á þarf að halda þegar þjónusta er ekki í boði. Ég hvet því þingheim til að standa saman um að leita lausna og aðstoða hæstv. ráðherra í þessu verkefni.

[14:18]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Ég held að varla verði fram hjá því lítið að geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustan er að mörgu leyti veikur hlekkur í okkar annars ágæta heilbrigðiskerfi. Það er auðvitað hvað tilfinnanlegast ef ekki er hægt að veita fullnægjandi þjónustu hvað varðar aðstoð við börn og ungmenni og fjölskyldur þeirra.

Ástandið norðan heiða eða á hinu stóra svæði frá Norð-

urlandi öllu til Suðurfjarða Austfjarða er hér sérstaklega undir en segja má að þetta eigi auðvitað að hluta til við um ástandið í málaflokknum í heild. Þar af leiðandi er það enn fjær en ella að einhvern lausn sé í því fólgin að vísa íbúum þessa svæðis á þjónustuna annars staðar á landinu því að hún er fulllestuð fyrir og biðlistar og erfiðleikar að sinna henni þar, enda að sjálfsögðu ekki sú lausn sem við kjósum að menn þurfi að sækja stuðning og þjónustu á þessu sviði um langan veg.

Á þessu hefur verið skilningur, að minnsta kosti hvað varðar fjárveitingarhlutann. Þess sást stað í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem 20 millj. kr. aukalega voru settar til Sjúkrahússins á Akureyri til að efla starfsemina á þessu sviði. En þetta er að sjálfsögðu ekki bara peningaspursmál, heldur líka spurning um skipulag þjónustunnar og mönnun. Það er að sjálfsögðu áhyggjuefni á þessu sviði eins og víðar að erfiðlega gengur að fá sérfræðinga til starfa, bæði faglega á lítið innan einstakra greina og líka landshlutabundið.

Hæstv. ráðherra er hér á heimavelli. Við hljótum að binda vonir við atbeina hans í málinu. Hann á að þekkja vel til og vera í góðum færnum til að gera sitt besta til að leysa úr þessu. Við skulum vona að það takist. Alla vega er dapurlagt að horfa upp á þetta ástand verða viðvarandi og er ekki ásættanlegt.

[14:20]

### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Það er ljóst að staða geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi er slæm, geðheilbrigðisþjónusta er ónóg og hefur verið það allt of lengi. Staðan er sérstaklega vond úti á landi. Ég kallaði eftir upplýsingum frá velferðarráðuneytinu. Þar er reyndar bara um að ræða tölur frá 2010, það er það nýjasta. Ég vek athygli á því að á Vestfjörðum og á Vesturlandi er enginn starfandi geðlæknir. Þannig að staðan er ekki bara slæm í Norðausturkjördæmi þó að hún sé vissulega mjög slæm þar.

Þetta er okkur of dýrkeypt, ekki bara vegna hins sálræna og félagslega tjóns sem fólk stendur frammi fyrir og fær ekki hjálp við, það er líka of dýru verði keypt fyrir ríkið og skattgreiðendur.

Einn þriðji allra öryrkja á Íslandi er það vegna geðrænna vandamála, geðrænna sjúkdóma. Það er allt of dýrt í peningum talið að grípa seint og illa inn í geðræn veikindi fólks því að þegar þar er komið sögu erum við að eyða of miklu í dýra þjónustu, bráðainnlagnir á geðdeild og því um líkt. Það er miklu ódýrara að vera forsjál og grípa fólk fyrr. Þannig eru líka mun meiri líkur á að fólk nái að lifa með sjúkdómi sínum og skili samfélaginu til baka í formi vinnu sinnar og þátttöku.

Sem fyrrverandi formaður Geðhjálpur þekki ég málið vel og leyfi mér að fullyrða að ef stjórnmöld hugsa aðeins fram í tímann og vanda sig í byggingu forvarna og leggja rausnarlega til fyrsta stigs þjónustu, sitjum við uppi með aðra mynd en þá sem við horfum upp á núna. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða mönnun og nýliðun í læknaþétt. Þar er staðan hvað verst í geðlækningum. Hæstv. ráðherra þarf sérstaklega að gæta þess að við fáum til baka þá lækna sem við erum að mennta.

[14:22]

**Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir umræðuna. Ég vil benda á að hér eru eingöngu til umræðu geðheilbrigðismál barna og unglinga á Norður- og Austurlandi. Það væri vert og mikilvægt að mínu mati að ræða geðheilbrigðismál almennt.

Ástand þessa málaflokks á Norðurlandi og Austurlandi hefur verið með ágætum. Honum hefur verið sinnt af miklum sóma þannig að eftir hefur verið tekið, sérstaklega á suðvesturhorninu, og margir litid þá starfsemi öfundaraugum. Upp á síðkastið hafa áhyggjur manna aukist og það af góðri ástæðu. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrigðisráðherra ætli að taka á málinu. Hæg eru heimatökin.

Ég vil benda á að ástæðan fyrir því að vandamálið er til staðar er skipulagsmál innan Sjúkrahússins á Akureyri. Ekki hefur verið gengið til samninga við eina starfandi barna- og unglिंगageðlækinn á svæðinu. Það er verkefni sem verður að leysa.

Það er okkar þingmanna að tryggja að þessi starfsemi sé til staðar. Ég hef oft heyrt hér í þingsal að okkar eina hlutverk sé að tryggja fjármuni. Ég held að hlutverk okkar sé stærra og meira en það. Þegar eitthvað bjátar á í starfsemi eigum við að ræða það á Alþingi og grípa inn í. En ég ít- reka að ég vil þakka þessa umræðu.

Hv. fyrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, Guðmundur Þjarnason, veitti heimild fyrir því að barna- og unglिंगageðlæknir yrði staðsettur á Akureyri. Framsóknarflokkurinn hefur ítrekað beitt sér fyrir þessum málaflökki. Það munum við gera áfram.

[14:24]

**Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir greinargóð svör. Ég skil það reyndar þannig að þær 20 millj. kr. sem voru viðbótarframlag í ár hafi eingöngu átt að nýtast vegna geðheilbrigðismála barna og unglinga en síðan hafi verið ráðinn geðlæknir til að þjónusta fullorðna. Ég ef- ast ekki um að það veitir ekki af því, en peningarnir hafa sem sagt ekki nýst í það sem þeir voru eyrnamerkir í.

Ég tek undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Við erum öll sammála aldrei þessu vant og viljum leita lausna. Ef við getum með einhverjum hætti aðstoðað hæstv. ráðherra stendur ekki á því.

Ég vil ítreka mikilvægi þess að geðheilbrigðismálum barna og unglinga verði komið í ásættanlegt horf sem fyrst, hvort sem er í Norðausturkjördæmi eða á öllu landinu.

[14:26]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið. Á Íslandi er meðalfjöldi geðlækna á 1.000 íbúa 0,22. Á Norðurlöndunum og Bretlandi er hann 0,22, þannig að við erum ekkert verr sett en nágrannar okkar í þeim efnunum. Ég held að vandinn kristallist í þeirri stöðu að ef horft er til landfræðilegrar dreifingar eru 43 af 50 geðlæknastöðum á landinu á höfuðborgarsvæðinu. Ef við horfum til barna- og unglिंगageðlækninga þar sem eru sex og hálf stöðugildi er ekki eftir eitt einasta starf í þeim málaflökki utan höfuð-

borgarsvæðisins. Það er vandinn. Það skiptir engu máli í þessu efni hversu háa fjárveitingu við erum í raun að ræða.

Það er ekki skortur á fé í þessu máli eins og hv. þm. Kristján Möller gaf til kynna. Brugðist var við þeim athugasemdom sem komu fram við fjárlagagerð fyrir árið 2013 með auknu fé þannig að málið strandar ekki þar. Þingmenn geta ekkert gripið inn í vegna þess að í þessu tilfelli þarf tvo til að semja. Þannig háttar til. Sá eini einstaklingur sem gegndi þessu starfi sagði upp störfum. Það skiptir engu máli hversu mikið þingmenn tala úr ræðustóli, við lemjum ekki fólk til starfa. Við getum hins vegar beitt okkur fyrir lausnum með því að tala við báða málsaðila, hvetja þá til samninga og stuðla að því að samkomulag náist þannig að þessi þjónusta geti gengið óbrjálud allt frá Hólmanvík, austur um og suður um til Hafnar í Hornafirði. Það er verkefni sem heilbrigðiskerfið þarf að vinna úr.

Ég þakka góð orð allra þingmanna sem hér hafa tekið til máls og þakka fyrir þau áheit um stuðning sem hér hafa verið gefin. Verkefnið eins og ég horfi til þess nær til landsins alls með þá þjónustu sem við erum að ræða, ekki einangrað við einn stað á landinu.

**Um fundarstjórn.**

Fundur í utanríkismálanefnd.

[14:28]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil gera verulegar athugasemdir við það að boðað var með litlum fyrirvara til fundar í utanríkismálanefnd núna kl. 2, á sama tíma og þingfundur hófst. Maður á ekki að þurfa að standa frammi fyrir því að þurfa að velja á milli fundar í utanríkismálanefnd, þar sem ég er varamaður, þar sem verið er að ræða þvingunaraðgerðir gagnvart Sírylandi sem ég hefði gjarnan viljað taka þátt í og hins vegar að sitja þingfund. Þetta er mjög óvenjulegt og á ekki að líðast.

Ég vil líka segja að mér finnst losarabragur vera á þingstörfum á þessu sumarþingi. Dagskrá þingsins kemur seint inn á netið, ég hef til dæmis á þessari stundu ekki hugmynd um hvað verður á dagskrá þingsins á morgun. Verið er að boða nefndarfundi með skömnum fyrirvara, jafnvel á kvöldin, þar sem á að taka út mál og nefndarmönnum gert ókleift að vera á nefndarálitum.

Ég vil brýna forsætisnefnd og stjórn þingsins til dáða í þessum efnunum að taka fundahaldið föstum tókum og láta ekki ósiði verða til á upphafsmetrum kjörtímabilsins.

[14:29]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. Guðmundur Steingrímsson gerir að umtalsefni undir þessum lið er fullkomlega eðlilegt. Ég er í raun alveg rasandi hissa ef þetta er virkilega svona og ég ætla ekki að draga í efa að það sé rétt sem hv. þingmaður upplýsir hér. Það er gersamlega óásættanlegt að þetta sé gert. Þetta er til dæmis ekki í takt við þá nýju tíma sem núverandi forseti Alþingis boðaði í þingsetningarræðu og þess vegna ber að sjálfsögðu að taka þetta fyrir í forsætisnefnd þannig að svona lagað gerist ekki.

Það gengur heldur ekki að mínu mati að nefndafundur



séu boðaðir með eins stuttum fyrirvara og nú er verið að gera. Það er eins og allt sé á fleygiferð og allt á mikilli hraðferð, það þurfi að ljúka öllu sem fyrst, en þá verða menn að hafa þetta í heiðri.

Virðulegi forseti. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að viðveru þingmanna er óskað á ýmsum fundum og menn gera sín plön fram í tímann. Þess vegna gengur ekki að gera hlutina á þennan hátt.

[14:31]

#### **Forseti (Þorsteinn Sæmundsson):**

Eins og forseti sá er hér stendur skilur, þá er um að ræða sérstakt samkomulag forseta Alþingis og formanns utanríkismálanefndar um nefndan fund. Ég vænti þess að málið verði tekið upp á næsta fundi forsætisnefndar.

#### **Stjórn fiskveiða o.fl., frh. 2. umr.**

Stjfrv., 4. mál (krókaaflamarksbátar, strandveiðar og gjaldtökuheimildir). — Þskj. 4, nál. 21 og 24, brtt. 22.

[14:32]

#### **Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Lilja Rafney Magnúsdóttir) (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndarálit minni hluta atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, sem snýr fyrst og fremst að stærðarmörkum krókaaflamarksbáta, strandveiðum, gjaldtökuheimildum og viðurlögum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til verulegar breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Það gerir hann í skugga þeirrar staðreyndar að frumvarpsgreinin er afurð málamiðlana á milli hóps sem barðist fyrir breytingum og hóps sem vildi standa vörð um óbreytta smábátaúterð á Íslandi.

Á síðasta löggjafarþingi fjallaði nefndin um frumvarp sem hafði að geyma ákvæði um stærðarmörk krókaaflamarksbáta. Við það tilefni kom afstaða Landssambands smábátaeigenda skýrt í ljós, m.a. að aðalfundur aðildarfélag sambandsins hefðu í október 2012 svarað því neitandi hvort breyta ætti stærðarmörkum krókaaflamarksbáta. Taldi sambandið ljóst að slík breyting mundi veikja krókaaflamarkskerfið. Á fundum nefndarinnar í vor ítrekaði sambandið framangreint sjónarmið. Þá kom einnig fram að sambandið teldi róttækar breytingar á stærðarmörkum geta falið í sér eðlisbreytingu á krókaaflamarkskerfinu, farið yrði úr smábátakerfi með áherslu á sjálfbærar og náttúruvænar veiðar yfir í útgerð í verkmiðjustíl.

Allt fram til gildistöku laga nr. 3/2002, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, var óheimilt að veita bátum sem væru 6 brúttótonn eða stærri leyfi til handfæra með dagatakörkunum auk þess sem óheimilt var að stækka báta sem höfðu fengið slík leyfi. Ákvæðinu var næst breytt með lögum nr. 85/2002 þar sem 6 brúttótonna viðmiðinu var breytt í 15 brúttótonn. Hinn 28. apríl 2008 ritaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið bréf þar sem fram kom að skv. 5. mgr. 12. gr. og 8. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða væri aðeins heimilt að færa krókaaflamark og krókaafhlutdeild til báta sem væru undir 15 brúttótonnum að stærð en færi bátur yfir 15 brúttótonnin gæti hann haldið

leyfi til veiða í krókaaflamarki en ekki flutt til sín aflaheimildir í krókaaflamarki. Í kjölfar bréfsins var einn bátur, sem er Bíldsey SH 65, stækkaður upp fyrir framangreind stærðarmörk. Allar götur síðan hefur þrýstingur á hækkan stærðarmarkna krókaaflamarksbáta verið mikill.

Á fundum atvinnuveganefndar var ítrekað bent á að skipstjórnar-, vélstjóra- og stýrimannaréttindi fyrir smáskip miðist við 12 m skráningarlengd. Gera má ráð fyrir að stærri bátar muni í einhverjum tilvikum krefjast fleiri sjómanna með meiri réttindi.

Minni hlutinn telur að þar sem meiri hlutinn ákvað að leggja til svo róttækar breytingar á stærðarmörkum krókaaflamarksbáta hefði verið rétt að skapa eitthvert mótvægi til að tryggja að eðli kerfisins breyttist ekki um of. Þar vil ég t.d. nefna það sem hefur komið til tals að hámarkshlutdeild í krókaaflamarkskerfinu í dag yrði lækkuð til að draga úr hættu á samþjöppun aflaheimilda á stærri bátana og fækkun minni báta.

Að mati minni hlutans skapa tillögurnar verulega hættu á samþjöppun aflaheimilda í krókaaflamarkskerfinu og að forsendur krókaaflamarkskerfisins muni breyta. Smábátaúterðin hefur verið skilgreind á alþjóðlegum grundvelli. Hún nýtir sérstöðu og ekki er heimilt að færa krókaaflamark upp í stóra kerfið, þ.e. aflamarkskerfið, heldur eingöngu öfugt. Þannig hefur tilvist þess verið tryggð. Í raun og veru hefur verið slegin eins konar skjaldborg um krókaaflamarkskerfið að uppfylltum forsendum sem miðast við að tryggja þessari grein útgerðar smábáta aflaheimildir og að því sé ekki raskað með því að stórúterðin kaupi til sín úr því kerfi.

Að mati minni hlutans er veruleg hættu á að í framhaldinu aukist þrýstingurinn á opnun milli kerfa. Það eru auðvitað ákveðin rök sem er hægt að færa fram í þeim efnum. Mönnum í stóra kerfinu getur fundist að í hinu kerfinu ætli menn að njóta þess góða úr báðum kerfum en vera varðir í sínu kerfi, að þeir geti keypt úr stóra kerfinu en ekki öfugt. En að mati minni hlutans er veruleg hættu á að í framhaldinu aukist þrýstingurinn á opnun milli kerfanna og það tel ég vera mjög slæma þróun. Ég er talsmaður þess að við verjum krókaaflamarkskerfið því að það hefur skapað mikla atvinnu vítt og breitt um landið og það hefur verið mjög hagstætt fyrir minni sjávarbyggðarlög að byggja sig upp í smærri bátunum.

Í breytingartillögum meiri hlutans er að finna tillögu um svokallaðan Byggðastofnunarbyggðakvóta. Þá tillögu styð ég heils hugar. Hún er nær orðrétt sú sama og tillaga sem meiri hluti atvinnuveganefndar lagði fram á síðasta þingi en var ekki afgreidd og tel ég þá mjög miður. Vandi þeirra byggðarlaga sem slíkum kvóta er ætlað að mæta er mjög alvarlegur. Þessi tillaga var ekki í upphaflega frumvarpinu sem lagt var fram en sem betur fer kemur hún nú fram við 2. umr. Ég vil undirstrika að betur hefði farið á því að þessi byggðakvóti hefði verið til ráðstöfunar hjá Byggðastofnun miklu fyrr og tillagan hefði verið samþykkt fyrir þingfrestun í vor eins og hún lá fyrir. Það er í raun og veru sorglegt að svo varð ekki.

Að lokum harma ég að í frumvarpinu er ekki að finna tillögu sem tryggir strandveiðum fasta hlutdeild í heimiludum heildarafla. Slíka tillögu lagði meiri hluti atvinnuvega-

nefndar til á síðasta löggjafarþingi og samþykkt hennar hefði tryggt grundvöll strandveiðikerfisins og eðlilega hlutdeild þess í auðlindinni. Svo varð því miður ekki.

Ég vil því mælast til þess að málið verði tekið aftur til atvinnuveganefndar milli 2. og 3. umr. og ég mun þá leggja fram tillögu um að því verði mætt að strandveiðarnar fái hlutdeild í aukningu þorskaflans sem er áætluð í ár. Nú er eingöngu verið að tala um að sama magn verði í strandveiðum og var áður, tæp 7 þús. tonn, en ekki að strandveiðipotturinn fái hlutdeild í þeirri aflaukningu sem blasir við í ár. Ég tel það vera mikið réttlætismál að annaðhvort verði bætt í hann þeim tonnafjölda sem nemur ákveðnu hlutfalli af þeirri aukningu sem verður — þá erum við að tala um í þorskígildum, strandveiðarnar eru með ufsa og þorsk. Í fyrra frumvarpi sem ég nefndi áðan var talað um að strandveiðarnar færu í 3,6% hlutdeild af heildarafla sem þýddi að strandveiðarnar nytu góðs af aflaukningu eins og aðrar greinar.

Ég tel þetta vera mikið réttlætismál og mun flytja breytingartillögu þar að lútandi og kalla málið inn í nefnd á milli 2. og 3. umr. Ég treysti á það og veit að í hv. atvinnuveganefnd hafi menn réttlæti gagnvart þessari grein útgerðar að leiðarljósi og hafi til hliðsjónar að hún fái sinn skerf af aukningunni. Ég held að strandveiðar séu búnar að sanna tilveruett sinn og eigi að fá að lifa meðfram öðrum tegundum af veiðum. Þær hafa sýnt að þær eru góð viðbót og hafa hleypt miklu lífi í margar sjávarbygðir og ýtt undir einstaklingsframtakið, sem ég veit að margir hér inni eru talsmenn fyrir, öflugt einstaklingsframtak. Og ef það er ekki í strandveiðunum sem einstaklingsframtakið birtist eins og það gerist best úti á landsbygðinni þá veit ég ekki hvað það er.

Í þessu máli tala ég kannski fyrst og fremst um stærðarmörkin vegna þess að þau voru svo mikið í umræðunni í vor. Það hefur komið í ljós að menn hafa gengist inn á það í forustu Landssambands smábátaeigenda að stærðarmörkin verði stækkuð en Landssamband smábátaeigenda lagði al-farið gegn því fyrir nokkrum mánuðum síðan þegar þessi mál voru til umfjöllunar og höfðu á bak við sig samþykktir félagsfundar vítt og breitt um landið. Ég held að ellefu félagsfundir af tólf hafi samþykkt að þeir vildu ekki að stærðarmörkin yrðu meiri en 15 metrar og 15 brúttótonn.

Ég tel að þar hafi komið mjög veigamikil rök því til stuðnings að menn yrðu að gera upp við sig hvort þeir vildu gera út í krókaflamarkskerfinu og því sem fylgdi því að vera með smábátaútgerð og fengju ákveðna forgjöf í því og stuðning við að standa vörð um það kerfi gagnvart stóra kerfinu. Krókaflamarkskerfið hefur verið að stækka og eflast og aflaheimildir innan þess að aukast. Stundum heyrir maður þau sjónarmið úr stóra kerfinu að þar þyki mönnum nóg um, (Gripið fram í.) en ég held að þessi kerfi eigi að vera áfram hlið við hlið, en þá megi menn ekki ógna því jafnvægi sem þar er á milli. Hættan er sú, eins og hefur komið fram hjá þeim sem hafa komið fyrir nefndina að eins og á undangengnum árum þegar breytingar hafa verið í þessum málum og menn hafa verið að sameina kerfi hefur smáútgerðin á ógnarskömmum tíma verið keypt upp af hinum stærri. Þeir sem vilja verja fjölbreytt útgerðarmynstur vilja ekki sjá slíka þróun. Þess vegna skil ég mætavel ótta

félagsmanna innan Landssambands smábátaeigenda um að afleiðingin gæti orðið sú á stuttum tíma að menn keyptu upp minni útgerðir í krókaflamarkskerfinu og kerfið yrði annað en lagt var upp með.

Ég vil undirstrika að ég er fylgjandi því að allur aðbúnaður, vinnuaðstaða, öryggissjónarmið og allt sem lýtur að öryggismálum sjófarenda sé haft í fyrirrúmi. Við Íslandsstrendur hafa smábátar verið gerðir út um margar aldir og það er ekkert nýtt. Menn hafa alltaf þurft að aðlaga sig aðstæðum, veðurfari og reynt að fara gætilega. Það breytist ekkert þó að menn séu á fullkomnum bátum með öflugum vélarafli og annað því um líkt. Menn þurfa alltaf að miða sjósókn við aðstæður og veðurfar og það breytist ekki.

Það er ekkert sem bannar það í dag að byggja báta af öllum stærðum og gerðum, en þá verða menn að gera upp við sig í hvaða kerfi þeir ætla að vera. Ég þekki það mætavel, alin upp úti á landi í sjávarbygðarlaga þar sem voru margir vertíðarbátar þegar ég var ung, að menn voru stoltir þegar þeir voru komnir upp í 200 tonna vertíðarbáta úr kannski 30 tonna vertíðarbátum. Þeir fundu mikið öryggi í því og vinnuaðstaða og annað var breytt, og þessir bátar gátu auðvitað stundað sjóinn með allt öðrum hætti.

Síðan breyttist þetta allt — og það er nú vinsælt hjá mér og fleirum að kenna kvótakerfinu um margt, en það breyttist samt margt í kjölfarið. Sá floti vertíðarbáta sem voru í ágætisstærð til að sækja sjó í þessum sjávarbyggðum, er nærri horfinn. Hann er orðinn mjög lítill. Þessir hefðbundnu vertíðarbátar, sá floti sem er eins og maður þekkti herna áður fyrr, eru kannski fyrst og fremst að koma nú á Vestfjarðamið frá Suðurnesjunum, t.d. Grindavík, og sækja þar sjó.

Ef menn vilja koma sér upp öflugum vertíðarbát sem getur róid í frekar vondum veðrum og eru öruggari og eru úti lengur en innan við sólarhring verða þeir líka að horfa til þess að þá falli þeir inn í aflamarkskerfið. Þetta eru mín sjónarmið í málinu. Ég mun alltaf standa vörð um að aðbúnaður sé sem bestur hjá fólki til lands og til sjávar. Andstaða mín við að þessir bátar fari upp í allt að 30 brúttótonn byggist á því að ég óttast að það kerfi sem er í dag byggt á smábátaútgerð muni ekki verða samt eftir það. Eftir einhver missiri eða ár muni verða þrýstingur á að menn fái að veiða með öðrum veiðarfærum en eru í dag, en í dag má einungis veiða í krókaflamarkskerfinu á krókum. Þegar bátarnir verða stærri fari menn að gera kröfu til þess að fá að veiða með öðrum veiðarfærum og þannig verði munurinn á þessum kerfum ekki til staðar þegar fram í sækir og þrýstingur verði á að steypa þessu öllu í eitt mót. Það er það sem ég er fyrst og fremst að tala gegn. Ég vil standa vörð um öflugt krókaflamarkskerfi en menn þurfi þá líka að fara eftir þeim reglum sem gera að verkum að haft er um það sérstakt kerfi.

Ég tel að hægt sé bæta mjög úr allri vinnuástöðu, aðbúnaði og öryggismálum þó að menn fari ekki upp í 30 brúttótonn enda hafa komið kvartanir frá þeim aðilum sem hafa verið á sjó á bátum sem hafa verið stækkaðir að menn hafi því miður, þegar upp var staðið, ekki endilega verið að hugsa um aðbúnað sjómanna heldur að koma sem mestum afla fyrir um borð og ýmislegt hefði gleymst sem hefði mátt vera til að bæta betur aðstöðu sjómanna.

Ég vil vísa málinu til nefndar aftur og hyggst leggja fram breytingartillögu við 3. umr.

[14:52]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég hef nú alltaf lúmskt gaman af því þegar við ræðum um sjávarútvegskerfið á Íslandi. Það kerfi er alveg með ólíkindum og menn þurfa ekki annað en að lesa 1. gr. frumvarpsins til að átta sig á því hvað þetta eru orðin mikil ólíkindi.

Reyndar er ég mjög hrifinn af þessu sem stærðfræðingur, þarna er mjög skemmtileg stærðfræðiformúla, meira að segja log<sub>10</sub> V er notað, en í tillögum meiri hlutans á það að hverfa, svo að ég sakna stærðfræðinnar.

Ég vil spyrja hv. þingmann sem vill halda í gamla kerfið. — Herra forseti. Ég ætlaði að ræða við hv. þingmann í andsvari.

Hv. þingmaður talar um að hún sé hlynnt kvóta Byggðastofnunar sem er í tillögum meiri hlutans. Þá vil ég spyrja hana: Hvernig er stjórn Byggðastofnunar kosin og gæti ég komist þangað inn? Mér telst til að það verði ansi mikil hlunnindi að geta gefið peninga svona.

Síðan vil ég spyrja hana um strandveiðar. Nú vill svo til að strandveiðar eru sóknarmark, ekki aflamark eins og heildarkerfið. Það fer mjög illa saman vegna þess að þeir sem eru á sóknarmarki gætu landað úr aflamarksbátunum í þoku, gætu veitt hratt og vel og hinir selt þeim aflann á miðunum.

Ég vil spyrja hana um strandveiðarnar og sóknarmarkið varðandi öryggi og aðbúnað sjómanna. Nú eru kannski mörg hundruð bátar á sjó í einu. Hvað gerir Landhelgisgæslan ef það brestur á stórviðri og hún þarf kannski að sinna tíu bátum samtímis; einn hér, annar þar? Hvað gerir hún, hverjum sinnir hún fyrst? Er þetta ekki stórhættulegt?

[14:54]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Lilja Rafney Magnúsdóttir) (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningar hans. Fyrst um Byggðastofnun og byggðakvóta. Ég tel að Byggðastofnun hefði mátt miklu fyrir vinna að því að fyrirbyggja erfiðleika. Í frumvarpinu er talað um að Byggðastofnun komi að málum áður en vandræðin verða meiri og erfiðari og það tel ég vera mjög af hinu góða. Til þess er Byggðastofnun hugsuð, að hún komi líka með fyrirbyggjandi aðgerðir. Með þessum byggðakvóta er farið í þau sjávarbyggðarlög og fyrirtæki sem eru illa stödd, farið í fjárhagslega endurskipulagningu og veittur stuðningur, jafnvel til þriggja ára, meðan fyrirtækin eru að reisa sig á fætur, því að það getur verið mjög dýrt fyrir samfélagið ef fyrirtækin rúlla yfir.

Til Byggðastofnunar er kosið af Alþingi og ég vona að hv. þingmaður, ef áhugi er fyrir hendi hjá honum, geti komist þar að í stjórn. Ég sat þar í stjórn á árum áður.

Við þekkjum það í strandveiðunum að ákveðið magn er lagt til í þeirra sem deilist út á fjóra mánuði. Í því frumvarpi sem var lagt upp með af fyrri meiri hluta atvinnuveganeftndar og fyrrverandi hæstv. atvinnuvegaráðherra var gert ráð fyrir að styrkja strandveiðarnar með að setja þær í hlutdeild.

Strandveiðar hafa sannað sig. Strandveiðimenn vita að þeir geta ekki róid í hvaða veðrum sem er, en við settum inn í það frumvarp þann öryggisventil að menn hefðu í fyrstu tveimur mánuðum tímabilsins fasta daga sem þeir gætu valið sér þegar veður væru vályndari, eins og í maí og júní, til að stefna mönnum ekki í einhverja keppni.

[14:56]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er ánægður með að hv. þingmaður skuli staðfesta grun minn um að Byggðastofnun sé ætlað að eyða og tapa skattfé, en þannig hefur hún unnið. Henni er ætlað að tapa skattfé. Hér koma styrkir til viðbótar þannig að hér er enn frekar verið að láta skattgreiðendur borga tap af rekstri fyrirtækja. Það yrði kannski áhugavert, af því að ég er nú þingmaður Reykjavíkur suður, ef kaupmenn sem margir lenda í vandræðum gætu fengið svipaða styrki þegar þeir eru búnir að reka fyrirtækin sín í þrot.

Varðandi öryggi sjómanna þá hefur óveður ekki brostið á en það hefur gerst á Íslandi og þótt Veðurstofan sé mjög góð og spái yfirleitt rétt hefur það gerst, sérstaklega þegar veðurfar er óstöðugt, að stórviðri brestur á allt í einu þegar enginn á von á því. Það hefur gerst í Íslandssögunni. Þá kemur upp spurningin um að hafa svona litla koppa úti um allan sjó, þeir eru að hámarki 20 tonn í dag. Hér er gert ráð fyrir að þeir fari upp í 30 tonn, það eru reyndar orðin dálítill skip enda mikil stækkun.

Hvað gerist ef aðstoða þarf kannski 20, 30, 40 báta samtímis? Hvernig ætla menn að aðstoða Landhelgisgæsluna og slysavarnafélögin í þeirri síðferðilegu klemmu, hverjum á að hjálpa fyrst?

[14:58]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Lilja Rafney Magnúsdóttir) (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningarnar. Sem betur fer hafa ekki orðið alvarleg slys í strandveiðum en auðvitað gerir hætta ekki alltaf boð á undan sér og menn þurfa að fara gætilega. Því miður hafa orðið alvarleg slys í útgerð og þá er ekki alltaf um litlar útgerðir að ræða heldur af öllum stærðum og oftar en ekki er þar um að ræða mannleg mistök. En sjómenn við Íslandsstrendur þurfa nú eins og áður að fylgjast með veðri og gera út í samræmi við það, láta ekki kappið eitt saman ráða ferðinni.

Hv. þingmaður kemur inn á að fjármunum Byggðastofnunar sé ekki vel varið og verið sé að gefa skattfé þjóðarinnar. Ég get ekki tekið undir það. Við erum samfélag og það er líka dýrt þegar samfélög af einhverjum orsökum eiga undir högg að sækja. Skaðinn fyrir okkur sem þjóð getur orðið meiri þegar upp er staðið ef menn grípa ekki inn í.

Það þurfti aldeilis að grípa hér inn í þegar hrúnið varð vegna ákveðinna aðila í þjóðfélaginu. Þá sat samfélagið uppi með það og nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að gefa skattfé með því að lækka veiðigjöld af vel greiddi fyrirtækjum. Ef eitthvað er er þar verið að tala um að gefa skattfé sem annars hefði nýst vel til samfélagsins og uppbyggingar þess. Svo það er ekki sama hvor er, Jón eða séra Jón.

[15:00]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég hef tekið þátt í vinnu þess frumvarps til laga sem nú er til umræðu, nefndarálita og breytingartil-lagna sem hafa komið frá hv. atvinnuveganefnd, og er auð-vitað, eins og hér kemur fram, af sama meiddi og frumvörp sem við unnum í á síðasta þingi en kláruðum því miður ekki út af ástæðum sem ég ætla ekki að ræða um og lengja með því umræðuna.

Verið er að framlengja mörg ákvæði og setja fram þar sem vitnað er til frumvarpa sem voru hér á síðasta þingi. Aðalatriðið sem ég ætla að gera að umtalsefni er stærðar-mörkin. Ég hef hlustað á öll þau rök sem hafa komið í nefndinni og lesið öll þau gögn sem hafa komið með og á móti, og gögn sem hafa komið frá Landssambandi smábáta-eigenda, sem hafa varað við þessu vegna þess að þetta geti þýtt meðal annars meiri samþjöppun, þ.e. ef bátarnir stækki geti þeir keypt upp fleiri litla og þannig yrði samþjöppun í greininni. Mér heyrðist það hafa verið líka í ræðu hv. þm. Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur áðan.

Ég tel, virðulegi forseti, að ekki sé samhengi þarna á milli. Ég held einfaldlega að það séu aðilar í krókaaf-lamarkinu með litla báta sem vilja hætta og selja sig út úr greininni. Þá skipti engu máli hvort báturinn er 15 metrar og 20 brúttótonn eða 15 metrar og 30 brúttótonn. Það verður fyrst og fremst hjá þeim sem vill selja sem ákvörðunin verður tekin og svo er einhver sem vill kaupa. Svo getum við aftur haft þær skoðanir á kvótakerfinu hvort það eigi að geta átt sér stað að þeir sem hafa þessar heimildir sem þjóð-in á geti selt þær frá sér. Þar hef ég haft ákvæðnar skoðanir en ætla heldur ekki að lengja umræðuna með því að fjalla um það en vísa í fyrri umræður og annað slíkt, meðal annars um veiðileyfagjöld.

Ég styð umrædda stærðarbreytingu þó að ég hafi skrifað upp á nefndarálitið með fyrirvara. Það var eingöngu vegna þess að á fundi nefndarinnar í gær gerði ég mér ekki grein fyrir að taka ætti það þar út og hafði ekki lesið nefndar-álitið, en í stuttri yfirferð nefndarritara held ég að það hafi komið fram þannig að ég geti alveg stutt þetta.

Þarna er í raun og veru, virðulegi forseti, verið að festa í lög að bátar í krókaafلامarki verði að mestri lengd 15 metr-ar og að hámarki 30 brúttótonn. Fram kom í nefndinni að þessir bátar geti verið um 4,60, hámark 4,70, á breidd til að vera innan þessara marka. Það tel ég og hef fengið upplýs-ingar frá sjómönnum sem róa á svona bátum að sé betra en eins og var í frumvarpinu þar sem talað var um hámarks-breidd 4,10. Ég held einfaldlega að þeir bátar hefðu verið of mjóir, það hefði komið niður á sjóhæfni og síðast en ekki síst niður á vinnuástöðu sjómanna. Ég held að töluvert sé í að sækja að fá meiri breidd, ég tala nú ekki um þar sem um línubáta er að ræða, og að þá skapist það sem menn hafa talað um pláss til að koma með blóðgunarkar sem er ákaf-lega mikilvægt hvað varðar meðhöndlun fisks og eykur gæðin.

Einnig hafa komið fram sem gagnrýnisraddir, og á þær hef ég hlustað mjög, að með þessum breytingum sé verið að stíga það skref að það næsta hjá þeim aðilum sem eru með skip af þessari stærð og eru í krókaafلامarkinu verði að banka á dyr stjórnvalda og biðja um að fá að færa sig

upp í stóra kerfið og þeir hætti þá að vera krókaafلامarks-bátar og veiða á krók og geti þá farið á net eða eitthvað annað og búið kannski til meiri söluverðmæti. Þess vegna fagna ég þessu mjög og það kemur inn eftir ábendingum frá mér í nefndinni og spurningum til forustumanna Landssam-bands smábátaeigenda, sem tóku mjög undir það sjónarmið að til bóta væri að festa það hér inn. Þess vegna er það í nefndarálitinu og ég minni á að álit nefndarinnar er um leið lögskýringargagn. Það segir þá líka um vilja þeirra sem skrifa upp á nefndarálitið, fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Fram-sóknarflokks, minn sem fulltrúa Samfylkingar — ég held að fleiri hafi ekki skrifað upp á það frá öðrum flokkum — að þar kemur fram skýr viljayfirlýsing.

Á bls. 3 í nefndarálitinu undir kaflanum Niðurstæða, stendur, með leyfi forseta:

„Tekið skal þó fram að tillögur meiri hlutans stefna ekki að því að gera handhöfum krókaafلامarks fært að færa sig yfir í aflamarkshluta fiskveiðistjórnkerfisins heldur grundvallast þær á sjónarmiðum um öryggi sjómanna og gæði sjávaraflla.“

Það er mjög mikilvægt að hnykkja á þessu í nefndarálit-inu og það komi fram, vegna þess að með því erum við í raun og veru að koma til móts við það sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir nefndi áðan, að við erum að standa vörð um krókaafلامarkskerfið. Við ætlum að hafa þessi tvö kerfi þó svo að sjálfsögðu löggjafinn sé ekki að skipta sér af því hverjar stærðir skipa í krókaafلامarkskerfi eigi að vera, alveg eins og við skiptum okkur ekki af stærðum skipa í aflahlutdeildarkerfinu. Það er þróun sem hefur átt sér stað við smíði þessara báta, sem ég held að séu flestir ef ekki allir smíðaðir á Íslandi, af okkur sem þróum þá báta. Við þekkjum þá og okkur finnst stórkostlegt hvað hefur átt sér stað.

Ég hef talað um, virðulegi forseti, að þeir stærri bátar geti keypt upp þá minni, ég er búinn að svara því, ég held að það hafi ekki áhrif þarna. Með því að vera á nefndarálit-inu kemur fram það sjónarmið mitt er lýtur að öryggi sjó-manna og gæðum sjávaraflla, það er veigamikil atriði, og síðast en ekki síst til að koma í veg fyrir að menn séu með þær aðferðir sem þeir hafa notað hingað til með alls konar kóssum, svólum, síðustokkum og fleiru sem reiknuðust ekki inn í mælingu þeirra samkvæmt verklagsreglum Sigl-ingastofnunar.

Hér er komið til móts við það og það er vel, held ég. Sjóhæfni bætist þá líka. Fram hefur komið að þeir bátar sækji lengra út á miðin, meðal annars til að forðast ýsu sem ekki er allt of mikið af núna. Bátarnir fara töluvert langt frá landi og við sem fylgjumst með fiskveiðum sjáum að þeir bátar og sjómenn koma að landi vestur á fjörðum með 20–25 tonn.

Með því að taka út þá reglu sem kennd var við Evrópu-sambandið, þ.e. þá reiknireglu sem hv. þm. Pétur H. Blönd-dal saknaði líka út frá stærðfræðiformúlum um dýptina, þ.e. 1,85, kom fram — ég hygg að það hafi ráðið úrslitum hjá nefndarmönnum að fara aftur í þá reglu — að menn eru þá ekki að lækka dekkhæðina vegna einhverra annarra atriða sem verið er að gera í hönnun og smíði skipsins.

Þetta eru veigamestu atriðin, virðulegi forseti, í afstöðu minni til málsins, ég hafði þá skoðun líka á síðasta þingi og

það kom fram við 1. umr. málsins. Þá lýsti ég því að eftir að það mál var tekið úr nefnd kom ósk í nefndinni, eftir að ég var kominn þar aftur til starfa og tekinn við stjórn nefndarinnar, og það var rætt á einum fundi nefndarinnar þar sem sjö nefndarmenn af níu voru mættir þar sem allir voru sammála um að fara í þessa breytingu á stærðarmörkunum, þó svo að ég vilji hafa einn fyrirvara á. Það var um hvort brúttótonnin yrðu 20, 25 eða 30. Ég man það hreinlega ekki hvað við vorum komin langt í því en ég man vel að við yrðum að hafa brúttótonn, hnyta þau aftan við þannig að ekki verði smíðað skip, eins og menn sögðu, sem væri þá kannski bara 15 sinnum 15, sem yrði nú ekki mjög rennilegt og fallett skip en svona aðeins ýkt.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta mundi alveg nægja mér til að setja fram sem rökstuðning í þessu máli. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að mikil þróun hefur átt sér stað í byggingu og smíði þessara báta og það er sjálfsagt að leyfa því að þróast áfram og koma þess vegna til móts við þetta. Þar með er komið til móts við þær áfingar sem menn hafa haft, eins og ég nefndi áðan, með ýmiss konar aðferðir til að breyta þessu. Við vitum það að verið er að byggja báta í dag sem þá þetta tekur út og kemur til móts við þessi atriði.

Um önnur atriði vil ég ekki fjölyrða en er auðvitað sammála því sem hér kemur fram, sem er þó ekkert sérstaklega vel orðað, Bygðastofnunarbyggðakvóta, sem er hugsað til Bygðastofnunar til að koma til móts við fámenn byggðarlög sem eru á varnarsvæðum sem hafa átt við mikinn vanda að etja um langt árabíl og nægir þar að nefna Raufarhöfn. Ég hef lengi haft þá skoðun líka að til eigi að vera frátekinn kvóti sem hægt er að veita til þessara minnstu byggðarlaga sem hafa lent í vandræðum og kvóti hefur verið seldur frá eins og Raufarhöfn. En þá þurfi sá kvóti að vera þannig að honum sé úthlutað lengur en til eins árs í senn. Hann gæti þurft að vera alveg fimm ára kvóti þess vegna, þannig að fiskverkendur og aðrir geti unnið út frá því að þetta sé ekki bara til eins árs og enginn viti hvað gerist 1. september þar á eftir.

Sömuleiðis um eignarhald á fiskiskipum á strandveiðum, eins og kemur fram í 2. gr. þar sem fjallað er um það. Ég vona að það sem þarna er sett inn dugi til þess að uppfylla það sem ég held að allir vilji ná fram. Strandveiðarnar voru aldrei hugsaðar sem fjöldi báta í einu hlutafélagi eða eitthvað svoleiðis eða ein kennitala með marga báta, heldur var þetta hugsað í raun og veru fyrir eigandann. Ég vona, virðulegi forseti, að áður en forseti lýðveldisins skrifar undir þetta frumvarp og gerir það að lögum verði menn ekki búnir að finna leið fram hjá því sem við höfum ekki séð fyrir hér og nú.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég láta duga um nefndarálitid og þær breytingartillögur sem hér eru. Eins og ég sagði stend ég að nefndarálitinu með fyrirvara, ég hef útskýrt hvers vegna hann er. Að öðru leyti lýsi ég því yfir að ég mun styðja þá breytingartillögu sem hér kom fram og þær aðrar greinar sem hér eru settar inn, eins og með Bygðastofnunarbyggðakvóta.

[15:12]

### Valgerður Gunnarsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Í tengslum við þessa umræðu langar mig að minna á mikilvægi sjávarútvegs fyrir byggðir og bæi landsins og þátt greinarinnar í fjárfestingu og uppbyggingu í þeim samfélögum.

Hv. stjórnarandstöðupingmenn hafa ítrekað farið mikinn um meinta ætlan hæstv. ríkisstjórnar um að færa útgerðinni tíu milljarða á silurfati og að hún ætli ekkert að gera fyrir heimilin. Ég vil því segja þetta: Fjölmörg heimili hringinn í kringum landið byggja afkomu sína á sjávarútvegi og kringdum greinum. Sterk staða sjávarútvegs er mikilvæg fyrir þau heimili, sveitarfélögin og ríkissjóð.

Hv. stjórnarandstöðupingmenn gera ekki greinarmun á stórum, meðalstórum og litlum útgerðarfyrirtækjum en tala einungis um útgerðarfyrirtæki landsins sem eina heild og mikinn gróða útgerðarinnar í eintölu. Afkoma lítilla og meðalstórra útgerðarfyrirtækja um land allt á undir högg að sækja og ljóst að þeim fer fækkandi af fjárhagslegum ástæðum sem þýðir að grafið er undan heimilum þeim tengdum.

Atvinnutæki í sjávarútvegi eru gríðarlega mikil fjárfesting og dýr. Kringum hverja útgerð eru mörg störf og margfeldisáhrif ná út í öll þau samfélög sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Ég er alin upp í fjölskyldu sem byggði afkomu sína á sjávarútvegi, þekki þær fórnir, strit og erfiði sem oft og tíðum fylgja þessari atvinnugrein og ég ber mikla virðingu fyrir því fólki sem við hana starfar. Mér finnst að við ættum að gæta orða okkar þegar við tölum um þetta fólk sem skilar fullkomlega sínu til samfélagsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:15]

### Útbýting:

Bjargráðasjóður, 22. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 28.

Kostnaður við fjölgun ráðherra, 21. mál, fsp. SJS, þskj. 26.

Meðferð einkamála, 2. mál, nál. allsh.- og menntmn., þskj. 27.

Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 11. mál, nál. meiri hluta allsh.- og menntmn., þskj. 25.

Fundi slitið kl. 15:16.

## 10. FUNDUR

föstudaginn 21. júní,  
kl. 11 árdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 23. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða o.fl., stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 21 og 24, brtt. 22. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð einkamála, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 27. — 2. umr.
5. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 25. — 2. umr.
6. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þáttill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
7. Merking á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, þáttill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.

### Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.  
Brynhildur Pétursdóttir, 10. þm. Norðaust.  
Elín Hirst, 13. þm. Suðvest.  
Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.  
Haraldur Benediktsson, 4. þm. Norðvest.  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.  
Katrín Jakobsdóttir, 3. þm. Reykv. n.  
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.

### Tilhögun þingfundar.

[11:01]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Í dag verður gert hádegishlé á milli kl. eitt og tvö vegna nefndafunda.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[11:01]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, heilbrigðisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra.

### Breyting á stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslur.

[11:01]

#### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að bjóða hæstv. forsætisráðherra velkominn heim og vona að honum hafi ekki orðið meint af veru sinni í útlöndum.

Til umfjöllunar hjá okkur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er frumvarp sem samþykkt var á síðasta þingi um

breytingu á stjórnarskrá sem kom í framhaldi af þeim góðu tillögum sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd var með í stjórnarskrármálunum og átti að vera leið til þess að halda því máli áfram. Nokkur umræða hefur skapast um það að mögulega mætti ná sátt um a.m.k. einstaka þætti úr þeim tillögum.

Mér leikur forvitni á að heyra afstöðu forsætisráðherra til þess og þá kannski sérstaklega þess atriðis sem nefnt hefur verið og varðar þjóðaratkvæðagreiðslur vegna þess að hæstv. forsætisráðherra er sem kunnugt er áhugamaður um beint lýðræði.

Tillaga stjórnlagaráðsins var um það að 10% kjósenda gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilsverð mál og það var jafnframt tillaga stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Ég vildi spyrja forsætisráðherra hvort það sé forgangsmál í hans huga að Alþingi lögfesti, hvort sem er með breytingum á stjórnarskrá eða með almennum lögum, rétt kjósenda til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilsverð mál og hvort þetta viðmið, 10%, sé eitthvað sem hann telji vera rétt og eðlilegt viðmið. Nú kunna að liggja fyrir yfirlýsingar af hálfu hæstv. forsætisráðherra um þetta efni en hann verður þá að afsaka ókunnugleika minn í því.

Sömuleiðis vil ég spyrja hvort hæstv. forsætisráðherra telji að einhver málefni henti ekki vel til þjóðaratkvæðagreiðslu, en menn þekkja jú umræðu um það. Þá spyr ég kannski sérstaklega um þjóðréttarsamninga eða skattamál. Telur hann að annaðhvort þjóðréttarsamningar eða skattamál henti illa í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Telur hann það forgangsmál að fólki fái þann rétt að kalla mál til atkvæðagreiðslu og eru þá 10% kjósenda hæfilegt viðmið eða vildi hann sjá það 15% eða 5%?

[11:03]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar hefði nú getað sleppt því að eyða fyrri spurningu sinni í leikrit til þess að undirbúa þá spurningu sem væntanlega kemur í kjölfarið. Ég gæti svarað báðum spurningum strax ef hv. þingmaður vill að ég sari tíma.

Afstaða mín til þjóðaratkvæðagreiðslu og beins lýðræðis liggur fyrir eins og hv. þingmaður nefndi reyndar sjálfur, ég hef alloft tjáð mig um það. Ég hef meðal annars tjáð mig um þessi 10% mörk eða viðmið og talið þau heldur lág og fleiri hafa bent á það. Margir þeirra sérfræðinga sem hafa metið þau frumvörp sem hafa verið til umræðu, og tillögur, hafa bent á að 10% viðmiðið geti reynst heldur lágt og jafnframt ítrekað mikilvægi þess að menn búi þannig um hnutana að þjóðaratkvæðagreiðslufyrirkomulagið verði ekki nýtt til þess að minni hluti í samfélaginu verði á einhvern hátt kúgaður, verði fyrir barðinu á þessu fyrirkomulagi, eins og bent hefur verið á að stundum vilji brenna við þegar menn fara ekki varlega í reglusetningu hvað þetta varðar. Menn þekkja dæmi frá Sviss þar sem er mikil og löng hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum. Það hefur þó gerst þar að minnihlutahópar í samfélaginu hafa orðið fyrir barðinu á því hvernig þjóðaratkvæðagreiðslur hafa verið notaðar. Menn þekkja líka dæmi um slíkt frá Kaliforníu.

Það er því að ýmsu að hyggja eins og við höfum rætt, ég

og hv. þingmaður, hér um nokkurra ára skeið í tengslum við þessa umræðu en afstaðan um mikilvægi þess að auka beint lýðræði er óbreytt.

[11:05]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Enn er ósvarað spurningunum: Er það forgangsmál af hálfu hæstv. forsætisráðherra að lög-festa, hvort sem er með almennum lögum eða í stjórnarskrá, rétt kjósenda til að krefjast atkvæðagreiðslu um meiri háttar mál? Ef honum þykir 10% of lágt, þykir honum þá 15% hæfilegt? (Gripið fram í.) Og telur hæstv. ráðherra að einhver tiltekin mál eins og skattamál eða þjóðréttarsamningar eigi ekki heima í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Virðulegur forseti. Í guðanna bænum, ekki skildi ég forsætisráðherra þannig að viðvaranir um kúgun meiri hlutans á minnihlutahópum væri tilvísun til Landssambands íslenskra útvegsmanna?

[11:06]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Við þekkjum þessa leiki hv. þm. Helga Hjörvars mjög vel, þessar tilraunir til þess að koma eins og einni góðri setningu, „sámbæti“, í fréttirnar úr fyrirspurnatíma. Oft og tíðum virðast spurningarnar miklu frekar snúast um það sem hv. þingmaður vill koma í fyrirspurn sinni í fjölmiðla en raunverulegan áhuga á því að fá svar.

Ég hef útskýrt það fyrir hv. þingmanni að það þurfi að huga að ýmsu samhliða því þegar menn auka beint lýðræði. Ég held að hv. þingmaður sé sammála mér um að það þurfi að koma í veg fyrir að minni hluti í samfélaginu geti orðið fyrir barðinu á meiri hluta sem nýtir þetta fyrirkomulag. Það að gefa í skyn að með því sé verið að tala um einhverja tiltekna aðila sem hv. þingmaður leggur hart að sér þessa dagana að sverta er að mínu mati ómaklegt. Að sjálfsögðu er ég ekki að gefa það í skyn, að sjálfsögðu er ég ekkert að tengja þetta saman.

*Friðlýsing Þjósárvera.*

[11:08]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Það tekur tíma að undirbúa friðlýsingu. Stækkun friðlandsins í Þjósárverum þar sem Hofsjökull allur verður hluti friðlandsins hefur verið í undirbúningi um árabil. Vinnan hefur verið á grundvelli náttúruverndaráætlunar sem samþykkt var árið 2009 og svo verndarflokks rammaáætlunar síðan í vetur sem leið þar sem Norðlingaalda fór í verndarflokk.

Í aðdraganda sem þessum þarf Umhverfisstofnun að eiga samskipti og fundi við gríðarlega marga, sveitarfélög og hagsmunaaðila, og opna fyrir umsagnir og athugasemdir, allt samkvæmt lögum í íslensku lögbókinni.

Stækkun friðlandsins í Þjósárverum á sér langa sögu. Í raun má segja að baráttan hafi staðið í ríflega 40 ár og hægt og bítandi hafi þeim skilningi vaxið ásmegin að verin beri að vernda enn frekar og tryggja stöðu náttúrunnar þar fyrir

komandi kynslóðir. Eftir ferillinn langa er boðað til hátíðar á lengsta degi ársins, bjartur dagur, boðið til undirritunar og til veislu. Sveitarstjórnarmenn og heimamenn undirbúa og þrúðubást. Starfsfólk Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, allir þingmenn o.fl. fengu boðskort sem er prýtt glæsilegri yfirlitsmynd af þessu einstaka svæði. Það verður enginn samur eftir að upplifa Þjósárver, árnar, gróðurinn og fjöllin og Arnarfell hið mikla og blómabreiðuna. En kvöldið fyrir athöfnina birtist viðtal við ráðherra, ekki umhverfis- og auðlindaráðherrann sem fer með málefni náttúruverndar, nei, það birtist viðtal við iðnaðar- og viðskiptaráðherra Sjálfstæðisflokksins um það að hún sé margbúin að biðja umhverfisráðherrann að endurskoða áform sín. Hvað gerist í ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar? Iðnaðaráðherrann ræður dagskrá umhverfisráðherrans og friðlýsingu er frestað. Veitingar settar í frysti og sparifötin inn í skáp. Hér er enn eitt dæmi um það hversu undarlega umhverfismálum er skipað í nýrri ríkisstjórn. Náttúruverndarmál mæta afgangi.

Ég spyr því: Hver er afstaða forsætisráðherrans varðandi friðlýsingu Þjósárvera og hversu langan frest telur hann eðlilegt að taka áður en friðlýsingin verður staðfest?

[11:10]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Afstaða mín í þessu máli er sú sama og í svo mörgum öðrum, að það sé ákaflega mikilvægt að vinna hlutina faglega og huga að samráði við hina ýmsu aðila sem málum tengjast.

Af því að sérstaklega er spurt um fyrirhugaða friðlýsingu Þjósárvera þá ætti hv. þingmanni að vera það ljóst að ástæðan fyrir því að þessari friðlýsingu var frestað var sú að erindi bárust frá sveitarfélögum og frá Landsvirkjun þar sem bent var á að töluvert hefði vantað upp á að fylgt hefði verið eftir áformum um samráð við þessa ákvarðanatöku. Í ljósi þess að Umhverfisstofnun hefur fram að þessu lagt ríka áherslu á vandaðan undirbúning við friðlýsingar og gott samráð við hagsmunaaðila töldu menn einfaldlega eðlilegt að bregðast við því og gefa fólki tækifæri til að koma ábendingum sínum á framfæri.

Það er reyndar fjallað um þetta í náttúruverndarlögum, þ.e. undirbúning og framkvæmd friðlýsingar. Þar kemur fram að við skoðun ráðuneytis sé mikilvægt að taka tillit til athugasemda og sé uppi verulegur vafi á því hvort málsmeðferðarreglum þeirra laga hafi verið fylgt með fullnægjandi hætti við undirbúning friðlýsingar sé full ástæða til að staldra við og skoða málin nánar. Hér eru menn í rauninni bara að vinna í samræmi við löginn og í samræmi við það markmið að vinna með fólki að því að gera skynsamlegar breytingar sem verða vonandi samfélaginu öllu til hagsbóta.

[11:12]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég skil hann þannig að hann líti svo á að þetta snúist um óverulega frestun á undirrituninni. Yfirbragðið er dálítið vandræðalegt finnst mér. Það er farið að safnast dálítið á langan lista vandræðamála nýrrar ríkisstjórnar og umræðan

um fagmennsku og samráð á stundum við en stundum ekki. Það átti ekki við þegar mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram frumvarp um breytingu á stjórn RÚV, þá þurfti ekkert samráð og enga fagmennsku. Hér erum við farin að sjá gamla hlutverk Framsóknar teiknast upp þar sem Framsókn styður Sjálfstæðisflokkinn í öllum málum hans.

Þess vegna er spurt hér að lokum: Hvar eru frumvörp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra varðandi bætur almannatrygginga?

[11:13]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**  
**(F):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður fer úr einu í annað. Tilgangurinn virðist fyrst og fremst vera sá að draga upp einhverja mynd sem samræmist þeim fordómum sem núverandi stjórnarandstaða vill gjarnan koma til skila, renna stoðum undir málflokkning sem núverandi stjórnarandstaða hefur á undanförmum árum varið töluverðum tíma í að reyna að byggja upp og getur svo ekki á sér setið að fylgja eftir núna í nýju hlutverki. (Gripið fram í.)

Til að svara spurningunni á einfaldan hátt vegna þess að ég þarf ekki meira en 10 sekúndur, ég á enn 20 sekúndur eftir, þá getur hv. þingmaður verið alveg róleg varðandi frumvörp félags- og húsnæðismálaráðherra sem munu skila sér í tæka tíð. Vonandi leggst stjórnarandstaðan ekki í málþóf gegn þeim frumvörpum (Gripið fram í.) Þó að þetta hafi ekki byrjað vel með málþófi strax á fyrsta máli.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þingmanns um vinnu við friðlýsingu þá ítreka (Forseti hringir.) ég fyrra svar. Þar vinna menn þetta að sjálfsgöðu faglega og (Forseti hringir.) í samráði.

*Málefni ferðaþjónustu.*

[11:14]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni undanfarið gleðjumst við öll yfir góðum árangri í ferðaþjónustunni.

Því miður verður ekki betur séð en að við séum langt á eftir þörfinni fyrir aðstöðu og innviði sem kallar á aukna fjárfestingu innan greinarinnar sjálftrar. Í fjárfestingaráætlun fyrir árin 2013–2015 er áætlað að 2.250 milljónum verði varið til fjárfestingar í ferðaþjónustunni, 1.500 milljónum til uppbyggingar ferðamannastaða og 750 milljónum til innviða.

Fyrir þessu þingi liggur tillaga um að draga til baka hækkanir sem samþykktar voru á virðisaukaskatti á gistiþjónustu. Ég tel það hafa verið óskynsamlega og tilefnislaus tillögu. Við höfum enga þörf fyrir atvinnugrein sem getur ekki lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Við ættum þá að velta fyrir okkur hvort við eigum ekki að fara í einhverjar aðrar greinar ef þær atvinnugreinar sem vaxa hraðast geta ekki staðið undir samfélaginu með okkur hinum.

Eftir að þessi tillaga var lögð fram hófst umræða um gjaldtöku á ferðamannastöðum. Mig langar því til að spyrja hæstv. ráðherra að eftirfarandi: Hvaða upphæðir eru í huga þeirra sem vinna að þessu? Ég veit að málið er stutt komið

en fólk hlýtur að hafa einhverjar hugmyndir um hvaða upphæðir er verið að vinna með. Hvað á þá að innheimta mikið á hverju ári?

Ég velti því líka fyrir mér hvort menn hafi velt því fyrir sér að kannski er nú þegar tekið gjald. Eða heldur fólk að þegar lagt er í „gullhringinn“ þá sé það bara óvissuferð í rútu? Það er náttúrulega búið að selja því fólk aðgang að þeim dýrmætu náttúruperlum okkar. Ég velti fyrir mér hvort menn hugi að þessu í (Forseti hringir.) vangaveltum sínum um gjaldtöku á ferðamenn.

[11:16]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurn um þetta mikilvæga mál. Það er ekki alveg rétt sem fram kemur hjá hv. þingmanni að þetta sé eitthvað sem umræða er að hefjast um núna, þvert á móti hefur umræða um þetta verið í gangi í um það bil 50 ár eftir því sem mér skilst af viðbrögðum sem ég hef fengið frá því að ég tók við embætti, en það hefur ekki komist nein niðurstaða í þetta mál.

Umræðan snýst um þetta og núna er þetta orðið mjög brýnt og aðkallandi vegna þess að fjölgun ferðamanna síðastliðin ár hefur verið gríðarleg. Við erum að fara úr 300 þús. ferðamönnum árið 2003 í það sem spáð er núna, 800 þús. ferðamenn tíu árum síðar. Við hverju þarf að bregðast? Það þarf að bregðast við því að við viljum vernda náttúruna okkar, sem er söluvaran, við viljum tryggja öryggi ferðamannanna sem hingað koma — við höfum séð allt of mörg dæmi þess að ferðamenn hætta lífi sínu og limum til þess að ná flottri mynd sem næst fossinum eða næst einhverju sem er sérstakt í náttúru okkar — og í þriðja lagi þarf að tryggja uppbyggingu á ferðamannastöðum.

Það sem hv. þingmaður spyr um er: Hversu mikið á að innheimta? Hversu mikið á að koma í kassann? Þetta eru spurningar sem ég get ekki svarað svo að ég sé algjörlega heiðarleg með það. Það sem verið er að fara af stað með núna í ráðuneytinu er að skoða þær mismunandi leiðir sem til eru, allt frá því að vera hugmyndir um einhvers konar náttúruperla sem væri þá hóflegt gjald á alla sem koma, hvort það ætti að vera á Íslendinga líka eða bara útlendinga er enn í formi spurningar og hefur ekki verið svarað.

Síðan er spurningin: Dugar það til? Er það lausnin eða þurfum við að setja upp einhvers konar gjaldtöku á fjölsóttustu ferðamannastöðunum sem verða fyrir mesta áganginum? Það er þá önnur spurning sem ég viðurkenni fúslega að ég er ekki með svörin við en fer inn í þessa vinnu. (Forseti hringir.) Punkturinn er þessi: Nú er kominn ákveðinn vilji, (Forseti hringir.) m.a. innan greinarinnar sjálftrar, til að skoða þetta heildstætt (Forseti hringir.) og þar erum við stödd núna.

[11:19]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég virðist vera eitthvað klaufaleg við að koma hlutunum út úr mér vegna þess að mér er alveg fullkunnugt um að þetta hefur verið lengi til umræðu í ferðaþjónustunni. (Gripið fram í.) Ja, umræðan, það er það



sem ráðherra, hún hefur verið að hefja hana núna í fréttum yfir síðustu helgi. Mér er alveg fullkunnugt um að þetta hefur verið lengi til skoðunar og fólk hefur velt þessu fyrir sér. Ég vann fyrir 40 árum í ferðaþjónustu og við veltum þessu meira að segja fyrir okkur þá.

Ég ætla nú bara að biðja ráðherra fyrst engar hugmyndir eru um hvað á að koma í kassann fyrir þetta — við erum að taka 500 milljónir úr kassanum, sem endilega þyrftu ekki að renna til ferðaþjónustu ef það fer í sameiginlegan kassa, en við erum þó að taka það á þessu ári sem hefði getað komið frá gistingu, 1,5 milljarða næstu fjögur ár. Verið er að lækka tekjur ríkisins að minnsta kosti um þá upphæð með tillögunni um að lækka virðisaukaskattinn frá því sem búið var að ákveða. (Forseti hringir.) Ég ætla því að biðja ráðherra um að halda okkur upplýstum, eins og sagt er, um hvaða upphæðir hún er að tala um (Forseti hringir.) strax og hún hefur einhverja hugmynd um það.

[11:20]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill áminna þingmenn um að nota fullnægjandi ávarpsorð þegar rætt er um einstaka þingmenn og hæstv. ráðherra.

[11:20]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Mér er það bæði ljúft og skylt að heita hv. þingmanni því að upplýsa þingheim á öllum stigum þessa máls um framvindu þess og ég vonast eftir góðu samstarfi og jafnvel þátttöku þingsins í þeirri stefnumótun sem er að fara af stað.

Aðeins vegna þess að mér fannst hv. þingmaður blanda saman tveimur hlutum. Varðandi skattalækkun eða afnám 14% skattsins og lækkun niður í 7% aftur á gistingu þá hefur það ekkert með þetta mál að gera. Það er aðgerð sem ríkisstjórnin er að fara í vegna þess að sú skattahækkun fyrir ríkisstjórnar var óvönduð, var í andstöðu við þá sem í greininni vinna og var skaðleg fyrir greinina og flækti skattkerfið — við sjáum það á ummælum meðal annars frá ríkisskattstjóra í morgun að hann fagnar þessu — og þetta hefur mikið óhagræði í för með sér. Þeir peningar hefðu ekki farið í fjölsóttu ferðamannastaði. Þar vil ég hins vegar hrósa hæstv. fyrrverandi ríkisstjórn (Forseti hringir.) fyrir sjóð sem komið var á laggirnar (Forseti hringir.) á síðasta kjörtímabili en ég vil líka nefna það að (Forseti hringir.) ekki hefur enn þá tekist að klára þá fjármuni (Forseti hringir.) sem í þann sjóð voru settir svo það sé sagt hér. Afsakið.

[11:22]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill enn fremur minna hv. þingmenn og hæstv. ráðherra á að virða þau tímamörk sem lögð eru til grundvallar þessari umræðu.

*Fjárfestingaráætlun fyrir ríkisstjórnar.*

[11:22]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegur forseti. Það gladdi óeitanlega grallaraspónan í sálinni á þessum sólskinsdegi að heyrja hæstv. forsæt-

isráðherra, þrátt fyrir þjóðmenningarlegar áherslur, nota orðið „sámbæt“ hér í pontu. [Hlátur í þingsal.] Mér finnst það fyrirspurnarefni sem ég legg fram núna verðskulda mjög mörg sámbæt. Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra um fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar og hver örlög hennar verða.

Við í Bjartri framtíð höfðum ríka aðkomu að því máli, mjög ríkt frumkvæði að því að fjárfestingaráætlunin var gerð. Hún snýst um það að á þremur árum er áætlað að verja 22 milljörðum af arði fjármálafyrirtækja sem eru í eigu ríkisins til fjárfestinga til að efla vaxandi atvinnugreinar í ferðaþjónustu, í skapandi greinum, í tækni- og hugverkaiðnaði, í grænum iðnaði og til byggingar nauðsynlegra fasteigna, m.a. til húsfriðunar sjóðs, og hins vegar að fjármagna með 17 milljörðum á næstu þremur árum af sérstöku veiðigjaldi gerð ýmissa samgöngumannvirkja, eflingu rannsóknar- og tækniþróunar sjóða og sóknaráætlun landshluta.

Það var mér og okkur í Bjartri framtíð mikið ánægjufni þegar þessi fjárfestingaráætlun rataði í öllum megindráttum inn í fjárlög yfirstandandi árs. Áætlunin er því hafin og það er von mín að henni verði haldið áfram. Mér sýnist ég sjá þessar áherslur í stjórnarsáttmálanum.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra: Verður fjárfestingaráætluninni haldið við eða jafnvel gefið í í þeim efnum?

[11:24]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Það hafði farið fram hjá forseta að hæstv. forsætisráðherra hafði brugðið fyrir sig enskri tungu úr ræðustól áðan og vill forseti því að gefnu tilefni, vegna ábendingar hv. þingmanns, vekja athygli á að í 1. mgr. 91. gr. þingskapa Alþingis segir svo: „Þingmálið er íslenska.“ [Hlátur í þingsal.]

[11:25]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Herra forseti. Ókei, ég skil hvað forseti er að segja. [Hlátur í þingsal.] Ég taldi rétt að athuga árveknir hæstv. forseta.

(Forseti (EKG): Ég bið hæstv. forsætisráðherra að íslenska þetta ávarpsorð hér í upphafi.)

Ég fagna því að hæstv. forseti stóðst árvekniprófið sem ég taldi rétt að leggja fyrir hann eftir að hann missti af því þegar ég missti út úr mér nokkur orð á erlendri tungu en mér þótti það viðeigandi í svari til hv. þm. Helga Hjörvars.

Til að svara hv. þm. Guðmundi Steingrímssyni þá er það rétt sem hv. þingmaður nefndi, að margt í þeirri fjárfestingaráætlun sem hv. þingmaður spurði um er ágætt og margt af því raunar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er ekki allt jafn gott í fjárfestingaráætluninni, ekki allt jafn skysamlegt og ljóst er að það mun þurfa að endurskoða þá áætlun eins og aðrar. Það hefur reyndar legið fyrir frá því að áætlunin var rædd í þinginu á sínum tíma að þeir flokkar sem nú eru í ríkisstjórn og voru á sínum tíma í stjórnarandstöðu voru ekki á eitt sáttir við þær tilögur eins og þær voru kynntar þá.

Gerðar voru á þeim lítils háttar breytingar en það mun

þurfa að endurskoða þetta eitthvað meira en þó sérstaklega með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs eins og hún blasir nú við, eins og hún mun þróast að óbreyttu, vegna þess að sú framtíðaráætlun um stöðu ríkissjóðs sem fjárfestingaráætlunin byggði á stent engan veginn. Tekjur verða minni að óbreyttu en gert var ráð fyrir. Útgjöld verða umtalsvert meiri þegar menn taka með í reikninginn þau áform sem fyrrverandi ríkisstjórn samþykkti áður en hún lét af störfum, svo ekki sé minnst á ýmsar væntingar sem gefnar voru, meðal annars í umræddri fjárfestingaráætlun. Því er óhjákvæmilegt að endurskoða þessa áætlun eins og önnur áform um ríkisútgjöld.

[11:27]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegur forseti. „Bjútið“ við fjárfestingaráætlun ...

(Forseti (EKG): Ég vil biðja hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að láta af þessum kenjum sínum.)

Allt í lagi. Ég aðhyllist reyndar frjálslynda nálgun á málverndarstefnu og tel að það sé allt í lagi að grípa til nýyrða og jafnvel búa þau til í ræðustól Alþingis.

Híð fagra við fjárfestingarstefnu fyrri ríkisstjórnar, sem Björt framtíð átti aðkomu að á síðasta kjörtímabili, var einmitt fjármögnunin. Hún var í raun og veru óháð stöðu ríkissjóðs vegna þess að hún byggði á því að nýta arðinn af eignum ríkisins í fjármálafyrirtækjum sem eru allverulegar því að ríkið á yfir 40% af fyrirtækjum á fjármálamarkaði á Íslandi og hins vegar að nýta veiðigjöld sem er nýr tekjstofn til að fara í fjárfestingar til þess að efla fjölbreytni (Forseti hringir.) í atvinnulífi. Þannig að (Forseti hringir.) fjármögnunin var tryggð og hún var í samræmi við (Forseti hringir.) áætlun í ríkisfjármálum.

Stendur ekki til að viðhalda þessari hugmyndafræði?

[11:28]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)****(F):**

Virðulegur forseti. Því miður eru áform fyrrverandi ríkisstjórnar um sölu á fjármálafyrirtækjum, einkavæðingu bankanna, varla raunhæf við núverandi aðstæður og voru það ekki heldur þegar slík áform voru fyrst sett inn í áætlanagerð ríkisstjórnarinnar um hvernig aflað yrði tekna, ekki aðeins vegna þeirrar fjárfestingaráætlunar sem hv. þingmaður spyr um heldur vegna rekstrar ríkisins almennt.

Tekjur af sölu ríkiseigna voru settar í fjárlög langt umfram það sem eðlilegt gat talist, eins og síðar kom í ljós, svoleiðis að þessi sérstaka fjárfestingaráætlun fyrrverandi ríkisstjórnar er ekki fjármögnuð að öllu leyti og jafnvel þótt svo væri þá er ekki hægt annað en að setja hana í samhengi við önnur útgjöld. Það mun þurfa að fara almennt í gegnum útgjöld ríkisins með hliðsjón af stöðu ríkisfjármála sem er, eins og ég nefndi áðan, mun lakari en gefið var í skyn í áætlanagerð fyrrverandi ríkisstjórnar.

*Aukið fjármagn í skattefirlit.*

[11:30]

**Karl Garðarsson (F):**

Virðulegi forseti. Í gær fór fram í þingsalnum áhugaverð

umræða, sem nokkrir hv. þingmenn tóku þátt í, um svarta atvinnustarfsemi og þar með undanskot frá skatti. Umræðan tengist óhjákvæmilega ferðaþjónustunni sem komið var inn á í gær og þar með fyrirhugaðri lækkun á virðisaukaskattspósentunni.

Fyrir liggur að á síðasta ári leiddi hert eftirlit skattstjóra til þess að um 7,5 milljarðar skiluðu sér í ríkiskassann. Á síðustu fjórum árum er þessi upphæð á þriðja tug milljarða. Flestir eru sammála um að peningum sem varið er í skatteftirlit sé vel varið, þetta eru peningar sem skila sér fljótt og vel til baka og margfalt.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er ekki mikið fjallað um þessi mál. Farið er mjög almennum orðum um hvort taka eigi á þeim málum. Skattstjóri biður sjálfur um meira fjármagn til eftirlitsstarfa. Þess vegna spyr ég hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra: Er von á auknum fjárveitingum í skatteftirlit?

[11:31]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Þegar ný ríkisstjórn stillir fram meginlínunum fyrir gerð fjárlaga fyrir næsta ár er gerð almenn hagræðingarkrafa á stjórnsýsluna en þeim stofnunum sem sinna þessu hlutverki verður þó hlíft í því samhengi. Það verður til dæmis ekki gerð sama hagræðingarkrafa til skatt- rannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra, tollstjórnans og annarra þeirra sem annast um innheimtu opinberra gjalda.

Í tengslum við umræðuna um aukið skatteftirlit og hugsanlegan ávinning af því get ég tekið undir með hv. þingmanni. Það má segja að þeim fjármunum hafi verið vel varið þar sem það hefur skilað auknum tekjum. Það ber þó að geta sín á því að setja samasemmerki á milli álagningar skatta og raunverulegra skatttekna sem skila sér þegar upp er staðið. Í sumum tilvikum enda mál með þeim hætti að lagður er skattur á fyrirtæki sem ekki geta staðið undir því eða eru á leiðinni í þrot eða einstaklinga sem geta ekki heldur staðið undir viðkomandi skattgreiðslum. Það breytir þó ekki hinu að það skiptir máli að fá rétta niðurstöðu varðandi það með hvaða hætti skattinn átti að leggja á frá upphafi og það má ekki gera lítið úr þeim tilgangi í sjálfu sér. Síðan verður það á endanum alltaf mjög vandratsað einstigi hversu langt eigi ganga í því að leyfa ríkinu eða eftir atvikum skattgreiðendum að njóta vafans þegar vafatilvik koma upp og hversu langt eigi að ganga í því að halda málum opnum, í hversu mörg ár, og hversu mörg dómsmál eigi að höfða til að fá botn í öll möguleg ágreiningsefni í þessu sambandi.

En til að svara spurningunni aftur þá er sem sagt lagt upp með það að halda áfram þeirri vinni sem hefur verið undanfarin ár við að efla skatteftirlitið og ekki verður gerð sama hagræðingarkrafa á viðkomandi stofnanir og annars staðar í stjórnsýslunni.

[11:33]

**Karl Garðarsson (F):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fyrir þetta svar. Auðvitað er gott að ekki skuli vera gerð sama hagræðingarkrafa til þessa embættis og annarra.

Ég hefði samt viljað fá skýrari svör um að setja ætti meiri peninga í þennan málaflökk. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt og að flestir séu sammála um það. Ef tölurnar eru skoðaðar frá skattstjóra varðandi eftirlit þá sýna þær að peningarnir skila sér margfalt til baka.

[11:34]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það má alltaf velta því fyrir sér hvernær sé nóg að gert í einstökum málaflökkum. Ráðist hefur verið í sérstakt átak og upplýsingarnar sem hv. þingmaður greinir hér frá um árangurinn af því átaki eru til vitnis um að þessum málaflökki hefur verið gefinn aukinn gaumur undanfarið ár, m.a. með auknu fjármagni. Hvort eigi síðan enn að bæta í er mikið álítaefni. Á þessu stigi málsins er í það minnsta lagt upp með að hagræðingarkröfunni fyrir komandi fjárlagaár verði dreift með dálítið ólíkum hætti en áður og þessum stofnunum verði sérstaklega hlíft og þá gerð meiri krafa annars staðar.

**Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.**

Stjfrv., 3. mál (framlenging bráðabirgðaákvæða). — Þskj. 3, nál. 23.

**ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[11:36]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framlengingu á ýmsum bráðabirgðaákvæðum.

Ég óska eftir því að málið verði kallað inn í atvinnuveganefnd á milli 2. og 3. umr. Ég mun leggja fram breytingartillögu við 4. gr. Í þessu frumvarpi er verið að framlengja ýmsa þætti innan fiskveiðistjórnkerfisins en strandveiðar fá ekki hlutfallslega aukningu aflaðheimilda. Mín breytingartillaga felur í sér að strandveiðar fái sambærilega aukningu og aðrar greinar sem flokkast undir fiskveiðistjórnkerfið sem framlenging er á í þessu frumvarpi.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EyH, FSigurj, GuðbH, GStein, GBS, HE, HHG, HHJ, IIG, JónG, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilÁ, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

2 þm. (JÞÓ, VilB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BirgJ, BP, EKG, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskÞ, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, PHB, SIJ, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EyH, FSigurj, GuðbH, GStein, GBS, HE, HHG, HHJ, IIG, JónG, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB,

WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁPÁ, BP, EKG, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskÞ, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, SIJ, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til atvinnunnv.

**Stjórn fiskveiða o.fl., frh. 2. umr.**

Stjfrv., 4. mál (krókáaflamarksbátar, strandveiðar og gjaldtökuheimildir). — Þskj. 4, nál. 21 og 24, brtt. 22.

**ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[11:38]

**Kristján L. Möller (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Hæstv. forseti. Hér kemur til atkvæða 4. mál á þskj. 4 sem er um nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Veigamesta breytingin sem felst í 1. gr. er gamall kunningi sem oft hefur verið ræddur á Alþingi, þ.e. um stærðarmörk krókáaflamarksbátar. Hér er það fest inn til að setja það í raun og veru í lög til að menn þurfi ekki að vera með alls konar æfingar, ef svo má kalla, við smíði þessara skipa svo sem hafa á þeim svalir, kassa, síðustokka o.s.frv., eins og gert hefur verið, sem ekki koma til mælinga.

Það sem ég vil vekja sérstaklega athygli á í nefndarálitinu sem allir skrifa undir nema einn er, með leyfi forseta:

„Tekið skal þó fram að tillögur meiri hlutans stefna ekki að því að gera handhöfum krókáaflamarks fært að færa sig yfir í aflamarkshluta fiskveiðistjórnkerfisins heldur grundvallast þær á sjónarmiðum um öryggi sjómanna og gæði sjávaraflla.“

Mikilvægasta ástæðan fyrir því að setja þetta hér inn og breyta þessu er atríðið sem ég las upp. Ég er ákaflega ánægður með að svo margir fulltrúar skrifa upp á þetta atríði.

[11:40]

**Jón Þór Ólafsson (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Herra forseti. Mig langaði bara að vekja athygli á því sem hefur komið fram í nefndinni, að tekist er á um ákveðin sjónarmið. Annars vegar er það sjónarmið að stækka bátana til að tryggja öryggi og aðbúnað sjómanna og hins vegar að leyfa mönnum að stækka bátana. Þó að í þessu frumvarpi sé tekið tillit til þess að ekki eigi að vera hægt að færa bátana upp í stærra kerfi þá er samt sem áður verið að stækka bátana sem gerir það auðveldara síðar meir að færa þá upp í annað kerfi. Þetta eru þau sjónarmið sem tekist er á um. Menn óttast að hægt og rölega sé verið að taka skref í áttina að því að skerða rétt smærri fiskveiðikerfisins.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram.

[11:41]

**Páll Jóhann Pálsson (F) (um atkvæðagreiðslu):**

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Kristjáni Möller að þetta er framfaraspor. Ég vil líka aðeins vekja at-

hygli á því að þetta er ekki svo mikil stækkun á dekkpláss. Þessir bátar eru yfir 13 metrar á lengd og 4,60 á breidd þannig að afkastagetan eykst ekki mikið. Eins og kemur fram í álitinu mun meðferð á afla lagast. Það er því fyrst og fremst það og betri aðbúnaður fyrir mannskapinn.

Þarna er ein ákveðin tegund af bát sem hætta er á að auki pressuna á að þessir bátar fari yfir í hitt kerfið. Þetta er frekar til þess fallið að tryggja að krókaafلامark haldist og ég trúi því að þetta muni verða til að festa það í sessi og deilur um stærðarmörk verði úr sögunni.

[11:42]

**Pétur H. Blöndal (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Við lestur þessara frumvarpa og breytingartillagnanna verður maður hugsí. Ég held að þingmenn ættu almennt að vera hugsí, hvert þeir eru komnir með þetta kvótakerfi. Menn eru farnir að ræða um gúmmílista og handrið og ég veit ekki hvað, logaritma, um grunntöluna 10 o.s.frv. og ég held að menn ættu að spyrra sig: Hvert er kvótakerfið eiginlega komið?

Ég er móti byggðastofnunarbyggðakvóta. Ég er yfirleitt á móti öllu sem snertir Byggðastofnun bara svo það sé á hreinu. Ég er þar af leiðandi á móti Byggðastofnun eða byggðakvóta þar sem Byggðastofnun er ætlað að tapa.

[11:43]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Ég gleymdi að segja eitt. Það er annað sjónarmið sem hefur komið upp varðandi það að stækka bátana, þá verður samþjöppun í smábátageininni. Ég er ekki að taka afstöðu til sjónarmiða, þetta eru þau sjónarmið sem verið var að vega og meta og takast á um í nefndinni.

Mér fannst rétt að það kæmi fram.

Brtt. 22,1 (ný 1. gr.) samþ. með 36:6 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, EKG, EyH, FSigurj, GuðBH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KPJ, KLM, PVB, PJP, PHB, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPS, BjG, LRM, OH, SJS, SSV.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁPÁ, BP, BN, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskP, JMS, KJak, KaJúl, LínS, ÓP, RR, SIJ, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[11:44]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við greiðum atkvæði um breytingartillögu um að stækkun á bátum á krókaafلامark fari upp í 15 metra að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Eins og komið hefur fram eru miklar áhyggjur í greininni hjá Landssambandi smábátaeigenda og félagsmönnum þar um hvað slík stækkun þýði, að verið sé að tefla í tvísýnu framtíð krókaafلامarkskerfisins sem byggist á smábátautgerð og strandveiðum.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki á móti því að menn byggi upp og auki öryggi báta en það er spurning hvar þeir bátar eiga að vera, hvort þeir eiga að vera í stóra

kerfinu eða krókaafلامarkskerfinu. Ég greiði atkvæði á móti þessari breytingartillögu vegna þess að ég tel að við þurfum að standa vörð um krókaafلامarkskerfið og þessar breytingar skapi hætta á að mikil samþjöppun verði í greininni og að grundvöllur krókaafلامarkskerfisins falli með því að mikil samþjöppun verði. Ég vil standa með því krókaafلامarkskerfi sem byggst hefur upp.

2.–5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, EKG, EyH, FSigurj, GuðBH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KPJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, SJS, SSV, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

1 þm. (HHG) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁPÁ, BP, BN, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskP, JMS, JÞÓ, KJak, KaJúl, ÓP, RR, SIJ, UBK, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 22,2 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjarnB, BjÓ, EKG, EyH, FSigurj, GuðBH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KPJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

**nei:** PHB.

2 þm. (HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, BjG, BP, BN, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskP, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, RR, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[11:46]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Ég fagna þessari breytingartillögu og því að þessu skuli bætt inn í frumvarpið ef Alþingi fellst á það. Það er á grundvelli þeirrar aðferðafræði sem Byggðastofnun hefur verið að móta, að taka sérstaklega á vandamálum allra lakast settu byggðanna, brothættra byggða. Erindi þar um barst stjórnvöldum í vetur frá Byggðastofnun að hún hefði einhver úrræði af þessu tagi gagnvart þeim byggðum þar sem mikill samdráttur er í aflaheimildum og aðrir erfiðleikar í byggðamálum hafa gert stöðuna mjög brothætta. Ég tel það því fagnaðarefni að Byggðastofnun fái þá úr þessu að móða þótt ekki verði fyrr en á næsta fiskveiðiári og eru tilteknir staðir auðvitað hafðir í huga í þeim efnum eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmönnum sé kunnugt um. Það er í samræmi við nýja aðferðafræði Byggðastofnunar að vinna þessi mál með íbúum viðkomandi staða með íbúafundum og slíkum aðferðum. Ég er sannfærður um að það er vel réttlætjanlegt að taka frá veiðheimildir sem þessu nemur til þess að Byggðastofnun hafi úrræði af þessu tagi þar sem á þarf að halda.

6. gr., svo breytt, samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EKG, EyH, FSigurj, GuðBH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KPJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP,

REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, Ssv, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

**nei:** PHB.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁPÁ, BP, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskÞ, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, RR, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EKG, EyH, FSIgurj, GuðbH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, Ssv, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁPÁ, BP, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskÞ, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, RR, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 22,3 (ný fyrisögn) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EKG, EyH, FSIgurj, GuðbH, GStein, GBS, HE, HHj, IIG, JónG, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, Ssv, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁPÁ, BP, EIH, ELA, HBK, HarB, HöskÞ, JMS, KJak, KaJúl, ÓP, RR, VBj, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til atvinnuvn.

### **Meðferð einkamála, 2. umr.**

Stjfrv., 2. mál (flýtimeðferð). — Þskj. 2, nál. 27.

[11:50]

**Frsm. allsh.- og menntmn. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndarálit allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð). Í stuttu máli sagt þá felur þetta mál það í sér að þegar ágreiningur í dómsmáli lýtur að lög- mæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga skuli hraða meðferð slíks máls. Gert er ráð fyrir að heimild þessi sé til bráðabirgða á meðan greitt er úr þeim ágreiningi sem enn er til staðar og gert er ráð fyrir að þessi heimild falli niður 1. janúar 2015.

Fram kom í máli þeirra gesta sem komu á fund nefndarinnar og veittu umsagnir við þetta mál að vissulega reyna dómáram nú þegar að flýta þessum málum eins og kostur er. Hins vegar er ekki bein lagaheimild til að gera það og kom fram í máli ýmissa sem komu á fund nefndarinnar að brýnt sé að veita dómurum þá lagaheimild þannig að ákvarðanir dómara í þessu efni hafi sterka lagastöð, þ.e. að þeir geti

tekið mál er varða ágreiningsefni sem þessi fram fyrir önnur mál — og nefndin tekur undir þessi sjónarmið.

Mikið var rætt um það í nefndinni að þessi breyting mætti ekki raska því að málsaðilar hefðu tók á að verja sig eða leggja fram mál sitt og undirbúa málsrökin. En nefndin áréttaði að frumvarpið felur ekki í sér að málsforræðisreglunni sé vikið til hliðar heldur er þetta einfaldlega heimild til dómara til að liðka fyrir því að mál fari eins hratt og hægt er í gegnum dómskerfið, allir frestir verði eins stuttir og mögulegt er og að dómur séu kveðnir upp eins fljótt og kostur er.

Fram kom í umsögn Lögmannafélags Íslands að réttara væri að fara í þá vegferð að lögfesta frekar að málum sem þessum bæri að vísa inn í XIX. kafla einkamálalaganna, þ.e. þann kafla einkamálalaganna þar sem fjallað er um flýtimeðferð. Þetta var allnokkuð rætt en nefndin vildi ekki fara þá leið vegna þess að við það styttest allir frestir það mikið og málsmeðferðin verður það knöpp að nefndin taldi hættu á að ekki gæfist nægilegur tími til að undirbúa mál.

Fram kom í umsögunum sem bárust að nú eru um það bil 60 mál af framangreindum toga í meðferð hjá héraðsdómstólunum og við vitum ekki hversu mörg mál eru á leiðinni. Nefndin telur rétt að gefa dómstólunum og aðilum máls svigrúm til að skoða hvert mál fyrir sig og meta hvort rétt sé að það fari eins hratt og hægt er í gegn eða hvort það þurfi einfaldlega lengri tíma. Málin eru misjöfn. Sum þeirra eru gríðarlega flókin og umfangsmikil og því rétt að þetta sé einfaldlega heimild sem dómari noti og meti.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að fylgjast með því hvaða áhrif þessi breyting hafi á störf dómstólanna, hvort þetta valdi því að þar verði umtalsverð röskun á störfum. Þá þurfum við að taka málið upp og grípa inn í og kanna hvort rétt sé heimild sem nýtist, hvort þetta veldur of miklu raski þannig að við þurfum að grípa inn í. Við ætlum okkur að fylgjast með því í nefndinni.

Mig langar að þakka fyrir gott samstarf í nefndinni. Við erum auðvitað á sumarþingi og höfum ekki ótakmarkaðan tíma til umráða. Engu að síður hefur verið mjög góð umræða í nefndinni og við höfum velt upp helstu álitaeftum. Mig langar að vekja athygli á fyrirvara sem hv. þm. Svandís Svavarsdóttir hefur varðandi þetta mál — ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður geri sjálf grein fyrir honum — en hann varðar það hvort það nái þeim yfirlýstu markmiðum að þessi mál fái fljóta meðferð í gegnum dómstólana.

Allir nefndarmenn eru á þessu nefndarálit fyrir utan hv. þm. Helga Hrafn Gunnarsson sem var fjarverandi við afgreiðslu málsins en mun væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni hér á eftir. Samstarfið í nefndinni var mjög gott og við höfum náð samkomulagi um að taka málið aftur inn á milli umræðna til að fara eilítið betur yfir þau sjónarmið sem við höfum verið að velja fyrir okkur til að reyna að vanda okkur enn frekar við afgreiðsluna hér í þinginu.

[11:55]

### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir greinargerðina og nefndinni fyrir góða vinnu. Við höfum lýst því yfir að við munum leitast við að greiða hér leið þeim þingmálum sem lúta að skuldum heimilanna og af-

komu heimilanna enda brýnt að þau fáiast afgreidd á sumarþingi og mættu raunar koma fleiri fram og hraðar en orðið er.

Ég vil nota tækifærið í þessu andsvari, vegna þess að ég var ekki við umfjöllun um málið í nefnd, til að spyrja hv. þingmann hvers vegna ekki er farin sú leið sem lögð var til í frumvarpi hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar á síðasta kjörtímabili og Sjálfstæðisflokkurinn lagði mikla áherslu á á því kjörtímabili. Hvað kemur í veg fyrir að þau atriði sem lögð var áhersla á að væru lögfest þá séu lögfest nú?

[11:56]

**Frsm. allsh.- og menntmn. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það eru liðin nokkur ár frá því að það frumvarp var lagt fram og talsverður fjöldi mála hefur farið í gegnum dómsskerfið nú þegar en auðvitað eru mörg mál eftir. Eins og kemur fram í nefndaráliði okkar og í greinargerð með þessu frumvarpi er ekki talin þörf á því að þessi mál skuli lúta þeim reglum sem kveðið er á um í XIX. kafla einkamálalaganna, þar sem gert er ráð fyrir því að dómari gefi út stefnu og allir frestir séu eins knappir og hægt er, vegna þess einfaldlega að þau mál sem eru í kerfinu og við teljum að eigi eftir að koma eru það flókin. Það hefur sýnt sig í reynd á þeim málum sem hafa þegar komið til dómstóla að þau þurfa sum hver tíma til þess að málsaðilar geti reifað sitt mál, safnað gögnum o.s.frv.

Við teljum rétt á þessum tímamarki að fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir en eins og ég sagði áðan munum við taka málið aftur inn í nefnd á milli umræðna og þá er sjálfsgagt að velja þessum atriðum enn frekar fyrir okkur.

[11:57]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að staðfesta það að ágallar voru á þeim tillöguflutningi sem uppi var á síðasta kjörtímabili í þessu efni, sem voru efnislegir og ég held að hafi valdið því að það mál náði ekki fram að ganga. Ég held að þetta sé út af fyrir sig jákvætt skref og jafnvel þó að það liðsinnti ekki nema einum manni í einu máli væri það betur samþykkt en ósamþykkt.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki afstaða ríkisstjórnarinnar að allir þeir dómur í gengislánamálum sem ganga þurfa séu gengnir, hvort ríkisstjórnin sé ekki sammála umboðsmanni skuldara um að það sé ekkert að vanbúnaði, ekki síst fyrir Landsbanka Íslands í meirihluta eigu ríkisins, að hefja þegar endurútreikning allra lána því að það sé komin niðurstaða í þau álitæfni sem uppi voru, síðast með þeim dómum sem féllu í Hæstarétti nú fyrir í þessum mánuði. Eða telur hv. þingmaður að það sé eftir einhverju að bíða að ráðast í endurútreikning hjá þeim tveimur fyrirtækjum sem eiga það enn eftir, Landsbankanum og Lýsingu?

[11:58]

**Frsm. allsh.- og menntmn. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé rétt að margir dómur varðandi þessi mál séu gengnir og að þeim fyrirtækjum sem

eru með slík lán og buðu upp á slík lán sé ekkert að vanbúnaði að endurútreikna fyrir viðskiptavinum sína. Hins vegar er það svo að hvorki ég né nokkur annar hér inni getur séð fyrir öll þau ágreiningsefni sem upp kunna að koma. Auðvitað getur verið að menn eigi enn eftir að höfða mál og stefna inn kröfum er varða gengislánadóma. Það get ég ekki séð fyrir og löggjafinn getur ekki séð fyrir öll hugsanleg tilvik.

Hvað varðar það sem hv. þingmaður fjallaði um varðandi flýtimeðferðina, mál sem lagt var fram hér á síðasta kjörtímabili, þá erum við auðvitað á öðrum stað í dag. Það hafa liðið fjögur ár. Allmörg mál hafa nú þegar farið í gegnum dómstólana. Eins og ég sagði í ræðu minni og kom fram í þeim gögnum sem við fengum í nefndina þá eru um 60 mál enn í dómsskerfinu sem bíða úrlausnar er varða mál sem tengjast skuldum heimilanna. Við vitum auðvitað ekki og getum ekki fullyrt það hér hversu mörg önnur mál eru á leiðinni og það getur ekki nokkur maður gert. Ég tel að þetta frumvarp sé til bóta. Ég held að það veiti sterkan laga-grunn fyrir dómurana til þess að taka ákvarðanir. Margir hverjir hafa reynt að flýta málsmeðferð eins og kostur er, hugsanlega ekki allir, og hér kemur grunnur undir slíka ákvarðanatöku.

[12:00]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp um flýtimeðferð þó að það sé kannski ekki alveg rétta heitið; um það hvernig hraða megi málum í gegnum dómstóla, ýmsum álitamálum sem varða skuldamálin. Tíu atriði voru lögð fram í þingsályktunartillögu til lausnar á skuldavanda heimilanna og er þetta eitt af þeim þremur málum sem eru tilbúin sem þingmál og ber að fagna því; sem sagt breyting á lögum til að hraða málum til að fá skýrari mynd af því hvernig vinna eigi úr skuldavandanum.

Fram hefur komið að Samfylkingin styður allar tilraunir til að reyna að vinna úr þessum skuldavanda og mun styðja ríkisstjórnina í því að hraða málum eins og hægt er og reyna að fá sem fyrst skýr svör þannig að ríkisstjórninni verði fært að standa við þau loforð og fyrirheit sem gefin voru.

Þess ber þó að gæta að í umfjöllun um þessi mál kemur mjög skýrt fram að engin ástæða er til að hafa sérstakar væntingar um að þetta eitt og sér leysi mörg mál, einfaldlega vegna þess að þessi mál hafa almennt fengið hraða meðferð í kerfinu. Það hefur þá ráðist af málsaðilum en ekki af forminu eða dómstólunum ef mál hafa tafist. Það kom líka ágætlega fram í nefndinni að það skiptir mjög miklu að gæta þess að hraðinn verði ekki þannig að þeir sem sækja mál, sækja sín réttindi, fái ekki tíma til að vinna sín mál þannig að úrlausn á oft flóknum málum fáiast sem best.

Það hefur vakið athygli í sambandi við þessi mál, alveg frá því að þau komu fyrst inn í þingið, og í öllum tilraunum sem gerðar hafa verið til að koma málum hraðar fram, hversu mikill ágreiningur er um lausn þeirra og hve laga-túlkunin hefur verið ólík. Ég held að það sé nánast regla fremur en undantekning að héraðsdómur og Hæstiréttur hafi komist að mismunandi niðurstöðu. Menn hafa verið að

reyna að vinna í þessu lagaumhverfi og reyna að sjá fyrir hvaða afleiðingar hitt og þetta hefur fyrir heimilin, túlka samninga varðandi gengistryggðu lánin, í allri þeirri vinnu sem hefur fylgt í framhaldi af því að þau voru dæmd ólögleg. Niðurstöðurnar hafa verið mjög mismunandi hjá mismunandi dómum og mál jafnvel verið afgreidd úr Hæstarétti í ágreiningi. Ég held því að menn verði að passa sig og því miður er ekki ástæða til að vera með miklar væntingar í sambandi við framhaldið.

Flest málin sem hafa farið inn hafa varðað gengistryggð lán og auðvitað höfum við fyrst og fremst horft á gengistryggð neytdalán og þá húsnæðislánin þar undir. Tvö mál sem mjög mikilvægt er að fá skorið úr eru hjá dómstólum og varða lögmati verðtryggingarinnar. Eru miklar væntingar hjá ákveðnum hópum um að þar geti dómstúrnastaða orðið með svipuðum hætti og varðandi gengistryggðu lánin og þar með komið til víðtækra leiðréttinga. Fyrsta málinu sem þar kom inn var að vísu vísað frá í fyrstu lotu en væntanlega verður það tekið fyrir í annað skipti.

Það hefur líka komið fram að þær tilraunir sem hafa verið gerðar áður — þetta mál hefur verið mikið rætt og fyrirverandi ríkisstjórn leitaði eftir því hvort ekki væri ástæða til að samþykka flýtimeðferð — þá voru menn að tala um það form sem er í XIX. kafla laganna og var mál sem þáverandi þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson flutti. Málshefjandi hér og formaður allsherjar- og menntamálanefndar, hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir, gerði ágætlega grein fyrir því. Á þeim tíma var það mat manna, og sérstaklega dómstólaráðs, að sú leið væri ekki skynsamleg vegna þess að þar væru þvingaðir frestir settir í svo stuttan tíma að það gæti bitnað á málinu sem slíku.

Það kom aftur fram í umfjölluninni um þetta mál að skynsamlegt væri að gefa næga fresti í sumum tilfellum þó að einnig væri ástæða til að hraða málum eins og unnt væri. Það má kannski segja að meginniðurstæða þeirra sem komu að þessu máli, og ástæðan fyrir því að ég styð það og geri ekki neinn sérstakan fyrirvara, sé sú að málið væri til bóta, að það skapaði skýrari heimild fyrir dómara til að setja þessi mál í forgang en þó ekki í eins þvingaða meðferð og XIX. kaflinn kveður á um.

Nú er þetta ekki sérfræðigrein mín og margir hér í salnum sem kunna þetta miklu betur en ég. Eftir að hafa tekið þátt í að finna lausnir, eftir að hafa tekið þátt í því að reyna að segja fyrir um hvernig túlka eigi ákveðna hluti, vil ég segja að það hefur reynst þrautin þyngri, einfaldlega vegna þess að dómstólar hafa síðan talað með öðrum hætti en stjórnvöld og að sjálfsögðu verður að hlíta þeim dómum og það hefur svo haft áhrif á meðferð mála.

Talað er um að nú séu 60 mál hjá dómstólunum sem að mestu leyti varða gengistryggð lán og fram hefur komið að ekki hefur verið unnin greining á þeim málum. Það kann að vera að mörg þeirra séu sama eðlis og þar af leiðandi fáist svör jafnóðum og málin komast í gegn. Segja má að svipað hafi átt sér stað — þar fengum við í sjálfu sér ekki endanlega niðurstöðu, og getur nefndin vonandi fjallað betur um það milli 2. og 3. umr. — þ.e. að myndaður var sérstakur hópur aðila og fengin heimild frá samkeppnisyfirlöndum til að vinna greiningu á hvaða mál þyrftu að koma fyrir dómstóla til að úrskurða um lögmati og ólögmati einstakra

gengistryggðra lána. Þar komu að fulltrúar fjármálafyrirtækjanna, umboðsmaður skuldara, Neytendastofa, umboðsmaður neytenda og fleiri aðilar sem reyndu að kortleggja skipulega hvaða mál þyrftu að fara fyrir dóm. Niðurstaðan var að það væru ellefu mál sem þar þyrftu að fara í gegn. Af þeim er búið að ljúka, að því er okkur er sagt, átta, þrjú þeirra eru óklárud. En af þessum átta fóru ekki öll fyrir dóm heldur hafði samkomulag náðst áður og það var ekki nógu skýrt hjá umboðsmanni skuldara hvað það þýddi, þ.e. hvort þau hafi þá verið fordæmisgefandi eftir sem áður vegna þess að niðurstaðan hefði verið túlkuð með ákveðnum hætti.

Umsagnirnar um þessi mál eru flestar jákvæðar. Tveir aðilar gerðu enga athugasemd, Alþýðusamband Íslands og Viðskiptaráð. Dómstólaráð skrifaði umsögn þar sem mælt er með frumvarpinu og hafði það að einhverju leyti komið að umfjöllun um það. Það vekur þó athygli á því, sem fram kemur í fyrirvara hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur, að fáí þessi 60 mál framgang umfram önnur mál gæti það bitnað á öðrum málum. Við verðum að treysta því að því verði mætt af stjórnvöldum með viðbótarmannafla til að hægt sé að hraða þessum málum án þess að það skaði önnur mál sem eru í kerfinu.

Fjármálaeftirlitið styður framgang þessa frumvarps og hefur fjallað um það og segir í sínum texta, með leyfi forseta:

„Afar mikilvægt er fyrir neytendur, fjármálafyrirtæki og hagkerfið í heild að leyst verði sem fyrst úr þeirri óvissu sem enn er ríkjandi vegna framangreindra mála.“ — Var þá verið að vitna til þess sem frumvarpið fjallar um.

Athyglisvert er að lesa umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna. Þar koma fram ágætisábendingar um að jafnvel þurfi að horfa til annarra hluta, sem undirstrikar ágætlega þá erfiðleika sem stjórnvöld á hverjum tíma munu standa frammi fyrir með þessar leiðréttingar — menn gætu hafa þurft að sæta afarkjörum í gegnum yfirdráttarlán og annað slíkt í tengslum við vandann sem skapast hefur við stökkbreytingu lána. Hvergi í þeim tíu tillögum sem fram hafa komið hefur það verið nefnt, eða hverjar afleiðingar af þessu hruni og forsendubrestinum, verðtryggingunni og hækkunum á höfuðstól hafa verið, hvernig það hefur bitnað á einstökum aðilum og hvernig afleiðingar hrunsins verða gerðar upp þegar leiðréttingin á sér stað. Þetta eru stórar spurningar og erfiðar og engin einhlít svör til við þeim. Það skiptir samt máli að þetta sé rætt og við verðum að treysta á að þeir hópar sem fara í gang í framhaldi af þingsályktunartillögumni taki á þessum málum.

Hagsmunasamtökin vara við því að gildistíminn sé afmarkaður — þetta frumvarp er til ákveðins tíma — og benda á að kannski væri rétt að hafa það án þess að tilgreina lok á þessu tímabili, bara til að tryggja að þessi hröðun mála virki til lengri tíma. Samtökin sjá það einfaldlega fyrir sér að það muni taka tíma að gera þessi mál upp.

Ég ætla ekki að fara yfir allar umsagnirnar en það er líka forvitnilegt að lesa umsögn Lögmannafélags Íslands. Þeir mæla eindregið með því að nota XIX. kaflann og fara í formlega flýtimeðferð samkvæmt lögnum og telja að frumvarpið gangi of skammt hvað þetta varðar. Ég ætla svo sem ekkert að rekja sjónarmið þeirra mikið frekar en for-

vitnilegt er að lesa fyrirsgnir þeirra sem segja kannski svolítið um það sem þeir vekja athygli á. Þeir benda meðal annars á að frumvarpið sé ekki líklegt til að ná markmiði sínu og að frumvarpið taki ekki til vilja málsaðila. Þeir telja að flýtimeðferðinni eigi að beita samkvæmt XIX. kafla og þá sérstaklega á þau mál sem eru sérválin og eru fordæmisgefandi, sem er sambærilegt við þau ellefu mál sem ég var að ræða áður, sem voru tilraunir til að skilgreina nákvæmlega úr hverju þyrfti að fá skorið. Það er einnig ítrekað af Lögmannafélaginu að flýtimeðferð dómsmála ein og sér eyðir ekki allri óvissu.

Ég tek undir þessar athugasemdir. Ég held að menn verði að passa sig á því, eins og ég sagði í upphafi, að þó að þarna sé að fara í gegnum þingið fyrsta málið af þessum tíu, að ekki verði bundnar of miklar væntingar við að þetta leysi einhver stór atriði. Engu að síður ber að fagna því að þetta er eitt skref og klár viljayfirlýsing til að reyna að þoka málum áfram og reyna að fá svör við því sem þarf að fá svör við.

Samtök fjármálafyrirtækja ítreka líka í umsögn sinni mikilvægi þess að flýta úrlausn álitamála í dómskerfinu sem risið hafa í kjölfar dóma og hafa tekið þátt í þeirri vinnu á undanförmum árum. Sama gerir Seðlabanki Íslands og Samtök iðnaðarins þó að menn komi svo með ábendingar og tillögur sem fjallað hefur verið um í nefndinni án þess að ástæða hafi verið talin til að breyta frumvarpinu í samræmi við það sérstaklega þó að ástæða sé til að lesa þær athugasemdir.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í álit Seðlabanka Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Umrætt frumvarp virðist vera einfaldara í framkvæmd en þau frumvörp sem flutt hafa verið á fyrri þingum um sama efni og ekki náð fram að ganga.“

Þar er verið að vitna í frumvarp Sigurðar Kára Kristjánssonar sem komst ekki í gegnum þingið á sínum tíma.

Auk þess segir Seðlabankinn, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að töluverður fjöldi dóma hafi gengið hingað til um ólögmat gengistrygð lán eru enn ýmis ágreiningsatriði óleyst. Seðlabanki Íslands telur því mikilvægt að niðurstaða í þeim málum fáiast sem fyrst og styður því samþykkt frumvarpsins.“

Það má kannski segja að þarna endurspeglar sjónarmið sem ræður því að ég styð þetta frumvarp, þ.e. að ég tel það vera til bóta, það er skref til að hjálpa. En gerum okkur ekki væntingar um að þetta sé lausn á því að við getum leyst úr ágreiningsefnum.

Umboðsmaður skuldara vekur einmitt athygli á því hve erfið hefur reynst að vinna úr málum, þeir hafa endalasta þurft að endurskoða afstöðu sína, breyta fyrri úrskurðum í sambandi við greiðsluáðlögun og annað vegna nýrra dóma. Þeir hafa verið búnir að finna út ákveðnar aðferðir, reiknað út og gert samninga og framfylgt, hafa jafnvel samið við nokkur þúsund manns en svo koma nýir dómur sem breyta málum og þá þarf að reikna og vinna allt upp á nýtt. Þetta hefur tafðið alla úrvinnslu og er eiginlega dæmigert fyrir það sem við höfum verið að fara í gegnum á sínum tíma.

Ástæða er til að vekja athygli á því að þessar hugmyndir um að geta leyst skuldavandann með pennastrikum, og það kemur nú fram annars staðar þegar allsherjar- og mennta-

málanefnd hefur verið að fjalla um málið, tengjast skuldavanda vegna húsnæðiskaupa en skuldavandinn er, sérstaklega greiðsluvandinn — og það kemur ágætlega fram í skýrslu sem við fyrrverandi ráðherrar skiluðum um gang mála um hvað hefur verið gert og hvað hefur ekki tekist að gera. Þar kemur mjög skýrt fram að ekki er óalengt að greiðslubyrði einstaklinga sé allt að 50% vegna annarra lána en húsnæðislána.

Þegar við fórum í 110%-leiðina í gegnum Íbúðalánasjóð var unnin ítarleg greining á þeim hópi sem átti rétt á niðurfellingum þar, sem var um nokkur þúsund manns. Í heildina voru það 12 þúsund aðilar sem fengu niðurfellingar vegna 110%-leiðarinnar. Í ljós kom að meðalafborganir þeirra sem sóttu um og áttu rétt þar voru í kringum 90 þúsund kr. á mánuði, sem er í sjálfu sér undir leiguverði almennt á markaði, ef maður getur sagt það, miðað við svona meðalíbúðir, en á sama tíma var allt upp í sömu upphæð að ræða í afborganir af öðrum lánum. Það voru yfirdráttarlán, það gátu verið bílalan, það gátu verið lán vegna annarra hluta, kreditkort. Það undirstrikar að þó að okkur takist að færa niður höfuðstól með einhverjum hætti er það ekki lausnin á heildarvandannum. Það er heilmikið eftir af vinnu og ég hvet þingið og þá sem nú stjórna landinu til að gleymi ekki þeim þáttum.

Ástæða er til að vekja athygli á því að ekki nema rétt helmingur íbúa landsins er í húsnæði í einkaeigu, margir búa í leigu og mjög margir skulda og eru í eigin húsnæði og mjög margir eru skuldlausir. Við lofuðum tvennu þegar við vorum að vinna úr þessu, þ.e. að vandinn yrði ekki leystur með skattálögum á alla og að honum yrði ekki vísað inn í framtíðina. Ég heiti á núverandi ríkisstjórn að standa við það þannig að lausnirnar miðist við að leysa það þá með þeim hugmyndum sem uppi eru um að nýta sér uppgjör á gömlu bönkunum.

Það var athyglisvert þegar hæstv. forsætisráðherra vakti athygli á því við værum með einhverjar hugmyndir um sölu á bönkum. Sú hugmynd gengur út á að kaupa þrotabú þeirra banka og selja það aftur og innleysa hagnað á því sem hægt er að nýta til að leysa vanda þeirra sem eru með hækkaðan höfuðstól í húsnæðislánunum. Við fögnum því að það verði reynt og styðjum alla viðleitni til þess, en málið er ekki komið svo langt að maður sjái fyrir endann á því.

Laust og fast er þetta fyrsta mál frá allsherjar- og menntamálanefnd á þessu sumarþingi. Ég tek undir það sem hv. formaður nefndarinnar, Unnur Brá Konráðsdóttir, sagði um að ágætt samstarf hafi verið um málið í nefndinni, jafnvel þó að tíminn sé skammur gerðum við okkur grein fyrir því. Við gerum athugasemdir við að ýmis önnur mál hefðu mátt vera utan nefndar, næsta mál sem hér er á dagskrá hefði náttúrulega aldrei átt að fara inn á sumarþing, við hefðum aldrei átt að vera að eyða tíma í það. Í staðinn hefði mátt ræða þetta enn betur og þau stóru mál sem eru til úrlausnar á sumarþinginu.

Ég þakka samstarfið um þetta mál og vænti þess og veit að áfram mun verða ágætt samstarf í nefndinni.

[12:18]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni



fyrir ræðu hans um þetta mál. Eins og fram kemur í nefndaráliti og þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar fjallar þetta að sjálfsögðu um flýtimeðferð tiltekinna mála fyrir dómstólum, en það kemur líka fram í nefndaráliti að almennt sé álitid að frumvarpið hafi í sjálfu sér ekki mikil áhrif á stöðu mála sem eru í dómskerfinu nú þegar, jafnframt að dómstólar hafi eftir bestu getu reynt að flýta málum af þessum toga. Hér er einnig lögð áhersla á að flýtimeðferðin komi ekki niður á málsmeðferðinni því að það hlýtur líka að vera mikilvægt að málsmeðferðin sé vönduð og dómarnir séu þá vel grundaðir.

Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort það hafi komið til umræðu í nefndinni, það er aðeins vikið að því efst í nefndaráliti á bls. 2 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á að nauðsynlegt sé að fylgjast með því hvaða áhrif þessi breyting hefur á starfsemi dómstólanna.“

Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort í tengslum við þetta mál hafi komið upp umræða í nefndinni um nýtt dómstig, millidómstig. Það er málefni sem hefur oftlega komið til umfjöllunar bæði í þinginu og úti í samfélaginu, ekki síst á meðal þeirra sem starfa við dómstóla og lögmennsku. Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort þau mál hafi komið til umfjöllunar í nefndinni í tengslum við þetta því að það er auðvitað hugsunin að létta álagið á dómstólunum og/eða dreifa því kannski með öðrum hætti. Það væri fróðlegt að vita hvort það hefði komið til tals og hvort hv. þingmaður hafi ákveðna skoðun á því.

[12:20]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Við deilum þeim áhyggjum að þetta gæti hugsanlega haft áhrif á málsmeðferð að öðru leyti, en eins og ég vakti athygli á deili ég þeim áhyggjum jafnvel þó að ég hafi ekki talið ástæðu til að vera með sérálit hvað það varðar enda er ágætlega vakin athygli á því í nefndarálitinu. Ég treysti á að stjórnvöld grípi þá inn í og tryggi að það verði fjármagn til þess að flýta málum.

Varðandi það hvort rétt hafi verið um millidómstig er svarið skýrt nei, það var ekki rétt í þessu samhengi. Aftur á móti er ábendingin góð og full ástæða til þess að vinna að því að skoða það í frumhaldinu. Þetta þarf í sjálfu sér ekki að tefjast heldur er ástæða til þess að fylgja því bara eftir innan nefndarinnar, þá væntanlega á haustþinginu, hvort sú leið sé skynsamleg. Það var búið að boða að það yrði skoðað þannig að ég geri ráð fyrir að það komi fyrir nefndina.

[12:21]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Ég tel sem sagt að í ljósi þess sem segir í nefndarálitinu að nauðsynlegt sé að fylgjast með því hvaða áhrif þessi breyting hefur á starfsemi dómstólanna. Það kemur auðvitað til umfjöllunar hvort önnur mál sem kunna að vera brýn líka tefjist fyrir vikið. Það þarf ekki að vera en það er fróðlegt að vita hvort nefndin hafi rétt þau málefni sérstaklega.

Varðandi millidómstigið sem ég nefndi fyndist mér áhugavert fyrir nefndina að fara að minnsta kosti yfir það og kanna þá hvort einhver ákveðin vinna sé í gangi í stjórnkerfinu á vegum innanríkisráðuneytisins eða annarra við að

skoða eða hugsanlega móta tillögur um slíkt og hvort þess sé að vænta að frumvarp um slíkt mál komi hingað inn á haustþingi. Þetta er bara ábending inn í umræðuna um þetta mál af því að það snertir starfsemi dómstólanna og hlýtur auðvitað að hafa einhver áhrif á starfsemi þeirra þó að það sé ekki endilega víst að þau verði mjög mikil. Ég veit ekki nákvæmlega hvað þetta eru mörg mál, það er nefnt í greinargerð með frumvarpinu að þau séu um 60 og vísað í umsögn dómstólaráðs að við Héraðsdóm Reykjavíkur séu til meðferðar um það bil 60 mál af þeim toga sem hér um ræðir en það kann að vera vísun í eitthvað annað.

Eins og ég segi vildi ég bara koma þessari ábendingu hér á framfæri. Ég teldi að það gæti verið áhugavert fyrir hv. allsherjar- og menntamálanefnd að ræða að minnsta kosti skipulagsmál dómstólanna og kynna sér hvort og þá hvaða vinna (Forseti hringir.) kynni að vera í gangi í þeim efnun.

[12:24]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Þarna er rétt sérstaklega um að þetta millidómstig og að það hafi verið rétt í fyrri ríkisstjórn. Það er í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar ef ég man rétt að skoða þau mál og sjálfsagt að inna innanríkisráðuneytið eftir því með hvaða hætti unnið verður að málinu og hversu langt það er komið.

Ég deili þeirri skoðun að full ástæða sé til þess að reyna að gera dómskerfið sem skilvirkast þannig að það geti tekið með hraði ákveðin mál í gegn en það eru ekki bara skuldavandamál. Við höfum náttúrlega fylgst með þeirri umræðu sem varð hér og er um hve mikið álag sé á dómstóla út af kynferðisafbrotamálum þar sem við fengum yfir okkur hol-skeflu þar sem eru að koma upp gömul mál og náttúrlega skelfileg mál sem eru svartur blettur á samfélagi okkar og þurfa vandaða úrvinnslu og skýra og klára afgreiðslu sem fyrst. Ég veit að málum er hraðað eins og hægt er, en þetta er svona dæmi um það.

60 málin sem nefnd eru í greinargerðinni er heildarfjöldinn. Ef ég man rétt eru rúmlega 50 í Héraðsdómi Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** 76 ...) Fyrirgefnið, þau hafa verið fleiri í heildina en 60 hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Það er voða erfitt að taka mark á fjöldanum akkúrat plús það að við hvert mál, hverja dómnsniðurstöðu sem kveðin er upp bætast við ný mál í tengslum við það og með einhverjum hætti þarf auðvitað að nást sátt um það að menn sækji ekki, sérstaklega fjármálafyrirtækin, rétt sinn endalaust með orðalagi um einhver smáatriði.

Gerðar voru tilraunir til að ná samstöðu um að dæma til dæmis öll gengistryggð lán ólögæt. Það gekk býsna vel og sumir bankanna hafa fylgt því alveg, jafnvel þó að það kunni að vera álitamál hvort þau séu ólögæt. Það eru líka teikn um það á lofti að menn sækji og láti endurskoða það og ég harma það mjög. Ég held að mál sé að linni. Við verðum að koma málunum áfram og ljúka þeim eins fljótt og hægt er.

[12:26]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um

breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum sem varða flýtimeðferð. Í raun er hér um að ræða frumvarp sem er hluti af þingsályktunartilögum forsætisráðherra um viðbrögð við skuldavanda heimilanna. Hér er um að ræða eitt fullbúið mál á þeim lista og því ber í sjálfu sér að fagna að allsherjar- og menntamálanefnd hefur fengið það mál til ítarlegrar og efnislegrar meðferðar og umfjöllunar. Í meginatriðum er niðurstaðan sú að nefndin styður fram komið frumvarp.

Það er ljóst að íslenska efnahagshrunið var gríðarlegt högg, ekki bara fyrir fjölskyldur og heimili, eins og oft hefur verið rætt, heldur einnig og ekki síður fyrir samfélagið sjálft, innviði þess og stofnanir sem voru að sumu leyti ekki reiðubúnar fyrir slíkt áfall, enda höfum við, bæði löggjafinn og framkvæmdarvaldið og dómstólarnir verið að mörgu kafin við að leysa úr þeim gríðarlega vanda sem af hruninu hlaut og eitt þeirra viðfangsefna er til umfjöllunar í þessu frumvarpi.

Hér er verið að freista þess að bregðast við tilteknum vanda, þ.e. að þegar upp kemur ágreiningur í dómsmáli sem lýtur að lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlends gjaldmiðils eða vísitölu þurfi að tryggja að slíku máli sé hraðað.

Ég styð málið í sjálfu sér en hef um það miklar efasemdir. Þær lúta fyrst og fremst að því að þrátt fyrir yfirlýst markmið frumvarpsins, sem er í sjálfu sér góðra gjalda vert, um að greiða fyrir afgreiðslu dómsmála af þessu tagi, sem er auðvitað mikilvægt að sé flýtt eins og kostur er, þá hafa dómstólar þegar sett þessi tilteknu mál í forgang. Það er afstaða mín að ekki verði séð að þetta frumvarp breyti í raun og veru neinu um núverandi stöðu, hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstóla sjálfa. Þá má auðvitað velta fyrir sér hver tilgangurinn er með framlagningu málsins ef slíkt er ekki tryggt, þ.e. að um raunverulega breytingu sé að ræða.

Í nefndaráliði með frumvarpinu sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, mælti fyrir hér áðan kemur fram umræða sem var töluvert uppi í nefndinni um málsforræðisreglu einkamála réttarfarsins þar sem það á að vera tryggt að aðilum einkamáls sé frjálst að ráðstafa sakarefni máls með athöfnum sínum eða athafnaleysi. Nefndin áréttar að það sé skilningur nefndarinnar að málsforræðisreglunni sé ekki með nokkru móti vikið til hliðar. Hins vegar má staldra við það og hafa af því áhyggjur vegna þess að það kemur líka fram í umsögnum með frumvarpinu að frumvarpið kunnir að vera of almennt orðað. Hér gæti verið um að ræða rétt eða löggjöf sem sé of almenns eðlis miðað við meginreglu einkamála réttarfarsins og miðað við það hversu skýr sá lagagrunnur er að jafnaði og þarf að vera í ljósi réttaröryggis, að orðalagið sem er í frumvarpinu, eins og að flýta málum, að niðurstaða fáiast í mál hið fyrsta og svo framvegis, í umræðunni um að hraða meðferð mála, sé að sumu leyti of almennt þegar um er að ræða svo ríka hagsmuni sem hér eru undir.

Í umsögn Lögmannafélags Íslands er talað um að að mati laganeftard félagsins sé regla frumvarpsins of almenns eðlis miðað við þau markmið sem ráða megi af greinargerð frumvarpsins. Lögmannafélagið leggur raunar til að gengið sé svo langt að vísa um meðferð til XIX. kafla einkamálaganna um flýtimeðferð. Ég er ekki sammála

Lögmannafélaginu um þá ábendingu en Lögmannafélagið telur að sé það raunverulegur vilji löggjafans að tryggja flýtimeðferð í málum væri eðlilegast að fella þessa flýtimeðferð undir þann kafla, þ.e. heimildina til flýtimeðferðar við mál sem hafa almennt forðemisgildi.

Laganeftindin vekur líka athygli á því að flýtimeðferð dómstóla ein og sér tryggi í sjálfu sér ekki úrlausn allra tilvika. Má það til sanns vegar færa og er auðvitað það sem við hefur blasað í þeim gríðarlega fjölda mála sem verið hefur til umfjöllunar eftir efnahagshrunið að hindranirnar geta verið allt aðrar; þær geta verið í aðdraganda aðalmeðferðar og þær geta verið í úrvinnslu máls og endurútreikningum lána. Þannig að ef einungis er tekið á þessum punkti einum og sér eru áhöld um að markmiðin, sem eru góðra gjalda verð, náist. Ég tel að það sé afar mikilvægt að halda því til haga að það er auðvitað meginregla einkamálaganna að hraða málum eftir föngum. Sú meginregla á að tryggja að mál dragist alla jafna ekki á langinn og samkvæmt því sem fram hefur komið hjá dómstólum hefur sá háttur verið hafður á varðandi mál af þessu tagi.

Enn og aftur má því velta fyrir sér hverju lagaákvæðið breytir í raun og veru. Er hægt að byggja einhvern áþreifanlegan og raunverulegan rétt á þessu ákvæði? Laganeftind Lögmannafélagsins reifar þær vangaveltur, og er það nokkuð í takt við þær efasemdir sem ég hef haft í umræðunni um málið, og bendir á að texti frumvarpsins sé of almenns eðlis. Það sé óheppilegt með hliðsjón af því að einkamálaalög feli í sér ákveðnar reglur um málsmeðferð og afar mikilvægt fyrir réttaröryggið í samfélaginu að málsmeðferðar reglur séu skýrar, að lögbundnir frestir séu skýrir og að fyrirtökur fari fram eins og lögin mæla fyrir um.

Almennt orðalag um að hraða meðferð er að líkindum ekki til þess fallið að breyta neinu um þetta atriði og er kannski til þess fallið að áréttu þann praxis, ef svo má að orði komast, sem þegar er viðhafður í slíkum málum. Það á auðvitað að vera viðfangsefni okkar hér á Alþingi, á löggjafarsamkomunni, að tryggja það að löggjöf sé sem skýrust og gagnsæjust og sé raunverulegt verkfæri fyrir þá sem eftir henni eiga að fara hverju sinni. Því er það verulega mikið umhugsunarefni að þessi leið sé farin í ljósi þessara athugasemda.

Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni og í framsögu hv. formanns nefndarinnar að flestir þeim sem tjáðu sig um innihald málsins töldu það vera til bóta eða að það væri að minnsta kosti ekki til hins verra. Af þeim ástæðum kys ég að styðja málið þrátt fyrir efasemdir þær sem ég hef reifað hér þar sem málið er í sjálfu sér ekki til annars en góðs. Hins vegar áréttu ég þann skilning minn að hér sé í besta falli um að ræða viljayfirlýsingu eða fært í orð það sem almennt hefur verið tíðkað og ég er ekki viss um að það sé endilega góð löggjöf sem er svo almenns eðlis.

Þá má velta fyrir sér út frá pólitískum hliðum málsins, af því að það er auðvitað mikilvægt fyrir nýja ríkisstjórn að sýna fljótt á spilin, að hún leggi fram mál sem séu í raun til hagsbóta fyrir heimilin í landinu og að kosningaloforðin og væntingarnar séu í þeim farvegi að þau sé verið að uppfylla. Þess vegna er það nokkurt umhugsunarefni að nákvæmlega þetta mál, sem er það fyrsta af þessum málum sem kemst til 2. umr., skuli ekki vera meira afgerandi en

svo að segja megi að hér sé um tiltölulega almennt orðalag að ræða, eins og bent hefur verið á og eins og ég hef sjálf bent á og Lögmannafélagið líka í umsögn sinni.

Hér hefur áður verið nefnt í umræðunni það sem fram kemur í umsögn dómstólaráðs þar sem dómstólaráð veur athygli á því að ef þau mál sem hér er markmiðið að flýta eru í forgangi, ef dómstólar telja þetta vera nægilega laga- stöð til þess að þau séu í lögbundnum forgangi, þá mun málsmeðferð þeirra mála sem fara aftar í röðina dragast að óbreyttum mannafla. Það er gríðarlega mikilvægt mál. Við skulum þá leiða hugann að því hvaða mál það eru sem þola bið. Hvaða mál þola bið? Hvers konar mál eru það sem eru komin það langt í meðferð dómskerfisins að þau bíða aðal- meðferðar og mega bíða vegna þess að önnur mál eru tekin fram yfir?

Það er mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að við fram- sögu málsins staðhæfði hæstv. innanríkisráðherra að slíkar áhyggjur væru óþarfar, að ekki yrði um að ræða mál sem þyrftu að líða fyrir þessa lagabreytingu. En dómstólaráð, sem er jú sennilega best til þess bært, hefur af því áhyggjur og segir að ef sá máti verði hafður á þá þurfi að auka í mannafla dómstólanna. Það hlýtur því að vera viðfangsefni sem horft verður til við gerð fjárlaga síðar á þessu ári að að því verði gætt hvort í fjárlagafrumvarpinu fylgi það nauð- synlega fjármagn sem þarf til þess að tryggja þennan mann- afla. Það er jú algjör forsenda fyrir því að raunverulegt hald sé í málinu, sem ég hef, eins og fram hefur komið, þó þess- ar efasemdir um.

Við Héraðsdóm Reykjavíkur eru nú til meðferðar 60 mál af þeim toga sem hér hafa verið nefnd og auðvitað hafa dómstólar um nokkra hríð fjallað um mikilvægi þess að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að leysa úr mál- um að því er varðar mannafla og aðrar forsendur til þess að hægt sé að vinna á þeim umfangsmikla stabba sem dóm- stólarnir hafa með höndum og þurfa að minnka og að þeir þurfi á tímabundinni fjölgun dómara að halda. Dómstólaráð áréttar þann skilning sinn í umsögn sinni og ég held að það sé afar mikilvægt að við höldum þeim þætti vel til haga.

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu tel ég að málið sé í meginatriðum framfaraskref en það sé kannski of óskýrt, ef ég má orða það þannig. Fram- faraskrefið lýsir ákveðnum vilja en það má halda þeim vangaveltum til haga hvort um sé að ræða fyrirmyndarlög- gjöf þar sem orðalagið er almennt og óljóst og hvort frum- varpið sé þess eðlis að það sé í raun hægt að byggja á því rétt og hvort tryggt sé að málsaðilar fái allt það svigrúm sem þeir þurfa til þess að útbúa mál sín fyrir dómstólunum og geti nýtt allan þann tíma sem þarf til þess eða, ef maður veltir þessu upp í pólitísku samhengi eins og ég gerði áðan, í ljósi þess að nú er réttarhlé og dómstólar eru ekki að störf- um og þá bætist sú röksemd inn í vangavelturarnar um það hvort þessi breyting á lögnum sé í raun breyting eða hvort þetta sé fyrst og fremst pólitísk yfirlýsing. Þetta sé fyrst og fremst yfirlýsing um að okkur finnist að dómstólar hafi reynt að tryggja að þessi mál séu í ákveðnum forgangi. Dómstólarnir hafa nýtt það svigrúm sem þeir hafa sam- kvæmt meginreglum einkamála réttarfars til þess að skoða hvert mál fyrir sig og tryggja að þau séu í forgangi á grund- velli efnis hvers um sig.

Þá veltir maður fyrir sér: Til hvers er farið? Er fyrst og fremst um að ræða almenna viljayfirlýsingu eða löggjöf sem breytir í raun einhverju fyrir skuldug heimili, fyrir málsaðila og fyrir dómstólana?

Það sem veur mestar áhyggjur af þessu máli er í fyrsta lagi það sem ég hef nefnt hér varðandi mannafla fyrir dóm- stóla og hins vegar að að öðrum kosti bitni þetta á öðrum málum sem hafa þó ekki verið skilgreind.

Ég vil í lok máls míns árétt að ég styð málið, svo því sé til haga haldið, þó að ég hafi haft tölu mína fyrst og fremst um efasemdir mínar. Fyrirvari minn lýtur að því að þrátt fyrir þau jákvæðu markmið frumvarpsins að greiða fyrir af- greiðslu umræddra mála í dómstólum, að þeim sé flýtt eins og kostur er, þá verði í sjálfu sér ekki séð að þetta frumvarp breyti miklu um núverandi stöðu, hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstólana sjálfa.

[12:44]

### Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):

Hæstv. forseti. Það kann að virka undarlegt að við nefndarmenn tölum saman í andsvörum en mér finnst samt ástæða til að fylgja nokkrum atriðum eftir af því að margt af því sem hefur komið í umsögnum er maður rétt að lesa þessa klukkutímana vegna þess að stutt er síðan umsagnar- fresturinn rann út.

Mig langar aðeins að heyra í hv. þingmanni varðandi fyrirvara hennar. Ég deili áhyggjum hennar varðandi það að væntingar um að þarna sé verið að leysa vanda skuldugra heimila sé oftúlkun á þessum lögum og þetta muni ekki ná til mjög margra, en eftir sem áður skref sem gæti hjálpað. Og þar með erum við tilbúin að taka það skref og sjálfsagt að fylgja því eftir eins og hægt er þannig að það skili sér að fullu.

Ég sé í fyrirvara hv. þingmanns að það er einmitt tekið fram, með leyfi forseta: „Verður því ekki séð að frumvarp þetta breyti miklu um núverandi stöðu, hvorki fyrir málsað- ilar né fyrir dómstólana sjálfa.“

Mig langar að vitna aðeins í texta frá umboðsmanni skuldara, þar kemur það einmitt fram í hnotskurn hversu umfangsmikið þetta er, með leyfi forseta:

„Enn kunna þó einhver ágreiningsefni að vera til staðar sem nauðsynlegt er að fá skorid úr fyrir dómstólum. Ágreiningasmál sem varða tengingu fjárskuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla hafa verið einkar flókin og um- fangsmikil og hefur það m.a. valdið því að þau hafa tekið sinn tíma innan dómskerfisins. Í þessum málum kann að reyna á flóknar reikniaðferðir og því hafa lögmenn lántaka oft þurft á sérfræðiastöð að halda við meðferð mála. Það er því brýnt að lögmenn lántaka fái hæfilegan tíma til að geta gætt hagsmuna skjólstaðinga sinna og kunna stuttir frestir e.t.v. að gera þeim erfitt fyrir í þeim efnum. Verði frumvarpið að lögum er því nauðsynlegt að þeir séu hafðir með í ráðum þegar dómari sér til þess að lögbundnir frestir séu eins stuttir og mögulegt er.“

Þarna er sem sagt vakin athygli á því sama og (Forseti hringir.) Lögmannafélag Íslands gerir, að það sé þeirra sem sækja málið að ákveða líka hversu mikill hraði á að vera á málum (Forseti hringir.) til að tryggja að málið fái vandaða meðferð. Ég spy hvort þingmaður deili ekki þeim skoðun- um með þessum aðilum.

[12:46]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kemur þarna inn á mjög mikilvægan punkt sem er í raun og veru það að flýtimeðferð má ekki vera á kostnað þess að málin fái skýra umfjöllun. Í ljósi þess hversu flókin ágreiningsmálin eru þurfa lántakar allan þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að öll gögn málsins liggi fyrir. Svo er það annað umræðuefni sem væri verðugt að taka hér upp, þ.e. sú staða að fjármálafrirtækin hafa auðvitað gríðarlegan aðgang að mjög harðsnúnu liði lögmannna og er erfitt fyrir óbreyttan almenn- ing og venjulegan lántaka að standa einfaldlega stráum af þeim kostnaði sem þarf að leggja til til þess að búa sín mál fyrir dóm.

Það eru því gríðarlega miklir hagsmunir þarna undir líka sem verður að horfa til þegar verið er að fjalla um þetta. Við verðum að gæta að því að líta ekki svo á að flýtirinn einn og sér sé eftirsóknarverður vegna þess að flýtirinn getur verið þess eðlis að hann gangi á rétt aðila til að öll gögn liggi fyrir og öll kurl séu komin til grafar í raun áður en til aðalmeðferðar kemur eða áður en allar forsendur fyrir dómi liggja fyrir. Sú ábending sem kemur frá umboðsmanni skuldara er í raun og veru algjörlega í takti við þessar áhyggjur. Tíminn er mjög dýrmætur í þessum efnum og frumvarpið eða lagabreytingin má alls ekki verða til þess að á þann rétt sé gengið og þá hef ég fyrst og fremst áhyggjur af rétti lántaka.

[12:48]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er líka athyglisvert að dómstólaráð, eins og ég vitnaði til í ræðu minni áðan, leggst alls ekki gegn því að ákvæði frumvarpsins nái fram að ganga en veku athygli á veigamiklum þáttum sem við ræddum í nefndinni og mér finnst það skipta miklu máli. Mig langar að heyra sjónarmið hv. þingmanns hvað það varðar hvort við þurfum ekki með einhverjum hætti að tryggja að dómstólar-arnir fái mannafla og starfsumhverfi til að þessi mál geti verið í forgangi ef þannig vill til. Það er einmitt það sem dómstólaráð vekur athygli á í umsögn sinn. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við Héraðsdóm Reykjavíkur eru nú til meðferðar um það bil 60 mál af framangreindum toga“ — þá erum við að tala um gengistryggð og verðtryggð lán — „og hefur dómstjóri við dómstólinn um nokkurt skeið lagt á það áherslu að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa úr þeim málum“ — þ.e. málið hefur verið í forgangi og ýtt áfram umfram önnur mál — „ásamt öðrum umfangsmiklum málum sem þangað hafa borist á síðustu mánuðum, m.a. með tímabundinni fjölgun dómara.“ — Ef þetta tekst ekki segir dómstólaráð, með leyfi forseta: „Að öðrum kosti telur hann að stefnt geti í að málsmeðferðartími lengist verulega.“

Mig langar að heyra sjónarmið hv. þingmanns á þessu atriði plús að við erum að tala um 17. atriði, e-kafla í umsögn Lögmannafélagsins þar sem vakin er einmitt athygli á því að flýtimeðferð dómstóla ein og sér eyðir ekki allri óvissu, eins og ég kom nú aðeins inn á. Ég spyr hvort þingmaðurinn deili ekki þeim áhyggjum að þegar komist er að

niðurstöðu í einu máli þá kallar það oft á að fylgja málinu eftir með frekari málsóknum og ekki síst lántakanum í hag vegna þess að það getur oft þurft að skera úr málum þannig að (Forseti hringir.) lántaki hafi skýran rétt. Er einhver leið fram hjá þessu? Verða menn ekki að sæta því að þetta taki þann tíma, því miður?

[12:50]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Að mörgu er að hyggja í þessu efni og ég þakka hv. þingmanni andsvarið. Eftir því sem maður rýnir þetta betur má kannski segja að efasemdunum fjölgi frekar en hitt og einmitt um það að frumvarpið er í raun kannski ekki til þess fallið að breyta neinu, eins og ég raunar hef rætt hér, heldur er það líka svo vanbúið til þess að leysa úr þeirri óvissu sem er fyrir hendi.

Eins og við ræddum um áðan, flýtimeðferðin í sjálfu sér setur nefnilega ekki bara þrýsting á dómara. Hún setur líka þrýsting á málsaðila og það er svo alvarlegt í þessu efni, þ.e. stefnandinn sjálfur og lögmaður hans verða fyrir þrýstingi í þeim efnum að þeim beri að flýta verkefnum sínum, það vekur að minnsta kosti ákveðnar vangaveltur um hvort það sé málinu til góðs að tímafaktorinn einn og sér sé látinn gilda svo ríkulega í þessum málum.

Hv. þingmaður velti líka upp stöðu dómstólanna og mikilvægi þess að dómstólarir fái þann mannafla sem til þarf ef eitthvert bit er í frumvarpinu, sem efasemdir eru um, þ.e. ef raunveruleg breyting mun verða á þá telja dómstólar-arnir að þeir þurfi meiri mannafla og meira fjármagn. Ég tel að við þurfum að tryggja að þeim vilja verði þá fylgt eftir við gerð fjárlaga fyrir árið 2014.

[12:53]

**Útbýting:**

Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 11. mál, nál. minni hluta allsh.- og menntm., þskj. 30.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

[14:02]

**Útbýting:**

Framtíð Fisktækniskóla Íslands, 23. mál, fsp. PVB, þskj. 31.

[14:02]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Fyrir liggur í málinu nefndarálit frá allsherjar- og menntamálanefnd á þingskjali 27.

Hv. þingmenn, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, Unnur Brá Konráðsdóttir, og nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd, hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Svandís Svavarsdóttir, hafa þegar farið yfir þau sjónarmið, bæði nefndarálitinu sjálf og þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni í málinu og gerðu það ágætlega. Segja má kannski um málið að það er svolítið sérstakt að

því leyti til að það lætur ekki mikið yfir sér. Við fyrstu sýn er erfitt að segja annað en að maður styðji þetta mál og það sé hið besta mál. Það kom einnig fram í máli hv. Þingmannanna sem ég vísaði til, hv. þm. Guðbjarts Hannessonar og Svandísar Svavarsdóttur. Þau skrifa undir nefndarálitid, fulltrúar þessara tveggja flokka og fulltrúi Bjartrar framtíðar sömuleiðis. Í nefndarálitinu er lagt til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Svandís Svavarsdóttir skrifar undir mál þetta með fyrirvara sem lýtur að því að þrátt fyrir að yfirlýst markmið frumvarpsins, um að greiða fyrir afgreiðslu dómstóla á málum sem hafa fordæmisgildi um uppgjör gengistryggðra lána, sé í sjálfu sér eftirsóknarvert, enda mikilvægt að þeim málum sé flýtt eins og kostur er, hefur komið fram að dómstólar hafa þegar sett þessi mál í forgang. Verður því ekki séð að frumvarp þetta breyti miklu um núverandi stöðu, hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstólana sjálfa.“

Þetta er kannski kjarni málsins. Þó að málið líti ágætlega út og lúti að flýtimeðferð er ekki víst að það hafi í sjálfu sér mikil áhrif á þá stöðu sem nú er, kannski hvorki fyrir þá aðila sem kynnu að vilja láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum né fyrir starfsemi dómstólanna sjálfra. Þó eru nú ýmis álitamál uppi.

Þegar umsagnir um málið eru skoðaðar kemur fram að margvíslegar ábendingar eru frá umsagnaraðilum, meðal annars frá dómstólaráði og frá laganevnd Lögmannafélags Íslands, frá Samtökum iðnaðarins, svo að dæmi séu tekin, þar sem beinlínis eru lagðar til breytingar á frumvarpinu til að skýra efni þess betur og í því augnamiði að ná betur markmiði frumvarpsins, eins og umsagnaraðilar gera grein fyrir í umsögnum sínum.

Þau álitamál eru kannski ekki mjög mikið reifuð í nefndaráliti allsherjar- og menntamálanefndar, því miður. Þeim eru ekki gerð ítarleg skil. Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Fram kom í máli umsagnaraðila að til þess að tryggja að mál sem frumvarpinu er ætlað að ná til fái raunverulega flýtimeðferð færi betur á því að vísa um meðferð til XIX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um flýtimeðferð. Nefndin ræddi þetta nokkuð og bendir á að fái mál flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laganna, er dómara m.a. heimilt að ákveða styttri þingfresti en ella. Nefndin vill í þessu sambandi áréttta þau sjónarmið sín að flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laganna er ekki til þess fallin að henta slíkum ágreiningsmálum sem hér um ræðir þar sem þau eru í flestum tilfellum umfangsmikil og flókin en fram kom í umsögn dómstólaráðs að við Héraðsdóm Reykjavíkur eru til meðferðar um það bil 60 mál af framangreindum toga.“

Hér er nefnd þessi umsögn og ábending dómstólaráðs. Nefndin segir í nefndaráliti að hún telji að tilvísunin í XIX. kafla laganna um meðferð einkamála sem dómstólaráð gerir tillögu um henti ekki málum af þessum toga, en það er í raun og veru ekkert útskýrt frekar í hverju það felst, af hverju það hentar ekki. Vel kann að vera að það hafi verið rætt í nefndinni en það hefði verið gagnlegt fyrir okkur þingmenn sem eigum ekki sæti í hv. allsherjar- og menntamálanefnd að fá það útskýrt í nefndarálitinu svo að við get-

um áttað okkur betur á því hvað það er sem veldur því að ekki þykir henta að taka þessa umsögn eða ábendingu úr umsögn dómstólaráðs til eftirbreytni.

Í umsögn dómstólaráðs segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar vill dómstólaráð vekja athygli á því, að verði dómsmál, sem lúta að ágreiningi um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga, tekin fram fyrir önnur mál sem þegar eru til meðferðar hjá dómstólunum, mun málsmeðferð þeirra síðarnefndu óhjákvæmilega dragast að óbreyttum mannafla. Við Héraðsdóm Reykjavíkur eru nú til meðferðar um það bil 60 mál af framangreindum toga og hefur dómstjóri við dómstólinn um nokkurt skeið lagt á það áherslu að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa úr þeim málum, ásamt öðrum umfangsmiklum málum sem þangað hafa borist á síðustu mánuðum, m.a. með tímabundinni fjölgun dómara. Að öðrum kosti telur hann að stefnt geti í að málsmeðferðartími lengist verulega.“

Þrátt fyrir að við viljum gjarnan fá niðurstöðu sem allra fyrst í þau mál sem frumvarpinu er ætlað að mæta er það líka áhyggjuefni ef það kemur beinlínis niður á málshraða í öðrum málum sem líka kunna að vera brýn. Mörg þeirra eru það. Þar með er auðvitað ekki sagt að þau mál sem þetta frumvarp tekur til séu ekki brýn, en ekki má gleyma því að það eru önnur mál sem líka þurfa úrlausn og mörg hver eru áriðandi og aðkallandi. Ég mundi hafa áhyggjur af þessu. Enda bendir nefndin á að nauðsynlegt sé að fylgjast með því hvaða áhrif þessi breyting hefur á starfsemi dómstólanna.

Ég les það út úr nefndarálitinu hafandi ekki verið í nefndinni eða við umræðu um málið þar að nefndin geri sér grein fyrir því að samþykkt frumvarpsins geti haft áhrif á önnur mál og málshraða þeirra og þess vegna þurfi að fylgjast með því hvaða áhrif þetta hefur á starfsemi dómstólanna.

Ég vakti máls á því í andsvari við hv. þm. Guðbjart Hannesson fyrir í umræðunni hvort það hefði komið til umfjöllunar í nefndinni hvernig ætti að ráða bót á því álagi sem er í dómskerfinu. Ég held að við getum flest tekið undir að það er þekkt til dæmis með stofnum sérstaks millidómstigs sem oft hefur borið á góma, en það mun ekki af svörum hv. þingmanns að dæma hafa verið nefnt eða rætt sérstaklega í nefndinni. Ég tel fullt tilefni til þess að nefndin fjalli um það, fái að minnsta kosti upplýsingar um það hjá hæstv. innanríkisráðherra hvort einhver sérstök vinna er í gangi við þau málefni á vegum ráðuneytisins. Ég verð ekki var við annað úr þessum geira, ráðumurum eða starfandi lögmönnum, en að lögd sé mikil áhersla á að menn fari í vinnu við að setja á laggirnar sérstakt millidómstig.

Einnig er mjög áhugaverð umsögn um málið frá laganevnd Lögmannafélags Íslands sem er mjög ítarleg. Ég hef rennt í gegnum hana. Þar segir — kannski er einfaldast að fara bara í samantektina frá laganevnd Lögmannafélagsins — með leyfi forseta:

„1. Að mati laganevndar er regla frumvarpsins of almenns eðlis miðað við þau markmið sem ráða má af greinargerð með frumvarpinu að stefnt sé að. Til að tryggja að mál sem frumvarpinu er ætlað að taka til fái raunverulega

flýtimeðferð er að mati laganeftar hentugra að vísa um meðferð til XIX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, um flýtimeðferð. Þá væri eðlilegt að takmarka umrædda heimild til flýtimeðferðar við mál sem eru talin hafa almennt fordæmisgildi.

2. Í því sambandi vekur laganeftir athygli á að flýtimeðferð dómsmála auðveldar ein og sér vart úrlausn allra tilvika, enda kunna lántakar oft að standa frammi fyrir öðrum og veigameiri hindrunum en málsraða fyrir dómi.“

Þetta er að því er varðar tilvísun í XIX. kafla laganna um meðferð einkamála sama athugasemd og dómstólaráð gerir við frumvarpið. Eins og ég nefndi áðan finnst mér eins og allsherjarnefnd hafi, að minnsta kosti ekki í nefndarálitinu, svarað því með viðhlítandi hætti af hverju ekki er tekið tillit til þeirrar umsagnar. Ég álit og hefði talið að þegar koma svona ákveðnar athugasemdir og jafnvel hreinar breytingartillögur frá aðilum sem vinna í þessum geira, dómstólaráði og Lögmannafélaginu, að hlusta ætti á þau sjónarmið sem þar koma fram og jafnvel að gera viðhlítandi breytingu á frumvarpinu til að það nái betur markmiði sínu, því að ég held að við séum sammála um markmið frumvarpsins eins og það er lagt fram. Mér finnst þetta ekki koma nægilega skýrt fram af hálfu nefndarinnar í nefndarálitinu.

Fróðlegt hefði verið að heyra — af því nú búum við svo vel á hv. Alþingi eftir kosningar í vor að hér er fólk sem er að koma beint úr starfi sem starfandi lögmenn og þekkir þessi mál mætavel og veit væntanlega hvar skórin krepptir og hvað það er nákvæmlega sem þyrfti að gera til að menn næðu því markmiði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Og þekkir jafnframt líka til starfsemi dómstólanna og veit væntanlega hvort og hvaða áhrif þetta gæti haft á önnur mál sem rekin eru fyrir dómstólunum og hvort lagagreinin eins og hún er hugsuð eða sett fram í frumvarpinu sé nógu hnitmiðuð miðað við markmið frumvarpsins.

Í umsögn Lögmannafélagsins, ég hygg líka í umsögn Samtaka iðnaðarins, er vakin athygli á því að frumvarpið sé allt of almenns eðlis og tryggi þar af leiðandi ekki að þeim málum sem því er ætlað að mæta verði í raun hraðað fyrir dómstólum. Ef það er þannig að umsagnaraðilar meta þetta svo að menn nái ekki markmiði laganna með þessum breytingum þá hef ég áhyggjur af því að það geti leitt til þess að markmiði frumvarpsins verði ekki náð, en á sama tíma leiði það til óþarfa tafa á úrlausnum annarra brýnna dómsmála.

Þetta er sjónarmið sem mér finnst eiga heima í þessari umræðu. Mér fundist fróðlegt að heyra frá þingmönnum sem þekkja mjög glögg til starfa dómstólanna og þess hvernig svona mál ganga fyrir sig í raun og veru frá degi til dags, hvernig þau eru rekin og hvað frestirnir eru miklir og hvað sú heimild sem sett er í frumvarpið þýðir, þ.e. heimildir dómara til að stytta fresti sem gefnir eru. Um áfrýjunarfresti, mér sýnist á umfjöllun í málinu að til dæmis lánastofnanir nýti nánast í öllum tilvikum þriggja mánaða áfrýjunarfrest. Og augljóst er að ef menn væru að tala um að flýta þyrfti meðferð þeirra mála þyrfti að taka á því. Á móti kemur að það hljóta líka að vera einhver takmörk fyrir því hvað menn stytta fresti af þessum toga til að ganga ekki á rétt málsaðila þannig að þeir geti haft ásættanlegan tíma til að gera það upp við sig að fara í gegnum dóma undirréttar áður en þeir taka ákvörðun um hvort þeir vilja áfrýja eða ekki.

Þetta er svona samhengi hlutanna sem mér finnst mikilvægt að setja málið aðeins í. Ég vil eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson og hv. þm. Svandís Svavarsdóttir lýsa því að ég styð frumvarpið og ég mun greiða því atkvæði. En það eru álitamál uppi sem hafa komið hérna fram og við höfum verið að rekja sum hver í umræðunni sem mér finnst ekki nægilega tekið á í umfjöllun allsherjarnefndar, sérstaklega af því að nefndin fellst ekki á þau sjónarmið sem koma fram, afgreiðir þau í rauninni án þess að rökstyðja það sérstaklega, segist bara hafa komist að annarri niðurstöðu en útskýrir ekki hvers vegna það er niðurstaða nefndarinnar.

Mér finnst að menn þyrftu að geta glöggvað sig aðeins betur á þessu af því að markmið frumvarpsins er algerlega skýrt. Það er, eins og kemur fram í upphafi í athugasemdum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„... að unnið verði að því að dómsmál og önnur ágreiningsmál sem varða skuldir einstaklinga og fyrirtækja fái eins hraða meðferð og mögulegt er þar sem óvissu um stöðu lántakenda gagnvart lánastofnunum verði að lina. Er frumvarp þetta liður í því að fullnægja þessu markmiði.“

Meðal þeirra athugasemda sem koma einnig fram í umsögnum er að þetta nái til allra mála og ekki endilega að miða sérstaklega við þau mál sem gætu haft fordæmisgildi, gætu verið fordæmisgefandi. Auðvitað kunna dómsmál sem eru rekin í þessu efni vera af ýmsum toga. Sum geta lotið að mjög afmörkuðum þáttum sem eru sérstaklega fyrir það tiltekna tilvik og hafa ekki endilega fordæmisgefandi fyrir aðra, en önnur mál eru augljóslega þess efnis að þau geta haft ríkt fordæmisgildi, og þá finnst manni einhvern veginn að það mætti hugsa sér að þessu markmiði um flýtimeðferðina ætti að beina sérstaklega að slíkum málum, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Síðan er annað álitaefni uppi, það er um gildistöku. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi og falli úr gildi 1. janúar 2015. Þau sjónarmið koma einnig fram í umsögnum. Í einni umsögninni er lagt til að gildistíminn verði ári lengri, þ.e. til 1. janúar 2016. Í öðrum umsögnum er lagt til að þetta verði varanlegt úrræði, sem sagt varanleg grein og ekki tímabundin við upphaf ársins 2015 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Mér þætti líka fróðlegt að heyra frá fleiri þingmönnum, sérstaklega þeim sem gerst til þekkja, eins og ég nefndi áðan, í þessum málarekstri hvaða viðhorf þeir hafa til þessa.

Þetta eru þau sjónarmið sem ég mundi vilja leggja inn í umræðuna. Ég ítreka og tel að frumvarpið hljóti að fá brautargengi hér á þingi og góðan stuðning, að minnsta kosti gerum við það í mínum þingflokki. Ég heyr þá á öðrum þingflokkum í stjórnanarstöðunni að sama viðhorf er þar. En það breytir ekki því að menn þurfa kannski aðeins að velta fyrir sér hvort markmiði laganna væri betur náð með öðrum hætti og hvort afleiðingarnar geti orðið þær að önnur brýn mál tefjist í kerfinu.

Hv. þm. Guðbjartur Hannesson benti sérstaklega á mál eins og til dæmis kynferðisafbrotamál sem við mundum heldur ekki vilja að mundu líða fyrir það að önnur mál væru tekin fram fyrir. Þess vegna kemur það viðhorf upp að ef til vill þyrfti þetta að vera hnitmiðaðra og beinast sérstaklega að málum sem hefðu mikið fordæmisgildi.

Herra forseti. Þetta eru þau sjónarmið sem ég vil koma á

framfæri í þessari umræðu og fleiri þingmenn hafa tekið undir. Ég ítreka að mér þætti fróðlegt að heyra frá lögfróðu fólki í þingsal, sérstaklega fólki sem er að koma beint úr lögmennsku hvaða viðhorf það hefur til þessa máls og hvort það hefur einhver sjónarmið inn í umræðuna sem gagnleg gætu verið.

[14:21]

#### Brynjar Níelsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil túlka það þannig að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hafi verið að leita eftir því hvaða skoðun ég hefði á þessu. (Gripið fram í.) Ég er ekki heimskari en svo að ég áttaði mig á því.

Pegar þetta mál kom inn og var rætt í þingflokki mínum voru fyrstu viðbrögð mín þau að þetta mundi kannski ekki breyta miklu í raun. Ég hef upplifað það þannig að þessum málum hafi raunverulega verið ýtt áfram eins hratt og mögulegt var.

Tilgangur þessa frumvarps er sá að treysta lagagrundvöll þess að menn ýti málum hraðar áfram. Þó hefur það alltaf verið þannig í dómskerfinu að þau mál sem brýnt er að leysa hafa málsaðilar í samráði við dómara reynt að koma á aðalmeðferð eins fljótt og unnt er án þess að menn hafi litið svo á að þeir væru að fara fram fyrir í einhverri röð eða slíkt, þannig er gangurinn einfaldlega. Litið er til þess hvað málsaðilar eru lengi að afla þeirra gagna sem til þarf og reynt að haska því eins og mögulegt er þannig að hægt sé að koma máli í aðalmeðferð. Í raun er þetta alltaf svolítið undir málsaðilunum komið, en að vísu þarf styrka stjórn dómarsins til þess að málsaðilarnir dragi ekki lappirnir að óþörfu.

Flýtimeðferð eins og laganeftnd Lögmannafélagsins hefur nú mælst til eða haft í sínu áliti gerir ráð fyrir mjög skömmum tíma. Ég er ekki viss um að mörg þessara mála séu þannig vaxin að hægt sé að hafa svo stutta fresti í þeim. Hins vegar hefur það náttúrlega gerst líka í málum sem heita flýtimeðferðarmál að þau taki of langan tíma og fari fram úr þeim tíma sem ætlast er til að slíkt mál taki. Það er því talsverð lausung í þessu. Dómstólarnir og málsaðilar telja sig hafa haft talsvert svigrúm og hafi metið hvert mál fyrir sig.

Ég held að það hefði hins vegar verið sniðugra og markmiðunum kannski betur náð með því að stytta einfaldlega áfrýjunarfrestinn, fara nær því sem er í kærufrestum í málum af þessu tagi, og alla fresti í málsmeðferðinni, en það er mjög erfitt að setja lög um það nákvæmlega.

Tilganginn með þessu frumvarpi hef ég skilið svo að það sé verið að treysta lagarunninn til þess að flýta þessum málum. Ég veit að þeim hefur í raun verið flýtt nema eitthvað sérstakt hafi komið til og menn þurft frekari fresti.

[14:25]

#### Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hans og vil nú fá að vera hér með andsvar við ræðu hans vegna þess að ég veit að hann þekkir býsna vel til mála enda löglærður maður og nýlega kominn af mörkinni hingað í þingsalina með ferska reynslu af vettvangi. Ég vil spyrja þingmanninn hvort það sé rétt skilið hjá mér að sú

flýtimeðferð sem lögð var til í frumvarpi einu sinni eða tvisvar á síðasta kjörtímabili af hv. þáverandi þingmanni, Sigurði Kára Kristjánssyni, hefði ekki hentað til úrlausnar þessara mála. Er það sjónarmið þingmannsins? Sömuleiðis hvort hann sjái tilefni til þess að gera einhverjar breytingar aðrar en þær sem nefndin leggur til á málinu eins og það liggur nú fyrir, til að mynda varðandi þá áfrýjunarfresti sem hann nefnir að árangursríkara væri að stytta eða hvers vegna erfitt sé að gera það að lögum. Er það ákveðið í reglugerð eða því skipað með öðrum hætti?

Síðan vildi ég spyrja hv. þingmann hvort hann teldi að dómsniðurstaða væri komin í öllum öðrum prófmálum en prófmáli Lýsingar, sem var eitt af þessum 11 eða 14 málum sem voru ákvörðuð prófmál í samráði fjármálayfirirtækja og umboðsmanns skuldara. Mál Lýsingar er í flýtimeðferð í héraði og verður komið til Hæstaréttar í haust, en er ekki komin niðurstaða í öllum öðrum prófmálum? Er það mál ekki í flýtimeðferð? Mun þessi löggjöf út af fyrir sig breyta miklu? Og þótt hún breytti litlu en væri jákvæð væri samt vert að samþykkja hana því að ég hef sagt að þótt hún þjóni ekki nema einum manni í einu máli sé það skárna ekkert.

[14:27]

#### Brynjar Níelsson (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Varðandi frumvarp Sigurðar Kára Kristjánssonar á síðasta þingi þá er mín skoðun sú að eins og flest þessara mála voru á sínum tíma hefði flýtimeðferðarkaflinn í lögum ekki hentað fyrir þau. Ég tel að það hefði verið of langt gengið að fara þá leið.

Varðandi áfrýjunarfrestinn er mjög auðvelt að breyta honum í lögum, sem gæti verið tilefni til, þ.e. að stytta hann. En um málsmeðferðarreglur og fresti í meðferð máls fyrir héraði er hins vegar flókna að setja reglur. Mál eru auðvitað svo mismunandi og gagnaöflun mismunandi að það er mjög flókið. Dómarnir hefur auðvitað ákveðið svigrúm en við verðum treysta á að frestir fari ekki úr hófi og menn rökstyðji af hverju þurfi lengri fresti en alla jafna. Það er því ákveðið praktískt vandamál.

Af því ég var spurður út í prófmál Lýsingar er ég ekki tilbúinn að ræða einstök prófmál í þingsal, allra síst mál sem eru rekin á stofu sem ég tengist. Ég ætla ekki að taka nokkra afstöðu til þess hvort niðurstaða í þessu máli gildi fyrir önnur mál sem eru af svipuðum toga.

[14:29]

#### Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni svörin. Það er þá fram komið að við erum sammála um að það voru annmarkar á því frumvarpi sem flutt var hér á síðasta kjörtímabili um flýtimeðferð og að ýmsar leiðir aðrar eru færar til að flýta málum. Auðvitað er lögð á það áhersla í dómskerfinu að flýta þeim og fá aðila til að stytta fresti.

Ég var ekki að spyrja um Lýsingarmálið eitt og sér og bið hv. þingmann afsökunar á því ef það hefur skilið þannig. Ég ætlaðist ekki til þess að hann færi að reifa innihald máls sem væri á vegum lögmánsstofu sem hann tengdist. Ég spurði einfaldlega hvort það væri ekki eina prófmálið sem væri eftir. Það voru ákveðin 11 prófmál og ég veit ekki betur en það sé komin úrlausn í öllum öðrum

prófmálum, öllum hjá Landsbankanum, Arion banka, Íslandsbanka og gagnvart Dróma, og þetta sé eina prófmálið sem ekki er genginn dómur í. Það var sameiginleg niðurstaða fjármálafyrirtækjanna og umboðsmanns skuldara að þessi prófmál svöruðu þeim spurningum sem svara þyrfti en þetta Lýsingarmál sem er núna í héraði fer til Hæstaréttar alveg óháð því hvaða sjónarmið eða málsatvik eru í þeim málum eða hver er líkleg niðurstaða í því. Er það ekki eina prófmálið sem er eftir í kerfinu? Og mun þetta frumvarp nokkuð hafa áhrif til flýtingar á því því að það er þegar í flýtimeðferð? Mun þetta breyta nokkru um úrlausn þessara prófmála? Eru þau ekki einfaldlega þegar búin að fara í gegnum kerfið að undanteknu þessu eina máli sem er í flýtimeðferð og kemur dómur í núna í haust?

[14:31]

**Brynjarr Niélssson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég get eiginlega ekki svarað þeirri spurningu hvort búið sé að svara öllum atriðum svo hægt sé að klára þessi mál nema í þessu eina máli. Ég sé ekki betur en að fjármálafyrirtækin líti mörg svo á að ekki sé öllum spurningum svarað, en ég treysti mér ekki til að taka afstöðu til þess.

[14:32]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Brynjari Niélsyni fyrir ræðuna og hvernig hann brást við álitaeftum sem ég velti upp í ræðu minni. Ég skil hann þannig að hann sé í raun og veru sammála því viðhorfi sem er meðal annars lýst í fyrirvara í nefndaráli, að þrátt fyrir að mikilvægt sé að hraða meðferð mála af þessum toga þá breyti það kannski ekki mjög miklu í raun þegar á hólminn er komið.

Ég vil líka spyrja hv. þingmann sérstaklega út í það sem segir í frumvarpinu að ef ágreiningur í dómsmáli lýtur „að lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga og skal þá hraða meðferð slíks máls“. Hvert er svigrúm dómara þegar lagatextinn er orðaður með þessum hætti? Getur hann á grundvelli þessa ákvæðis ákveðið að stytta alla fresti, þar með talda áfrýjunarfresti, eða þarf að vera eitthvert þósitíft ákvæði eða hugsanleg bein vísun í XIX. kafla laganna um meðferð einkamála til að það sé hægt?

Einnig er í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins gerð tillaga um annað orðalag, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „og skal þá hraða meðferð slíks máls“ komi „og skal þá stefnanda heimilt að óska þess að mál sæti málsmeðferð eftir reglum XIX. kafla laganna, enda geti úrlausn þess haft almenna þýðingu“.“

Mig langar að heyra viðhorf þingmannsins til þess hvaða þýðingu orðalagið sem Lögmannafélagið leggur til mundi hafa. Mundi það vera skýrara? Mundi það skýra heimildir dómara betur? Hvaða heimild hefur dómari eða svigrúm á grundvelli orðalagsins eins og það er í 1. gr. frumvarpsins núna?

[14:34]

**Brynjarr Niélssson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Dómarar hafa auðvitað talsvert svigrúm

til að veita fresti í málsmeðferð, takmarka fresti og ákveða fresti í venjulegri málsmeðferð í héraði. Dómarar hafa hins vegar alla jafna gefið þá fresti sem lögmenn eða málsaðilar telja sig þurfa. Þegar svona ákvæði kemur eða verður að lögum, segjum það, styrkir það auðvitað svolítið stöðu dómara að stjórna þessu með festu og segja að tilgangur þessa ákvæðis sé að hraða meðferð og ýta á eftir mönnum að ljúka undirbúningi fyrir aðalmeðferð og klára málið. Þetta er líka grunnur að því að dómarar kveði upp dóm eins fljótt og auðið er eftir að mál er dómtekið. En þetta bindur menn ekki þannig að nákvæm tilgreining sé á tímanum sem þeir hafa. Hins vegar getum við bundið í lög, og dómari í héraði hefur svo sem ekkert með það að gera, að stytta áfrýjunarfresti í málum því að hinn almenni áfrýjunarfrestur í lögnum er þrjú mánuðir. Ég tel fulla ástæðu til að skoða hvort stytta ætti kannski þann frest í einn mánuð og hraða meðferðinni með þeim hætti.

[14:36]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta. Þetta var mjög skýrt að því er varðar þann lið sem ég spurði um. Eftir stendur, eins og ég skil þetta, hinn almenni áfrýjunarfrestur sem er bundinn við þrjú mánuði þannig að ef menn ætluðu að gefa dómara beina heimild til þess að stytta hann þá yrði að vera sérstakt jákvætt ákvæði í lögnum í því efni. Þá er spurning hvort ekki væri rétt að hv. allsherjar- og menntamálanefnd mundi skoða það á milli 2. og 3. umr. hvort tilefni sé til að taka á því sérstaklega því að áfrýjunarfresturinn er auðvitað hluti af þeim heildartíma sem málið tekur.

Það er spurning hvort þingmaðurinn sé sammála því að skynsamlegt væri af nefndinni að skoða málið milli 2. og 3. umr. með tilliti til þess hvort setja ætti beinlínis inn ákvæði um áfrýjunarfresti í þessum málum þannig að slík heimild væri til staðar og óyggjandi.

[14:37]

**Brynjarr Niélssson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir að skoða það nánar hvort tilefni sé til í þessum málum, úr því að menn vilja hraða þeim meira en þegar er, og hvort skynsamlegt sé að stytta áfrýjunarfrestinn. Það gæti alla vega stýtt mál um tvo mánuði. Ef við náum að hraða þessu enn meira í héraði á þeim lagagrundi geta menn kannski sparað hálf ár eða eitthvað slíkt, jafnvel meira. Það er mikilvægt vegna þess að óvissa í þessum málum er svo óþægileg fyrir okkur öll og fyrir frekari aðgerðir, fyrir skuldara o.fl. Það er því mikilvægt að þau mál klárast sem allra fyrst sem snúa að þeim grundvallaratriðum sem beðið er eftir.

[14:38]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. nefnd fyrir ágæta vinnu hennar að málinu og umfjöllun og umsagnaraðilum fyrir þeirra hlut. Þar eru auðvitað uppi ýmis sjónarmið sem fyrir í þessu máli. Sérstaka athygli vekur umsögn Lögmannafélagsins sem er kannski um að fara leið ekki ósvipaða því sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson lagði til snemma á



síðasta kjörtímabili og ég tók glaðlega undir þegar það kom fram að full ástæða væri til þess að fara í. Við nánari athugun og eftir samráð við réttarfarsnefnd og dómstólaráð var á sínum tíma komist að þeirri niðurstöðu að mestum árangri yrði náð með því að fá aðila til þess af fúsum og frjálsum vilja í völdum málum að fallast á að stytta fresti sína. Erfitt væri að taka þá af þeim einhliða með lögum, auk þeirra sjónarmiða um víðfeðmi og flækjustig í þessum málum, sem hv. þm. Brynjar Níelsson vakti athygli á hér áðan, og gerði að verkom að slík aðferð hefði trauðla hentað við úrlausn þeirra mála.

Hins vegar verður að segja eins og er að það hefur gengið allt, allt of hægt að leysa úr þessum málum þótt það sé að vísu, sem betur fer, trúlega að verða að baki, en það hefur tekið allt of langan tíma. Það er mikilvægt að við reynum að draga af því lærdóma og átta okkur á því með hvaða hætti megi standa betur að löggjöfinni fyrir fram því að ýmislegt í þessu er örðugt að laga eftir á, enda ekki alltaf auðvelt að tryggja eftir á. Við þurfum því að hugsa fyrir því áður en það gerist og tryggja að tæki séu til staðar til þess að taka á svona málum ef og þegar þau koma upp. Ég held að mikilvægt sé að eðlilegt aðhald sé með fjármálafyrirtækjunum og stjórnendum þeirra sem eru að sýsla um þessi mál vegna þess að auðvitað er það þannig að þeir búa við það á annan bóginn að vera með kröfuhafa eða eigendur sem þeir geta vænst þess að sæki á þá bótamál ef þeir halda ekki rétti þeirra til haga til hins ýrasta. Það væri kannski eðlilegt að sams konar þrýstingur væri úr átt neytandans, þ.e. kröfur um það af hálfu löggjafans að óheimilt sé, og geti varðað sektum, að ganga of langt gagnvart neytandanum.

Ýmsir hafa orðið til þess að fullyrða að slíkar heimildir séu í sjálfu sér fyrir dómstólana að ákveða. Ég held að margt bendi til þess að dómstólarirnir hafi nægilegar heimildir til þess, ef látið væri á það reyna, að beita sektum í slíkum efnunum ef um vanrækslu eða vítaverðar aðgerðir af hálfu stjórnenda væri að ræða.

Það hefur líka verið vakin athygli á því að frændur okkar Danir hafa heimildir í lögum sínum til þess að víkja stjórnendum úr fjármálafyrirtækjum ef þeir ganga gróflega á rétt neytanda. Ég held að það sé sömuleiðis eitthvað sem væri eðlilegt að við ræddum hér, ekki endilega til þess að beita því heldur einfaldlega til þess að það veitti eðlilegt aðhald hinum megin frá. Það er alltaf tilfellið með stór fjármálafyrirtæki og sterka eigendur þeirra annars vegar og almennan borgara sem hefur ekki sérþekkingu, hvorki á sviði fjármálaviðskipta né á sviði lögfræði, hins vegar að það getur verið býsna ójafn leikur og það á auðvitað að vera hlutverk okkar hér á löggjafarþinginu að rétta þann hlut.

Nú hefur sem betur fer með úrlausn mála í Hæstarétti á síðasta ári fengist nægileg niðurstaða til þess að þegar í vetur ákváðu þrjú af fimm helstu fjármálafyrirtækjunum í erlendum lánunum að endurreikna sín lánasöfn og réðust í það verk og gerðu, eftir því sem ég best veit, í meginatriðum eins og við mátti búast. Þar var um að ræða Íslandsbanka, Arion og Dróma, sem hefur bæði farið með lánasafn Frjálsa fjárfestingarbankans og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Þarna hafa verið endurreiknuð þúsundir og aftur þúsundir lána og auðvitað hafa mörg hver tekið miklum breytingum og fátt undanskilið þar, þó kannski stærst að Ís-

landsbanki telur að húsnæðislán sín séu að mestu leyti lögmæt erlend lán og vísar til dóms Hæstaréttar þar að lútandi frá 9. júní 2011.

Það sem út af stóð hér í vor var fyrst og fremst Landsbanki Íslands sem var ákaflega tregur til að lesa dóma Hæstaréttar og framfylgja þeim niðurstöðum sem voru augljósar þar og komu meðal annars fram í þeirri lögfræðilegu úttekt sem Samtök fjármálafyrirtækja létu gera eftir febrúardóminn í svokölluðu Elvíru-máli á árinu 2012. Þar voru þeir færur lögfræðingar sem Samtök fjármálafyrirtækja höfðu fengið til verksins algerlega skýrir um að fordæmisgildi febrúardómsins væri þá þegar mjög víðtækt og hefði mikil áhrif, en Landsbankinn hefur allt fram á þennan dag leitast við að túlka dómanna eins þröngt og að hann nái til eins fárra og bankinn hefur mögulega getað. Það hefur raunar verið með miklum ólíkindum að stærsti viðskiptabanki landsins skuli hafa treyst sér til að túlka mál með þeim hætti gagnvart viðskiptavinum sínum og hlýtur það að hafa nokkur áhrif á stöðu bankans á markaði og almenna viðskiptavild hversu tregur hann hefur verið til í þeim efnunum.

Að gengnum fyrst Borgarbyggðardómnum og síðan dómi meðal annars í Plastiðjumálinu verður ekki betur séð en komnar séu þær lyktir í dómsmál að Landsbankinn geti ekki lengur vikist undan og hljóti að ganga í endurútreikning, líka á lánunum til skemmri tíma, líka á lánunum sem ekki hefur verið greitt jafn oft af og hann takmarkaði sig við, líka af bílalanum o.s.frv. Dómarnir ná til þeirra lánasamninga sem eru ólögmætir þar sem var komin á ákveðin festa í framkvæmd, var kannski búið að borga af 15 sinnum, hygg ég að hafi verið í Borgarbyggðardómnum, sú festa sem var ákveðin þar, og að minnsta kosti þeir samningar þar sem menn hafa greitt af svo oft eða oftar eiga þeir þennan rétt.

Hitt hlýtur líka að vera sérstakt umhugsunarefni að bankarnir lýstu margoft yfir: Ekki gera ekki neitt. Þeir hvöttu viðskiptavini sína til að koma inn og gera breytingar á samningum sínum, skilmálabreyta og þar fram eftir götunum og lýstu því yfir að fólk mundi aldrei tapa á því að gera það. Auðvitað er það alveg skýlaus krafa og þarf að ganga eftir því. Það hefur sem betur fer verið yfirlýst, a.m.k. af hálfu sumra fjármálafyrirtækjanna, að þau hafi í framkvæmd látið neytendur njóta þess, ef fólk hefur komið inn og samið um greiðslur standi það ekki verr en þeir sem greiddu af lánunum heldur njóti þeir viðskiptavinir sama réttar. Ég held að mikil krafa sé um það í skuldauppgjöri í samfélaginu öllu að það séu ákveðnar grundvallarjafnræðisreglur sem eru virtar.

Ég hef ekki tekið til umfjöllunar hér það fyrirtæki sem hefur valdið mestum vandkvæðum og er fyrirtækið Lýsing. Það er með prófmál nú fyrir héraðsdómi sem ég hygg að sé aftur til fyrirtöku í þessari viku. Það var komið til dómara en dómarnir hefur séð tilefni til þess að kalla til málsaðila og leita eftir nýjum upplýsingum frá þeim áður en dómur gengur í því máli. Í framhaldinu ætti að vera að vænta héraðsdóms í því máli og síðan hæstaréttardóms tiltölulega fljótlega í haust sem ætti þá að skera úr um lögmæti lána þess félags og taka af öll tvímæli um það hvaða lán félagið þarf að endurreikna gagnvart viðskiptavinum sínum.

Auðvitað verður síðan öll sú atburðarás sem var með

gengislánin til þess að vekja mjög spurningarnar um jafnræðið. Það er því ánægjulegt að málefni heimila með verðtryggð íslensk lán skuli hafa verið sett á dagskrá þingsins þótt það sé heldur mikið á huldu í þingsályktunartillögu hæstvr. forsætisráðherra hvað standi til að gera í þeim efnum. Það er auðvitað hróplegt að þeir sem voru að taka verðtryggð íslensk lán á sama tíma og aðrir voru að taka gengislán eru eftir þessa dóma og endurútreikninga í svo miklu, miklu, miklu verri stöðu en gengislánahópurinn. Það verður auðvitað enn þá sárgrætilegra þegar lítið er til þess að þeir sem fengu gengislán voru þeir sem höfðu háar tekjur og mikið veðrymi í eignum sínum, þ.e. sá hluti samfélagsins sem stendur betur bæði eignalega og tekjulega. Það er sem sagt niðurstaðan úr skuldauppgjöri, að óbreyttu, að sá hópur sem stendur hvað best eignalega og tekjulega í samfélaginu hefur fengið miklu meiri eftirgjafir og leiðréttingar á lánunum sínum en venjulegt launafólk með lítið eigið fé sem fylgdi þeim almennu leikreglum sem Alþingi hafði sett þeim, fór inn í Íbúðalánasjóð og tók verðtryggt íslenskt lán innan þeirra marka og reglna sem eru settar og hlýddi aðvörunum peningastefnunefndar Seðlabankans um að reisa sér ekki hurðarás um öxl o.s.frv.

Það er auðvitað staða sem er illa viðunandi og alveg ljóst að koma verður til móts við þennan hóp með einhverjum hætti, svo gríðarlega mikill aðstöðumunur sem þetta er orðinn. Síðast í morgun í hv. efnahags- og viðskiptanefnd vísaði Félag fasteignasala í dæmi hér suður með sjö af lánunum sem hefði verið tekið á húseign upp á 20 millj. kr. í erlendri mynt. Það hefði síðan hækkað í 44 milljónir þegar verst lét, en nú eftir endurreikning stæði það í 15 milljónum, lán sem stóð upphaflega í 20 milljónum. Það vita auðvitað allir að sá sem tók 20 millj. kr. verðtryggt íslenskt lán á sama tíma er að glíma við miklu hærri fjárhæð en 20 milljónir, hvað þá heldur en 15 milljónir, eftir alla þá verðbólgu sem hefur verið á þessum tíma.

Það er full ástæða til þess að velta því fyrir sér í hv. nefnd hvort ætti að herða enn betur á hér. Ég held að það sem hv. þm. Brynjar Níelsson hefur nefnt um áfrýjunarfrestina sé eitthvað sem þurfi að taka til sérstakrar skoðunar í nefndinni á milli 2. og 3. umr.

Síðan hlýtur það auðvitað að vera nauðsynlegt athugasemjulegt og kalla á opinbera rannsókn hvernig fjármálafyrirtækin hafa staðið að úrvinnslu þessara mála. Getur verið að í einhverjum tilfellum hafi réttur verið hafður af neytendum með því að láta fólk skrifa undir skilmálabreytingar, samþykka ný form eða gera einhverjar breytingar, neita að fallast á augljós forðæmi, endurreikna ekki lán gagnvart viðskiptavinum sem eru fákunnandi um rétt sinn, synja um endurútreikning með bréfi og ætlast til þess að viðskiptavinirnir fái sér lögræðing og sæki mál af fullri hörku á sér miklu sterkari aðila? Það mætti minna á þá ágætu mynd *Rainmaker* þar sem tryggingafélag hafði það einfaldlega sem vinnureglu að hrekja frá sér kröfur með því að hafna þeim á kerfisbundinn hátt.

Með hvaða hætti hefur verið staðið að þessum málarekstri gagnvart neytendum? Þetta er orðin svo löng saga og svo langt gengið gagnvart mörgu fólki að ég held að það sé fyllilega ástæða fyrir okkur til að íhuga hvort það þurfi þótt ekki sé nema eftir á rannsóknar við.

Það er rétt að hafa í huga í þessu efni að lengi fóru fram ólögmetar eignasviptingar hér á götum borgarinnar og kaupstaða um land allt þar sem fólk var vörslusvipt eignum sínum án dóms og laga þar sem einhver hlutafélag úti í bæ ákváðu að þeim væri heimilt að fara og gera upptækar eigur einstaklinga án þess að leggja það fyrir sýslumann eða héradsdóm eða gera nokkurn skapaðan hlut í þá veruna. Þeir fóru bara heim til manna og hirtu bílinn af fólki, þess vegna með persónulegum einkamunum í bílunum af hvaða tagi svo sem var, án þess að hafa til þess nokkrar heimildir. Ég held að þær aðfarir að fólki, þar sem var verið að fara heim að fólki að næturlagi og svipta það eignum sínum án laga og réttar — en Alþingi stoppaði sem betur fer með löggjöf sem við stóðum saman að í efnahags- og viðskiptanefnd á síðasta kjörtímabili — þær óhæfu aðgerðir sýni svo ekki verður um villst að allt of oft var allt of langt gengið gagnvart skuldurum í því efni.

Það varð því miður til þess að ýmsir misstu eignir sínar og sannarlega eru þar einhverjir sem gerðu það að ósekju. Það er auðvitað mikil ábyrgð þeirra manna sem hafa gengið þannig fram með ólögmetar kröfur á viðskiptavinum sína ár eftir ár.

[14:54]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir góða og yfirgrípsmikla umræðu um þetta mál. Ýmislegt hefur verið skoðað í þessu efni, sérstaklega vangaveltur um raunverulegt vægi þessarar lagabreytingar, sem borið hefur ögn á góma hjá nokkrum þeim sem tekið hafa til máls undir þessum lið og eru eilíftíð í takti við fyrirvara þeirrar sem hér stendur sem lýtur að því að frumvarpið breyti ekki miklu um núverandi stöðu, hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstólana sjálfa, vegna þess hversu almenns eðlis það er og hversu almennt það er orðað. Það endurspeglast líka mjög kirfilega í umsógn Lögmannafélags Íslands. Við umræðuna hefur líka verið rætt um áfrýjunarfresti og ýmislegt þeim viðkomandi til þess að freista þess að ná markmiðum frumvarpsins og hafa komið upp vangaveltur hér um hvort markmiðunum verði hugsanlega betur náð með því að horfa enn frekar til þeirra sjónarmiða.

Þess vegna kveð ég mér hér hljóðs, virðulegur forseti, í annarri ræðu því að ég vil áréttta það sem hefur raunar komið fram hjá fleiri þingmönnum, að brýnt er að málið komi aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og að við skoðum sérstaklega þann þátt. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að nálgast yfirlýst markmið frumvarpsins sem er að flýta þessum málum eins og kostur er. Það er í sjálfu sér gott og göfugt, en um leið er ég nokkuð hugsi yfir þeim sjónarmiðum sem fram koma um að í raun breyti frumvarpið litlu eða engu, að á því sé kannski ekki hægt að byggja mjög skýran rétt þar sem það er mikilvægt í einkamálaölgunum að skýrt sé hvaða heimildir eru í raun á ferðinni. Menn hafa bent á að almennt orðalag eins og það að hraða meðferð slíks máls uppþylli ekki þau skilyrði.

Ég vil hins vegar taka það fram, eins og ég ræddi reyndar í fyrri ræðu minni, að ég er ekki sammála þeirri niðurstöðu Lögmannafélagsins um að leiðin sem þeir leggja til, að fella flýtimeðferð undir XIX. kafla einkamálaölganna, sé

besta leiðin, en ég er mjög hugsi yfir röksemdum þeirra að öðru leyti.

Nefndarmenn hafa unnið mjög vel saman og við höfum getað reifað þessi sjónarmið í bróðerni. Ég tel að það hljóti að gilda það sama þegar við tökum þau atriði til skoðunar sem ég hef nefnt, á milli 2. og 3. umr. til þess að freista þess að búa málið enn betur úr garði.

[14:57]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Herra forseti. Mér skilst að ég sé í Reykjavíkurdæmi norður.

(Forseti (SJS): Norður er það, forseti biðst forláts.)

Ég sagði áðan að ég væri ekki viss um að frumvarpið mundi breyta miklu í raun um málshraðann í héraði. Ég veit að menn hafa reynt að flýta þessum málum, hafa frestina eins stutta og mögulegt er, sem er gert í mörgum öðrum málum þar sem brynt er að fá niðurstöðu sem allra fyrst. Það er mjög eðlilegt. Dómarar eru auðvitað alltaf að reyna að hraða málsmeðferð almennt eins og hægt er, hafa fresti stutta, vilja klára þetta og koma því í aðalmeðferð sem allra fyrst. Þannig hefur þetta verið gert í þessum málum. Auðvitað er dómari kannski ekki mikið að ströggla við lögmenningu ef þeir telja sig þurfa gögn þaðan og þaðan og þau ekki komin, þá lengir hann frestina. Þetta er allt saman reynt.

Ástæðan fyrir þessu frumvarpi að mér skilst er sú að treysta þann lagagrunn þannig að dómarar geti haft betri lagagrunn til að ýta þessum málum hratt áfram auk þess sem málsaðilar líta kannski svo á að þeim beri að haska sér eins og mögulegt er.

[14:59]

**Forseti (Steingrímur J. Sigfússon):**

Já, forseta varð á í messunni þegar hann kenndi hv. þm. Brynjar Níelsson við 5. sæti í Reykjavíkurdæmi suður. Hið rétta er að það er 5. sæti í Reykjavíkurdæmi norður.

[14:59]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Rétt skal vera rétt, norður og suður getur stundum breytt öllu.

Það er nú svo sem ekki miklu við andsvar hv. þingmanns að bæta því að við erum held ég hjartanlega sammála í þessu efni. Þetta er í takti við þær athugasemdir og vangaveltur sem ég hef verið með í umræðunni, þ.e. að lagabreytingin breyti kannski ekki í raun og veru eða leggi ekki til mikla breytingu hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstólana. En ekki verður sagt að málið sé til skaða. Það hlýtur að vera til bóta. Það er almennur vilji löggjafans að þetta hafi hraðan og skýran framgang. Menn hafa reynt að flýta málum eins og fram hefur komið og menn hafa til þess heimild. Einkamálalögin gera ráð fyrir að dómarar hafi nokkurn sveigjanleika í því að meta stöðu mála í því ljósi.

Það er held ég mjög mikilvægt fyrir okkur hér sem löggjafa að halda því sjónarmiði til haga að væntanlega er það okkar meginmarkmið að löggjöf sé skýr og hún sé raunverulegt og gagnlegt verkfæri fyrir þá sem undir lög

heyrja. Mér finnst þetta frumvarp ekki vera gott dæmi um slíka löggjöf.

[15:01]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þingmanni að löggjöf á almennt að vera skýr. Stundum erum við í þeirri stöðu að erfitt er að hafa hana nákvæmlega niðurneglda og þá reynir oft á almenna skynsemi og dómgreind manna sem málin varða. Ég held nefnilega að akkúrat í þessu máli sé ofboðslega erfitt að hafa regluna eða löggjöfina skýra, en markmiðið er gott. Þetta styrkir lagagrunninn, þetta er örugglega eitthvað til bóta og sannarlega ekki til skaða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Beiðni um tvöfaldan ræðutíma.**

[15:03]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Forseta hefur borist bréf frá Svandísi Svavarsdóttur, þingflokksformanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að þingflokkurinn óski eftir því að ræðutími við 2. umr. þingmáls nr. 11, Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, verði tvöfaldaður, sbr. 4. mgr. 67. gr. þingskapa, vegna mikilvægis málsins. Mun því ræðutími verða tvöfaldaður við 2. umr. málsins.

**Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 2. umr.**

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, nál. 25 og 30.

[15:03]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nefndarálitni meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið er varðar val stjórnarmanna.

Það er skemmt frá því að segja að þetta frumvarp er knappt, stutt og ber greinargerðin þess merki að hér sé verið að breyta ákvæðum laga um það með hvaða hætti stjórn RÚV skuli kjörin. Í raun má segja að lagðar séu til þær breytingar á núgildandi fyrirkomulagi að horfið verði frá því sem samþykkt var á þingi fyrr á þessu ári og haldið við það verklag og þá löggjöf að Alþingi kjósi fulltrúa í stjórn RÚV.

Við bendum á það í álitum okkar í meiri hlutanum að við upphaf þessa sumarþings hafi ekki verið skipað í nýja stjórn í samræmi við lög nr. 23/2013, en samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögnum ber að halda hluthafafund vegna skipunar nýrrar stjórnar innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna, þ.e. fyrir 21. júní. Í rauninni má því segja að þó að þetta frumvarp komi hér fram og fari í gegnum þingið muni það ekki hafa í för með sér breytingar á því „fýsíska“ ástandi sem er í gangi varðandi stjórnina.

Ákvæði 9. gr. gildandi laga var sett fram til að stuðla að auknu lýðræði innan stofnunarinnar en efni frumvarpsins,

greinargerðin, sem og þetta nefndarálit ber allt með sér að við í meiri hluta nefndarinnar teljum að það fyrirkomulag að fela valnefnd, líkt og hún yrði skipuð samkvæmt lögum nr. 23/2013, feli ekki í sér að það náist að uppfylla markmið þeirra laga um aukið lýðræði, menningarlegar og samfélagslegar þarfir íslensks samfélags heldur þvert á móti.

Ég verð að segja, frá forseti, að á sínum tíma þegar þetta mál var í umræðu í þinginu var þetta það atriði í því stóra máli varðandi breytingarnar á RÚV, þ.e. stjórnarkjörið, sem varð til þess að ég gerði miklar athugasemdir við það mál vegna þess að það að skipa slíka valnefnd var í rauninni tilraun til að færa valdið fjær borgurinum. Það hefur hingað til ekki tíðkast að nefndir Alþingis skipti sér af því eða hafi það hlutverk að skipa í stjórnir hlutafélaga á vegum ríkisins, enda er hlutverk nefnda þingsins allt annað. Mér þótti þetta persónulega mjög sérkennilegt á sínum tíma.

Frú forseti. Aftur að nefndarálitinu sjálfu. Það er álit meiri hlutans að það fyrirkomulag að fela valnefnd að tilnefna fimm af sjö mönnum í stjórn RÚV sé ólýðræðislegt og ógagnsætt. Við tökum undir sjónarmiðin sem felast í frumvarpinu, að kjörnir fulltrúar kjósenda á Alþingi séu þeir sem eru best til þess fallnir að tilnefna sjö menn í hlutfallskosningu sem verða kosnir í stjórn RÚV á hluthafafundi. Við bendum á að við þá tilnefningu þurfi að líta til þekkingar á þeim sviðum er líta að rekstri og starfsemi RÚV og þekkingar á fjölmiðlum og menningarmálum.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nefndarálit skrifa sú sem hér stendur, hv. þm. Líneik Anna Sævarsdóttir, hv. þm. Jóhanna María Sigmundsdóttir, hv. þm. Vilhjálmur Árnason og hv. þm. Elsa Lára Arnardóttir.

[15:07]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég verð að byrja á að segja að mér þótti framsöguræða hv. þm. Unnar Brár Konráðsdóttur með nefndarálitinu heldur rýr að innihaldi og hið sama verð ég að segja um nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar. Það er með ólíkindum, frá forseti, að þinginu skuli boðið upp á jafn rýrt nefndarálit og fyrir liggur í þessu máli.

Í nefndarálitinu er reifað hverjir mættu fyrir nefndina eins og hefðbundið er í meirihlutaáliti. Því er lýst hvaða breytingar eru lagðar til á frumvarpinu og mér sýnist það vera bara meira og minna uppskriftin úr frumvarpi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Og síðan er lagt til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fyrir liggur að nefndinni bárust að minnsta kosti sjö umsagnir um frumvarpið, engin þeirra var jákvæð. Ekki er vikið einu orði að umsögnum sem nefndinni bárust í nefndarálit meiri hlutans, ekki eitt orð um þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni af hálfu umsagnaraðila og þar af leiðandi er þeim heldur ekki svarað eða rökstutt af hverju þau eru ekki tekin með eða mið tekið af þeim. Ég verð að segja að það er mjög fátítt svo ekki sé meira sagt, að í nefndarálit meiri hluta nefndar um stjórnarfrumvarp sé ekki að finna neitt nema bara það sem stendur í greinargerð frumvarpsins og engin umfjöllun um þau álitæfni og þau sjónarmið sem komu fram í máli og afstöðu umsagnaraðila.

Ég hlýt að inna hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur, for-

mann allsherjar- og menntamálanefndar, eftir því hvernig á því stendur að nefndin fjallar ekki um þær umsagnir, reifar efnisatriði þeirra (Forseti hringir.) og svarar þeim með rökstuðningi.

[15:09]

#### Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Nú geri ég ráð fyrir, og mér heyrst það á andsvari hv. þingmanns, að við séum ekki með sömu afstöðu til málsins. Það er einfaldlega þannig að frumvarpið er einfalt. Í því er gert ráð fyrir að halda sig við það fyrirkomulag sem hér hefur tíðkast, verið er að halda sig við það fyrirkomulag sem nú er raunverulega í framkvæmd. Við erum einfaldlega sammála því sem fram kemur í greinargerðinni með málinu og þess vegna er afstaða okkar einföld. Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og þannig er þetta bara.

Málið er einfalt, við erum sammála því hvernig það kemur til og hvaða afleiðingar það mun hafa, þ.e. að þetta nýja ákvæði um skipan stjórnar RÚV í gegnum valnefnd, því verði hreinlega ekki hrint í framkvæmt. Svo einfalt er það mál.

Ef hv. þingmanni finnast ræður mínar í þinginu rýrar verður það bara að vera þannig.

[15:11]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Það er auðvitað þannig að ekki er verið að halda sig við óbreytt ástand því að í landinu eru í gildi lög sem breyta því fyrirkomulagi. Hér er verið að víkja frá því, meðal annars með því að fjölga úr fimm í sjö og breyta hlutverki stjórnar Ríkisútvarpsins. Hér er því verið að gera efnislegar breytingar.

Gagnrýni mín á mál hv. þingmanns — hv. þingmaður gerði fyrst og fremst grein fyrir nefndarálitinu og ég er að gagnrýna nefndarálitinu, ég er að segja að í því er ekki vikið að þeim sjónarmiðum sem komu fram fyrir nefndinni, meðal annars í umsögnum, en það er alsíða að gerð sé grein fyrir slíku. Mér finnst þetta vera lítilsvirðing við þá aðila sem komu fyrir nefndina og sendu nefndinni umsögn um málið að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki einu sinni virða þá þess að gera grein fyrir sjónarmiðum þeirra og rökstyðja þá afstöðu sína af hverju þeir eru ósammála því sem kemur fram í álitu umsagnaraðila.

Það er ekki nóg að koma bara og segja: Málið er einfalt og við erum sammála því að það verði samþykkt óbreytt, punktur og basta. Þannig getur þingið ekki komið fram. Það verður að sýna því fólki sem leggur vinnu í að skrifa umsagnir, koma fyrir nefndina og fylgja sínu máli eftir þá virðingu að það sé þá alla vega efnisleg umfjöllun um þau viðhorf og að meiri hlutinn, ef hann er ósammála þeim viðhorfum sem koma fram í umsögnum, rökstyðji það af hverju hann er ósammála þeim.

Mér finnst ekki boðlegt að koma með meirihlutaáliti sem er svona rýrt í roðinu og leggja til að málið verði samþykkt óbreytt án þess að hafa rökstutt afstöðu sína í raun með nokkrum hætti. Hér eru bara efnisatriðin úr greinargerð ráðuneytisins tekin inn í álitinu og þau birt á nýju þingskjali sem heitir nefndarálit.

Ég geri verulegar athugasemdir við þetta, virðulegur forseti, og tel að þetta þurfi og hljóti að kalla á ítarlega umræðu í þingsal.

[15:13]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntm. (Unnur Brá Konráðsdóttir) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég hef litlu við fyrra svar mitt að bæta. Þetta er einfalt frumvarp sem kallar á einfalt nefndarálit. Við fengum umsagnir frá aðilum. Þær liggja frammi og hægt er að nálgast þær á heimasíðu Alþingis og eru inni í málinu.

Sú breyting sem hér fer fram með samþykkt frumvarpsins hefur þau áhrif að stjórnarmenn verða sjö í stað fimm og þar af leiðandi erum við að halda okkur í rauninni við það ástand sem verið hefur að öðru leyti en þessu.

Það er rangt hjá hv. þingmanni að það frumvarp sem við erum að ræða breyti hlutverki stjórnar RÚV. Ég er algjörlega ósammála því.

[15:14]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (um fundarstjórn):**

Virðulegi forseti. Hér eru að berast nokkuð merkileg tíðindi utan úr samfélaginu þess efnis að Agnar Kristján Þorsteinsson, sem hefur staðið fyrir undirskriftasöfnun gegn breytingum veiðigjaldsins, hefur fengið fundarboð frá hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og að afrit af fundarboðinu hafi verið sent á yfirmann Agnars. Helga Vala Helgadóttir lögmaður fór með manninum á fund ráðherrans í dag og lífur þetta mjög alvarlegum augum þar sem hér er um það að ræða að vegið er með alvarlegum hætti að tjáningarfrelsi mannsins.

Virðulegur forseti. Ég bið forseta að ganga í það að óska eftir sérstökum fundi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þar sem ráðherra verður kallaður fyrir til þess að gera grein fyrir tilurð og aðdraganda þessa máls.

[15:15]

**Jón Gunnarsson (S) (um fundarstjórn):**

Virðulegi forseti. Á fundi atvinnuveganefndar í morgun fengum við bókun frá fulltrúa Vinstri grænna í nefndinni, og ég tel Samfylkingarinnar einnig, þar sem það var gagnrýnt að nefndin kallaði umræddan aðila, forsvarsmann þeirrar skoðanakönnunar sem er í gangi, á fund nefndarinnar og meðal annars orðað þannig í þeirri ályktun að það væri vegið að mannorði manna.

Ég vil greina frá þessu hérna af því tilefni sem gefst út af umræðu hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur um þetta sama mál. Þessari áskorun er beint til Alþingis og alþingismanna. Það kom beiðni frá nefndarmanni atvinnuveganefndar um að kalla þennan fulltrúa á fund nefndarinnar. (SSv: Þetta er rangt.) Ég er að gera grein fyrir því sem gerðist á nefndarfundi og gagnvart nefndinni. (Forseti hringir.) Það var kallað eftir því að þessi aðili yrði fenginn á fund og ég tel bara fullkomlega eðlilegt að þegar verið er að beina svona undirskrift til okkar alþingismanna (Forseti hringir.) og textinn er þannig verðum við við því að heyra röksemdafærslu þeirra sem að slíku standa. Hið sama á auðvitað við um ráðherra í þessu tilfelli, þeir eru líka alþingismenn.

[15:17]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (um fundarstjórn):**

Forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur og biðja um fund í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um þetta atriði og við þurfum endilega að fá ráðherrann á fund. Það er náttúrulega fullkomlega fáheyrt að fólk sem er að vinna að sínum lýðræðislegu réttindum, hvort heldur það er að safna undirskriftum eða bara fara í göngutúr eða eitthvað, að það sé boðað á fund ráðherra. Út af hverju? Af því að ráðherrann fellur ekki það sem verið er að gera, eða hvað er í gangi, og senda afrit á yfirmann þessa manns? Ég veit ekki hver hann er. Mér dettur helst í hug að kalla hann pilt en hann er það örugglega ekki, það er bara aldurs míns vegna sem mér dettur það í hug.

Mér finnst þetta fáheyrt og ég vil endilega biðja forseta um að þessi fundur verði núna fyrir helgi því að þetta er ekkert sem fólk á að þurfa að sofa á yfir helgina.

[15:18]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (um fundarstjórn):**

Virðulegur forseti. Þetta er nú eiginlega algjörlega kostuleg upptákoma. Hér erum við ekki að tala um afskipti atvinnuveganefndar eða ósk hennar um að ræða við forsvarsmenn umræddrar söfnunar, heldur erum við að ræða hér um stjórnsýslu. Við erum að ræða um stjórnsýslu hæstv. ráðherra sjávarútvegs mála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þ.e. hvernig hann stendur að málum. Hann boðar forsvarsmenn umræddrar undirskriftasöfnunar á sinn fund og sendir afrit, ef ég skil málið rétt, af þeim tölvupósti á yfirmenn viðkomandi einstaklinga. Það getur ekki verið nein tilviljun, ráðuneytið hefur væntanlega farið í rannsóknarvinnu til að athuga hvar viðkomandi einstaklingar starfa til að fá uppgefið hverjir yfirmennirnir eru. Þetta er aðför að tjáningarfrelsi og mannréttindum viðkomandi einstaklinga. Ráðherrann verður að svara fyrir það (Forseti hringir.) hvað hann er að fara með þessum vinnubrögðum. Þetta er algerlega óafsakanlegt og ég tek undir (Forseti hringir.) kröfu um að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd komi saman hið fyrsta og helst að hlé verði gert á þingfundi á meðan og ráðherrann kallaður fyrir nefndina.

[15:20]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (um fundarstjórn):**

Frú forseti. Ég tek undir kröfu hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur og ég tel eðlilegt að gera hlé á þessum fundi þar sem við erum að ræða um aukin pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu, tókum hlé frá því til að ræða þessa fundarboð ráðherra. Hann ætti að vera á laus núna, frú forseti, a.m.k. er hann ekki að friðlýsa Þjórsárver en það var nú í dagbókinni hjá ráðherra í dag þó að hann snöfurmannalega hætti nú við það svona í morgunsárið.

Það er fullkomlega óeðlilegt að ætlast til þess að við sættum okkur hér við frekari pólitísk afskipti þessarar ríkisstjórnar af ríkisstofnunum þegar svona fréttir eru að berast.

Varðandi bókunina í atvinnuveganefnd í morgun var ekki talað um mannorð heldur mannréttindi og við töldum óeðlilegt að verið væri að boða fólk sem stendur að undirskriftalistum sem þessum á fund þingnefnda nema viðkomandi aðilar óskuðu eftir því sjálfir.

[15:21]

**Helgi Hjörvar (Sf) (um fundarstjórn):**

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vera sjálfsgætt að verða við þeirri beiðni sem fram er komin. Það er frumskylda Alþingis að gæta að lýðræði og tjáningarfrelsi í landinu og þá ekki síst að huga að þeim sem eru að senda þinginu sjálfu beinar áskoranir eins og hér er um að ræða. Tugir þúsunda manna hafa ákveðið að senda þinginu tiltekna áskorun og framkvæmdarvaldið grípur inn í og kallar fólk á teppið til sín af því tilefni, að ég ekki tali um með afriti á yfirmann viðkomandi hjá ríkisstofnun, sem mér skilst að vinni hjá íslenska ríkinu. Fólk þarf að mæta á fund ráðherra með lögfræðing sér við hlið. Það er auðvitað enginn bragur á þessu og bara yfirlýst af hálfu ráðuneytisins að þetta séu mistök. Þetta eru mjög alvarleg mistök og það verður að skýra þau og fá afsökunarbeiðni ráðherrans þegar í stað. Það er sjálfsgætt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd komi saman og þingfundi verði frestað meðan þetta mál er klárað.

[15:22]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (um fundarstjórn):**

Frú forseti. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið af hálfu forseta þingsins hvort hann tekur undir þær kröfur að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd verði kölluð saman til fundar og hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála boðaður á þann fund til að gera grein fyrir þeirri stjórnsýslu sem hér er ræðir.

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, það er mjög alvarlegt þegar ráðherra kallar fyrir sig einstakling úti í bæ sem nýtir lýðræðislegan rétt sinn, tjáningarfrelsið og mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá, til að beita sér í tilteknu máli, að ráðherra boðar hann á sinn fund með afriti á yfirmann. Í því felst dulbúin hótun, eða kannski ekki einu sinni dulbúin, um að menn geti golið fyrir með starfi sínu ef þeir skipta sér af málum sem ríkisstjórnin leggur inn í þing-ið.

Þetta er mjög alvarleg aðförför að tjáningarfrelsinu og mannréttindum og það er ekki hægt að líða það. Ég geri þá kröfu að forseti geri hlé á þessum fundi og það verði kannað hvort unnt sé að boða stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til fundar og að ráðherrann verði kallaður þar fyrir umyrðalaust.

[15:23]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Forseti tekur undir það að eðlilegt sé að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fái þetta erindi til afgreiðslu. Ráðherra er ekki í húsi. Ég mun láta koma þessum boðum til hans en við höldum áfram umræðu um dagskrármálið.

[15:24]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (val stjórnarmanna). Hér er um að ræða mál sem hefur á sér gríðarlega pólitískt yfirbragð. Það er mikið umhugsunarefni að málið er svo brýnt í hugum nýrrar ríkisstjórnar að það er lagt fram á sumarþingi og keyrt af slíkum hraða í

gegnum allsherjar- og menntamálanefnd þrátt fyrir mót-mæli nefndarmanna minni hlutans, þrátt fyrir vinsamlegar óskir nokkurra nefndarmanna, og rökstuddar, um að málið yrði ekki sett á dagskrá í dag fyrr en minnihlutaálit lægi fyrir. Við þessu var ekki orðið. Hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður nefndarinnar, kaus að verða ekki við þessu þannig að þetta mál er hér á dagskrá í ófriði.

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra lá svo á með þetta mál að þetta er eitt af fyrstu málum nýrrar ríkisstjórnar. Það er raunar svo mikilvægt að það má engan tíma missa að gera þetta frumvarp að lögum. Og um hvað snýst það? Það snýst um það að herða pólitískt tók Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu. Það er gamalkunnugt stef þess flokks sem nú fer með málaflokk mennta- og menningarmála, frumvarp þess ráðherra sem skipar bara flokksbræður sína og -systur í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, virðulegur forseti, mennta- og menningarmálaráðherra sem hlaut sitt pólitíska uppeldi þar sem slíkar kúnstir eru hafðar í hávegum að spotta allt sem heitir fagleg nálgun, allt sem heitir þverpólitískt samráð, gera lítið úr athugasemdum og ábendingum af þeim toga sem hér hafa verið uppi, njóta valdsins út í ystu æsar og henda gaman að þeim sem eru með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Virðulegur forseti. Þetta mál er táknrænt fyrir þau tók sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf læst um Stjórnarráðið þegar hann hefur setið þar inni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur nefnilega haft þann háttinn á að umgangast vald með öðrum hætti en flestir aðrir í þessu landi. Þetta er flagg sem sýnir það, þetta er fáni sem hv. þingflokkur Sjálfstæðisflokksins lyftir á loft og framsóknarmenn ganga undir í þessu máli eins og öllum öðrum sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur til á meðan hér hefur enn ekki birst frumvarp hæstv. ráðherra Eyglóar Harðardóttur um elli- og örorkulífeyri. Hvar er það frumvarp, virðulegur forseti? Hvar er áherslur Framsóknarflokksins á þessum drottins degi? Hvar eru áherslur Framsóknarflokksins á þeim degi þegar hæstv. ráðherra Ragnheiður Elín Arnadóttir fer í dagbók umhverfis- og auðlindaráðherra og stríkar út friðlýsinguna í Þjórsárverum? Hvar er vilji, markmið og sýn Framsóknarflokksins sem nú virðist vera kominn í sitt hefðbundna, kunnuglega hlutverk þess sem heldur undir faldinn, sem ber veldis-protann milli fundarstaða og tryggir Sjálfstæðisflokknum völdin í samfélaginu?

Þetta mál sem hér er undir snýst um breytingar á heildarlögum um Ríkisútvarpið þar sem gerðar voru mjög miklar og margþættar lagabreytingar á þeim reglum sem giltu um Ríkisútvarpið. Það voru vinnubrögð til fyrirmyndar, vinnubrögð sem snúast um það að kalla marga að borðinu, freista þess að ná sátt um málið, stuðla að lýðræðislegri nálgun, faglegri þekkingu við stjórn Ríkisútvarpsins og horfast í augu við þann veruleika sem nágrannalöndin hafa glímt við um ára- og áratugaskeið með góðum árangri, að tryggja eðlilega fjarlægð milli ríkisfjölmiðils og pólitíkurinnar.

Við stigum í vor skref í þá átt í góðri sátt hér í þinginu með atkvæðum, virðulegur forseti, allra framsóknarmanna sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Nú hafa þeir, þessir framsóknarmenn sem afhenda Sjálfstæðisflokknum aðgang að dagbókunum sínum, sem heimila Sjálfstæðisflokknum að taka málin sín í gíslingu, líka snúist 180 gráður í þágu

húsbóndans. Hæstv. ráðherra Gunnar Bragi Sveinsson og hæstv. ráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson voru báðir sam-mála málinu fyrir fjórum mánuðum. En hvað hefur gerst síðan? Jú, gamla, trausta sambandið hefur verið tekið upp aftur. Út á hvað gengur það? Það gengur út á það að Fram-sóknarflokkurinn fær orðalagið í samstarfsyfirlýsingunni, Jónas frá Hriflu, þjóðmenninguna, forsetisráðherrastólinn, en Sjálfstæðisflokkurinn fær rest. Sjálfstæðisflokkurinn ræður ferðinni. Allt er þetta kunnuglegt.

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitni minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem undir rita, auk þeirrar sem hér stendur, hv. þingmenn Guðbjartur Hannes-son, Páll Valur Björnsson og Helgi Hrafn Gunnarsson.

Í nefndarálitinu segir, með leyfi forseta:

„Fyrir rétt um þremur mánuðum samþykkti Alþingi ný heildarlög um Ríkisútvarpið, nr. 23/2013. Með þeim voru gerðar margþættar breytingar á þeim lagareglum sem giltu um Ríkisútvarpið og lögð megináhersla á hlutverk þess sem fjölmiðils í almannabágu. Í markmiðsákvæði er tiltekið að lögum sé ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Vísað er í ákveðin siðferðisgildi sem Ríkisútvarpið skuli hafa í heiðri, svo sem fagmennsku, heiðarleika og virðingu, auk þess sem áhersla skuli lögð á rækt við íslenska tungu, sögu og menningu þjóðarinnar.

Í lögum er ítarlegar kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins en í eldri lögum, m.a. er þar sérstaklega tilgreint að það hafi bæði lýðræðishlutverk og menningarlegt hlutverk. Með lögum voru einnig gerðar breytingar á skipun og hlutverki stjórnar Ríkisútvarpsins. Þannig er í lögum kveðið á um að ráðherra tilnefni formann stjórnar og Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins einn stjórnarmann. Aðrir fimm stjórnarmenn eru tilnefndir af valnefnd. Í valnefndina, sem er skipuð tíu fulltrúum, tilnefnir ráðherra helming nefndarmanna, þ.e. fimm manns, allsherjar- og menntamálanefnd þrjá, Bandalag íslenskra listamanna einn og Samstarfsnefnd háskólastigsins einn. Með fyrirliggjandi frumvarpi er lagt til að þetta ferli við skipun valnefndar og stjórnar komist ekki til framkvæmda og Alþingi skipi þess í stað sjö nefndarmenn.“

Þetta er til þess að tryggja gagnsæi, segir hæstv. ráðherra, sem dugar ekki gagnsæið nema hann sé með eigin fingraför á málum.

Ég les áfram, virðulegur forseti, úr nefndarálitinu:

„Nefndinni hafa borist sjö umsagnir um frumvarpið og er engin þeirra jákvæð.“ — Ekki ein einasta umsögn um þetta frumvarp var jákvæð.

„Minni hlutinn telur það undarlega forgangsroðun að leggja til breytingu á nýjum lögum sem samþykkt voru með miklum meiri hluta greiddra atkvæða en við atkvæðagreiðslu um frumvarpið greiddu 35 þingmenn atkvæði með samþykkt þess og einungis fjórir voru á móti.“ — Það var því breið sátt um málið. — „Það ákvæði sem lagt er til að breytist hefur ekki enn komið til framkvæmda en tilnefna hefði átt valnefnd og skipa stjórn nú í júnímánuði. Ekkert er því að vanbúnaði að fylgja lögum og skipa valnefnd. Tilnefningar í valnefndina hafa þegar borist frá Bandalagi íslenskra listamanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins. Minni hluti allsherjar- og menntamálanefndar lýsir sig al-

búinn til að vinna með nefndinni og skila lögbundnum tilnefningum hennar strax.

Fagleg sjónarmið ráði við skipun stjórnar,“ segir hér í nefndarálitni.

„Mikil áhersla hefur verið lögð á það á liðnum árum að hverfa frá flokkspólitískum stjórnnum ríkisstofnana. Þannig hefur aukin áhersla verið lögð á hæfi, þekkingu og reynslu við skipun stjórnarmanna. Þessi sjónarmið eiga enn frekar við um Ríkisútvarpið í ljósi hlutverks þess. Líkt og þegar hefur verið reifað er meginhlutverk Ríkisútvarpsins að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, þ.e. vera almannaðjón-ustumiðill, og er þetta hlutverk áreitað í heiti laganna með orðunum „fjölmiðill í almannabágu“. Í lögum er lögð áhersla á að Ríkisútvarpið skuli stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi. Í ályktun stjórnar Bandalags íslenskra listamanna er fyrirliggjandi frumvarp gagnrýnt og bent á að með því „yrði horfið frá þeirri mikilvægu breytingu að skapa fjarlægð við hið pólitíska vald á Alþingi. Þess í stað yrðu pólitísk tengsl stjórnarmanna fest í sessi með afgerandi hætti þar sem þeim væri ætlað að endurspegla valda-hlutföllin á Alþingi. Slíkt væri mikil öfugþróun og í hróp-legu ósamræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.“

Minni hlutinn áreitar að til að Ríkisútvarpið geti rækt hlutverk sitt er sérstaklega mikilvægt að gæta faglegs og pólitísku sjálfstæðis stofnunarinnar í daglegum rekstri og dagskrárgerð og tekur undir sjónarmið Bandalags íslenskra listamanna um að frumvarpið stefni í hættu áformum um eflingu hins lýðræðislega, menningarlega og samfélagslega hlutverks Ríkisútvarpsins.

Í gildandi lögum er kveðið á um að starfsmenn Ríkisútvarpsins tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar. Með frumvarpi ráðherra er þetta ákvæði fellt brott. Víða á Norðurlöndunum sitja fulltrúar starfsmanna í stjórnnum ríkisútvarpsstöðvanna. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 23/2013 kemur fram að þetta fyrirkomulag er talið stuðla að auknu lýðræði innan stofnananna og gera starfsmenn ábyrgari fyrir starfsemi. Þetta getur verið mikilvægt þegar kemur að málum er varða lýðræðislega starfshætti innan Ríkisútvarpsins og því á mælisvert að þessi réttur starfsmanna sé af þeim tekinn.

Ákvæði laganna um skipun valnefndar var ætlað að tryggja að í stjórn veldust einstaklingar með nauðsynlega þekkingu á þeim málefnum sem samkvæmt markmiðs-ákvæði laganna eru helstu verkefni Ríkisútvarpsins. Í samræmi við það hlutverk þess að stuðla að lýðræðislegri umræðu er eðlilegt að við skipun stjórnar sé leitað til háskóla-anna og hvað við kemur því hlutverki að stuðla að menningarlegri fjölbreytni er eðlilegt að leitað sé til listamanna. Minni hlutinn áreitar að með því að hverfa frá ákvæðum laga nr. 23/2013 um valnefnd er horfið frá eftirsóknarverðri aðferð við val stjórnarmanna sem byggist á valdreifingu í þágu almannahagsmuna.

Fyrirhuguð breyting ráðherra á skipun stjórnar má teljast enn alvarlegri þegar horft er til þess að í lögum um hlutverk stjórnar talsvert víðfeðmara en samkvæmt eldri lögum.“ — Þetta er lykilatriði. Það er ekki bara verið að hverfa til baka til þess sem var í fyrri lögum, heldur er verið

að gera ráð fyrir því að hér sé um að ræða pólitískt kjörna stjórn sem hafði víðara hlutverk en núverandi stjórn. — „Þannig kemur stjórnin ekki eingöngu að rekstri stofnunarinnar eins og áður heldur hefur hún meiri umsvif og völd. Með lögnum voru möguleikar stjórnar Ríkisútvarpsins til að hafa áhrif á dagskrárlega þætti, innihald og efnislega umfjöllun stofnunarinnar auknir, enda gert ráð fyrir breyttri skipan stjórnar þar sem fagleg sjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi.“ — Þetta hangir nefnilega saman. — „Nú á að auka á ný vægi pólitískra þátta við skipun stjórnar og færa hana aftur í þann pólitíska farveg sem víkja átti frá. Er þetta gert án þess að horft sé til breytts hlutverks hennar. Þannig virðist fyrirhuguð breyting ekki byggð á heildstæðu mati,“ skilningi á tilurð og grunni þeirra laga sem gilda í málefnum Ríkisútvarpsins eða yfirleitt heildarhugsunar af nokkru tagi.

„Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 23/2013 er bent á mikilvægi þess að ríkisrekin fjölmiðlaþjónusta í almannabágu veiti almenningi tryggingu fyrir hlutlægri umfjöllun, með áherslu á gæði og áreiðanleika upplýsinga. Sú breytta skipun stjórnar sem lögð er til í fyrirbyggjandi frumvarpi gefur almenningi tilefni til að efast um hlutlægni Ríkisútvarpsins og getur þannig dregið úr trausti á því að upplýsingar fjölmiðilsins séu áreiðanlegar og umfjöllun hans hlutlæg.“

Í kafla um hæfi stjórnarmanna í nefndarálitinu segir:

„Samkvæmt gildandi ákvæði laganna skal valnefndin við tilnefningu stjórnarmanna hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé meðal annars þekking og reynsla af fjölmiðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá skal valnefndin gæta að jafnrétti kynjanna í tilnefningum sínum. Þetta ákvæði er fellt brott í fyrirbyggjandi frumvarpi og því engin trygging fyrir því að til stjórnasetu veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum, sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins sem og meginmarkmiðum og -verkefnum þess.“

Virðulegur forseti. Svo virðist sem hæfið felist í flokkskárteininu einu saman ef marka má stjórnarmennsku í Lánasjóði íslenskra námsmanna og ég vænti þess að það sé sami skilningur hæstv. ráðherra og hv. formanns allsherjar- og menntamálanefndar í þeim efnum. Úr því að þessir hæfispunktur voru felldir út dugar væntanlega að menn séu aldri upp í Sjálfstæðisflokknum.

„Eftir stendur eingöngu sú regla að stjórnarmenn skuli uppfylla hæfi samkvæmt 66. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995. Þar er ekki gert ráð fyrir þekkingu, faglegum sjónarmiðum eða jafnrétti kynjanna heldur gerir ákvæðið eingöngu kröfu um að stjórnarmenn séu lögráða, fjár síns ráðandi og hafi ekki síðustu þremur árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Auk þess eru þar sett ákveðin búsetuskilyrði.

Fyrirbyggjandi frumvarp tryggir því ekki faglegt hæfi stjórnarmanna, að þeir hafi þá þekkingu á þekkingu eða fjölmiðlun sem nauðsynleg er til að markmið laganna nái fram að ganga.“

Þetta er stórkostlega alvarlegt mál vegna þess að hér er

ekki nóg með að horfið sé til fyrri vegar að því er varðar pólitískt tök á stjórnarmönnum Ríkisútvarpsins heldur líka horfið frá þeirri sýn að menn þurfi yfir höfuð að hafa nokkra faglega hæfni eða þekkingu, sem maður hefði kannski haldið að menn reyndu að halda í, einhvern lágmarksskilning á því að hæfi og fagleg þekking skipti einhverju máli. En það kemur kannski ekki á óvart í ljósi þess hverjir hér véla um.

Í kafla um þróun í nágrannalöndunum, þar sem staðan í Svíþjóð og Bretlandi er fyrst og fremst reifuð, segir:

„Í nágrannalöndum okkar hefur verið þróun í átt að meira lýðræði og gagnsæi við stjórn ríkisfjölmiðla auk þess sem fagleg sjónarmið eru þar látin ráða för. Nefndinni var kynnt hvernig fyrirkomulag stjórnar ríkisfjölmiðla er í nágrannalöndunum. Í umsögn Lárúsar Ýmis Óskarssonar“ — sem hefur farið sérstaklega yfir þessi mál og kom á fund nefndarinnar — „kemur fram að í Svíþjóð er ríkisfjölmiðillinn í eigu sérstaks sjálfseignarfélags sem er í eigu ríkisins. Þingið skipar stjórnarmeðlimi en allir stjórnmalaflokkar hafa neitunarvald um þá fulltrúa sem aðrir flokkar tilnefna og er þess sérstaklega gætt að enginn veljist til stjórnarstarfs sem á annarra hagsmuna að gæta. Sú regla gildir að þessi stjórn tekur allar ákvarðanir einróma. Stjórn sjálfseignarfélagsins skipar síðan stjórn ríkisfjölmiðilsins.“

Það skal tekið fram varðandi stjórn ríkisfjölmiðilsins að þeir sem þar veljast til stjórnasetu þurfa að hafa reynslu og/eða kunnáttu sem geri þá sérstaklega hæfa eða æskilega til að sitja í þeirri stjórn. Þetta ákvæði er sambærilegt ákvæði gildandi laga sem í fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til — hvað? Jú, að það verði fellt brott, þ.e. að ákvæði um reynslu, kunnáttu og þekkingu verði fellt brott.

„Lárus Ýmir fór einnig yfir fyrirkomulag stjórnar ríkisfjölmiðla í Bretlandi“ — þar sem er öflugur ríkisfjölmiðill og löng og mikil saga — „og í umsögn hans kemur fram að þar í landi „hafa menn lengi vitað af hættum þess að hleypa stjórnmalamönnum nálægt BBC“. Lárus Ýmir bendir auk þess réttilega á að upplýsingar eru völd og „það að hafa upplýsingarnar eða upplýsingarnar sín megin gefur völd. Og stjórnmalamenn vilja auðvitað völd, og ekkert er atuhgavert við það. Þeir vilja væntanlega láta gott af sér leiða. En að fá völd yfir upplýsingum og upplýsingamiðlun er þeim ekki hollt og enn síður því samfélagi sem þeir eiga að þjóna.“ Til að tryggja að ekki séu pólitísk afskipti af stjórn ríkisfjölmiðla í Bretlandi er sá háttur hafður á að til staðar er það sem kallað er „Trust“ sem er eins konar akademía virtra einstaklinga, sem hafa [sérþekkingu] á málefnum fjölmiðilsins og taka afstöðu til [stórra] stefnumála. Þeir stjórnar þó ekki daglegum rekstri heldur hefur sérstök rekstrarstjórn það verkefni.“

Í kafla í nefndarálitinu um samráð kemur fram að við gerð frumvarps ráðherra var ekkert samráð haft við hagsmunaaðila eða hlutaðeigandi aðila og ekki heldur þá sem tilnefna áttu í stjórn félagsins eða valnefndina. Það er dálítið kúnstugt í ljósi umræðu sem er hér tekin upp í þingsal þegar hentar ríkisstjórnarflokkunum að tala um mikilvægi samráðs og mikilvægi þess að vinna hlutina vel. Má þá nefna til að mynda þá vandræðalegu staðreynd sem ný ríkisstjórn ber á borð fyrir þjóð sína, að málefni um skuldavanda heimilanna eru afgreidd með tíu punkta verkefnalista



frá forsætisráðherra þar sem þau mál sem raunverulega varða skuldavanda heimilanna eiga ekki að koma til framkvæmda í nóvember heldur á einhver nefnd að skila af sér tillögum í nóvember þegar við erum í þann veginn að komast að endastöð í afgreiðslu fjárlaga. Maður veltir þess vegna fyrir sér hvenær skuldug heimili megi búast við raunverulegri úrlausn sinna vandamála.

Í þessum efnum er mjög mikilvægt að kalla til nefndir og alls konar starfshópa og samráð en ég man ekki eftir því, virðulegi forseti, að nokkurs staðar hafi verið talað um þetta mál í kosningabaráttunni. Var einhvern tímann talað um það í kosningabaráttunni að eitt af stefnumálum Sjálfstæðisflokksins væri að endurheimta pólitísk tók á Ríkisútvarpinu? Ég man ekki eftir að það hafi einhvers staðar komið fram sem sérstakur áherslupunktur, ég man ekki eftir því í litprentuðum bæklingum eða einhvers staðar í sjónvarpsauglýsingum eða umræðubáttum að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, hafi stigið fram fyrir skjöldu með sitt mikilvægasta draumaverkefni sem mennta- og menningarmálaráðherra sem væri að herða pólitísk tók á Ríkisútvarpinu.

Ég man ekki eftir því að þetta hafi verið rétt en þó er þetta svo brýnt og þó er þetta þeirrar gerðar og þannig vaxið að það þarf ekki að tala við nokkurn mann um það. Það þarf ekki að tala við þá sem komu að gerð fyrri löggjafar í aðdraganda þess, það þarf ekki að hafa samráð við hagsmunaaðila, það þarf ekki að hafa samráð við kóng eða prest, allra síst náttúrulega stjórnarandstöðuna. Ég velti fyrir mér, virðulegur forseti, hvort samráð hafi verið við Framsóknarflokkinn í þessu efni. Eða var þetta bara eitt af því sem kom „go' moren“ af hinnum ofan í hausinn á framsóknarmönnum og þeir þurftu bara að setta sig við? Var þetta svoléiðis, virðulegur forseti?

Ekkert samráð var haft við nokkurn mann, það var pólitískt forgangsmál Sjálfstæðisflokksins að herða tókin á ríkisfjölmiðlinum eins fljótt og auðið yrði og svo fljótt að því er rutt í gegnum nefndina, rutt hér á dagskrá og sett númer eitt í því að gera að lögum. Enga nefnd, engan starfshóp, enga umræðu. Meirihlutaálit í skötulíki, ekki einu sinni velt þar vöngum um það hvaða sjónarmið hafi komið fram, sem voru raunar öll andsnúin frumvarpinu. Nei, það þarf ekkert að gera það, það þarf ekkert að ræða þau mál vegna þess að núna er komið alvöruhúsbóndavald í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nú er komið húsbóndavald af gömlu gerðinni þar sem karlinn segir bara það sem hann vill og það er bara gert.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að það veldur mér vonbrigðum að viðnámið skuli bara ekki vera fyrir hendi, ekki í Framsóknarflokknum. Það er meira að segja þannig að gamalkunnug tilfinning frá því á árum áður fyrir því að þingið eigi að vera stimpilpúði fyrir einhverja vitleysu úr ráðherrum er farin að hríslast um mann í þessari umræðu hér, fullkomlega gagnrýnislaus umræða. Hér er komið frumvarp frá ráðherra, algjörlega örökstutt nema með því að hann vill herða pólitísk tók í nafni gagnsæis og lýðræðis. Og hvað gerum við þá, krakkarnir? Við segjum já. Við segjum: Að sjálfsögðu gerum við þetta að lögum svo allt verði aftur eðlilegt og eins og því ber.

Í kaflanum um samráð segir líka, virðulegur forseti:

„Frumvarp það sem varð að lögum nr. 23/2013 var aftur á móti samið á grundvelli víðtæks samráðs en vinna við það hófst árið 2009. Frumvarp til nýrra heildarlaga um Ríkisútvarpið var fyrst lagt fram á Alþingi á 140. löggjafarþingi [...] Það hlaut þá umfjöllun í allsherjar- og menntamálanefnd sem hafði samráð um málið með því að óska eftir umsögnum og kalla til sín gesti. Nefndin skilaði nefndaráli og breytingartillögu við frumvarpið sem hlaut þó ekki afgreiðslu. Það var því lagt fram að nýju á 141. löggjafarþingi [...] með þeim breytingum sem allsherjar- og menntamálanefnd hafði lagt til. Nefndin kallaði að nýju eftir umsögnum og boðaði gesti á sinn fund. Frumvarpið var svo samþykkt sem lög 13. mars sl. Lög nr. 23/2013 byggjast því á mikilli vinnu og víðtæku samráði sem ekki er til staðar hvað viðkemur frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar.“

Það er ekki bara þannig, virðulegur forseti, að það sé lítið samráð, að það sé minna samráð, að það sé þannig að það hafi verið svo lífillími, þess vegna hafi verið svo lítið samráð. Nei, það bara var ekkert samráð, ekkert, af því að þannig finnst mönnum í lagi að stjórna landinu þegar búið er að loka blaðamannafundunum með myndinni af Jónasi frá Hríflu. Þá finnst mönnum í lagi að setja á sig hlaupaskóna og byrja gamla takta. Og Framsókn alltaf með, Framsóknarflokkurinn með, spyr einskis, afhendir dagbækurnar sínar, tímaplönin sín, friðlýsingaráformin sín, frumvörpin sín, til að læsa þau inni í þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Gott mál, fínt mál, alveg á hreinu hver er í stafni þó að einhver fái að sitja við borðsendann í Stjórnarráðinu. Það er alveg klárt hver er í stafni. Engar spurningar berast, ekki frá einum af þessum nýju, hjartleitu, hjartsýnu og bröttu þingmönnum Framsóknarflokksins, ekki einum. Það er gamli stíllinn, þingið stimplar mál frá ráðherra, m.a.s. þannig að það hafi farið 180 gráður í viðsnúning. Það er alveg sama, til erum við á rúmlega þremur mánuðum að snúa okkar skoðun við í þágu Sjálfstæðisflokksins. Aumt er orðið yfirbragð kosningasigurvegara vorsins 2013.

Virðulegur forseti. Samráðsleysi sem þetta er verulega ámælisvert, ekki síst þegar verið er að leggja til breytingar sem ganga þvert á niðurstöðu ítarlegrar og þverpólitískrar vinnu þar sem hlustað var eftir fjölda sjónarmiða. Sérstaklega þá er það alvarlegt vegna þess að það er verið að lítilsvirða og hunsu þá vinnu sem farið hefur fram. Það er verið að lítilsvirða og hunsu þá heildarhugsun sem var í öndvegi við gerð nýs frumvarps um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu.

Virðulegur forseti. Í niðurstöðu nefndarálitsins segir:

„Minni hlutinn mótmælti því harðlega að frumvarpið væri afgreitt frá nefndinni enda telur hann málið vanbúið. Með því er verið að rjúfa mikilvæga og breiða sátt sem liggur að baki þeim nýju lögum um Ríkisútvarpið sem samþykkt voru í vor með miklum meiri hluta á Alþingi, m.a. með fullum stuðningi Framsóknarflokksins.“

Með frumvarpinu er verið að herða pólitísk tók á Ríkisútvarpinu og hverfa frá þeirri sýn að breið skírskotun stjórnarmanna og þekking og reynsla af fjölmiðlum og menningarmálum sé best til þess fallin að tryggja farsæla stjórn þessa fjölmiðils sem starfa á í almannabágu. Það hefur um árabíl verið rétt í samfélaginu að freista þurfi þess að tryggja ákveðna fjarlægð milli Ríkisútvarpsins og hins póli-

tísku valds. Með þessu frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra er stigið skref inn í fortíðina á ný þar sem gamaldags hugmyndir frá ráða ríkjum.

Minni hlutinn leggst eindregið gegn því að málið nái fram að ganga og telur brýnt að horft sé til faglegra atriða við skipun stjórnar Ríkisútvarpsins. Minni hlutinn mælir því með því að frumvarpið verði dregið til baka og lögum nr. 23/2013 verði fylgt þannig að tilnefnd verði valnefnd er síðan kjósi stjórn Ríkisútvarpsins fyrir aðalfund stofnunarinnar. Þangað til starfi núverandi stjórn stofnunarinnar áfram.“

Þetta er undirritað af minnihlutamönnum í allsherjar- og menntamálanefnd í gær, 20. júní 2013.

Hér er á ferð pólitísk ósvifni, liggur mér við að segja, það er náttúrulega ekkert annað en fullkomin pólitísk ósvifni að fara fram með þessum hætti og það verður eiginlega að skoða þetta í því samhengi sem hér er uppi, þessu samhengi sem er stjórnarmennirnir fimm í lánasjóðnum, sem allir eru aldir upp í Valhöll, og það er eina leiðin til þess að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra geti treyst einhverri stjórn að þeir séu sjálfstæðismenn. Í hvaða heimi býr hæstv. ráðherra? Það þarf fyrir alla muni að kalla til baka þá stórhættulegu breytingu sem gerð hefur verið sem snýst um — hvað? Það snýst um að fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna og fulltrúi Samstarfsnefndar háskólastigsins eigi hvor sitt sætið í tíu manna valnefnd sem velji sjö stjórnarmenn. Hverjir velja hina átta? Allsherjar- og menntamálanefnd þrjá, ráðherrann fimm. Svo er annað sem er stórhættulegt, það að starfsmannafulltrúinn sé á fundunum. Það verður að stoppa það, koma honum út.

Þetta er enn athugasemdir á ljósi þeirrar uppákomu dagsins að maður sem fer fram með undirskriftasöfnun á netinu er kallaður á fund ráðherra og í fundarboðinu er atvinnurekandinn látinn vita, yfirmaður viðkomandi. Í hvaða samhengi erum við að tala um hlutina hér, virðulegur forseti? Við erum ekki að tala um neitt venjulegt pólitískt samhengi sem hlutirnir eru hér í, við erum ekki að tala um neinn venjulegan vandræðagang í því að efna kosningaloforð. Við erum að tala um að hér eru komin til valda stjórnvöld sem hafa mjög ósvífnar hugmyndir um vald, finnst bara eðlilegt að taka úr sambandi allt sem heitir samráð í þessu efni, ryðja stjórn lánasjóðsins og setja þar inn skólabræður sína og -systur, eða hvað það nú er, og svo þessa uppákomu í dag. Hvers konar skilningur er þetta á því hvað það þýðir að fara með framkvæmdarvald í umboði Alþingis?

Að fara með framkvæmdarvald í umboði Alþingis er þjónusta við almenning, trúmennska við þá sem greiða atkvæði á kjördag. Umboðið sækjum við þingmenn frá kjósendum og ráðherrar frá þingmönnum. Menn fara ekki með það eins og eitthvert grín, eitthvert skemmtiatriði á einhverri samkomu í Valhöll. Það gengur ekki þannig.

Það er eitt af því sem við höfum verið að endurskoða í kjölfar hrunsins. Um hvað var rannsóknarskýrsla Alþingis? Hún var meðal annars um þessa þætti, hvernig farið er með vald, hvernig við tryggjum þessa fjarlægð, hvernig við tryggjum trúmennsku og heiðarleika gagnvart kjósendum okkar og umbjóðendum. Er verið að gera eitthvað í þá veru hér? Nei. Hér er lítið á rannsóknarskýrslu Alþingis eins og hv. fyrverandi þingmaður og varaformaður Sjálfstæðis-

flokksins talaði um hana, talaði um hana þannig að hún væri að trufla okkur eitthvað óverulega, væri truflun og einhver leiðindi, einhver leiðindi í smátíma og svo yrði allt eðlilegt aftur. Og nú er það ástand komið. Nú geta menn sagt: Heyrðu, þetta var leiðinlegt, þetta með „hrunið“ og með þessa rannsóknarskýrslu, en nú skulum við bara fara aftur í sama farið. Nú skulum við snúa okkur að því sem við kunnum best, að herða tókin.

Hvað sagði Styrmir Gunnarsson ritstjóri? Ógeðslegt samfélag, það var orðið sem hann notaði, ógeðslegt. Það var um þetta, virðulegur forseti, þá sýn að það að fara með vald þýddi að maður mætti fara fram hvernig sem væri, vaða yfir mann og annan, styðja stríð í útlöndum, sökkva heilu landshlutunum, hrista sig bara þegar mótmælendur voru einhvers staðar með undirskriftasafnanir. Eigum við að ræða um Kárahnjúkavirkjun?

Nú sjáum við í fréttum dagsins hvernig menn bregðast við undirskriftasöfnunum. Forsvarsmennirnir eru kallaðir á teppið og yfirmennirnir fá afrit. Hvernig samfélag er þetta, virðulegur forseti? Hvaða samfélag er það sem er verið að vekja hér aftur, rifja upp nákvæmlega þetta faðmlag þessara tveggja flokka, sem var erfiðasti tími Íslandssögunnar að mörgu leyti vegna þess að það hann var svo slæmur fyrir samfélagið, stofnanir þess og innviði sem urðu að verslunarvöru, markaðsvöru, og fyrir siðferðileg viðmið í stjórnarmálum og fjölmiðlum?

Þess vegna snýst það frumvarp sem hér er til umræðu ekki bara um Ríkisútvarpið. Það snýst ekki bara um stjórnarmenn, það snýst um flokkspólitíska sýn ríkisstjórnarflokkanna og samstarf þeirra sem hefur verið býsna fljótt að falla hér í kunnuglegar skorður.

Virðulegur forseti. Í ályktun stjórnar Hollvina Ríkisútvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Blekið var varla þornað á nýjum lögum um Ríkisútvarpið þegar ný ríkisstjórn lét verða eitt af sínum fyrstu verkum að leggja fram tillögu um breytingu á þeim í þá átt að innleiða á ný flokkspólitíska skipun stjórnar Ríkisútvarpsins í stað þess að það sé falið sérstakri valnefnd. Rök mennta- og menningarmálaráðherra eru þau að „glýðræðislegt og ógagnsætt“ sé að fela valnefnd að tilnefna fimm af sjö stjórnarmönnum.

Lagabreytingin sem boðuð er felst í því að 3. og 4. málsgrein 9. greinar gildandi laga falli brott. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi fimm menn í valnefnd sem ætlað er að skipa stjórnina, allsherjar- og menntamálanefnd tilnefnir einn, Bandalag íslenskra listamanna einn og Samstarfsnefnd háskólastigsins einn. Síðan skipar valnefndin fimm manna stjórn Ríkisútvarpsins. Þannig er þess gætt að almannavaldið hafi áhrif á val stjórnarmanna en velji þá þó ekki beint. Jafnframt er með þessu tryggt að fulltrúar þeirra sem sinna menningar- og menntalífi þjóðarinnar komi einnig að valinu.

Nú er gert ráð fyrir að tekinn verði upp á ný sá gamli háttur að Alþingi tilnefni alla stjórnarmenn með hlutbundinni kosningu. Það fyrirkomula þar gagnrýnt harðlega áratugum saman og vandséð er hvaða lýðræði og gegnsæi er fólgið í því að fulltrúar í stjórn séu valdir í innsta hring stjórnarmálaflokkanna og síðan dyggilega studdir af flokksfélögum á þingi.

Stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins mótmælir þessari breytingu og bendir á að þótt því sé heitið „að Alþingi leitist við að sjá til þess að til stjórnarsetu veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins“ sé engin trygging fyrir því að svo verði. Full ástæða er til að óttast að hún opni fyrir flokkspólitísk afskipti af málefnum útvarpsins á ný, sem voru löngum gagnrýnd harðlega.“

Síðar, virðulegur forseti:

„Jafnframt er lagt til að horfið verði frá því að fulltrúi starfsmanna eigi fulltrúa í stjórn, án atkvæðisréttar þó. Það er stórt skref aftur á bak. Aukið starfsmannalýðræði er talið vera mikilvægur þáttur í þróun til lýðræðislegri stjórnarháttanna en löngum hafa verið viðhafðir hér á landi, undir ofurvaldi hinna stóru pólitíska stjórnmalaflokka.“

Viðfangsefni stjórnmalanna um áráðil, og löngum hafa verið þar hefðbundnar átakalínur, er umræðan um aðkomu starfsmanna að vinnustöðum sínum, starfsmannalýðræði, að starfsmenn hefðu eitthvað um þróun og framvindu vinnustaðar síns að segja. Rödd starfsmanna er jafnvel enn mikilvægari við borð stjórnar Ríkisútvarpsins vegna þess sem hér hefur verið rakið.

Í ályktun stjórnar Bandalags íslenskra listamanna vegna frumvarpsins koma fram mikil vonbrigði. Bandalagið lýsir vonbrigðum fyrst og fremst vegna þess að það er mat bandalagsins að frumvarpið stefni í hættu, stefni beinlínis í hættu, áformunum um eflingu lýðræðislegs, menningarlegs og samfélagslegs hlutverks Ríkisútvarpsins.

Skipun stjórnarmanna er ekki í tómarúmi. Skipun stjórnarmanna, eins og hún er ákveðin í nýju lögum, er í samhengi við nýtt hlutverk stjórnar sem aftur ræðst af nýju og skýrar skilgreindu hlutverki miðilsins. Þarna er í raun verið að kippa út einum hluta nýrra laga um Ríkisútvarpið algjörlega án þess að um sé að ræða nokkra heildarsýn eða yfirsýn yfir það sem hér er til umfjöllunar og lýsir enn og aftur virðingarleysi fyrir þeirri vinnu sem unnin hefur verið og því mikla og breiða samstarfi og samráði sem liggur hér að baki.

Í þeim lögum sem nú gilda og samþykkt voru af þingmönnum allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins er nefnilega gert líka ráð fyrir fjölgun stjórnarmanna, ekki bara breyttu hlutverki heldur líka fjölgun. Það sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra leggur hér til er ekki bara að þetta verði allt með fyrra sniði heldur að þetta verði fulltrúar sem eru kosnir af Alþingi og þeir verði sjö núna í staðinn fyrir fimm, eins og þeir voru í fyrra lögum. Það að segja: Nei, við erum bara að færa þetta til þess sem var og eins og núverandi stjórn er, er ekki rétt vegna þess að þarna er um að ræða líka fjölgun, breytt hlutverk, fjölgun, nýja löggjöf, þ.e. nýja sýn á verkefni og hlutverk miðilsins.

Bandalag íslenskra listamanna bendir líka á í sinni ályktun að með þessu frumvarpi sé horfið frá þessari mikilvægu breytingu sem snýst um að skapa fjarlægð við hið pólitíska vald á Alþingi. Þarna er mjög skýrt og greinilegt skref til baka. Í staðinn fyrir að skapa fjarlægð við hið pólitíska vald eru pólitísk tengsl stjórnarmanna fest í sessi með afgerandi hætti. Og til viðbótar við það að Alþingi kjósi stjórnina er þeim líka ætlað að endurspegla valdahlutföllin í þinginu þannig að valdahlutföllin í þingkosningum hverju

sinni endurspeglar í stjórn Ríkisútvarpsins. Það er líka umhugsunarpunktur í þessu efni.

Þetta er algjörlega í hróplegu ósamræmi við það sem verið er að gera í nágrannalöndum okkar, bæði þá þróun sem hefur verið þar á undanförunum árum og áratugum og líka þá umræðu sem þar hefur verið. Það er súrt til þess að líta að þetta verði enn eitt dæmið um það að svona afturhaldsstjórnmaláöfl verði til þess að setja framfaraákvæðanir í bakkgríp, taka þær í raun og veru til baka og setja okkur töluvert aftur fyrir það sem gerist og gengur í nágrannalöndunum. Við höfum verið eftirbátar nágrannalöndanna í þessum efnum, í glfmunni við þetta viðfangsefni, og nú er það fest í sessi.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, að í umræðunni í vor voru sjálfstæðismenn sem settu sig upp á móti málinu fjórir, þeir voru ekki nema fjórir hérna í þingsalnum, og hæstv. ráðherra mennta- og menningarmála, Illugi Gunnarsson, var ekki einn af þeim. Hann var ekki á móti málinu í vor, þá fannst honum þetta ekkert rosalega mikilvægt og sat þá hjá. Þá reifaði fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, sérstaklega í umræðu um málið að það væri viðvarandi viðfangsefni að tryggja þessa fjarlægð milli hins pólitíska valds og ríkisfjölmiðilsins, þó að hún tæki líka fram, virðulegur forseti, ég vona að ég hafi það rétt eftir, að hún væri ekki sátt við þá nálgun sem lögð væri til í frumvarpi þáverandi ráðherra, Katrínar Jakobsdóttur. Hún var andsnúin þeirri leið en reifaði mikilvægi þess samt sem áður að freista þess að finna út úr þessum vanda.

Það er ekkert slíkt í pípunum í þeirri umræðu sem hér er uppi og í þessu frumvarpi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra eru engin áform eða vangaveltur uppi um að þetta sé verkefni sem þurfi að takast á við. Nú setjum við aftur í bakkgrínn, nú stöndum við undir nafni sem afturhaldsflokkur og færum þetta fullkomlega gagnrýnislaust til fyrri vegar. Það sem gerist á Alþingi í þessari nýju, fersku ríkisstjórn sem einkennist af kjarki og þori og alls konar ungmennafélagslegum þáttum er að þetta nýja þing bara lyftir stimplinum og stimplar svona vitleysisfrumvörp. Það er ekki einu sinni að menn þurfi að ræða það eða valta viðgöngum. Þetta brunar í gegnum þingflokkanna og brunar í gegnum nefndina og það er brunad sátt við það þarf ekki einu sinni að skrifa almennilegt meirihlutaálit af því að það liggur svo mikið á. Það eru engar efasemdir um það, þetta er alveg klárt mál og hérna setjum við stimplinn og Framsóknarflokkurinn sem var 100% með málinu á sínum tíma sér enga ástæðu til þess að staldra við það núna.

Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvað bærst í hugum hjartleitra, nýrra, ungra þingmanna þegar svona keyrslu er beitt. Ég spyr, virðulegur forseti: Var þetta svona mikilvægt? Er þetta mál svo mikilvægt að það þurfi að djöfla þessu í gegn? Var eitthvað hættulegt að fara að gerast, virðulegi forseti, var eitthvað svakalega hættulegt í pípunum þegar valnefndin varð til og hún hefði síðan valið stjórn Ríkisútvarpsins? Mér finnst stórkostlega alvarlegt umhugsunarefni hvað hæstv. ríkisstjórn nálgast þessi mál. Það er líka nauðsynlegt að taka þessu umræðu í samhengi við það hvernig sjálfstæðismenn hafa iðulega talað um og til Ríkisútvarpsins.

Hvað var það ekki sem menn voru að boða? Ég man

ekki betur en að ágætur sjálfstæðismaður hafi boðað það í blogg pistli á vordögum að nú þyrfti að fara að taka til, hreinsa, færa til fólk o.s.frv. Er sem sagt komið eitthvert plan, virðulegi forseti, er þetta partur af einhverri ætíun Sjálfstæðisflokksins um að það þurfi að taka til í útvarpinu? Þarf að fækka einhvers staðar, eða láta einhvern fara? Er einhver sem er óþægilegur þarna, er eitthvað svoleiðis?

Ja, maður veltir fyrir sér af hverju liggur svona á. Sá hraði sem hér er á ferðinni er hraði sem ég hefði haldið að væri á stóra skuldavandafrumvarpinu, að þá þyrfti aldeilis að láta alla flugelda springa og vaða með málið og taka það með miklum lúðrablastri og söng. Nei, það þarf ekki. Það er hægt að vera með það í hægagangi en þetta þarf að fara fram með þeim hætti sem hér er kynntur til sögunnar.

Bandalag Íslenskra listamanna segir einnig í sinni ályktun að ljúka þurfi innleiðingu þessa nýja fyrirkomulags við val á stjórn RÚV vegna þess að í því felist mörg tækifæri til aukinnar fagmennsku við stjórn þessarar mikilvægu menningarstofnunar.

Ég spyr, virðulegur forseti: Er það ekki allt í lagi? Má ekki leyfa þessum nýju lögum — það er varla þornað blekið á þessum nýju lögum, þau eru rúmlega þriggja mánaða gömul — má ekki leyfa þessu fyrirkomulagi að ganga einn rúnt, má ekki leyfa lögnum einu sinni komast til framkvæmda? Það má ekki leyfa lögnum að komast til framkvæmda, virðulegi forseti, er eitthvað hættulegt á ferðinni? Ég spyr. Þau flokkspólitísku tók sem hér er verið að herða eru nefnilega stórkostlega umhugsunarverð og mikið áhyggjuefni, verð ég að segja, þegar það er haft í huga í samhengi við allt annað sem hér er rætt og kemur fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það eru ekki margir framsóknarmenn hér í salnum en mér þætti gott að heyra í einhverjum framsóknarmönnum um það hvernig rökræðurnar hafa verið þegar framsóknarmenn tóku ákvörðun um að skipta um skoðun, þ.e. að vera á móti því sem þeir voru með fyrir þremur mánuðum, eða hvort þetta er partur af samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna vegna þess að það er ekki stafur um það þar, ekki í pappírnum sem var kynntur á Laugarvatni. Það er ekkert um þetta þar. Í hvaða samstarfsyfirlýsingu er þetta, af hverju var Framsóknarflokkurinn tilbúinn að gera þetta? Var hann sannfærður, voru einhver rök sem framsóknarmenn létu sannfærast af og hugsuðu með sér: Já, þetta er rétt, heyrðu, við vorum á villigötum þarna í vor, þetta er rétt og svona skulum við hafa þetta?

Ég hef ekki heyrt neinn framsóknarmann tala af sannfæringu um þetta máli. Stendur það til, virðulegur forseti, að einhver framsóknarmaður taki til máls í þessari umræðu? Mér þætti forvitnilegt að vita hvort Framsóknarflokkurinn ætlar að leiða þetta hjá sér og hvort það er partur af úthaldstækni Framsóknarflokksins til ára og áratuga að leiða suma hluti hjá sér með þeim hætti sem hér er gert.

Í greinargerð Lárusar Ýmis Óskarssonar sem ég hef aðeins drepit á, og fyrst og fremst talað um fyrirkomulagið í Svíþjóð og á Bretlandi, er ansi áhugaverð umfjöllun. Athugasemdir hans sem fylgdu með heimsókn hans til nefndarinnar voru líka sendar nefndinni og eru á vef Alþingis. Þar leggur Lárus Ýmir fram vangaveltur sínar um stöðu þessarara mála víða um hinn vestræna heim.

Mér finnst verulega mikið umhugsunarefni þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Íslendingar siðvæddust síðar en flestar nágrannþjóðirnar, sem voru búnar að eiga sér iðnað, samgöngur og trausta innviði auk borgaralegs samfélags og siðferði sem fylgdi borgarlífi í 200 ár þegar Íslendingar fóru að flytja úr lágreistum sveitabæjum sína á mölina. Vegna þessa erum við hér á landi yfirleitt einum til þremur áratugum á eftir í flestu því sem er til vitnis um þroska samfélags. Þetta er eðlilegt og enginn áfellsisómur yfir þjóðinni. Þannig hefur það liðist mun lengur hér en í nágrannalöndum að stjórn-málamaenn hefðu afskipti af Ríkisútvarpinu og að ráðherrar skipuðu starfsmenn aðra en hæstu stjórnendur ...“

Ég vil í lok þessarar ræðu minnar vitna í umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins þar sem kemur fram að starfsmannasamtökin harma að fulltrúinn verði ekki í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt tillögu um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Með setningu laga nr. 23/2013 um stjórn Ríkisútvarpsins og skipan hennar, var það talið til bóta að fulltrúi starfsmanna fengi sæti í stjórn, til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta starfsmenn fyrirtækisins. Með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er ljóst að þessum endurbótum verður snúið við. Það harmar stjórn Starfsmannasamtakanna og bendir enn fremur á að nú þegar er búið að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt gildandi lögum.“

Virðulegur forseti. Eins og komið hefur fram í ræðu minni hafa engar röksemdir fylgt þessum hluta, þ.e. ákvörðuninni um að starfsmannafulltrúinn eigi ekki erindi á stjórnarfundi. Það skal tekið fram að samkvæmt gildandi lögum hefur starfsmannafulltrúinn málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Hann er í raun áhyrnarfulltrúi á fundum stjórnar. En með þessari tillögu hæstv. ráðherra Illuga Gunnarssonar er starfsmannafulltrúinn sendur út, sendur fram algjörlega án rökstuðnings, það eru engin rök með þeim þætti. Ráðherrann rökstyður sinn hluta um að taka valnefndina úr sambandi með því að hann telur að gamaldags aðferðir við að kjósa fulltrúana af Alþingi séu betri, gagnsærri, lýðræðislegri og hvað það nú allt saman er en hann nefnir ekki þennan veruleika, að hann leggur til að starfsmannafulltrúanum verði vísað á dyr. Það er óásættanlegt, virðulegur forseti, að ráðherrann geri það ekki með einhverjum hætti vegna þess að þarna er um að ræða ákveðna og mjög mikilvæga áferðarbreytingu á stjórn Ríkisútvarpsins. Menn horfast í augu við og taka sérstakt mið af því að þarna er um að ræða ekki bara fjölmiðil heldur líka vinnustað og þar sem ákveðið starfsmannalyðræði þarf að vera haft í huga, ekki síst þegar verið er að ræða dagskrárstefnu og stefnumótun til langs tíma.

Virðulegur forseti. Það fer að síga á seinni hlutann. Eftir að hafa farið yfir þessi mál og þetta frumvarp og þessa stöðu eins og ég hef gert hér er það sem í raun og veru stendur upp úr það að verið er að herða þessi pólitísku tók á Ríkisútvarpinu, hér er verið að hverfa frá þeirri sýn að hin breiða skírskotun skipti máli. Hér er verið að reka starfsmannafulltrúann út, hér er verið að leggja til breytingu sem er algjörlega án tengsla við ný lög um Ríkisútvarpið, þ.e. breytt hlutverk stjórnar og breytt hlutverk miðilsins. Það er

að auki brýnt að skoða þetta mál í samhengi við pólitískan veruleika samfélagsins að öðru leyti. Sá gjörningur sem hér er á ferðinni, sem er gagnrýnislaust og án nokkurra mótbára tekinn í gegnum nefnd og liggur greinilega mjög mikið á, vekur í samhengi við aðrar stjórnvaldsákvarðanir og stefnumál nýrrar ríkisstjórnar mjög miklar áhyggjur.

Hér er verið að hverfa til stjórnarháttá sem voru við lýði á árum áður í faðmlagi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það faðmlag er kannski það pólitíska samband þar sem mest ábyrgð liggur á því hvernig komið er fyrir íslensku samfélagi. Það að íslenskt samfélag og íslenskt efnahagslíf skyldi hafa hrunið haustið 2008 er fyrst og fremst þessu faðmlagi að kenna. Það risavaxna verkefni sem við erum enn að glíma við, sama hvort það eru flýtimeðferðarlög fyrir dómstóla eða úrræði fyrir skuldsett heimili, er afurð af þessu faðmlagi, af þessari stjórnarstefnu sem snerist um hættulega afstöðu gagnvart valdi, almennan yfirgang gagnvart lýðræðislegum ferlum og virðingarleysi gagnvart öllu sem heitir þverpólitískt samráð.

Þessir þættir allir eru nokkuð sem við verðum að hafa í huga þegar við erum að skoða þetta mál, að þetta mál er ekki í tómarúmi, það er í samhengi við stjórnarmenn lána-sjóðsins, við það að menn eru teknir á teppið í ráðuneytum og varaðir við með því að senda afrit á yfirmenn þeirra o.s.frv.

Hér erum við að tala um stórt pólitískt samhengi hlutanna sem verður að hafa augun opin gagnvart þegar þetta mál er rætt eins og önnur mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram. Það að leggja þetta mál fram á þessu sumarþingi með slíku offorsi og af slíkum pólitískum þunga er gríðarlega mikið umhugsunarefni.

[16:24]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er óhætt að taka undir með hv. þingmanni að lýst er eftir Framsóknarflokknum. Flokkurinn náði glæsilegri kosningu í alþingiskosningum í lok apríl-mánaðar sl. og eðlilegt kannski að hann láti svo lítið að senda hingað einn og einn fulltrúa til að flytja mál sitt við þessa umræðu.

Framsóknarflokkurinn átti talsverða sögu í útvarpsráði um að ganga þar ekki alltaf erinda Sjálfstæðisflokksins heldur taka oft og einn og einn sjálfstæða afstöðu, ekki síst þegar fulltrúi þeirra var Gissur Pétursson, núverandi forstjóri Vinnuálastofnunar. Margir þekkja þá sögu.

Ég vildi spyrja hv. þingmann hvort ekkert hefði komið fram í umfjöllun nefndarinnar því að Framsóknarflokkurinn hlýtur að hafa verið viðstaddur umfjöllun nefndarinnar. Hvað veldur því að stjórnmalaflokkur sem stendur að laga-breytingum fyrir örfáum vikum er kominn hingað svo skömmu síðar, sama fólk og sami flokkur, og ætlar að samþykka lagaákvæði sem ganga þvert gegn því sem hann ákvað þá? Tók ekki einhver fulltrúi Framsóknarflokksins þátt í störfum nefndarinnar og gerði grein fyrir því hvaða sinnaskipti væru hér á ferð eða eru kannski ólík sjónarmið uppi í þeim ágæta flokki? Ég bið hv. þingmann forláts á því að vera að spyrja hana en þar sem þingmenn Framsóknarflokksins fást ekki til þess að svara hér við umræðuna þá er eina leiðin að spyrja um umræður í nefndinni sem hljóta að hafa verið einhverjar.

[16:26]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er ekki góður siður að vitna í umræður í nefnd, og meira en að það sé ekki góður siður heldur er það ekki heimilt, skilst mér, að gera það þannig að ég fer nú ekki út í það í smáatriðum. Hins vegar hljótum við að kalla til þess að hingað komi að umræðunni einhver fulltrúi Framsóknarflokksins. Framsóknarmennirnir í nefndinni skrifa allir undir meirihlutaálitnið án fyrirvara þannig að það liggur að minnsta kosti fyrir að afstaða þeirra er fullkomlega gagnrýnislaus. Það eru ekki einu sinni reifuð sjónarmið á móti eða að niðurstaðan sé reifuð út frá einhverjum tilteknum sjónarmiðum. Það er bara þetta rýra nefndarálit meiri hlutans sem liggur þá til grundvallar og fulltrúar Framsóknar í nefndinni skrifa undir það álit án þess að gera sérstaklega grein fyrir þeim viðsnúningi sem hér er á ferð.

Það sem er kannski umhugsunavert í þessu líka er sú staðreynd að tveir af núverandi ráðherum í hæstv. ríkisstjórn, hæstv. ráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson og hæstv. ráðherra Gunnar Bragi Sveinsson, voru báðir með málinu, greiddu beinlínis atkvæði með málinu. Það var ekki um að ræða hjásetu, eins og hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra Illuga Gunnarssyni sem var ekki það heitur í málinu fyrir þremur mánuðum að hann hefði á því sérstaka skoðun, heldur stóðu þessir fulltrúar beinlínis með málinu og studdu það. Viðsnúningurinn er því eitthvað sem, virðulegur forseti, hv. þingmaður þarf að leita annað til að fá röksemdir fyrir því að sú sem hér stendur er alveg jafn gáttuð á honum og þingmaðurinn sem spyr.

[16:28]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið. Auðvitað er sjálfsagt að virða þann trúnað sem vera ber í nefndastörfum þingsins og fullkomlega eðlilegt að framsóknarmenn komi sjálfir í ræðustólinn og geri grein fyrir því hvers vegna þeir skipta um skoðun eins og sokka í þessu máli á aðeins tveimur mánuðum og hvers vegna hæstv. utanríkisráðherra Gunnar Bragi Sveinsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra með meiru, eru beinlínis flutningsmenn að málinu því að málið er jú stjórnarfrumvarp. Við treystum því bara að þeir komi á mælendaskrána og lýsi því hvað veldur þessum viðsnúningi og hvers vegna ekki var gerð grein fyrir honum í kosningabaráttunni.

Hitt sem ég vildi spyrja hv. þingmann út í, einfaldlega vegna þess að í önnum kosningabaráttunnar og vetrarins fór kannski fram hjá mér sú umfjöllun um Ríkisútvarpið sem ég hygg að hafi meðal annars komið frá fyrrverandi ritstjóra *Morgunblaðsins*, kannski það hafi líka verið vegna þess að ég geri ekki mikið af því að fylgjast með tilteknum vefmiðlum í landinu og hef fötlun mína sem ágætt skálka-skjól í því efni: Var þar um að ræða einhverjar hótanir í garð útvarpsins eða einhvers konar yfirgang um ritstjórnarstefnu þar eða pólitísk afskipti? Það væri gott ef ég mætti glöggva mig betur á því.

[16:30]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Internetið er ekki bóla. Ég get í símanum á borðinu hjá mér skoðað mælendaskrána sem fram undan er í þessu máli og þar er enginn framsóknarmaður á lista. Ég held að það sé alveg við hæfi að við köllum eftir því að einhver framsóknarmaður geri það okkur og þingræðinu til gleði að koma hingað og gera grein fyrir sinnaskiptunum. Ég held að það sé bara hollt og gott fyrir umræðuna vegna þess að það er alltaf gott að heyra góðan rökstuðning fyrir viðsnúningi í skoðunum.

Hvað varðar hitt málið sem hv. þingmaður spyr um er ég nú ekki með fyrir framan mig þann pistil á evropuvaktin.is sem ég vitnaði lauslega til í fyrri ræðu minni en mér er það bæði ljúft og skylt að koma upp síðar í umræðunni og gera þá ítarlegar grein fyrir því sem þar stóð. Ég mun taka þeirri áskorun hv. þingmanns að gera það og set mig á mælendaskrá af því tilefni.

Ég lýsi hér enn og aftur eftir framsóknarmanni í þessa umræðu.

[16:31]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (um fundarstjórn):**

Frú forseti. Það er tvennt undir þessum lið. Fyrst vil ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka vel í þá málaleitan sem var sett fram áðan um að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd yrði kölluð saman til fundar og hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála boðaður til fundar við nefndina til að gera grein fyrir vinnubrögðum sínum og stjórnsýslu að því er varðar boðun fundar með forsvarsmönnum undirskriftasöfnunar gegn breytingum á veiðigjaldi. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því, því að nú er komið á aðra klukkustund síðan þessi beiðni var sett fram í ræðustól, hvað því líði að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sé boðuð til fundar og hvort það hafi verið kannað hvort ráðherrann geti þá komið til slíks fundar.

Það var líka óskað eftir því að gert yrði hlé á þingfundi á meðan slíkur fundur yrði haldinn, en af því að klukkan er nú farin að slaga í fimm á föstudagssíðdegi vil ég líka inna hæstv. forseta eftir því hvað hann hyggst halda þessum þingfundi lengi áfram.

[16:32]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Forseti hefur ekki boðað stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til fundar en mun gera það núna er forseti hverfur úr stóli. Þá mun forseti sem tekur við væntanlega koma þeim skilaboðum áleiðis. Það er það sem forseti hefur að segja um þetta mál núna.

Hvað varðar lengd fundarins getur forseti ekki svarað því, en væntanlega verður gerð grein fyrir því mjög fljótlega.

[16:33]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (um fundarstjórn):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að forsetinn hyggst standa fyrir því að fundur verði í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, en ég tek líka undir það að nú er klukkan orðin

hálfítt, lengsti dagur ársins og sól og sumar þannig að ég óska þess að sá fundur verði ekki seinna en klukkan fimm. Ég á sæti í nefndinni.

Svo væri fróðlegt að vita líka hvenær þessum fundi á að ljúka hér í þessum sal.

Ég þakka forseta aftur fyrir að bregðast vel við.

[16:34]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, nr. 23/2013. Það er með mjög blendnum tilfinningum sem maður kemur í ræðustól til að ræða þetta mál vegna þess að mér er fullkomlega óskiljanlegt, þó að ég sitji í allsherjar- og menntamálanefnd, af hverju það er til umræðu. Við erum á sumarþingi eftir kosningar þar sem fyrirheit voru um að taka fyrir, og við höfum gefið ádrátt um að leggja því lið, þau mál sem fyrrverandi stjórnarandstaða lagði mikla áherslu á og sagði í nánast hverri einustu ræðu að ræða ætti um hagsmuni heimilanna en ekki einhver önnur óþörf mál.

Ný lög um Ríkisútvarpið voru í undirbúningi töluvert lengi. Samþykkt höfðu verið lög um Ríkisútvarpið árið 2007 í tíð þáverandi ráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Síðan er ákveðið að leggja mat á framkvæmdina á þeim lögum árið 2009 og skipaður starfshópur til að fara yfir stöðu mála. Það endar með því að frumvarp kemur inn á þarsíðasta þingi og er þá flutt, fer til umsagnar og kemur til skoðunar. Það fer fyrir tvö þing og að lokum er samþykkt frumvarp um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, eins og það heitir, fyrir u.þ.b. þremur mánuðum. Það er samþykkt af 35 þingmönnum nánast allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins og aðeins fjórir þingmenn greiddu atkvæði gegn frumvarpinu. Nokkrir sátu hjá, og þar á meðal hæstv. ráðherra mennta- og menningarmála, Illugi Gunnarsson, en formaður hv. allsherjar- og menntamálanefndar greiddi atkvæði gegn frumvarpinu. Maður veltir fyrir sér: Hvernig stendur á að við erum að sóa tíma þingsins og vinnu í að taka nýtt mál upp í staðinn fyrir að standa við þau lög sem voru samþykkt? Hvað er það sem kallar á breytingu og það á einu atriði, þ.e. skipun stjórnar?

Nú kann einhver að segja að það skipti ekki öllu máli hvernig stjórnin er skipuð. Ágæt reynsla hefur verið af því hvernig Ríkisútvarpinu hefur verið stjórnað síðastliðin ár. En þá gæti maður líka sagt að hún skipti ekki öllu, öll sú mikla vinna þar sem við vorum að reyna að læra af hrininu, af rannsóknarskýrslunni, af umræðunni um að reyna að hafa stjórn almennastofnana í armslengd, eins og kallað var, frá beinu flokkspólítísku stjórnvaldi.

Hvaða skilaboð gefur ný ríkisstjórn með því að taka einmitt þetta mál upp sem fyrsta mál í mennta- og menningarmálum, eina málið sem hefur komið inn frá þeim hæstv. ráðherra? Hvaða skilaboð er verið að gefa? Er nokkuð að undra að maður velti því fyrir sér hvort hér sé einfaldlega annaðhvort verið með frekju þar sem sagt er: Ég vil, ég ætla, eða að hér sé komið gamla pólitíska valdið sem menn vilji hafa á stofnunum?

Það eru mikil vonbrigði ef svo er vegna þess að sú tilraun sem gerð var í lögunum og sem átti að koma til framkvæmda núna fólst í því að skipa valnefnd, og menn hefðu

betur átt að fá reynslu á það fyrirkomulag og sjá hvernig það gengi. Valnefnd er tilraun til að stjórna með öðrum hætti en áður, auka vegalengdina eða fjarlægðina á milli hins beina flokkspólítíska valds og stjórnar á almannastofnunum eins og Ríkisútvarpinu, því að spörin hræða. Þá horfi ég lengri aftur í tímann og ég held að við eigum ekki að fara aftur í þann tíma.

Þetta mál er sett á með miklum hraða. Það er tekið út úr nefnd gegn vilja okkar í minni hlutanum. Við erum búin að eyða klukkutímum í að reyna að ljúka nefndaráliti sem er mjög ítarlegt, gagnstætt áliti meiri hluta nefndarinnar. Við reynum að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar og draga fram þau álitamál sem birtast í umsögnum um frumvarpið. Við leitum auðvitað umsagna til að geta vegið og metið þær tillögur og athugasemdir sem koma fram í þeim. Engin af þeim umsögnum sem við fengum er jákvæð gagnvart þessu frumvarpi.

Það er ástæða til að spyrja hæstv. forseta af hverju við stöndum hér klukkan hálf fimm á föstudegi til að reyna að ljúka umræðu um þetta mál. Það eru engin stór mál frá stjórnarmeirihlutanum sem bíða. Hvers vegna má þetta ekki fara fram yfir helgina inn á venjulegan fundartíma þar sem við höldum umræðunni áfram? Umræðan fer fram í þingsal einfaldlega vegna þess að ekki hefur verið tími til að fara ítarlega í málin í nefndinni.

Það vekur athygli þegar við skoðum samþykktina á frumvarpinu um Ríkisútvarpið fyrir þremur mánuðum, þar sem 35 greiddu atkvæði við lokaafgreiðslu, að framsóknarmennirnir sem greiddu atkvæði voru fimm og enginn úr þeirra hópi var á móti. Hvað hefur gerst í þeirra hópi? Þeir sem studdu frumvarpið óbreytt eða lokaniðurstöðuna voru m.a. tveir núverandi ráðherra, hæstv. ráðherra Gunnar Bragi Sveinsson og hæstv. ráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson.

Það vekur athygli að í þingsal í dag er enginn fulltrúi Framsóknar, hvorki úr allsherjar- og menntamálanefnd né aðrir úr þingflokki, sem tekur þátt í umræðunni. Var það samkomulag stjórnarflokka tveggja að Sjálfstæðisflokkurinn fengi einn að ráða þessu og Framsóknarflokkurinn skammst sína svo fyrir að geta ekki komið hér og rökstutt af hverju þeir sáu ljósið og vildu gera þessa breytingu? Ég auglýsi eftir þessu.

Það er auðvitað skylda okkar sem þingmanna í ákveðnum nefndum, ekki síst þegar flokkar eiga eingöngu einn fulltrúa þar, að gera grein fyrir sjónarmiðum síns flokks og eigin sjónarmiðum í umræðu um einstök mál, en það er sárt að þurfa að vera hér í þingsal á sama tíma og verið er að bjóða til ráðstefna og funda, eins og gjarnan er á föstudögum vegna þess að föstudagur er yfirleitt ekki fundardagur. Í dag er fundur á Tálknafirði þar sem verið er að ræða samgöngumál og hæstv. innanríkisráðherra er þar að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Sem þingmaður kjördæmisins hefði ég helst viljað vera þar. Aðrir úr allsherjar- og menntamálanefnd eru á þeim fundi og leyfa sér að taka ekki þátt í þessari umræðu eða skýra á neinn hátt það nefndaralít sem þeir hafa skilað þar sem þeir styðja þessa breytingu.

Ef ég skoða af hverju er verið að gera þessa breytingu finn ég ekki eina einustu ástæðu. Það kemur fram í frumvarpinu sjálfu að það sé engin trygging fyrir því að nýju lögin muni tryggja lýðræði og gagnsæi, en því er ekki svar-

að hvort það að fara yfir í hlutfallskosningu og vera með í stjórn sjö fulltrúa kosna af Alþingi muni ná því markmiði. Það er heldur ekki rætt í nefndaráliti frá meiri hluta nefndarinnar. Það virðist enginn þurfa að svara því af hverju breyta eigi aftur í gamla formið. Því er heldur ekki svarað af hverju starfsmannafulltrúinn er settur út, miðað við lögin eins og þau voru samþykkt í vor, af hverju hann er dottinn út þrátt fyrir að ekki sé horfið frá því að fjölga í stjórn RÚV úr fimm í sjö. Það eru ýmsar svona spurningar sem vakna og maður á erfitt með að átta sig á því hvaða sjónarmið liggja að baki.

Minni hluti allsherjar- og menntamálanefndar var tilbúinn að skipa strax valnefndarfulltrúa í samræmi við lögin. Það hefði auðvitað verið eðlilegast enda höfðu lögin verið samþykkt. Nú er komið saman nýtt sumarþing og þess er getið í nefndaráliti meiri hlutans að ekki sé búið að skipa fulltrúa. Nei, hv. formaður nefndarinnar, Unnur Brá Konráðsdóttir, hefði átt að tryggja að við kysum fulltrúa í samræmi við lögin. Bandalag íslenskra listamanna og fulltrúar háskólasamfélagsins voru búnir að tilnefna sína fulltrúa í valnefndina og það hefði verið eðlilegt að við í nefndinni hefðum tilnefnt fulltrúa með sama hætti og síðan hefði ráðherra skipað formann. Þar að auki var búið að fjalla um þetta á fundi starfsmanna Ríkisútvarpsins og kjósa í tvöfaldrni kosningu fulltrúa starfsmanna. En þá kemur þetta frumvarp allt í einu inn sem eitt af brýnustu stefnumálum ríkisstjórnarinnar.

Ég sagði í gríni áðan að nú væri kannski farinn að birtast árangurinn af því að búið væri að skipta um stjórnir, eins og í lánasjóðnum, þar sem valdir voru sérstakir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þrír talsins, í stjórn sjóðsins. Ég sé í fjölmiðlum að lánasjóðurinn gaf starfsmönnum sínum leyfi frá klukkan tvö í dag. Það verður gaman að sjá hvort ný stjórn Ríkisútvarpsins leggur niður starfsemi vegna veðurs í einhverja klukkutíma. En þetta er sagt í gríni, eða ætla menn að fara að ráðskast svona með hlutina? Ég veit að svo var ekki í tilfellinu með starfsmenn lánasjóðsins og njóti þeir nú vel að fá leyfi til að vera úti í sólinni, en ætla menn að fara að taka geðþóttaákvörðanir í stjórn fjölmiðils? Ég ætla rétt að vona ekki. Við þurfum á sterkum fjölmiðlum að halda, við erum með fjölmiðla sem eru keyptir og eign ákveðinna aðila og menn hafa einmitt verið að reyna að búa til þannig lagaumhverfi að skylt sé að upplýsa um hverjir séu eigendur að fjölmiðlum og tryggja að aðkoma eigenda sé ekki bein að frétt- og upplýsingamiðlun viðkomandi fjölmiðla. En svo tókum við, ríkisvaldið og Alþingi, löggjafinn, þverofuga stefnu og reynum að tryggja beina boðleið þar á milli.

Það hljómar kannski voða saklaust að segja: Við ætlum að kjósa hlutfallskosningu og hverjir eru betri til þess en 63 þingmenn sem hafa fjölbreyttan bakgrunn, koma af öllu landinu og þekkja mjög vel til í hverju horni og hverjum kima á Íslandi? En við sem höfum setið á Alþingi í einhvern tíma vitum að hlutfallskosningar og tilnefningar stjórnmalaflokka fara ekki þannig fram að lögð séu fram nöfn fulltrúa, þau rædd ítarlega og valið úr og tryggt að það sé fjölbreytni, fulltrúar frá öllum landsvæðum, fulltrúar beggja kynja o.s.frv. Það er ekki þannig. Hér kemur fram listi meiri hlutans, listi minni hlutans, og í þessu tilfelli

væru hlutföllin 4:3 og ég fullyrði að það er ekki þannig að Framsóknarflokkurinn skoði hvaða fulltrúa Sjálfstæðisflokkurinn ætli að tilnefna og að menn velji þannig að í heildina verði sterkur hópur sem hafi góða hæfni og þekkingu, mikla reynslu o.s.frv.

Það er einmitt það sem hæfnis- eða valnefndin átti að gera, að tryggja að menn gætu rætt saman og fundið bestu fulltrúa til að þjóna þessari opinberu stofnun. Í valnefndinni væri þverfaglegur, breiður hópur. Hann ætti ekki að velja sína fulltrúa, þ.e. þeirra sem eiga aðild að valnefndinni, heldur velja sem sterkasta stjórn fyrir Ríkisútvarpið. Að tala um að þar með missi ráðherra ábyrgðina eða valdið yfir stofnuninni er alrangt og þar að auki er það í sjálfu sér ágætt ef hann gerir það að öðru leyti en því en varðar fjárhagslegan ramma og ytra skipulag.

Í nýju lögunum sem voru samþykkt í vor var nefnilega gerð breyting á verkefnum stjórnar, þess vegna var líka verið að breyta stjórninni. Nýrri stjórn er falið viðtækara verkefni varðandi langtímadagskrágerð og stefnumótun fyrir dagskrágerð. Guð hjálpi okkur ef það á að vera flokkspólitískt, hafandi í huga ýmsar fullyrðingar eða hvað eigum við að segja, upphrópanir, sem við höfum heyrt í umræðunni um að hér þurfi að breyta stjórnun og fyrirkomulagi til að hreinsa út ákveðin pólitísk sjónarmið, að þau séu allt of áberandi o.s.frv. Ég ætla ekki að gera meiri hluta allsherjar- og menntamála-nefndar upp þá skoðun að hann hafi slíkar væntingar eða ætli sér slíkt hlutverk, en spörin hræða hvað þetta varðar.

Af því að það hefur ekki komið fram beint hér langar mig að lesa upp, með leyfi forseta, hvernig lögin eru í dag að þessu leyti, þannig að það hafi þá verið sagt í þingsal. Í 9. gr. laga nr. 23/2013 er fjallað um stjórn Ríkisútvarpsins og þar segir:

„Stjórn Ríkisútvarpsins skal kosin á aðalfundi. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Stjórn Ríkisútvarpsins skipa sjö menn og jafnmargir til vara. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Áður en stjórn er kosin á aðalfundi skal hún tilnefnd til tveggja ára í senn:

1. Ráðherra tilnefnir einn mann sem kjörinn skal formaður og einn til vara. Stjórn skiptir með sér öðrum verkum.

2. Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins.“

Ég vil skjóta því inn að fram kom í umræðunni að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins gera ekki athugasemdir við þetta, þau telja eðlilegt að fulltrúar þeirra hafi málfrelsi og tillögurétt en ekki endilega atkvæðisréttur.

Ef ég held áfram lestrinum, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar fimm manns og jafnmarga til vara í valnefnd til tveggja ára í senn. Allsherjar- og menntamála-nefnd Alþingis tilnefnir þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara, Bandalag íslenskra listamanna tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara og Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara.“

Svo kemur kafla um hlutverk valnefndar, með leyfi forseta:

„Hlutverk valnefndar er að tilnefna fimm fulltrúa í

stjórn og fimm til vara sem skulu kosnir í stjórn Ríkisútvarpsins. Við tilnefningu á fulltrúum í stjórn skal valnefnd hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé m.a. þekking og reynsla af fjölmiðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá skal gæta að jafnrétti kynjanna í tilnefningum valnefndar.“

Þetta eru forsendurnar. Í raun er verið að draga fyrirkomulagið aðeins frá því að það séu flokkspólitískir aðilar sem kjósi eða tilnefni fulltrúa beint með því að búa til valnefnd sem hefur það hlutverk að setja saman fimm manna hóp sem uppfyllir þessi skilyrði.

Þetta er ekkert eina hugsanlega leiðin til að finna góða stjórn fyrir Ríkisútvarpið, en við erum nýbúin að ákveða að velja þessa leið. Hvers vegna í veröldinni er verið að taka málið upp nú, örfáum vikum eftir að lögin hafa verið samþykkt, og hafa það sem eitt aðalmálið á sumarþingi með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar? Það getur eiginlega ekkert verið neitt annað en að þetta séu klár og alvarleg skilaboð um breytta stjórnarhætti. Stjórnarmeirihlutinn ætli að hafa þarna áhrif og sjá um rekstur stofnunarinnar. Það tel ég miður og raunar algjörlega ótækt.

Í 10. gr. áðurnefndra laga, sem við eigum að vinna eftir í dag, er fjallað um starfssvið stjórnarinnar. Ég ætla að leyfa mér að lesa þá grein vegna þess að hún skýrir líka að verið var að breyta hlutverki stjórnarinnar og auka það. Það að breyta því hvernig kosið er í stjórn ætti því að hafa áhrif á þennan kafla líka, en það er ekki tilfellið í þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Með leyfi forseta, hljómar 10. gr. þannig:

„Stjórn Ríkisútvarpsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði sammings um fjölmiðlun í almannabágu séu uppfyllt. Starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi þess:“

Síðan eru tilgreindir átta liðir, sem eru:

„1. Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.

2. Að staðfesta skipurit fyrir Ríkisútvarpið. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum. Er stjórn skylt að auglýsa stöðu útvarpsstjóra opinberlega.“ — Það er sérstaklega tekið fram að hana skuli auglýsa.

„3. Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir vegna Ríkisútvarpsins.

4. Að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur Ríkisútvarpsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.

5. Að fylgjast með starfsemi og verkefnum Ríkisútvarpsins. Skal útvarpsstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfsemi Ríkisútvarpsins. Áætlanir sem gerðar eru fyrir hvert ár skulu kynntar í stjórn.

6. Að fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins og samþykka fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.

7. Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.



8. Að öðru leyti en að framan greinir er starfssvið stjórnar ákveðið í samþykktum Ríkisútvarpsins, sbr. lög um hlutfélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.“

Því miður eru ekki til sérstök lög um opinber hlutfélög en menn hafa túlkað það þannig að um opinber hlutfélög gildi almenn lög um hlutfélög. Það kemur þarna fram.

Bak við allar þessar breytingar er mikill rökstuðningur í frumvarpinu sem samþykkt var í vor. Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir á því hvort þetta sé endanleg lausn, eina eða besta lausnin eða ekki, en mér finnst ekki næg ástæða að af því að formanni hv. allsherjar- og menntamálanefndar eða núverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra líkar þetta ekki geti þeir bara breytt fyrirkomulaginu. Mér finnst það vera mikil þjónkun ef Framsóknarflokkurinn ætlar síðan að gleypa það, jafnvel gegn nýlegri afstöðu eigin ráðherra. Ég auglýsi mjög eftir skoðun þeirra hvað þetta varðar.

Ég vona að ætlunin sé ekki að fara yfir í það form að hér verði beinarr pólitískar stjórnir kjörnar af Alþingi sem víðast, gagnstætt því sem við höfum verið að gera á undanförunum missirum. Við erum alls ekki búin að hreinsa til að fullu og eigum töluvert langt í land en þurfum að gera það víðar og ekki hvað síst í fjölmiðli eins og Ríkisútvarpinu þar sem þetta skiptir meira máli en annars staðar. Ég ætla að vona að stjórnarmeirihlutinn ætli ekki að fara í þennan farveg með allar aðrar stjórnir og velja sér verkefni eða gera þetta svona. Það getur boðið upp á tortryggni og gerir það, það býður upp á tortryggni og það er vont fyrir Ríkisútvarpið sem býr við hvað mest traust allra fjölmiðla og verður að halda því.

Það kom fram fyrir nefndinni að menn sögðu að núverandi stjórn hefði rækt hlutverk sitt með ágætum jafnvel þótt hún væri pólitískt kjörin vegna þess að menn settu sig í þær stellingar að vinna í anda þess sem hafði verið rætt vegna nýju laganna. En til að tryggja og festa þau skilaboð í sessi þannig að hver og ein stjórn á hverjum tíma hafi þetta að leiðarljósi þjuggu menn til þessa valnefnd til að reyna að tryggja svokallaða armslengd frá flokkspólitíkinni yfir í stjórn fyrirtækisins og Ríkisútvarpsins.

Lítum á álitid sem liggur fyrir frá meiri hluta allsherjarnefndar. Segja má að þegar var fjallað um þetta mál í nefndinni lá strax fyrir að það væri ágreiningur um það. Menn eyddu ekki miklum tíma í að reyna að ná saman, og kannski hefði verið betra að eyða meiri tíma í að skoða álitin og reyna svo að taka afstöðu á faglegan hátt, en niðurstaðan var ákveðin fyrir fram og það var ekki margt að ræða fyrir okkur í minni hlutanum því að það var greinilegt að rök eða umsagnir mundu engu breyta. Í meirihlutaálitinu, sem er nú ekki nema ein lítil blaðsíða, mestmegnis bara lýsing á því hverjir komu á fundi nefndarinnar og hvernig stjórn hefði átt að vera skipuð, er einmitt kvartað yfir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn bendir á að við upphaf sumarþings hefur ný stjórn ekki verið skipuð í samræmi við lög nr. 23/2013, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögnum ber að halda hluthafafund vegna skipunar nýrrar stjórnar innan þriggja mánaða frá gildistöku laganna, þ.e. fyrir 21. júní nk.“ — Það er í dag.

Við hefðum getað verið búin að tilnefna í valnefndina,

það er ljóst að menn uppfylla ekki þetta ákvæði jafnvel þó að lögin yrðu afgreidd einhvern tíma í næstu viku. Það er sérstakt ákvæði um að núverandi stjórn starfi áfram þar til búið er að kjósa nýja stjórn þannig að það er ekki hundrað í hættunni þó að þetta bíði fram á haustið og menn gefi sér betri tíma til að finna bestu lausn og tryggi a.m.k. að starfsmenn eigi fulltrúa o.s.frv. Við munum vonandi ræða það aftur í nefndinni því að óskað hefur verið eftir því að málið komi aftur til hennar.

Ef við lesum aftur úr meirihlutaálitinu um valnefndina stendur þar, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn bendir á að valnefndin ber enga ábyrgð gagnvart kjósendum og engin trygging er fyrir því að nýtt fyrirkomulag, sem 9. gr. laganna felur í sér, stuðli að markmiðum laganna eins og þeim er lýst í 3. gr. laganna, þ.e. stuðli að því að félagið þjóni lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum íslensks samfélags.“

Þetta kann að vera rétt. En tryggir hlutfallskosning á Alþingi þetta? Er það þannig að þegar hér verða kosningar fjórir fulltrúar frá stjórnarmeirihlutanum geti ég dregið einstaka þingmenn til pólitískrar ábyrgðar vegna stjórnarskipunar? Eða ber ekki Alþingi allt ábyrgðina?

Það eru engar svona beinar tengingar við þingmenn. Það er ekki þannig að menn sækji um og hér sé hæfasta fólkíð valið úr stórum, breiðum hópi. Kannski ætti Alþingi allt að vera valnefndin ef menn treysta sér til þess. Allir flokkar mundu leggja fram nöfn og síðan yrði að ná sátt þar sem allir yrðu að vera sammála um niðurstöðuna. Það er til það fyrirkomulag erlendis að aldrei sé skipuð stjórn ef ágreiningur er til staðar og allir fari í gegnum skoðun af þar til bærum aðilum og hópurinn síðan skipaður. En valin var önnur leið í lögnum, þessi valnefnd, og ég tel að menn eigi að fara eftir henni í staðinn fyrir að eyða tíma í að ræða breytingu á þessu eina atriði.

Í álitinu meiri hlutans er talað um að ólýðræðislegt og ógagnsætt sé að kjósa með öðrum hætti en að Alþingi kjósi beint. Þetta er nú eins og að segja að fulltrúalýðræðið, það að menn skipi fulltrúa beint tryggi lýðræðið. Í sjálfu sér bendir ekkert til þess og almenningur fær ekki að fjalla mikið um eða skoða þau mál þegar verið er að kjósa fulltrúa. Almenningur getur kvartað en lengra nær það varla.

Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir fór ítarlega yfir álit minni hluta allsherjarnefndar, sem er upp á fjórar blaðsíður, þar sem farið er yfir stöðu mála og reifað hvert markmiðið var með nýju lögnum og af hverju við viljum standa við lögin. Þar voru sett mjög skýr markmið um að skapa þessa armslengd eins og ég nefndi áður. Í nefndarálitinu er líka rætt um hlutverk og verkefni stjórnarinnar eins og ég hef gert hér grein fyrir til að undirstrika að það er samhengi á milli þess hvernig stjórn er skipuð og hver verkefnið eru á hverjum tíma.

Það er líka vakin athygli á því í álitinu minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar að þessi undarlega forgangsröðun hafi komið okkur á óvart. Við fjögur í minni hlutanum sem settumst í allsherjar- og menntamálanefnd, sem nú aðilar skipa, þekktumst ekki öll fyrir, þ.e. ég þekkti hv. þm. Svandís Svavarsdóttur en ekki aðra sem rita undir álit minni hlutans. Við þessi fjögur sátum og horfðum á hvert annað og sögðum: Hvers vegna erum við að fjalla um

þetta? Hvaða brýna þörf var á þessu? Hvað rök eru á bak við þetta? Við höfum ekki fengið nein svör nema þetta: Ég er á móti því að skipa með þeim hætti sem átti að gera, ég ætla að gera þetta öðruvísi og þess vegna á þetta að vera svona. Ég hef það vald og ég ætla að nota það.

Einhver stendur á bak við valdið, það er stjórnarmeirihluti í þinginu sem ætlar greinilega að standa á bak við þetta. Fulltrúar Framsóknar í nefndinni sem standa á bak við meirihlutaálitnið hafa ekki getað gefið neinar skýringar á sinni afstöðu enda eru þeir ekki á staðnum og taka ekki þátt í umræðunni.

Í minnihlutaálitinu koma líka fram þau faglegu sjónarmið sem áttu að ráða við skipun stjórnar og eiga að ráða samkvæmt lögnum — það er ekki búíð að breyta þeim — og mikilvægi þess að tryggt sé að í stjórninni sé ákveðin þekking á fjármálum, rekstri og öðru slíku, og þekking á mennta- og menningarmálum. Og þar með, eins og rætt var í 1. umr., á íþróttum eða öðru sem eru algengir dagskrárlíðir í ríkisfjölmiðli. Það er mikilvægt að tryggja að þau sjónarmið séu inni.

Það er forvitnilegt að skoða þær umsagnir sem við höfum fengið, ég nefni t.d. álit frá einstaklingi, Birni Davíðssyni frá Ísafirði. Hann kvartar þar að vísu yfir því að í lögnum í vor hafi þess ekki verið gætt af fjalla um dreifikerfið og tryggja aðgengi að ríkisfjölmiðlinum um allt land. En hann vekur athygli á byggðasjónarmiðum og mikilvægi þess að þjónustan sé úti um allt land. Og þó að við náum ekki að ræða byggðasjónarmið í þessu samhengi, varðandi stjórnina, þurfum við auðvitað að taka það mál upp í framhaldinu og skoða hvort ríkisfjölmiðill okkar sinnir því hlutverki.

Hefði til dæmis verið ástæða til að gæta þess að í stjórn Ríkisútvarpsins væri landsbyggðarfólk í einhverjum hlutföllum við aðra? Ég held að það væri mjög þarft vegna þess að við sem búum utan við 101 Reykjavík þekkjum að það getur haft áhrif á sjónarhornið í mörgum tilfellum, fjölbreytnin hvað það varðar skiptir máli jafnt og ýmsar aðrar forsendur.

Eitt af því sem er tekið fyrir í nefndarálitinu sem skiptir mjög miklu máli tengist líka þessari nýju ríkisstjórn sem fer af stað með góð fyrirheit sem við erum öll mjög sáttn við; aukið samráð, aukið samstarf, leita sameiginlega lausna, fara í lausnamiðuð stjórnsmál, málefnalegri umræðu. Það kemur ekki fram í þessu frumvarpi, aldeilis ekki. Hér er það ráðherra sem einn ákveður að fara inn í ríkisstjórn, fær stuðning þar um að leggja þetta fram, þingflokkarnir blessa þetta, málið er komið hér inn. Það er ekkert samráð haft við þá aðila sem stóðu að frumvarpinu á sínum tíma, tíminn er takmarkaður, málið er tekið inn á sumarþing þar sem við erum að afgreiða brýnustu mál og við eigum bara að klappa fyrir því sem þannig kemur fram þegiandi og hljóðalaust.

Væntingar mínar voru ekki um þetta þegar við töluðum um að við styddum samráð og reyndum að vinna vel að málum saman. Við erum þegar í dag búin að afgreiða annað mál sem var flýtimeðferðarfrumvarpið. Þar tókst okkur að ná ágætari sáttn jafnvel þó að við hefðum mjög stuttan tíma og málið hefði í sjálfu sér þurft lengri tíma. Við vildum að það hefði framgang enda eitt af þeim forgangsmálum sem voru lögð fram í kosningunum og sem við höfum heitið að

styðja við sem ákveðna lýðræðislega niðurstöðu samfélagsins. Það hafi forgang að vinna að lausnum á skuldavanda heimilanna.

Ekkert í kosningabaráttunni benti til þess að kæmst Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur til valda mundu þeir reyna að hrfisa að nýju öll þau völd sem þeir höfðu hér áður. Það voru engin fyrirheit um það, ekkert loforð um það. Það var að minnsta kosti vel falið. Þess vegna er þetta ekki að viðhöfðu neinu samráði við einn eða neinn.

Það kemur ágætlega fram í þeim álitum sem lögð voru fram hvaða leiðir eru farnar annars staðar, sérstaklega frá Lárusi Ými Óskarssyni sem kom fyrir nefndina að ósk eins nefndarmanns og gerði grein fyrir því hvernig málum væri háttáð í nágrannalöndunum okkar. Alls staðar er verið að reyna að búa til þessa armslengd frá flokkspólítíkinni yfir í stjórnir stofnunar ríkisfjölmiðla. Það er gert á ólíkan hátt, ýmsar leiðir notaðar, og gerð ágætlega grein fyrir því í álit hans, það er ólíkt í Bretlandi og á Norðurlöndum. Og eins og ég sagði þá erum við örugglega ekki með einu og bestu lausnina. Það eina sem við vitum er að við erum að hverfa frá leið sem hefur verið prófuð og gafst mjög illa áður. Hún hefur gengið bætilega núna en er allt of áhættusöm til að við getum sett Ríkisútvarpið undir það að eiga að sæta því að vindar pólitíkurinnar ráði því hvernig ríkisstofnun eins og Ríkisútvarpið er rekin, fjölmiðill í almannabágu.

Það er kannski fyrst og fremst það sem manni líður illa með, vonbrigðin yfir að heyra slíkan málflutning, horfa á slíkan forgang hjá nýrri ríkisstjórn, hafandi einlæglega bundið vonir við að það kæmi eitthvað ferskt inn með nýju fólk og nýju þingi. Við höfum öll gefið loforð um breytta stjórnarhætti, aukið lýðræði, þátttöku almennings. Við sjáum það alls staðar, í gegnum undirskriftasafnanir og annað, að menn vilja segja sína skoðun, segja sitt álit þvert á pólitíska flokka. En svo reyna menn að hrfisa til sín aukin völd á öðrum stöðum. Þetta finnst mér í sjálfu sér algjörlega óviðunandi og mjög leitt að þetta skuli fara svona fram.

Ef við kíkjum á umsagnirnar sem bárust um frumvarpið eru þær allar andstaðar þessum breytingum, þó með ólíkum hætti. Hjá einstaka aðila komu fram sjónarmið um að þetta gengi ágætlega í stjórninni eins og fyrirkomulagið væri núna. Við fáum yfirlýsingu frá stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um vonbrigði þeirra yfir því að þau skuli ekki eiga lengur fulltrúa í stjórninni samkvæmt frumvarpinu. Og það er ekkert gert með það, ekkert reynt að bæta úr því eða laga það.

Síðan getum við tekið álit Bandalags íslenskra listamanna, en ágætlega er gerð grein fyrir því í nefndarálitinu minni hlutans. Þar er einmitt talað um valddreifingu og aðkomu almennings án þess að menn þurfi að hafa tengingu við sérstök stjórnsmálasamtök. Það er það sem við höfum í raun verið að ýta undir að verði gert.

Það er ástæða til þess að lesa þennan kafla í álitinu, sem hefur komið fram áður, frá Bandalagi íslenskra listamanna. Þar segir, með leyfi forseta, frá Bandalagi íslenskra listamanna:

„Rökin fyrir þessum breytingum voru þau að með þátttöku fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna í valnefnd verði tryggt að fulltrúi með þekkingu á menningarmálum verði valinn í stjórn. Á sama hátt er talið að fulltrúi sam-

starfsnefndar háskólanna sjái til þess að í stjórn veljist fulltrúi með þekkingu á fjölmiðlamálum.“

Þarna er vitnað í upphafleg frumvarp. Það segir í álitinu að með engum hætti sé komið til móts við þau sjónarmið og markmið sem sett voru í frumvarpinu.

Athyglisverðar ábendingar koma frá félagi sem kallar sig Ölduna, félag um sjálfbærni og lýðræði. Það sendi inn umsögn um upphaflega frumvarpið á sínum tíma. Það vill ýmsar róttækari breytingar, en efnislega er alltaf verið að tala um það sama, þ.e. að búa til múra á milli stjórnmálanna og fjölmiðilsins sem við fjöllum um hér, Ríkisútvarpsins, fjölmiðils í almannabágu. Það gengur þvert á það sem verið er að gera í þessu frumvarpi.

Ég hef áður gert grein fyrir álitu Björns Davíðssonar varðandi landsbyggðarmálin en ástæða er til að fylgja eftir mörgum athugasemdum sem þar koma fram og tengjast dreifnetinu og móttökuskilyrðum eða viðtökuskilyrðum miðla úti um allt land. Ég held að mjög miklu máli skipti að við stuðlum að því að lýðræðisleg umræða geti átt sér stað með því að tryggja að dreifikerfið sé gott. Í álitu hans er líka bent á að það þurfi að vera starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. Því er að sumu leyti ágætlega sinnt en að mörgu leyti illa, sem gerir einhæfni sjónarmiða meiri. Þetta eru ágætisábendingar sem ég tel víst að nefndin muni taka upp í framhaldi af umræðunni hér, þær tengjast ekki stjórn RÚV, og við munum taka þetta upp á haustþingi og velta fyrir okkur hvort gera eigi lagabreytingar til að skjóta sterkari stoðum undir landsbyggðarhlutverk þessa fjölmiðils. Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til að ræða það álit frekar.

Það er forvitnilegt í yfirlitinu sem Lárus Ýmir Óskarsson sendir okkur og bendir á að einmitt þegar frumvarpið um Ríkisútvarpið var samþykkt 2007, undir forustu Þorgeðar Katrínar Gunnarsdóttur þáverandi ráðherra, var tekið frá stjórn þess fyrirtækis á kaleikur að skipta sér af daglegum rekstri. Það muna allir eftir útvarpsráði og slagnum í kringum einstaka liði þar, athugasemdir um einstaka dagskrárliði, hvort Derrick ætti að vera á miðvikudögum eða fimmtudögum eða hvað annað það var.

Þarna var stigið fyrsta skrefið að þessum aðskilnaði. Annað skref er stigið 2013. Hvers vegna í veröldinni ætlum við að stíga skref til baka? Hér í umræðuna vantar svar eða rökstuðning fyrir því. Þau svör hafa ekki komið. Ég vona að við fáum þau við framhald 2. umr. þar sem fleiri mæta og að framsóknarmenn a.m.k. geri grein fyrir stefnubreytingu sinni í þessu máli.

Það var niðurstaða okkar í minni hlutanum sem fjölluðum um málið í nefndinni að vísa ætti því frá, vísa því aftur til ráðuneytisins, framkvæma löginn eins og þau eru núna og snúa okkur að því sem við teljum vera mikilvægara að ræða á sumarþingi, forgangsmálin sem lofað var að fara í í kosningabaráttunni og skipta miklu máli, sem og mál sem við erum að bíða eftir að komi inn í þingið, bæði hvað varðar skatta og eins öryrkja og aldraða. Þau hafa ekki komið fram enn þá.

Það er undarlegt að hafa í huga þá ræðu sem hæstv. forseti þingsins flutti í upphafi þings þar sem hann hvatti ráðherra réttilega til að koma fyrir inn með mál þannig að málflutningur mætti vera vandaðri, ef við eigum að taka hvert stórmálið á fætur öðru á tveimur, þremur dögum í lok

þingsins. Nú erum við búin að sitja tvær vikur á sumarþingi, sem undir venjulegum kringumstæðum væri eðlilegt sumarþing, og stóru málin eru ekki enn þá komin fram.

[17:14]

### Páll Valur Björnsson (Bf):

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir orð hv. þm. Guðbjarts Hannessonar sem talaði áðan, að það væri með trega sem hann kæmi hingað upp til þess að ræða þessi mál. Þetta er svona mál sem virðist ætla að vera lengi í umræðunni en eitt af því sem einkenndi síðasta þing var hið eilífa málfóf og pontan hertekin. Eitt af því sem við í Bjartri framtíð erum til dæmis alls ekki hrifin af er að langar umræður fari fram og pontan sé tekin í gíslingu. Það er ekki á okkar dagskrá að standa í því.

Mér finnst málið einhvern veginn mér skylt þar sem ég sit í allsherjar- og menntamálanefnd. Ég nefndi það í þeim ræðum sem ég hef haldið á þessu sumarþingi að mér hefur fundist þessi — hvað á ég að segja? Ég get alveg sagt eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson sagði áðan: Til hvers erum við að ræða þetta mál?

Ég sem nýr þingmaður og tiltölulega nýr í stjórnmálum, svo að ég fari nú aðeins út í það, er farinn að velta fyrir mér af hverju ég fór út í stjórnmál. Það var vegna þess að ég vildi breyta stjórnmálunum. Ég vildi breyta því umhverfi og þeirri umræðu og þeirri stjórnmálamenningu sem hefur einkennt okkur Íslendinga svo lengi, valdapolítík og eilíft heiftug umræða.

Ég sagði það í ræðu um daginn og beindi orðum mínum til hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að ég byndi mikla von við þessa ríkisstjórn. Ég er mikill lýðræðisinni og ríkisstjórnin fékk góðan meiri hluta, er með sterkan meiri hluta á þingi og var kosin á grundvelli kosningaloforda sem voru mikil og stór, en ég sá hvergi í stefnufyrirlysingunni að breyta ætti stjórn RÚV.

Ég hef fylgst með stjórnmálaumræðu, ég er sveitarstjórnamaður og hef fylgst með pólitískri umræðu undanfarin ár og ekki bara undanfarin ár heldur oft þegar talað hefur verið um málefni Ríkisútvarpsins. Það er eilíf þræta um hlutverk þess, skipan í stjórnina og fréttastofuna. Alla tíð hafa menn verið að þræta um þessa stofnun sem er í mínum augum ein merkilegasta menningar- og öryggisstofnun landsins. Það er með hreinum ólíkindum að við Íslendingar skulum vera að rífast um þessa stofnun og eilíft hnútukast skuli vera út í fréttastofu, útvarpsstjóra og fréttamenn. Hvernig ætla menn að ráða inn á fréttastofu RÚV? Hvernig ætla menn að fara að því faglega? Menn hafa misjafnar skoðanir í pólitík, það er alveg ljóst. Það er það besta við þetta líf að við erum öll ólík og höfum ólíkar skoðanir. En hvernig á að ráða inn í Ríkisútvarpið?

Í stefnufyrirlysingu nýrrar ríkisstjórnar stendur líka, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnvöld og umræðu í þjóðféluginu um nokkurt skeið.“

Ég ... (**Gripið fram í:** Um nokkurt skeið?) Um nokkurt skeið, já. Nú vil ég líka tala sem hinn almenni borgari. Ég lít á mig sem fulltrúa allra landsmanna þó að ég sé úr Suðurkjördæmi og ég er þingmaður allrar þjóðarinnar þó að ég

hafi verið kosinn inn af þeim sem kusu Bjarta framtíð. Ég lít á þessa ríkisstjórn sem mína ríkisstjórn. Ég lít líka á hæstv. menntamálaráðherra sem minn menntamálaráðherra.

Ég er alveg orðlaus yfir því hvernig við byrjum þetta þing, ég verð að segja alveg eins og er. Eins og ég las upp: „... mun leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi ...“ Þá kemur hæstv. ríkisstjórn með þessi mál inn fyrst.

Ég er mikið á ferðinni heima hjá mér, fer niður á bryggju og hitti fólk. Ég verð að segja að ég held að hæstv. ráðherrar og stjórnarþingmenn ættu að fara að hugsa sinn gang aðeins og velta því fyrir sér á hvaða leið þeir eru því að það er að magnast upp, finnst manni, ótrúlegur órói. Ég vil ekki að hér verði uppþot eins og var hér um árið. Það er ótrúlegur urgur í fólki, eins og þessi loford voru fín. Ég sagði það líka um daginn að ég hefði sennilega kosið Framsóknarflokkinn út af lofordunum ef ég hefði ekki verið að bróla sjálfur í stjórnmalum. Síðan koma þeir inn með svona mál. Þetta mál snýst um hvernig eigi að skipa í stjórn Ríkisútvarpsins. Það er nýbúið að samþykkja lög um Ríkisútvarpið. Það sem fær mig til að koma hingað upp og ræða þetta mál er að það voru eiginlega allir sammála og viðtæk sátt var um það þannig séð, meira að segja hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sat hjá, hann var ekki einu sinni á móti því. Þá fer maður að velta því fyrir sér á hvaða leið við erum.

Það er búið að nefna hérna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Eitt af því sem fékk mig til þess að hafa meiri áhuga á stjórnmalum var einmitt sú skýrsla. Það vaknaði sú von í brjosti mínu að eitthvað væri að breytast á Íslandi því að eins erfitt og ömurlegt þetta hrún okkar var vonaði maður auðvitað að fólk mundi læra af því, að við mundum læra eitthvað sem þjóð og mundum breyta stjórnarháttum og framkomu okkar gagnvart hvert öðru. Því miður virðist það ekki vera þannig.

Talað var um þetta hrún, hið efnahagslega og fjárhagslega, en mér fannst siðferðilega hrúnið miklu meira. Þegar maður ræddi við fólk úti í samfélaginu var það búið að fá upp í kok af stjórnmalamönnum.

Ég nefndi það hérna í ræðu um daginn að það væri þyngra en tárur tæki að hlusta á hvernig fólk talaði um stjórnmalamenn. Um daginn var sagt við mig: „Það verður spennandi að sjá hvað líður langur tími, Palli, þangað til þú verður eins og hin fliflin á Alþingi.“ — Fliflin, hugsid ykkur. Það er verið að tala um alþingismenn. Það er verið að tala um okkur sem erum kosin hingað inn og það er verið að tala um okkur sem fifl. Af hverju skyldi það vera?

Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir vitnaði í skýrslu rannsóknarnefndar þar sem Styrmir Gunnarsson, sem var ritstjóri *Morgunblaðsins* til margra áratuga, innsti koppur í búi hjá Sjálfstæðisflokknum, sem er svo sem allt í lagi, það var aldrei farið í neinar grafgötur með það, sagði nákvæmlega eins og hv. þingmaður hafði eftir honum, með leyfi forseta:

„Ég er búin að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag. Þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp. Það eru engar hugsjónir. Það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabaráttá.“

Mér finnst þetta mál einkennast af þessu. Það er bara

verið að gera þetta af því að menn geta það. Við erum komnir til valda aftur og við munum hafa þetta eins og við viljum.

Það sem mér finnst svo sárt líka við þetta mál er að fyrirverandi menntamálaráðherra, hv. þm. Katrín Jakobsdóttir, hélt hér ræðu um daginn og sagði okkur þingmönnum nákvæmlega hvernig allt ferlið hefði verið. Hv. þm. Svandís Svavarsdóttir minnst líka á það áðan. Mér finnst málið hafa verið einstaklega vel upp sett og akkúrat í anda lýðræðis og breyttra stjórnarháttá að breyta lögum eins og gert var, víkka sviðið þannig að fleiri kæmu að stjórn Ríkisútvarpsins. Eins kom fram hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni áðan, í sambandi við þær umsagnir sem við fengum í nefndinni, hvernig aðrar þjóðir gera þetta, t.d. Bretland með BBC Trust. Þar reyna menn að ýta þessu frá þannig að pólitíska valdið hafi ekkert um þetta að segja. Það fannst mér mjög athyglisvert og einhvern veginn akkúrat í anda þess sem maður vill sjá gerast hér. Það er ótrúleg valdabaráttá sem á sér stað. Þetta er svo sorglegt.

Ég sagði á nefndarfundi um daginn að mér fyndist þetta asnalegt mál, þið verðið bara að fyrirgefa. Mér finnst asnalegt að koma með þetta inn á sumarþingið núna þegar allir þjuggust við því að hér yrði lögd fram fullmótuð aðgerðaáætlun til þess að koma til móts við skuldavanda heimilanna og þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Við þurfum ekki nema að líta út um gluggann hér á Alþingi til að sjá fólk sem á afskaplega erfitt og bágt. Ég veit ekki hvað ég á að segja um það. Það er sagt í fræðum um alkóhólisma að enginn hætti drykkjuskap nema vilja það sjálfur, eins og það fólk sem ég er að benda á hérna úti. En það er fullt af fólki í þjóðfélaginu sem hefur það verulega skítt. Fólk sem batt vonir við það að við sem kæmum inn á Alþingi núna færum að vinna í þeim málum að leiðrétta þennan forsendubrest og þessi háu lán og allt sem á hefur dunið. Þá koma mál inn eins og þetta.

Ég hélt að við ætluðum að reyna að breyta þessu. Það var mikið hlegið að mér og mínum flokki í kosningabaráttunni. Hann var kallaður litla Samfylkingin og sagður stefnulaus flokkur, við hefðum ekkert að segja og værum hálfgerðir bjálfar, tækifærissinnar, en við erum fólk sem trúa við að hægt sé að breyta þessu, hægt sé að breyta stjórnmalum, gera þau svolítið manneskjulegri. Þau eru ekkert voðalega manneskjuleg. Auðvitað tekur maður eftir því hérna á þinginu að fólk er vinir og spjallar saman, svo þegar það kemur inn í þingsal breytist allt.

Út á hvað ganga stjórnmal? Þau ganga út á almannaheill. Það er til dæmis hlutverk Ríkisútvarpsins að gæta almannahagsmuna og veita okkur gleði, færa okkur líka sorgartíðindi og annað fram eftir götunum. Í minningunni er Ríkisútvarpið eitthvað svo stórt. Það skipar svo stóran sess í lífi manns. Maður lá yfir því sem ungur maður, Lögum unga fólksins o.fl. Þetta á svo stóran part í hjartanu, í alvörunni, það er einhvern veginn þannig. En það eru alltaf einhverjir stjórnmalamenn að rifast um það hverjir eigi að vera í stjórn og hvaða frétt sé birt. Svo hrekkur maður svolítið við þegar þetta frumvarp kemur fram í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið og þeirra orða sem hafa verið láatin falla, t.d. orð áður nefnds Styrmis Gunnarssonar sem sagði að það þyrfti bara að hreinsa út úr þessari stofnun. Svo þegar frum-

varpið var lagt fram í mars sagði einn þingmanni Sjálfstæðisflokksins að það þyrfti að losa Ríkisútvarpið við þetta samfylkingar- og vinstrigrænnalið. Eru menn eitthvað hissa á því að maður hrökkvi við? Svo sagði einn hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins í umræðum um þetta um daginn að það þyrfti að fá (Gripið fram í.) alvörufólk í stjórn RÚV. Alvörufólk, hvað er alvörufólk? Hvernig skilgreinum við það? Ekki fólk sem hefur svona félagslegar og lýðræðislegar hugsjónir? Hann nefndi meira að segja þetta vinstra lið — lið, það er nú eitt þegar fólk er að tala saman og talar um lið, þetta lið og hitt liðið.

Ég get alveg sagt það að ég hef oft látið stór orð falla um Sjálfstæðisflokkinn. Ég hef aldrei verið mikill aðdáandi hans eða stefnu hans. Ég hef oft látið stór orð falla um hann og er ekki stoltur af því. Ég var uppreisnarseggur, rífandi kjaft og hafði sterkar skoðanir en var mjög þröngsýnn. Ég hafði mínar skoðanir og allt annað var vitleysa, sérstaklega það sem Sjálfstæðisflokkurinn sagði. Ég hef sem betur fer þroskast og lært að meta það að fólk getur verið misjafnt og hafði ólíkar skoðanir. Manni ber að virða þær allar. Ég virði svo sem skoðanir þess fólks sem vill breyta þessu, en ég skil það samt ekki í ljósi þess sem á undan er gengið. Hvers vegna er verið að breyta þessu? Af því bara?

Ég sit í allsherjar- og menntamálanefnd, sem er mjög vel mönnuð nefnd, þar er ungt fólk, líka úr Framsóknarflokknum, þrjár glæsilegar konur sem eiga framtíðina fyrir sér og ég er stoltur af að vinna með, en ég sakna þeirra hér. Það hefði verið rosalega gaman að fá að heyra þeirra sjónarmið til þessa máls því að í rauninni hafa þær ekki sagt eitt einasta orð um það.

Það var verið að ræða um þá sem gáfu umsagnir um þetta mál. Það var ekki einni einasti maður sem mælti með því nema kannski einn sem situr í útvarpsráði í dag. Hann var sá eini sem hafði ekki einhverjar efasemdir um þetta og fannst það bara fínt. Það kom líka fram í þessum umsögnunum að menn eru mjög ánægðir með stjórn Ríkisútvarpsins. Það hefur verið vel unnið á þessu tímabili. Þetta er að breytast. Þá fær maður það á tilfinninguna að það sé bara verið að sýna pólitískt vald með þessu. Ég held það. Það er sorglegt því að maður trúði virkilega að það væru bjartari tímar fram undan í stjórn mála á Íslandi, að menn vildu breyta, að menn meintu það sem þeir sögðu í kosningabaráttunni — það eru breyttir tímar fram undan, það eru ný vinnubrögð, það á að hafa samráð við minni hlutann og þetta á að vera allt rosafínt og flott. Svo er ekkert meint með því. Það finnst mér svolítið sorglegt.

Ég get alveg sagt frá mínum vinnubrögðum í bæjarstjórn. Ég fór í bæjarstjórnina í Grindavík með það að markmiði að reyna að auka samtakamátt og samvinnu. Það hefur tekist alveg rosalega vel. Markvisst hefur verið unnið að því að reyna eingöngu að vinna að hag íbúanna. Það er nákvæmlega það sem við eigum að gera hér líka.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hvað ég á svo sem að segja meira í þessu máli. Ég er ekki vanur að standa í pontu og tala tímunum eða mínútunum saman, en mér finnst einhvern veginn að ég verði að koma því frá mér að mér list ekkert á þetta. Mér finnst þetta ekki góð byrjun. Þegar maður kemur hingað inn sem þingmaður hefur maður vissar væntingar en mér hefur ekki fundist þetta byrja vel.

Ég óska ríkisstjórninni alls góðs. Ég hef sagt það að ég muni styðja hana í að leysa þau brýnu vandamála sem herja á þjóðina. Ég talaði oft um það í kosningabaráttunni því að það kom mjög fljótlega í ljós hverjir mundu sigra.

Mig langar að lesa hérna smágreinastúf sem ég las á netinu um þetta eftir heimspeking og lektor í listfræði í háskólanum þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Tillaga ráðherra felur í sér að hætta að skipa í stjórn stofnunarinnar út frá faglegum forsendum, skipan sem byggir á nógildandi lögum frá Alþingi. Í stað þess að Alþingi setji almennar reglur um skipan í stjórn RÚV vill ráðherra að Alþingi sjálf skipi beint í stjórnina. Hér er lagt til að lögunum verði breytt frá almennri reglu sem sett var til að tryggja sem best hlutleysi við skipan stjórnar; í staðinn kemur regla um sértæka skipan mála þar sem ríkisstjórn og ráðherra koma beint og óbeint til með að ráða hvernig stjórn er skipuð hverju sinni. Hér er því verið að breyta úr lögskipuðu umhverfi í áttina til stjórnunar með sértækum tilskipunum ráðherra og Alþingis. Ef þetta yrði að veruleika væri því um talsverða afturför að ræða, í átt til aukins harðræðis en ekki lýðræðis eins og ráðherra vill láta í veðri vaka.“

Það er einmitt þetta sem maður óttast. Einn af þeim sem kom til okkar í nefndina og talaði um þessa breytingu sagði: Ekki láta þetta fara í þá átt að þetta verði eins og útvarpsráð var forðum.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra dragi þetta frumvarp til baka og láti reyna á nýju lögin sem sett voru í mars, það eru fjórir mánuðir síðan. Ég óska þess að ráðherra geri það og leyfi okkur að fá reynslu á þessi nýju lög. Það er lágmark að láta reyna á þau. Það er mín ósk.

Ég vonaði svo sannarlega að íslenska þjóðin væri að vakna til vitundar eftir hrundi um að reyna að bæta samskipti, bæta vinnubrögð, minnka þessa pólitísk og þetta endalaus valdatafl. Kannski á maður eftir að læra á það á næstu árum að maður þurfi að vera pólitískur refur og svíkja og vera óheiðarlegur til að ná einhverjum málum í gegn. Ég ætla að vona að það verði ekki. Ég hef alla vegu ekki áhuga á því.

Ég hef svo sterka sýn á það hvernig ég vil sjá íslenskt samfélag blómstra vegna þess að þetta er land tækiferanna, þetta er 320 þús. manna þjóð sem hefur ekki síst ótrúlegan mannauð. Við stjórnsmálameðgjafi megum ekki skemma það.

Meiri hlutinn ræður. Það er náttúrulega þannig. Ég er mikill lýðræðissinni. Þess vegna kem ég hingað upp. Ég veit að þetta mál fer sennilega í gegn. Það er nú bara þannig. Mér sýnist á öllu að þetta verði keyrt í gegn. Það er ekkert við því að gera. Ég ber þá ósk fram að menntamálaráðherra dragi þetta frumvarp til baka og gefi nýju lögunum sem samþykkt voru í vor séns og láti á þau reyna. Ef það er alveg vonlaust fyrirkomulag er bara hægt að taka það upp á síðari stigum í þinginu og breyta því aftur, koma þá jafnvel með betri tillögur. En hvað veit ég? Þetta er svona.

Mig langar að lokum að fara með smákláusu úr Dhammapada, samansafni af tilvitnunum í Búdda, skrifað fyrir mörg hundruð árum, 400 árum fyrir Krist. Með leyfi forseta langar mig að fara með þetta að lokum til að undirstrika það að ég vonaði að við mundum vakna til vitundar og breyta þjóðfélagi okkar. Samstaða hefur oft verið mikil á

Íslandi en það er alveg ljóst að á undanförunum árum hefur sundrunin aukist, hún er orðin heiftugri. Það er alls ekki gott fyrir okkur sem þjóð. Við eigum að reyna að sameinast frekar en sundrast. Mér finnst þetta frumvarp vera akkúrat í þá áttina að sundra frekar en hitt, það hefur bara sýnt sig hérna. Það skilur ekki nokkur einasti maður hvers vegna þetta er sett fram. En svona er þetta bara. Mig langar að enda þetta með því að vitna í Dhammapada:

Það er erfitt að afneita þægindum og gera það með gleði. Sárt er að lifa í sundurþykkri fjölskyldu. Erfitt að deila geði með gerólíku fólki. Ævinlega flæktur í eirðarleysi og þjáningu. Erfitt er að fæðast maður. Erfitt er líf dauðlegs manns. Enn erfiðara er að hlýða rödd sannleikans og vakna til nýrrar vitundar. Að forðast allt illt. Að rækta réttssýni og góðsemi. Að hreinsa hugann. Þetta er kenning þeirra sem vaknað hafa til nýrrar vitundar.

Ég vona að við eigum hjarta og góða tíma fram undan hér á Alþingi. Ég verð að viðurkenna að ég er með sorg í hjarta yfir þessari byrjun og sérstaklega hvaða forgangsröðun ríkisstjórnin hefur ákveðið að hafa. Þetta kemur ekki bara frá mínu hjarta því að ég heyrir annað fólk líka segja þetta. Það eru mikil vonbrigði úti í samfélaginu, en ég vona samt að allt fari vel. Það er náttúrlega það sem öllu máli skiptir að við vinnum af heilindum og af heilum hug og hjarta fyrir þjóðina og látum ekki pólitíkina eyðileggja það.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:40]

#### **Valgerður Bjarnadóttir (Sf)** (*um fundarstjórn*):

Forseti. Mig langaði bara til að spyrjast fyrir um hvað líði þeim fundi sem við vorum búin að biðja um að yrði boðaður í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til að fá upplýsingar frá ráðherranum um það fáheyrða atvik sem átti sér stað fyrr í dag þegar maður sem sinnir áhugamáli sínu, sem í þessu tilfalli snertir lýðræðið í landinu, er kallaður á fund ráðherra og yfirmanni hans er sent afrit af boðuninni. Við erum búin að biðja um fund sem var ákaflega vel tekið af forseta og mig langaði til að fá nánari upplýsingar um þetta.

[17:41]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill upplýsa það að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er utan bæjar og getur því miður ekki verið hér að sinni, en hæstv. ráðherra hefur í hyggju að koma til þinghússins og í framhaldi af því verða þessi mál metin.

Það hefur komið fram að því hefur verið vel tekið í sjálfu sér að halda fund í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, en það er mat forseta að eðlilegra væri að viðkomandi fagnefnd fjallaði um þetta mál en stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Þegar farið er yfir þingsköpin er ljóst mál að þessi mál heyra miklu fremur undir þá fagnefnd sem um er að ræða en stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þannig að það er mat forseta að þá væri eðlilegra að beina þeirri ósk til formanns atvinnuveganefndar en til formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

[17:42]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntm. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg)** (*um fundarstjórn*):

Virðulegi forseti. Ég er bara alveg orðlaus yfir þessum

orðum hæstv. forseta. Mér finnst með algjörum ólíkindum að koma með vendingar af því tagi að málið eigi heima í atvinnuveganefnd.

Virðulegi forseti. Við erum ekkert að tala um atvinnu- mál, við erum ekki að tala um nein mál sem heyra undir þá þingnefnd. Við erum að tala um eftirlitshlutverk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við erum að tala um það sem heyrir sannarlega undir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Það var óskað eftir því fyrir klukkustundum síðan að haldinn yrði fundur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og ráðherrann kallaður á fund nefndarinnar til að rækja það starf sem nefndinni er falið samkvæmt þingsköpum. Og ég verð að segja að ég lýsi furðu yfir því að hæstv. forseti skuli snúa málinu svona gjörsamlega á haus úr sæti forseta án þess að um það hafi verið rætt við þingflokksformenn eða á nokkrum þeim eðlilega samráðsvettvangi sem væri rétt að reifa þessi sjónarmið áður en þau koma fram á forsetastóli.

[17:43]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti hlýtur auðvitað að tjá sína skoðun á þessu máli, í raun og veru óháð því hvort fram hafi farið fundir með þingflokksformönnum. Það er hins vegar þannig að þingnefndirnar hafa líka sitt eftirlitshlutverk og þegar þingsköpin eru skoðuð blasir það við að þessi mál mundu heyra undir atvinnuveganefnd.

Það getur ekki verið aðalatriðið í huga hv. þingmanns hvort það sé atvinnuveganefnd eða stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem tekur þetta mál til meðhöndlunar. Eðlilegt er auðvitað að beina þá óskinni til formanna viðkomandi nefndar. Forseti mun ekki kalla saman þingnefndir, það er ekki hlutverk forsetans. Forseti mun þess vegna ekki gera það.

Forseti hefur hins vegar upplýst að hæstv. ráðherra er á leið hingað í þinghúsið, mögulega til þess að geta gert grein fyrir þessu máli og skýrt það. Forseti telur þess vegna eðlilegast að eftir því sé beðið að hæstv. ráðherra hafi tækifæri til þess að útskýra málið gagnvart þinginu telji hæstv. ráðherra tilefni til þess.

[17:44]

#### **Valgerður Bjarnadóttir (Sf)** (*um fundarstjórn*):

Virðulegi forseti. Auðvitað er sjálfsagt mál að hæstv. forseti þingsins útskýri afstöðu sína til þessa máls. Ég er nú ekki með yfirlit yfir verkefni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en það er alveg kýrskýrt í mínum huga að það er einmitt það að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Það mál sem við erum hér að tala um snýr ekki að málefnum atvinnuveganefndar eða að sjávarútvegi eða neinu svoleiðis.

Við höfum athugasemdir og viljum spyrja ráðherrann út í það hvernig honum sem ráðherra, framkvæmdarvaldi landsins, dettur í hug að kalla á sinn fund mann sem er að sinna áhugamáli sínu. Það er að vísu vissulega áhugamál sem kemur okkur öllum við (Forseti hringir.) en ég lýsi mig algjörlega andsnúna skoðun forseta í þessu máli. En auðvitað hefur sína skoðun.

[17:45]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti er einfaldlega að vísa í fjölmörg fordæmi um það að einstakar nefndir þingsins hafa kallað hæstv. ráðherra fyrir eða tekið mál fyrir sem eru þess eðlis að kalla á eftirlitshlutverk viðkomandi nefnda gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er hægt að tína til ótal dæmi úr fortíðinni um að viðkomandi fagnefndir hafa tekið slík mál fyrir.

Forseti er eingöngu að vísa til fjölmargra þekktra dæma um það. Hins vegar er gert ráð fyrir því í þingsköpum að þriðjungur nefndarmanna í einstökum nefndum geti óskað eftir fundi í þeim nefndum sem þeir sitja í. Þá skal orðið við því að halda slíka nefndarfundi. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum atbeina forseta að slíkum málum.

[17:46]

**Sigríður Ingibjörg Ingaðóttir (Sf) (um fundarstjórn):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að lýsa mig algjörlega sammála hv. þingmönnum Svandísi Svavarsdóttur og Valgerði Bjarnadóttur sem hafa lýst furðu sinni á orðum hæstv. forseta. Eflaust má finna fjölmörg dæmi þess úr fortíðinni að fagnefndir hafi kallað ráðherra á sinn fund til að rækja eftirlitshlutverk sitt en stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er nýlegt fyrirbæri í þingsköpunum og hún hefur nákvæmlega það hlutverk. Ég er ekki með þingsköpin í töskunni eins og vanalega, hefði þurft að hafa þau hér og nú, en þetta er nákvæmlega hlutverk nefndarinnar, stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, að hafa eftirlit með því hvernig ráðherra framkvæmir vald sitt.

Þetta mál á ekkert erindi í atvinnuveganefnd. Þá væri alveg eins hægt að senda það til velferðarnefndar, en það væri fráleitt að láta sér detta í hug að senda mál sem þetta annað en til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

[17:48]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntm. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg) (um fundarstjórn):**

Virðulegur forseti. Mér finnst þetta vera að þróast mjög neikvætt í þingsal. Hér erum við á lengsta degi ársins, björtum og fallgum föstudegi, og forseti telur það sæma að taka vel í beiðni um miðjan dag — við erum að tala um milli þrjú og hálfjögur — taka því bara mjög jákvætt að fella málið í þann farveg sem óskað var eftir, þ.e. að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sé kölluð saman og ráðherrann kallaður á fund þeirrar nefndar. Það var tekið vel í það af forseta sem þá sat hér á stóli.

Svo gerist það þegar klukkan er að nálgast sex á þessum sama degi að það verður þessi vending í því hvernig forseti hyggst afgreiða og ljúka málinu gagnvart þinginu. Ég verð að lýsa mjög miklum vonbrigðum með það hvernig forseti heldur utan um þetta mál vegna þess að hér var ég í þeirri trú að við værum á sömu blaðsíðu, ef svo má að orði komast, að við teldum að þetta væri farsæll farvegur fyrir þetta mál vegna þess að nefndin hefur auðvitað þetta skilgreinda hlutverk. Hún er, eins og hér hefur komið fram, (Forseti hringir.) að þróa sinn vettvang en þetta er sannarlega hennar verkefni og ég vænti þess (Forseti hringir.) að hæstv. forseti tryggi að málið fari í þennan farveg í þeirri sátt sem var lagt upp með hér fyrir í dag.

[17:49]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Í dag hef ég hugsað mest til lýðræðisins vegna þess að nánast allt sem gerst hefur í dag varðar lýðræðið á einhvern hátt en því miður undantekningarlaust á neikvæðan hátt enn sem komið er. Það sem hér er til umræðu er auðvitað skipun á stjórn Ríkisútvarpsins.

Það eru tvær röksemdir sem hæstv. menntamálaráðherra hefur notað til þess að færa rök fyrir frumvarpi sínu; það er annars vegar til þess að auka lýðræði og hins vegar til þess að auka gegnsæi. Nú er ég nú bara aumur píрати og hef kannski ekki fullan skilning á þessum tveimur hugtökum. En ég get sagt eitt um gegnsæi; tilgangurinn með gegnsæi er til þess að sjá hluti og þegar maður sér síðan eitthvað sem er slæmt er ekki hægt að réttlæta það með því að segja að það sé augljóst. En ég sé ekki betur en að eina gegnsæið hér sé að stjórnmalaleg aðkoma að stjórn RÚV er öllum augljós. Það er því á ákveðinn hátt sagt að hér sé gegnsæi en það sem sést er ekkert sérlega fallett.

Þegar kemur að lýðræðislegum vinnubrögðum og lýðræði almennt hefur oft verið sagt og með réttu að lýðræði sé meira en einhvers konar kosningar. Það þarf meira en það í lýðræði. Tjáningarfrelsi er t.d. hluti af því að hafa virkt lýðræði en við förum ekki að kjósa um hver má tjá sig og hver ekki. Það er samt sem áður réttur. Það er ekki þannig að kosningar eigi heima við öll tækifæri í lýðræðisríki, stundum þvert á móti.

Þegar kemur að því að velja stjórn RÚV virðist það ekki alveg nógu skýrt fyrir hæstv. menntamálaráðherra að RÚV er ekki málþípa Alþingis. RÚV sinnir ekki því hlutverki að tala fyrir hönd þjóðarinnar. RÚV á að vera hlutlaust.

Þegar hæstv. menntamálaráðherra talar um lýðræði í sambandi við stjórn RÚV ætti hann í raun og veru frekar að segja „pólitik“. Þegar hæstv. ráðherra talar um gegnsæi ætti hann frekar að segja „skammarlaust“, „óskammfeilið“.

Það má kalla það gegnsæi að hafa ekki einu sinni fyrir því að fela pólitísk afskipti af RÚV, ef menn vilja punta það upp, en það gerir það ekki sjálfkrafa gott það sem sýnilegt er.

Það er deginum ljósara að þetta frumvarp er skref aftur á bak. Ég hef hitt tvær manneskjur hingað til sem finnst frumvarpið vera góð hugmynd, alla vega hefur enginn haft fyrir því að rökstyðja það eitthvað betur en með þeim rökum að þetta eigi að vera lýðræðisleg og gegnsærra. Annar einstaklingurinn er hæstv. menntamálaráðherra og hinn einstaklingurinn er í stjórn RÚV nú þegar og gerir væntanlega ráð fyrir því að þetta frumvarp verði að lögum. Og þótt maður vilji auðvitað ekki vagna fólk um að vera óheiðarlegt verður ekki hjá því komist að spyrja stjórn RÚV um hvernig stjórn RÚV skuli háttáð. Það er frekar skrytið svo ekki sé meira ekki sagt.

Allir aðrir, allir sem ég hef talað við, innan þings sem utan, innan nefndar sem utan, sjá þá augljósu staðreynd að hér er verið að auka pólitísk afskipti af stjórn RÚV og það kemur fram í öllum umsögnum. Það er ekki lýðræðislegt, þvert á móti. Ég ætla ekki að nefna þau lönd þar sem svona tíðkast með góðu.

Það er ekki meira um málið að segja í raun nema kannski til þess að undirstrika það að stjórn RÚV á að vera

fagleg. Þarna eru gerðar hæfniskröfur. Við vitum öll, hv. þingmenn, að það eru engar sérstakar hæfniskröfur gerðar þegar kemur að kosningu þingmanna. Af hverju? Jú, vegna þess að við erum kosnir á þing.

Þegar kemur að stjórn RÚV eiga að vera gerðar hæfniskröfur, það á einfaldlega ekki að vera þannig að hver sem er sé hæfur í starfið svo lengi sem það þykir einhver lýðræðisleg aðferð til þess að fara í stjórn.

En hvað sem því líður á RÚV að vera hlutlaust. Þar á að vera hlutleysi. Það hefur ekkert með kosningu að gera hvort menn mega tala. Það kallar ekki á kosningu hvort fjalla á svona eða hinsegin um hitt eða þetta málefni. Þetta er ekki vinsældakeppni. Starf RÚV er ekki vinsældakeppni. Það er ekki hlutverk RÚV. Við kjósum ekki um tjáningarfrelsi ekki frekar en um fréttamenskuna á RÚV. Það er faglegt fyrirbæri og á að vera það.

Aðeins meira um það sem Lárus Ýmir Óskarsson nefndi fyrir nefndinni; þetta er þveröfugt við það sem verið er að gera á öðrum Norðurlöndum. Þar talar fólk ekki um armslengd, þar tala menn um engin afskipti stjórnmalamanna af ríkisútvarpinu. Þannig á það að vera. Þetta er faglegt fyrirbæri. Þetta er fagleg stofnun. Stjórnin á að vera fagleg. Það er ekkert sérstaklega flókið.

Að lokum langar mig aðeins að minnst á núverandi fyrirkomulag samkvæmt nógildandi lögum. Hæstv. menntamálaráðherra telur að það sé á einhvern hátt ógegnsætt. Það eru aðeins fleiri skref í ferlinu, vissulega, en það er ekkert ógegnsæra en hugmynd sem hæstv. menntamálaráðherra felur í sér, ekki á neinn hátt, það eru bara aðeins fleiri liðir í ferlinu.

Ef markmið hæstv. menntamálaráðherra væri aukið gegnsæi hefði hann t.d. getað stungið upp á því að fundargerðir væru birtar á netinu eða eitthvað því um líkt. Það eru margar leiðir til þess að auka gegnsæi en þetta er ekki ein af þeim. Þetta eykur ekki gegnsæi nema að því leyti að markmiðið er augljóst, nefnilega pólitísk afskipti af RÚV.

Það er í raun og veru ekki mikið meira um málið að segja. Þetta er hneisa en það sem er jafnvel enn þá meiri hneisa er hversu fáir virðast hafa áhuga á málinu.

[17:56]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil fyrst inna hæstv. forseta — þegar forseti má veita því athygli — eftir því hvort þess sé ekki að vænta að hæstv. menntamálaráðherra verði eitthvað við umræðuna. Það er nú svona heldur ljóður á ráði að hæstv. ráðherra hefur nánast ekki sést hérna í umræðunni, að minnsta kosti ekki hina seinni klukkutíma. En kannski lýkur fundi hvort sem er innan tíðar þannig að við það er ekki að sakast, en ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra hefði náð að hlýða á einhvern hluta máls míns þannig að ég geti beint til hans spurningum.

Margt veur athygli satt best að segja við þetta mál og má eiginlega byrja á því að það veur forundran að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra skuli yfirleitt vera með málið hér á því sem átti að vera stutt sumarþing, að við töldum. Ég hafði reiknað með að hæstv. ríkisstjórn mundi raða inn á það sínum allra mikilvægustu forgangsmálum, þeim sem þyldu illa bið og á því hefði verið fullur skilningur að ríkisstjórnin hefði komið með mál sem væru þannig sett í tíma

að þau þyrftu helst að fá afgreiðslu í vor, eins og til dæmis því að þingmenn hafa verið að greiða götu tveggja frumvarpa sem tengjast því að næsta fiskveiðiári geti hafist með skiklanlegum hætti 1. september næstkomandi. Sjálfsagt mál. Skiljanlegt og eðlilegt. Gera þarf tiltekna ráðstafanir í lögum í sumar til að fiskveiðiárið geti hafist án vandkvæða, framlengja bráðabirgðaaðkvæði og annað í þeim dúr. En það á ekki við hér.

Það veur satt best að segja furðu að eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar skuli vera þetta mál, að breyta algjörslegri nýsettum lögum um Ríkisútvarpið og tilefnið ekki ríkari en þau er hér hefur komið fram.

Hvað er Ríkisútvarpið? Það er ríkisútvarp. Það er fjölmiðill í almannabágu. Það var einmitt styrkt í nýju löggjöfnni um Ríkisútvarpið sem heita: Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu.

Ef við veltum málinu aðeins fyrir okkur út frá markmiðsgrein laganna þá er þar að lesa, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Ríkisútvarpinu er falin framkvæmd hennar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill“ — ég endurtek, þjóðarmiðill — „og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“

Þetta hljómar allt mjög fallega, herra forseti, ekki síst geri ég ráð fyrir að þeir hinir nýju þjóðlegu sinnuðu stjórnmalamenn sem helst vilja ganga í þjóðbúningi upp á hvern dag séu ánægðir með þetta. Þarna er verið að reyna að lýsa því eins kjarnyrkt og mögulegt er hvað Ríkisútvarpið, almannamiðillinn, er í okkar þágu sem þjóðar. Við eigum þar af leiðandi að vanda okkur og umgangast Ríkisútvarpið af virðingu og í samræmi við það mikla hlutverk sem við ætlum því. Svo getum við auðvitað deilt um og rætt hvort það standi alltaf undir þeim væntingum sem til þess eru gerðar. En af hálfu löggjafans að minnsta kosti er alveg ljóst að Ríkisútvarpinu er ætlað veigamikil hlutverk. Það er ein af móturstofnunum okkar menningar að sjálfsögðu og það er mikilvægur tengiliður þjóðarinnar. Það er rekið sem opinbert útvarp vegna þess að við viljum tryggja þessa hluti meðal annars með því að til sé öflugur fjölmiðill sem nái til allra landsmanna og sinni því hlutverki. Fylli í göt sem gjarnan vilja verða hvað það snertir að einkareknir fjölmiðlar eða aðrir slíkir standi sig í stykkinu. Svo kemur auðvitað til sögunnar öryggishlutverk Ríkisútvarpsins og allt það.

Því er ég nú að reifa þetta, virðulegi forseti, að frumvarpið veur eiginlega enn meiri furðu sett í það ljós, þetta forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Það er afar athyglisvert. Og þetta frumvarp er dapurlegt vegna þess að það er afturhvarf til gamalla tíma. Það er ekkert annað. Maður hefur í hjart-sýni sinni verið að gera sér vonir um að við værum á leiðinni í burtu frá þessu öllu saman, í burtu frá pólitískri stýringu, pólitískum afskiptum af fjölmiðlun, af menningu og öðru slíku.

Að vísu bregður manni svolítið í brún þegar maður fer ósjálfrátt að halda að Jónas frá Hriflu sé aftur kominn á daga og farinn að skrifa hvern textann á fætur öðrum og



jafnvel semja heilu ræðurnar, en það er önnur saga. Hann hafði tilhneigingu til þess að sögn að vilja straumlínulaga menninguna og ákveða hvað væri menning og hvað ekki. Það voru þeir dagar og vonandi erum við komin í burtu frá því en ekki að því er virðist miðað við frumvarp hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hvað það varðar að eðlilegt sé að stjórmálin séu með puttana í stjórnun og rekstri Ríkisútvarpsins. Það er afar dapurlegt. Dapurlegt er að sjá þessa nýju ríkisstjórn undir forustu ungra manna, hæstv. ráðherra og formanna stjórnarflokkanna, í raun og veru birtast okkur eða flytja boðskap hingað inn sem aftur og aftur í mörgum tilvikum mér finnst færa okkur ein 30 ár aftur í tímann.

Þegar það varð umræðuefni að verulegur kynjahalli væri í skipan nýrrar ríkisstjórnar, hvernig voru viðbrögðin? Hæstv. forsætisráðherra sagði að auðvitað væri það skemmtilegra að hafa sem jöfnust kynjahlutföll, það var málið. Það voru svörin. Það væri skemmtilegra. Mér fannst það ekki nútímalegt, viðbrögðin við því. Menn hefðu heldur heiðarlega viðurkennt að þetta væri miður og þeim þætti það verra og þeir skyldu reyna að bæta úr. Nei, það var ekki. Það var engin iðrun. Það var bara sagt sisvona, það væri skemmtilegra.

Viðhorfin til umhverfisráðuneytisins og umhverfismálanna sem birtast okkur nánast upp á hvern dag með því að gera umhverfisráðuneytið að skúffu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu eða þeirri deild innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem í dag fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, og ýmis ummæli því tengd í framhaldinu, að umhverfisráðuneytið væri jafnvel óþarft, það sé ekki mikilvægasti málaflokkur nútímans og framtíðarinnar — þetta er óskaplega dapurlegt. Maður vaknar upp og manni finnst maður einhvern veginn nokkinn nokkra áratugi aftur í tímann. Mér finnst það líka vera aftur í þessu máli, að við séum að fara aftur á bak en ekki áfram.

Það sem veldur manni nokkrum ónotum er að við þekkjum mörg hver, sem höfum lengi fylgst með stjórnárum eða tekið þátt í þeim, arfleifið og sögu þessara tveggja flokka sem nú hafa náð saman og fengið völdin í landinu. Það er helmingaskiptabandalag liðinnar aldar sem er aftur mætt á sviðið. Þá höfðu menn oft tilhneigingu til þess að líta svo á að þeirra væru völdin og það eina sem þetta snerist eiginlega um væri hvernig þeir skiptu þeim á milli sín og því sem af þeim leiddi og passa upp á að hver fengi sitt.

Nú veit ég ekki hvort það hefur verið alveg þannig tekið fyrir í þessu máli milli flokkanna. Kannski er þetta einleikur hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, sem er ekki hér því miður. Og það væri ákaflega fróðlegt og fleiri hafa nú lýst eftir því, herra forseti, að Framsóknarflokkurinn blandaði sér aðeins í umræðuna, til dæmis þeir hv. þingmenn eða hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins sem studdu núverandi skipan mála, greiddu nýju lögnum um Ríkisútvarpið atkvæði sitt. Hvers konar óskapleg sinnaskipti hafa orðið hjá þeim á þremur mánuðum og hvernig fóru þau fram? Hvað hefur gerst? Er sannfæring þeirra allt önnur í dag en hún var fyrir þremur mánuðum þegar þeir studdu, eins og vel flestir þingmenn sem voru viðstaddir og greiddu atkvæði gerðu, þau nýju lög sem nú á að fara að umbylta.

Nú er það þannig með hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, sem ég hefði nú gjarnan viljað hafa viðstaddan núna, Illugi nokkur Gunnarsson, að þetta mun vera eina málið sem hann leggur fyrir þetta sumarþing. Það eru því greinilega ekki uppi önnur og stærri mál í ráðuneyti hans að hans mati sem brýnna er að hrinda í framkvæmd. Það vekur nokkra undrun mína satt best að segja.

Ég hefði haldið að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra þjóðarinnar væri nú með stærri mál einhvers staðar á sinni könnu en það eitt að fara að koma aftur pólitískri handstýringu á Ríkisútvarpið. Er ekkert í skólamáluðum hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sem hann sér ástæðu til að taka á? Ég hefði haldið það.

Nú er það að vísu svo að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra er nokkuð vængstýfður, af honum hafi verið teknar nokkrar fjaðrir satt best að segja. Ætli hann hafi ekki bara áttað sig á því svona um það bil daginn sem hann labbaði inn í ráðuneytið að búið var að reyta nokkrar fjaðrir úr hatti hans og þær færðar yfir í forsætisráðuneytið og stungið þar niður. Það kemur sem sagt á daginn allt í einu að mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem við stofnuðum og gáfum það nafn og vorum stolt af að gera menningunni hátt undir höfði til viðbótar menntunarmáluðum í því ráðuneyti, var vængstýft. Af því að hæstv. forsætisráðherra tíndi nokkra konfektmola út úr menningunni og kallaði þjóðmenningu og reytti til sín nokkrar stofnanir, en hann tók ekki Ríkisútvarpið. Það hefur kannski verið yfirsjón, herra forseti. Kannski er það bara þannig að hæstv. forsætisráðherra hefur gleymt að taka Ríkisútvarpið. Ég hefði haldið að það væri þjóðmenning. Annars kann ég engar skilgreiningar á því hver sé munurinn á íslenskri menningu og „þjóðmenningu“. Það væri gagnlegt ef hæstv. forsætisráðherra kæmi einhvern tíma og ætti orðastað við okkur og útskýrði það fyrir okkur.

Það er sem sagt þannig að mati forsætisráðherra að til er eitthvert sérstakt fyrirbæri innan nefndarinnar, eitthvert lag, einhver kassi sem heitir þjóðmenning. Hún er hjá forsætisráðherra en menning að öðru leyti hjá undirráðherranum, menningar- og menntamálaráðherra, hæstv. ráðherra Illuga Gunnarssyni. Kannski er það þess vegna sem hann hefur farið af stað með þetta frumvarp að þarna var merkilegasta menningarstofnunin eftir undir hatti hans að hans mati. En hann fer ekki mjög gæfulega af stað með það, vil ég leyfa mér að segja.

Núverandi fyrirkomulag varðandi yfirstjórn Ríkisútvarpsins sem lögfest var með lögum nr. 23, 20. mars 2013, er að mínu mati alveg ágætislend, enda var um það nokkuð góð samstaða. Það er sem sé þannig að ráðherrann — hann þarf nú ekki að kvarta finnst mér — tilnefni einn mann sem kjörinn skal á aðalfundi og verður hann sjálfkrafa formaður stjórnar Ríkisútvarpsins. Er það ekki ágætt? Er því þá ekki vel skipað að ráðherrann geti valið sér einhvern trúnaðarmann og hann verður sjálfkrafa formaður stjórnar? Ekki er ráðherrann þá áhrifalaus og ekki er eins og hann hafi ekki tengingu við Ríkisútvarpið í gegnum það ásamt manni til vara.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna samkvæmt hinna nýju skipan annan sjálfstætt skipaða fulltrúann í stjórn Ríkisútvarpsins, og manni til vara, þótt sá hafi að vísu bara

málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt á fundum í stjórn. Þetta hefur verið, býður mér í grun, lengi baráttumál starfsmanna Ríkisútvarpsins og félagsskapar þeirra, að hafa eitthvað um sinn vinnustað að segja. Og hér var það leitt í lög.

Það er líka eitthvað til sem heitir vinnustaðalýðræði og hefur kannski ekki verið nógu hátt skrifað á köflum undanfarin ár.

Þá kemur að hinu að ráðherra skipar fimm manns og jafn marga til vara í valnefnd og það á grundvelli tilnefninga frá allsherjar- og menntamálanefnd sem leggur til þrjá, Bandalag íslenskra listamanna einn og samstarfsnefnd háskólastigsins einn. Þessi valnefnd finnur svo hópinn sem myndar stjórn Ríkisútvarpsins að uppfylltum tilteknum hæfniskröfum og allt þar fram eftir götunum.

Teiknaður er upp ágætur rammi um þetta, allt með hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi, að það sé þekking og reynsla af fjölmiðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun faglegra fyrirtækja, gætt sé að jafnræði kynjanna í tilnefningum o.s.frv.

Er eitthvað að því fyrirkomulagi? Er eitthvað hættulegt við þetta? Hvað eru menn að forðast? Undan hverju er menn að reyna að koma sér? Ég hef engin almennileg rök heyrð fyrir því að þetta sé ekki ágætisumbúnaður. Enda er það þetta sem menn hafa innleitt núna í lög víða á undanförnum árum í anda þess að standa faglega að þessum málum, leggja faglegar hæfniskröfur til grundvallar og reyna að ýta burtu pólitískum afskiptum.

Nú er það orðið þannig að bundið er í lög mjög víða innan opinberrar stjórnsýslu að valnefndir skuli koma til þegar menn eru ráðnir sem ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar eða í önnur embætti og um þetta eru fyrirmæli í lögum. Lög in Ríkisútvarpið eru algjörlega í anda þess, þeirrar nútímalegu stjórnsýslu, faglegu stjórnsýslu, sem hefur verið að festast í sessi í lagabreytingum á ýmsum sviðum í lögum um Stjórnarráð Íslands og víðar.

Það standa engin efnisleg rök gegn því að þetta sé ekki ágætt fyrirkomulag. Það er þá eitthvað annað sem mönnum gengur til, eitthvað annað. Auðvitað er augljóst að það er að koma pólitíkinni þar inn aftur. Það er ekkert annað.

Gamli Sjálfstæðisflokkurinn er mættur á sviðið og vill nú fara að deila og drottna, stjórna og koma sínum mönnum að. Það kemur ekki á óvart, okkur sem þekkjum hann og einn aðili var meira að segja svo hreinskilinn fyrir kosningar að hann sýndi aðeins á það hvað væri í vændum eða ætti að vera í vændum. Var það ekki einn af leiðtogum Sjálfstæðisflokksins sem skrifaði sérstaklega um nauðsyn hreinsana þegar þeir yrðu komnir við völd. Þá skyldi sko heldur betur hreinsað út, þar á meðal þetta vinstra lið, vinstri mennirnir, ef einhverjir kynnu að vera enn inni á Ríkisútvarpinu. Hér er það allt að ganga eftir, bara eftir bókinni.

Þetta er ósköp einfalt. Bláa höndin er komin á loft. Bláa höndin er komin aftur á loft, herra forseti, og núna er hún því miður á bak við völdin aftur. Hún er ekki bara veifandi uppi í Hádegismóum eða einhvers staðar annars staðar, nei hún er komin bak við ráðuneytin, bláa höndin. Og við sjá um boðskapinn ganga út í efni af þessu tagi.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, það leggst lítið

fyrir hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, Illuga Gunnarsson, að hann á sínum fyrstu dögum í ráðherraembætti skuli gerast skósveinn þeirra sjónarmiða og eiga það eina erindi við Alþingi Íslendinga á fyrsta þinginu sem hann mætir til sem ráðherra að leggja fram þetta frumvarp. Það leggst lítið fyrir hann. Það er ekki reisin yfir því satt best að segja.

Ég hef nú frekar bundið vonir við hæstv. ráðherra Illuga Gunnarsson sem vel upp alinn og sérstaklega vel ættaðan ungan mann, að hann mundi nú frekar verða til bóta í pólitíkinni og í sínum flokki heldur en hitt, enda þarf kannski ekki mikið til. En ég verð að segja alveg eins og er að það eru talsverð vonbrigði að sjá ýmislegt sem hæstv. ráðherra lætur sig hafa á fyrstu dögum og vikum í embætti, eins og skipan í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem boðar nú ekki gott. Ef það er hugmyndafræðin, ef það er andinn á bak við þetta, hvernig verður þá stjórnin hjá RÚV að því marki sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur afl til ef hann kemur þessu fram? Verður það inntökuskilyrði að menn hafi starfað í SUS eða Heimdalli? Að menn séu alveg útlærðir í flokksstarfi Sjálfstæðisflokksins og þá sé þeim treystandi til að fara kannski inn í stjórn Ríkisútvarpsins? Ja, það skyldi nú ekki vera? Það er alla vega greinilega inntökuprófið sem menn verða að standast ef þeir eiga að fá að setjast í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem hæstv. ráðherra fór með þetta mörg ár aftur í tímann, áratugi, með því að skipa með alveg dæmalausum hætti einlita flokkshjörð í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Það er auðvitað algjörlega fráleitt að vera að eyða tíma í þetta, virðulegur forseti, nú á þessu sumarþingi. Ég spyr, er það virkilega svo að hæstv. ríkisstjórn hafi sett þetta þannig í forgang að málið skuli afgreidda hvað sem það kostar og jafnvel á kostnað annarra mála, ef til dæmis væri nú komið fram hér eitt einasta frumvarp sem varðaði hagsmuni almennings í landinu, nema þá með neikvæðum hætti, sem er ekki enn? Öll frumvörp frá ríkisstjórninni enn þá eru greiðasemi við stórvini þeirra, útgerðarmenn, ferðaþjónustuna eða aðra slíka aðila. Við sjáum enn ekkert á borðum sem tengist öldrudum, öryrkjum eða hagsmunum heimilanna almennt nema nefndir, tillög og að setja allan loforðapakann í nefnd. Mundi ríkisstjórnin láta þetta ganga framfar? Er þetta svoleiðis forgangsmál? Er Framsóknarflokkurinn sammála því að þetta sé eitt af allra brýnustu málum á Íslandi í dag, þ.e. að koma pólitískri stjórn aftur yfir Ríkisútvarpið?

Síðan er það, herra forseti, að ef menn létu sér detta í hug að gera þetta svona þá er þetta frumvarp auðvitað alveg út úr korti vegna þess að að mínu mati yrði að breyta aftur verulega skilgreiningunni á hlutverki stjórnar Ríkisútvarpsins. Hún er eins og hún er í gildandi lögum með hliðsjón af því að þarna kæmi til fagleg ópólitísk stjórn. Og skilgreininguna á hlutverki stjórnar Ríkisútvarpsins þarf auðvitað að móta í samræmi við það hvernig sú stjórn er skipuð, hvort hún er pólitísk eða fagleg. Ef stjórnin er pólitísk á hún þá að vera með puttana alveg á bólakafi í dagskrárgerð Ríkisútvarpsins? Viljum við það? Nei, ætli það.

Það má auðvitað tína til einhver rök fyrir því að Ríkisútvarpið sé opinber rekstur, þ.e. menn geti séð fyrir sér að þar eigi að koma einhvers konar pólitískt skipuð stjórn. Að

mínu mati á það þá bara að vera stjórn sem hefur rekstrarábyrgðina en er ekki í stefnumótuninni, ekki í dagskrárgerðinni og getur ekki verið með puttana ofan í því sem verður að tryggja að sé óháð og faglegt ef ríkisútvarp á að geta staðið undir nafni. Það er algerlega nauðsynlegt.

Gallinn yrði að vísu alltaf sá eins og dæmin sanna að sú stjórn, pólitískt kjörin stjórn, mundi ráða yfirmenn Ríkisútvarpsins. Það er einn stóri kosturinn við það að fara í burtu frá því fyrirkomulagi, setja alfarið á fót faglega skipaða stjórn tilnefnda af óháðri valnefnd, þar með er líka fyrir því séð að pólitíkin kemst ekki að því þegar verið er að ráða yfirmenn stofnunarinnar.

Ef við skoðum aðeins í framhaldi af ákvæðum 9. gr., um stjórn Ríkisútvarpsins, 10. gr., um starfssvið stjórnarinnar, þá er það í núgildandi lögum, og þeim sem eru að koma til framkvæma og mundu í næsta mánuði leiða til þess að valnefnd yrði skipuð og færi að undirbúa tilnefningu í nýja stjórn Ríkisútvarpsins fyrir næsta aðalfund, að stjórninni er ætlað mjög veigamikil hlutverk. En það er auðvitað að sjálfsögðu í samhengi við það hvernig hún er skipuð.

Stjórn Ríkisútvarpsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri Ríkisútvarpsins og að farið sé að lögum um Ríkisútvarpið, að samþykktir þess og ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannabágu séu uppfyllt. Stjórnin á að hafa eftirlit frá þeirri hlið með því að Ríkisútvarpið efi samninginn sem menntamálaráðherra, ef ég kann rétt, gerir fyrir hönd stjórnvalda um framlag Ríkisútvarpsins og þjónustu á sviði almannaútvarps og öryggismála.

Síðan er starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins látið taka sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi þess. Það er talið upp í átta tölulíðum:

Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma. Viljum við að pólitískt kjörin stjórn skuli alfarið vera í því að móta dagskrárstefnuna?

Að staðfesta skipurit. Látum það nú vera. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum. Akkúrat það sem ég nefndi áðan. Það skiptir máli hvernig stjórnin er samansett gagnvart því hvort pólitíkin kemur að því borði þegar útvarpsstjóri er ráðinn. Tölum bara mannamáli um þetta.

Engin trygging er fyrir því að útvarpið verði nægjanlega óháð og hafið yfir gagnrýni um hlutdrægni og annað því um líkt ef pólitísk stjórn kemur aftur til sögunnar og hún hefur það hlutverk að ráða útvarpsstjóra eða aðra æðstu yfirmenn eins og dæmin sanna, ef það er á pólitískum forsendum. Það er ekki langt um liðið, er það, síðan átti að gera ótrúlega hluti. eru menn búnir að gleyma því hvers konar ofboðslega pólitískar ráðningar stóðu til inn á Ríkisútvarpið? Gengu að vísu til baka, það var brotið á bak aftur, menn urðu að gefast upp. Ég ætla ekki að nefna nöfnin hérna, en ég held að allir geti fljótlega rifjað það upp hvað stóð til að gera þá á grundvelli þess að pólitísk stjórn var yfir Ríkisútvarpinu. Það er þetta meðal annars sem við viljum koma í burtu.

Síðan hefur stjórnin það hlutverk að taka ákvörðun um lán og ábyrgðir vegna Ríkisútvarpsins sem eðlilegt er úr því hún er rekstrarlega ábyrg.

Að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur, þ.e. ákvarð-

anir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna. Þetta er mikilvægt ákvæði. Stjórninni er falið frumkvæðisvald ef henni svo býður. Þessi ákvæði, ef ég veit rétt, eru styrkt frá eldri ákvæðum sem áður giltu, enda varð það niðurstaðan að mínu mati að stjórn Ríkisútvarpsins á umliðnum árum var of passíf. Kannski taldi hún sig ekki hafa nægjanlega sterka stöðu í lögum til að beita sér í vissum efnum.

Að fylgjast með starfsemi Ríkisútvarpsins. Við áttum talsverð samskipti við Ríkisútvarpið, ég sem fjármálaráðherra á þeim árum þegar óhjákvæmilegt var að Ríkisútvarpið sparadi og hagræddi í rekstri eins og allur annar opinber rekstur í landinu, og það gekk nú dálítið á satt best að segja. Útvarpsstjóri var ekki alltaf hrifinn á aðalfundi Ríkisútvarpsins og ársskýrslur voru nokkuð skrautlegir pappírur á þeim árum af því að Ríkisútvarpið hafði vissa tilhneigingu til að líta svo á að það væri ríki í ríkinu og ekki mætti koma nálægt því og það ætti bara að vera yfir það hafið að hagræða í sínum rekstri eins og aðrir. Það varð nú ekki niðurstaðan. Þá reyndi dálítið á hlutverkaskiptin, stöðu útvarpsstjóra annars vegar og verkefni stjórnarinnar hins vegar. Mín upplifun af þeim samskiptum og ýmsum fleirum var sú að stjórnin teldi sig vera í óþarflega veikri stöðu þarna innan búðar. Það á ekki að vera samkvæmt þessu. Hér er mjög vel um það búð að þessi faglega skipaða stjórn hefur sterka stöðu gagnvart þeim verkefnum og því hlutverki sem hún á að sinna.

Að fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins og samþykka fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.

Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundna skyldu Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Ög að síðustu má nánar kveða á um hlutverk stjórnar í samþykktum Ríkisútvarpsins, samanber lög um hlutafélög með síðari breytingum. Það er því hægt að fylla inn í þetta með samþykktum útvarpsins og með stoð í hlutafélagalögum, þá er horft til venjulegs hlutverks stjórnar í hlutafélagum, enda Ríkisútvarpið opinbert hlutafélag eins og kunnugt er.

Herra forseti. Þetta tel ég að vanti upp á að málið sé reifað með eðlilegum hætti og þess vegna kemur það mjög á óvart að hæstv. ráðherra skuli flytja þetta rýra frumvarp, ekki er mikill rökstuðningur í því satt best að segja. Ög ekkert er fjallað, að ég fæ séð, um það hvert sé eðlilegt hlutverk stjórnarinnar og staða ef skipan hennar er breytt og horfið aftur til gamalla tíma og hún skipuð pólitískt.

Nú sé ég, virðulegur forseti, að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra er kominn til þings. Hann situr úti í horni í hliðarherbergi. Hann hefur ekki sést inni í þingsalnum enn þá. Ég á nokkrar mínútur eftir af ræðutíma mínum og mér væri alveg sérstakur heiður og sómi að því að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, kæmi í salinn og settist í sæti sitt þannig að ég gæti lagt fyrir hann spurningar og kannski endurtekið því miður samt af því sem ég sagði þegar ég fjallaði um málið í byrjun ræðu minnar í fjarveru hans.

Fyrsta spurningin og sú sem brennur á vörum okkar og margir hv. þingmenn hafa borið upp hér í dag er sú: Af

hverju þetta frumvarp núna á stuttu sumarþingi sem átti að vera? Vill hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson — þótt hann fari nú orðið ekki nema með hluta af menningunni, þ.e. hann fer með menningarmálaráðherra í annarri deild, fyrsta deildin er komin í forsætisráðuneytið, hin virðulega þjóðmenning — útlista fyrir okkur hvornig hann sem hæstv. ráðherra og ráðuneytið komust að þeirri niðurstöðu að þetta væri brýnasta viðfangsefnið í mennta- og menningarmálum þjóðarinnar og ætti erindi fyrir þetta sumarþing? Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að það sé afgerandi mikilvægt að fá þetta mál afgreitt?

Í öðru lagi: Telur hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, ef yrði nú látið að vilja hans og pólitískri stjórn komið aftur yfir Ríkisútvarpið, að þá gangi að hafa 10. gr. laganna óbreytta? Er ekki augljóst mál að endurskoða þurfi stöðu og hlutverk stjórnarinnar í ljósi þess að hún verður þá allt öðruvísi skipuð pólitískt og þá er ekki við hæfi að hún sé með inngrip í vissa þætti starfsemi Ríkisútvarpsins, eins og við gætum sætt okkur við og teljum eðlilegt ef þetta er faglega skipuð stjórn? Ég nefndi þar sérstaklega dagskrármálin og stefnumótun og aðra slíka þætti.

Ef hæstv. ráðherra skyldi taka til máls og halda lengri ræður er náttúrulega nærtækt að spyrja hann í þriðja lagi: Hvernig hugsar sér hæstv. ráðherra að mæta þó ekki nema í litlu væri kröfunni um að stjórnarmenn í Ríkisútvarpinu væru eftir sem áður faglega skipaðir?

Á það að vera virkilega þannig að kjósa megi hverja sem er án nokkurra hæfniskrafna þar inn? Ýtast þá út ákvæði 3. og 4. mgr.? Eftir stendur auðvitað það ákvæði sem hvort sem er verður að uppfylla hæfi samkvæmt hlutafélagalögum, að sjálfsögðu er ekki hægt að ýta því í burtu. En öll leiðsögn um að menn skuli hafa einhverja reynslu og þekkingu á sviði fjölmiðlunar, menningar, hvað varðar nýja miðla og annað því um líkt fellur fyrir borð. Það eina sem þarf er að finna einhverja viðskiptafræðinga og lögfræðinga sem geta setið í stjórnnum hvaða hlutafélags sem er. Það er talsvert af þeim til dæmis í SUS og Heimdalli. Eigum við að búa okkur undir það að það verði fulltrúar stjórnarflokka, það verði inntökuskilyrðið að menn hafi verið innanlega í trúnaðarmannahópi flokksstofnana Sjálfstæðisflokksins, eins og virðist vera aðgöngumiðinn að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna?

Þetta vekur satt best að segja heldur ónotaleg hugrenningatengsl við liðna tíma. Mér finnst það dapurlegt eins og ég sagði, ég veit ekki hvort hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra var kominn þá til leiks. Mér finnst þetta dapurleg byrjun hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Ég ætlaðist til meira af honum en að vera boðberi fyrir slíkan málstað, þau sjónarmið, á Alþingi Íslendinga. Þetta sé það eina sem hann hafi fram að færa á sínu fyrsta þingi sem hann mætir til sem virðulegur hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra.

Ég tók mér það orð í munn að bláa höndin væri mætt aftur til leiks, hún væri komin á loft, þetta væri í hennar anda og munurinn aðeins sá að nú er bláa höndin komin á bak við völdin í landinu en væri ekki að veifa einhvers staðar úti í móum.

Framsóknarflokkurinn, kannski vill hæstv. ráðherra upplýsa okkur um hvornig samstarfinu og samskiptunum

við Framsóknarflokkinn var háttáð á undirbúningsskeiði málsins. Það hefur vakið undrun margra hér að Framsóknarflokkurinn studdi gildandi lög, þar á meðal tveir hæstv. ráðherrar, ef ég veit rétt, greiddu þeim atkvæði sín. Það var ekki tiltakanlega mikil andstaða við málið. Hjásetur einhverjar, örfá mótatkvæði. Tiltölulega breið samstaða var að lokum um þá skipan mála sem hin nýju lög bera með sér.

Þess vegna kemur mörgum á óvart að Framsóknarflokkurinn skuli standa að því með hæstv. menntamálaráðherra að leggja þetta fram sem stjórnarfrumvarp og skrifa vantagegna þar með líka upp á mikilvægi málsins, sem er svona gríðarlegt að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hefur valið að hafa það sitt eina mál á þessu þingi. Kannski getur hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra upplýst okkur eitthvað um þetta áður en umræðunni lýkur.

Þó að ég viðurkenni vel, forseti, að það sé aðeins úti á jaðrinum og varði kannski ekki beinlínis þetta frumvarp þá er nú talsvert svigrúm í því þegar á annað borð eru hafnar umræður til dæmis um menningartengd mál eins og þetta auðvitað er. Ég hefði óskaplega gaman af því að heyra hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ræða aðeins um þjóðmenninguna og þá skilgreiningu sem er mér nokkuð ný, að til sé tvenns konar menning í landinu, annars vegar þjóðmenning og hins vegar almenn menning. Hæstv. forsætisráðherra virðist hafa tekið sér það húsbóndavald að ákveða hvað sé hvað.

Þess vegna undraðist ég að hæstv. forsætisráðherra skyldi ekki taka Ríkisútvarpið undir sig sem eina af kjarnastofnunum þjóðmenningar í landinu, ef hún er eitthvað nálægt því sem ég ímyndað mér að hæstv. ráðherra sé að tala um. Úr því það er til dæmis stofnun Árna Magnússonar, handritin og sagan og fræðin sem þar eru. Þjóðminjasafnið, er það ekki? Það var líka reytt úr hatti hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Það voru allmargar fjaðrir sem fóru þarna í forsetaúrskurðinum. Af hverju þá ekki Ríkisútvarpið? Er það ekki ein af lykilmenningarstofnunum þjóðarinnar? Eða líta menn einhvern veginn öðruvísi á það?

Ég veit að ýmsir hafa haft á því áhuga að reyta af því fjaðrirnar líka og reka bara eina rás og sem allra minnst og ýta hinu út í einkarekna fjölmiðla. Það hefur verið afstaða Sjálfstæðisflokksins, er það ekki? að slá Rás 2 af og reyna að reyta það af Ríkisútvarpinu sem hefur meðal annars breikkað grundvöll þess og gert það að verkum að það er enn meira þjóðarútvarp og almenningsútvarp en það ella væri. Eins og það er í dag þá er mjög vel um það búíð í lögum að ég tel. Ég las í byrjun umræðunnar fyrstu markmiðsgrein laganna sem ég tel mjög vel orðaða. Hún mundi sóma sér mjög vel í þessari þjóðmenningarelituðu hæstv. forsætisráðherra að mér sýnist, með Árnastofnun og Þjóðminjasafninu og öðru slíku.

Hvað segir hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra um þetta? Hvernig lítur hann á Ríkisútvarpið? Er hann í grunninn sammála til dæmis skilgreiningunni sem 1. gr. laganna ber með sér? Hæstv. ráðherra leggur ekki til breytingar á henni. Þá skulum við ætla að hann sé sæmilega sáttur við hana. Þar er talað um félagslega samheldni í íslensku samfélagi og mjög margt fleira gott sem Ríkisútvarpið á að reyna að tryggja eftir því sem það framast getur.

Mikilvægt er að við reynum að standa eins vel saman

um Ríkisútvarpið og mögulegt er. Það á stóran sess í hjarta okkar flestra geri ég ráð fyrir. Þess vegna er ekki gott að byrja þessa vegferð svona eins og hæstv. ráðherra er hér að lenda í. Kannski hefur hæstv. ráðherra ekki áttað sig á að hann mundi lenda í mótbyr með málið. Kannski hefur hann ekki áttað sig á að því yrði tekið eins og því hefur verið tekið, að nánast enginn umsagnaraðili hefur mælt því bót. Mér skilst á þeim nefndarmönnum sem hafa unnið að málinu að nánast allar umsagnir sem borist hafa séu neikvæðar, almenn og mikil andstaða sé við það að fara til baka. Menn vilja ekki ganga á vit fortíðarinnar, herra forseti, ef ég má svo segja við hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra.

Er hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ekki tilbúinn til að endurskoða málið? Er hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ekki tilbúinn til að brjóta í blað og vera maður að meiri og doka við úr því að þetta fær svona viðtökur og vera ekki að eyða dýrmætum tíma sumarþingsins í að sarga á þessa. Það er ekki góð byrjun upp á samstöðu um Ríkisútvarpið og almenna samstöðu hér innan veggja þingsins. Menn lögðu mikið á sig og það var virkilega reynt að ná eins breiðri samstöðu um grunninn sem við nú stöndum á varðandi Ríkisútvarpið samanber þann langa aðdraganda sem þau mál áttu, viðamikili starf í faglegum og þverpólitískum nefndum og mikla viðleitni til þess innan þingsins að reyna að ná málunum saman og tókst allberilega eins og sést á því að að lokum var ekki tiltakanlega mikil andstaða við nýju lögin um Ríkisútvarpið, fjögur móttakvæði, eitthvað svoleiðis. Það telst nú ekki slæmt.

Þingmenn úr öllum flokkum, nema kannski Sjálfstæðisflokknum, studdu málið og stærstur hluti þingmanna Sjálfstæðisflokksins sat hjá. Það var ekki eins og það væri afgreitt í miklum átökum eða ágreiningi.

Við erum klárlega að fara aftur á bak núna í ljósi þess að umsagnaraðilar hafa lagst gegn málinu, í ljósi þess að allir fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila neikvæðum (Forseti hringir.) umsögnum um málið í nefndarálitum. Því er loka-spurningin til hæstv. ráðherra: Er hann ekki tilbúinn til að bíða með málið, skoða hug sinn og (Forseti hringir.) að alla vega megi geyma það til haustsins?

[18:37]

#### Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (andsvar):

Forseti. Ég hef nú í nokkra daga velt því fyrir mér hvaða lýsingarorð ég eigi að nota yfir þetta frumvarp og orðið „svakalegt“ kemur mér oftast í huga. Í barnskap mínum hélt ég að almennt samkomulag væri um að færa Ríkisútvarpið úr pólitískum böndum. Ég hefði einhvern veginn haldið að allir væru að reyna að vinna að því og hefðu verið að því í næstum því áratugi. Það er víst ekki svo.

Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram að sú leið til að velja í stjórn Ríkisútvarpsins sem hann leggur til sé betri en sú sem nú er í gildi með valnefndina, vegna þess að það væri gagnsærra og kjörnir fulltrúar stæðu þá ábyrgir gerða sinna.

Nú er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon einn af reyndustu mönnum hér í húsi. Mig langar til að spyrja hann barnalegrar spurningar líka: Þekkir hann til þess að það sé einhvern tímann gert eða það sé almennt að þegar valið er í nefndir samkvæmt þeirri aðgerð sem nú er lögð til, að þingflokkar leggi til einhver nöfn, þá sé samráð á milli þing-

flokka um það þannig að hugsanlega náist breidd, hugsanlega náist kynjahlutföll rétt út? Nú ætla ég bara að fara í reynslubanka þingmannsins hv. og spyrja hann: Heldur hann að það geti verið að sú aðferð sem nú er lögð til verði gagnsærra og skili breiðari stjórn en ef við förum í gömlu hefðbundnu pólitísku aðferðina?

[18:39]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Varðandi það hvaða lýsingarorð eigi best við um frumvarpið notaði ég orðið „dapurlegt“, að þetta væri dapurlegt frumvarp. Ég er svo mildur á þessum vordegi. Hv. þingmaður segir „svakalegt“, en ég man eftir öðru orði úr mínum norður-þingeykska banka sem ég tók mér einhvern tímann í munn hér í árdaga og varð dálítið vinsælt um tíma í þinginu, það var orðið „nöturlegt“. Það mætti kannski segja að nöturlegt væri að sjá þetta frumvarp hér frá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Mér finnst það eiga ágætlega við.

Já, ég segi alveg eins og hv. þm. Valgerður Bjarnadóttir. Ég hélt að við værum að komast í burtu frá þessum tímum. Þróunin hefur öll meira og minna verið í þá átt, alla vega allt síðasta kjörtímabil. Valnefndir eru komnar inn í lög og eru vel viðurkennd og þekkt aðferð. Það er eins og hver annar barnaskapur og bull að halda því fram að það sé ógagnsærra ferli. Þvert á móti. Valnefndirnar nálgast málin með því að leggja niður fyrir sér þær faglegu kröfur og forsendur sem menn verða að uppfylla og síðan er það opið ferli eins og hvað annað, hver og einn sem leggur nafn sitt í púkk á rétt á öllum gögnum um sig sjálfan og eftir á er, á grundvelli upplýsingalaga o.s.frv., hægt að krefjast allra gagna. En yfirleitt eru þau afhent refjalaust.

Gamla fyrirkomulagið — við skulum ekki sjá það í neinni rómantík. Hvernig var þetta lengst af? Það var þannig að flokkarnir hver í sínu horni völdu úr sínum röðum fólk sem verið var að verðlauna með stjórnarsetum og bitlingum hér og þar. Þannig var þetta. Það var ekki alltaf óskaplega faglegt heldur var lítið svo á að þeir sem hefðu innt af höndum langa og dygga og mikla þjónustu fyrir flokkinn væru þá vel að því komnir að setjast í stjórn á hans vegum, fá bitling eins og bankaráð eða eitthvað því um líft. Þannig var þetta.

Ég óttast að þetta hafi ekkert endilega mikið breyst ef til kastanna kæmi. Það er himinn og haf (Forseti hringir.) á milli þessara tveggja aðferða og stórkostleg (Forseti hringir.) afturför að mínu mati fólgin í því að fara inn í pólitíkina (Forseti hringir.) með þetta.

Umræðu frestað.

[18:41]

#### Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 32.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:42.

## 11. FUNDUR

mánudaginn 24. júní,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Meðferð einkamála, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 27. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 32 og 33. — 2. umr.
4. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannapágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 25 og 30. — Frh. 2. umr.
5. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
6. Bjargráðasjóður, frv., 22. mál, þskj. 28. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Árni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.  
Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. n.  
Bjarni Benediktsson fjmrh., 1. þm. Suðvest.  
Brynjar Níelsson, 5. þm. Reykv. n.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.  
Karl Garðarsson, 8. þm. Reykv. s.  
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.  
Róbert Marshall, 6. þm. Reykv. s.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm. Suðurk.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, 3. þm. Suðurk.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.  
Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.  
Vilhjálmur Bjarnason, 9. þm. Suðvest.  
Willum Þór Þórsson, 5. þm. Suðvest.

[15:01]

### Útbýting:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 33.

### Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Borist hefur bréf frá 8. þm. Reykv. n., Árna Þór Sigurðssyni, um að hann geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu, Björn Valur Gíslason.

Borist hefur bréf frá 1. varamanni á lista í kjördæminu sem boðar förföll.

Björn Valur Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa að nýju.

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Vinstri hreyf-

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. löggjafarþing).

ingarinnar – græns framboðs um að 8. þm. Suðvest., Ögmundur Jónasson, geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu, Rósa Björk Brynjólfssdóttir.

Kjörbréf Rósu Bjarkar Brynjólfssdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Rósa Björk Brynjólfssdóttir, 8. þm. Suðvest., undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[15:02]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Rósa Björk Brynjólfssdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[15:03]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru: Heilbrigðisráðherra, iðnaðarráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra.

### Orkuverð til álvers í Helguvík.

[15:03]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Mig fýsir að eiga orðastað við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í framhaldi af gagnmerku viðtali sem tekið var við Júlíus Jónsson, forstjóra HS Orku, í *Viðskiptablaðinu* síðastliðinn fimmtudag. Þar kveður forstjórinn nokkuð afdráttarlaust upp úr um að það sem komi í veg fyrir að samningar takist um raforkusölu til álvers í Helguvík af þeirra hálfu sé einfaldlega að efnahagslegar forsendur séu ekki til staðar. Með leyfi forseta, segir í viðtalinu:

„Vandamálið í dag snýr helst að því að álverð er í kringum 1.800–1.900 bandaríkjadalir á tonn. Með slíku verði sé ég ekki fyrir mér að þeir geti rekið arðbært álver og við á sama tíma arðbærar virkjanir. Þetta er ekki að skapa nægar tekjur til að ganga upp. Miðað við það sem þeir eru viljugir til að greiða fyrir orkuna þá gengur það ekki upp hjá okkur og miðað við það sem við þurfum að fá greitt þá gengur það ekki upp hjá þeim.“

Síðar í viðtalinu segir:

„Þetta er kaldri veruleikinn sem við erum að fást við og spár um álverð gefa ekki til kynna að það muni hækka að raunvirði í nánustu framtíð.“

Nú hefur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra oft á umliðnum mánuðum og missirum reynt að kenna hinum og þessum aðilum um, þar á meðal fyrrverandi ríkisstjórn eða bara eiginlega hverjum sem er öðrum en málsaðilum sjálfum. Ég spyr þar af leiðandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra: Þarf frekari vitna við? Má þá búast við því að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hætti þessum umkenningleik sínum, horfist í augu við veruleikann og þann skýra vitnisburð sem hér kemur fram frá öðrum aðaladila

málsins, þ.e. forstjóra orkufyrirtækisins sem átti að vera í móðurhlutverki við að færa þessu álveri orku. Það eru ekki efnahagslegar forsendur miðað við núverandi ástand mála í heiminum og núverandi álverð til að ná þessum endum saman. Ætlar hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að horfast í augu við þennan veruleika og hætta að kenna einhverju öðru um?

[15:06]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að samþykki það hér að sú sem hér stendur hafi verið í einhverjum umkenningaleik. Í gegnum tíðina höfum við, ég og hv. þingmaður, margoft rætt það ágæta verkefni sem álver í Helguvík er. Ef hv. þingmaður hefði lesið einni setningu lengra úr tilvitnuninni í viðtalið — ef mig misminnir ekki þá las hann ekki setninguna: „En menn eru enn í viðræðum.“ Það er því ekki þannig að með þessu viðtali hafi forstjóri HS Orku verið að slá þetta verkefni út af borðinu en að sjálfsögðu þurfa þeir að ná saman og það hefur alltaf verið staðreynd málsins.

Ég fer hins vegar ekkert ofan af því að á umliðnum árum, á síðasta kjörtímabili, voru ýmsir steinar lagðir í götu þessa verkefnis og því getur hv. þingmaður ekki borið á móti. Ég hef líka sagt að á endanum verði ákvörðun um það hvort þetta verkefni fari af stað tekin annars staðar en í Stjórnarráði Íslands. Það gera sannarlega þau fyrirtæki sem hér um ræðir og ég vil líka ítreka það sem oft hefur komið fram hjá forstjóra Norðuráls að skuldbinding þeirra gagnvart þessu verkefni stendur óhögguð.

Ég get líka endurtekið það hér og ítrekað að ég mun sjá til þess að ekkert mun stranda á mínu borði sem snýr að þessu verkefni. Ef það er eitthvað á grunni þess fordæmis sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veitti, með ívilnandi samningum gagnvart framkvæmdum við kísilver á Bakka, sem gæti komið þessu verkefni til góða og komið því af stað mun ég svo sannarlega byggja á því; ég mun byggja á því fordæmi sem hv. þingmaður gaf með frumvarpi og samþykkt laga um fjárfestingar á Bakka.

[15:08]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Það er rétt að í beinu framhaldi stendur þetta í viðtalinu: „En viðræður eiga sér enn stað.“

Reyndar er einnig fjallað um það í viðtalinu af hálfu forstjórans hve mikilvægt sé að fá botn í þetta mál, m.a. vegna þess að fyrirtækið situr fast í þessum gömlu óbrúklegu samningum með genginn gerðardóm á bakinu en að vísu fyrirvara á móti í þessum samningum og getur þar af leiðandi ekki rætt við aðra áhugasama kaupendur sem kynnu að vera tilbúnir til að borga mun betur fyrir orkuna.

Er þessi vitnisburður ekki líka til umhugsunar fyrir okkur hv. þingmenn? Hér sannast það sem allir vita að álverin eru alls staðar í heiminum á höttum eftir lægsta raforkuverði sem býðst. Þau eru síst samkeppnisfær vegna þess hversu orkufrek þau eru sem starfsemi. Þetta er skýr vitnisburður um þær áherslur að horfa frekar til nýrra iðngreina sem geta greitt mun hærra verð fyrir orkuna og þurfa minna magn í einu. Ég vil hrósa forstjóra HS Orku fyrir hrein-

skilnina. Það er vel gert að skafa ekkert utan af hlutunum og koma til dyranna eins og hann er klæddur hvað þetta snertir.

Mér finnst að hæstv. (Forseti hringir.) iðnaðar- og viðskiptaráðherra ætti bara að viðurkenna það eins og það er en ekki vera að snúa út úr því.

[15:09]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Það fór ekki svo að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon yrðum ekki einhvern tímann sammála. Ég er nefnilega sammála því að það þarf að eyða þessari óvissu og það þarf að fá niðurstöðu í þetta mál. Það er ekki við það búandi að þessi hálfkláraða mikilvæga framkvæmd standi þannig, hálfkláruð. Það var grátlegt í nýliðinni kosningabaráttu að geta nánast farið með sömu rulluna og fyrir fjórum árum. Ég er því sammála hv. þingmanni um að það þarf að fá niðurstöðu í þetta.

Annað sem fram kom í máli hv. þingmanns var hvort við ættum ekki að láta álverin lönd og leið og fara að horfa til nýrra fyrirtækja. Af hverju þarf alltaf að stilla þessu upp sem andstæðum? Það er það sem ég vil forðast að gera. Ef álfyrirtæki ná samkomulagi hér á landi um að reka starfsemi sína hér og slíkar ákvarðanir verða teknar þá fagna ég því og býð þau velkomin.

Ég býð einnig velkomin fyrirtæki úr öðrum greinum og ég ætla ekki að setja upp einhverja matsnefnd í mínu ráðuneyti sem býður sum fyrirtæki velkomin en önnur ekki. (Forseti hringir.) Það verður ekki gert undir minni stjórn.

*Tekjuöflun fyrir skattalækkunum.*

[15:10]

**Björn Valur Gíslason (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um tekjuöflun fyrir skattalækkunum og tekjur-samdrætti hjá ríkissjóði.

Hæstv. ráðherra skrifaði um þetta ágætlega skilmerki-lega grein á heimasíðu sinni og þar segir, með leyfi forseta: „Við höfum“ — þ.e. ríkisstjórnin — „lofað skattalækkunum og að skerðingar á kjörum aldraðra og öryrkja verði afturkallaðar. Fjármálaráðherra hefur þegar lagt fram frumvarp um afnám hækkunar á virðisaukaskatti á gistingu sem kostar 1,5 milljarða á ársgrundvelli og sjávarútvegsráðherra boðar breytingar á lögum um sérstakt veiðigjald. ... Allt eru þetta dýrar aðgerðir og munu kosta ríkissjóð fleiri milljarða króna“ — sem er auðvitað allt satt og rétt.

Áfram heldur ráðherra í grein sinni:

„Því tel ég brýnt að sem allra fyrst verði lagður sérstakur skattur á skuldir allra þeirra fyrirtækja sem starfa undir lögum um fjármálafyrirtæki ...“

Til viðbótar, með leyfi forseta, segir hæstv. ráðherra:

„Skuldir þeirra lögaðila sem starfa undir lögum um fjármálafyrirtæki eru um 10 þús. milljarðar kr. og ætti skattur á þær að geta skilað um 30–40 milljörðum kr. árlega í ríkissjóð — sem ætti að dekkja vel fyrirhugaðar skattalækkanir og aukin útgjöld þar til þær aðgerðir fara að skila sér í auknum umsvifum. Það sem er umfram er hægt að nýta til

að fjármagna sérstakan afskriftasjóð vegna skuldaleiðréttingar til að byrja með.“

Hæstv. ráðherra lýkur ágætum pistli sínum á því að brýna okkur og segja sem svo að þannig getum við öll tekið höndum saman og létt á áhyggjum okkar af stöðu ríkissjóðs sem við höfum mörg hver haft talsverðar áhyggjur af.

Nú bregður svo við, virðulegur forseti, að fjármála- og efnahagsráðherra er ósammála hæstv. ráðherra félagsmála. Í viðtali við *Fréttablaðið* í gær leggst hann gegn þessum hugmyndum. Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort þessi mál hafi verið rædd í ríkisstjórn, hvort ríkisstjórnin sé samstiga í að afla tekna upp á 1% af vergri þjóðarframleiðslu með skattlagningu á fjármálafyrirtækin — ekki skal standa á mínu liði við það — eða hvort ástæðan fyrir því að frumvarp hæstv. ráðherra, um afnám skerðingar aldraðra og öryrkja, er fast í Sjálfstæðisflokknum (Forseti hringir.) er sú að Sjálfstæðisflokkurinn fellst ekki á þessa tekjuöflunarleið.

[15:13]

### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Vali Gíslasyni fyrir fyrirspurnina, það er ánægjulegt að sjá hann hér aftur á þingi, ég var næstum því farin að sakna hans.

Hvað varðar tekjuöflun ríkissjóðs þá voru samþykkt lög á Alþingi sem allir stjórnmalaflokkar stóðu að, held ég, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Markmið laganna var tvíþætt, að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins og að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækjanna.

Af einhverri ástæðu var ekki lagt til í þeim lögum, af fyrrum stjórnarflokkum, að leggja þennan skatt á þau fjármálafyrirtæki sem raunverulega ollu hrununu og þess vegna voru þau þar undanskilin.

Í pistlinum sem vitnað er í bendi ég einmitt á þennan möguleika og stend raunar við það sem ég segi þar. Ég hef því miður ekki lesið nákvæmlega það viðtal sem hv. þingmaður vísar til, en það litla sem ég hef lesið af samtölum um þetta, hvort það var hjá *Viðskiptablaðinu* eða *Fréttablaðinu*, við hæstv. fjármálaráðherra gat ég ekki séð að hann útilokaði þetta. Hann sagði einfaldlega að þetta væri eitt af því sem yrði skoðað þegar kæmi að tekjuöflun hjá ríkissjóði. Ég held að ég og hæstv. fjármálaráðherra séum sammála um mikilvægi þess að standa vörð um velferðina og heimilin í landinu, og ég tel að þetta sé eina leiðin til þess.

[15:15]

### Björn Valur Gíslason (Vg):

Forseti. Ég lagði tvær eða þrjár spurningar fyrir ráðherrann sem hæstv. ráðherra svaraði ekki: Er ágreiningur í ríkisstjórninni um tillögur hennar um það hvernig á að fjármagna skattalækkanir og útgjaldahækkanir, m.a. til að afturkalla skerðingar á kjörum aldraðra og öryrkja? Þetta er tiltölulega skýr og afmörkuð spurning sem ráðherrann á að geta svarað með sambærilegum hætti.

Mér er vel kunnugt um áform fyrri ríkisstjórnar í álagningu á fjármálafyrirtæki og mér er einnig kunnugt um gríð-

arlega andstöðu sjálfstæðismanna við þær hugmyndir á síðasta kjörtímabili sem og ýmissa framsóknarmanna. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar um hennar hugmyndir í þessum málum? Hefur þetta verið rætt í ríkisstjórn og er þetta ástæðan fyrir því að frumvarp hennar um almannatryggingarnar er fast í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og kemst ekki þaðan út?

[15:16]

### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ítrekun á spurningunni ef honum fannst ég ekki hafa svarað nógu skýrt.

Það vill náttúrulega oft vera þannig í samstarfi að skoðanir séu skiptar um það hvernig nákvæmlega menn vilja nálgast verkefnið. Það er hins vegar mikil samstaða um það á milli stjórnarflokkanna að taka til baka skerðingar sem snúa að öldruðum og öryrkjum. Að því hef ég hef unnið ótúlllega og í mínum huga er alveg ljóst að við munum ekki að fara héðan af sumarþingi fyrr en við erum búin að afgreiða það frumvarp.

### Meðferð einkamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 2. mál (flýtimeðferð). — Þskj. 2, nál. 27.

### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:18]

### Svandís Svavarsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um meðferð einkamála, flýtimeðferð. Ég vil geta þess við atkvæðagreiðsluna að við í Vinstri grænum teljum þetta frumvarp ekki vera til skaða en kannski ekki til mikils gagns, hvorki fyrir málsaðila né fyrir dómstólana sjálfa. Markmiðin eru góð og verðug og við styðjum málið. Málið verður tekið til nefndar milli 2. og 3. umr. til að kanna sérstaklega hvort unnt sé að stytta áfrýjunarfrest í þeim málum sem um ræðir og vænti ég þess að nefndin muni taka snöfurmannalega á þeim þætti. Ég vildi geta þessa vegna þess að það var fyrirvari af minni hálfu við stuðning við nefndarálit meiri hluta.

[15:19]

### Guðbjartur Hannesson (Sf) (um atkvæðagreiðslu):

Hæstv. forseti. Hér tókum við fyrir í 2. umr. eitt af tíu málum sem komu fram í þingsályktunartillögu um skuldavanda heimilanna og úrlausnir í þeim, eitt af þeim þremur af þessum tíu sem kemur fram í beinni tillögu og verður til afgreiðslu á þessu sumarþingi. Öðru er öllu saman vísað í frekari vinnslu og til afgreiðslu einhvern tíma síðar í haust og flestallt í nóvember ef eftir gengur.

Fram hefur komið í umræðunni að þessum málum hefur verið hraðað í dómskerfinu hingað til en bent hefur verið á það af sumum aðilum að skýrari heimild þurfi til að menn geti haft þetta í forgangi. Við teljum sjálfsgagt að veita þessu máli stuðning og framgang en höfum haft þann fyrirvara að ríkisstjórnin verði þá að tryggja að dómstólar nái nægt fé svo að önnur mál teyfjást ekki ef þannig vill til í framhaldinu. En ég lýsi yfir stuðningi við frumvarpið.



[15:21]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar-dóttir) (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta mál er komið hingað til atkvæðagreiðslu við 2. umr. og mun fagna því sérstaklega þegar Alþingi hefur samþykkt það. Ég tel að hæstv. innanríkisráðherra hafi sýnt mikinn skörungsskap í málinu og ég vildi óska að fyrri stjórnvöld hefðu gert það sama þegar ég kom á sínum tíma fram með frumvörp um að tryggja flýtimeðferð á málum vegna gengistryggðra lána. Þegar það var tekið til meðferðar í þinginu sögðu um-sagnaraðilar við mig þá að það þyrfti kannski í mesta lagi eitt mál í viðbót og við höfum síðan séð hver reynslan hefur verið hvað það varðar.

Hér er bæði verið að tala um gengistryggð lán og verð-tryggð lán sem er mjög mikilvægt og sýnir mjög skýrt áherslur þessara stjórnvalda hvað varðar skuldamála heimil-anna.

[15:21]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka nefnd-inni fyrir góða vinnu kringum þetta mál og ég vil þakka stjórn og stjórnarandstöðu fyrir það og er þakklát fyrir að málið sé komið á þennan stað og vænti þess að við náum um það góðri samstöðu og það nýtist þeim sem helst þurfa á því að halda.

1. gr. samþ. með 36 hlj. atkv.

2. gr. samþ. með 36 hlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allsh.- og menntmn.

**Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 2. umr.**

Stjfrv., 1. mál (virðisaukaskattur á ferðaþjónustu). — Þskj. 1, nál. 32 og 33.

[15:23]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) (S):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 146/2012. Þar er um að ræða að taka aftur hækkun á virðisaukaskatti á gistingu úr 7% í 14%, taka hækkunina til baka.

Meginniðurstaða efnahags- og viðskiptanefndar sem fékkst eftir að hafa fengið gesti á sinn fund, fengið umsagnir og umsögn frá meiri hluta atvinnuveganefndar var að þrjú atriði mæla með því að lækka þennan skatt úr 14 í 7%.

Í fyrsta lagi er það einföldun skattkerfisins. Það er markmið stjórnarflokkanna að einfalda skattkerfið og einfalda umhverfi fyrirtækja. Það frumvarp sem við ætlum að taka til baka skapar einmitt flækjustig vegna þess að bætt er inn nýjum skattstofni í virðisaukaskattkerfið fyrir einungis 608 lögáðila. Það eykur möguleika á undanskotum, eykur

möguleika á flækjustigi og gerir auk þess úrvinnslu í kerf-inu og eftirlit með því o.s.frv. miklu erfiðari. Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að stuðla eigi að einföldun kerfisins með því að viðhalda þeim þremur skattþrepum sem eru til staðar, þ.e. 0%, 7%, 25,5% auk þess sem fjórða þrep-ið er til sem er skattleysi, þ.e. menn falla ekki undir virðis-aukaskattsskyldur og það eru mjög stórir aðilar. Það er allur fjármálamarkaðurinn, allur heilbrigðisgeirinn og allur menntageirinn sem ekki er virðisaukaskattsskyldur og getur ekki dregið frá innskatt.

Annað sjónarmiðið var alþjóðleg samkeppni um ferða-menn. Það er ljóst að Ísland keppir við öll önnur lönd í heiminum, sérstaklega nágrannalönd okkar, um ferðamenn. Þar getur skipt miklu máli hver kostnaðurinn er t.d. við gistingu og virðist vera að ferðamenn horfi meira til gis-tingar og fargjalda en annars kostnaðar eins og að fara út að borða, kaupa minjagripi og fara í stuttar ferðir. Þegar menn velja ferð horfa þeir meira til gistingar og fargjalda. Þess vegna er mjög mikilvægt að setja ekki of háa skatta á gis-tinguna. Það getur fælt fólk frá og þýðir að við yrðum af einhverjum ferðamönnum sem hefðu skilað ríkissjóði mikl-um tekjum, t.d. í formi áfengisgjalds.

Í þriðja lagi komu fram fyrir nefndinni þau sjónarmið að mikið væri um kvartanir um brot á kjarasamningum í ferða-þjónustunni og eins að lögbundnum sköttum og gjöldum væri ekki skilað. Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið að mikilvægt sé að auka eftirlit og aðhald með greininni þannig að jafnræði ríki og heilbrigð samkeppni geti þrífist. Það gengur ekki að innlendir starfsmenn sem virða kjarasamninga og greiða skatta fái ekki störf vegna vonlausrar samkeppni oft og tíðum við erlent starfsfólk sem virðir ekki kjarasamninga og jafnvel ekki skattalög og að innlendir að-ilar, sem sumir eru líka útlendingar, gangi um atvinnulaus-ir. Talið er að það flækjustig sem lagt var til í vor verði til þess að erfiðara verði að hafa eftirlit með þessu.

Nokkuð var rætt um áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs. Það er ljóst að ríkissjóður verður af 535 millj. kr. árið 2013 og 1,5 milljörðum árið 2014, að öllu öðru óbreyttu. En það er einnig ljóst að þessar breytingar á skattalögum geta haft áhrif annars staðar ef fleiri ferðamenn koma til landsins vegna þess að gistingin er orðin ódýrari. Það þarf ekki að vera neitt mjög stór hluti til að það gæti skilað tekjum til ríkissjóðs eftir öðrum leiðum, t.d. gegnum áfengisgjaldið eða gegnum vörugjöld og virðisaukaskatt af matvælum og á matsölustaði og annað slíkt. Aukning ferðamanna mundi þá leiða til þess að borgaðir væru meiri skattar. Það er ekki endilega víst að tekjutap ríkissjóðs verði eins mikið og þessar beinu tölur gera ráð fyrir enda er vel þekkt að of mikil skattlagning á ákveðnar greinar getur valdið því að tekjur ríkissjóðs lækka. Það hefur enda sýnt sig á undan-förnum fjórum árum að margir skattstofnar sem voru mjög blómlegir eru farnir að láta á sjá eftir mikla skattlagningu.

Nefndarálitinu kemur fram á þskj. 32 og þar geta menn kynnt sér það út í hörgul, ég las það ekki allt upp. Einnig geta menn lesið þar umsögn frá meiri hluta atvinnuvega-nefndar sem var sent til efnahags- og viðskiptanefndar og er dagsett 19. júní 2013.

[15:29]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort ekki hafi verið fjallað um þær kannanir sem gerðar hafa verið og þær spurningar sem hafa verið lagðar fyrir erlenda ferðamenn. Ferðamenn hafa verið spurðir: Hvað er það sem er svona eftirsóknarvert við Ísland og hvað réði því að þú komst hingað? Ég spyr hvort ekki hafi verið farið yfir þessar spurningar og svör ferðamanna.

Þeir segjast langflestir vera komnir til Íslands til að njóta náttúrunnar. Enginn þeirra nefndi verð á hótelpjónustu enda sýnir það sig að rétt um 10% af heildarkostnaði erlendra ferðamanna hingað til lands eru vegna gistingar. Ef við hækkuðum virðisaukaskattinn úr 7% í 14% mundi heildarkostnaður erlendra ferðamanna í heimsókn til Íslands hækka um rétt 1%. En meiri hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar virðast telja að það gæti orðið til þess að ferðamönnum mundi fella.

Ég vil líka spyrja hvort ekki hafi verið farið vel yfir bæði greiningar sem greinin sjálf lét gera og KPMG gerði fyrir greinina sjálfa og síðan greiningarnar sem Hagfræðistofnun Háskólans gerði fyrir fjármálaráðuneytið. Í þeim greiningum kemur fram að jafnvel þó að virðisaukaskatturinn hefði hækkað upp í 25,5% mundi ferðamönnum samt halda áfram að fjölga.

[15:31]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Oddnýju Harðardóttur fyrir spurningarnar. Þær kannanir sem hún vísar til eru almennt þekktar, alla vega kannast ég við þær. Það er ljóst að útlandingar koma hingað til að njóta náttúrunnar en þeir gera það ekki fyrir hvað sem er. Ég hugsa að ef við hækkuðum skattinn verulega færi að draga úr viljanum til að koma til Íslands þó að menn vilji skoða náttúruna. Menn vilja kannski fara til Parísar til að sjá allar menningarmínjarnar sem þar eru en ekki fyrir hvaða verð sem er. Eitt er að spyrja hverju menn sækjast eftir á Íslandi og annað að spyrja hvað valdi því að menn velja Ísland umfram önnur lönd, flest lönd hafa jú upp á eitthvað að bjóða.

Fram kom í 1. umr. hjá hv. þingmanni, og talar hún þar af reynslu sinni sem ráðherra, að einungis 10% af útgjöldum ferðamanna eru fyrir gistingu. Það segir mér að 90% eru annars staðar, eitthvað er í ferðum sem ekki er skattlagt. Annað er þá innlendir kostnaður sem ég er ekki með upplýsingar um. En þar fær ríkissjóður hins vegar vörugjöld, virðisaukaskatt, tolla o.s.frv. Ríkissjóður kynni því að hagnast á því að enn meiri aukning verði á ferðapjónustu, sérstaklega yfir vetrartímann þar sem menn eru að stefna á að nýta alla aðstöðu betur. Ef tekst að nýta aðstöðuna betur og ná fram enn meiri aukningu en ella væri að óbreyttum lögum fengi ríkissjóður það margfalt inn í öðrum sköttum.

[15:33]

**Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Umsagna var leitad hjá hv. atvinnu-

veganefnd en ekki hv. fjárlaganefnd. Ég vil spyrja hv. þingmann hvernig standi á því en ríkissjóður verður með frumvarpinu af tekjum, 500 millj. kr. er áætlað á þessu ári og 1,5 milljörðum á því næsta. Jafnframt er í nefndarálitni meiri hlutans talað um undanskot og eru erlendir starfsmenn sérstaklega nefndir, þ.e. áhyggjur af því að innlendir starfsmenn fái ekki vinnu vegna þess að erlendir starfsmenn séu í svartri vinnu. Mér finnst þetta forvitnilegt og ég vil gjarnan fá að heyra rökin fyrir þessu og hvort það eru þá eingöngu erlendir starfsmenn sem eru í svartri vinnu innan ferðapjónustunnar.

Ég tek eftir því að í umsögnum frá atvinnuveganefnd fara menn ekki yfir áhyggjur af því að hótelum er að fjölga mjög mikið bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins víða um land. Hafa menn ekki áhyggjur af vexti þessarar greinar? Nú höfum við Íslendingar reynslu af því að vöxtur greina hefur farið illa með okkur. Ég spyr hv. þingmann hvort ekki hafi verið farið yfir það í nefndinni að huga þurfi að þessari umgjörð og hvort mikilvægt sé að ýta undir vöxt hennar — vöxtur hennar hefur umtalsverðan kostnað í för með sér líka — og hvenær menn telja að ívilnanir séu ekki lengur þarfar vegna þess að greinin hafi í raun stækkað nægilega mikið og ekki þurfi að ýta undir vöxt hennar.

[15:36]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ekki kom fram beiðni um það í nefndinni að leita umsagnar hv. fjárlaganefndar en ég hefði talið það eðlilegt að fenginni ábendingu frá hv. þingmanni. Það hefði komið til álita að fá álit hv. fjárlaganefndar en ekki kom fram beiðni um það.

Hvað varðar áhyggjur af vexti þá hefur ferðapjónustan vaxið alveg gífurlega undanfarin ár. Ég hef þakkað það tveimur eldgosum sem negldu fólk niður á flugvöllum um allan heim, og því gleymir það ekki. Þar með er Ísland orðið ævarandi greypt í huga viðkomandi aðila. Það er orðið nafn.

Ferðamönnum hefur fjölgað um 100 þúsund í tvö ár, 2011 og 2012, hvort árið um sig. Því var velt upp í hv. nefnd hvaða mannskapur væri í því að búa um rúmið fyrir allt þetta fólk, elda fyrir það, þrifa eftir það, leiðsegja því o.s.frv. Menn söknuðu þess að sjá hvergi auglýst eftir starfsfólki í þessari grein, veltu vöngum yfir því. Einhverjar vísbendingar voru um það, sem vísað er í í nefndarálitinu, að hugsanlega væri svört atvinnustarfsemi þarna í auknum mæli og einnig að kjarasamningar væru ekki virtir.

Ég tel mjög brýnt að þetta verði skoðað. Við búum við það að fjöldi Íslendinga og erlendra aðila sem hér hafa unnið gengur um atvinnulaus og fær ekki vinnu. Í því ljósi er dálítið ankannalegt að sjá hvergi auglýst eftir fólki til að sjá um þennan aukna fjölda ferðamanna — hún telur um 100 þúsund hvort árið um sig, bara aukningin.

[15:38]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):**

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitni 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Það er nú fyrst til að taka að

Þessi breyting á virðisaukaskatti á hótél- og gistiþjónustu í landinu var hluti forsöndna fjárlaga fyrir árið 2013 og liður í tekjuöflun til þess bæði að ná áfanga í að draga úr hallarekstri ríkissjóðs á yfirstandandi ári og leggja grunn að tekjuöflun ríkissjóðs í ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma. Þetta var hluti af stærri aðgerðum sem samtals voru upp undir 10 milljarðar kr. á tekjuöflunarhlíð og umtalsverðar ráðstafanir á hina hliðina til að draga úr útgjöldum í anda þess sem gert hefur verið við undirbúning fjárlaga hvert einasta ár undanfarin fjögur ár. Þannig hafa menn smátt og smátt í áföngum minnkað hallarekstur ríkissjóðs með því að afla tekna og draga úr kostnaði eins og kostur er.

Að vandlega yfirveguðu ráði var borið niður á þessum stað og fyrir því voru nokkrar góðar ástæður, m.a. þær að greinin stendur sterkt og nýtur góðs af hagstæðu gengi. Vöxtur og viðgangur er mikill. Skattþrepjið sem þarna er á ferðinni er óvenjulega lágt og stingur í augu þegar skattalegt umhverfi atvinnulífsins er borið saman. Því má loks við bæta að það að hækka nokkuð virðisaukaskatt á gistingu, sem að uppistöðu til er borinn af erlendum ferðamönnum, hefur hverfandi verðlagsáhrif, hefur lítil áhrif á innlent verðlag því að það vegur ekki þungt í kórflu innlendra neytenda. Margt mælti með því að þarna væri, ásamt með nokkrum öðrum ráðstöfunum, svigrúm til að afla nokkurra tekna.

Lagt var upp með að færa gistinguna í almennt þrep, m.a. með vísan til þess sem hér hefur komið fram, að að sjálfsögðu er einfaldara að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti en þrjú, en eftir allmikið þóf og mikla fundi og samráð við greinina varð niðurstaðan sú að draga verulega í land í þessum efnun, fara með skatthlutfallið niður í 14% og seinka gildistöknunni um allmarga mánuði í viðbót. Í staðinn fyrir 25,5%, sem átti að taka gildi í maímánuði sl., samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eins og það kom fram, varð niðurstaðan að lokum 14% frá og með 1. september nk. Það var gefinn mjög ríflegur aðlögunartími að þessari breytingu. Hún er það óveruleg að enginn mannlegur máttur fær mig til að trúa því að heilt ár hafi ekki dugað ferðaþjónustunni til að búa sig undir hana. Það stendur líka þannig af sér varðandi sölutímamann að nýtt sölutímabil hefst almennt á haustin og ferðakaupstefnur, eins og til dæmis Vestnorden, eru á haustin þannig að það stendur vel af sér að miða við þessa tímasetningu. Þetta er nú ljóst, og nauðsynlegt að menn hafi í huga að það var dregið verulega í land með þessa áformuðu gjaldtöku og veittur ríflegri aðlögunartími að henni.

Eftir sem áður er þetta umtalsverður tekjupóstur sem þarna átti að leggja og ekki bara í fjárlögum yfirstandandi árs. Áætlunin var og er frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu að það að falla frá þessum áformum nú þýði 535 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu ári, á mannamáli 535 millj. kr. gat í viðbót, aukinn hallarekstur ríkissjóðs. Ekki er stafkrók um það að finna nokkurs staðar frá hæstv. ríkisstjórn hvað hún ætli að gera í staðinn, að einhverjar mót-vægisáðgerðir komi í staðinn.

Ég hef þó ekki síður áhyggjur af því að þarna hverfur út tekjupóstur upp á 1,5–1,8 milljarða að mínu mati árlega það sem eftir lifir ríkisfjármálaáætlunar til meðallangs tíma á ári

hverju fram til 2015. Það munar um það þegar það leggst saman. Eins og ég segi hefur ríkisstjórnin ekki gert neinar ráðstafanir eða sýnt á nein spil hvað varðar það að mæta þessu og í kostnaðarumsögninni, sem viðkomandi skrifstofa fjármálaráðuneytisins má eiga hrós fyrir að er fullkomlega í karakter þeirrar góðu skrifstofu, er rækilega bent á það að þetta þyngi fyrir fæti hvað varðar markmiðin um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldaföfnun ríkissjóðs. Það er það sem hér er undir, að ríkissjóður er enn rekinn með halla, blessunarlega að vísu til muna minni en áður var þannig að það er meira en stærðargráðu minni halli. Engu að síður eru tapaðar tekjur eða aukin útgjöld ávísun á meiri lántökur ríkissjóðs, meiri skuldir og þar með meiri vaxtagreiðslur á komandi árum. Þannig er það.

Teikjutap upp á um það bil 2 milljarða á þessu ári og hinu næsta væri kannski eitt og sér og einangrað ekki ástæða til þess að fara verulega á taugum yfir því ef það væri einangrað fyrirbæri en þannig er það ekki, því miður. Á borðum okkar þingmanna er annað frumvarp frá hæstv. ríkisstjórn sem felur í sér stórfellda lækkun á veiðigjöldum og þar erum við að tala um 10 milljarða samtals á þessu ári og hinu næsta, ekki frá því sem veiðigjöldin gætu gefið að gildandi lögum miðað við afkomu sjávarútvegsins heldur frá þeirri hógværu áætlun sem var færð inn í forsöndur ríkisfjármálaáætlunar. Það vantar 10 milljarða upp á hana til að endar náist þá saman. Í tveimur fyrstu frumvörpunum frá ríkisstjórn er sem sagt 12 milljarða gat í afkomu ríkissjóðs á þessu ári og hinu næsta. Það munar um það. Það vekur verulegar áhyggjur og auðvitað ekki síst spurningar um það hvort hæstv. ríkisstjórn sé þegar búin að ákveða að gefast upp við markmiðið um hallalaus fjárlög á árinu 2014. Það er stóra spurningin sem hér er undir. Það verður okkur verulega dýrt. Það verður mikið bakslag í þá efnahagsáætlun sem Ísland hefur unnið eftir og hefur frá miðju ári 2011 gengið út á það að ná hallalausum fjárlögum og lítills háttar afgangi á heildarjöfnuði árið 2014. Það hefur verið unnið samkvæmt því í á þriðja ár.

Það er með stuttum aðdraganda sem það mundi þá gerast ef ríkisstjórnin gæfti upp við það með fjárlagafrumvarpi sem kæmi fram svo seint sem í haust. Sú staðreynd verður ekki falin og menn hafa fát til að undirbyggja og rökstyðja að slíkur undansláttur sé skynsamlegur fyrir Ísland, sérstaklega ekki þeir hinir sömu menn sem hafa miklar áhyggjur af miklum skuldum og háum vaxtagreiðslum.

Þar koma við sögu hlutir eins og lánsþæfismat landsins. Lánsþæfismatsfyrirtækin, hvað sem menn gefa nú fyrir þau, hafa verið afar skýr í umsögnum sínum um Ísland að undanförmu, þetta er einn af stóru mælunum sem þau horfa á varðandi trúverðuleika efnahagsstefnunnar, þ.e. að haldið verði við það að ná hallalausum fjárlögum 2014. Þar á bak við liggur að sjálfsögðu að greiðari aðgangur opnast fyrir banka og stærri fyrirtæki á alþjóðlegan fjármálamarkað, en samkvæmt því hefur líka verið unnið í á þriðja ár að í kjölfar þess að ríkinu opnaðist aðgangur að erlendum fjármála-mörkuðum með útgáfu í júní 2011 og aftur 2012 og með batnandi lánsþæfismati, minnkandi áhættuálagi eða skuldatriyggingarálagi á Ísland mundi gatan fara að greiðast fyrir aðra aðila að komast í eðlilegt ástand að þessu leyti. Þetta er ekki bara þröngt hagsmunamál ríkissjóðs, þó að það sé

Það í fyrstu umferð, heldur er þetta líka spurning um trúverðugleika efnahagsstefnunnar og þetta getur varðað aðra aðila, atvinnulífði og skulduga íslenska aðila, miklu hvað varðar aðgang að erlendum fjármálamörkuðum, möguleika á að endurfjármagna lán sín og það á skikkanlegum kjörum. Sveitarfélög, orkufyrirtæki, stór útflutningsfyrirtæki og aðrir slíkir aðilar eiga mikið undir því að við förum ekki út af sporinu í þessum efnunum.

Þarna virðist því miður hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn sem henni veita brautargengi fara ansi ógæfulega af stað, svo ekki sé meira sagt. Nú vitum við ekki hvort meira er í pípunum á þessu sumarþingi, þ.e. í formi þess að umvörp um aukin útgjöld eða enn þá meira afsal tekna eigi eftir að koma fram. Það er boðað í stefnuræðu forsætisráðherra að frekari skattalækkanir séu í skoðun, gott ef ekki nefnt þar bensíngjald, þungaskattur, kolefnisgjöld og auðlindagjöld, á sama tíma og forkólfar hæstv. ríkisstjórnar tala mikið um áhyggjur sínar af því að það sé þyngra fyrir fæti í ríkisfjármálum en þeir hafi átt von á. Þess þá heldur, mundi maður segja, er ástæða til að fara varlega gagnvart því að setja tekjur í stórum stíl fyrir borð.

Þessar tvær greinar, sjávarútvegurinn og ferðaþjónustan, sem hér eiga að njóta sérstaklega örhlætis ríkisstjórnarinnar á undan öllum öðrum, á undan almennungi, öldruðum og öryrkjum eða hverjum það nú væri, hvað þá skuldugum íbúðareigendum sem eiga nú að bíða haustsins ef ekki fram á næsta ár, standa báðar mjög sterkt. Þær hafa notið mjög góðs af afar hagstæðri gengisskráningu krónunnar, ferðaþjónustan hefur fengið mikla kynningu og hið opinbera hefur lagt mikla fjármuni í uppbyggingu innviða ferðaþjónustunnar og í markaðssetningu á Íslandi. Á sama tíma og hér var hugsunin sú að ferðaþjónustan legði aðeins meira af mörkum í sameiginlega sjóði ver ríkið miklum skatttekjum í uppbyggingu í þessari grein. Það er fullkomlega réttlætlegt, og af því er ég að minnsta kosti stoltur að við höfum brotið algjörlega í blað hvað það snertir, að nú er verið að takast á við það að byggja upp aðstöðuna í landinu á fjölsóttum ferðamannastöðum, í þjóðgördum og á friðlýstum svæðum og setja umtalsverða fjármuni ár eftir ár í velheppnað markaðsátak með greininu. En er þá ekki sjónarmið út af fyrir sig að greinin á móti greiði skatta sem eru eitthvað nær því sem almennt atvinnulíf gerir?

Hv. þm. Pétur Blöndal hafði áhyggjur af samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar og eitthvað er fjallað um það í nefndaráli meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, gott ef ekki skoðanasystkina þeirra í meiri hluta atvinnuveganefndar líka, en samt fór drjúgur hluti ræðu hv. þm. Péturs Blöndals í að velta vöngum yfir því hvernig við ættum að ráða við þann óskaplega fjölda sem hingað streymdi og hvar við fengjum mannskap til að vinna í þessu. Það er dálítið mótsagnakennt, annars vegar að hafa áhyggjur af því að gistingin geti ekki borið 14% virðisaukaskatt en hins vegar að vöxturinn sé svo gríðarlegur að þetta sé alveg að drekka okkur, 100 þús. erlendiri ferðamenn í viðbót núna tvö ár í röð.

Það er rétt, þetta er einhver mest glimrandi uppgangur sem ein atvinnugrein hefur búið við enda skilyrðin mjög hagstæð og búið að leggja heilmikið í þá fjárfestingu að kynna Ísland og koma því á kortið. Hvernig stóð þá á því,

ef þessi rök halda, að ferðaþjónustan koðnaði ekki niður árin fyrir 2007? Hvernig var ástandið þá? Virðisaukaskatturinn var 14% og raungengi krónunnar upp í 30–40% hærra en það er í dag. Samt var vöxtur í ferðaþjónustu árin frá aldamótunum og fram að hrúni. Ísland var vissulega þekkt fyrir að vera dýrt land en það breytti ekki hinu, að vaxandi fjöldi ferðamanna og fleiri og fleiri skemmtiferðaskip komu hér ár eftir ár eftir ár. Var þá verðlagið, mælt í kaupmætti þeirra sem hingað koma með erlenda mynt, allt annað og miklu hærra á þessum árum.

Með öðrum orðum er það ekki bara verðþröskuldurinn sem ræður því að hingað streymir mikill fjöldi erlendra ferðamanna. Ísland er spennandi, eftirsótt, og menn eru tilbúnir að greiða talsvert fyrir það að fá að heimsækja þetta fallega land okkar.

Eins og kom fram í andsvari áðan voru gerðar á þessu greiningar og þá miðað við að virðisaukaskatturinn væri að fara upp í 25,5%. Hvað sýndu þær, eins og frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands? Jú, niðurstaðan var að gistinguþætti gæti fækkað óverulega til að byrja með en síðan mætti gera ráð fyrir að ferðamönnum fjölgaði áfram þrátt fyrir slíka hækkun virðisaukaskatts. Það kæmi hugsanlega einhver örtiltíða tímabundið fyrst eftir að 25,5% skattur kæmi á og meðan það væri að jafnast út í verðlagið en síðan mundi fjölgunin halda áfram.

Ég er sammála því að kannski hefði átt búast við einhverju lítils háttar bakslagi ef þetta hefði gengið eftir með 25,5%, sérstaklega vegna þess að ferðaþjónustan eyddi allri orku sinni í að auglýsa það úti um lönd og álfur að hér ætti að fara að hækka á henni skattana. Það var framlag Samtaka ferðaþjónustunnar til markaðssetningar í eigin þágu þegar þessi áform komu til. Veldur líka hver á heldur. Það fær mig enginn til að trúa draugasögum af því tagi í björtu að ferðaþjónustan gæti ekki borið 14% virðisaukaskatt, auðveldlega núna eins og staða hennar er sterk, eins og landið hefur fengið mikla kynningu, eins og það skorar hátt í öllum helstu fagtingum og öllum helstu listum um eftirsóknarverða ferðamannastaði og í ljósi hagstæðs raungengis á krónunni borið saman við og vísað líka til þessara rannsóknar.

Auðvitað voru það stórkostleg afgangur, ævintýraleg mistök, á sínum tíma að lækka gistinguna og þess vegna þjónustu veitingahúsanna niður í 7% 2007 með matvælum og menningu. Hvað voru menn að hugsa? Það geta verið rök fyrir því ef menn vilja hafa mjög lágt virðisaukaskattsþrep á matvæli, og ég hef reyndar verið stuðningsmaður þess að mæta þannig högum tekjulágra fjölskyldna sem eyða hlutfallslega miklu af ráðstöfunartekjum sínum í matarkaup, en það á ekkert skylt við það að gisting á hótelum eigi að vera í skattalegri bómull af þessu tagi. Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða um verðteygni í svona löguðu en þó eru margar vísbendingar um það að samkeppnisstaða Íslands sé að þessu leyti mjög sterk. Við erum í hópi þeirra ríkja sem talin eru til dæmis standa hvað sterkast í samkeppni innan OECD, erum þar á topp tíu listanum og þar af leiðandi eru ekki undirstöður fyrir þessum áhyggjum manna af því að þessi litla breyting mundi gera stórt strík í reikninginn. Að minnsta kosti vega þær röksemdir að mínu mati allt of létt til þess að tapa út þessum tekjum við núverandi aðstæður.

Ég skil ekki hversu andvaralaus hæstv. ríkisstjórn er, að kenna þá ekki bara fyrri stjórn um og halda inni þessum tekjum. Við skulum taka það á okkur, það vorum við sem hækkuðum þetta, já, það er rétt. En af hverju leyfði þið þessu þá ekki að vera í friði? Af hverju eru hv. stjórnarliðar að baka sér vandræði inn í framtíðina? Þetta mun ekki valda öðru en meiri erfiðleikum við að ná tökum á ríkisfjármálunum, koma saman hallalausum fjárlögum og meiri sársauka einhvers staðar annars staðar. Eru hv. þingmenn stjórnarliðsins tilbúnir að skera niður á móti þessu í velferðarkerfinu? Eru hv. þingmenn stjórnarflokkanna tilbúnir til þess? — Já, það er rétt að horfa á rétta aðila.

Ef ekki, eru þingmenn stjórnarliðsins tilbúnir að afla annars staðar tekna, og þá hvar, á móti þessu? Ef ekki, þá verður niðurstaðan einföld, hallinn á ríkissjóði vex. Og dapurlegra getur það varla orðið fyrir þessa ríkisstjórn ef hún leggur af stað með ríkissjóð í þá átt, eftir allar fórnirnar og allar þjáningarnar sem menn hafa þurft að leggja á sig til að komast þó þangað sem við erum komin, niður í nokkurra milljarða halla.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, er verið að leggja mikið í fjárfestingu og uppbyggingu í þessari grein og það er vel, enda gengur það alveg ævintýralega vel með 15–18% vöxt að meðaltali á ári núna og um 30% vöxt yfir vetrartímamann. Mánuðirnir nóvember, desember, janúar, febrúar og mars voru upp um 30–40%. Það er glæsilegur árangur, örugglega að einhverju leyti að þakka áttakinu *Inspired by Iceland* og síðan *Ísland allt árið*, og í það leggur ríkið fjármuni, 300 milljónir á móti greininni. Það er að þakka mikilli kynningu sem landið hefur fengið og mörgu öðru. Það hefur síðan þau áhrif, eða á að hafa þau áhrif, að nýting batnar og arðsemi vex í greininni þannig að þessi hækkun virðisaukaskattsins ætti að vera létbærari sem því nemur að okkur er að takast að lengja ferðamannatímamann, hækka nýtingarhlutfall á hótelum yfir árið og fá inn meiri tekjur á dauða tímanum. Þróunin er öll í þá átt að þessar undirstöður greinarinnar eru að styrkjast.

Til viðbótar við 750 millj. kr. sem fara núna í uppbyggingu á fjölsóttum ferðamannastöðum, uppbyggingu nýrra áfangastaða og þjóðgarða á friðlýstum svæðum renna 100–120 milljónir í hið sama vegna tekna af gistináttagjaldi. Það eru vissulega tekjur sem greinin leggur til sjálf. Þar til viðbótar fara 300 milljónir í markaðsátakið eins og ég nefndi og mætti tína til marga fleiri þætti sem koma ferðþjónustunni til góða eins og uppbyggingu Kirkjubæjarkofu og sérstök verkefni á fjárlögum þannig að samtals fer vel á annan milljarð króna núna árlega í þessa fjárfestingu, hátt í það sem hækkunin á vaskinum á að gefa. Það munar ekki miklu að greinin fái beint til baka út úr fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar, markaðsátakinu og fleiri slíkum aðgerðum um það bil sambærilegt skattfé og hún á að leggja í þúkíð með þessum hætti. Það er ekki mikill munur þar á. Er það ósanngjarn? Nei, ég held ekki.

Við skulum líka hafa það í huga að 7% virðisaukaskattur, útskattur á gistingu, þýðir edli málsins samkvæmt að á tímum þegar talsverð uppbygging er í greininni og fjárfesting og mikill innskattur fellur til borgar greinin nettó engan virðisaukaskatt. Sum árin núna fær hún endurgreiddar 500–900 millj. kr., einfaldlega vegna þess að innskatturinn

er meiri en þessi 7% útskattur. Er eðlilegt skattumhverfi að þessi þáttur atvinnurekstrar í landinu sé nánast í núlli eins og þetta kemur út? Í reynd væri að sumu leyti þá skárri kostur fyrir ríkið að setja gistingu bara í núll og leyfa henni ekki að draga frá innskatt. Það er ekki gott út frá samræmingarsjónarmiðum en það kæmi sennilega betur út fyrir ríkið. Svo lág er þessi 7% tala. Þetta er veruleikinn.

Það á ekkert skylt við mat og menningu. Ég fullyrði það að að langstærstum hluta til getur ferðþjónustan náð þessu inn í gegnum verðlagið án þess að það hafi teljandi áhrif á fjölda ferðamanna. Það segir mér til dæmis enginn að þetta sliði hótélrekstur í 101 yfir sumarmánuðina þegar erlendir ferðamenn kippa sér að sögn ekki mikið upp við það að borga fyrir gott hótélherbergi í júl í miðborg Reykjavíkur 700 dollara á nóttina. Það er þó nokkuð. Það er greinilega hægt að verðleggja sig talsvert. Það er vissulega miðborg Reykjavíkur um hásumarið. Það er langur vegur frá því og út í gistingu á landsbyggðinni kannski yfir vetrartímamann, mér er það vel ljóst. En þá held að aðrar leiðir væru vænlegri til þess að hlúa að henni, eins og meðal annars er verið að gera með stefnumörkun um að dreifa ferðamönnum betur um landið, leggja áherslu á veturinn og leggja áherslu á allt landið í markaðskynningu heldur en að hafa ferðþjónustuna á allt öðrum stað að þessu leyti hvað skatta snertir.

Vissulega er rétt að virðisaukaskattur á gistingu er lægri víða í samkeppnislöndum en fullt þrep. Það er rétt, það eru aðeins eitt, tvö dæmi um að þetta sé í fullu efra þrepi, enda er hér verið að leggja til millileið.

Þá að því að þetta sé svo flókið. Ég gef ekki nein ósköp fyrir það á tölvu- og tækniöld. Jú, jú, auðvitað þekki ég alveg þessi rök vina minna í skattinum, þeir vilja auðvitað hafa þetta sem einfaldast. Best þætti þeim sumum, og sumum frjálshyggjumönnum, að leggja eina prósentu á allt landið og miðin, það væri bara ein skattprósenta á Íslandi á allt, eitthvert X. Það væri sama hvort það væru laun, fjármagnstekjur eða gisting, bara ein skattprósenta á landið og miðin. Það er einfaldast. En hvernig skattkerfi er það? Værum við sátst við það, mundi það dreifa byrðunum með eðlilegum hætti, láta þá borga sem eru aflögufærir og hlífa hinum? Nei, auðvitað ekki.

Það er ákveðið samræmingarsjónarmið líka sem þarf að hafa í huga hér í atvinnurekstri því að þetta er þrátt fyrir allt atvinnurekstur í samkeppni. Því verður ekki haldið fram með neinum rökum að þróunin í ferðþjónustu að undanförmu eða aðstæðum almennt í þessari grein kalli á það að hún njóti svona mikilla sérkjara hvað virðisaukaskatt snertir. Það eru ekki rök fyrir því þegar kemur að hótélgistingu og þess vegna þjónustu veitingahúsa.

Þegar áform voru um að leggja á bæði farseðla- og gistináttagjald lagðist móðurfyrirtæki íslenskrar ferðþjónustu, Icelandair, sérstaklega gegn farseðlagjöldunum — og lagði hvað til í staðinn? Að taka þetta allt í gistináttagjöldum vegna þess að það viðkvæma væri að sýna þetta sérgreint á verðmiðanum sem því fylgir að koma til landsins. Það væri miklu betra að taka þetta í gistinguinni eða annarri þjónustu sem ferðamaðurinn kaupir innan lands eftir að hann er kominn hingað. Og niðurstaðan varð sú að bakka með farseðlahlutann og fara með það allt inn í gistinátt-

gjaldidið sem reyndar er óskapleg óvera, en það er önnur saga. Á þá ekki það sama við hér?

Þegar ferðamaðurinn bókari verður hann að fljúga til Íslands nema hann taki Norrænu eða syndi, og þeir eru ekki margir sem leggja það á sig. Og það er alveg ljóst, allir verða að kaupa sér flugfar. En þegar þeir eru að panta ferðina að öðru leyti eða velja sér gistingu eftir að þeir eru komnir hingað, búnir að taka sér bílaleigubíl og lagðir af stað, er svigrúmið mjög mikið. Það er allt frá 700 dollara hótélherberginu í miðborg Reykjavíkur í júlí, 85 þús. kall nóttin, og niður í 6–8 þús. kr. á ódýru farfuglaheimili eða í bændagistingu úti á landi. Hótelin í Reykjavík eru með mjög breiða verðskrá sem ferðamennirnir geta þá bókad sig inn á í samræmi við það sem þeir eru tilbúnir að borga. Þar er ólíku saman að jafna og svigrúmið miklu meira sem menn hafa til að velja sér þá þjónustu af þeim gæðaflokki eða þeim dýrleika sem menn eru tilbúnir að borga. Ég kaupi ekki sögur og áhyggjur um að þetta sé sérstaklega varhugavert varðandi áframhaldandi vöxt og viðgang ferðaðþjónustunnar.

Mér segja margir kunnugir menn sem ég hef samneyti við í ferðaðþjónustunni að trúlega gæti Ísland verðlagt sig verulega hærra á komandi árum en það gerir í dag vegna þess að kynningin sem við höfum fengið sé svo mikil og við gætum átt í vændum svo mikinn straum ferðamanna hingað að það hálfá væri nóg. Þetta telja sumir. Það er alveg rétt, þegar maður fylgist með því hvernig fjallað er um Ísland í erlendum fagttímaritum og á listum og hjá Lonely Planet og þessum aðilum sést að við erum alls staðar nánast á toppnum. Við höfum undanfarin þrjú ár alltaf átt staði, Vestfirði, Norðurland, einstaka staði og/eða landið í heild sem er í 1., 2., 3. eða 4. sæti yfir áhugaverðustu áfangastaði í heiminum. Það er ekki beinlínis eins og það sé eitthvað daufllegt fram undan í þessum efnun miðað við það sem fagmenn þekkja.

Þá kemur að einu öðru sem ég saknaði mjög að heyra ekkert frá hv. þm. Pétur Blöndal um. Þegar við höfum verið að ræða um hinn stórvaxandi fjölda ferðamanna hefur auðvitað oft komið upp sjónarmiðið: Eigum við þá ekki að láta það hafa aukid vægi að reyna að fá betur borgandi ferðamenn hlutfallslega eftir því sem það er hægt? Við þurfum kannski ekki allan þennan ofboðslega flaum, en það er gott að við fáum sem mestar tekjur og höfum sem mest út úr þessu miðað við þann fjölda og til dæmis það álag á náttúruna sem við tökum á okkur. Það er alveg rétt.

Ég geri þann skýra fyrirvara, gamall puttaferðalingur sem flekst um heiminn með minn bakpoka og fóru yfir Ástralíu með 30 dollara í vasanum, að ég vil ekki útryma puttaferðalingum. Ég vil að við getum fengið alla flóruna til okkar og þannig á það að vera. En það er ekkert að því að hafa þetta sjónarmið í huga — og gerum við það? Erum við að sækjast eftir betur borgandi ferðamönnum að breyttu breytanda með því að vera með 7% vask á gistingu? Ha? Er það, hv. þm. Pétur Blöndal, er það aðferðin til að fá betur borgandi ferðamenn að þora ekki að hækka vaskinn úr 7% í 14%? Ég gef bara mjög lítið fyrir þetta, satt best að segja.

Þetta eru illa ígrunduð áform. Þarna eru núverandi stjórnaflökkar fastir í sinni eigin vitleysu frá því að þeir voru hér í stjórnarandstöðu og lögðust gegn þessu eins og

öllu öðru og komast nú ekki út úr vitleysunni. Ég mun taka ofan fyrir stjórnarliðum ef þeir sjá að sér í þessum efnun, hætta við þetta og leyfa þessum tekjum að standa inni. Það er það eina vitræna í stöðunni, a.m.k. þangað til menn sjá heildarmyndina. Er skynsamlegt að reyta út tekjur í veiðigjöldunum og gistingu og ætla svo að fara að reyna að koma saman fjárlögum, ætla svo að fara að kíkja á heildarmyndina? Það finnst mér vera að byrja á öfugum enda og veldur mér vonbrigðum að maður eins og hv. þm. Pétur Blöndal skuli vera framsögumaður fyrir þessum ósköpum, maður sem talar oft af mikilli væntumþykju um peninga. Það er bóndi norður í landi sem segir að hann verði aldrei glaðari í hjarta sínu en þegar hann heyrir hv. þm. Pétur Blöndal tala um peninga. Ég hefði átt á öðru von, að það væri sérstaklega meiri ábyrgð í þessu af hálfu framsögunnans nefndarinnar.

Herra forseti. Eins og kannski hefur mátt ráða af þessum ræðubút mínum er ég ekki stuðningsmaður þessa máls, þvert á móti. Ég tel að þetta sé ekki vel ígrundað. Mér er alveg ljóst að það verða ekki allir kátir út í ferðaðþjónustuna, auðvitað vilja allir borga lægri skatta, en ég kæri mig kollótan um það. Annað eins hef ég tekið á mig. Ég stend hér stoltur fyrir því sjónarmiði að þetta hafi verið skynsamlegt og raunar mjög sanngjarnt eins og við slökuðum á þessu á sínum tíma, það sé afar hófsamlegt að fara þarna með virðisaukaskattinn í 14%. Flækjustigið skiptir ekki öllu máli, það einfaldar framkvæmdina, það eru aðeins um 600 aðilar sem skila inn framtali með þessu sérstaka þrepi — og það má líta á þetta líka sem lið í því að byrja að færa skattþrepin í vaskinum nær hvert öðru. Við vitum það öll að það er mikið vandamál að hafa svona langt bíl á milli 25,5% annars vegar og 7% hins vegar. Það er freistnivandi í því að færa mál niður í lægra þrepið og flestir fagmenn á þessu sviði telja að það eigi að láta skattþrepin nálgast hvert annað ef ekki stefna að því að sameina þau í eitt í fyllingu tímans.

[16:08]

#### Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) (S) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu nema þetta skot á mig að mér þyki eitthvað vænt um peninga. Mér þykir ekkert vænt um peninga, ekkert frekar en hv. þingmanni, sem gein yfir ríkiskassanum í mörg ár, þótti vænt um peninga.

Vissulega þurfum við að stefna að því að fá inn betur borgandi ferðamenn og við þurfum að gera það þannig að það dreifist meira yfir árið, sérstaklega út á landsbyggðina því að hún fer hálloka í þessari miklu aukningu.

Hv. þingmaður talaði um að afla tekna annars staðar. Einmitt, með því að stækka kókuna. Með því að stækka kókuna ætlum við að afla tekna annars staðar.

Hv. þingmaður talaði eitthvað um fjárlög og hann var jú hæst. fjármálaráðherra á tímabili. Ég fékk svar frá fjármálaráðherra um stöðu ríkissjóðs. Árið 2009 var hallinn á ríkissjóði, þ.e. ríkisreikningur umfram heimildir, 10,2 milljarðar. Árið 2010 var hv. þingmaður hæst. fjármálaráðherra, minnir mig, þá var hallinn umfram fjárheimildir 42 milljarðar. Árið 2011 var ríkisreikningur 48 milljörðum

hærrí en heimildir. Samanlagt 110 milljarðar á þrem árum sem ríkisreikningur var umfram heimildir, þ.e. fjárlög og fjáráukalög.

Hvað þýðir það að vera að setja fjárlög sem líta vel út ef ekkert er farið eftir þeim? Hvað þýðir það eiginlega að vera að koma með eitthvert fallegt plagg og svo sýnir ríkisreikningur bara eitthvað allt annað? Ég gef lítið fyrir svoleiðis sparsemi.

[16:10]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sígússon) (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég skal nú fara í þessa umræðu við hv. þm. Pétur Blöndal við tækifæri og þegar tími gefst til. Eignum við þá að fara yfir árið 2008 þegar hallinn á ríkissjóði var 216 milljarðar? Átti ekki að vera afgangur samkvæmt fjárlögnum, ha? Hver var hallinn þá umfram heimildir? (**Sjútrvrh.:** Það varð hrun.) Það varð hrun, já, það varð hrun.

Þegar þarf að afskrifa á einu bretti 33 milljarða sem settir eru inn í Íbúðalánasjóð, auðvitað kemur það svona út í ríkisreikningnum. Það voru engar fjárheimildir fyrir því að Íbúðalánasjóður væri að fara á hausinn en það varð að bjarga honum. Og svo framvegis.

Við getum farið yfir þetta, en veruleikinn er þó sá að við tökum við þessu þrotabúi af Sjálfstæðisflokknum og erum búin að koma ríkissjóði og þjóðarþúinu þó þangað sem það er komið. Ég held að hv. þingmaður ætti að hugsa sig um áður en hann leggur í mikla rökræðu við mig um þetta ef það á að koma neikvætt út fyrir minn hlut.

Varðandi það að afla eigi tekna með öðrum hætti, stækka kökuna. Alltaf er það sama svarið, alltaf. Alltaf þegar hægri menn, frjálshyggjumenn ræða ríkisfjármál, það er sama hvort er góðæri eða erfitt í ári, lausnin er að lækka skatta og lækkaðir skattar eiga alltaf að skila auknum tekjum, alltaf. Það er alltaf þannig. Enda hef ég stundum spurt menn: Af hverju farið þið þá ekki bara með skattinn niður í núll, það hlýtur að skila almestum tekjum ef þetta gengur upp hjá ykkur?

Auðvitað er það ekki þannig. Það dapurlega er að menn skuli ekki komast niður á jörðina, ýta kreddunum til hliðar og horfa raunsætt á þetta eins og það er. Þetta er spurning um tekjur og gjöld, debet og kredit, eins og ég hef sagt, og þessar brauðmolahagræðikenningar ganga því miður ekki upp. Það er búið að prófa þetta og prófa úti um allt. Og hvernig er ástandið? Í Bandaríkjunum, eigum við að taka það? Það vantar nú ekki að þar hafi þetta verið tískan, aldeilis, það átti alltaf að lækna meinin í Bandaríkjunum með því að lækka skatta. Ég býð ekki í ríkisreikninginn þar ef líffeyrisskuldbindingar væru teknar með, eins og hv. þingmaður vill nú gjarnan gera. Þá er ég hræddur um (Forseti hringir.) að það væri ekki góð útkoma á bandaríska ríkissjóðnum.

[16:13]

**Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil nú leiðrétta rangfærslu hjá hv. þingmanni; Sjálfstæðisflokkurinn var ekki einn við völd fyrir

hrun. Samfylking var það líka og á tímabili Framsókn þar áður, [Hlátur í þingsal.] þannig að það er bara röng sögu-skýring.

Brauðmolahagræðin gengur ekki út á þetta. Hún gengur út á það að þegar hátekjumenn eru ekki skattaðir mun arðurinn af tekjum þeirra hrísast niður. Það er brauðmolahagræði.

Það sem við erum að tala um er svokölluð Laffer-áhrif, þ.e. þegar skatturinn er orðinn of hár þá kunna tekjur ríkissjóðs að lækka. Og ég held að hæstv. síðasta ríkisstjórn hafi gert mikil mistök í því að láta sér detta í hug að skattleggja þjóðina út úr kreppunni og hruninu og skera niður á sama tíma þegar enga atvinnu var að fá neins staðar. Þegar menn skera niður hjá ríkinu þýðir það að það þarf að segja upp fólki og því miður var aðallega komum sagt upp. Hvert skyldi nú fólk þá fara þegar enga vinnu er að fá neins staðar? Það fer annaðhvort til útlanda eða á atvinnuleysisbætur hjá ríkinu.

Fyrst þarf því að stækka kökuna og ég held að það hafi fáum dottið í hug að hægt að skattleggja fyrirtæki og einstaklinga, sem eru löskuð, úr kreppunni, enda er allt saman í frosti. Það eru allar fjárfestingar í algjöru lágmarki, allt er í frosti, og ég ætla að vona að hv. þingmaður sé ekki að guma sig af því að hafa sett allt í frost.

[16:14]

**Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sígússon) (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Eitthvað varð að gera. Það var ekki þannig að þrotabúið sem við tökum við hafi bara læknað af sjálfu sér. Og talandi um skatta og skatthlutföll þá er það nú veruleikinn, hversu oft sem Sjálfstæðisflokkurinn, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð tuða um hið gagnstæða, (**Gripið fram í:** Samfylking.) hversu marga skattadaga sem hin og þessi samtök halda, að skatthlutföll á Íslandi eru hin lægstu á Norðurlöndunum. Þau eru undir meðaltali OECD og sérstaklega er skattalegt umhverfi atvinnulífsins mjög hagstætt á Íslandi.

Tökum þar ferðaþjónustuna, hvernig er það? Það er 0% virðisaukaskattur á fólkisflutningum, stór hluti af afþreyingu í ferðaþjónustu er flokkaður sem fólkisflutningar; hestaferðir, hvalaskoðun, jöklaskoðun, og ber 0% virðisaukaskatt. 7% virðisaukaskattur á gistingu, 20% tekjuskattur á hagnað fyrirtækja, þriðja lægsta hlutfallið innan OECD, 20% fjármagnstekjuskattur eða skattur á arð. Samtals er skattur á hagnað fyrirtækja og arð þar af leiðandi 36%, sem er annað lægsta hlutfallið innan OECD.

Það er veruleikinn. Það eru staðreyndirnar og það þýðir ekkert að reyna að búa til einhvern séríslenkan hægri veruleika um að hér sé einhver ægileg skattþíning. Það hrynur eins og spilaborg ef menn hafa fyrir því einu að skoða alþjóðlegan samanburð, lesa skýrslur OECD, lesa norræn talnagögn og svo framvegis.

Af hverju eruð þið að þessu, hv. þingmenn hægri liðsins? Af hverju talið þið svona steypu og trúið því sjálfir þegar hver sem er sem kann á netið getur á fimm mínútum sótt sér gögn um að það er ekki rétt? Skatthlutföll eru lág á Íslandi. (**Gripið fram í:** Og fjárfesting ...) Þau eru lág þrátt fyrir það sem við gerðum til að reyna að bæta aðeins afkomu ríkissjóðs. Þannig er það.

[16:17]

**Frsm. 2. minni hluta efn.- og viðskn. (Guðmundur Steingrímsson) (BF):**

Virðulegur forseti. Mér fannst full ástæða til að mótmæla fyrirætlanum ríkisstjórnarinnar á síðasta kjörtímabili um að hækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu upp í 25,5% með mjög skómmum fyrirvara. Það gerðum við hv. þm. Róbert Marshall á sínum tíma og lýstum yfir andstöðu okkar við þær fyrirætlanir með þeim rökum í fyrsta lagi að fyrirvarinn væri of lítill. Ferðaðþjónustan eins og þá kom fram gefur út sín verð með allnokkrum fyrirvara. Það var áætlað að hækkinin upp í 25,5% tæki gildi 1. maí síðastliðinn og það var einfaldlega of lítill fyrirvari. Svo gerðum við líka þá athugasemd að okkur þætti of bratt farið og þetta væri of hátt skatthlutfall miðað við skatthlutfall á sambærilegri þjónustu í nágrennalöndum.

Niðurstaðan af þessu öllu var sú að farið var með skattþrepið niður í 14% á gistiþjónustu og ákveðið að það tæki gildi 1. september næstkomandi, sem er miklu skaplegra, en þá er háannatíminn að mestu leyti genginn yfir.

Ég taldi satt að segja þegar þessi varð niðurstaðan að þokkaleg sátt ríkti um þetta. Þetta væri höflegur skattur og mundi þó skila á þessu ári, eins og skrifstofa opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu áætla, um 500 milljónum á þessu ári og 1,5 milljörðum á því næsta. Þetta væri ásettanleg lending, enda varð ég ekki var við að margir gerðu athugasemdir við hana.

Engu að síður, vegna þess að ég hef skilning á því að umhverfi í ferðaðþjónustu þurfi að vera samkeppnishæft við nágrennaþjóðir og fara þurfi varlega í þessum efnunum, fór ég í nefndarstarfið hvað þetta frumvarp varðar með opnum huga og óskrifað blað í afstöðu minni eins og ég tel að maður eigi helst að gera þegar nefndarstarf er annars vegar. Halda sig kannski til hlés í 1. umr. og fara svo í nefndarstarfið og heyra rök og sjónarmið.

Ég var fyllilega reiðubúinn að heyra góð og gild rök fyrir því að hætta ætti við hækkun á virðisaukaskatti upp í 14%, en ég heyrði engin slík. Mér fannst rökin ekki góð. Mér fannst þau ekki koma skýrt fram. Ég var ekki var við að nokkur kæmi fyrir nefndina og segði að það mundi ráða úrlitum um uppgang ferðaðþjónustunnar á komandi árum sem vaxandi atvinnugreinar og undirstöðuatvinnugreinar í íslensku þjóðfélagi ef virðisaukaskattsþrepið á gistiþjónustu yrði 14%. Ég heyrði ekkert slíkt. Það sjónarmið sem þó var reynt að halda fram um að hækkinin mundi hafa teljandi áhrif á fjölda ferðamanna var ekkert sérstaklega sannfærandi. Ég sá aldrei neina sannfærandi útreikninga um það. Ég heyrði engan sannfærandi málflutning um að ferðaðþjónustan, gistiþjónustan, gæti ekki borið þessa hækkun.

Ég átti því ekki auðvelt með að sjá skýr rök fyrir frumvarpinu. Og þá verður maður einfaldlega að horfa á tekjurnar sem hér liggja undir. Við erum að reka ríkissjóð. Er bara allt í lagi að verða af 500 milljónum á þessu ári að óþörfu? Erum við í þeirri stöðu að það sé líka allt í lagi að verða af 1,5 milljörðum á næsta ári og líka á þarnaæsta?

Við erum að tala um alls konar svona tölur þegar við tökum fjárlög til umfjöllunar. Þá vantar nú aldeilis 100 milljónir þar í heilbrigðisstofnanir, 50 milljónir í menntastofnanir, 250 milljónir — tölur af þessari stærðargráðu.

Mun okkur finnast þá allt í lagi að hafa orðið af 500 milljónum á þessu ári, 1,5 milljörðum á því næsta? Hvað ef vaxtastig á erlendum skuldbindingum ríkissjóðs breytist t.d. á neikvæðan hátt, mun okkur þá finnast allt í lagi að hafa gefið þetta eftir til ferðaðþjónustunnar? Nei, held ég, alls ekki. Við eigum ekki að fara í svona aðgerðir nema með veigamiklum rökum. Þau eru ekki fyrir hendi.

Í umsögn skrifstofu opinberra fjármála segir að ekki séu fyrirbyggjandi neinar aðgerðir eða áætlanir um það hvernig eigi að ná þessum tekjum öðruvísi. Það finnst mér einfaldlega vera dómur yfir þessu frumvarpi.

Ég lagði reyndar til á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að málið færi í umsögn til fjárlaganefndar. Mér fyndist að það væri ágætisregla þegar um er að ræða að minnka tekjur ríkissjóðs, vegna þess að það er fjárlaganefnd sem þarf að takast á við gatið sem hér myndast, en nefndarmönnum fannst ekki ástæða til þess.

Hins vegar er sagt í greinargerðinni frekar óljósum orðum að mögulega muni aukin umsvif stoppa upp í gatið. Mér finnst rökin fyrir því ekki sannfærandi en þau eru að 7% virðisaukaskattur hafi mikil áhrif á eftirspurnina til aukningar og ef við færum upp í 14% yrðu umsvifin minni og fjölgun ferðamanna yrði minni.

Mér finnst þetta ósannfærandi miðað við útreikninga á því hvað kostnaður við gistingu er lítill hluti af kostnaði ferðamanna við ferð til Íslands yfir höfuð. Hann er eitthvað um 10%. Eins og komið hefur fram áður í máli þingmanns mun þessi hækkun á virðisaukaskattsstigi hækka að jafnaði verð ferðar til Íslands um 1%. Þetta er kannski munurinn á 21.400 kr. og 22.800 kr. á verði á gistingu yfir nótt.

Mér finnst ekkert hafa komið fram í vinnu nefndarinnar sem sýnir fram á að þessi tiltekna hækkun — það geta líka verið alls konar aðrar hækkanir á verði þjónustu og það geta verið sveiflur í gengi krónunnar — úr 7% í 14% muni hafa það umtalsverð áhrif á fjölgun ferðamanna á komandi árum að taka beri það með í reikninginn. Ég sá enga sannfærandi útreikninga á því.

Reyndar bendir ýmislegt til að þessi hækkun á virðisaukaskatti muni ekki hafa nein teljandi áhrif. Fyrir liggur skýrsla Hagfræðistofnunar sem bendir til þess að hækkun á virðisaukaskatti á gistiþjónustu hafi ekki teljandi áhrif á fjölgun ferðamanna. Síðan sýnir reynslan okkur eitt. Krónan styrktist mjög á ákveðnu tímabili með tilheyrandi verðlagshækkunum fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi. Samt fjölgaði ferðamönnum umtalsvert.

Vissulega hefur innlent verðlag áhrif, en það virðist ekki vera svo ríkur þáttur í ákvörðun erlendra ferðamanna um að koma til Íslands að við þurfum að hafa áhyggjur af þessu, enda sýna kannanir að erlendir ferðamenn koma hingað fyrst og fremst til þess að njóta náttúrunnar.

Síðan ber líka að geta þess að krónan hefur veikst á undanföllum árum, að sama skapi ætti því að vera svigrúm til hækunar af þessu tagi á gistiþjónustu, vegna þess að Ísland er ódýrara yfir höfuð fyrir erlenda ferðamenn.

Síðan er það þetta með að stækka kókuna. Það er á einhvern hátt yfirlýst markmið eða grundvöllur frumvarpsins að með því að hækka ekki virðisaukaskattinn upp í 14% muni kakan stækka, umsvifin aukast. En er það líklegt og er það rétt stefna? Ég velti því fyrir mér. Það er ekki beinlínis



hægt að segja að skortur á umsvifum háí íslenskri ferðaþjónustu. Ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega og því er spáð að þeir verði um milljón árið 2020. Ég hef engan séð breyta þeim spám þrátt fyrir að áformað hafi verið að hækka virðisaukaskattsþrósentuna á gistiþjónustu upp í 14%. Þær spár eru enn þá fyrirliggjandi og þær standa.

Þessi auknu umsvif kalla á útgjöld. Þau kalla á að við þurfum að treysta innviði ferðaþjónustunnar, bæta aðstöðu á fjölförnum ferðamannastöðum. Þau skapa kostnað. Er það endilega rétt stefna á þessum tímavörðum, þegar umsvifin hafa verið að aukast gríðarlega og munu mjög líklega aukast gríðarlega, að grípa til aðgerða í skattumhverfinu sem eiga að auka umsvif enn frekar? Er það skynsamlegt?

Ég hef talið skynsamlegra að reyna frekar með hóflegri skattheimtu að ná inn tekjum af þeim umsvifum sem eru fyrir hendi í ferðaþjónustu og nýta þá peninga m.a. til að standa straum af kostnaði við betri aðbúnað, betri innviði, rannsóknir, upplýsingaöflun í ferðaþjónustu.

Mér finnst satt að segja ekki standa steinn yfir steini í frumvarpinu. Mér finnst óþarfi að fara í þessar aðgerðir. Ég held hins vegar að í ferðaþjónustu séu fjölmörg úrlausnaræfni. Margir sem komu fyrir nefndina töluðu um að ýmislegt þyrfti að gera í ferðaþjónustu. Það skorti rannsóknir og nauðsynlega aðstöðu. Það þarf að reyna eftir öllum þeim leiðum sem við höfum að jafna ferðamannafjöldann yfir landsvæði og yfir árstíðir. Það er mikið og stórt verkefni. Þetta frumvarp er ekki liður í því.

Það þarf að taka á svartri atvinnustarfsemi. Margir þeirra sem komu fyrir nefndina bentu á að hún væri æðiyf-irgripsmikil í gistiþjónustu. Ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt. Ég held að frumvarpið sé heldur ekki liður í að taka á því. Ég held að einfalda þurfi skattumhverfið. Þegar kemur að heimagistingu — ég held að það sé einkum þar sem svört atvinnustarfsemi er algeng — held ég að búa þurfi til betra laga- og skattumhverfi og einfaldara sem gerir þessum aðilum kleift að stunda atvinnustarfsemi sína löglega og borga sanngjörn gjöld, þar á meðal þennan virðisaukaskatt. Ég held að umhverfið sé of flókið og það þurfi einfaldlega að fara í það verkefni að búa til umgjörð, einhver lög, um heimagistingu.

Það er fjölmargt sem þarf að gera. Það eru líka margvíslegir meinbugir á umgjörð skatta og gjalda í ferðaþjónustu í heild sinni, t.d. allt of margar undanþágur. Helst ætti að hafa bara eitt skattþrep í virðisaukaskatti fyrir ferðaþjónustuna alla, en það hefur ekki gengið vel að ná samhljómi innan ferðaþjónustunnar um slíkt markmið.

Ég spurði umsagnaraðila að því sérstaklega í nefndinni hvort frumvarpið væri á einhvern hátt liður í því að einfalda umgjörð skatta og gjalda í ferðaþjónustu, væri hluti af einhverri langtímahugsun, en það er ekki. Það virðist ekki vera. Hér hangir heldur ekki á spýtunni að önnur áform séu uppi um gjaldtöku af ferðamönnum. Það er ekki hluti af greinargerðinni eða hluti af svörum umsagnaraðila að eitthvað annað kæmi í staðinn. Hér skortir því alla heildarhugsun. Hér er farið af stað einhvern veginn út í loftið og að óþörfu.

Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé hluti af stærra heildarvandamáli sem við glímum við í íslensku samfélagi, sem er að það virðist vera erfitt að mynda samhljóm um sann-

gjarna, réttláta og eðlilega gjaldtöku af auðlindum okkar. Mér finnst vera algjörlega allsráðandi sú hugmyndafræði að hagnaður eigi að verða eftir í þessum greinum og að fólk muni njóta góðs af þeim hagnaði eftir alls konar leiðum sem fyrir hendi eru í hagkerfinu. Sumir kalla þetta einhvers konar brauðmolahagfræði. Ég veit það ekki, en þessi hugmyndafræði er ekki fyllilega að skila sér í íslensku samhengi. Hún hefur ekki skilað sér í sjávarútvegi. Hún hefur ekki skilað sér þegar kemur að arði af orkuauðlindum þjóðarinnar. Hún hefur ekki skilað sér í ferðaþjónustu.

Við þurfum að sækja réttlátan skerf af arðinum, hagnaðinum, sem skapast í ferðaþjónustu, í sjávarútvegi, hvað varðar orkuauðlindir, og augljóslega ef við myndum olíuauðlindir. Við þurfum að láta réttlátan skerf renna til sameyslunnar. Það er verkefnið. Og við Íslendingar þurfum að mynda samhljóm um það.

Ég er ekki að tala um að allar arður, allur hagnaður, renni til ríkisins eða að ofskatta allar þessar atvinnugreinar, en það er einfaldlega ákveðin birtingarmynd af — ég vil nú varast að nota stór orð, en ég vil segja birtingarmynd á einhvers konar arðráni ef þjóð nýtur ekki auðlinda sinna í beinum tekjum. Mér finnst þetta vera eitt meginviðfangsæfni Íslendinga núna í upphafi 21. aldarinnar, að tryggja arð af orkuauðlindunum, en beinn arður af þeirri mjög svo mikilvægu auðlind er skammarlega lítill, tryggja arð af sjávarauðlindinni og tryggja arð af ferðamennsku. Hér er stigið skref til baka.

Það ræður úrslitum um afstöðu mína til þessa frumvarps að rekstur ríkisins er í járnnum. Fjárbörfin verður gríðarleg á komandi árum. Erfiðir kjarasamningar eru handan við hornið. Ýmsar væntingar eru í skuldamállum heimilanna. Skuldir ríkissjóðs eru gríðarlegar. Innviðir velferðaþjónustunnar þurfa mikið fé. Þar hefur raunar farið fram eitt form af lán-töku á undanförmum árum. Almannatryggingakerfið er í gríðarlegri fjárbörf. Vegakerfið. Viðhald húsa. Við munum fá þetta allt upp á yfirborðið núna á kjörtímabilinu.

Hér er að óþörfu verið að afsala sér tekjum. Við munum sjá eftir því. Við þurfum þessar tekjur. Þess vegna mæli ég og við í Bjartri framtíð gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

[16:35]

### **Frsm. 3. minni hluta efn.- og viðskn. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndarlíti frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Í frumvarpinu felst til-laga um að virðisaukaskattur af útleigu hótél- og gistih-bergja og sölu af annari gistiþjónustu verði 7% af skatt-skyldri veltu eins og verið hefur frá árinu 2007 en ekki 14% eins og hún var áður og Alþingi samþykkti við afgreiðslu frumvarps þess sem síðar varð að lögum nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Lögfesting frumvarpsins felur í sér 535 millj. kr. tekju-tap ríkissjóðs á yfirstandandi ári og 1,5 milljarða kr. tap á því næsta. Ljóst er að verði frumvarpið að lögum mun það kalla á frekari tekjuöflun á öðrum sviðum eða frekari niður-skurð.

Þá þykir 3. minni hluta frumvarpið enn sérkennilegra í ljósi blaðamannafundar ríkisstjórnarinnar um erfiða stöðu ríkisfjármála hinn 12. júní síðastliðinn.



alltaf meira en hann ætlaði sér. Það má alveg treysta því, ég lendi að minnsta kosti alltaf í því þegar ég er í útlöndum.

Hvað er í húfi? Við erum að tala um atvinnugrein sem skapar 23% af gjalddeyristekjum þjóðarinnar. Þar af fara 106 milljarðar beint í neyslu innan lands. Hér erum við að velta fyrir okkur 1,5 milljörðum sem koma hugsanlega ekki í ríkiskassann. Hafandi kynnt mér þær umsagnir sem bárust nefndinni og heyr t í þeim gestum sem komu til nefndarinnar sem töluðu um hversu mikið er um undanskot í greininni þá dreg ég í efa að þessir 1,5 milljarðar séu fastir í hendi, að þeir hefðu skilað sér. Hver getur sýnt fram á það?

Hér hefur verið spurt, ómaklega að mér finnst, hvað eigi að koma í staðinn ef við ætlum ekki að leggja þennan skatt á, ef við ætlum ekki að hækka hann úr 7% í 14%. Hvað kemur í staðinn? Ég segi: Það nægir ef 2% fleiri ferðamenn koma í staðinn. Þá er búið að bæta ríkissjóði upp það tjón sem hann hefði hugsanlega orðið fyrir.

Arion banki hefur nýlega skrifað greinargerð um að hér séu möguleikar að ná mörgum milljörðum í gjaldtöku á ferðamannastöðum innan lands eftir að ferðamennirnir eru komnir til landsins. Þeir telja 5 milljarða eðlilegt, 4–5 milljarða, hvort sem það væri af ferðamannapassa eða aðgangseyri að náttúruperlum.

Ég spurði gesti sem komu á fund nefndarinnar: Hvað teljið þið að hægt væri að ná í meira ef þessi svarta atvinnustarfsemi væri upprætt? Hvað erum við að tala um? 5–15 milljarða í auknar tekjur í skatta, var svarið. Þarna eigum við að beita okkur, hjálpa þeim sem reka heiðarlega þjónustu og starfsemi, sem eru náttúrlega velflestir, svo að þeir verði ekki halloka í samkeppninni við þá sem eru að svikjast undan. Við eigum að koma á miklu betra eftirliti. Þannig náum við miklu meiri tekjum, bara það sem ég var að nefna, 10 milljarða, gætum við verið að fá í staðinn. En við skulum ekki flæma burt ferðamenn sem gætu annars komið hingað.

[16:47]

### Björn Valur Gíslason (Vg):

Forseti. Við ræðum hér fyrsta mál þessa þings, þ.e. fyrsta þingmál þessarar ríkisstjórnar, á þskj. 1, flutt af fjármála- og efnahagsráðherra. Það er við hæfi að fyrsta mál hvers þings sé flutt af fjármála- og efnahagsráðherra. Það er að minnsta kosti venjan á haustþingi að fyrsta mál á dagskrá varði fjármál og fjárlög íslenska ríkisins. Það sama á við um þetta frumvarp sem við fjöllum um, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Það hefði mátt ætla, miðað við þau orð og þau ummæli sem féllu þegar tilkynnt var um myndun ríkisstjórnarinnar að Laugum síðari hluta maímánaðar, að þetta frumvarp mundi fjalla um það hvernig ætti að bregðast við erfiðri stöðu í ríkisfjármálum því að nógu svört var sú mynd sem þá var dregin upp og hefur síðar verið dregin upp af formönnum stjórnarflokksins á þeim efnum. Það var öðru nær og árangurinn af proflausu pönnukúuati og sumarbústaðarárápi þeirra formanna í vor á sex vikum, það tók þá sex vikur, er að leggja fram fyrsta þingmál þessa þings sem fjallar um að draga úr tekjum ríkisins, auka á vandann, auka á fjárlagahallann, auka á gatið en engar tillögur. Þeir leggja

ekki fram eina einustu tillögu um það hvernig á að koma til móts við þann skaða sem af frumvarpinu mun hljóta.

Í athugasemdum við frumvarpið, sem er reyndar ekki nema tvær greinar, þ.e. 1. gr. fjallar um að breyta eigi prósentuhlutfallinu úr 14% í 7% og 2. gr. um að löginn taki strax gildi, segir að með því sé verið að uppfylla stjórnarsáttmála hægri flokkanna, þ.e. Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um að einfalda eigi skattkerfið á kjörtímabilinu. Markmiðið virðist því vera fyrst og fremst það að einfalda eitthvað sem er flókið og mönnum ófyrstíganlegt að glíma við og skiptir þá litlu máli hvað það kostar.

Hvað er flókið við það að vera með þrepaskipt virðisaukaskattkerfi sem er þrepaskipt fyrir? Hvað er svona ófyrstíganlega flókið við það að vera með þrepaskipt virðisaukaskattkerfi eins og aðrar þjóðir eru með? Hvað er svona óendanlega flókið við það að vera með þrepaskipt tekjuskattkerfi eins og aðrar þjóðir eru með og komast nú tiltölulega auðveldlega í gegnum það?

Ég geri ekki ráð fyrir því að menn hér á Íslandi séu í samanburði við aðrar þjóðir það tregir að þeir geti ekki klórað sig í gegnum það að vera með þrepaskipt skattkerfi.

Virðulegur forseti. Í frumvarpinu er fjallað allmikilið um ferðaþjónustuna sem slíka, hvers konar atvinnugrein hún er. Þar er farið allnokkrum orðum um uppganginn sem hefur verið í ferðaþjónustunni á undanföllum árum og fjölgun ferðamanna. Í athugasemdum við frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Á vef Ferðamálastofu má nálgast upplýsingar um hagtölur í ferðaþjónustu og þar kemur fram að frá árinu 2000 hefur fjöldi ferðamanna meira en tvöfaldast en það ár voru erlendir ferðamenn um 303 þúsund talsins. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna var orðinn um 673 þúsund árið 2011 og var þar um að ræða 18,9% aukningu frá árinu 2012 en þá voru erlendir ferðamenn um 565 þúsund talsins. Frá árinu 2000 hefur árleg aukning gistináttu að jafnaði verið um 6,7% milli ára og var heildarfjöldi þeirra um 3,7 milljónir árið 2012.“

Við erum sem sagt ekki að tala um atvinnugrein sem er á hnjúnum, sem er við það að brotna, sem má ekki við miklu, má ekki við því að virðisaukaskattur af tíunda hluta þess sem ferðamaðurinn greiðir þegar hann kemur til landsins, þ.e. tíundi hluti kostnaðarins, beri hærri virðisaukaskatt. Við erum að tala um fullvaxna og öflugna atvinnugrein sem jafnast á við stærstu atvinnugreinar landsins. Hvaða réttlæti er í því að slík atvinnugrein fái sérstakan afslátt af virðisaukaskatti, borgi innan við þriðjung og líklega ekki nema um fjórðung þegar allt er til talið (Gripidd fram í.) af virðisaukaskatti sem aðrar innlendir atvinnugreinar greiða? Atvinnugreinin er líka í samkeppni hér heima. Hvaða réttlæti er slíka skattheimtu? (F**Sigurj**: Erlend samkeppni.) Erlend samkeppni, kallar hv. þm. Frosti Sigurjónsson fram í fyrir mér.

Þá skulum við skoða það aðeins hver álagning er á ferðaþjónustu erlendis. Við skulum fara aðeins yfir það í hverju slík samkeppni er fólgin. Virðisaukaskattur í Noregi er 8%, 9% í Finnlandi, 12% í Svíþjóð og 25% í Danmörku. Þetta er sá virðisaukaskattur og að meðaltali um 11% í ríkjum Evrópu, fyrir utan það að flest þau fyrirtæki búa við annað og óhentugra tekjuskattkerfi en fyrirtæki á Íslandi búa við eins

og farið hefur verið yfir hér fyrir í dag. Það eru því engin rök fyrir því að fullvaxta atvinnugrein, ein af burðarstöðum í íslensku atvinnulífi, skuli búa við einhvers konar aflslátt af þessu tagi, fyrir utan það að greinin getur einfaldlega vel staðið undir því og er vel burðug til þess að afla nægilegra tekna. Við erum að tala um tíunda hluta af þeim kostnaði sem ferðamaðurinn ber þegar hann kemur til landsins.

Í frumvarpinu segir að ætla megi að lægri virðisaukaskattur af gistiþjónustu hafi einhver áhrif á eftirspurn. Sömmuleiðis segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum lækka tekjur ríkissjóðs að óbreyttu um rúmlega 500 millj. kr. frá áætlun fjárlaga fyrir árið 2013.“

Þetta er álit flutningsmanns frumvarpsins, formanns Sjálfstæðisflokksins, hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra, sem fullyrðir þetta í frumvarpinu.

„Þá er einnig áætlað að árið 2014 og eftirleiðis muni tekjur ríkissjóðs verða um 1,5 milljörðum kr. lægri árlega en ella hefði orðið að óbreyttum lögum. Á móti því tekjutapi vegur, ef að líkum lætur, aukin eftirspurn og viðbótar-tekjur, a.m.k. til lengri tíma lítið.“

Hér eru nokkur lykilorð í þeirri athugasemd sem ég var að lesa sem lýsir ágætlega efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar, þessu fyrsta þingmáli ríkisstjórnarinnar og fyrsta máli hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra. Það eru lykilorð eins og „ætla má“ og „ef að líkum lætur“. Ef að líkum lætur mun aukin eftirspurn vega upp tekjutapið — ef að líkum lætur. Það er ekki mikið hald í því, ekki frekar en að ætla megi að virðisaukaskattur hafi áhrif á eftirspurn. Liggja einhverjar rannsóknir þarna að baki? Eru einhver gögn sem fylgja með þessu frumvarpi sem benda til þess að einhver fótur sé fyrir „ef að líkum lætur“ og „ætla megi“ geti jafnvel og kannski eitt og annað gerst? Svona frumvörp hafa sjaldan verið flutt með jafn veikum röksemdafærslum af hálfu þeirra sem stýrt hafa fjármálaráðuneytinu undanfarin ár, það skal ég fullyrða. Nei, það liggja engin gögn hérna fyrir og engar rannsóknir. Engar vísbendingar eru um að einhver fótur sé fyrir því að ætla megi og að líkum láti, ekki nokkur einustu gögn.

Annað liggur fyrir. Ákvednar staðreyndir liggja fyrir um það að þegar virðisaukaskattur á ferðþjónustu var lækkaður niður í 7% á sínum tíma hafði það nánast ekki mælanleg áhrif á verð á gistinóttum, sáralítill mælanleg áhrif voru á verð á gistinóttum. Það má halda því fram með góðum rökum að gjaldheimtan á gistinóttum hér á landi sé í raun og sann með 14% álagningu, ekki 7%, vegna þess að það hafði engin áhrif þegar prósentan var lækkuð á sínum tíma. Þetta liggur fyrir. Það þarf ekkert að leiða neinar líkur að því, þetta eru staðreyndir. Það þarf ekkert að ætla þetta því að þetta eru staðreyndir.

Virðulegur forseti. Í umsögn hinna ágætu skrifstofu um opinber fjármál úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þaðan sem þetta frumvarp er runnið, frá skrifstofu fjármálaráðherra, segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum er áætlað að ríkissjóður muni verða af tekjum sem nema 535 millj. kr. árið 2013 og verða tekjur ríkissjóðs þá lakari en áætlað var í fjárlögum sem því nemur. Þá er áætlað að árið 2014 og eftirleiðis verði tekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. lægri árlega en

ella hefði orðið að óbreyttum lögum. Á þessu stigi liggja ekki fyrir aðrar ráðstafanir til að vega upp á móti þessari lækkuð á áformaðri tekjuöflun ríkissjóðs. Verður því að gera ráð fyrir að afkoman versni í sama mæli og þar með að sama eigi við um framgang markmiðs um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs ...“

Það er engin smálesning sem kemur af skrifstofu opinberra fjármála, úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þar kunna menn að lesa í gögn, þar kunna menn að rýna í tölur og þar áætla menn ekkert eða láta skeika að sköpuðu hvaða áhrif slík frumvörp hafa sem hér um ræðir. Það er ekkert „að líkum lætur“ í því, virðulegur forseti. Hérna segir beinlínis að þetta frumvarp ógni efnahagsáætlun landsins, bæði efnislegt innihald þess og eðli þess, þ.e. lausatökin sem er verið að búa til í ríkisfjármálanum enn og aftur verða þau sömu og ríktu hér í aðdraganda hrunsins.

Er þetta hluti af einhverju plani? Er einhver áætlun á bak við þetta frumvarp? Hvar er sú áætlun? Hvernig fellur þetta frumvarp inn í ríkisfjármálaáætlunina? Eða er bara verið að fylgja einhverri hugmyndafræði um að lágir skattar muni alltaf auka tekjur?

Þetta frumvarp felur í sér að enn og aftur, þótt upphæðin sé ekki há í stóru samhengi ríkisfjármálanna, er verið að taka upp sömu lausatökin, veiku áætlanagerðirnar og voru hér í aðdraganda hrunsins og leiddu til — hvers?

Í lokafjárlögum 2011 sem afgreidd voru á Alþingi í lok síðasta þings er fjallað aðeins um ríkisfjármálaáætlunina og lausatökin í fjárlagagerð hér á landi og eftirfylgni fjárlaga og hvað léleg áætlanagerð kostaði okkur. Þar segir meðal annars að yfirfærðar fjárheimildir, þ.e. frá fjárlögum til lokafjárlaga, þegar gengið er endanlega frá fjárlögum hvers árs, hafi á árinu 2006, þegar góðærið var allt að brenna hér upp og allir voru að orna sér við hitann, verið 5,9% af fjárlögum, í sjálfu góðærinu voru yfirfærðar heimildir sem hlutfall af fjárlögum yfir til lokafjárlaga 5,3% árið 2007, því mikla ári, 4,8% 2008.

Hvernig gekk það í hruginu? Hvernig gekk það þegar allt fór hér fjadans til í kjölfar hrunsins, þegar efnahagsóreiðan var fullkomin og stóra bálíð geisadi? Við náðum tökum á þessu. Við náðum tökum á þessu með því að hafa stjórn á fjármálanum, bæta áætlanagerðina og ná stjórn á því sem við vorum að gera. Árið 2011, virðulegi forseti, fór áhrifa hrunsins að gæta hvað mest. Þau fjárlög voru kölluð stóru hrúnfjárlögin og voru erfiðustu fjárlögin sem hafa verið afgreidd hér á þingi. Þá vorum við komin niður í 2,6% af yfirfærðum heimildum á lokafjárlög sem hlutfall af fjárlögum, á móti 5,9% í góðærinu.

Á síðustu þremur árunum fyrir hrun var farið 75 milljarða fram úr fjárlögum. Undir það nefndarálit um lokafjárlög skrifar hver einasti þingmaður í fjárlaganefnd — hver einasti. Stjórn og stjórnarandstaða skrifuðu undir þetta plagg og staðfestu það, enda var afar góð samvinna í fjárlaganefnd um öll þau mál sem þar voru afgreidd. Í nefndarálitinu var vísað til þess að þetta mætti ekki endurtaka sig, þetta mætti ekki gerast hér aftur, þetta sé algerlega galið. Til að undirstrika það enn frekar var aftur fjallað um það í nefndarálitinu við frumvarp til fjárukalaga þegar það var gert að lögum síðastliðið haust, þ.e. fjárukalög 2012. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til margra ára hefur Ríkisendurskoðun, og reyndar einnig Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, bent á nauðsyn þess að takmarka útgjöld með því að draga úr vægi fjárukalaga“ — o.s.frv.

„Á undanförunum árum hefur tekist að koma á breytingum í þá veru að takmarka viðbótargjaldaheimildir í fjárukalögum, þrátt fyrir niðurskurð á hverju ári ...“

Síðar er fjallað um 6–8% framúrkeyslu á fjárlögum frá árinu 2007 til 2008 sem nú er komin niður í 2% og farin að nálgast það sem gerist í öðrum löndum þar sem agi og stjórn er á fjármálum. Sem betur fer.

Enn og aftur fjallar meiri hluti fjárlaganefndar um að gera megi betur með samstilltu átaki í áætlanagerð og það megi ekki endurtaka sig sem hér gerðist.

Er þetta frumvarp til merkis um það þar sem lykilorðin eru „að ætla megi“ og „ef að líkum lætur“ muni hitt og þetta kannski eða jafnvel gerast? Ekkert bendir til þess annað en að með því sé stefnt í nákvæmlega sama farið og áður.

Hv. þm. Pétur Blöndal fór hér yfir nefndarálit meiri hlutans þar sem áherslan er lögð á tvö eða þrjú atriði, í fyrsta lagi að einfalda skattkerfið.

Þarf að lækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustu til að einfalda skattkerfið? Er það svona hræðilega flókið? Er það svo hræðilega flókið að menn skilji það ekki, erfitt sé að búa við það? Vita menn hvað flókin skattkerfi eru? Vita menn hvað þrepaskipt skattkerfi er í nágrennalöndum okkar sem við miðum okkur við? Menn stóðu á öndinni af hneykslun í þessum sal fyrir örfáum árum þegar tekið var upp þrepaskipt tekjuskattkerfi með þremur tiltölulega einföldum þrepum. Er það eitthvað flókið? Hefur það ekki gengið samilega fyrir sig? Hafa þeir sem hafa þurft að véla með það ekki komist klárlega og ágætlega frá þeim málum?

Hér er talað í allundarlegri klásúlu í nefndarálitinu um eftirlit. Ég áttaði mig ekki á því við lestur þessa frumvarps að það snerist um eftirlit og að það gangi ekki eins og segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta, „að innlendir starfsmenn, sem virða kjarasamninga og greiði skatta, fái ekki störf vegna vonlausrar samkeppni við erlent starfsfólk sem virði ekki kjarasamninga ...“

Fjallar þetta frumvarp um kjarasamninga og útlendinga? Er verið að setja einhverja útlendingaskattalög hér á borð þingmanna? Stendur til að mismuna jafnvel Íslendingum og útlendingum í skattalegu tilliti hvað þetta varðar?

Álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er algjörlega út í hött hvað þetta varðar og þarfnast miklu frekari skýringar en kemur fram í nefndarálitinu og kom fram hjá hv. þingmanni og framsögumanni nefndarálitsins, Péturs Blöndals.

Sömuleiðis er talað hér mikið um skattsvik og að draga þurfi úr undanskotum, sem er allt hárrétt. En liggur eitthvað fyrir, hafa verið lögð fram gögn hér í þinginu — þau voru ekki lögð fram á síðustu fjórum árum við sams konar umræðu — um að bein tengsl séu á milli skattsvika og prósentu skatta? eru slík tengsl fyrir hendi? Af hverju fylgja þau ekki með þessu frumvarpi? Eða erum við ekki að tala um undanskot í þessu nefndaráliti þar sem er 7% virðisaukaskattur — ekki 25%, ekki 30% eða 50%, nei, 7%? Það er verið að tala um að verið sé að koma í veg fyrir undan-

skot með skattprósentu sem er 7%. Hvað þarf að fara langt niður með skattprósentuna að mati flutningsmanns þessa frumvarps og meiri hluta nefndarinnar til að koma í veg fyrir skattsvik? Voru ekki skattsvik hér þó að fjármagnstekjuskattur væri 10%? Ég er nú aldeilis hræddur um það. Reyndu menn ekki að komast undan því að borga þann skatt? Ég held nú betur. Það var hvergi meira um það en einmitt þar sem skattflutfallið var lægst, virðulegur forseti.

[17:07]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Þetta er kannski ekki andsvar en af því að hv. þm. Björn Valur Gíslason talaði um það sem fellur undir heitið „eftirlit“ vil ég benda á að fyrir nefndina komu tveir ágætir fulltrúar frá Starfsgreinasambandi Íslands, þær Drífa Snædal og Halldóra Sveinsdóttir. Starfsgreinasambandið lýsti ekki stuðningi við lækkun á virðisaukaskatti en hins vegar fór tími þessara ágætu fulltrúa í að upplýsa efnahags- og viðskiptanefnd um að stærsta verkefni þeirra varðandi ferðaþjónustuna væri að fara yfir mál varðandi kjarasamninga, og þá sérstaklega á haustin þegar sumarvertíðinni væri lokið. Þessir fulltrúar sögðu að þá leit aði og ungt fólk jafnt sem eldra fólk til Starfsgreinasambandsins vegna þess að kjarasamningar væru ekki uppfyllt-ir.

Þetta er þarna inni undir heitinu „eftirlit“, vegna þess að það voru þau skilaboð sem fulltrúar Starfsgreinasambandsins komu með til nefndarinnar þegar umræða stóð um að draga til baka þau lög sem samþykkt voru á Alþingi um að hækka gistináttaskattinn úr 7% í 14%. Þess vegna er þessi stutta klásúla hér inni undir því heiti. Þetta frumvarp er ekki hugsað til þess að fylgja því eftir en þetta var ábending frá þessum ágætu fulltrúum Starfsgreinasambandsins og þótti nefndinni ástæða til að láta það fylgja hér með.

[17:09]

#### Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir útskýringarnar á þeim kafla sem þarna er. Það breytir því ekki að framsögumaður nefndarálitsins lagði talsverða áherslu á þann hluta sem hluta af frumvarpinu sjálfu, þ.e. að það væri beinlínis markmiðið með því að lækka virðisaukaskattinn að koma í veg fyrir undanskot og koma í veg fyrir að útlendingar tækju vinnu af Íslendingum. Ég sé það ekki sem markmið þessa frumvarps. Það getur vel verið að þetta verði einhvers konar breytingartillaga þó að ég sjái það alls ekki hér í dag.

Ég skil alveg hvað verið er að fara þarna, ég átta mig alveg nákvæmlega á því og ég er sammála því sem fram kemur hvað varðar aukið eftirlit, brot á kjarasamningum, ef þau eru fyrir hendi. En ég skil hins vegar ekki tenginguna, að lækkun virðisaukaskatts á tunda hluta af kostnaði erlendra ferðamanna hingað til lands eigi að verða einhvers konar inngríp í kjarasamninga, að það komi í veg fyrir brot á kjarasamningum eða það að ekki gangi að erlendir starfsmenn sem ekki virða kjarasamninga taki vinnu af Íslendingum sem vilja vinna samkvæmt kjarasamningum og greiða skatta samkvæmt skattalögum, að sjálfsögðu.

Það er það sem ég vildi vekja athygli á því að framsögu-

maðurinn nefndi þennan kafla sérstaklega í tengslum við undanskot, kjarasamningsbrot og skattsvik í ferðabjónustu. En ég sé bara akkúrat engin tengsl milli þess og frumvarpsins, eins og ég fór yfir áðan. Ef til eru einhver gögn um að lág skattþröskota, 7%, 9% eða 15%, dragi frekar úr skattsvikum en 25% eða 20% eða 30% þá vildi ég gjarnan fá að sjá slík gögn. Ég kallaði eftir þeim hér í fjögur ár í umræðu um skatta úr þessum ræðustól en ég fékk þau aldrei vegna þess að hér er einfaldlega verið að fylgja þeirri hugmyndafræði (Forseti hringir.) að lágir skattar auki alltaf tekjur.

[17:11]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Ég sat bæði í atvinnuveganefnd og í efnahags- og viðskiptanefnd þegar rætt var um þetta frumvarp og þau rök sem voru með því að hækka ekki gistináttgjald upp í 14%, eins og stendur til nema þessi lög nái fram að ganga, voru meðal annars þau, eins og hefur komið fram í umræðunni, að þessi hækking yki ólöglega atvinnustarfsemi í greininni, þ.e. svarta starfsemi. Það var eitt atriðið og umræðan snerist meira um það en samkeppnisstöðuna sem maður hefði haldið að skipti meira máli.

Það var talað aðeins um samkeppnisstöðu greinarinnar. Ég spurði bæði þá sem töluðu fyrir málinu og þá sem töluðu gegn því í nefndunum, þ.e. gesti: Er ekki til einhvers konar alþjóðlegt index, þ.e. röðunarskrá, sem metur lönd heimsins? Hvernig er samkeppnisstaða ferðabjónustu í þeim löndum sem við berum okkur saman við? Það hlýtur að skipta máli fyrst menn segja að þetta hafi afgerandi áhrif á samkeppnisstöðuna. Þau svör sem ég fékk þegar ég spurði að því hvort ekki væri til svona index voru: Nei, það vissu menn ekki. Þeir vissu ekki hvort til væri slíkt index, samt notuðu þeir þau rök að samkeppnisstaða Íslands á alþjóðamarkaði, þegar kemur að landinu sem ferðamannalandi, væri í hættu vegna þess að gistináttgjaldið mundi skerða samkeppnisstöðuna svo mikið.

Ég fór bara á netið og gúglaði hvort ekki væru til svona index. Viti menn, The World Economic Forum er búið að taka saman svona index í mörg ár og indexið fyrir árið í ár, 2013, kom út núna í mars. Af þeim 140 löndum sem eru skoðuð í þeirri skýrslu er Ísland í 16. sæti yfir þau ríki í ljósi þess hve horfurnar eru góðar í uppbyggingu ferðabjónustu. Í þessari skýrslu er líka rakið að samræmi sé á milli fyrri skýrslu þeirra, þ.e. um hagkvæmnistækifæri við að byggja upp ferðabjónustuna, og raunverulegra ferðamanna sem koma til landsins tveimur árum seinna.

Við vitum allveg að allt bendir til þess að ferðamönnum á Íslandi eigi eftir að fjölga. Þá veltir maður fyrir sér, fyrst samkeppnisstaða Íslands er svona rosalega góð: Við erum í 16. sæti af 140 ríkjum í heiminum og aðeins eitt ríki á Norðurlöndunum er ofar en við og það er Svíþjóð. Sú staðreynd var einmitt notuð til þess að réttlæta að fyrirhuguð hækking upp í 14% yrði dregin til baka, að við þyrftum að passa upp á samkeppnisstöðu okkar, og til hliðsjónar er ferðamönnum að fjölga og mun fjölga mikið og ágangur verður á landið. En ég lærði í viðskiptafræðinni í Háskóla Íslands að ef of mikil eftirspurn er eftir einhverju þá hækkar verðið meðal annars. Það er eitt af því sem hægt er að gera.

Nú höfum við heyrt hér í umræðunni að hin fyrirhugaða hækking verði á endanum nálægt 1%. Maður spyr sig því: Ef ekki á að taka gjöld af þeirri grein sem er í miklum vexti og hefur sterkt samkeppnisforskot, hvar eignum við þá að taka þessi gjöld? Og ef við ætlum ekki að taka þessi gjöld þá þýðir það að við þurfum að taka lán sem þeim nemur. Við verðum að taka lán. Ef við ætlum ekki að stækka fjárlagagatið þá þýðir það bara lán, aukinn kostnaður. Annaðhvort þurfum við að borga það seinna eða komandi kynslóðir.

Þetta er alla vega það sem mér hefur áskotnast og ég hef heyrt í þessari umræðu en það er náttúrulega almenningur í landinu sem þarf að taka afstöðu til þess hvað hann vill gera og láta í sér heyra. Mér sýnist það vera algjörlega röng forgangsdröðun að byrja á því að lækka gjöld á grein sem er í miklum vexti og hefur mikil tækifæri á þeim tíma þegar það er fjárlagagat og innviðir samfélagsins eru laskaðir.

[17:17]

#### **Óssur Skarphéðinsson (Sf):**

Herra forseti. Ég ber alltaf töluverða virðingu fyrir þeim sem vilja freista þess að standa við þau kosningaloforð sem menn hafa gefið og þess vegna er ég ósammála hv. þm. Birni Val Gíslasyni um að það sé vel við hæfi að það frumvarp sem við ræðum sé fyrsta mál þessarar ríkisstjórnar og flutt af hæstv. fjármálaráðherra.

Við vitum að þau loforð sem gefin voru af hálfu ríkisstjórnarinnar voru miklu stærri í ýmsum öðrum efnum og ég kom satt að segja hingað til þings, eins og ég lýsti yfir áður en sumarþing hófst, til þess að greiða götu ákveðinna frumvarpa og loforða sem hæstv. ráðherrar höfðu lýst yfir að þeir mundu leggja fram. Ég hef verið mjög undrandi yfir því að þetta mál skuli einmitt vera fyrsta mál ríkisstjórnarinnar. Ég átti von á því eftir þau himinháu loforð sem Framsóknarflokkurinn hafði gefið varðandi skuldaniðurfærslur að það yrði fyrsta málið sem ég fengi þann heiður að fá að hjálpa í gegnum þetta þing. Ég kom hingað til þess að stýðja hæstv. forsætisráðherra til þess að ná þeim málum í gegn og mig undraði satt að segja að einu efnidarnar hingað til á þeim loforðum hafa verið þær að hér var lögð fram þingsályktunartillaga sem var í reynd ekkert annað en minnisblað frá hæstv. forsætisráðherra til ríkisstjórnarinnar um hvað gera bæri núna á næstu mánuðum.

Í því speglaðist það að sjálfsgöðu að ríkisstjórnin kom að þessu leyti til algjörlega vanbúin til þings og þær áætlanir og útfærslur sem Framsóknarflokkurinn hafði lofað að yrðu lagðar fram bak kosningum voru bersýnilega ekki til. Nú á að kveðja saman sérfræðinganefndir til þess að búa til það sem Framsóknarflokkurinn lét alla halda að væri til reiðu.

Í annan stað þá kom ég hingað til þess að hjálpa hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra til þess að standa við þær yfirlýsingar sem glöddu mig, um að afnema skerðingar sem fyrirverandi ríkisstjórn þurfti að framkvæma í kjölfar hrunsins sem hér varð. Mig langar þess vegna til að spyrja hv. stjórnarliða sem eru í þessum sal: Hvað dvelur þann langa orm? Hvernig stendur á því að það frumvarp er ekki fram komið? Nú er liðið á þriðju viku frá því að sumarþingið hófst og enn bólar ekki á þessu öðru meginmáli hæstv. ríkisstjórnar.



aldráðra og öryrkja af því að það er ekki til svigrúm, þá finnst mér að menn verði að minnsta kosti að leggja fram grunninn sem tillagan er lögð á. Ég hefði þess vegna viljað spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal, ef hann væri ekki genginn mér úr greipum og kannski hefur hann fínar afsakanir fyrir því að vera ekki hér sem framsögumaður málsins, undir lok ræðu minnar hvort það væri rétt skilið hjá mér að hv. þm. Pétur H. Blöndal væri þeirrar skoðunar að þessi lækku mundandi skila sér að fullu til baka í gegnum annars konar gjöld sem mundu þá spretta af styrkari ferðaþjónustu en ella.

Það mundi að minnsta kosti greiða fyrir skilningi mínum á þessu máli. Mér finnst í reynd að það sé ein af lykilspurningunum. En ef hv. þm. Pétur H. Blöndal er ekki staddur hér þá ætla ég ekki að biðja hæstv. forseta um að færa hann hingað í böndum. En gott væri ef svona lykilstaðreyndir lægju fyrir: Á hverju er þetta byggt? Ég tel að það væri heidarlegt af stjórnarliðinu bara að segja það ef sú er raunin að frumvarpið sé lagt fram til þess að standa við kosningaloforð. Það er alla vega heidarlegt að láta okkur vita af því og við erum þá kannski betur í stakk búin til þess að ræða hér síðar í dag eða á morgun hvað veldur því að því ágæta frumvarpi sem hæstv. húsnæðis- og félagsmálaráðherra hefur lýst yfir síðast á þessum degi að sé að vænta. Hvað veldur dvöl þess? Af hverju er það ekki komið hér fram?

[17:30]

**Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlun mín að fara í andsvar við hv. þm. Össur Skarphéðinsson en fyrst hann hóf mál sitt og ræðu á því að undrast þá afstöðu mína að þetta mál væri það fyrsta sem hæstv. ríkisstjórn leiðir fram á þinginu þá útskýrði ég það eins vel og ég mögulega gat en reyni að gera það aftur svo hv. þingmaður átti sig á því hvað ég var að fara í þeim efnum. Mér fannst það mjög við hæfi í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hægri stjórnin gaf — þegar hún var mynduð og tilkynnt var um við myndun ríkisstjórnarinnar að erfiðir tímar væru í efnahag landsins, erfiðir tímar væru í fjármálum landsins, hérna væri að myndast ógnarstórt gat í fjárlögum, menn vissu ekki hvernig ætti að bregðast við — að fyrsta mál, fyrsta þingskjal, fyrsta þingmál þeirrar ríkisstjórnar væri frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum, það finnst mér vel við hæfi. En það fjallar ekki um það, það fjallar um að stækka gatið, auka hallann. Það fjallar um að færa aukinn kostnað á íbúa landsins í formi vaxtakostnaðar og minni opinberrar þjónustu, lakara velferðarkerfis o.s.frv. því að það hefur allt áhrif af þessu tagi.

Ég efast ekki um vilja hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og get vel ímyndað mér að hann hafi hangið á hurðarhúni Alþingis á fyrsta degi þessa þings og beðið óþreyjufullur eftir að fá að fjalla um tillögur ríkisstjórnarinnar um skuldamálið heimilanna. Ég sem venjulegur Jón úti í bæ gerði hins vegar engar kröfur til þess að staðið yrði við það mál og geri það ekki enn. Enda sýnist mér að þeim tillögum sé aldeilis gefið á glannann af umsagnaraðilum varðandi það þingmál sem er til umfjöllunar í allsherjarnefnd þingsins.

[17:32]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Kannski hef ég hreinna hjarta en hv. þingmaður. Ég trúi á hið góða í mannskepnunni, sérstaklega í Framsókn.

Ég var satt að segja svo auðtrúa, herra forseti, að ég gekk að því sem vísu þegar við komum til þings að hér mundu þingmál biðna sem, ja, kannski leystu ekki vanda þeirra sem eiga um sárt að binda vegna stökkbreyttra lána en vörðuðu að minnsta kosti leiðina að því að létta ok þeirra. Ég varð hissa yfir því að það mál kom ekki fram. Ég varð hissa þegar ég sá þingsályktunartillöguna. Ég varð ekki hissa yfir því frumvarpi sem við erum að ræða hér. Ég átti von á að það mundi koma, en ekki sem fyrsta mál ríkisstjórnarinnar. Ég átti heldur ekki von á að hér kæmi fram nánast sem annað mál frumvarp um að lækka veiðigjald til stórútgærðarinnar um 10 milljarða á tveimur árum. En ég ætla ekki að fara frekar út í það.

Ég get út af fyrir sig tekið undir áhyggjur hv. þingmanns. Ég vænti þess hins vegar að hæstv. ríkisstjórn forgangsraði út frá stefnu sinni, við sjáum það þá þegar sumarþinginu slotar hverjar áherslurnar eru. Hingað til hefur hún heldur færst undan mínum vonum. Ég átti von á öðru. Ég skil alveg vanda hæstv. fjármálaráðherra sem væntanlega slær fast við sporun þegar hann horfir fram á frumvarp það sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hefur talað um, því svona í skjótri sviphendingu í hugarreikningi tel ég að það hljóti að leggja sig á 3,5 til 4,8 milljarða, fer eftir hversu langt er gengið í að standa við þau loforð.

Ég hef því út af fyrir sig fulla samúð með hæstv. fjármálaráðherra, og eins og hv. þm. Björn Valur Gíslason er ég staddur hér til þess að taka undir hornin með honum.

[17:34]

**Ragnheiður Ríkharrsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Eingöngu vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði það í þrjúgang að umtalsefni að hv. þm. Pétur H. Blöndal væri ekki í salnum. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er einn samviskusamasti þingmaðurinn en hann varhaf af þingi í dag af persónulegum ástæðum, gat ekki settið þingfund lengur. Hann gerði mönnum það viðvart, fulltrúum í efnahags- og viðskiptanefnd.

Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit hefur Pétur H. Blöndal alla tíð verið meiri talsmaður lægri skatta en hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur verið í gegnum tíðina, svo að það komi fram. Að öðru leyti ætla ég ekki að tjá mig um það sem hv. þm. Pétri H. Blöndal þykir um frumvarpið. En mér þótti tilhlýðilegt, vegna þess að kallað var í þrjúgang eftir hv. þingmanni sem að jafnaði situr hér og er samviskusamur, að geta þess af hverju hann er ekki í salnum.

[17:35]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vissi ekki um að Pétur H. Blöndal væri í burtu af persónulegum ástæðum og geri engar athugasemdir við það og lét það koma skýrt fram í ræðu minni að ég óskaði ekki eftir því að hann væri færður hingað.







um af því að það frumvarp sé í einhvers konar kostnaðarmati í fjármálaráðuneytinu.

Það sætir furðu, herra forseti, því að það frumvarp hefur nú þegar verið afgreitt út úr ríkisstjórn og þaðan afgreiddast frumvörp ekki nema þau hafi fengið kostnaðarmat. Svo fer líka sögum af því að það frumvarp hafi verið afgreitt út úr Framsóknarflokknum. Þetta eru ekki dylgjur, herra forseti, heldur þær ályktanir sem hægt er að draga af því sem sagt er hér þegar ég, sem formaður velferðarnefndar, spyrst fyrir um hvað valdi því að við erum ekki búin að fá aðalmálið okkar inn í nefndina. Ef það er í kostnaðarmati er búin að gera breytingar á því frá því að það var afgreitt út úr ríkisstjórn. Það verður fróðlegt að sjá hvernig það mun líta út. Við í Samfylkingunni viljum að sjálfsögðu vinna að því að draga úr skerðingum lífeyrisgreiðslna en við ætlumst til þess að heildstætt frumvarp sem við erum búin að leggja hér fram öðru sinni um breytingar á almannatryggingakerfinu verði rétt samhliða.

Um þær breytingar var þverpólitísk samstaða og þær breytingar koma upp úr margra ára vinnu. Úr því að talað er um samvinnu og sáttavilja er sérkennilegt að ríkisstjórnin hafi ekki treyst sér til þess að leggja fram það frumvarp sem var tilbúið í velferðarráðuneytinu sem felur í sér gríðarlegar umbætur. Við skulum sjá hvað tefur og ráðherra félags- og húsnæðismála hefur lýst því yfir að við förum ekki heim af sumarþingi fyrr en það frumvarp verði að lögum. Ég verð að segja að ég er ánægð með að ráðherra skuli standa svo með lífeyrisþegum en ég velti fyrir mér hvenær við fáum málið til umfjöllunar. Í þingsköpum segir að þing eigi að taka leyfi frá 1. júlí til 10. ágúst og við höfum fundað hér hvern föstudaginn á fætur öðrum til að fjalla um mál sem var kannski ekki haft hátt um í kosningaráttunni. Það hefur ekkert staðið á tillögum um lækku á veiðigjaldi, lækku á vaski á ferðaþjónustu og pólitísk afskipti af RÚV. Þar er ekkert þjál, þjál og fuður og beðið fram á haust með samráði og samvinnu. Þar er bara slegið til og þar er örlætið á fé ríkissjóðs ótakmarkað. Svo velti ég líka fyrir mér, fyrst ríkisstjórnin er með þá stefnu að auka pólitísk afskipti af opinberum hlutafélögum ríkisins, hvort við megum vænta þess sama til dæmis varðandi skipanir í stjórn fjármálaýrirtækja, hvort við eigum að taka þann gamla sið upp að vera hér með hlutbundna kosningu í bankaráð og ráð sparisjóðanna sem við eigum. Ég er ekki viss um að mönnum hugnist það jafn vel. Þá væri áhugavert að vita hvort þetta sé einhver sérstök stefnubreyting, hvort það sé einhver heildstæð hugsun sem liggja að baki þessu eða hvort þetta sé bara leið til að draga úr krafti fjölmiðla til þess að halda uppi gagnrýninni umræðu í samfélaginu.

Mér fyndist ákaflega eðlilegt að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, það yrði farið betur ofan í saumana á ástæðunni fyrir framlagningu þess og ráðherra, snúist honum ekki hugur sem ég vona sannarlega að gerist, komi þá með ítarlegri breytingar, hann taki þá vald af stjórninni til að móta dagskrána í Ríkisútvarpinu. Það er líka mikilvægt að fá svör við því af hverju hann vill ekki vinna í samræmi við núgildandi lög sem voru samþykkt hér fyrir nokkrum vikum. Þá sat ráðherra hjá og hafði sig ekkert sérstaklega í frammi, hafði engar sérstakar áhyggjur af þessu máli.

Mér skilst að mikið kapp sé lagt á að ná veiðigjöldunum

úr nefnd. Ætli skuldamálin komi ekki undir lok vikunnar en almannatryggingarnar eru ekki komnar inn enn þá. Spurningin er þá hvort við eigum að vera hér dag eftir dag að ræða óþurftarmál sem þingmenn stjórnarflokkanna láta sig litlu varða. Það var mikið kallað eftir því hér fyrir helgi að þingmenn Framsóknarflokksins tjáðu sig um málið. Það er auðvitað hverjum í sjálfsvald sett hvort hann tjáir sig um einstök mál í ræðustól og alveg eðlilegt að heilu þingflokkarnir komi ekki upp til að tjá sig, en það væri þó áhugavert ef fulltrúarnir í nefndinni vildu lýsa fyrir okkur af hverju þeir telja ásættanlegt að hverfa frá þeim breytingum sem við gerðum nýverið og hvort þeim finnist þetta í anda þeirra faglegu vinnubragða og þess samráðs sem boðað er í hinum gjörvulega Laugarvatnssáttmála.

Núna ræðum við þetta mál og 15 þingmenn eru með fjarvist, þar af 11 úr stjórnarmeirihlutanum. Við erum kominn inn í sumarstörfín í alþjóðanefndunum, þingmenn eru þar á fullu og ég skil ekki af hverju menn geta ekki bara nýtt tímann til að vinna betur í þeim málum í nefndunum sem þeir telja nauðsynlegt að koma að á þessu sumarþingi, geti þá unnið betur í þessu máli og lagt fram annað mál í haust eða bara sleppt því. Að sjálfsögðu vil ég hafa lögin óbreytt en það er nýr ráðherra og ef hann telur svo brýna þörf á að breyta þessum lögum tel ég rökstuðninginn fyrir þessari breytingu algjörlega ófullnægjandi. Mér finnst óþægilegt að ekki sé betri rökstuðningur en fram kemur í þessu frumvarpi fyrir þeirri stefnubreytingu sem á að gera með RÚV.

Herra forseti. Það er því tillaga mín að þetta mál verði tekið út af dagskrá og hæstv. ríkisstjórn stundi í þessu það samráð sem hún lofsamar svo mjög í Laugarvatnssáttmálanum.

[18:04]

#### **Ragnheiður Ríkhardsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður nefnir hér að þau mál sem eru til umræðu séu mörg hver óþurftarmál, það var orðið sem hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir notaði. Það kann að vera að hv. þingmanni þyki það. En ég kem hérna upp vegna þess að hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir er jafnframt formaður velferðarnefndar og hún lýsir því hér yfir sem formaður nefndarinnar að þegar tekið verði til umræðu frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra um almannatryggingakerfið, þegar það verður komið fram, muni hún, hv. þm., Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, krefjast þess að frumvarp sem hér liggur frammi, þar sem 1. flutningsmaður er Guðbjartur Hannesson, sama frumvarp og lagt var fram á síðustu dögum þingsins á síðasta kjörtímabili, verði rétt samhliða.

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort ég hafi heyrt rétt þegar hv. þingmaður lýsti því yfir að hún sem formaður velferðarnefndar, hv. þingmaður Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, mundi krefjast þess að það frumvarp yrði rétt samhliða.

[18:06]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka andsvarið og fagna því að fá að svara þessari spurningu. Ég mun ekki krefjast þess persónulega í krafti embættis míns sem formaður velferðarnefndar,



þeim lagareglum sem giltu um Ríkisútvarpið og lögð megináhersla á hlutverk þess sem fjölmiðils í almannabágu.

Eins og öllum er kunnugt um sem hafa kynnt sér löginn var þeim ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Vísad er í ákveðin siðferðisgildi sem Ríkisútvarpið skuli hafa í heiðri, svo sem fagmennsku, heiðarleika og virðingu. Í þeim er ítarlegar kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins en í eldri lögum. Meðal annars er þar sérstaklega tilgreint að það hafi bæði lýðræðishlutverk og menningarlegt hlutverk og það sem skiptir mestu máli hér í umræðu um frumvarp hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, sem kveður á um val stjórnarmanna, er að með þessum heildarlögum voru gerðar breytingar á skipun og hlutverki stjórnar Ríkisútvarpsins.

Þannig er í nógildandi lögum kveðið á um að ráðherra tilnefni formann stjórnar og Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins einn stjórnarmann. Aðrir eru tilnefndir af valnefnd. Í þá fimm manna valnefnd sem er skipuð af ráðherra tilnefnir allsherjar- og menntamálanefnd þrjá fulltrúa, Bandalag íslenskra listamanna einn og samstarfsnefnd háskólastigsins einn. Eins og kunnugt er er lagt til með fyrirbyggjandi frumvarpi hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra að þetta ferli við skipun valnefndar og stjórnar komist ekki til framkvæmda. Þess í stað skipi Alþingi sjö nefndarmenn.

Allsherjar- og menntamálanefnd bærust sjö umsagnir um frumvarpið og er engin þeirra jákvæð ef frá er skilin um sögn útvarpsstjóra sem ekki hefur neinar athugasemdir við skipan mála í nýja frumvarpinu, sem ég tel reyndar umhugsunarvert, sér í lagi þegar um er að ræða minni aðkomu starfsmanna að ákvarðanatöku stofnunarinnar og í ljósi þess að í nógildandi lögum er meiri áhersla en áður lögð á lýðræðislega starfshætti innan Ríkisútvarpsins.

Ég tek undir með minni hluta nefndarinnar sem átelur undarlega forgangsroðun að leggja til breytingu á nýju lögnum sem samþykkt voru fyrir aðeins um þremur mánuðum með miklum meiri hluta greiddra atkvæða. Við atkvæðagreiðslu um frumvarpið greiddu 35 atkvæði með samþykkt þess og einungis fjórir voru á móti.

Á liðnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á að hverfa frá flokkspólítískum stjórnnum ríkisstofnana. Þannig hefur aukin áhersla verið lögð á hæfi, þekkingu og reynslu við skipun stjórnarmanna. Þessi sjónarmið eiga enn frekar við um Ríkisútvarpið í ljósi hlutverks þess sem er að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, þ.e. vera almannabjónustumiðill. Þetta hlutverk er áréttad í heiti laganna með orðunum „fjölmiðill í almannabágu“. Í nógildandi lögum er lögð áhersla á að Ríkisútvarpið skuli stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi. Getum við ekki bara öll verið sammála um þau gildi? Eg tel svo vera, en til að Ríkisútvarpið okkar allra geti ræktað hlutverk sitt er sérstaklega mikilvægt að gæta faglegs og pólitískis sjálfstæðis stofnunarinnar í daglegum rekstri og í dagskrárgerð.

Frumvarp hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra nú stefnir í hættu áformum um eflingu hins lýðræðislega, menningarlega og samfélagslega hlutverks Ríkisútvarpsins. Ákvæði gildandi laga um skipun valnefnda var ætlað að

tryggja að í stjórn Ríkisútvarpsins veldust einstaklingar með nauðsynlega þekkingu á þeim málefnum sem samkvæmt ákvæði laganna og markmiði þeirra eru helstu verkefni Ríkisútvarpsins. Með því að hverfa frá ákvæði nógildandi laga um valnefnd er horfið frá eftirsóknarverðri aðferð við val stjórnarmanna sem byggist á valddreifingu í þágu almannahagsmuna. Fyrirhuguð breyting ráðherra á skipun stjórnar Ríkisútvarpsins má teljast enn alvarlegri þegar horft er til þess að í lögnum er hlutverk stjórnar talsvert viðfeðmara en samkvæmt eldri lögum.

Stjórnin kemur þannig ekki eingöngu að rekstri stofnunarinnar eins og áður heldur hefur hún meiri umsvif og völd. Með nógildandi lögum voru möguleikar stjórnar Ríkisútvarpsins til að hafa áhrif á dagskrárlega þætti, innihald og efnislega umfjöllun stofnunarinnar auknir enda gert ráð fyrir breyttri skipan stjórnar þar sem fagleg sjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi.

En hvað gerist nú? Jú, það á að auka á ný vægi pólitískra þátta við skipun stjórnar og færa hana aftur í þann pólitíska farveg sem víkja átti frá.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að nógildandi lögum er bent á mikilvægi þess að ríkisrekinn fjölmiðlaþjónusta í almannabágu veiti almenningi tryggingu fyrir hlutlegri umfjöllun með áherslu á gæði og áreiðanleika upplýsinga. Sú breytta skipun stjórnar sem lögð er til nú í fyrirbyggjandi frumvarpi gefur almenningi tilefni til að efast um hlutlægni Ríkisútvarpsins og getur þannig dregið úr trausti á því að upplýsingar fjölmiðilsins séu áreiðanlegar og umfjöllun hans hlutlæg.

Þá ætla ég að tæpa aðeins á hæfi stjórnarmanna. Samkvæmt gildandi ákvæði laganna skal valnefndin við tilnefningu stjórnarmanna hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé m.a. þekking og reynsla af fjölmiðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá skal valnefndin gæta að jafnrétti kynjanna í tilnefningum sínum. Þetta ákvæði er fellt brott í fyrirbyggjandi frumvarpi og því engin trygging fyrir því að til stjórnarsetu veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins sem og meginmarkmiðum og verkefnum þess. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir þekkingu, faglegum sjónarmiðum eða jafnrétti kynjanna. Fyrirbyggjandi frumvarp tryggir ekki faglegt hæfi stjórnarmanna, að þeir hafi þekkingu á menningu eða fjölmiðlun sem nauðsynlegt er til að markmið laganna ná fram að ganga.

Þá er vert að minna á þá þróun sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar. Hún hefur verið í átt að meira lýðræði og gagnsæi við stjórn ríkisfjölmiðla auk þess sem fagleg sjónarmið eru þar látin ráða för. Ætlum við að standa nágrannalöndum okkar að baki í þeirri þróun og stuðla að afturhvarfi frekar en framgangi og framþróun?

Það er einnig ámælisvert að við gerð frumvarps hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra var ekkert samráð haft við hagsmunaaðila eða hlutadeigandi aðila né heldur þá sem tilnefna áttu í stjórn félagsins eða valnefndina. Frumvarp það sem varð að nógildandi lögum var aftur á móti, eins og áður var tæpt hér á í ræðustól, samið á grundvelli víðtæks samráðs, en vinna við það hófst árið 2009.



fram mál til að auka á hallann, stækka gatið og auka á vandann sem var þó ærinn fyrir, ekki síst að mati formanna stjórnarflokkanna og talsmanna ríkisstjórnarinnar sem hafa bæði haldið fjölmiðlafundi og verið ólatir við að tala ástandið niður og mála það svartara en mögulegt hefur verið að gera og ástæða er til.

En hvað um það, fyrsta mál hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra Illuga Gunnarssonar fjallar um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu. Það vekur nokkra undrun að ráðherrann skuli leggja áherslu á að koma með slíkt frumvarp inn á sumarþingið sem átti, ef ég skildi rétt, að vera sérstaklega ætlað að afgreiða mjög mikilvæg pólitísk mál, ég tala nú ekki um mikilvæg mál fyrir skuldug heimili og einstaklinga í landinu, a.m.k. að teygja sig í áttina að því að geta efnt stóra lofordið sem gefið var í aðdraganda kosninga. Því vekur það allnokkra undrun að mál af þessu tagi skuli koma inn í það andrúmsloft og inn á það sumarþing sem nú stendur yfir, fyrsta þing eftir kosningar.

Lög um Ríkisútvarpið voru samþykkt á síðustu dögum síðasta þings í ágætri samstöðu, þ.e. aðeins fjórir þingmenn greiddu atkvæði gegn lögnum þegar þau voru samþykkt, fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Þeir þeirra greiddu atkvæði gegn því af fjárhagslegum ástæðum, þ.e. vegna tekjustofna Ríkisútvarpsins, hvernig ætti að afla Ríkisútvarpinu tekna, ekki af neinum öðrum ástæðum. Í máli þeirra kom ekkert fram sem rökstuddi neinær þær atkvæðagreiðslur eða sem bendir til þess að þau hefðu nokkrar athugasemdir við það frumvarp sem þá varð að lögum aðrar en þær sem sneru að tekjuöflun útvarpsins.

Fjórði þingmaðurinn, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, hafði ýmsar efnislegar athugasemdir við frumvarpið, hv. þingmaður sem þá var og greiddi sömuleiðis atkvæði gegn frumvarpinu á þeim forsendum. Fyrsta mál nýs ráðherra er af þessum toga, það er ekki brýnt heldur er breyting á nýsamþykktum lögum, enginn hefur kallað eftir þessu, hvorki úr þessum þingsal né annars staðar. Þetta háir ekki stofnuninni á nokkurn hátt. Þetta hefur ekki verið til umræðu í samfélaginu. Þess vegna vekur furðu að mál af því tagi komi hingað inn og maður spyr sig, eins og maður á reyndar oft að gera og yfirleitt alltaf þegar lagafrumvarp er lagt fram, hvort sem það er til breytingar á lögum eða setningar nýrra laga, til hvers sé verið að þessu, hver ástæðan sé fyrir því að vera er að leggja fram svona frumvarp.

Hvað býr að baki? Hvaða markmiðum á að ná? Hefur það einhvern tilgang að breyta lögnum eins og lagt er til í viðkomandi frumvarpi?

Pannig held ég að þingmenn eigi ætíð að nálgast lagafrumvörp með gagnrýnum huga hvað þetta varðar. Til hvers er þetta gert? Hver er ástæðan fyrir því? Er nauðsynlegt að gera þetta?

Í frumvarpinu sjálfu er engar slíkar skýringar að finna, það eru engin rök færð fyrir því í frumvarpinu hvers vegna þurfi að breyta lögum um ríkisútvarp frá því í vor. Það virðist ekki vera nein brýn þörf á því. Það liggur ekkert að baki. Það eru engin sérstök rök færð fyrir því önnur en pólitísk. Ég ætla að fá að vitna í ræðu hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra þegar hann mælti fyrir þessu frumvarpi á dögum. Þar sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Þegar ég tók við embætti mennta- og menningarmálaráðherra hafði ráðuneytið þegar hafði undirbúning að skipun valnefndar og sent ósk um tilnefningu í hana 9. apríl sl. Tilnefningar höfðu þegar borist frá Bandalagi íslenskra listamanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins en tilnefning þriggja manna í valnefndina og annarra þriggja til vara hafði ekki borist allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, sem hafði reyndar misst umboð sitt frá og með kjördegi 27. apríl sl. Þar sem engin allsherjar- og menntamálanefnd hefur verið starfandi frá kjördegi hefur því dregist í ráðuneytinu að ljúka skipun valnefndar um tilnefningu fimm stjórnarmanna í stjórn Ríkisútvarpsins.“

Þarna er sagt frá því að málið væri í ferli, lögín væru að fara að taka gildi, það ætti að fara að vinna eftir þeim. Þá var hafinn undirbúningur að því að skipa í stjórn og engin athugasemd gerð við verklagið. Það kom engin athugasemd frá nokkrum aðila til menntamálaráðherra, a.m.k. engin sem hann greindi frá í ræðu sinni, um að það ætti ekki að gera þetta með þessum hætti, hvergi nokkurs staðar.

Hæstv. ráðherra fer í ræðu sinni yfir það hvernig lögín eru, hvernig á að skipa í stjórnina samkvæmt gildandi lögum og gerir engar sérstakar athugasemdir við það. Hann rekur þær staðreyndir sem felast í lögnum. Síðan sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, í ræðu sinni þegar hann fylgdi frumvarpinu úr hlaði:

„Meðal fyrstu mála sem komu á mitt borð sem mennta- og menningarmálaráðherra var umrætt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum Ríkisútvarpsins. Eftir vandlega skoðun var það niðurstaða mín að þrátt fyrir góð áform löggjafans um aðkomu valnefndar að vali stjórnarmanna félagsins væri fyrirkomulagið gallað því að engin trygging væri fyrir því að það næði markmiði sínu.“

Þetta er dálítið athyglisvert. Þetta er meðal fyrstu mála sem komu á borð ráðherra í nýju embætti. Hver bar þetta mál inn á borð ráðherrans, hver bað um þetta? Það kom ekki fram í umræðu í þinginu, það kom engin ósk fram um það í umræðu í þinginu. Þvert á móti töluðu samflokksmenn ráðherrans og þingmenn núverandi ríkisstjórnar um hið gagnstæða, gegn því sem frumvarpið fjallar um. Ég mun fara yfir það síðar í ræðu minni og vitna í þau ummæli, m.a. fyrirverandi hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.

Ég spyr mig: Hvers vegna var þetta meðal fyrstu mála sem komu inn á borð hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra? Hver bar þetta inn til hans? Hver kom með þessa frómu ósk? Eða var þetta einfaldlega eitthvað sem ráðherrann fann að hann þyrfti að gera í sjálfu sér í pólitíkinni sinni eða bara til að koma hingað inn með eitthvert mál sem þyrfti að afgreiða á sumarþingi?

Hann segist hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að breyta þessu eftir vandlega skoðun. Sú vandlega skoðun fylgir ekki frumvarpinu. Það er ekkert í frumvarpinu sem bendir til þess að einhver vandleg skoðun hafi farið fram eða úttekt á þessari tillögu sem rökstyður frumvarpið frekar. Hvernig fór þessi vandlega skoðun fram? Átti hæstv. ráðherra samtöl við sjálfan sig? Var settur á fót einhver starfshópur, einhver nefnd? Hverjir komu að þessari skoðun? Var haft samband við starfsmenn Ríkisútvarpsins? Var rætt við stjórn eða stjórnendur Ríkisútvarpsins? Hvern-





stofnanna. Hæstv. fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra segir þá í ræðu sinni:

„Með frumvarpi þessu er einnig mælt fyrir um innri starfsemi Ríkisútvarpsins til að efla lýðræðislega starfshætti þess, enda er gefin sú forsenda að opinbert félag sem á að gegna veigamiklu hlutverki við að efla og viðhalda lýðræði í landinu verði að starfa með lýðræðislegum hætti. Í því felst eðlileg dreifing ábyrgðar og víðtækt samráð um dagskrána með aðkomu starfsmanna og notenda.“

Það var sem sagt hugsun á bak við það sem lagt var fram í frumvarpinu. Áfram er haldið, með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt að tekjastofn Ríkisútvarpsins sé skýr, fyrirsjáanlegur og samsvari innheimtu útvarpsgjaldsins til að það geti gert raunhæfar fjárhagsáætlanir til lengri tíma. [...] Verði sjálfstæði Ríkisútvarpsins ekki tryggt er vegið að getu þess til að sinna hlutverki sínu sem fjölmiðlaþjónusta í almannabágu sem á að vera fær um að veita nauðsynlegt aðhald stjórnvöldum á hverjum tíma, vera vettvangur skoðanaskipta, vera í aðstöðu til að geta sett á dagskrá mál-efni sem stjórnvöldum eða öðrum aðilum mislíkar.“

Miðað við þessar forsendur er það eitt af markmiðum frumvarpsins að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart hinu pólitíska valdi.“

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins sem þingið ákvað þvert á flokka að gera að lögum í vor var að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart hinu pólitíska valdi. Það var sem sagt hugsun á bak við það sem þarna átti að vera og markmiðin voru skýr.

Með því frumvarpi sem hér er hins vegar til umræðu er verið að nálgast aftur hið pólitíska vald, það er verið að opna aftur dyrnar á milli ráðuneytis og útvarps. Það er galopið á milli, ég tala nú ekki um ef sami háttur verður hafður á hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra eins og skipan í stjórn LÍN, þá gæti þingflokkurinn skipað sjálfan sig inn í stjórn Ríkisútvarpsins. Það væri ígildi þess.

Hæstv. þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir fjallaði í ræðu sinni sérstaklega um stjórn Ríkisútvarpsins og sagði meðal annars, með leyfi forseta:

„Meðal tillagna starfshópsins sem ég nefndi áðan um almannautvarp á Íslandi var að skipan og hlutverk stjórnar yrði tekið til athugunar.“ — Það var sem sagt markmiðið að skoða þetta mál sérstaklega. — „Það er gert í þessu frumvarpi einkum hvað varðar skipan og fyrirkomulag við val á stjórn Ríkisútvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra menningarmála tilnefni einn fulltrúa sem verði formaður stjórnar. Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni einn fulltrúa í stjórn“ o.s.frv. eins og farið var yfir áðan.

„Hugsunin á bak við þetta er að samsetning valnefndar og hlutverk hennar samkvæmt frumvarpinu tryggi að til stjórnarsetu veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varðar rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins og ekki síst meginmarkmiðum þess.“

Það var sem sagt hugsun á bak við þá tillögu sem lögð var fyrir þingið og þingið ákvað að gera að lögum óbreytt.

„Þessi hugmynd er að sumu leyti,“ svo ég haldi áfram að vitna í ræðu hæstv. fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, „dregin líka frá þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá stjórnendum NRK sem bentu á að mjög

mikilvægt væri að í stjórn almannaðjónustumiðilsins sæti góð samsetning af fólki þar sem ekki væri einhæf reynsla undir, heldur kæmi saman ólík þekking og ólík hæfni sem mundi nýtast til þess að skipa stjórn eins og best yrði á kosid. ...“

Ég vek athygli hv. þingmanna á því að samkvæmt tillögu meiri hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar hefur verið gerð sú breyting að fulltrúi starfsmanna hafi málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins.“

Til rökstuðnings því hvernig á að skipa í stjórnina er vitnað til þess hvernig það er gert annars staðar og að markmiðin séu skýr. Það er ekki bara að skipa stjórn heldur hafi hún ákveðið hlutverk. Það er markmið að hún sé samansett með tilteknum hætti og stjórn Ríkisútvarpsins sé því í betri færnum til að uppfylla markmið Ríkisútvarpsins samkvæmt lögnum.

Það má svo sem nefna hér að eitt af því sem mælt var fyrir í þessu frumvarpi sem síðar varð að lögum var að mæla fyrir um sérstaka vernd í starfi fyrir starfsmenn fréttastofu og dagskrárgerðarmenn, m.a. vegna kjarasamninga svo menn fengju vernd vegna fréttu og til að taka upp mál-efni gegnum fréttir, dagskrárgerð o.s.frv. Það er reynt að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins, starfsmanna og stjórnar.

Það voru ekki gerðar miklar athugasemdir við markmið þáverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Hv. fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, Sív Friðleifs-dóttir, skrifaði undir álit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar og studdi málið. Hún greiddi málinu atkvæði sem og flestir þingmenn stjórnarandstöðunnar þá, að fjórum undanskildum. Það var einfaldlega þannig.

Hv. þáverandi þingmaður Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fjallaði mikið um þetta mál í þinginu, m.a. um stjórnina sem slíka. Þar kemur kannski það fram sem maður óttast að búi að baki frumvarpi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra með skipan pólitískrar stjórnar. Í ræðu sinni fer hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir yfir skoðun Sjálfstæðisflokksins á því hvernig eigi að skipa Ríkisútvarpið og segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Það er líka rétt að draga það fram að við innan Sjálfstæðisflokksins — oft er talað um að það sé bara eitt mál innan flokksins sem er deiluefni, þ.e. Evrópusambandið og umsóknarferlið varðandi það, það er ekki rétt. Hægt er að tala um [önnur deiluefni] og síðan er hægt að tala um Ríkisútvarpið sem hefur oft og tíðum verið mjög skemmtilegt umræðuefni á hinum ýmsu fundum innan flokksins sem utan.“

Það skyldi þó aldrei vera, virðulegi forseti, að það sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra nefnir í ræðu sinni, að þetta mál hafi borist inn á borð hjá honum, eitt af fyrstu málum, hafi bara komið beint ofan úr Bolholti, þ.e. verið sé að fylgja eftir pólitískum markmiðum umfram önnur? Í það minnsta er engin önnur haldbær skýring á því hvers vegna hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson velur þetta mál sérstaklega og gefur að minnsta kosti í skyn að þetta mál hafi borist honum inn á borð rétt eins og um einhvern þrýsting hafi verið að ræða eða beiðni um að endurskoða stjórn Ríkisútvarpsins án þess að upplýsa hvaðan hún hafi komið. Hv. fyrrverandi þingmaður Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þakkar einnig þáverandi

andi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra fyrir að hafa tekið tillit til meiri hluta allsherjarnefndar og þeirrar tillögu um aðild starfsmanna Ríkisútvarpsins að stjórn RÚV, þ.e. fyrirverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins tekur undir þá skoðun sem kemur fram, tekur undir þau ákvæði laganna að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi að eiga aðild að stjórninni með málfrelsi og tillögurétti. Það er í andstöðu við það frumvarp sem hér um ræðir.

Hv. fyrirverandi þingmaður Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir heldur áfram að fjalla um stjórnina í ræðu sinni um lagasetninguna á síðasta þingi, með leyfi forseta, og vitnar hér í frumvarpið sem þá var til umræðu:

„Við tilnefningu á fulltrúum í stjórn skal valnefnd hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé m.a. þekking og reynsla af fjölmiðlun, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja.“

Hún vitnar þar til markmiðanna, efast reyndar og spyrst fyrir um það hvort markmiðið sé að útvíkka hlutverk stjórnarinnar sem hún er andvíg og fær það svar frá hæstv. þáverandi menntamálaráðherra að það sé alls ekki markmiðið. Hv. fyrirverandi þingmaður Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir einnig meðal annars, með leyfi forseta, í umræðum í þinginu í vor:

„Ein af ástæðunum líka fyrir [lagabreytingum sem urðu í Ríkisútvarpinu 2007] á sínum tíma var að klippa á það að stjórn og þá pólitískt vald væri með puttana í dagskrá og dagskrárvaldi Ríkisútvarpsins.“

Það var beinlínis markmið þeirra laga að klippa á pólitísk áhrif í stjórn Ríkisútvarpsins. Það var hnykkt á því með lögum sem samþykkt voru í vor. Hv. þingmaður spyr sömuleiðis hvort til standi að fara að breyta því og lýsir áhyggjum af því ef svo á að vera.

Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir gekk eiginlega lengra á þeim tíma. Hún vildi opna stjórn Ríkisútvarpsins frekar en lögin kváðu á um og lögin kveða á um að sé og sagði, með leyfi forseta, í ræðu sinni í þinginu um það mál:

„Og með tilliti til almannaöryggis og hugsanlegrar hættu hefði þá ekki verið lag að skoða í valnefnd reynslu manna af almannavörnum, af öryggismálum? Hefði ekki verið rétt að hafa einn slíkan fulltrúa í slíkri valnefnd en ekki eingöngu frá Bandalagi íslenskra listamanna, eins og ávallt er, sem hefur reynslu af nýjum miðlum og fjölmiðlum?“

Hv. fyrirverandi þingmaður og áður menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins tekur undir þau markmið sem þá voru í frumvarpinu og urðu að lögum um það hvernig eigi að skipa í stjórnina. Ekki bara það, hún reynir að útfæra þá hugmynd betur í þá átt sem hugmyndin á bak við tillöguna er, bæði frumvörpin og frá allsherjar- og menntamálanefnd á þeim tíma. Það er engin andstaða við markmiðið. Það er engin andstaða við þessa hugmynd. Mönnum líst vel á hana og eru til í að ganga lengra.

Í nefndarálitinu frá allsherjar- og menntamálanefnd í vor þegar fjallað er um frumvarpið um Ríkisútvarpið er fjallað ítarlega um einstaka þætti þess. Þar er stuttur kafli um stjórnina og segir þar, með leyfi forseta:

„Fjallað er um stjórn Ríkisútvarpsins í 9. gr. frumvarpsins. Fram kemur í 1. mgr. að stjórn Ríkisútvarpsins skuli

skipuð sjö mönnum og jafnmörgum til vara. Það er álit meiri hlutans að jafnréttissjónarmið skuli gilda um Ríkisútvarpið eins og um aðrar stofnanir í eigu ríkisins. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi benda á 1. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar kemur fram að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og skuli hlutur hvors kyns ekki vera minni en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa sé að ræða.“

Það er engin athugasemd gerð við það markmið frumvarpsins hvernig á að skipa stjórnina. Hvergi nokkurs staðar er minnst á það í nefndarálitinu meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem allir þingmenn nefndarinnar stóðu að nema hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sem skilaði séráliti.

Eins og ég nefndi áðan stóð hv. þm. Siv Friðleifsdóttir að þessu nefndarálitinu og lýsti yfir ánægju með það og hvatti til að frumvarpið yrði samþykkt. Hún sagði að það væri búið að vinna vel að því, það hefði verið unnið vel að því í ráðuneytinu, það hefði verið unnið vel að því af hálfu ráðherra og það hefði fengið gríðarlega góða umfjöllun í allsherjar- og menntamálanefnd. Hún hvatti til þess að það yrði samþykkt og hún stóð að því eins og reyndar fleiri.

Við 2. umr. um lagasetninguna í vor var sömuleiðis fjallað um stjórn Ríkisútvarpsins að litlu leyti en fyrst og fremst um pólitísk áhrif á stjórn Ríkisútvarpsins og hvernig því er stjórnað. Hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrirverandi menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, sagði þá, með leyfi forseta:

„Það leiðir náttúrulega hugann að öðru máli sem er allt annað og er sú lenska hjá yfirvöldum núna, bæði hjá stjórn-málamönnum sem styðja ríkisstjórnina og eru í henni, að skipta sér af sjálfstæðum stofnunum,“ sem hv. þáverandi þingmaður kallaði lensku hjá stjórnvöldum. — „Ég er eðlilega með inn grip innanríkisráðherra í sjálfstæði ákærvaldsins í huga.“ — Hún fer að ræða um ákveðið mál sem þá var í gangi í samfélaginu. — „Það mál sem og þetta undirstrikar að hversu mikið sem við stjórnmalamenn viljum skipta okkur af öllum sköpuðum hlutum er það okkar að móta reglurnar, setja rammann og síðan að sjá til þess að þar til bærar stofnanir, Ríkisútvarpið, ákærvaldið eða hver sem það er hverju sinni, hafi burði og möguleika til að sinna því markmiði og því hlutverki sem þeim er skipað í stjórnsýslu okkar og stjórnskipan.“

Þess vegna tel þá breytingu meiri hlutans mikilvæga að undirstrika, og skilja vel, athugasemdir sem komu meðal annars frá nefnd sem er að fara yfir fjölmiðla undir forustu Finns Becks. Engu að síður er mikilvægt að menn árétti að óumdeilt sé að Ríkisútvarpið hafi ritstjórnarlegt sjálfstæði.“

Hv. þingmaður fer yfir það hvernig stjórnin er skipuð hvað þetta varðar og gerir enga athugasemd við það heldur þvert á móti, hún frekar útvíkkar þetta og kallar fleiri aðila úr samfélaginu til stjórnar eins og ég fór yfir áðan.

Hv. þáverandi þingmaður fjallaði sömuleiðis áfram um pólitíska fhlutun í stjórn Ríkisútvarpsins, hvernig væri hægt að klippa á það og hvernig væri hægt að skipa stjórn útvarpsins með öðrum hætti en verið hefur og sagði þá meðal annars, með leyfi forseta:

„Það má kannski segja að það sé ákveðin þróun og það felst jákvæð þróun í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar,“ þ.e. hvernig á að skipa stjórnina. — „En ég hefði gjarnan viljað eiga þetta samtal áður en ráðherra lagði frumvarpið fram. [...] Það þýðir meðal annars að breyta þarf hinum almennu lögum um opinber hlutafélög því að menn gerðu einfaldlega ekki ráð fyrir því að starfsmenn ríkisfyrirtækja ættu að hafa sjálfkrafa aðgang að stjórn Ríkisútvarpsins.“

Það er ekki verið að gera athugasemdir við að stjórnin sé skipuð með þeim hætti heldur spurt hvort gera þurfi einhverjar frekari breytingar á lögum til að svo gæti orðið.

„Það er sem betur fer líka búið að takmarka það í þessu máli. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt“ í stjórn Ríkisútvarpsins, bætir hv. þáverandi þingmaður við.

„Það er ekki hlutverk [Ríkisútvarpsins] að vera framlenging á pólitískum ráðherra, hver sem hann er hverju sinni [...] Ég er ekki að segja að stjórnin eigi ekki að hafa einhverjar hugmyndirnar um hverjar stóru línurnar eru. Stjórn Ríkisútvarpsins á að hafa skoðun á því að efla og auka hlutdeild sjálfstæðra framleiðenda í dagskrá þess.“

Hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra tekur þannig ít-rekað undir þá skoðun sem kemur fram í frumvarpinu og álit allsherjar- og menntamálanefndar um það hvernig eigi að skipa á stjórnina.

Hv. þm. Sív Friðleifsdóttir segir í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Virðulegur forseti. Á þeirri mínútu sem ég á eftir vil ég sérstaklega áréttá að ég tel mikilvægt að við klárum þetta mál í þinginu núna. Ég tel ómögulegt að láta það bíða til næsta kjörtímabils, það er fráleitt. Við eigum að klára þetta núna. Það er búið að vinna málið vel, þetta mun bæta rammann utan um RÚV, en mun líka stórbæta aðstæður annarra fjölmiðla.“

Svo mörg voru þau orð hjá stjórnarandstöðupingmanninum þá, hv. þm. Sív Friðleifsdóttur. Hæstv. núverandi ráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson, sem er sárt saknað í þingsalnum, fjallaði einnig um Ríkisútvarpið, reyndar á aðeins öðrum nótum og það kann að útskýra líka hvers vegna framsóknarmenn hafa nú snúist á sveif með sjálfstæðismönnum í því að stjórnmalavæða stjórn Ríkisútvarpsins. Sem þingmaður vill hann gjarnan skipta sér af því hvernig Ríkisútvarpið starfar. Það kom glögglega fram í máli hans. Eftirfarandi kom fram í ræðu hæstv. núverandi ráðherra Sigurðar Inga Jóhannssonar um starf Ríkisútvarpsins, hvernig Ríkisútvarpið starfaði og hvernig hann telur að það eigi að starfa, með leyfi forseta:

„Ég vil taka eitt lítið dæmi því það er mér mjög nærtækt. Fyrir kjördæmisþing okkar framsóknarmanna sem haldið var 12. janúar var tilkynning send til ríkisfjölmiðanna um að til stæði að halda þing sem á bilinu 400–500 manns mundu sækja, til þess að raða á lista hjá stjórnmalafli sem þá mældist næststerkast í því kjördæmi. Það mætti enginn frá Ríkisútvarpinu. Ekki nokkur maður.“

Þetta sagði hv. þingmaður og núverandi hæstv. ráðherra, þ.e. gagnrýni hans á Ríkisútvarpið var sú að enginn mætti á kjördæmisþing Framsóknarflokksins sem þá mældist býsna stór í skoðanakönnunum. Skoðanir sem þessar á almannaútvarpi og ríkisútvarpi hélt maður satt að segja að hefðu fallið

fyrir borð fyrir löngu en þær eiga enn upp á pallborðið eins og ég hef vitnað til í ræðum manna og þær eiga enn upp á pallborðið í frumvarpi sem hæstv. mennta- og menningar- málaráðherra Illugi Gunnarsson flytur hér, frumvarpi sem dettur einhvern veginn af himnum ofan, frumvarpi sem enginn hefur kallað eftir og enginn beðið um. Það er enginn að reka á eftir þessu. Það er engin knýjandi þörf á því að skipa með pólitískum hætti í stjórn Ríkisútvarpsins. Hvaðan kemur sú þörf? Hvers vegna í ósköpunum gat hv. þingmaður ekki varast þau víti sem samráðherrar hans höfðu gert með allskuggalegum málflutningi sínum vikuna þar á undan og einfaldlega haft hljótt um sig þetta sumar og ekki komið með nokkur mál inn í þingið frekar en þetta?

[19:09]

#### **Ragnheiður Ríkhardsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða yfirferð yfir umræðu um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, á síðasta þingi.

Mig langar að spyrja hann vegna þess að hér er lagt til að breyta 9. gr. um skipan stjórnar RÚV.

Stjórn RÚV eins og hún er í dag er skipuð eftirtöldum aðilum, með leyfi forseta: Björg Eva Erlendsdóttir formaður, Margrét Frímansdóttir varaformaður, Magnús Geir Þórðarson, Halldór Guðmundsson og Magnús Stefánsson. Í dagblaði ekki alls fyrir löngu nefndi hv. leikstjóri Ragnar Bragason, þegar þessi stjórn var skipuð, að í henni sæti einn faglegur aðili og það væri Magnús Geir Þórðarson.

Mig langar hins vegar að spyrja hv. þm. Björn Val Gíslason hvort hann telji að sú stjórn sem skipuð var með þessum hætti, og henni fylgja síðan varamenn sem ég ætla ekki að nefna hér, hafi ógnað sjálfstæði Ríkisútvarpsins, hvort þarna sé á ferðinni fólk sem hafi ólíka þekkingu, ólíka hæfni og ólíka reynslu. Ef ástæða þótti til að breyta stjórn Ríkisútvarpsins samkvæmt 9. gr. — ef ég man rétt þá var ég ein þeirra sem ræddu það og þótti sérkennilegt að tilnefna þessa valnefnd þegar það var gert — langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann telji að núverandi stjórn eins og hún var skipuð, þ.e. fólk með ólíka þekkingu, ólíka hæfni og ólíka reynslu, hafi ógnað sjálfstæði stofnunarinnar. Þó vita menn mætavel hverjir eru þar inni og hverra pólitísku skoðana þeir voru.

[19:11]

#### **Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég verð að segja eins og er að þetta er líklega með ósmekklegru athugasemdum sem hafa komið í þinginu alllengi. Hér er lesinn upp nafnalisti stjórnar Ríkisútvarpsins og spurt: Er það þetta fólk, er þarna kannski komin ástæðan fyrir þessu frumvarpi?

Var þetta rætt á þessum nótum í þingflokki Sjálfstæðisflokksins? Það er þetta fólk, það er þessi nafnalisti, þess vegna þurfum við að breyta lögum um stjórn Ríkisútvarpsins.

Þetta er algerlega makalaust innslag í umræður um ríkisútvarp í almannabágu og hvernig á að skipa í stjórn þess. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir að innslag af þessari tegund, af þessu eðli skuli berast hingað upp í ræðustól af jafn vönduðum þingmanni og þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins er, hv. þm. Ragnheiði Ríkhardsdóttur.

Þetta snýst ekki um þessa einstaklinga, ekki af minni hálfu. Þetta snýst ekki um þetta fólk eða hvernig stjórnin var skipuð. Þetta snýst að mínu mati um pólitísk fingraför, pólitískar áherslur menntamálaráðherra. Það er ekki góð reynsla af því enn sem komið er. Hann hefur aðeins skipað eina stjórn hingað til, hún kemur öll úr innsta kjarna flokksins. Þetta snýst um það. Þetta snýst ekki um þá einstaklinga sem þarna eru, hvort þeir eru hæfir, hvort þeir ógna Ríkisútvarpinu eins og hér var gefið til kynna.

Ég frábið mér að þurfa að ræða málið á þessum nótum. Við skulum ræða um það á efnislegum nótum, um frumvarpið sjálft, hvert markmiðið með því er og til hvers á að skipa stjórn í Ríkisútvarpið og hvert hlutverk stjórnarinnar er en ekki um einstaklingana sem þar eru. Þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér í þessum sal.

[19:13]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):

Virðulegur forseti. Stjórn RÚV þekja flestir. Í henni sitja þessir einstaklingar og þeir voru skipaðir. Það var ekki með nokkrum hætti af minni hálfu verið að veða að þessari stjórn. Ég hef akkúrat ekkert út á hana að setja, akkúrat ekki neitt. Ég held að hún hafi staðið sig ágætlega þann tíma sem hún hefur setið þannig að ég frábið mér það að ég sé með eitthvert sérstakt eðli í þá veru að varpa rýrd á störf þessa fólks. Ég er ekki að því. Ég tel að þarna inni sé fólk með ólíka þekkingu, ólíka hæfni og ólíka reynslu og hafi starfað vel.

Ég spurði vegna þess að hv. þingmaður sagði að sú breyting sem hæstv. menntamálaráðherra leggur til hér og nú ógni og geti verið ógn við sjálfstæði stofnunarinnar sökum pólitískra fingrafara. Þess vegna spurði ég hv. þingmann hvaða undanfarir hann teldi að væri á þeirri skipan sem verið hefur undanfarið og var með þessari stjórn RÚV, sem ég ítreka að ég set ekki út á, tel að hún hafi starfað með þryði þau ár sem hún hefur verið, og þessari breytingu. Af hverju telur hv. þingmaður að það frumvarp sem hæstv. menntamálaráðherra leggur fram hér og nú ógni sjálfstæði stofnunarinnar sem slíkrar?

[19:15]

#### Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég tel að það ógni sjálfstæði stofnunarinnar þegar hún heyrir orðið beint undir menntamálaráðherra, þ.e. hvernig hún er skipuð, og fari undir hans borð, sama borð og þetta frumvarp dúkkaði upp á og enginn veit hvaðan kom. Þannig tel ég að vegið sé að sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Ég ætla bara að rifja það upp sem ég gerði hér áðan og margoft hefur komið fram í umræðunni og það er hvernig stjórn Ríkisútvarpsins er skipuð núna. Formaður er tilnefndur af ráðherra og stjórnarmaður, sem Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins kjósa úr sínum röðum, er með málfrelsi og tillögurétt. Aðrir stjórnarmenn skulu tilnefndir af valnefnd sem Bandalag íslenskra listamanna, samstarfsnefnd háskólastigsins og allsherjar- og menntamálanefnd þingsins tilnefna fulltrúa í. Farið er breitt yfir sviðið. Það er ekki pólitískur ráðherra sem skipar flokksmenn sína þangað inn eins og hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra ætla sér að gera.

Það sem ég gerði athugasemdir við í fyrra andsvari hv. þingmanns og þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins var að hún skyldi lesa hér upp nafnalista þeirra sem sitja nú í stjórn Ríkisútvarpsins og segja síðan: Það vita allir hvaða pólitísku skoðanir þetta fólk hefur. Það er þá þess vegna sem þetta er gert enda spurði ég áðan í svári við andsvari: Var þetta rétt á þessum nótum í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, vegna þeirra einstaklinga sem nú sitja í stjórn Ríkisútvarpsins og allir vita hverra pólitísku skoðana eru? Það er þá búið að varpa nýju ljósi á þetta mál og hvernig það í ósköpunum datt ofan á borð hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra úr lausu lofti, eitt af hans fyrstu málum, og hvaðan það er þá komið.

[19:17]

#### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Tvenn rök hafa verið notuð til stuðnings þessu frumvarpi. Annars vegar að þetta sé lýðræðisleg breyting og hins vegar breyting í átt til gagnsæis. Mér finnst leiðinlegt að þurfa að fræða hæstv. menntamálaráðherra um eðli lýðræðis en í lýðræðishugmyndum almennt er jafnan talað um þrískiptingu eða jafnvel fjórskiptingu valdsins. Það er löggjafarvaldið, dómsvaldið, framkvæmdarvaldið og síðan fjórða valdið, sem eru fjölmiðlar. Hlutverk fjölmiðla í þessari þælingu um fjórveldi er að þeir séu gagnrýnir á stjórnvöld. Það er ekki átt við að fjölmiðlar séu lýðræðislegir í þeim skilningi að þeim eigi að vera stjórnað af meiri hluta þings. Það er fáránlegt, með fullri virðingu, virðulegi forseti. Það er algjörlega á skjön við allar lýðræðislegar hugmyndir um eðli og starf fjölmiðla.

Það að kalla breytinguna lýðræðislega sýnir lítið annað en einhvers konar vanskilning á efninu. Ef hæstv. menntamálaráðherra hefði ætlað sér að gera ferlið gagnsærra hefði hann getað mælt fyrir um að hafa t.d. opnar fundargerðir eða eitthvað því um líkt, sé það enn þá gert. Þá mætti t.d. hafa upptökur, ýmist hljóð- eða myndupptökur eða hvort tveggja af fundum. Ýmislegt slíkt er hægt að gera í þágu gagnsæis en það er ekki gagnsætt heldur skammarlegt að stjórnmalavæða fjölmiðil, fjórða valdið. Það væri hlægilegt ef það væri ekki svona sorglega.

Eitt sem mér finnst sorglega en þetta er að maður tekur eftir því að stjórnarliðar virðast ekki hafa mikinn áhuga á þessari umræðu. Í það minnsta hafa þeir ekki tekið mikinn þátt í því að reyna að koma með fleiri rök fyrir þessari breytingu, vegna þess að þau hljóta að vera til, er það ekki? Þau hljóta að vera til en þau heyrast ekki.

Það virðist vera óumdeilt að þingmenn vilji fjölbreytt val á fólk í stjórn RÚV. Allt í lagi, þá hefði verið hægt að koma með fleiri hugmyndir í þeim efnunum og ganga lengra í þá átt sem var farið í núna í vor. Það hefði mátt stinga upp á Blaðamannafélagi Íslands eða Hinu íslenska bókmenntafélagi eða einhverjum fleiri félögum eða aðilum sem koma að menningu og fjölmiðlastarfi á Íslandi til þess að taka þátt í útnefningu á stjórn. En að lýðræðisvæða hana með því að setja inn pólitísk áhrif er á skjön við lýðræðið. Það er andlýðræðislegt ef eitthvað er. Það verður eiginlega ekki mikið andlýðræðislega. Maður gæti spurt hæstv. menntamálaráðherra: Í hvaða löndum ákveða stjórnmalamenn hvernig fjölmiðlun sé háttáð? Hvern langar að nefna þau lönd? Virðu-

legi forseti. Ég ætla ekki að gera það af virðingu við þingið og hæstv. menntamálaráðherra.

Þegar kemur að því hvort núverandi stjórn sé einhvers konar ógn við ristjórnarlegt sjálfstæði þá er ég svolítið sammála því að það sé óviðeigandi umræða að tala um þá stjórnarmenn sem sitja nú, mér finnst það óviðeigandi, en mig langar samt til að svara spurningunni og svarið er: Ég veit það ekki. Ég veit ekkert um það hvernig aðkoma núverandi stjórnar er að fjölmiðlaumhverfinu en ég veit að ef ég væri blaðamaður hjá Ríkisútvarpinu mundi ég ekki vilja spyrja mig þeirrar spurningar enda ætti þess ekki að þurfa.

Leiðin í lýðræðisátt er lengra í áttina að því sem var gert hér í vor með núgildandi lögum. Leiðin að meira gagnsæi er sú að auka aðgengi að fundargerðum og ákvarðanatöku almennt. Þannig fer maður í átt til lýðræðis, í átt til gagnsæis. Þetta er ekki lýðræði. Þetta er pólitík og til skammar.

[19:22]

### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég, eins og margir sem hafa rætt um þetta mál í dag, er mjög undrandi á að það skuli vera komið fram með þessum hætti á sumarþingi. Sumarþing notar ný ríkisstjórn yfirleitt til að setja fram helstu áherslumál sín sem hún telur að þoli enga bið, mál sem menn telja svo brýn að koma þurfi þeim strax í gegn. Þá hefði ég haldið að menn hefðu einbeitt sér að málum sem væru nær því sem þeir höfðu lagt til í kosningabaráttunni eins og málefnum heimilanna. Þeir hafa lagt fram þingsályktunartillögu sem er eins konar óskalisti. Eitt atriði af þeim tíu sem þar eru nefnd er hefur verið lagt fram sem þingmál, og það var sköruglega gert af hæstv. innanríkisráðherra, um flýtimeðferð dómsmála. Annað hefur ekki komið hér inn. En svo ákveða menn að nota þetta sumarþing til að drífa í gegn breytingu á lögum um Ríkisútvarpið til að koma því þannig fyrir að fara í sama gamla farið þar sem hlutfall stjórnmálaflokka á Alþingi réð samsetningu á stjórn Ríkisútvarpsins.

Ég er mjög undrandi á þessu máli og ég er líka undrandi vegna þess að Framsóknarflokkurinn stóð með fyrrverandi ríkisstjórn að breytingum á lögum um Ríkisútvarpið og hann stóð með þeim breytingum sem hér er verið að taka til baka. Mig undrar mjög að menn skyldu þá líta svo á að þetta mál þyrfti sérstaka flýtimeðferð í gegnum þingið á sumarþingi sem iðulega er það stutt að venjulegir frestir til umsagna nást ekki.

Ég sakna þess að framsóknarmenn skuli ekki taka þátt í umræðunni til að segja okkur hinum sem unnum með þeim að breytingum á lögumum fyrir nokkrum mánuðum hvers vegna þeir telja núna að málið sé svo mikilvægt að það þoli enga bið og þurfi að fara í gegn á sumarþinginu.

Hæstv. forseti. Ég kalla eftir því að þau sjónarmið komi fram. Hvað breyttist og hvers vegna?

Virðulegi forseti. Í gegnum tíðina, í þau tíu ár sem ég hef setið á Alþingi, hefur umræðan um Ríkisútvarpið verið mikil, við höfum átt margar stundir í þessum sal þar sem við höfum rætt Ríkisútvarpið og þá kannski ekki síst þá stöðu sem stjórn þess hefur haft samkvæmt gildandi lögum hverju sinni. Fyrirkomulagið hefur nefnilega verið umdeilt mjög lengi, það fyrirkomulag sem var áður en fyrrverandi ríkisstjórn gerði þær breytingar sem núna er verið að taka

til baka, að láta stjórnina endurspegla kjörna fulltrúa á Alþingi hverju sinni.

Breytingin nú er umdeild vegna þess að hún er ekki lýðræðisleg, eins og hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson kom inn á á undan mér. Hún er ekki lýðræðisleg þegar við horfum til þess að Ríkisútvarpið eigi að vera sjálfstæð stofnun. Það er ekki þannig að eftir kosningar til Alþingis eigi bara að taka samfélagið og skipta því upp eftir hlutfallstölum og niðurstöðum alþingiskosninga. Það er ekki þannig. Það er ekki það sem beðið er um. Samfélagið kallar ekki á það. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var ekki kallað á að samfélagið væri þannig heldur var þvert á móti talað fyrir því og bent á að við þyrftum að fara nýjar leiðir til að tryggja sjálfstæði stofnana og fjölmiðla ekki síst.

Virðulegi forseti. Þess vegna er ég mjög undrandi á þessu. Frumvarpið sem hér er komið fram er mjög slæmt að mjög mörgu leyti vegna þess að breytingin sem gerð var með nýjum lögum í mars síðastliðnum fól í sér að farið var frá því fyrirkomulagi að hafa fimm manna stjórn, sem var í raun bara rekstrarstjórn, kom ekki nálægt neinu dagskrárvaldi, yfir í stærri stjórn þar sem inn kæmu ólík sjónarmið frá Bandalagi Íslenskra listamanna, frá háskólasamfélaginu, frá ólíkum aðilum, líka Alþingi. Það var ekki verið að slíta nein tengsl þar á milli, kjörnir fulltrúar Alþingis áttu líka að koma að ákvörðunum um þetta. Farið var yfir í stærri stjórn sem hefði meira um stefnumörkun Ríkisútvarpsins að segja. Með öðrum orðum að hleypa almenningi og almannasamtökum betur í stjórnina auk þess sem langþráð markmið starfsmanna Ríkisútvarpsins náðist með því að þeir fengu mann í stjórn.

Frá þessu á núna að hverfa og ekki aðeins að fara til þess tíma sem var fyrir gildistöku laganna sem menn eru að gera breytingar á heldur enn lengra aftur. Menn ætla að skipa stjórn með þeim hætti að hún endurspeglir hlutföll á Alþingi. Hún á ekki að vera einungis rekstrarstjórn eins og var heldur er hún líka komin í stefnumörkun dagskrár og annarra þátta innan Ríkisútvarpsins.

Virðulegi forseti. Hún hræðir mig, sú hugsun að þetta sé í lagi. Leiðangurinn sem var farið af stað í og þingmenn allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins studdu á síðasta þingi var sá að fara langan veg frá þessum vinnubrögðum og inn í nýja tíma þar sem stjórnmöld opnuðu fadmann, gæfu starfsmönnum, almannasamtökum og aðilum sem ella hefðu ekki haft neina aðkomu að starfsemi Ríkisútvarpsins, tækifæri til að koma þarna að til að tryggja fagmennsku. Það var það sem vakti fyrir fólki með breytingunum, öllum stjórnmálaflokkum nema Sjálfstæðisflokknum sem studdi ekki þá tillögu, en hann greiddi ekki atkvæði gegn þessu nema þeir þingmenn hans, restin sat hjá. Það var meginsteftna Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili.

Virðulegi forseti. Ég skil ekki hvert hæstv. ráðherra er að fara með þessu. Ég reyndi að hlusta vel eftir því hvað hann sagði í ræðu sinni þegar hann flutti þetta mál. Þá heyrðist mér þetta aðallega hafa verið þannig að hann hafi verið byrjaður að fá tilnefningar í valnefndina inn á sitt borð frá hinum faglegu aðilum utan þings og það hafi slegið um hann köldum svita yfir nöfnunum sem hann fékk. Ég heyrði ekki betur en að hann nefndi nafn Kolbrúnar Halldórsdóttur, fyrrv. alþingismanns, þó nokkrum sinnum í andsvörum eftir framsöguræðu sína. Ekki var annað að

heyrta en að það væri hugsanlega rótin að því að menn þyrftu að gera róttækar breytingar á fyrirkomulaginu.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki hugsunarháttur sem sémir Alþingi. Þetta er ekki hugsunarháttur sem sémir nútímanum. Bandalag íslenskra listamanna tilnefnir fulltrúa í valnefnd og hvað gerist? Ráðherrann sér nafnið, fær hroll og gerir lagabreytingu. Er það það sem er í gangi hérna? Ég velti því fyrir mér út frá orðum hæstv. ráðherra og það vekur mér ugg. Mér finnst þetta sjónarmið líka kristallast í ummælum þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur áðan í andsvörum við hv. þm. Björn Val Gíslason; menn eru að taka með þeim hætti nöfn inn í umræðuna.

Nöfnin sem hæstv. ráðherra nefndi síðan og sú stjórn sem þar var skipuð, ég veit ekki betur en að þau hafi verið valin með gömlu aðferðinni sem menn ætluðu ekki að beita aftur. Við vorum að fara í allt aðra átt en það á ekki einu sinni að leyfa lögnum að sanna gildi sitt, ekki einu sinni að prófa í eitt skipti, láta reyna á nýja fyrirkomulagið. Nei, þetta er neyðarástand og við þurfum að koma með frumvarp til laga inn á Alþingi strax til að gera á þessu breytingar og það má alls ekki gerast að starfsmenn, hvað þá einhverjir fagmenn úti í bæ, séu að skipta sér af Ríkisútvarpinu. Það er viðhorfið á bak við þetta. Það er að mínu mati afar sorglegt viðhorf.

Hér er verið að draga gamla tímann aftur upp á dekk þar sem menn vilja hafa stjórn á öllu. Síðustu fjögur ár hafa verið Sjálfstæðisflokknum erfið, ég veit það, við vitum það öll. Þeim hefur þótt óþægilegt að hér hafa menn verið að gera breytingar sem eru að mínu mati til lýðræðislegra umbóta í íslensku samfélagi. Það hefur mönnum þótt óþægilegt. Gamli tíminn var miklu þægilegri þar sem Flokkurinn með stóru F-i réði þessu. Nýtt fyrirkomulag þar sem leyfa á fólki og aðilum utan húss að koma að og hafa eitthvað um opinberar stofnanir að segja er líklega erfitt fyrir flokka sem eru kannski — ja, hvað skulum við segja, reknir af meira stjórnlyndi en af frjálslyndi vinstri vængsins.

Það má ekki vera þannig að við látum stjórnast eða taka ákvarðanir út frá því sem við teljum vonda fólkið og góða fólkið eftir því hvar menn standa í pólitík. Umræðan um málið þegar það var lagt fram endurspegladi þann hugsunarhátt.

Virðulegi forseti. Ég segi enn og aftur: Ég er mjög á móti þessari breytingu. Ég er gríðarlega á móti henni vegna þess að með henni förum við mörg, mörg ár aftur í tímann. Það er búið að gera tvær breytingar síðan þetta fyrirkomulag var við lýði. Tvær breytingar á stjórn Ríkisútvarpsins og þá ætla menn að fara aftur til síðustu aldar og fyrirkomulagsins þá. Það getur ekki boðað gæfu fyrir þessa mikilvægu stofnun fjórða valdsins að gera þetta svona.

Ég segi því, virðulegi forseti, að gegn þessari breytingu mun ég berjast af öllu afli en ég vil líka segja að ég er mjög undrandi á því hvers vegna þessi eini þáttur í lögnum var tekinn út og breytingar á honum lagðar fram með þessum hætti. Þessi eini liður. Breytingin á honum er algjörlega á skjön við markmið og markmiðsgreinar laganna sjálfra.

Það eru strax komnar mótisagnir ef frumvarpið verður að lögum vegna þess að þá er ekki hægt að halda því fram að Ríkisútvarpið sé sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu ís-

lenska ríkisins, eins og fjallað er um í 2. gr. laganna. Þá eru við sömuleiðis komin aftur á þann stað sem við ætluðum að fara frá, þar sem Ríkisútvarpið er tortryggt. Við viljum ekki fara aftur til þess tíma þegar menn tortryggja opinbera fjölmiðilinn. Við eigum öll að treysta honum. Þjóðin á að treysta opinberum fjölmiðli okkar. Þegar við tókum aftur upp fyrirkomulag síðustu aldar hverfum við frá því að byggja upp traust á fjölmiðlinum. Markmiðið með laga-breytingunni á síðasta þingi var einmitt að byggja aftur upp traust á Ríkisútvarpinu og tryggja að þjóðin treysti því sem þaðan kæmi, allir stjórnsmálaflokkar sætu við sama borð og ákveðið jafnræði ríkti.

Virðulegi forseti. Frá þessu á að hverfa og fara ekki bara aftur til fyrirkomulagsins sem var tekið úr gildi með nýju lögnum heldur enn lengra aftur þar sem enn meira stjórnlyndi og enn meiri pólitík réði för. Það kann ekki góðri lukku að stýra.

Ég get ekki annað en nefnt það líka, verandi í ræðustól þar sem ég hef farið yfir hversu undrandi ég er á því að þetta sé málið sem menn ákveða að leggja fram á sumarþingi sem sé svo brýnt að það megi ekki bíða og ekki megi leyfa nýju fyrirkomulagi að taka gildi, að það er mjög margt á þeim málalistum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram sem kemur mér á óvart. Þeir hafa lofað öllu fögru til heimilanna í landinu en leggja síðan mesta áherslu á að fara aftur til síðustu aldar með stjórn Ríkisútvarpsins, stjórnsmálavæða Ríkisútvarpið, eins og hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson kallaði það áðan og mér fannst ágætlega orðað, og síðan að helminga veiðigjöld.

Þetta eru aðaláherslumál ríkisstjórnarinnar. Þetta eru málin sem eru svo brýn að leggja þarf nótt við nýtan dag til að koma þeim í gegn á sumarþingi án þess að þau fái einu sinni almennilega umfjöllun heldur á að keyra þau hratt í gegn. Áherslan sem lögd er á þessi tvö mál segir okkur mjög mikið. Hún segir okkur mikið um þá ríkisstjórn sem núna er tekin við. Ríkisstjórn stjórnlyndis og ríkisstjórn þjónkunar við sérhagsmunum.

Virðulegi forseti. Ég tel þess vegna að þetta frumvarp eigi að bíða, ekki eigi að keyra það í gegn á þessum hraða, alls ekki. Það verður að geyma frumvarpið og fara betur yfir það ef menn hafa eitthvað út á fyrirkomulagið að setja. Er ekki eðlilegra að fá einhverja reynslu á nýja fyrirkomulagið fyrst, þannig að hægt sé að dæma það út frá því? Það er ekki hægt vegna þess að engin reynsla er komin á það að leyfa starfsmönnum að eiga fulltrúa í stjórn, sem þeir hafa kallað eftir lengi, og óska eftir því að háskólasamfélagið og listamenn í landinu, Bandalag íslenskra listamanna, komi líka að vali á fulltrúum.

Það hefur ekkert reynt á þetta og að kalla það fyrirkomulag andlýðræðislegt eins og nánast er gert hér í greinargerð með frumvarpinu — það er ekki sagt beinum orðum en gefið í skyn — er sjónarmið sem ég get alls ekki fallist á. Þó að kosið sé til Alþingis er þjóðin ekki að kjósa hlutfallslega skiptingu á öllum stofnunum í samfélaginu. En Sjálfstæðisflokkurinn ætlar núna að sýna að hann er komin aftur og nú á að byrja að endurstilla samfélagið að nýju. Endurstilla samfélagið eins og það var og eins og þeim finnst að það eigi að vera. Þetta frumvarp ber þess öll merki og röksemdirnar í greinargerð með því.

Ég er ósammála þeim rökum. Við stjórnmalamenn erum kosin á Alþingi en við eigum líka að bera ákveðið skynbragð á það hvernig best er að setja lög, lög þar sem almenningi og öðrum stofnunum utan þings er líka treyst til verka. Það er gert í núgildandi lögum um Ríkisútvarpið. Í þeim köllum við eftir sjónarmiðum háskólasamfélagsins, sjónarmiðum starfsmanna og listamanna í landinu. Það er líka verkefni okkar sem kjörin eru til Alþingis en ekki bara að segja: Nú er þessi flokkur með 24% og þessi með 26% og nú á samfélagið að taka mið af því að öllu leyti.

Auðvitað ekki. Við eigum að setja lög og við eigum að kalla fólk til verka og það var gert með lagasetningunni sem menn ætla núna að taka úr sambandi. Það eru margar spurningar í þessu máli sem ég vil fá svör við og þá kannski ekki síst frá framsóknarmönnum. Hvað breyttist, af hverju er þetta neyðarmál, af hverju er þetta tekið fram yfir hagheimilanna og kosningaloforð um málefni heimilanna? Af hverju? Hvað hefur breyst frá því að framsóknarmenn tóku þátt í þeirri vinnu sem skilaði okkur þessum lögum og ákvæði um skipun stjórnar sem menn ætla nú að kippa úr sambandi?

Mér finnst það vera stóra spurningin. Rökin fyrir því af hverju ekki er komið inn á þing með málin tíu á þingsályktunartillögum um málefni heimilanna eru þau að menn verði að vanda til verka, eitthvað geti orkað tvímælis eða ekki staðist stjórnarskipunarlög eða annað slíkt. Samt geta menn komið með svona mál sem er algjört afturhvarf til síðustu aldar og flókin mál eins og helmingun á veiðigjöldum þar sem menn eru ekki aðeins að afsala ríkinu tekjum upp á 6,5 milljarða á ári heldur eru líka að breyta flóknum útfærslum. Það er ekkert mál, þá þarf ekki að velta fyrir sér stjórnarskipunarlögum eða tíma eða umsagnarfresti eða neinu slíku þegar kemur að aðalmálunum.

Það æpir á mann hver forgangsöröðun þessarar ríkisstjórnar er. Ég get ekki annað sagt en að mér mislíkar hún. Mér finnst þetta mál sem við ræðum hér bera öll merki stjórnlýndis sem ég sjálf aðhyllist ekki í pólitík. Við eigum frekar að vera á þeim stað þar sem við opnum samfélag okkar. Við eigum að kalla eftir lýðræðislegri umræðu, við eigum að vera óhrædd við að taka hana. Við eigum að vera óhrædd við að skjóta málum til þjóðarinnar í auknum mæli, kalla eftir sjónarmiðum ólíkra aðila sem hafa bundist samþökum með skipulögðum hætti í samfélagi okkar og kalla eftir sjónarmiðum þeirra við t.d. stjórn stofnana og stjórn samfélagsins. Samfélagið er ekki bara stjórnmalaflokkar þó að til Alþingis sé kosið og þar fáist ákveðin hlutfallsleg niðurstaða. Mér finnst að öllu leyti óeðlilegt að sú hlutfallstala sé tekin og menn ætli núna að yfirfæra hana meira eða minna yfir á samfélagið. Það er bara ekki rétt hugsun.

Virðulegi forseti. Ég læt hér staðar numið og segi enn og aftur: Ég er afar undrandi á þessu, ég er afar ósátt og ég ætla að skora á hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra að draga í land með þetta mál, bíða með það. Hann getur þá komið með frumvarpið aftur í haust þannig að það fái eðlilega umræðu en komi ekki inn í einhverja flýtimeðferð á sumarþingi.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 19:45.

## 12. FUNDUR

Þriðjudaginn 25. júní,  
kl. 1.30 miðdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Bygging nýs Landspítala (sérstök umræða).
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 32, 33, 34 og 35. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 25 og 30. — Frh. 2. umr.
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, brtt. 36. — 3. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Arni Páll Árnason, 4. þm. Suðvest.  
Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. n.  
Bjarni Benediktsson fjmhr., 1. þm. Suðvest.  
Brynjar Níelsson, 5. þm. Reykv. n.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.  
Óttarr Proppé, 11. þm. Reykv. s.  
Róbert Marshall, 6. þm. Reykv. s.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm. Suðurk.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, 3. þm. Suðurk.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.  
Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.  
Vilhjálmur Bjarnason, 9. þm. Suðvest.  
Willum Þór Þórsson, 5. þm. Suðvest.

### Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá 26. fundi bæjarstjórnar Norðurþings.

### Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Borist hefur bréf frá 4. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, um að hann geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í kjördæminu, Edward H. Huijbens. Kjörbréf Edwards hefur áður verið rannsakað og samþykkt.

Edward H. Huijbens hefur ekki tekið áður sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Edward H. Huijbens, 4. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[13:32]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Edward H. Huijbens hefur undirritað drengskaparheit að

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. löggjafarþing).

stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

### Störf þingsins.

[13:32]

#### Elín Hirst (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka til umræðu í dag, undir liðnum Störf þingsins, svarta atvinnustarfsemi á Íslandi. Tilefnið er skýrsla sem nýlega kom út á vegum Eurofund en það er stofnun á vegum Evrópusambandsins sem við eigum aðild að sem EFTA-ríki. Þar er lagt mat á hversu umfangsmikið vandamál svört atvinnustarfsemi er hér á landi og hvernig best sé að bregðast við.

Í skýrslunni kemur fram að svört atvinnustarfsemi á Íslandi nemi um 15% af vergri þjóðarframleiðslu á ári en það eru hátt í 300 milljarðar kr. á ári. Fyrir þá peninga væri hægt að gera mjög margt, t.d. að byggja nýjan Landspítala en áætlað er að hann kosti á milli 70 og 80 milljarða kr.

Bæði lækkun skatta og einföldun skattkerfisins er á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar. Einhver besta leið til að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi er einmitt sú að skattar séu ekki of þyngjandi og regluverkið ekki of lökið.

Í skýrslunni eru íslensk stjórnvöld gagnrýnd fyrir að bjóða ekki upp á fleiri leiðir fyrir þá aðila sem vilja komast út úr svartri atvinnustarfsemi og bæta þannig ráð sitt. Það er mikilvægt að höfða til samvisku fólks í þessu máli því að flestallir vilja standa heiðarlega að lífi sínu og ekki þannig að fjármunirnir renni ofan í hið svarta hagkerfi í stað þess að samfélagið njóti góðs af í skynsamlegum mæli. Svört atvinnustarfsemi skerðir líka stórlega samkeppnishæf fyrirteki sem vilja starfa heiðarlega gagnvart svörtu saudunum.

Velflest okkar hafa einhvern tíma tekið þátt í svartri atvinnustarfsemi með einum eða öðrum hætti. Menn hugsa sem svo: Hvað geta nokkrir þúsundkallar skipt máli til eða frá? En margt smátt gerir eitt stórt og andvirði sem er á við byggingu fjögurra nýrra Landspítala á ári er svo sannarlega engin skiptimynt.

[13:34]

#### Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ekki eru margir dagar frá því að valið var í þingnefndir og umræður urðu um kynjaskiptingu hér í þingsal og annars staðar; og ekki að ástæðulausu því að við leyfum því skammarlega að gerast aftur og aftur að á annað kynið hallar í þingnefndum. Af hverju voru kynjahlutföll í alþjóðanefndunum ekki lagfærð og leiðrétt um leið og kynjahlutföll í öðrum nefndum voru leiðrétt?

Alþingi Íslendinga sendi þrjá karla á sumarþing Evrópuráðsins og það er klárt brot á reglum um kynjakvóta. Þetta er lítið alvarlegum augum enda eiga kynjahlutföllin samkvæmt reglum Evrópuráðsins að endurspegla hlutfall þeirra í þjóðþingunum eða í versta falli að ein kona sé með í för. Á morgun verður úrskurðað um það hvort íslenska sendinefndin verði send heim með skottið á milli lappanna vegna brota á reglum ráðsins.

Í leiðara *Fréttablaðsins* í dag er fjallað um þetta mál undir yfirskriftinni „Kvenmannslausir karlar ávítir“. Er



nema von að leiðarhöfundur spyrji hverju það sæti að Íslendingar hunsi reglur Evrópuráðsins, eða eins og fram kemur í leiðaranum, með leyfi forseta:

„Skilaboðin sem svona klúður sendir umheiminum eru nefnilega eingöngu þau að Íslendingar séu dónar sem kunna sig ekki og láta sig engu varða hvaða reglur gilda í þeim fjölbjóðlegu samtökum sem þeir þó enn þá eru meðlimir í.“

Tökum nú höndum saman og finnum leiðir til að koma í veg fyrir svona klúður. Stjórnarflokkarnir hafa afl til að skipa bæði karl og konu í þingnefndir og þeir ættu að hafa með sér samráð um kynjaskiptingu í alþjóðanefndum með færri fulltrúum. Getum við ekki sameiginlega fundið einhverja slíka ferla til að koma í veg fyrir að við verðum okkur til skammar?

[13:36]

### **Björn Valur Gíslason (Vg):**

Virðulegur forseti. Það er afar mikilvægt að mínu viti að öll störf þingsins séu hafin yfir vafa. Leiki einhver vafi á um persónulega hagsmuni beri að taka á þeim málum af hálfu þingsins ef þingmenn sjálfir finna það ekki hjá sér.

Atvinnuveganefnd hefur til umfjöllunar afar stórt og mikið mál þessa dagana, þ.e. lækkan veiðigjalds þar sem hagsmunir bæði ríkisins og fyrirtækja í sjávarútvegi hlaupa á milljörðum sem og einstaklinga í sjávarútvegi. Af þessum ástæðum lagði ég fram eftirfarandi bókun á fundi atvinnuveganefndar í morgun, með leyfi forseta:

„Í ljósi persónulegra hagsmuna nefndarmanna í atvinnuveganefnd við afgreiðslu frumvarps um breytingu á lögum um veiðigjöld vil ég að eftirfarandi komi fram:

Ég tel ekki fara vel á því að þingmenn sem hafa ríka persónulega hagsmuni af málum sem þingið hefur til umfjöllunar taki þátt í umræðum og afgreiðslu um þau mál í nefndum þingsins. Með því er sáð efasemdum um hagsmunaaðreksu viðkomandi þingmanna sem varpað geta rýrð á störf nefnda og þingsins við vinnslu og afgreiðslu mála. Auðveldlega má komast hjá slíku með því að nefndarmenn víki sæti við umfjöllun og afgreiðslu mála sem þeim tengjast.“

Ég mun senda forseta Alþingis erindi í kjölfar þessarar bókunar og óska eftir því að hann taki þetta mál til umfjöllunar með það í huga að bregðast við með hagsmuni Alþingis í huga. Ég vil áréttast að ekki er um ásökun að ræða eða það að eitthvað hafi komið upp í því heldur áréttast að slíkar grunsemdir vakni ekki vegna augljósra persónulegra hagsmuna líkt og er í þessu máli í atvinnuveganefnd.

[13:39]

### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Að gefnu tilefni vill forseti vekja athygli á því að strangar reglur gilda um hagsmunaskráningu þingmanna, strangari reglur en almennt gilda í samfélaginu. Það er eðlilegt og þingmenn hlíta því. Að öðru leyti er það öllum hv. þingmönnum kunnugt að almennar vanhæfisreglur gilda ekki um þingmenn enda vandséð með hvaða hætti hægt væri að fylgja þeim eftir.

[13:39]

### **Rósa Björk Brynjólfsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég vil vekja máls á málaflokki sem fráfarandi ríkisstjórn, sem kenndi sig meðal annars við velferð og jafnrétti kynjanna, lagði mikla áherslu á en það er málaflokkurinn um meðferð kynferðisafbrotamála í dómkerfinu. Ég tel því mikilvæga samráðsferli fráfarandi ríkisstjórnar, sem hún kom á og stóð fyrir við alla hlutadeigandi aðila, á borð við lögreglu og hagsmunasamtök lögfræðinga, þegar kemur að meðferð kynferðisafbrotamála innan dómkerfisins, verði að halda áfram, sér í lagi nú þegar tekin er til starfa ríkisstjórn sem segir í sáttmála sínum að hún muni endurmeta þær aðferðir sem notaðar hafa verið í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna með það að markmiði að bæta árangur á sviði jafnréttismála.

Ekki hefur verið útskýrt nánar hvað ríkisstjórnin á við með þessari yfirlýsingu en það er von mín að það þýði ekki afnám þeirra góðu verka sem voru innleidd í jafnréttismálum af hálfu fráfarandi ríkisstjórnar heldur að halda áfram með þau góðu verk sem stefna þeirrar ríkisstjórnar byggði á, ríkisstjórnar sem var í fyrsta sinn skipuð tveimur stjórnarmálaflokkum sem höfðu jafnrétti kynjanna og kvenfrelsi sem undirstöðu stefnu sinnar. Ég vil sérstaklega hvetja innanríkisráðherra til að halda áfram með skýra vinnu og skýra stefnu í þessum málaflokki.

[13:41]

### **Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Það er sorglegt að hér skuli koma inn varaþingmenn sem voru þingmenn á síðasta þingi og halda uppteknum hætti hvað varðar vinnubrögð og munnsöfnuð eins og þegar þeir voru kjörmir þingmenn, en voru kosnir út 27. apríl sl. Ég harma þetta og ætla ekki að svara frekar aðdróttunum hv. þm. Björns Vals Gíslasonar í garð eins þingmanns Framsóknarflokksins því að þær eru einfaldlega ekki svara verðar.

Ég ætlaði að koma hingað upp og ræða stöðu IPA-styrkjanna. Nú er verið að fara af stað með mikla umræðu um að hér sé allt komið í biðstöðu vegna þess að nýkjörin ríkisstjórn Íslands, þjóðkjörin í síðustu alþingiskosningum, hefur lagt umsóknina til hliðar. Það á ekki að halda áfram viðræðuferli, það er klárt og hæst. utanríkisráðherra hefur tilkynnt ráðamönnum í Brussel það.

Þá komum við að þeirri hlið sem snýr að svokölluðum IPA-styrkjum. Sú sem hér stendur varaði við því allt síðasta kjörtímabil eða allt frá því að umsóknin var lögð inn að við Íslendingar ættum ekki að taka við þeim styrkjum vegna þess að óljóst væri hver vilji landsmanna væri í ESB-ferlinu. Nú hefur komið í ljós hver staða ESB-málsins er. Sá flokkur sem barðist fyrir ESB-aðild fékk rétt tæp 13% í síðustu kosningum. Á móti var Samfylkingin búin að skapa miklar væntingar í opinberum stofnunum vegna þessa fjár sem ríkisstjórnin var farin að taka við eða ætlaði að taka við í formi IPA-styrkja. Svo var þeim brögðum beitt að segja að nú væri ferlið komið svo langt og svo miklir fjárhagslegir hagsmunir væru í húfi að ekki væri hægt að hætta við ferlið.

Það er kominn tími til að stjórnarandstaðan átti sig á því að hér fóru fram alþingiskosningar 27. apríl sl. Ný stjórnvöld hafa tekið við og (Forseti hringir.) sett ESB-umsóknina á frost. Þar með hlýtur að eiga að endurskoða IPA-

styrkina sem áttu að veita (Forseti hringir.) Íslandi brautar-  
gengi inn í Evrópusambandið.

[13:43]

### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Virðulegur forseti. Ég geri að umtalsefni frétt í *Fréttablaðinu* í morgun sem var á forsiðu blaðsins. Talað var um að nýjustu rannsóknir jarðvísindamanna sýndu að aðkallandi væri að gera nýtt mat á jarðskjálftavá á Norðurlandi. Það kemur fram í þessari frétt að jarðskorpumælingar sýni spennu í Húsavíkurmisgenginu og þar sé spennan til staðar fyrir skjálfta af stærðinni 6,8.

Það er mat vísindamannsins Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, að hugsanlega þurfi að endurskoða staðsetningu kísilmálmverksmiðju á Húsavík og jafnvel að færa sjúkrahúsið á staðnum.

Þegar svona fréttir birtast í fréttablaði og löngu áður en stjórnvöldum er gerð grein fyrir þeirri vá sem jarðvísindamenn standa frammi fyrir, uppgötvu og telja skylt að komi fram, finnst mér ekki bara ástæða til að skoða þau mannvirki sem fyrirhugað er að reisa á Bakka heldur að við veltum fyrir okkur hvort og hvernig áhættumat við gerum þegar um mannvirkjaframkvæmdir er að ræða almennt. Þar sem við búum í landi sem er virkt eldfjallaland er það enn brýna fyrir okkur.

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að þessi frétt vakti með mér dálítinn óhug.

[13:45]

### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir vakti máls á rétt í þessu er rétt að taka fram að í tíð síðustu ríkisstjórnar var sett af stað heildstætt áhættumat á öllum eldfjöllum í landinu sem er rannsóknarverkefni sem tekur væntanlega 20–30 ár; þetta verðum við að gera, við verðum að gera áhættumat fyrir fram. Ofanflóðavarnir hafa verið í góðum farvegi en ég tek undir orð hv. þingmanns að öðru leyti.

Ég vil gera hér að umræðuefni stöðu rammaáætlunar í pólitískri umræðu. Það er gríðarlega mikilvægt, og ég hef hvatt til þess, að menn haldi sig við staðreyndir í þessu máli. Það er ekki svo að hægt sé að svipta til rammaáætlun þrátt fyrir að menn séu ósáttir við staðsetningu tiltekinnna virkjunarkosta, og ég vil þá nefna umræðuna um Norðlingaölduveitu.

Algerlega burt séð frá því hverjar eru skoðanir fólks á einstökum hugmyndum sem komu þar upp þá er Norðlingaölduveita í verndarflokki samkvæmt niðurstöðu og verndarflokkurinn er í sjálfu sér bara í friðlýsingarfarvegi. Hann er ekki í skoðun eða endurskoðun hjá nýrri verkefnisstjórn eins og er um alla kostina í biðflokki heldur er hann í vernd þannig að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er í framhaldi af því. Mér finnst stundum eins og þingmenn fari dálítið á sjálfstýringu í því að tala eins og við töluðum í því umhverfi þegar engin rammaáætlun var til, þegar landið var allt undir og landið var allt saman í nýtingarflokki.

Sú sátt sem var fyrir hendi um stækkun friðlandsins — hér var ekki nokkur maður sem talaði um breytingar á Norðlingaölduveitu við afgreiðslu rammaáætlunar í janúar

sem leið. Fólk var að tala um einstaka kosti í biðflokki. Það var ekki verndarflokkurinn sem var undir og allra síst var það til umræðu að taka kosti úr verndarflokki og setja í nýtingarflokk með einu pennastriki. Það er umræða sem við höfum ekkert verið í hér.

Ég vil hvetja hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna til að halda sig við það að bera virðingu fyrir því sem á undan er gengið hér og vegna þess að í umræðunni skiptir máli að við séum á sama stað.

[13:48]

### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Fyrir liggur að stefna ríkisstjórnarinnar er að afnema verðtryggingu af neytendalánnum og að breyta verðtryggtum lánnum í óverðtryggt lán eftir því sem kostur gefst. Þetta eru jafnframt skýr kosningaloforð Framsóknarflokksins sem hafa skapað miklar væntingar hjá almenningi um sanngjarnari lánaskilmála og leið út úr hinni alræmdu verðtryggingu.

Í þingsályktun forsætisráðherra, um aðgerðir vegna skuldavanda heimila, kemur þessi stefna skýrt fram og þau skilaboð hafa verið send til almennings og lánastofnana að ríkisstjórnin ætli að uppræta verðtryggingu á lánnum heimilanna.

Ég vil spyrja hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar, Frosta Sigurjónsson, hvort hann telji eðlilegt eða ábyrgt af fjármálastofnunum að halda áfram að veita verðtryggt lán við þessar aðstæður. Er ekki rétt að fjármálastofnanir hætti að veita verðtryggt lána þegar stefnt er að því að banna þau á komandi þingi?

Áætlanir ríkisstjórnarinnar hafa nú þegar skapað ákveðna óvissu, t.d. á fasteignamarkaði. Fjármálafyrirtækin sjálf gætu eytt þeirri óvissu með því að hætta að veita verðtryggt lán þó að það sé enn heimilt. Ég vil því einnig spyrja hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar hvort hann sé tilbúinn að mælast til þess að fjármálastofnanir hætti nú þegar að veita verðtryggt lán til að draga úr óvissunni sem ríkisstjórnin hefur skapað.

[13:50]

### **Frosta Sigurjónsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna. Hún var í tveimur liðum ef ég skildi rétt. Það var í fyrsta lagi um vafa á lögmæti núgildandi verðtryggðra lána — er það gott? Hv. þingmaður spyr síðan hvort ég sé sam-  
mála því að ríkisstjórnin sé að auka á óvissuna og auka á ólögmatíð. (Gripíð fram í.)

Að sjálfsögðu er stefna ríkisstjórnarinnar að vinna þetta með vönduðum hætti. Tillagan er sú að settur verði í gang sérfræðingahópur til að skoða alla anga málsins og útfæra afnám verðtryggingar á neytendalánnum sem ætluð eru til íbúðakaupa og að tillögur og tímasett áætlun liggi fyrir í árslok 2013. Það er hópsins að meta áhrif af þeim breytingum í viðum skilningi og gera tillögur til að lágmarka neikvæð áhrif.

Það er kannski ekki mitt að tala fyrir hönd nefndarinnar í þessu heldur get ég bara lýst persónulegri skoðun minni. Ég held að það væri mjög heillavænlegt að lánatakendur íhugi að gæta sín á verðtryggtum lánnum og lánastofnanir

ættu virkilega að fhuga það vegna þess að enn ríkir vafi á lögmati þessara lána. Það er einhver vafi þar. Þá er hugsanlega vissara, ég tek undir það með þingmanninum, að taka ekki of mikið af þeim, að leggja minni áherslu á þau. En mér skilst reyndar að þess sé þegar farið að gæta að fólk taki síður verðþrygðu lánin.

[13:52]

### Vilhjálmur Árnason (S):

Virðulegi forseti. Mig langaði að taka til máls um málefni sjómanna. Nú höfum við í þessum ræðustól gert heila stétt að glæpamönnum og hefur það verið stundað hér síðustu ár. Þetta finnst mér ekki vera bjóðandi stétt sem hefur byggt þetta land svo lengi sem við munum. Það er mjög mikilvægt að þessi umræða taki aðeins málefnalegri vinkil og að við berum virðingu fyrir þessari stétt.

Mjög margt fólk í þessu landi, um allar dreifðar byggðir, á mjög mikið undir því að sjávarútvegurinn gangi vel. Við tökum þessa einu stétt og ræðum hana sérstaklega, í umræðu um auðlindagjöldin, og gerum hana tortryggilega, að mínu mati. Þetta finnst mér ekki rétt.

Það eru margar aðrar auðlindir sem við erum að nýta. Ef við tökum heita vatnið sem dæmi fá margir notið heita vatnsins á lágu gjaldi en svo hafa aðrar byggðir ekkert heitt vatn. Það er svona dæmi sem hægt er að taka heildstætt um þetta. Ég kalla eftir því að horft sé til þess hvað þeir sem starfa í sjávarútvegi hafa gert mikið fyrir þetta land og að það sé virt við þá. Einu sinni var sjávarútvegurinn allur rekinn með tapi. Nú er farið að reka hann með hagnaði sem er gott. En á það að vera ávisun á að ráðist sé á þá sem atvinnugreininna stunda? Við þurfum að taka þetta svoltið skynsamlega og taka þessa auðlindaumræðu alla í heild sinni með virðingu fyrir þeim sem í þessu vinna. Þeir eiga ekki að þurfa að búa við óstöðugleika og ávirðingar.

[13:53]

### Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Í gær kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, fyrrverandi hæstv. fjármálaráðherra, að hann hefði greitt 33 milljarða inn í Íbúðalánasjóð án heimilda enda hefðu ekki legði fyrir heimildir í fjárlögum eða fjárukalögum og nauðsyn borið til.

Nú stendur í 41. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.“

Þarna voru greiddir 33 milljarðar — það er svona helmingurinn af nýju háskólasjúkrahúsi — á einu bretti án heimildar í fjárlögum eða fjárukalögum.

Nú er tiltölulega auðvelt að leggja fyrir Alþingi fjárukalög. Það má gera mörgum sinnum á ári þó að það hafi verið venjan að gera það einu sinni á ári. Það ætti í raun að gera það í hvert skipti sem tilefni er til. Í hvert skipti sem tilefni er til, út af kjarasamningum og öðru slíku, ætti að leggja fram ný fjárukalög til að það liggi fyrir að skuldbindingin sé heimil og að heimilt sé að greiða hana. Þarna hefðu menn til dæmis getað lagt fyrir Alþingi fjárukalög upp á 33 milljarða inn í Íbúðalánasjóð og þá væri málið á hreinu.

Af hverju er ég að tala um þetta? Þetta er mjög mikilvægt. Á þremur árum, 2009, 2010 og 2011, fór ríkissjóður 101 milljarð fram úr heimildum. Hann greiddi 101 milljarði meira en heimild var til; og svo segja menn að fjárlögin séu góð. Það er enginn vandi að sýna góða stöðu á fjárlögum ef ekki er meiningin að fara eftir þeim.

Það er mjög mikilvægt að þetta sé haldið og ég skora á hv. þingmenn og hæstv. ríkisstjórn að sýna aga í fjármálum, sýna aga sem því miður vantar mjög víða. Vil ég þá benda á æpandi dæmi í Suður-Evrópu, í Grikklandi og víðar, þar sem menn hafa ekki sýnt raunverulega stöðu.

[13:56]

### Elsa Lára Arnardóttir (F):

Hæstv. forseti. Þann 21. júní síðastliðinn var málþing um samgöngumál á Vestfjörðum. Á málþinginu var fjallað um áherslur Vestfirðinga í samgöngumálum. Það er því miður staðreynd að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum eru ekki enn komnir í heilsársvegasamband, hvorki á milli helstu staða né með öruggum tengingum inn á aðalþjóðvegakerfið. Nokkrir hv. þingmenn sóttu málþingið og er sú sem hér stendur ein þeirra. Auk þess sótti hæstv. innanríkisráðherra málþingið.

Á málþinginu upplýsti hæstv. innanríkisráðherra að hún hefði heimilað vegamálastjóra að setja vegagerð um Teigsskóg í nýtt umhverfismat. Um er að ræða svokallaða B-1 leið um Vestfjarðaveg nr. 60, en þessi leið er bæði skynsamleg og mjög hagkvæm. Ég er ánægð með ákvörðun hæstv. innanríkisráðherra og ég vona að hægt sé að fara með veginn þessa leið því að það væri mikil samgöngubót fyrir íbúa Vesturbyggðar og nágrennis og er grundvöllur þess að svæðið sé samkeppnishæft hvað varðar búsetu og rekstur fyrirtækja.

Með því að fara í þessa framkvæmd og leggja láglandisveg í gegnum Teigsskóg náum við að aflétta ferðabanni sem ríkt hefur á svæðinu um nokkurt skeið, en á laugardögum hefur ríkt ferðabann í Vesturbyggð sem þýðir að enginn mokstur hefur verið á leiðinni á laugardögum, engar flugsamgöngur hafa verið á laugardögum og Baldur hefur ekki siglt á laugardögum. Það ástand er því miður á fleiri stöðum á Vestfjörðum og má þar m.a. nefna veginn í Árneshrepp norður á Ströndum, Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Vestfirðingar hafa setið á hakanum í samgöngumálum og nú er komið að því að bæta úr því og því ber að fagna.

[13:58]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals, um skort á heimild í fjárlögum eða fjárukalögum um framlag í Íbúðalánasjóð, vil ég taka fram að ég tel að þingmaðurinn muni þetta ekki rétt. Á fjárukalögum 2010 var samþykkt 33 milljarða framlag til Íbúðalánasjóðs og það man ég vel því að forsendan fyrir því að ég gæti samþykkt það var sú að þingsályktunartillaga mín, um rannsókn á Íbúðalánasjóði, yrði samþykkt samhliða. Það var og gert og nú eigum við von á niðurstöðum úr þeirri rannsókn sem er ekki óþarft þar sem þessi sjóður mun kosta landsmenn, og

klúðrið sem þar fór fram, tugi milljarða; og ekki er allt komið fram í þeim efnunum.

Ég þakka hv. þm. Frosta Sigurjónssyni, formanni efnahags- og viðskiptanefndar, kærlega fyrir svörin. Ég er sammála honum um það að tillögurnar eru nokkuð opnar og ákvörðunum um skipan lánamála hefur verið vísað fram á næsta þing. Ég fagna því þess vegna að hann vilji gefa skýrari skilaboð og telji óheppilegt að haldið sé áfram veitingu óverðtryggðra lána. Ég tel rétt að formaður efnahags- og viðskiptanefndar kalli lánastofnanir á fund nefndarinnar og fari yfir þessi sjónarmið því að eyða þarf óvissu á íslenskum lánamarkaði, hún er öllum til óþurftar, ekki síst íslenskum heimilum.

[13:59]

#### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Oddnýjar G. Harðardóttur. Það er okkur þingmönnum til vansa að hafa sent sendinefnd í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins sem eingöngu voru í karlmenn. Það hefur líka komið fram á fundum formanna þingflokka að þessu verði breytt fyrir næsta fund.

Það var hins vegar jafn klént í umræddum leiðara í *Fréttabladinu* — annað tveggja fór þar fram algert þekkingarleysi þess sem ritaði leiðarann eða einbeittur vilji til að skýra rangt frá — þegar leiðarahöfundur vænríkisstjórnina um að bera ábyrgð á þessu. Þetta er á ábyrgð þingsins og ég ítreka að það er til vansa og því þurfum við að breyta.

Af því að hv. þm. Oddný G. Harðardóttir nefnir hér nýja verkferla þá held ég að það sé ljóst að þingflokksformenn allra flokka þurfi, áður en skipað er endanlega í nefndir, að sýna á spilin til að við getum, jafnt í nefndum innan þings sem fastanefndum á alþjóðavettvangi, komið í veg fyrir að þar sitji eingöngu konur eða eingöngu karlar.

Það hlýtur líka að vera umhugsunarefni fyrir okkur, þegar við ræðum svo stíft um nefndir á vegum þingsins og nefndir á vegum ríkisins, og stjórnir og ráð, að á Jafnréttisstofu starfi sjö konur og einn karl. Það getur heldur ekki verið hið eina rétta og ef okkur er annnt um að jafnrétti sé víða og jafnt í stjórnunum, ráðum og nefndum þá held ég að þar þurfi líka að taka til hendinni; í þeirri stofu sem heldur utan um að við hin fylgjum jafnréttislögum.

Umræðu lokið.

#### Um fundarstjórn.

Vanhæfni þingmanna til að fjalla um mál.

[14:02]

#### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Hv. þm. Björn Valur Gíslason kom hér og lýsti yfir áhyggjum sínum af því að ekki væri gætt nægilega að því að þingmenn sem hagsmunum hefðu í ákveðnum málum væru ekki að fjalla um þau í nefndum. Þá kom hér í pontu hv. þm. Vigdís Hauksdóttir (**VigH**: Þetta er efnisumræða.) og gerði — nei, þetta er um fundarstjórn forseta — því skóna að hann sem varaþingmaður hefði á einhvern hátt ekki rétt til að tjá skoðanir sínar hér í þinginu. Ég vil fá af-

dráttarlaust frá herra forseta afstöðu til þess hvort orð varaþingmanna hafi annað vægi en aðalmanna hér á þingi. Ég tel það mikilvægt í ljósi þessara aðdróttana.

[14:03]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti leit ekki svo á að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir væri að ýja að því að vægi orða varaþingmanna væri ekki hið sama og vægi þeirra þingmanna sem kjörnir hafa verið sem aðalmenn til setu á Alþingi. Um leið og menn taka hér sæti, hvort sem það eru aðalmenn eða varamenn, hafa menn sömu réttindi og sömu skyldur, hvort sem menn hafa tekið sæti hér sem varamenn eða hlotið kosningu sem aðalmenn.

[14:03]

#### Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir dagskrárlíðnum um fundarstjórn forseta. Í ljósi þess sem gerðist hér fyrr í dag er rétt að mælast til þess að á einhvern hátt verði farið í að kynna fyrir eldri þingmönnum og nýjum þingmönnum hver raunveruleg skylda þeirra sem sitja í þinginu er og hvenær þingmenn verða vanhæfir í málum svo að við sem störfum í nefndum þingsins losnum við óþægindi eins og þau sem komu upp í hv. atvinnuveganefnd í morgun þar sem dýrmætum tíma nefndarinnar var eytt í bókanið um vanhæfni þingmanna.

Hæfni þingmanna til að sinna starfi sínu hér í þinginu er alveg klár og það er einungis þegar þeir fjalla um sína eigin persónulegu hagsmuni sem þeir verða vanhæfir. Það er alveg klárt og hæstaréttarlögmenn hafa jafnvel þrengri vanhæfnisreglur en þingmenn. Ég vil að þetta komi fram undir liðnum um fundarstjórn forseta, þetta þarf að kynna vel fyrir þingmönnum.

#### Sérstök umræða.

Bygging nýs Landspítala.

[14:05]

#### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum fyrirhuguð áform ríkisstjórnarinnar um nýbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Á liðnum árum hefur ítrekað verið rætt um byggingu nýs Landspítala, margar ríkisstjórnir og ráðherrar frá ólíkum stjórnsmálaflokkum hafa komið að málinu. Samhliða sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík var lögð áhersla á að starfsemin yrði færð á einn stað og í mjög langan tíma hefur verið unnið að byggingu þessa spítala. Sem dæmi skilaði nefnd á vegum Jóns Kristjánssonar, þáverandi heilbrigðisráðherra, og nefnd undir forustu Ingibjargar Pálmadóttur niðurstöðu árið 2002 þar sem hagkvæmast var talið að Landspítali – háskólasjúkrahús yrði byggður upp við Hringbraut. Síðan samþykkti þáverandi ríkisstjórn á árinu 2005 að eftir yrði til alþjóðlegrar skipulagssamkeppni um nýtt háskólasjúkrahús og teymi hönnuða undir stjórn dönsku arkitektastofunnar C. F. Möllers vann í framhaldinu ítarlegar þarfagreiningar, tæknigreiningu og endanlega útfærslu á verðlaunatillögnum.

Síðan hefur málið haft þann framgang að þessar tillögur











nýjan spítala sem eingöngu steypu. Komið hefur ágætlega fram hjá öðrum í umræðunni að auðvitað er verið að byggja þessa byggingu vegna þess að okkur vantar hana, til þess að geta veitt betri þjónustu, til að bregðast við því sem við sjáum fyrir okkur og ágöllum sem hafa þegar komið upp. Það kom ágætlega fram hjá hv. formanni fjárlaganefndar að það þarf einmitt aðstöðu fyrir tækin sem verið er að kalla eftir að sett verði inn. (Gripið fram í.) Bara það að setja inn róbóta, eins og verið (Gripið fram í.) er að tala um þessa dagana, kostar verulega miklar breytingar á núverandi húsnæði og við að koma slíkum tækjum inn í nýjar byggingar, þannig að við verðum að skoða það allt í samhengi.

Ég ætla að leyfa mér að túlka orð hæstv. ráðherra þannig að verkefnið haldi áfram, að því ferli sem er í gangi núna verði fylgt eftir og þannig geti hæstv. ráðherra blásið bjartsýni inn í Landspítalann, að til standi að koma húsnæði yfir þessa starfsemi á einum stað. Ég treysti á að þessum áformum verði fylgt eftir af nýjum heilbrigðisráðherra.

[14:37]

#### **Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Ég þakka sömuleiðis fyrir umræðuna sem aðrir hv. þingmenn haft hafa uppi um þetta brýna, mikilvæga mál. Ég vil þó segja það alveg hreinskilnislega að ég undrast að sumu leyti orð þeirra þingmanna sem hér hafa tekið til máls sem ræða málið þannig að það sé ekkert vandamál að stökkva til og hefja byggingu heils spítala. Hvað gerir t.d. einstaklingur sem vill gjarnan fá sér sparneytnari bíl en hefur ekki efni á því? Hann skiptir væntanlega ekki um bíl.

Staðan er þannig að þetta er ekki eitt tiltekið vandamál sem við glífum við. Það er eins og hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir sagði áðan; það þarf að fara að horfa til stærri hluta, m.a. öldrunar þjóðarinnar. Ætli Landspítali – háskólasjúkrahús sé ekki að verða með stærsta öldrunarheimili landsins? Verðum við ekki að finna lausn á því dæmi? Á sama tíma erum við með fjárhagslega veikleika í heilbrigðiskerfinu sem nemur nokkrum milljörðum, sem við þurfum að brúa og finna lausn á á þessu ári. Á sama tíma erum við með einhverja tugi milljarða í halla í rekstri ríkissjóðs. Er það ekki hluti af því máli sem við verðum að finna lausn á? Og árlegur rekstrarsparnaður upp á 2,6 milljarða, sem áætlanir gefa til kynna að megi vænta af því að byggja yfir spítalann á einum stað, hefur lítið að segja upp í þann stabba sem við er að glíma þarna. Við verðum líka að vera ábyrg í því að ræða heilbrigðiskerfið allt saman þegar við ræðum þetta eina tiltekna mál.

Það er engin ástæða, ekki nokkur, til þess að stilla grunnþjónustunni og hátækniþjónustunni upp sem andstæðum. Þetta er allt saman ein heild.

Ég ítreka það líka það sem fram kom hjá hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur þegar við horfum til öldrunar þjóðarinnar; þar er einn stór þáttur líka inni sem menn verða að horfast í augu við sem eru lífeyrisskuldbindingar sem munu falla á landsmenn eftir tiltölulega (Forseti hringir.) skamman tíma sem nema um tugum milljarða á hverju (Forseti hringir.) einasta ári. Það eru allt þættir sem menn verða að horfa til þegar við ræðum svona stór áform.

#### **Ráðstafanir í ríkisfjármálum, frh. 2. umr.**

Stjfrv., 1. mál (virðisaukaskattur á ferðaþjónustu). — Þskj. 1, nál. 32, 33, 34 og 35.

#### **ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[14:42]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Herra forseti. Við tökum til baka þá breytingu sem gerð var í vor að bæta við nýju virðisaukaskattþrepi, 14%, til viðbótar við þau fjögur sem voru til staðar áður. Þau fjögur eru 25,5%, 7%, 0% með endurgreiðslum og enginn virðisaukaskattur þar sem innskattur er ekki til frádráttar. Ég fagna því að einfalda eigi skattkerfið aftur og styð þessa tilögu og mun greiða henni atkvæði mitt.

Auk þess sem þetta mun auka samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar og hugsanlega auka ferðamannastraum til Íslands umfram það sem ella væri mun þetta koma landsbyggðinni sérstaklega til góða en hún stefnir á að reyna að auka ferðaþjónustu á veturna.

[14:43]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Um er að ræða verulegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Með þessu máli, að viðbættum öðrum málum sem ríkisstjórnin er hér með, erum við að tala um að ríkissjóður sé að afsala sér tekjum sem nemur um 10 milljörðum króna á þessu ári og næsta — með stórlækkuðum veiðigjöldum, og hér eru tvö mál sem leiða til þess að tekjur ríkissjóðs fara niður um 12 milljarða á þessu ári og því næsta.

Hér er verið að ræða um atvinnugrein, ferðaþjónustu, í miklum vexti, fjölda erlendra ferðamanna sem hefur tvöfaldað á tíu árum — samkeppnisstaða greinarinnar er sterk. Með vísan til þessara sjónarmiða og annarra þeirra sem fram koma í nefndaráli 1. minni hluta leggst þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gegn frumvarpinu.

[14:44]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegur forseti. Stundum getur verið skynsamlegt að lækka skatta til að auka umsvif og stækka kökuna. En hér erum við að tala um atvinnugrein þar sem umsvif eru mikil og uppgangur er mjög mikill, væntanlegur.

7% virðisaukaskattur, vegna uppgjörs á inn- og útskatti, skilar nánast engu í ríkissjóð. 14% skattur, það er áætlað að hann skili um 500 milljónum á þessu ári, 1,5 milljörðum á því næsta. Fyrr á þessum þingfundi hefur verið talað dálítið um bága stöðu ríkissjóðs og nauðsyn aga í ríkisfjármálum. Ég sé þau sjónarmið ekki liggja til grundvallar frumvarpinu. Hér erum við einfaldlega að afsala okkur tekjum að ástæðulausu og ég þori að veðja að við verðum ekki sátt við að hafa gert það þegar við ræðum ýmsar upphæðir, ýmiss konar skort á fjármunum í fjárlögum næsta árs.

[14:45]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-  
dóttir) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að draga úr flækjustiginu og draga þessa skattlagningu til baka. Við gagnrýndum það mikið, þáverandi stjórnarandstaða, þegar ríkisstjórnin ákvað að setja stefnumótun um skattlagningu á ferðaþjónustuna á í fjárlagafrumvarpinu án samráðs við greinina sem búin var að selja afurð sína ár fram í tímann. Svona á maður ekki að vinna að stefnumótun, svona á maður ekki að vinna að breytingum í skattkerfinu og þess vegna fagna ég því mjög að þetta sé dregið til baka.

Það er mikið talað hér um tekjutap af þessu. Ég leyfi mér að efast um að það flækjustig sem enn eitt skattþrepið, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal fór vel yfir hér áðan, hefði í raun skilað sér í auknum tekjum, ég held að allar slíkar áætlanir séu gróflega ofátlaðar og að á endanum muni einfalt og gagnsætt skattkerfi skila meiri tekjum inn í ríkis-  
sjóð.

[14:46]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Já, við þratar erum náttúrlega hlynnt gegnsæi í skattkerfinu. Rökin fyrir þessu hafa verið þau að einfalda þurfi skattkerfið, ekki megi vera of mörg skattþrep og svo að með því að vera með herra skattþrep þá auki það svarta atvinnustarfsemi. En þetta kemur núna á þeim tíma þegar fjárlagagat er.

Við erum mjög hlynnt því að skattar séu lækkaðir og þeir gerðir einfaldir en það verður þá að koma eitthvað annað á móti. Einu rökin sem héldu vatni þangað til ég fór að skoða það voru að samkeppnishæfni væri í ferðaþjónustunni, sem The World Economic Forum bendir á að sé mjög gott. Við erum í 16. sæti af 140 ríkjum í heiminum.

Ég sé ekki rökin þarna nema að á móti komi einhver skattur sem á sama tíma eykur þá skilvirkni og gegnsæi skattkerfisins og það er eitthvað sem við ættum að skoða. Gerum þetta samhliða.

1. gr. samþ. með 22:13 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, EKG, EIH, ELA, FSigurj, HarB, HE, III G, JónG, KÞJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** BirgJ, BVG, BjÓ, BP, EdH, GuðbH, GStein, HHG, JÞÓ, PVB, RBB, SII, SSV.

28 þm. (ÁPÁ, BÁ, BjG, BjarnB, BN, EyH, GBS, HBK, HHJ, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, OH, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBj, ValG, VilB, WÞP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 21:13 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, EKG, EIH, ELA, FSigurj, HE, III G, JónG, KÞJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** BirgJ, BVG, BjÓ, BP, EdH, GuðbH, GStein, HHG, JÞÓ, PVB, RBB, SII, SSV.

29 þm. (ÁPÁ, BÁ, BjG, BjarnB, BN, EyH, GBS, HBK, HarB, HHj, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, OH, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBj, ValG, VilB,

WÞP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

**Ríkisútlit, fjölmíðill í almannabágu, frh. 2.  
umr.**

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, nál. 25 og 30.

[14:49]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntm. (Svandís  
Svavarsdóttir) (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútlit, fjölmíðill í almannabágu (val stjórnarmanna). Þetta mál hefur á sér tiltölulega sakleysislegt yfirbragð, frumvarpið er þannig að það er varla að taki því að prenta það, það er svo stutt og lítið. Einhverjum kynni að detta í hug að það gengi bara í gegnum þingið án þess að nokkur tæki eftir því.

Sem betur fer er stjórnarandstaðan hér svo vakandi að hæstv. forsætisráðherra sér ástæðu til að vera með kveinstafi í heilli grein í *Morgunblaðinu* í dag þar sem hann ber sig illa undan henni. Það hefur ekki alltaf þótt vera góður máti þeirra sem fara fyrir liði að vera mjög kvartarárir en þetta er kannski eitthvað þjóðmenningarlegt, ég átta mig ekki alveg á því.

Þessi umræða snýst um það hvernig við veljum stjórnarmenn og þessi sakleysilega breyting snýst einfaldlega um að herða pólitísk tók á Ríkisútlitinu. Eftir að hafa farið í gegnum umræðuna, sem hefur verið allnokkur, standa nokkur atriði upp úr.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða algerlega samráðslaust mál. Hér fer veruleg breyting á lögum sem voru samþykkt fyrir örfáum vikum, tilbúin, án samráðs við nokkurn mann, og hefur á sér hefðbundið valdapolítískt yfirbragð Sjálfstæðisflokksins eins og hann gerist verstur. Það sem er raunalegast við það er að Framsóknarflokkurinn, félagskapurinn í ríkisstjórn, er líka í gamalkunnugum stellingum, þ.e. hann styður málið gagnrýnislaust, algerlega gagnrýnislaust.

Eftir því er tekið að enginn framsóknarmaður hefur talað í þessu máli. Eftir því er tekið að Framsóknarflokkurinn sér ekki ástæðu til að gera kjósendum sínum þann greiða að gera grein fyrir 180 gráðu viðsnúningi í málinu. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem voru í stórum stíl sammála þessu máli fyrir örfáum vikum, hafa skipt um skoðun. Það er ekki endilega partur af samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokka, það kemur ekki fram í pappírnum sem var kynntur á Laugarvatni að þetta væri eitt af forgangsverkefnum. Einhvers staðar er þetta í óskrifuðum textum, einhverjum handaböndum, eða kannski er það einfaldlega þannig að Framsóknarflokkurinn er aftur kominn heim í faðm Sjálfstæðisflokksins. Þá er sá háttur hafður á að menn spyrja ekki spurninga heldur samþykka.

Látum það vera ef það væri þannig að Framsóknarflokkurinn hefði farið í gegnum rökræðu um málið og væri

reiðubúinn að gera kjósendum sínum, og þingheimi jafnvel, grein fyrir viðsnúningnum, að við heyrðum hér í einhverjum nefndarmönnum úr allsherjar- og menntamálanefnd eða formanni þingflokksins, ég tala nú ekki um hæstv. ráðherrum, Gunnari Braga Sveinssyni og Sigurði Inga Jóhannssyni, sem báðir voru með málinu fyrir nokkrum vikum. Nei, enginn af þessum þingmönnum er til viðræðu þegar verið er að ræða þessi mál.

Nú er einn hv. þingmaður Framsóknarflokksins í salnum og það er spurning hvort hann treystir sér til að gera grein fyrir þessum viðsnúningi. Eða kannski hefur hann ekki skipt um skoðun. Það kemur þá í ljós og verður þá (**Gripið fram í:** Þeir eru tveir.) — og tveir — áhugavert að sjá hvort sá þingmaður sem var hér í vor hefur skipt um skoðun og hvort hann er þá reiðubúinn að gera grein fyrir þeim viðsnúningi á skoðunum sínum.

Þegar maður fer yfir þingsöguna þá hefur ákveðin tegund af málum, ef svo má segja, verið til umræðu þegar við göngum til sumarþings að afloknum kosningum. Það eru oft mál sem eru háð dagsetningum, mál sem þarf að afgreidda vegna þess að einhver dagsetningarpessa er á þeim. Það eru mál sem má telja kosningaloforð, eitthvað sem ríkisstjórnarflokkarnir telja að þeir þurfi að klára gagnvart umbjóðendum sínum og kjósendum. En ég sé ekki undir hvaða tegund af mikilvægum málum þetta tiltekna mál fellur. Það er mjög sérkennilegt og vekur mann til umhugsunar að koma með mál af þessu tagi til sumarþings sem er að jafnaði þing þar sem liggur á málum af ýmsum ástæðum.

Ég spyr: Hver bað um þetta mál? Hver vildi þetta mál? Hvaðan kom óskinn um þetta mál? Var það landsfundur Sjálfstæðisflokksins? Var það einhver stofnun flokksins? Eða hver vildi þetta mál? Hvað veldur því að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, sem er nýsestur á virðulegan ráðherrabekkin, leggur svona mikla áherslu á að keyra þetta mál í gegn, gerir það að fyrsta og mikilvægasta málinu, lítur á það sem stefnumarkandi mál? Hér er kominn nýr mennta- og menningarmálaráðherra í stólinn og ætlar að merkja sig með þessu máli. Og þá er um að ræða mál sem er alveg ótrúlega afturhalssamt og ótrúlega þúkalegt, ef mér leyfist að nota svo hallærislegt orð í þessum virðulega ræðustól. Það snýst um hefðbundið afturhald, þ.e. að snúa til baka frá þeirri þróun sem er í öllum löndum í kringum okkur.

Það er líka umhugsunarefni að þessi stimpilpúðastemming, sem er ekki bara hjá Framsóknarflokki heldur líka hjá hv. þingflokki Sjálfstæðisflokksins, endurspeglar í því að í nefndaráliti meiri hlutans er ekkert um umsagnirnar. Nefndarálit meiri hlutans er í algeru skötulíki. Ekki er fjallað um það á nokkurn hátt hver efnisatriði málsins eru og þann veruleika að ekki einn umsagnaraðili mælir með frumvarpinu. Það er enginn sem segir: Þetta er frábært. Þetta er frábært frumvarp, gerum þetta. Nei, það er enginn sem gerir það.

Hv. meiri hluti nefndarinnar sér ekki einu sinni ástæðu til að reifa málið. Við förum bara eftir forskriftinni: Ráðherrann kemur með einhverja vitleysu og við samþykkjum það af því að þannig vinnum við. Þetta er dálítið á skjön við annað sem truflaði sjálfstæðismenn, sem var skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, og snerist um sjálfstæði þingsins

gagnvart framkvæmdarvaldinu, það að við sýndum lágmarkssjálfsvirðingu í því að fara yfir mál, skoða málin; þó að nefndin kæmist að sömu niðurstöðu og ráðherrann þá væri alla vega búin að reifa málin með einhverju móti.

Ég vil geta þess í þessari umræðu að í nefndaráliti minni hluta var missagt að valnefndin væri skipuð tíu fulltrúum. Hið rétta er að valnefndin er skipuð fimm fulltrúum, allsherjar- og menntamálanefnd tilnefni þrjá, Bandalag íslenskra listamanna einn og samstarfsnefnd háskólastigsins einn. Þetta var missagt í nefndaráliti og ég vænti þess að það verði leiðrétt.

Ræddur hefur verið mikilvægur punktur sem hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson minntist á í umræðunni á dögum sem er misskilningurinn að því er varðar hugtakið „lýðræðislegt“ og mér finnst afar mikilvægt að halda þeirri orðræðu til haga. Hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra fer hér fram og vísar til þess að breytingin stafi af lýðræðissjónarmiðum. Hann dregur sem sagt upp lýðræðisrök til að rökstyðja breytinguna. Hvað er í hans huga lýðræðislegt? Það er það sem endurspeglar styrk einstakra þingflokka á Alþingi Íslendinga. Eins og fram kom í máli hv. þingmanns, sem ég vitnaði í hér áðan, þá er þetta alger misskilningur þegar rætt er um fjölmiðla.

Þegar fjölmiðlar eru undir þá erum við ekki að tala um vægi stjórnmalaflokka á Alþingi í stjórn viðkomandi stofnunar. Nei, þá erum við að tala um „lýðræðislegt“ í þeim skilningi að almenningur treysti stofnuninni, og hér er um að ræða ríkisfjölmiðil þar sem traustið skiptir öllu máli, og að gagnsæi sé fyrir hendi að því er varðar skipan stjórnarmanna og það byggir á því að margar raddir komi að borðinu og séu þess eðlis að þær séu því sem næst hafnar yfir vafa.

Í meðferð málsins í vor lá það fyrir að menn voru að leggja til ákveðna millileið. Sú leið sem hér er valin er ákveðin millileið. Allsherjar- og menntamálanefnd á að tilnefna þrjá í valnefndina af fimm þannig að í raun og veru er um það að ræða að hið pólitískt kjörna Alþingi hefur með það að segja, þ.e. vægið endurspeglar þar, og síðan fulltrúar Bandalags íslenskra listamanna og samstarfsnefndar háskólastigsins. Þetta taldi hæstv. menntamálaráðherra ekki nóg og þá má kannski velta fyrir sér hvort að hans mati dugi ekkert minna en að allir stjórnarmennirnir séu helst úr Valhöll. Þannig var það að minnsta kosti að því er varðar stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem var skipuð fimm fulltrúum, félögum og vinum hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Það er eina fólkið sem hæstv. ráðherrann treystir almennilega af marka má hans orð — hann rökstyður það þannig að það sé svo mikilvægt að ráðherrann treysti stjórnarmönnum. Sem sé, hann treystir ekki öðrum en þeim sem eru í Sjálfstæðisflokki. Eða hvernig í ósköpunum á að skilja það öðruvísi?

Ég vék stuttlega að því áðan hvað olli viðsnúningi framsóknarmanna og ekki síður hver bað um breytinguna. Hér er um að ræða gamalkunnug tilþrif. Þetta eru gamalkunnug tilþrif sem minna óþægilega á stjórnartíð ríkisstjórnar þáverandi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við lok síðustu aldar. Tilþrif sem snerust um að taka ákvarðanir í sem minnstum hópum. Þetta er stjórnarstíll sem einkennist af valdhroka og því að samráð sé ekki til bóta. Við getum til

að mynda nefnt ákvörðun um að styðja innrásina í Írak sem var tekin bak við luktur dyr, tveir menn. Og þótti eðlilegt. Maður sér að afsprengrin haga sér eins og uppallendurnir lögðu upp. Yfirbragðið er svolítið í anda þeirra sem þar um véluðu og mér eru það vonbrigði. Auðvitað vonar maður að stjórn málin séu í einhvers konar þroskafasa og margir stjórn málamenn hafa talað um það, og töluðu sérstaklega um það í aðdraganda síðustu kosninga og kosninganna 2009, að komið væri að því að endurmeta stjórn málin, að við færum upp úr hinum hefðbundnu skotgröfum og ynnum meira þverpólitið, töluðum hvert við annað o.s.frv.

Þarna er mál sem er, eins og áður hefur komið fram, til-tölulega lítið, tiltölulega sakleysislegt, en er til marks um að þetta hefur ekki breyst. Þarna eru menn á nákvæmlega sömu blaðsíðu og var á síðustu áratugum og árum síðustu aldar. Þetta er leiðinlegt. Mér finnst þetta leiðinlegt og þetta eru vonbrigði. Við afgreiðslu málsins í vor voru ekki nema fjórir þingmenn á móti því og enginn þeirra sem voru á móti málinu á sínum tíma nefndi þetta mál sem sérstakt áhyggjuefni, enginn af þeim. Hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra var ekki einu sinni svo áhyggjufullur að hann sæi ástæðu til að greiða atkvæði um málið. Hann sat í stólum sínum og greiddi atkvæði með því að ýta á gula takkann, hann ýtti á gula takkann þarna í miðjunni. Hæstv. ráðherra Illugi Gunnarsson var í salnum og hann ýtti á gula takkann í þessu máli. Þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma sem voru á móti málinu, enginn af þeim gerði athugasemdir á grundvelli þess sem hér er til umræðu. Flestir voru að ræða tekjuggrunn Ríkisútvarpsins, afnotagjöld o.s.frv., enginn var að ræða þetta.

Ég verð að segja að sú umræða sem verið hefur um Ríkisútvarpið úr þessum ranni — og þá er ég ekki að tala sérstaklega um þetta mál hér, ég er frekar að tala um andann sem er í kringum Ríkisútvarpið og hvernig menn tala til þess og ég er að tala um valdamenn, menn á valdastólum. Ég er til að mynda að tala um hæstv. forsætisráðherra Sigmund Davíð Gunnlaugsson sem í gráptíslu sínum í *Morgunblaðinu* í dag talar um að það séu svo leiðinlegar fréttir í Ríkisútvarpinu. Fréttirnar eru svo leiðinlegar að hann sér ástæðu til að tala um það í fjölmiðlum, skrifaði grein í *Morgunblaðið*, í fjölmiðil ríkisstjórnarinnar, að það séu svo leiðinlegar fréttir í þessu RÚV þarna að sérstök ástæða sé til að skrifa um það.

Ritstjóri *Morgunblaðsins* er með tillögu í blaðinu um helgina er leið um að það sé eiginlega best að koma þessu RÚV bara frá. Hann er með tillögu í grínaktugum stíl, af því að hann er húmoristi og fyndinn maður, telja sumir, þar sem hann segir að menn eigi að fá að ráða hvert hvernig fari. Almennigur eigi að fá að ráða því: framlagið rynni þá ekki til RÚV, sem er með leiðinlegu fréttirnar fyrir forsætisráðherra, heldur til háskóla, sjúkrahúss, tónlistarhúss, kattaathvarfsins — nú er penninn fyndinn — skógræktar eða annars þess sem framteljandinn vildi fremur styðja. „Ef eitthvað er að marka auglýsingar RÚV um eigið ágæti og meint traust mun stofnunin vafalaust fagna slíkri mælingu.“

Maður veltir fyrir sér hvort planið sé komið. Liggur planið fyrir? Er planið í innsta kjarna, í hjarta, Sjálfstæðisflokksins, er það komið? Ekki var það í samstarfsyfirlýsingu, hvergi á opinberum vettvangi. Sjálfstæðisflokkur-

inn virðist eiga við þann ramma reip að draga að stofnanir flokksins eru kannski ekki endilega best til þess bærar að klára mál heldur þarf að ráðfæra sig við gamla valdhafa í flokknum. Er þarna komið þar um hvað skuli gera með Ríkisútvarpið í fyrsta lagi? Er komin verkætlan fyrir hæstv. ráðherra mennta- og menningarmála í því í öðru lagi? Og mun þingflokkur Framsóknarflokksins setja spurningarmerki við eitthvað af því í þriðja lagi? Eða er það partur af samkomulaginu að við þessu skuli ekki hreyft? Að ekki einu sinni einn þingmaður í salnum skuli anda út úr sér efasemdum, enginn af hinum bjartleitu, bröttu sigurvegurum kosningabaráttunnar í vor og Íslandsmethöfum í kosningaloförðum, enginn þeirra — er það af því að Framsóknarflokkurinn fékk að koma með 10 punkta plaggið um nefndirnar nýju eða hvað það var? Á þá bara ekkert að tala um þessi mál? Er Framsóknarflokkurinn svona illa haldinn þegar hann er kominn í þetta banvæna faðmlag að hann getur ekki einu sinni tjáð sig um að hann hafi skipt um skoðun? Ekki einn þingmaður flokksins.

Þetta er umhugsunarefni og þetta er sannarlega umhugsunarefni út frá lýðræðisjöfnarmíðum. Ef það er stemmningin að Sjálfstæðisflokkurinn eigi að ráða þessu með tómat, sinnep og hráum lauk, eins og einhver orðaði það, þá finnst mér ekki góður svipur á því, ef Framsóknarflokkurinn ætlar að vera svona gersamlega laus við gagnrýni í þessu máli. Staðreyndin er sú, og það sjáum við þessa dagana, að frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra, um elli- og örorkulífeyri, hefur verið fast í þingflokki Sjálfstæðisflokksins um margra daga skeið.

Á sumarþingi er það orðið þannig að hér er að hreinsast úr þipunum með hvert málið á fætur öðru, málin eru að klárast. Við væntum þess að vera hér í tvær vikur eða svo. Þriðja vikan er gengin í garð og málið er ekki enn komið til þings, málið er ekki komið á dagskrá. Er þetta eitthvert smámál, er þetta mál sem á að afgreiða með hálfis dags um-sagnarfresti, eiga ekki að koma gestir, þarf ekki að ræða þetta mál? Hvernig sjá menn þetta fyrir sér? Er Framsóknarflokkurinn tilbúinn að láta koma svona fram við sig? Er engin döngun í þessum fína 19 manna nýja þingflokki? Er nóg að sitja við borðendann í Stjórnarráðinu eða þurfa menn ekki að gæta að einhverju jafnvægi, jafnræði í samskiptunum í þinginu? Er Sjálfstæðisflokkurinn bara með stýrið og grana og allt sem fylgir til að drífa þetta mál áfram og öll önnur mál? Engar spurningar, engar vanga-veltur, ekki neitt.

Það sem til stóð að gera með nýjum lögum sem eru gengin í gildi, þau eru gengin í gildi, er að breikka þekkingu innan stjórnar Ríkisútvarpsins sem mundi ríma betur við breytt hlutverk stjórnarinnar og að auki breytt hlutverk stofnunarinnar í íslensku samfélagi af því að þetta er ekki tómarúm. Þetta er ekki bara sakleysisleg breyting sem snýst um að breyta vali stjórnarmanna. Þetta fellur inn í algerlega nýja lagahugsun um Ríkisútvarpið, ný markmiðsákvæði, nýtt og aukið hlutverk stjórnar. Þar ætlar hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson að taka þennan breiða kubb út, sem var um einhvers konar samráð og einhvers konar lýðræði, og setja gamla kubbinn aftur í, sem er kubbur Valhallar og Sjálfstæðisflokksins og ritstjóra *Morgunblaðsins*. Það er planið.

Er ætlunin að veikja stofnunina? Snýst það um það? Er hæstv. ráðherra hræddur við þá breytingu sem var samþykkt hér í vor? Er einhver ótti við að þarna komi að fagfólk á sviði menningar og úr hópi fræðimanna úr háskóla-samfélaginu og þar með verði breiðari umræða innan stjórnar og meiri skilningur á fjölþættu hlutverki Ríkisútvarpsins, er það ekki jákvætt? Er ekki jákvætt að fá fleiri raddir að borðinu? Viljum við ekki ná breiðri sátt úti í samfélaginu? Með frumvarpinu sem hæstv. ráðherra leggur fram — og hann leyfir sér, leyfi ég mér að segja, að klæða það í búning lýðræðis. Hann leyfir sér að nota orðalagið „lýðræði“ yfir þessa breytingu og gerir enga tilraun í þeirri umræðu til að ná nokkurri sátt um málið úti í samfélaginu. Það dugar honum að tala við sitt fólk og hann veit af stuðningi Framsóknarflokksins. Það þarf ekki meir.

Er það sem hér er verið að gera ótti? Í samfélagi þar sem skortir vandaða fjölmiðlaumræðu er þá ætlunin að veikja stofnunina? Eða er verkefnið að herða pólitísku tókin eins og ýjád er að í leiðara *Morgunblaðsins* um helgina, halda henni á línunni? Er það markmiðið? Er það ætlun hæstv. ráðherra að eiga greiðari leið inn í dagleg störf stjórnarinnar? Vill hæstv. ráðherra eiga greiðari leið til starfsmanna Ríkisútvarpsins frá degi til dags? Er það markmiðið? Markmiðið er algerlega óljóst vegna þess að rökin um lýðræðisvæðingu standast ekki. Þau standast enga skoðun.

Ríkisútvarpið er okkar mikilvægasti fjölmiðill. Það hefur gríðarlega mikilvægt hlutverk í samfélaginu. Það á að styrkja það en ekki veikja það og það á að vera frjálst frá pólitískum afskiptum. Það hefur verið viðfangsefni okkar um áratugaskeið að ræða leiðir til að draga úr áhrifum stjórnmalanna á Ríkisútvarpið. Allar ákvarðanir yfirstjórnar og stjórnar eiga að vera á faglegum grunni. Hlutverkið er margþætt, samsett, það er menningarleg, það er öryggis-hlutverk og það er þjónusta við lýðræðishlutverkið, sem er í raun og veru hryggjengjan í nýju lögunum sem nú er verið að krafsa í af fullkomnu virðingarleysi.

Það er verið að krafsa í það að auka gagnsæi í rekstri Ríkisútvarpsins, að auka lýðræði í stjórnfyrrkomulaginu, að leita leiða til að tryggja sjálfstæði og starfsöryggi starfsmanna RÚV. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til, um stórukin pólitísk ítök, er vegið að þeim mikilvægu markmiðum. Og til viðbótar leggur hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra það á sig að leggja það líka til að hinn stórhættulegi fulltrúi starfsmanna verði utan dyra meðan fundað er. Út með þig, fulltrúi starfsmanna. Statt þú úti meðan við erum að tala saman, fólkíð sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra treystir.

Með lögunum var á sínum tíma verið að stíga mikilvægt skref í gríðarlega miklu og breiðu samráði. Það mikla og breiða samráð á að vera það verklag sem við eigum að viðhafa í þingsalnum. Það stendur ekki á því þegar við erum að ræða önnur mál, eins og skuldavandann eða eitthvað annað, að þá þarf að tryggja mjög ítarlega vinnu, margar nefndir, langan tíma, hlusta eftir öllum röddum o.s.frv. En í þessu máli er ekkert samráð og því hefur ekki enn þá verið svarað af hverju lá svona á. Hver það yfir höfuð um þessa breytingu og hvert er hið raunverulega markmið með henni? Það markmið er sannarlega ekki lýðræðisvæðing stofnunarinnar.

Í niðurstöðu í nefndarátliti minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar, sem ég mælti fyrir á dögunum, kemur fram að minni hlutinn mótmælti því harðlega á sínum tíma að málið væri afgreitt frá nefndinni yfir höfuð, enda telur minni hlutinn málið fullkomlega vanbúið. Verið er að rjúfa mikilvæga og breiða sátt sem liggur að baki þeim nýju lögunum sem voru samþykkt í vor með miklum meiri hluta á Alþingi og með ítrekuðum stuðningi Framsóknarflokksins.

Það er verið að herða pólitísk tók á Ríkisútvarpinu, hverfa frá þeirri sýn að breið skírskotun stjórnarmanna, þekking og reynsla af fjölmiðlum og menningarmálum, sé best til þess fallin að tryggja farsæla stjórn fjölmiðils sem starfa á í almannabágu. Um árabíl hefur það verið rætt í samfélaginu að freista þess að tryggja ákveðna fjarlægð milli Ríkisútvarpsins og hins pólitíska valds en með þessu frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra er stigið skref inn í fortíðina á ný þar sem gamaldags hugmyndir um pólitísk ítök ráða ríkjum. Það eru sömu hugmyndir og leiða hæstv. ráðherra að þeirri niðurstöðu að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna sé best borgið með fimm fulltrúum úr Sjálfstæðisflokknum.

Við leggjumst eindregið gegn því að málið nái fram að ganga og teljum brýnt að horft sé til faglegra atriða við skipun stjórnar. Við mælum með því að frumvarpið verði dregið til baka og núverandi löggjöf verði fylgt til enda þannig að tilnefnd verði valnefnd samkvæmt lögunum. Við lýsum okkur tilbúin að tilnefna fulltrúa allsherjar- og menntamálanefndar þannig að lögin komist til framkvæmda.

[15:19]

### Vilhjálmur Árnason (S):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögunum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Mig langar að fara yfir nokkur atriði þar sem ég sit í allsherjar- og menntamálanefnd og hef tekið þátt í umræðu um þetta mál þar, í fyrsta sinn eins og gefur að skilja. Ég tek því ekki til mín þær spurningar sem snúast um hvað gert var á síðasta þingi, en þykir samt rétt að byrja á því að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur um að þeir sem greiddu atkvæði gegn þessu frumvarpi á síðasta kjörtímabili hefðu ekki gert athugasemdir við það tiltekna atriði hvernig stjórn væri valin.

Í ræðu sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir hélt um þetta mál, með leyfi forseta, stendur:

„Ég fór yfir í fyrri ræðu minni hvernig menn ætla sér að skipa í stjórn og blanda allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis inn í þann verknáð. Ég átta mig ekki alveg á því sem er verið að segja hér af því að við lifum ekki í tómarúmi og þetta frumvarp er væntanlega ekki eina frumvarpið sem við munum ræða í framtíðinni varðandi ríkisstofnanir þar sem ætlunin er að skipa í stjórnir. Er það stefna þeirrar ríkisstjórnar sem leggur málið fram að blanda þingnefndum að jafnaði inn í slíkar skipanir?“

Hér er strax komin athugasemd um þetta og hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir er einmitt formaður allsherjar- og menntamálanefndar núna. Það er því ekki óeðlilegt að hún komi að þessu máli.

Svo er annað í þessu. Það var verið að tala um það sem

ég tel mikilvægast í þessu máli og hefur komið enn skýrar í ljós í meðförum nefndarinnar á málinu og það er að ábyrgðin er algjörlega óljós. Hver ber ábyrgð á þessum stjórnarmönnum? Valnefndin er skipuð til þess eins að velja stjórnarmennina, en hvað ef eitthvað kemur upp á í stjórn RÚV eða með reksturinn? Hvar liggur ábyrgðin þá? Geta allir bara fríað sig ábyrgð, valnefndin ekki að störfum lengur? Ráðherrann skipaði ekki stjórnina og ekki þingið, heldur valnefndin. Ég held að þetta verði að vera skýrt.

Þetta kom að hluta til fram hjá gestum nefndarinnar. Þeir sögðu: Ábyrgðin er óljós, það er verið að flækja málið. Þetta verður óskýrara og ábyrgð stjórnarinnar verður óljósari og hvernig valið er í stjórnina og annað slíkt. Samt stendur í nefndarálitinu minni hlutans að allar umsagnir sem bárust nefndinni um núverandi fyrirkomulag hefðu verið neikvæðar, engin verið jákvæð. Það er bara ekki rétt. Þetta er einmitt eitt atriði sem kom fram hjá nefndinni, að ábyrgðin væri ekki ljós í nýju lögunum, þ.e. hvar hún lægi, hún væri ekki nógu skýr. Einnig kom fram í nefndinni og í umsögnum sem henni voru sendar að núverandi fyrirkomulag hefði virkað mjög vel. Suma langaði bara að lögfesta núverandi stjórnarfyrirkomulag því að þetta hefði gengið svo vel undanfarin fjögur ár. Enginn gat nefnt dæmi um að upp hefðu komið einhver pólitísk vafamál um störf stjórnarinnar. Þvert á móti var sagt: Ástæðan fyrir því hvað núverandi stjórn hefur unnið gott verk og stjórnir þar á undan er sú hvernig hlutverk stjórnar er orðað í núgildandi lögunum.

Þess skal getið að þetta kom allt saman fram í máli stjórnarmanna, í máli starfsmanna Ríkisútvarpsins og í umsögnum sem voru sendar til nefndarinnar þar sem kom fram að ekki væru gerðar athugasemdir við frumvarpið, þ.e. breytingarnar sem við erum að ræða núna. Svo stendur í nefndarálitinu minni hlutans að engin jákvæð umsögn hafi komið.

Það er hins vegar önnur mun stærri villa í nefndarálitinu minni hlutans, sem hv. þm. Svandís Svavarsdóttir er búin að biðja um að verði leiðrétt. Það breytir samt mjög miklu ef það hefur verið skoðun minni hlutans allan tímann að valnefndin ætti að vera skipuð tíu fulltrúum, af því að ef ráðherrann hefði skipað fimm fulltrúa og þingið þrjá í gegnum (SSv: ... textann.) allsherjar- og menntamálanefnd þá hefði náttúrulega þessi pólitíska ábyrgð strax orðið mikið ljósari. Þetta er í upphafi nefndarálitsins og ótrúlegt að það hafi farið í gegn eftir yfirlestur, en þetta hefur verið leiðrétt eins og ég kom inn á.

Fyrir mér lítur þetta því þannig út að ábyrgðin verði skýrari með því að þingið velji í stjórn, en þegar þingið velur tel ég eðlilegt, eins og hefur verið rætt hér fyrir í dag, að formenn þingflokka tali aðeins saman og sýni á spilin til þess að tryggja að stjórnin verði faglega skipuð. Við skulum líka hafa það í huga að hún hefur verið faglega skipuð undanfarin fjögur ár samkvæmt flestum sem komu fyrir nefndina og þeim umsögnum sem nefndinni bárust, Sjálfstæðisflokknum var meira að segja sérstaklega hælt fyrir þann sem hann skipaði í stjórn RÚV.

Einnig er lagt til að stjórnin verði skipuð sjö mönnum en hún er nú skipuð fimm mönnum. Þá minnkar náttúrulega vægi hvers og eins stjórnarmanns þannig að hin faglegu

áhrif ættu frekar að nást fram og einhverjir hagsmunir hafa síður áhrif. Það kom einmitt fram í nefndinni líka að með því að blanda einhverjum vissum hagsmunahópum inn í valnefndina gætu vissir einstaklingar sem hafa verið skipaðir í stjórn lítið svo á að þeir væru skipaðir fyrir einhverja hagsmunahópa. Það kom nefnilega alveg skýrt fram að allir sem hafa setið í síðustu stjórn RÚV hafa lítið á sig sem fulltrúa Ríkisútvarpsins og borið hag þess fyrir brjosti en þeir höfðu áhyggjur af því að ef einhverjir hagsmunahópar hefðu valið þá í stjórnina hefðu þeir frekar unnið að hagsmunum þessara hagsmunahópa en Ríkisútvarpsins sjálfs.

Þetta mál er allt saman skýrt og þarf ekkert að lengja það mikið frekar. Þó að hv. þm. Svandís Svavarsdóttir hafi kvartað undan því að nefndarálitinu sé stutt og frumvarpið sjálft er það náttúrulega bara af umhverfissjónarmiðum til þess að spara pappír því að þetta er ekki það flókið mál og liggur nokkuð ljóst fyrir.

Ég segi það bara fyrir mitt leyti að því meira sem ég skoða þetta mál þeim mun sannfærari verð ég um að við séum að gera rétt með því að breyta þessu.

Þess skal líka getið að allir sem hv. þingmenn í allsherjar- og menntamálanefnd óskuðu eftir að kæmu fyrir nefndina komu.

Að lokum vil ég segja að þótt minni hlutinn segi að þetta sé ekki mikilvægt mál og skilji ekki hvað liggur á þá sýnist mér þetta vera nokkuð mikilvægt og stórt mál miðað við þá athygli og þá umræðu og það upphlaup sem það veldur minni hlutanum í þinginu.

Svo langar mig að koma inn á eitt. Það hefur verið nefnt að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi áheyrnarfulltrúa í stjórn RÚV. Ég tel að stjórnin sjálf geti ákveðið að bjóða starfsmönnum að hafa áheyrnarfulltrúa og tel það bara jákvætt og ekkert sé því til fyrirstöðu að þeir eigi þarna áheyrnarfulltrúa.

Ég vil ljúka máli mínu á því að leggja áherslu á að meiri hlutinn bendir á að valnefndin beri „enga ábyrgð gagnvart kjósendum og engin trygging er fyrir því að nýtt fyrirkomulag, sem 9. gr. laganna felur í sér, stuðli að markmiðum laganna eins og þeim er lýst í 3. gr. laganna, þ.e. stuðli að því að félagið þjóni lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum íslensks samfélags“. Ábyrgðin er miklu skýrari með því að þingið kjósi beint í stjórn.

[15:29]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Herra forseti. Ég er nú andstæðrar skoðunar við hv. þingmann en mér þótti hann flytja mál sitt vel og skörulega. Hann hafði út af fyrir sig ýmisleg rök fyrir afstöðu sinni.

Það er eitt sem mig langar til þess að hnykkja á með spurningu til hv. þingmanns. Hv. þingmaður taldi að það væri svona heldur umhendis að samþykkja lög sem tryggðu að starfsmenn ættu að lögum fulltrúa í stjórninni. Hins vegar sagði hv. þingmaður að stjórnin sjálf gæti í sjálfu sér tekið ákvörðun um að bjóða þeim fulla áheyrnaraðild þannig að tryggd væri að sjónarmið þeirra kæmust alltaf að og nú liggur það fyrir að það er afstaða hv. þingmanns.

Mig langar til þess að spyrja hann: Er það afstaða Sjálfstæðisflokksins í þessu máli?

[15:30]

**Vilhjálmur Árnason (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðins-syni fyrir spurninguna.

Ég er ekki búinn að gera mikla rannsókn á því en já, ég held það að það sé almennt skoðun í mínum flokki, Sjálf-stæðisflokknum, að fulltrúar Ríkisútvarpsins megi eiga áheyrnaraðild í stjórn RÚV. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu og hef ekki heyrt að einhverjir aðrir geri það, án þess að ég geti fullyrnt um það.

[15:30]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að það væri fullkomlega þess virði að skoða iður hæstv. mennta-málaráðherra varðandi afstöðu hans til málsins. En mér þótti það forvitnilegt hjá hv. þingmanni að hann telur að það sé fullt tilefni til þess að starfsmenn hafi fasta áheyrnar-aðild að stjórninni og geti þá komið að sjónarmiðum sínum og eftir atvikum varið hagsmunum sína og Ríkisútvarpsins. En ef hann telur að það sé fullt tilefni til þess að rödd þeirra heyrist þar hvers vegna þá ekki að slá það í gadda og tryggja þeim þessa aðild, sem hv. þingmaður telur að sé fullt tilefni til, með lögum?

[15:31]

**Vilhjálmur Árnason (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, það væri náttúrulega hreinlega og ég er alveg tilbúinn í umræðu um það og sé því ekkert til vansa. Það tengist þó ekki alveg markmiðum með því sem við erum að breyta núna. En ef við viljum ræða það samhliða þessu máli er ég alveg til í það.

[15:32]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að blanda sér inn í umræðuna, loksins, ekki veitir af að einhver frekari rökstuðningur komi fyrir frumvarpinu.

Hv. þingmaður nefnir að honum finnst að við stjórn-málamenn ættum að tala saman og koma saman faglegrí stjórn Ríkisútvarpsins en í lagafrumvarpinu er talað um hlutbundna kosningu. Það er ekki fagleg stjórn, það er póli-tísk stjórn, hún getur í raun og veru ekki orðið neitt miklu pólitískari.

Mér sýnist enn og aftur — ég þakka hæstv. mennta-málaráðherra fyrir að hlýða á þessi orð — að einhver mis-skilningur sé í gangi varðandi starfssvið Ríkisútvarpsins og fjölmiðla almennt. Það á ekki að vera að tala máli þings eða ríkisstjórnar heldur til þess að veita aðhald, til þess að vera gagnrýnið, til þess að vera svolítið vont við ríkisstjórnina, það er hugmyndin. Það er hugmyndin með frjálsri fjölmið- un, til þess eru fjölmiðlar. Það að kalla þetta faglegt er ein-faldlega ekki satt, mjög augljóslega ekki satt.

Hvað varðar ábyrgðina sem hv. þingmaður nefndi áðan má með sömu rökum vissulega nefna það þegar kemur að því að ráðherra útnefni einfaldlega stjórn, eins og hefur nú verið stungið upp á hér á hinu háa Alþingi af öðrum hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins.

Svo langar mig að gera smáathugasemd við það að hv.

þingmaður hafi tekið þátt í umræðu í allsherjarnefnd. Ég var líka í allsherjarnefnd, ég man ekki eftir neinni sérstakri umræðu meðal þingmanna um þetta mál. Ég man að við fengum til okkar fólk sem talaði undantekningarlítið, reyndar næstum því undantekningarlaust — það var einn gestur sem kom til okkar sem studdi þetta, en síðan var þetta ekki rétt neitt sérstaklega á meðal okkar nefndar-manna.

Mér finnst reyndar fullt tilefni til að við ræðum þetta betur, sérstaklega með hliðsjón af því ef hv. þingmaður er hugsanlega tilbúinn að setja það í lög að starfsmaður Ríkis-útvarpsins fái þar áheyrnarfulltrúa. Ef það er ekki svo slæm hugmynd ættum við kannski bara að skella því inn í frum-varpið. Í þeim tilgangi langar mig að stinga upp á því að frumvarpið fari aftur til allsherjarnefndar þannig að við gætum rétt þetta efnislega, þingmenn sjálfir, og tekið fyrir alla þessa punkta. Þá gefst kannski líka tækifæri til að hjálpa til við að gera þetta allt saman miklu lýðræðislega og gegnsærra, það er nóg af hugmyndum þar af. Hægt er til dæmis að sleppa því að hafa þetta hlutbundna kosningu, þá gætu kannski allir flokkar komið að því að skipa þá stjórn, það er ein hugmynd. Við gætum einfaldlega tekið út orðið „hlutbundin“, kannski hefði það einhver áhrif. Við gætum sett inn tillögur þess efnis að allir flokkar þyrftu að sam-þykkja hvern stjórnarmeðlim. Þá væri fullkomin sátt um stjórn Ríkisútvarpsins.

Hægt er að auka gegnsæið með því að birta fundargerð-ir, eða vitið þið hvað? Við gætum jafnvel sett það í lög að útvarpa beri öllum fundum allsherjarnefndar eða þeirra nefnda þar sem umræður fara fram um hver skuli sitja í stjórn. Við gætum jafnvel gengið lengra og útvarpað ein-faldlega öllum fundum stjórnar Ríkisútvarpsins. Það væri hægt, það er möguleiki. Það er ýmislegt hægt að gera til að auka lýðræði og til að auka gegnsæi, en það að gera Ríkis-útvarpið pólitískt er ekki skref í þá átt.

Þegar kemur að þeim blönduðu hagsmunum sem eru oft nefndir frá BÍL og háskólanum þá finnst mér svolítið kald-hæðnislegt að gert er ráð fyrir því að slíkir hagsmunir muni ráða för. Vegna þess að ef þetta verður hlutbundin kosning þá vitum við öll hvaðan hagsmunirnir koma.

[15:36]

**Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegi forseti. Fyrir liggur tillaga hæstv. mennta-málaráðherra um val stjórnarfólks í RÚV. Um er að ræða fjölmiðil í almannabágu eins og titill laganna gefur til kynna.

Það eru þrjár spurningar sem ég vil velja upp í þessu samhengi og stóra spurningin er auðvitað þessi: Hvernig er það tryggt að miðillinn verði í almannabágu?

Í annan stað: Að hve miklu leyti eiga ráðandi öfl hvers tíma að hafa áhrif á umræður í samfélaginu?

Í þriðja lagi: Hvernig er hægt að tryggja lýðræðislega starfshætti við rekstur miðilsins?

Þetta eru þrjár veigamiklar spurningar sem hljóta að snúa að markmiðum þess frumvarps sem fyrir liggur. Við þurfum að velja þeim fyrir okkur.

Sjálfur var ég rétt í þessu, bara núna í morgun að koma úr austurvegi og þar sem ég er alinn upp á lokaspretti kalda

stríðsins var mér vel kunnugt um hvernig upplýsingamiðlun var háttað þar austur frá, yfirleitt í nafni sannleika, enda hét blaðið *Pravda*, eins og þið munið kannski eftir. Í vor var samþykkt frumvarp, m.a. með atkvæðum framsóknarmanna, sem hafði það að markmiði að skera endanlega eða eins og hægt væri á tengsl stjórnmálaafli og fjölmiðlunar. Markmiðið með lögunum sem samþykkt voru í vor með öllum atkvæðum, m.a. framsóknarmanna, með einhverjum móttakvæðum sjálfstæðismana, var fagmennska, lýðræði og traust, að byggja upp traust á fjölmiðlun í landinu á grunnni fagmennsku og lýðræðis. Frumvarpið sem samþykkt var í vor, m.a. með atkvæðum framsóknarmanna, átti að tryggja sjálfstæði RÚV. Það byggði á sænskri fyrirmynd og eru fordæmi um það víða í nágrannalöndunum; í Danmörku, Noregi og Englandi, þó að útfærslur í hverju landi séu ólíkar.

Sjálfstæði byggt á fagmennsku, lýðræði og trausti umfram allt tryggir RÚV ásamt öðrum fjölmiðlum hlutverk sitt sem fjórða valdið og hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson nefndi í ræðu sinni áðan. Það hefur nefnilega löngum verið svo að fjórða vald fjölmiðla verið óvirkt á Íslandi vegna þess að fjölmiðlar hafa gengið erinda ákveðinna hagsmunaaðila. (Gripið fram í.) Fjölmiðlar hafa verið málpípur þar sem ákveðnum sjónarmiðum hefur verið beint í gegn. Leggja þarf áherslu á það í stjórn opinberra fjölmiðla að enginn gangi sérstakra erinda neins heldur sé um fagfólk að ræða, áherslan á að vera á fagmennsku, hún á að vera undirstaða traustsins á miðilinn. Í því samhengi verðum við að hafa í huga að RÚV gegnir lykilhlutverki í menningu og samfélagi þjóðarinnar.

Hæstv. forsætisráðherra hefur orðið tíðrætt um þjóðmenningu án þess svo sem að skilgreina sérstaklega í hverju hún felst. Menning er hins vegar lifandi afl á hverjum tíma, menning breytist og er lifandi kvíkt afl í samfélaginu. Menningunni verður að veita lífsanda, hún verður að geta þrífist, hún verður að hafa rými til að þrífast, það verður að vera tækifæri fyrir hana til að þrífast og gegnir RÚV þar lykilhlutverki.

Því hlutverki er viðhaldið með lögbundnu hlutverki RÚV sem snýr að því að miðla upplýsingum og miðla þekkingu úr öllum hornum samfélagsins, úr öllum kimum samfélagsins og af öllum hornum landsins. Við skulum ekki gleyma því að RÚV er miðill allra landsmanna. Hvernig verður slíkt tryggt með skipan þings á stjórn andstætt breiðri stjórn með aðkomu fjölda ólíkra hópa? Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra að því hvernig hann sér fyrir sér að þingið tryggi þá aðkomu ólíkra sjónarmiða úr ýmsum kimum samfélagsins og af öllum hornum landsins ef þingið sér eitt um að skipa stjórn RÚV.

Við höfum fordæmi fyrir því hvernig hæstv. menntamálaráðherra sér fyrir sér skipan í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem hann virðist hafa mjög ákveðnar hugmyndir um hverjum sé treystandi; þeir þurfa helst að koma úr hans eigin ranni.

Fyrst starfsmenn voru nefndir hér áðan þá segir eftirfarandi í umsögn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um málið, með leyfi forseta:

„Stjórn starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins (RÚV) harnar að fulltrúi Starfsmannasamtakanna verði ekki í

stjórn ...“

Þeir voru meira að segja búnir að kjósa fulltrúa sinn núna á vordögum, en hann fær sem sagt ekki að vera með. Menn tala um að mögulega verði hægt að leyfa þeim áheyrn á fundum stjórnarinnar eftir smekk og „behag“ stjórnarinnar, en það er ekki í anda þeirrar fagmennsku sem mér var tíðrætt um áðan, ekki í anda lýðræðisins, þ.e. lýðræðislegra starfshátta innan stofnunarinnar sem endurspeglar aftur það lýðræði sem RÚV á að vera vakandi afl yfir. Starfsmenn RÚV eru nefnilega fagfólk, fagfólk á sviði miðlunar, í menningu, fagfólk á sviði miðlunar þekkingar og upplýsingaöflunar, gegnsærrar, gagnrýninnar og upplýstrar þekkingarmiðlunar og gagnaöflunar.

Ég hef áhyggjur af því hvert við stefnum núna með hinu nýja frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, töluverðar áhyggjur. Það er skref til baka eins og hér hefur verið sagt. Það er skref aftur í pólitíska stýringu á miðlun upplýsinga og þekkingar í landinu. Það er vont, það er áhyggjuefni.

Í því samhengi og að lokum langar mig til að minnast á pistil Guðmundar Andra Thorssonar í *Fréttablaðinu* síðastliðinn mánudag. Í þeim pistli biðlar hann til útgerðarmanna um að skila okkur aftur *Morgunblaðinu*. Ég velti fyrir mér hvort við stöndum hér í þúli eftir eitt eða tvö ár og biðlum til valdhafanna um að skila okkur, fólkinu í landinu, aftur RÚV.

[15:43]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og óska nýjum varaþingmanni Vinstri grænna til hamingju með jómfrúræðuna, hún var mjög góð og tók verulega vel á þessu máli. Hún lýsir kannski hvernig við hugsum þetta og höfum talað um málið í minni hlutanum í allsherjar- og menntamálanefnd.

Ég hef talað um þetta mál áður og sagt minn hug í því, þá var hæstv. menntamálaráðherra reyndar ekki hérna á staðnum. Fyrir mig sem nýjan þingmann sem kom inn á þing fullur af kjarki og bjartsýni og þori, sérstaklega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn boðaði nýja tíma og sól í heidi og að hér mundi allt verða breytt — þannig var umræðan í þjóðfélaginu, að hér yrði allt breytt. Lokins væri komið alvörufólk við stjórnvölinn. En ég verð að segja að ég er afskaplega dapur yfir þessu máli.

Ég tundaði um daginn hvað mér finnst um Ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðil okkar. Hann er ein stærsta menningarstofnun okkar. — Þá fór hann, ég er svona leiðinlegur — Þetta er stærsta menningarstofnun og öryggisstofnun landsins að mínu mati. Ég get svo sem vel skilið að menn komi fram með frumvarp í þessum málum ef ekki væri fyrir þá staðreynd að í vor var samþykkt nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið sem engin andstaða var við. Framsóknarmenn samþykktu það og hæstv. menntamálaráðherra sat hjá.

Ég kom hér inn á þing bjartsýnn á að nýir tímar væru í nánd en það er nú aldeilis ekki. Það er verið að hverfa til gamalla tíma í þessu máli. Fyrirverandi menntamálaráðherra fór mjög vel í gegnum það hver hugsunin var á bak við það að taka málefni Ríkisútvarpsins í gegn aftur, skipa valnefnd og reyna að gera þetta faglega. Mér fannst það svo falleg hugsun, ég verð að segja það, um þennan merka miðil sem



hv. þm. Pétur Blöndal vill selja. Það er líka allt í lagi, hver má hafa sína skoðun á því, en ég mundi aldrei samþykkja það, því að Ríkisútvarpið er það mikið öryggistæki fyrir þjóðina. (PHB: Það var slökkt á því einu sinni.) Já, ég veit það.

Ég vil segja minn hug og það sem hræðir mig líka í þessu máli eru ummæli tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Þau fá mann til að hugsa: Hvað liggur á bak við þessa breytingu á skipun stjórnarinnar, þegar þeir segja að hreinsa þurfi út úr þessari stofnun samfylkingar- og vinstri-grænaliðið og það þurfi alvörufolk í stjórn RÚV? Þeir hafa aldrei komið upp og skýrt það fyrir mér hvað er alvörufolk.

Ég tók eftir því í kosningabaráttunni að við í Bjartri framtíð vorum t.d. kölluð geimverur, og svo hefur maður tekið eftir því að vissir liðsmenn ákveðins stjórnmalaflokks kalla annað fólk hyski sem ekki er talandi við og þar fram eftir götunum. Ég upplifði það í kosningabaráttunni að fyrirverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins kallaði ríkisstjórnina aumingja, hér mundi ekkert gerast á Íslandi af því að hér væru bara aumingjar við völd, og hann sagði það ekki einu sinni heldur tvisvar við mann sem var að spyrja hann fréttu úr þinginu. Þessi sami þingmaður sagði: Maður vitnar ekki í vinstra liðið.

Mér finnst þessi aðgerð öll miða einmitt að þessu: Burt með allt þetta helvítis vinstra lið — afsakið orðbragðið. Ég biðst innilega afsökunar.

Það er þessi hugsun sem mér finnst vera svo ríkjandi og maður vonaði að væri að hjerfa úr stjórnmalunum. En því miður er það ekki þannig. Á fyrstu metrum nýs þings hefur maður orðið fyrir gífurlegum vonbrigðum með það sem er að gerast hérna. Maður var tilbúinn að styðja hæstv. ríkisstjórn til allra góðra verka sem hún var að leggja af stað með, en mér finnst hún byrja algjörlega á snarvitlausum enda. Það heyrir maður úti í þjóðfélaginu því miður. Það er ekki mikil bjartsýni ríkjandi í þjóðfélaginu núna. Það er slæmt.

Ég sagði um daginn að ég vonaðist til að hæstv. menntamálaráðherra mundi draga frumvarpið til baka og gefa nýju lögnum, sem tóku gildi í vor, séns, leyfa þeim að sanna gildi sitt. Ef þau duga ekki þá er allt í lagi að koma fram með frumvarp sem við getum rætt um málefnalega. Og af því að ég segi málefnalega þá hefur ekki einn einasti framsóknarmaður opnað munninn í þessu máli, ekki einn. (ÖS: Þeir skammast sín.) Ég hugsa að það sé eitthvað svolæðis. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort þetta er málefnalegt.

Mér finnst svolítið skrytið, hv. þm. Pétur Blöndal, að enginn í Framsóknarflokknum skuli tjá sig um þetta mál, af því að þetta er eins og hv. þm. Vilhjálmur Bjarnason sagði áðan — Vilhjálmur Árnason. Fyrirgefðu, Villi minn, ég biðst afsökunar. Ég er nýr, ég vona að hæstv. menntamálaráðherra fyrirgefi mér að ég geri mistök, ég á örugglega eftir að gera þau fleiri.

Hv. þm. Vilhjálmur Árnason sagði áðan að þetta væri stórt mál. Þetta er svolítið stórt mál af því að við erum að tala um Ríkisútvarpið, fjölmiðil okkar allra, sem á að vera, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, fjórða valdið. Hann á að veita okkur aðhald.

Ég velti því oft fyrir mér: Hvernig eigum við að velja starfsmenn inn í Ríkisútvarpið? Fólk hefur misjafnar skoð-

anir og við verðum að treysta á hlutleysi þess.

Ég vona svo sannarlega að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra dragi málið til baka. Gefum nýja frumvarpinu sem var samþykkt í vor séns. Ég er tilbúinn til ásamt örugglega mörgum öðrum að taka þetta til baka ef það gengur ekki. Við viljum lýðræðisleg og góð vinnubrögð. En ég vil endurtaka að ég er mjög dapur yfir því hvernig þetta hefur farið hér af stað.

[15:50]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Herra forseti. Hv. þm. Páll Valur Björnsson er eins og margir Suðurnesjamenn annálað þrekmenni og það gastaði af honum í ræðustól áðan. Hann lýsti því hvernig hann kom til þings fullur af þori, bjartsýni og kjarki en hefði andspænis verkum ríkisstjórnarinnar eftir einungis einn mánuð glúpnað svo að hann væri dapur orðinn nú þegar. Hvernig heldur hann að okkur hinum ræflunum líði þá? [Hlátur í þingsal.] Ekki erum við þó jafn vel að okkur til anda og líkama eins og hv. þingmaður.

Hv. þingmaður var með eina spurningu sem hann spurði svo sem einungis út í tómið. Hann ætlaðist kannski ekki til að fá svar, en ég get fyrir hönd þeirra sem hér eru svarað því. Hv. þingmaður spurði: Hvað er það sem þarf til að menn eins og hæstv. menntamálaráðherra líti á menn eða konur sem alvörufolk? Það er mjög auðvelt að svara þeirri spurningu. Menn þurfa að hafa flokksskráteini í Sjálfstæðisflokknum.

Frumvarp hæstv. menntamálaráðherra gengur ekki út á neitt annað en það að Sjálfstæðisflokkurinn er að læsa klóm sínum um Ríkisútvarpið. En það má virða það hæstv. menntamálaráðherra til vorkunnar að þar fetar hann slóð sinna fyrri mæðra og feðra í Sjálfstæðisflokknum. Það hefur alltaf verið nr. eitt, tvö og þrjú hjá Sjálfstæðisflokknum þegar hann hefur verið í ríkisstjórn, og muni ég rétt hefur hann verið 51 af 69 lýðveldisárum í ríkisstjórn, að ná tókum á Ríkisútvarpinu. Menn gátu lesið það í pistli Styrms Gunnarssonar fyrir á árinu. Þessi vaski, falletgi ungi hæstv. menntamálaráðherra er ekki að gera neitt annað en að fylgja þeirri forskrift sem er lögð af hálfu flokksins. Þetta er svarið: (Forseti hringir.) Menn þurfa að hafa flokksskráteini í Sjálfstæðisflokknum til að vera alvörufolk.

[15:52]

#### Páll Valur Björnsson (Bf) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ég á margt eftir ólært í þessum ræðustól, það er ljóst, en þó að ég hafi talað um að ég væri dapur þá er ég ekkert hræddur um að ég verði það áfram. Ég held áfram með bjartsýni, kjark og þor inn í kjörtímabilið, það er alveg á hreinu.

Ég þakka fyrir upplýsingar um það hvað maður þarf til að vera alvörumaður. Ég er þá ekki alvörumaður ef þetta er rétt. En ég trúi á Ísland, ég trúi á lýðræðið og ég trúi á samstöðu fólks. Ég fer inn í kjörtímabilið fullur af kjarki, þori og bjartsýni.

[15:53]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Herra forseti. Ég er eins og hv. þingmaður, ég trúi líka á hið góða af manninum og ég trúi því að allir um síðir sjái ljósið. En ég held að við hv. þingmaður getum verið algerlega sammála um að eins og sakir standa er hæstv. menntamálaráðherra þannig staddur hvað varðar afstöðu til ljóssins að það eru engar líkur til að hann sjái það, í þessu máli a.m.k.

Á örfáum dögum hefur hæstv. menntamálaráðherra sýnt nokkuð vel á kortið. Ég held að hann hafi með verkum sínum síðasta hálfan mánuðinn sýnt nokkuð vel að sú yrðing sem ég setti fram í andsvari við hv. þingmann, um að menn þyrftu að hafa flokkskrifteini í Sjálfstæðisflokknum til að ná máli í augum hans, hennar sér ekki bara stað í frumvarpinu sem við ræðum hér því tilgangur þess er ekki neinn annar en sá að Sjálfstæðisflokkurinn nái taki á Ríkisútvarpinu. Herra trúr og herra forseti. Var ekki hæstv. menntamálaráðherra líka að taka stökkið á öðrum vettvangi fyrir skömmu? Var ekki hæstv. menntamálaráðherra að skipa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna? Og hvað þurfti þar til að vera alvörumaður eins og hv. þingmaður spurði áðan? Nákvæmlega sama og mun þurfa til að komast í gegnum lófa hæstv. menntamálaráðherra í stjórn Ríkisútvarpsins. Menn þyrftu flokkskrifteini í Sjálfstæðisflokknum. (Gripið fram í.)

Það sem við sjáum hér á fyrstu dögum þings er einfaldlega það að menn eru að hreiðra um sig, þeir eru að ryðja brautina fyrir sitt fólk að kjötkötlunum. Þeir eru að uppfylla það sem fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins og einn af hugsuðum Sjálfstæðisflokksins var nógu ærlegur og nógu heiðarlegur til að skrifa á prenti. Það sem Styrmir Gunnarsson sagði (Forseti hringir.) og fólst í því sem hv. þingmaður vísaði til: Hreinsa til í kerfinu. Það er hæstv. menntamálaráðherra að gera.

[15:56]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf)** (andsvar):

Herra forseti. Ég veit ekki hverju ég á að bæta við þetta, hv. þingmaður kom þessu vel frá sér. (Gripið fram í.) En ég get svarað hv. þm. Pétri Blöndal, sem snupaði mig fyrir að vitna í menn úti í bæ, hverjir það voru, hvaða þingmenn Sjálfstæðisflokksins það voru sem létu hafa það eftir sér að hreinsa þyrfti út. Ég get upplýst að í umræðunni um daginn var það hv. þm. Brynjar Níelsson sem sagði að það þyrfti alvörufolk í stjórn RÚV. Og í vor þegar verið var að tala um þetta nýja frumvarp lét hv. þm. Jón Gunnarsson hafa það eftir sér að losa þyrfti Ríkisútvarpið við þetta samfylkingar- og vinstrigrænalið.

Það var það sem ég var að meina og það sem fékk mig til að koma hingað upp og segja að maður væri hálfhræddur við svona aðgerðir af því að þær miða bara að því að ná pólitísku valdi á stofnuninni, því miður.

Það hefur oft verið talað um ábyrgð. Er ekki bara ábyrgðin hjá menntamálaráðherra á þessari stofnun þó að það sé skipað öðruvísi í stjórnina? Er hún ekki alltaf hjá hæstv. menntamálaráðherra? Ég hefði haldið það. og hann hefði þá öll tók á því að koma inn og hafa einhver afskipti af því ef þetta er ekki að ganga vel. Það hlýtur að vera sem æðsti maður stofnunarinnar eða ég hefði haldið það.

[15:57]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf):**

Herra forseti. Í raun er ég búinn að segja það sem ég kom til þess að segja við þessa umræðu í dag. Það kom fram í andsvörum mínum áðan.

Þó að ég hafi farið heldur geyst að hæstv. menntamálaráðherra vil ég segja það algjörlega skýrt að ég tel að af hálfu þeirra sem úr var að velja á annað borð í þessari stjórn held ég að núverandi hæstv. menntamálaráðherra muni reynast vanda sínum vaxinn, þ.e. ég tel að að menntamálum og því sem eftir af menningarmálum sem ekki er búið að koma undir forsætisráðuneytið, sé vel borgið í höndum hans fremur en í höndum ýmissa annarra sem hugsanlega hefðu getað tekið þennan málaflökk yfir.

Það er hins vegar svo að sporin hræða og auðvitað veldur það mér ákveðnum vonbrigðum sem hef alltaf lítið á hæstv. menntamálaráðherra Illuga Gunnarsson sem einn af hinni nýju kynslóð Sjálfstæðisflokksins sem mundi nú loksins þora að taka það skref að láta flokksglæraugun lönd og leið og gera bara það sem honum þykir best fyrir málaflökkin. En hann leggst í það strax á sínum fyrstu vikum í embætti að leggja fram frumvarp af þessu tagi sem er ekkert annað en mjög heiðarleg viðleitni af hans hálfu til þess að ná flokkstökum Sjálfstæðisflokksins á Ríkisútvarpinu. Það er ekkert annað sem vakir fyrir Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Þetta var eitt af því sem klárt var að sá kjarni sem ræður Sjálfstæðisflokknum í flestum málum lagði fyrir hæstv. menntamálaráðherra að gera.

Ég sagði sporin hræða. Það kom vel fram í máli hv. þm. Páls Vals Björnssonar sem fór hér með tilvitnanir í ýmsa sem bersýnilega vildu rusla út úr Ríkisútvarpinu þeim sem væru með rangan flokkslit, nefndu sérstaklega Samfylkingu og Vinstri græna.

Hvað gerist í fjölmiðlum í dag? Jú, allt í einu stígur hæstv. forsætisráðherra fram og skrifar heilsíðugrein í *Morgunblaðið* sem ekki er hægt að túlka með öðrum hætti en þeim að hæstv. forsætisráðherra reiðir þar svipuna gagnvart opinberum fjölmiðlum. Það er ekkert annað. Nú er það að vísu svo að hæstv. forsætisráðherra kemur í vaxandi mæli fram eins og prinsessan á bauninni. Það má ekki koma við hann, þá er hann stökkinn fram. Það má ekki benda á að eitthvað hafi misfarist, þá bregst hann til varnar, talar um loftárásir af hálfu fjölmiðla, talar um loftárásir af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hvað er það annað en ógnun við þá sem starfa við frjálsa fjölmiðlun og jafn mikil ógnun og þó heldur meiri við þá sem starfa við opinbera fjölmiðlastofnanir eins og Ríkisútvarpið?

Ef maður les saman það frumvarp sem við ræðum hér og yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra sem líkir umfjöllun fjölmiðla, þar á meðal Ríkisútvarpsins um ríkisstjórn sína, við loftárásir, hvers á þá þetta fólk að vænta í framtíðinni?

Þetta er kjarni málsins. Svo geta menn rífið sig niður í rass, ef þeir vilja, um eitthvað annað, en það er ekkert annað sem vakir fyrir Sjálfstæðisflokknum og ríkisstjórninni, ekkert annað en að berjast undir sig hina opinberu fjölmiðla, að koma í veg fyrir að þar ástundi menn heiðarlega og tæra gagnrýni eins og alltaf á að hafa uppi gagnvart fjölmiðlum, alveg eins og við sem vorum í hinna fyrri ríkisstjórn sveinkuðum okkur oft undan.

Ríkisstjórnir mega kveinka sér undan því þegar fjölmiðlar fjalla um þá. En mér finnst það ekki hægt þegar hæstv. forsætisráðherra líkir því beinlínis við loftárásir af hálfu fjölmiðla þegar menn taka eðlilega upp varnir í samfélaginu og miðlarnir segja frá því, eins og t.d. þegar þessi ríkisstjórn lætur það verða sitt fyrsta verk að ætla að leggja hér fram frumvarp sem beinlínis færir stórúterð landsins 10 milljarða á silfurfati.

Er það nema von að menn reyni að taka á móti, að fólk úti í samfélaginu geri það? Eiga fjölmiðlar ekki að greina frá því? Mega menn ekki standa upp, njóta málfrelsisins í gegnum opinbera fjölmiðla án þess að hæstv. forsætisráðherra komi og líki því við loftárásir? Hvað felst í því annað en ógnanir gagnvart þeim starfsmönnum sem við slíka fjölmiðla starfa? Þetta frumvarp er sem sagt bara partur af því og því skulu menn vera algjörlega klárir á. Nú liggur það alveg fyrir að samkvæmt frumvarpinu og einbeittum vilja hæstv. ríkisstjórnar á að keyra það í gegn.

Komið hefur fram í umræðunni í dag að starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem hingað til hafa að lögum haft fulltrúa í stjórninni, munu missa hann. Eðlilega þykir þeim það súrt í broti og hafa þeir mótmælt því. En það hefur líka komið fram í umræðunni í dag hjá einum af hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, Vilhjálmí Árnasyni, að hann telur það fullkomlega eðlilegt að starfsmennirnir hafi fulla áheyrnaræðild að stjórn Ríkisútvarpsins. Ég spurði þann ágæta hv. þingmann áðan hvort hann teldi ekki allt eins betra að stíga það skref og lögbinda það að starfsmennirnir hefðu fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins? Hv. þm. Vilhjálmur Árnason sagði að hann væri alveg til í þá umræðu fyrir sína hönd og flokks síns.

Þá finnst mér, herra forseti, að hér sé komin gersamlega ný staða í þessu máli. Ef Sjálfstæðisflokkurinn eða hæstv. ríkisstjórn þess vegna er reiðubúin til þess að eiga orðastað við stjórnarandstöðuna um að miðla málum, ná a.m.k. samkomulagi um að hægt verði að afgreiða þessi lög með þeim hætti að starfsmennirnir eigi lögbundinn fulltrúa í stjórninni er ég fyrir mitt leyti til í að ræða það.

Mér þykir frumvarpið vont, en ef hægt er að bæta það finnst mér að menn eigi að fara í slíka umræðu.

Mér finnst að það séu kafaskipti í umræðunni þegar einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins lýsir því yfir að hann hafi ekkert á móti því að ræða það. Ég hlýt að ætla það þó að hv. þingmaður hafi sagt algjörlega skýrt að hann hafi ekki rannsakað innflyi hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta varðar, en þá tel ég að þingið eigi að taka sér það fyrir hendur.

Er einhvers konar blæbrigðamunur á afstöðu hæstv. menntamálaráðherra og einstakra þingmanna? Ég tel ekki að hæstv. menntamálaráðherra, spakur maður eins og við þekkjum hann í þessum sal, sitji yfir hlut nýrra þingmanna. Tæpast ætlar hann að kúga þá í þessu máli.

Mig langar því til þess að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hann sé reiðubúinn til þess að skoða það að starfsmennirnir fái lögbundinn fulltrúa? Er hann reiðubúinn til þess að skoða það til málamiðlunar í þessu erfiða máli? Mundu allir kannski sáttir heim ganga þegar að nótt nemur?

[16:05]

**Pétur H. Blöndal (S)** (*andsvar*):

Herra forseti. Samkvæmt því frumvarpi til laga sem við ræðum stendur, með leyfi herra forseta:

„Fyrir stjórnarkjör á aðalfundi skal Alþingi tilnefna, með hlutbundinni kosningu, sjö menn og jafnmarga til vara sem kosnir skulu í stjórn félagsins.“

Það stendur ekkert um að þetta sé með flokksskírteini Sjálfstæðisflokksins. Ég reikna ekki með að Samfylkingin og Vinstri grænir og fleiri góðir flokkar á Alþingi fari að kjósa menn í stjórn RÚV sem eru með flokksskírteini Sjálfstæðisflokksins. Ég geri ráð fyrir að þeir kjósi sína menn og þeir menn hafi döngun í sér til að segja frá því sem gerist hjá RÚV. Þetta hefur ekkert að gera með flokksskírteini Sjálfstæðisflokksins. Ég mótmæli því. Það getur vel verið að Sjálfstæðisflokkurinn kjósi fólk sem er með flokksskírteini Sjálfstæðisflokksins fyrir sína parta, það getur vel verið að hann sleppi því líka. Hann hefur gert það og valið hæft og gott fólk í stjórn RÚV. (Gripíð fram í.) Það skyldi nú ekki vera að aðrir flokkar veldu sína menn inn í stjórn sem er með flokksskírteini viðkomandi flokks. En ég mótmæli því að Samfylkingin og Vinstri grænir þurfi að fara að kjósa fólk með flokksskírteini Sjálfstæðisflokksins inn í stjórn RÚV.

[16:07]

**Össur Skarphéðinsson (Sf)** (*andsvar*):

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal er vandaður maður og heiðarlegur. Það er meira að segja gaman að því þegar hann reynir að segja brandara, því að ég tók það sem brandara þegar hv. þingmaður sagði að það væri alls ekkert víst að Sjálfstæðisflokkurinn mundi endilega skipa þarna mann sem væri utan Sjálfstæðisflokksins. Hvenær hefur það gerst? Hvenær í 51 árs sögu Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn Íslands á lýðveldistímanum hefur það gerst að Sjálfstæðisflokkurinn hafi skipað einhvern í stjórn RÚV sem ekki var blár í gegn, meira að segja helblár? Eins og ég rifjaði upp í ræðu minni áðan var hin fyrsta ganga hæstv. menntamálaráðherra nokkuð skýr. Hann skipaði í stjórn LÍN. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gæti kannski rifjað upp með mér hvaðan þeir menn komu. Þeir voru allir sjálfstæðismenn.

Þess utan held ég líka að það sé algjörlega ljóst að í þessu máli hefur Sjálfstæðisflokkurinn klárað málið í samningum við Framsóknarflokkinn. Framsóknarflokkurinn studdi hina fyrri skipan málsins hér á Alþingi. Meira að segja hæstv. menntamálaráðherra, muni ég rétt, greiddi ekki atkvæði gegn því. Framsóknarflokkurinn sem hefur verið á flótta undan umræðunni — ég hef ekki séð framsóknarmann undir umræðunni í dag — er hér auðvitað svínbeygður. Auðvitað er þetta ekkert annað en skýr viðleitni, meitluð áform Sjálfstæðisflokksins um að ná aftur flokkspólítískri stjórn á Ríkisútvarpinu. Við munum alveg hvernig það var í gamla daga. Hvaðan komu menn sem þangað voru ráðnir? Stundum beint úr Valhöll. Slíka veröld vill Sjálfstæðisflokkurinn byggja aftur, alveg sama hvað hv. þm. Pétur H. Blöndal segir um það.

[16:09]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég fékk nú enga skýringu á því að aðrir flokkar ættu að fara að kjósa fólk sem er flokksbundið, sjálfstæðismenn í stjórn RÚV. Ég tel svo ekki vera. Ég held að þeir hafi alveg fulla heimild, Samfylkingin, til að kjósa hvaða fólk sem þeir vilja og telja hæft í stjórn RÚV með eða án flokkskírteinis Samfylkingarinnar.

Ég þekki ekki sögu RÚV það vel að ég viti hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi einhvern tímann kosið mann í stjórn þar án flokkskírteinis. Ég hef ekki það mikinn áhuga á RÚV. Það er bara mjög einfalt. Ég hlusta mjög sjaldan á RÚV. Ég hlusta í síminnkandi mæli á RÚV eins og fleiri. Netíð er að taka yfir sem betur fer og þessi risastóra stofnun sem nýtur skattpeninga er að mínu viti í ákveðinni útrýmingarhættu vegna þess að hún er steinrunnin, pólitísk og verður alltaf pólitísk af því að Alþingi, pólitíkin, hefur fjárveitingavaldið og Alþingi er eini eigandinn, þ.e. ríkisstjórnin er eini eigandinn að þeirri stofnun. Þetta er akkúrat fjölmiðill sem er í eigu eins aðila og þeir sem starfa á þeim fjölmiðli vita hver sá eigandi er og hver borgar saltíð í grautinn hjá þeim. Það er alltaf þannig. Þess vegna hafa menn um allan heim áhyggjur af fjölmiðlum sem eru í eigu eins aðila. Alls staðar.

Eflaust er fólk hjá RÚV mjög grandvart og gott, það fari ekkert eftir því hver eigandinn er, fari ekkert eftir fjárveitingum eða neinu slíku, það getur vel verið. En samt hafa menn áhyggjur af því víða um heim að eigandi fjölmiðils sé einn.

Eins og ég sagði hef ég ekki haft mikinn áhuga á RÚV. Ég hef lagt til að selja það og að starfsmennirnir hafi forgang til kaups. Fyrirtækið er náttúrulega ekkert annað en starfsmennirnir og þeir geta örugglega rekið það mjög vel í samkeppni við aðra á þeim markaði.

[16:11]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Forseti. Hv. þingmaður innir mig eftir því hvort Samfylkingin og Vinstri græn mundu hugsanlega skipa fyrir sína hönd í stjórn Ríkisútvarpsins einhvern sem er með flokkskírteini í Sjálfstæðisflokknum. Ég segi eins og hv. þingmaður, ég tel það hugsanlegt að þeir flokkar mundu, eins og hann orðaði um Sjálfstæðisflokkinn, skipa einhvern annan en þann sem er með slíkt flokkskírteini. Ég get fullvissað hann um það og er vel hugsanlegt að svo verði.

Hins vegar liggur það algjörlega ljóst fyrir að þó að kosid sé hlutbundinni kosningu í stjórn Ríkisútvarpsins er þar ákveðinn meiri hluti. Ljóst er að Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að svínbeygja Framsóknarflokkinn í þessu máli. Liggur það ekki alveg ljóst fyrir? Framsóknarflokkurinn sem studdi hina fyrri skipan máls, lætur ekki sjá sig í þessari umræðu. Það er því deginum ljósara að einhver hrossakaup liggja að baki þannig að Framsóknarflokkurinn mun að sjálfstöðu skipa menn í stjórn Ríkisútvarpsins sem verða nokkuð leiðitamar hæstv. menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokknum. Það liggur alveg fyrir.

Í þessu máli hefur Framsóknarflokkurinn sýnt það í dag og í gær og í síðustu viku að hann liggur hundflatur fyrir Sjálfstæðisflokknum.

Svo er það heiðarlegt af hv. þm. Pétri H. Blöndal sem hefur alltaf verið þeirrar skoðunar, alla vega um langt skeið, að hann hefur ekkert álit á Ríkisútvarpinu og telur það óþarft og bagga á þjóðinni. Það liggur algjörlega ljóst fyrir hver er hin nýja stefna Sjálfstæðisflokksins. Var hún ekki að birtast um helgina í *Morgunblaðinu*? Var það ekki Davíð Oddsson, sá sem enn ræður mestu, næstum öllu, í Sjálfstæðisflokknum sem var að gefa út reseptið fyrir næstu fjögur ár? Það á að slá Ríkisútvarpið af.

[16:13]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að segja það fyrst að mér hefur þótt nokkuð bera á því að hv. þingmenn hafi farið nokkuð fram úr sér í þessari umræðu, þ.e. leitt hana inn í rökræðu sem hefur kannski meira byggt á getgátum um hvað mögulega væri að baki þeirri tillögu sem hér er lagt til að verði gerð að lögum og síðan eftir að hafa giskað á hvað lægi að baki orðið alveg fjúkandi reiðir yfir því að það kannski lægi að baki sem hv. þingmenn höfðu sjálfir giskað á.

Ég leyfi mér að fullyrða, virðulegi forseti, að þegar þetta mál er nú skoðað og farið yfir það sem var lagt upp af minni hálfu við 1. umr. málsins má ljóst vera að svo er ekki. Margar þeirra samsæriskeninga sem hér hafa verið reifaðar verð ég að segja að eru, eins og oft er reyndar með samsæriskeningar, kannski ágætær sem eitthvert skemmtanagildi til að fylgjast með en hafa í sjálfu sér lítið annað vægi inn í þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Það sem liggur hér að baki er einfaldlega sú skoðun að það sé eðlilegra, heppilegra og stuðli meira að gagnsæi að Alþingi Íslendinga, þessi virðulega stofnun, skipi beint stjórn Ríkisútvarpsins, þessarar mikilvægu stofnunar þjóðarinnar. Ég tel að vel fari á því. Ég tel að það undirstriki mikilvægi Ríkisútvarpsins að það sé Alþingi sjálft sem skipi stjórnina.

Hér hefur verið haft á orði í ræðustól í dag að um sé að ræða einhvers konar gamaldags hugmyndir um pólitísk ítök. Mér þykir Alþingi ekki gamaldags. Mér þykir Alþingi virðuleg stofnun og mikilvæg. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt eða óeðlileg skoðun að það fari vel á því að Alþingi Íslendinga skipi þessa stjórn.

Ég verð að segja enn og aftur, virðulegi forseti, að mér hefur stundum fundist menn fara svolítið langt fram úr sér og verið býsna yfirlýsingaglaðir í þessu máli. Ég er líka þeirrar skoðunar að það myndist falskt öryggi þegar menn setja upp valnefnd með þeim hætti sem lagt er til í þeim lögum sem tóku gildi hér í vor um val á stjórnarmönnum. Ég færði fyrir því rök í ræðu minni við 1. umr. að það væri alveg sama hætta á pólitískum ítökum, pólitískum afskiptum, hvort sem menn stilltu upp með valnefndarfyrirkomulagi eða í gegnum þingið, en það væri þó gegnsæra og væri klárt hverjir bæru ábyrgð þar á þegar um væri að ræða Alþingi Íslendinga. Það er hugsunin.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, með yðar leyfi að grípa niður í ræðu hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur, fyrrverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, sem er flutt í kjölfar þeirrar ræðu sem ég hafði haldið þar sem er

tekist á við akkúrat þessa hugsun. Hér er sagt, með yðar leyfi:

„Það var ekki endilega vegna þess að ætlunin væri að draga upp andstöður á milli þess sem við köllum faglegt og þess sem við köllum pólitískt,“ þ.e. tilgangurinn með þessari lagasetningu. Það var sem sagt ekki endilega það, það var ekki stóra hugsunin. Ég gríp hér áfram niður, með yðar leyfi, virðulegi forseti:

„Hugsunin var ekki sú að búa til allsendis ópólitíska stjórn, annars hefði hv. allsherjar- og menntamálanefnd ekki komið að málinu, það var alls ekki hugsunin. Hugsunin var sú að breikka grundvöllinn sem stjórn Ríkisútvarpsins væri skipuð á, ekki síst vegna þess að í aðdraganda þessarar lagasetningar var farið í gríðarlega vinnu“ o.s.frv.

Með öðrum orðum leggur fyrirverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra þetta upp með þeim hætti að það sem skipti mestu máli væri hinn breiði grundvöllur.

Beri menn nú saman þessi hófstílltu ummæli við ýmis þau ummæli sem hér hafa fallið í þessari umræðu. Þá er kannski spurningin um kjarna þessa máls sem er þessi: Er líklegt að fimm manna valnefnd sé betur til þess fallin að skipa fólk með breiðan bakgrunn en Alþingi Íslendinga með 63 þingmönnum sem hafa hlotið kosningu kjósenda í landinu? Menn koma úr mismunandi kjördæmum, hafa mismunandi menntunarbakgrunn, mismunandi lífsreynslu, mismunandi lífsskoðanir. Er líklegt að sá hópur skili þröngri stjórn sem ráði ekkert við sitt verkefni frekar en sú valnefnd sem byggir á því að það komi þrjár í þá nefnd, reyndar frá þessu sama ómögulega þingi eins og talað er, og tveir, annars vegar frá Bandalagi Íslenskra listamanna og hinn frá samráðsvettvangi háskólasamfélagsins? Er endilega víst að það sé svo miklu líklegra til að skila breiðari stjórn?

Miðað við yfirlýsingarnar sem hér hafa fallið, virðulegi forseti, ættu menn að horfa aðeins til þess að í þessari valnefnd var meiri hlutinn skipaður af þinginu. Svo er talað eins og hér hafi verið stigin einhver stórkostleg skref aftur í gráa forneskju hvað varðar, eins og talað er um, pólitísk ítök Sjálfstæðisflokksins einna helst auðvitað varðandi Ríkisútvarpið. Þá sjá menn vægi orða hæstv. fyrirverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, þegar hún segir, með yðar leyfi, virðulegur forseti. Ég endurtek þetta:

„Hugsunin var ekki sú að búa til allsendis ópólitíska stjórn ... Hugsunin var sú að breikka grundvöllinn sem stjórn Ríkisútvarpsins væri skipuð á ...“

Þarna getur menn greint á um hvort sé heppilegra, eða líklegra að það skili sér breið stjórn sem er valin af öllu Alþingi eða af fimm manna uppstillingarnefnd þar sem þrjár fulltrúar af fimm koma frá Alþingi. Þetta eru öll ósköpin, virðulegi forseti, og hefur orðið mönnum tilefni til mikilla samsæriskenninga.

Það er rétt sem hefur verið bent á að gerðar voru breytingar á hlutverki stjórnar í núgildandi lögum. Kannski skiptir mestu máli í þessari umræðu ákvæði 1. tölulíðar 10. gr. um starfssvið stjórnarinnar þar sem stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslu í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.“

Ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að hér er talað um til lengri tíma. Þegar menn skoða hlutverk stjórnarinnar sem hefur tekið miklum breytingum frá því að Ríkisútvarpið var gert að ohf. væri það hollt fyrir marga hv. þingmenn að bera saman ummæli sín og áhyggjur þær sem hafa verið settar fram við starfssvið stjórnarinnar samkvæmt lögum.

Ég ætla ekkert að elta ólar við mistök in í nefndarálitinu minni hlutans varðandi skipun þessarar valnefndar. Þar hefur verið bent á ákveðin mistök og þau skýrð sem einhvers konar innsláttarvilla. Í álitinu minni hlutans stendur, virðulegi forseti, með yðar leyfi:

„Aðrir fimm stjórnarmenn eru tilnefndir af valnefnd. Í valnefndina er síðan skipað tíu fulltrúum. Tilnefndir ráðherra helming nefndarmannanna, þ.e. fimm manns, allsherjar- og menntamálanefnd þrjá, Bandalag Íslenskra listamanna einn og Samstarfsnefnd háskólastigsins einn.“

Ég veit ekki hvort þetta flokkast nú undir innsláttarvillu, hvort menn hafa kannski ekki alveg skoðað málið nægilega vel eða hvað það nú er. Ég tek þá skýringu gilda að hér sé um fremur viðamikla innsláttarvillu að ræða. Það kannski skýrir það sem ég heyrði í umræðunni, mig brestur bara minni hver það var akkúrat, þar sem talað var um að hið nýja fyrirkomulag valnefndarinnar tryggði aðkomu fjölda hópa að skipun í stjórn útvarpsins. Það er ekki svo, virðulegi forseti, þegar betur er að gáð nema náttúrulega maður taki gilt það sem stendur í álitinu minni hlutans. Það er nákvæmlega þannig að Alþingi átti að skipa þrjá fulltrúa í valnefndina, sem skipa þá meiri hluta valnefndarinnar, síðan Bandalag Íslenskra listamanna einn og sömuleiðis samráðsvettvangur háskólanna.

Úr því að talið berst að fleiri hópum og menn horfa á samsetningu dagskrár Ríkisútvarpsins geta menn velt fyrir sér hvort til dæmis væri ekki rétt, hvort ekki hefðu verið málefnaleg rök fyrir því, að Íþróttasamband Íslands hefði skipað fulltrúa í þessa valnefnd. Hvers vegna? Jú, vegna þess að stór hluti af dagskrárgerð Ríkisútvarpsins snýr að íþróttamálum. Stór hluti af útsendingum Ríkisútvarpsins er á því sviðinu. Hefði ekki verið ódilegt að það hefði verið gert? Það er hægt að telja upp marga aðra hópa sem hefði verið hægt að rökstyðja að kæmu inn í slíka valnefnd.

Ég leyfi mér að segja, virðulegi forseti, svona eftir á að hyggja að það hefði þá verið skynsamlegra í sjálfu sér að hafa þessa valnefnd mun stærra ef menn hefðu viljað fara þessa leið en ég er ósammála því að fara slíka leið með þessa stofnun. Ég tel að valnefndarfyrirkomulagið geti vel átt við fjölmargar aðrar stofnanir, en við þessa stofnun tel ég skynsamlegra að Alþingi sjálf t kjósi stjórnina beint með hlutfallskosningu.

Það er líka rétt, og ég hef tekið eftir því í umræðunni, að geta þess að það er stundum talað eins og það sé verið að hverfa til löngu liðinna tíma og jafnvel er látið að því liggja að það sé verið að gjörbreyta fyrirkomulaginu varðandi val á stjórn Ríkisútvarpsins. Það fyrirkomulag sem nú er hefur verið um langa hríð. Hlutverk stjórnarinnar hefur reyndar breyst enn og aftur, það hefur verið rammað meira inn frá því sem áður var, en þetta fyrirkomulag höfum við haft um langa tíð.

Hefur til dæmis núverandi stjórn verið merki um hert, eða hörð, tók einhverja stjórnmalaflokka á starfsemi Ríkis-

útvarpsins vegna þess að hún var skipuð af Alþingi? Er það svo? Hafa menn upplifað þessa hluti þannig? (**Gripíð fram í:** Sumir ykkar.)

Hér er kallað fram í: „Sumir ykkar“ þegar að þessu er spurt og þá er eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir um það hvernig Ríkisútvarpið rækir hlutverk sitt. Það er hluti af hinni lýðræðislegu umræðu og menn eiga ekki að kveinka sér undan henni. Það er ekki ástæða til þess að fara af hjörulíðunum þegar fram koma hugmyndir um hvort breyta eigi fyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Það er eðlilegur hluti af lýðræðislegri umræðu og Ríkisútvarpið þolir hana. Það er mikil viðkvæmni að láta eins og ekki megi hafa mismunandi skoðanir á þessari stofnun.

Ég er í hópi þeirra sem telja að Ríkisútvarpið hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Ég tel mjög mikilvægt að þeirri stofnun sé gert kleift að rækja það hlutverk af myndarskap. Það þýðir ekki að stofnunin sé hafin yfir gagnrýni, að ekki eigi að fara fram umræða um það hlutverk. Hún getur orðið býsna hörd og sumum kann jafnvel að finnast hún ómál-efnaleg. Það kann vel að vera, en það er enginn í þeirri stöðu að geta gefið einhverjar einkunnir á þessa hluti með öðrum hætti en bara þá að svara málefnalega og gera grein fyrir mótrökum.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé ástæða til að samþykkja þetta frumvarp og gera það að lögum. Ég tel einnig áhyggjur þær sem fram hafa komið um að hér eigi að herða pólitísk tók algerlega tilhæfulausar. Í raun og veru er ekkert annað að gerast en það ástand sem hefur verið hér árum og áratugum saman. Það verður áfram, þ.e. hvað varðar val stjórnarmanna. Við erum með nýtt fyrirkomulag hvað varðar verkswið stjórnarinnar og valdheimildir hennar. Við leggjum það til að fjölgað verði í stjórninni um tvo.

Það er allt heila málið. Það hefur verið kallað eftir því hvað liggja að baki, hvers vegna þetta sé gert. Svo fara menn af stað um víðan völl. En að baki er ekkert annað en sú hugsun fyrst og fremst að ég tel að valnefndarfyrirkomulagið með þremur tilnefndum af Alþingi, einum af Bandalagi íslenskra listamanna og einum frá samráðsvettvangi háskóla-anna sé ekki betra fyrirkomulag en það að Alþingi Íslendinga skipi þessa stjórn beint. Það er heila málið. Stærta er það ekki í sjálflu sér. Ég tel það samt mikilvægt og ég hefði ekki flutt þetta frumvarp nema ég teldi þetta mikilvægt og að það væri nauðsynlegt að gera þetta með þessum hætti.

Ég skal játa að þegar þetta mál fór í gegnum þingið í vor hafði ég ekki hugsað þetta í hörgul hvað snýr að skipan stjórnarinnar. Þegar ég settist aftur yfir málið komst ég að þeirri niðurstöðu að ég væri þeirrar skoðunar að það væri betra að hafa þetta fyrirkomulag með öðrum hætti og ég vildi láta reyna á það á Alþingi hvort það sjónarmið nyti meiri hluta og þar með yrðu gerðar breytingar á lögnum. Flóknara var það ekki.

Ég vil segja eitt vegna umræðu um stöðu starfsmanna og aðkomu þeirra að stjórn Ríkisútvarpsins. Ég get vel tekið undir það sem kom fram hjá þm. Vilhjálmi Árnasyni, það kann að vera skynsamlegt að tryggja að starfsmennirnir eigi aðkomu að og hafi áheyrnarfulltrúa í stjórn. Ég tók líka eftir ummælum hv. þm. Óssurar Skarphéðinssonar þar að lútandi. Það væri mikilvægt að reyna að ná fram einhverj-

um sáttagrundi í þessu máli þótt ég skilji vel að þar af leiðandi ganga menn ekki fullsáttir frá málinu. Ég átta mig á því að hér eru mismunandi skoðanir undir. En ég er alveg tilbúinn að teygja mig í þá átt og líta svo á að það væri til þess fallið að auka sátt um þennan þátt málsins þótt ég ít- reki að ég er ekki að ætlast til þess að þar með falli þetta mál í einhverja ljúfa sáttalöð. Ég heyri að mörgum hv. þingmönnum er mikið niðri fyrir, en ég tel þó að um leið og menn aðeins draga andann og skoða málið af aðeins meiri sanngirni og sleppa eigin samsæriskenningum og að æsa sig út af þeim komist þeir að því að hér eru ekki á ferðinni þau ósköp sem þeir láta hér í umræðunum.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að ég er algerlega tilbúinn að skoða hvort rétt sé við 3. umr., úr því að búið er að óska eftir því að málið gangi aftur til nefndar sem ég tók eftir að var gert í umræðunni áðan, hvort ekki fari vel á því að nefndin skoði alveg sérstaklega hvort það sé hægt að gera ráð fyrir því að í stjórn bættist við áheyrnarfulltrúi af hálfu starfsmanna.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, þakka ég fyrir þá um- ræðu sem málið hefur hlotið. Ég þakka líka fyrir ágæta vinnu nefndarmanna við nefndarálitin og vonast til þess að málið gangi hratt og vel í gegn og hljóti samþykki að lok- um.

[16:31]

#### **Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ræðu hans áðan. Ég verð að undra mig á tímamörkunum. eru það ekki tvær mínútur í fyrri?

**(Forseti (ÞorS):** Tvær mínútur í fyrri.)

Ég sé að klukkan telur hratt niður hjá mér á einni mínútu.

Ráðherrann gerir því skóna að menn séu að finna upp einhvers konar samsæriskenningar og einhvern tilbúning um tilurð þessa máls. Það hefur verið gengið eftir því við umræðuna hver sé ástæðan fyrir því að þingmálið kemur hérna inn. Það er ekki hluti af stjórnarsáttmálanum, þeim lista. Það virðist enginn hafa beðið um þetta. Því hefur ekki verið svarað hver hefur kallað eftir því. Það kemur fram í ræðu ráðherrans að málið sé, með leyfi forseta, „meðal fyrstu mála sem komu á mitt borð sem mennta- og menningarmálaráðherra“. En það kemur ekki fram að við höfum ekki fengið upplýsingar í umræðunni hver bar málið til hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, hvaðan það er sprottið og hver er að biðja um það. Hefur núverandi fyrirkomulag háð stjórninni, sem dæmi, frá því að lögin voru samþykkt síðast í vetur um Ríkisútvarpið?

Það kemur sömuleiðis fram í ræðu hæstv. ráðherra að hann hafi skoðað þetta mál vandlega, það hafi verið vandlega skoðað. Það hafa ekki fengist upplýsingar um hvernig sú skoðun fór fram, við hverja var haft samráð. Voru gerðar einhverjar úttektir á málinu eða rannsóknir að öðru leyti?

Það kom fram áðan að þetta er einfaldlega skoðun ráðherrans. Þetta er einfaldlega skoðun ráðherrans sem bendir til þess að ekki hafi verið ítarlega kannað við undirbúning þessara laga eða leitað eftir álitum þeirra sem málið varðar eða málið kynnt öðrum til frekari umsagnar.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Er það virki-

lega svo að þetta mál hafi ekki verið rætt, undirbúið (Forseti hringir.) að neinu leyti nema við hans eigið borð og þá kannski í samtali við hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) sjálfan?

[16:33]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta er í sjálfu sér ekkert flókið mál. Það vill þannig til að málið kom inn á mitt borð af því það lá fyrir að ganga þyrfti frá skipan stjórnar Ríkisútvarpsins. Ég settist auðvitað yfir málið. Þetta var mín afstaða. Ég tel, eins og ég fór yfir í ræðu minni áðan, að valnefndarfyrikkomulagið sé ekki heppilegt að vel athuguðu máli. Ég fór yfir það í fyrri ræðu minni, þ.e. í 1. umr. um málið gerði ég ítarlega grein fyrir hvernig ég byggði upp afstöðu mína.

Ef hv. þingmaðurinn er að leita eftir einhvers konar duldmann sannleika sem gæti komið fram einhvern veginn og upplýst málið með einhverjum allt öðrum hætti en hefur verið reifað hér held ég að það sé alveg sama hversu oft hv. þingmaður mundi spyrja um það, það kemur ekkert annað fram en ég er að segja hér.

Þetta var ástæðan. Það var mat mitt að þetta fyrirkomulag væri ekki heppilegt. Ég settist niður, og auðvitað með mínum embættismönnum, og vann síðan þessi frumvarpsdrög og lagði þau fram fyrir þingið í þeirri von að það sjónarmið sem birtist þar mundi hljóta meirihlutafylgi á þinginu. Flóknara, virðulegi forseti, er málið ekki.

[16:35]

**Björn Valur Gíslason (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er ágætt að það hafi komist á hreint að ekkert annað býr að baki þessu máli en pólitísk skoðun ráðherra um að skipa eigi stjórnina með pólitískum hætti eins og lagt er til hér í frumvarpinu.

Hæstv. ráðherra vitnaði til fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra og ræðu hennar í þinginu um þetta mál. Þar kemur meðal annars fram — og hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hefði átt að lesa aðeins lengur — í ræðu hæstv. fyrrverandi ráðherra segir að miðað við þær forsendur sem gefnar eru, og þá er ráðherra búinn að rekja bæði skipun stjórnar, fjárhagsleg málefni stofnunarinnar og hvað eina, með leyfi forseta: „Miðað við þessar forsendur er það eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart hinu pólitíska valdi“. Það var meginmarkmið frumvarpsins sem var búið að vera lengi í undirbúningi ólíkt því frumvarpi sem hér var ræðir, sem kemur bara hingað inn upp úr loftinu virðist vera.

Mig langar til að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort samstaða sé um málið í ríkisstjórninni. Ég tek eftir því að (Forseti hringir.) á þeim þremur dögum sem umræðan hefur staðið hérna, meira og minna, hefur enginn framsóknarmaður, ekki einn (Forseti hringir.) framsóknarmaður, hvorki ráðherra né hv. þingmenn, tjáð sig um málið með nokkrum hætti. (Forseti hringir.)

[16:36]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hvað varðar undirbúning og aðdraganda þessa máls er rétt að hafa í huga að fyrirkomulagið sem er við val á stjórnarmönnum í Ríkisútvarpinu hefur verið svo um allanga hríð og af því er mikil og löng reynsla. Það er því ekki eins og sest hafi verið niður og fundið upp eitthvert algjörlega nýtt fyrirkomulag og ákveðið að henda því athugunarlaust inn í þingið. Það er raunverulega verið að segja með þessu frumvarpi að við leggjum til að fyrirkomulagið sem við höfum haft verði áfram en þó með þeirri breytingu að tveimur mönnum verði bætt við í stjórn. Það er það sem málið allt saman snýr að.

Enn og aftur ítreka ég að hugsunin er þessi, og menn geta kallað hana pólitíska eða hvað sem er, að í raun sé ógagnsætt og ólýðræðislegt að leggja upp með valnefnd með þeim hætti sem þarna var gert, þ.e. þrjár frá Alþingi, tveir frá öðrum (Forseti hringir.) tilnefningaraðilum, og ég tel að sú valnefnd mundi ekki hafa þjónað (Forseti hringir.) sínu hlutverki mjög vel.

[16:37]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir að taka þátt í umræðunni og bjóða honum þjónustu Pírata við það í allsherjarnefnd að hjálpa til við að lýðræðisvæða þetta ferli eftir bestu getu. Mér sýnist að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki mikla trú, eða nokkra, á því að hægt sé að lýðræðisvæða ferlið á nokkurn hátt. Eftir því sem ég best fæ skilið telur hæstv. menntamálaráðherra það í reynd vonlaust að lýðræðisvæða ferlið og segir það með þeim orðum að alveg sama hætta sé á pólitík með valnefnd.

Mér þótti líka athyglisvert að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal tala um að auðvitað verði RÚV alltaf pólitískt fyrirbæri, enda undirstrikar það ákveðinn hugsunarhátt sem er slíkur að Ríkisútvarp eigi einfaldlega að vera pólitískt, eða kannski getum við kallað það lýðræðislegt. Þá skulum við líka vinna saman í allsherjarnefnd að því að gera þetta eins lýðræðislegt og gagnsætt og mögulegt er og til þess eru margar leiðir. Við píratar munum glaðir halda í hendurnar á hv. sjálfstæðismönnum í átt að meira lýðræði. Það er minnsta málið og við höfum gaman af því ef eitthvað er.

Síðast en ekki síst um samsæriskeningar. Í fyrsta lagi er samsæri auðvitað lagatæknilegt orð. Mig langar að minna alla á að samsæri eru gerð mjög reglulega, Watergate-skandallinn var samsæri, en þegar þau er uppgötvuð og sönnuð eru þau venjulega ekki kölluð samsæri heldur hneyksli. Það er til dæmis ekki samsæriskening að Davíð Oddsson sé ritstjóri *Morgunblaðsins*, það er staðreynd. Hann er umdeildasti og áhrifamesti stjórnmalamaður seinni tíma á Íslandi og hann er ritstjóri *Morgunblaðsins*. Þetta er hugsunarhátturinn. Þetta er pólitík.

[16:39]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ágætlega lýðræðisleg leið að Alþingi Íslendinga skipi þessa stjórn, þ.e. að einstaklingar sem hafa hlotið til þess umboð frá kjósendum í landinu, beint umboð til að sitja hér og setja lög, fari með sameiginlega hagsmunum þjóðarinnar og

að þeir skipi í þessa stjórn. Ég sé í það minnsta ekkert ólýðræðislegt við það.

Ég er ekki alveg viss um þegar ég horfi á þá valnefnd sem lagt var upp með — þar sem áttu að sitja þrjár frá hinu sama Alþingi sem í hinu orðinu er svo óskaplega ólýðræðislegt stundum, í það minnsta eins og stundum er talað — þar sem eru þrjár skipaðir frá Alþingi og síðan frá tveimur samtökum, að sú valnefnd sé svona stórkostlega lýðræðisleg.

Virðulegi forseti. Þá er eftir sú spurning hvort sú valnefnd sé líkleg til þess að stilla upp breiðari stjórn eða tryggja að það verði breiðari stjórn. Ég er ekkert viss um það heldur. Ég tel að Alþingi Íslendinga geti vel sinnt því hlutverki og gert það mjög vel. Þegar menn skoða samsetninguna hér í þinginu er vandfundinn sá staður, eða auðvitað ófínanlegur í okkar samfélagi þar sem þingmenn hafa hið lýðræðislega umboð, þar sem jafn fjölbreyttur hópur karla og kvenna kæmi að þeirri ákvörðunartöku.

Síðan verð ég að bæta við að ég tek eftir því að mönnum er auðvitað dálítið umhugað um til dæmis ummæli Davíðs Oddssonar, ritstjóra *Morgunblaðsins*. Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri *Morgunblaðsins*, hefur verið nefndur og allt er það ágætt. Menn verða að muna að það er einmitt hluti af hinu lýðræðislega þjóðfélagi að skoðanir komi fram sem geta jafnvel verið þannig að mönnum finnst þær óásættanlegar, en það er hluti af lýðræðinu. Hvernig í ósköpunum á það að vera grundvöllur að einhverjum samsæriskeningum þótt Davíð Oddsson lýsi með opinberum (Forseti hringir.) hætti skoðunum sínum í *Morgunblaðinu*? Annaðhvort væri nú, virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er að mér er nokkuð brugðið (Forseti hringir.) við þetta.

[16:42]

### Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Afsakaðu að ég skuli stíga hér upp í pontu óvelkominn.

Eins og ég segi eru ýmsar leiðir til að tryggja hlutleysi, alla vega reyna að tryggja hlutleysi. Líkt og hæstv. menntamálaráðherra benti réttilega á hefði mátt taka Íþróttasambandið með inn í þetta. Önnur hugmynd er að taka Bláðamannafélagið inn í það og hafa kannski svolítið stóra valnefnd, útvarpa fundunum, það væri sérdeilis gegnsætt. Ég held að þá ætti ekki að hefjast fyrir neinum hvernig ferlið er nákvæmlega og á hvaða forsendum fólk er ráðið í stjórn Ríkisútvarpsins.

[16:42]

### Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Um þetta þarf ég ekki að segja mikið, en ég vil bara benda hv. þingmanni á að fundum Alþingis er sjónvarpað, þar geta allir fylgst með umræðum um hvernig staðið er að vali í stjórn Ríkisútvarpsins.

[16:43]

### Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Mig langar til að veita örstutt andsvar við ræðu hæstv. menntamálaráðherra. Ég minni á að góðir hlutir gerast hægt og ég mun ræða þau lög sem eru í gildi

um Ríkisútvarpið út frá markmiðum sínum og markmiðum þá þess frumvarps sem fyrir liggur. Markmið þeirra laga sem í gildi eru í dag er að styrkja stofnunina gagnvart Alþingi, það er að breikka grunninn undir fagmennskuna sem á að ríkja á þessari stofnun sem er þá liður í því að byggja traust. Þau lög sem nú eru í gildi eru skref í rétta átt.

Markmið þess frumvarps sem fyrir liggur er gagnsæi, fullyrðir hæstv. menntamálaráðherra, en á hins vegar í raun að þröngja þann grunn sem valnefndin stendur á. Grunnurinn er mjökkaður. Það má benda á að traust á Alþingi er í sögulegu lágmarki og sporin hræða.

Mig langar til að vitna til eins reyndasta fjölmiðlamanns landsins, ritstjóra til fjölda ára í áráraðir, Styrmis Gunnarssonar, sem segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, með leyfi forseta:

„[É]g er búinn að fylgjast með þessu í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabaráttu.“

Það er reynslan sem er komin á það fyrirkomulag sem hverfa skal til baka til. Það er reynsla sem er komin á það. Engin reynsla er hins vegar komin á hin nýju lög sem eru í gildi í dag sem eru skref í rétta átt og má vissulega bæta og breikka. Það er engin reynsla komin á þau. Eigum við ekki að reyna þau? Það legg ég til, að halda áfram.

[16:45]

### Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að leggja til að lögin verði afnumin, það er ekki verið að leggja til að þeim verði frestað eða þeim kastað út í hafsauga. Það er einungis einn hluti þessara laga sem verið er að skoða sem snýr að vali á stjórnarmönnum.

Ég hjó eftir því við 1. umr. að bent var á að stór hluti af þessari nálgun var einmitt að búa til breiðan grundvöll með valnefndinni eins og talað var um. Ég leyfði mér að hafa þá skoðun að það hefði í fyrsta lagi ekki verið sérstaklega breiður grundvöllur sem þarna myndaðist, þ.e. þrjár valdir af Alþingi, meiri hlutinn í valnefndinni er áfram valinn af Alþingi og síðan þessir tveir fulltrúar, annars vegar frá Bandalagi íslenskra listamanna og frá samráðsvettvangi háskóla. Þess vegna tel ég að þegar menn horfa til þingsins sé alveg hægt að rökstyðja þá skoðun með nokkrum þunga að það sé ekkert síður breiður hópur karla og kvenna sem hér eru inni með umboð frá þjóðinni til þess að velja slíka stjórn.

Ég bendi á núverandi stjórn. Hér er talað eins og maður hljóti að draga þá ályktun að núverandi stjórn sé algerlega skelfileg af því að hún er skipuð með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu. Eini munurinn er sá að það bætast við tveir stjórnarmenn. Getur það verið að hv. þingmaður sé þeirrar skoðunar að sú stjórn sem setið hefur og stýrt Ríkisútvarpinu ohf. í eitt ár tvö ár sé algerlega ómöguleg? Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég held að þar starfi fólk af heilindum. Það er skipað af Alþingi. Ég held að það hafi bara skilað ágætu verki. Það er eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir og þarf ekki að vera grundvöllur neinna samsæriskeninga þó að Davíð Oddsson, ritstjóri *Morgunblaðsins*,



eða fleiri hafi síðan skoðanir á Ríkisútvarpinu, tilurð þess, hlutverki og hvernig það sinnir sínu hlutverki. Það er bara alveg eðlilegt. En er það e.t.v. skoðun hv. þingmanns að sú stjórn sem nú situr, skipuð af Alþingi, hafi verið alveg ómöguleg?

[16:47]

**Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ekki minnst ég orði á núverandi stjórn og ekki ætla ég að bera neinar brigður á hana eða störf hennar. Ég þekki ekki nægilega vel til þar. Ég held að þar sé ágætisfólk sem vinnur að sjálfsögðu af heilindum. En ég minni bara á að markmið þeirra laga sem eru í gildi núna er að breikka grunninn, styrkja stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart Alþingi og færa í raun vald upplýsingamiðlunar frá miðju stjórnvalda og stjórnýslunnar — færa frá. Það er skref í rétta átt á meðan ég held að það skref til baka sem hæstv. menntamálaráðherra lýsir sé ekki rétt. Og þar greinir okkur kannski einfaldlega á.

[16:48]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt, þar greinir okkur á. Ég hef fært rök fyrir afstöðu minni sem lýtur að því að ég tel að þessi fimm manna valnefnd sem lagt er upp með sé ekki merki um mjög breiðan grunn; enn og aftur, þrír frá Alþingi, einn frá Bandalagi íslenskra listamanna og einn frá samráðsvettvangi háskólamanna. Ég tel að það sé ekkert sérstaklega breiður grunnur. Ég tel að breiðasti grunnurinn sé Alþingi sjálf.

Ríkisútvarpið er á ábyrgð Alþingis. Löginn um Ríkisútvarpið koma frá Alþingi. Það skiptir verulega miklu máli hvernig á þeim málum er haldið. Ég er þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag að Alþingi velji stjórnarmennina sé lýðræðislegt, gegnsætt og sé líka ágætlega til þess fallið að ná árangri, þeim árangri sem stefnt er að með lögnum, því að þegar búið er að skipa stjórnina þá situr hún. Það er ekki jafngildi þess að Alþingi skipti sér af þessum málum. Það er búið að skipa stjórnarmenn og þeir sitja þarna með sitt umboð. En það er eins (Forseti hringir.) og gert sé ráð fyrir því að þar með sitji þeir allir og bíði (Forseti hringir.) eftir einhverjum tilskipunum frá stjórnarmönnum af því að Alþingi skipar þá. Ég tel ekki að svo verði.

[16:49]

**Össur Skarphéðinsson (Sf):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir þryðilega ræðu. Að ýmsu leyti skýrði hann sumt út, að minnsta kosti fyrir mér, sem mér fannst torskilið áður. Mér fannst til dæmis torskilið hvernig á því stæði að hæstv. menntamálaráðherra teldi nauðsynlegt að hafa það sem sitt fyrsta verk að leggja fram frumvarp til að breyta lögum sem hann sjálfur var ekki á móti. En hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt í sinni ræðu að hann hafi hugsað það mál betur frá því að hann var haldinn því skoðanaleysi að sitja hjá á sínum tíma og ég tek það bara gott og gilt.

Ég er hins vegar algerlega ósammála honum um að Alþingi sé hinn rétti vettvangur eða sá breiðasti til að láta

velja stjórn Ríkisútvarpsins en það hefur þá góðu kosti fyrir hæstv. ráðherra að þar liggur alveg skýr meiri hluti. Það er auðvitað það sem hæstv. ráðherra er á eftir og ekkert annað. Það er alveg sama hversu málefnalegar og langar ræður hæstv. ráðherra heldur um hið gagnstæða, reynslan sýnir að það er það sem Sjálfstæðisflokkurinn vill.

Ég virði það hins vegar við hæstv. ráðherra að hann er reiðubúinn til að skoða hvort hægt sé að finna einhvern sáttafloð í þessu máli. Ég hef frá mínum bæjardryrum séð lagt mikla áherslu á að staða starfsmanna sé trygg innan stofnunarinnar og við stjórn hennar. Í orðaskiptum mínum og hv. þm. Vilhjálm Árnasonar hér fyrir í dag kom fram að sá ágæti nýi þingmaður taldi það alveg einnar messu virði að ræða hvort binda ætti í lög að starfsmenn hefðu sinn fulltrúa í stjórninni. Ég innti hæstv. menntamálaráðherra eftir afstöðu hans til þess og í ljós kom að hæstv. ráðherra hefur vaknað þannig í morgun að hann er á sáttabrókum þegar líður að lokum dags. Það er ég líka.

Ef efni eru á bak við það sem hæstv. ráðherra sagði, að honum fyndist vel koma til greina að það yrði skoðað í þingnefnd milli 2. og 3. umr. að reyna að ná sátt sem byggði á því að binda í lög aðkomu starfsmanna, finnst mér að við eigum að skoða það. Ég er þeirrar skoðunar. Ef hæstv. ráðherra beitir sér fyrir því að hans ágætu fulltrúar, eða þeir sem kunna að vera nálægt honum, og pólitískir venslamenn í nefndinni, hagi sér með þeim hætti og birti þá afstöðu þá er ég til í að íhuga málið. Það þýðir ekki, eins og hæstv. ráðherra var nægilega vandaður til að benda á, að menn mundu endilega fallast á allt sem í frumvarpinu væri en snöggum skárra yrði það, það tel ég.

Herra forseti. Eins og ég drap á í fyrri ræðu minni í dag vil ég segja að ég lít svo á að augljóst samhengi sé á milli þessarar viðleitni hæstv. ríkisstjórnar til að ná tökum á Ríkisútvarpinu annars vegar og hins vegar þess hvernig stjórn-málamaðmenn og forustumenn ríkisstjórnarinnar eru þessa dagana að taka til máls um fjölmiðla. Ég les grein hæstv. forsætisráðherra, sem er ein linnulaus samfelld árás á fjölmiðla landsins, saman við frumvarpið sem við ræðum hér. Ég lít svo á að hæstv. forsætisráðherra sé að ógna fjölmiðlamönnum landsins og ég les það í samhengi við það að Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin saman er með þessu frumvarpi að reyna að ná pólitískum tökum á Ríkisútvarpinu. Að sjálfsögðu skiptir það máli þegar hæstv. forsætisráðherra skrifar grein, birtir á miðopnu *Morgunblaðsins*, undir titlinum „Fyrsti mánuður loftárása“. Ég hélt að greinin væri nú aðallega ádeila á stjórnarandstöðuna, og að hæstv. forsætisráðherra, sem hefur greinilega ákaflaga þunnt höfund, væri að kveinka sér undan henni. En þegar ég les greinina þá er svo ekki. Þetta er árás á fjölmiðla.

Hæstv. forsætisráðherra kvartar undan því að fjölmiðlar landsins veiti viðhorfum sem spretta upp í samfélaginu og eru öndverð ríkisstjórninni farveg. Það er með ólíkindum að lesa það að hæstv. forsætisráðherra segir að svo aumir séu fjölmiðlar landsins að engin brella virðist svo aum og engin útiráðningunin svo augljós að hann verði ekki stórfreitt. Hörð gagnrýni á hverja? Til dæmis á Ríkisútvarpið því þegar maður les þetta í gegn þá kemur í ljós hvað það er sem liggur að baki hjá hæstv. forsætisráðherra.

Hann segir að Ríkisútvarpið hafi birt allt of margar frétt-

ir af söfnun undirskrifta gegn frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lækkuð veiðigjalds. Hann segir að jafnvel augljósustu áróðursbrellur í atvinnuveganefnd þingsins verði að stórfreft og fyrstu fréttum. Hann telur það alveg sérstaklega slæmt að einstaklingur, sérfræðingur úti í bæ, sem hefur viðrað skoðanir á tilteknum málum sem honum eru andstaðar — að fjölmiðlar skuli hafa leyft sér að leita eftir álit hans. En það allra versta finnst honum þó að Ríkisútvarpið skuli hafa leyft sér þá óvinnu að hafa samband við formann Samfylkingarinnar, sem meira að segja var staddur í Búlgaríu, til að fá álit hans.

Hæstv. forsætisráðherra segir að með þessu hafi Ríkisútvarpið í reynd verið að misnota sína stöðu til að kynda undir undirskriftasöfnuninni. Einhverjir mundu kalla þetta paranoju, einhverjir mundu kalla þetta þunnt hörund forsætisráðherra. Ég kys að kalla þetta hótanir hæstv. forsætisráðherra í garð fjölmiðlamanna sem starfa hjá hinu opinbera. Það er ekki hægt að lesa það með öðrum hætti og þegar þetta er síðan tengt við það frumvarp sem við ræðum hér, þar sem ríkisstjórnin er að ná pólitískum undirtökum í stjórn stofnunarinnar, þá segi ég: Hingað og ekki lengra. Svona getur ríkisstjórn hvorki leyft sér að tala né vinna. Ég hélt að þessir tímar væru liðnir. Ég hélt að þeir væru hornfir með þeim áratug sem fylgdi Davíð Oddssyni sem leyfði sér það aftur og aftur að beita þöggunarofbeldi, gagnvart fólki í eigin flokki, gagnvart sérfræðingum við háskólann en líka fjölmiðlamönnum.

Við þekkjum það alveg hvernig sá ágæti maður á sínum tíma hundelti einstaka fréttamenn sem unnu hjá ríkisfjölmiðlum og við vitum það líka að menn hafa verið flæmdir þaðan í burtu. Það er þetta sem ég óttast. Þegar ég les það og heyrir hversu mikla áherslu hæstv. ríkisstjórn leggur á að ná því fram sem einu af sínum fyrstu málum að ná pólitískum meiri hluta í stjórn Ríkisútvarpsins þá bregður mér. Þegar ég svo að segja á sama degi les þessa grein hæstv. forsætisráðherra, „Fyrsti mánuður loftárása“, þar sem verið er að kvarta undan því að hann hafi þurft að sæta því, og ríkisstjórnin, að sitja undir loftárásam fjölmiðla og stjórnanandstöðu á sínum fyrsta mánuði.

Ég verð að segja að ég er hræddur um að hæstv. forsætisráðherra bregði í brún þegar stjórnanarandstaðan fer fyrst fyrir alvöru að hleypa af sínum byssum. Ekki er hægt að segja annað en að á þessu sumarþingi hafi verið tekið silkihönskum á ríkisstjórninni. Það er fyrst og fremst hún sjálf sem hefur troðið í sitt eigið spínat. Það sem hefur orðið til efni gagnrýni úti í samfélaginu á hæstv. ríkisstjórn eru mistök hennar eigin ráðherra. Það eru fá mál sem menn hafa beinlínis beint byssum að gagnvart ríkisstjórninni sem hafa komið í gegnum þingið. Það eru fyrst og fremst ummæli einstakra ráðherra og ég get fallist á það, ummæli einstakra ráðherra Framsóknarflokksins fyrst og fremst, sem hafa valdið því.

Herra forseti. Þetta vildi ég draga inn í þessa umræðu vegna þess að þetta er skylt mál. Við sjáum þarna birtast á tveimur vængjum það sem ég kalla ekkert annað en markvissa viðleitni ríkisstjórnarinnar til að ná tökum á opinberum fjölmiðlum og stýra gjörðum og ákvörðunum fjölmiðlamanna, annars vegar umrætt frumvarp og hins vegar þessi grein hæstv. forsætisráðherra sem er ekkert annað en hótun

í garð fjölmiðla. Og ég er viss um að hún mun hrífa. Ég er til dæmis sannfærður um að ekki verður sagt frá þessari umræðu og því með hvaða hætti brugðist var við grein forsætisráðherra og hún tengd við frumvarp ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlum í kvöld.

[16:59]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að hv. þm. Össur Skarphédinsson sé mér sammála um að betra sé að stjórmálalæmning tali hreint út, segi hug sinn og lýsi skoðunum sínum. Ég tel að hæstv. forsætisráðherra hafi gert það í þeirri grein. Hann segir það sem honum finnst.

Ég hjó líka eftir því í umræðunni um Ríkisútvarpið áðan að dregið var inn í umræðuna hvernig ég skipaði í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ég man eftir því þegar hæstv. þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, tók við embætti í janúar 2009 að eitt fyrsta verka hennar var að reka þáverandi stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, alla pólitískt skipuðu fulltrúana, og setja eins og orðað var sína trúnaðarmenn til starfa. Ég tel að miklu hreinlegra sé, eins og var í því tilfelli hjá hæstv. þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, að gera það af því að hún bar ábyrgð á þeirri stjórn og eðlilegt væri af hennar hálfu að trúnaðarmenn hennar sætu þar.

Ég tel að það sé þannig með umræðu og ábyrgð að betra sé að menn komi hreint fram og segi skoðun sína og betra sé að ábyrgðin sé skýr og menn standi við hana og tryggi að þeir séu þá í færum til að standa undir þeirri ábyrgð, rétt eins og hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra gerði árið 2009 gagnvart stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Ég held að betra sé að hafa þetta svona, virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að heyra hvort hv. þm. Össur Skarphédinsson sé ekki sammála mér í því að betra sé að hafa þessa hluti uppi á borðum. Þá er hægt eins og til dæmis varðandi grein hæstv. forsætisráðherra að bregðast við henni, bregðast við þeim skoðunum sem þar koma fram og rökkræða verði um það, rökkræða verði um hvernig Ríkisútvarpið sinnir hlutverki sínu o.s.frv. (Forseti hringir.) Ætli það sé nú ekki betra, virðulegur forseti, að hafa það þannig?

[17:01]

**Össur Skarphédinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni að þessu leyti. Eins og hann þekkir mig og hann veit að það er mín skoðun að þín ræða skal vera já, já og nei, nei. Að því leyti til erum við, ég og hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, biblíufastir.

Það var gott að þetta viðhorf hæstv. forsætisráðherra kom fram og svona snemma. Það breytir ekki hinu að við vitum hvernig staðan er á fjölmiðlamarkaði. Hún er þröng. Það er erfitt að fá störf við fjölmiðla í dag. Þeim fækkar.

Ég ímynda mér, eins og staðan hefur verið í íslensku samfélagi eftir kreppu, að menn hugsi sig um tvisvar áður en þeir leggja höfuðið á stokkinn. Ég held að menn hugsi sig um tvisvar áður en þeir voga sér að koma fram með fréttir sem hugsanlega eru umdeildar eða sem vitad er að

beinlínis falla ekki í kramið hjá forsætisráðherra sem notar stöðu sína til að skrifa grein þar sem hann kvartar undan því að hann sitji undir loftárásum í fjölmiðlum. Hvert er til-efnið? Jú, það er aðallega þrennt sem stendur upp úr í greininni. Fjölmiðlar höfðu leyft sér að skrifa tugi fréttar af undirskriftasöfnun sem er sjálfsprottin í samfélaginu gegn þeirri ætlan ríkisstjórnarinnar að koma með á silfurfati 10 milljarða handa stórútgærðinni í landinu. Það er glæpurinn. Og hugsu sár að það skuli jafnvel hafa ratað í fyrstu fréttir fjölmiðla. Það eru loftárásir að mati hæstv. forsætisráðherra.

Þegar maður sér slíkar hótanir gagnvart fjölmiðlunum á annað borðið og hins vegar frumvarp hæstv. menntamálaráðherra þar sem hann, Sjálfstæðisflokkurinn og flokkur hæstv. forsætisráðherra, eru að taka til sín pólitísk undirtök í stjórn Ríkisútvarpsins — hvernig ætla menn þá að starfsmönnum viðkomandi fjölmiðla líði? Er einhver svo grænn að telja (Forseti hringir.) að allir hafi þau hné að menn geti ekki kiknað undan slíku?

[17:03]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Enn og aftur ítreka ég þá skoðun mína að ég tel að það sé miklu heppilegra, betra og heilbrigðara að hæstv. forsætisráðherra reifi skoðanir sínar opinberlega, segi það sem honum finnst, það sem honum býr í brjósti. Þá geta hv. þingmenn, til dæmis hv. þm. Össur Skarphéðinsson, brugðist við og úr því verður einhvers konar umræða, það verður debatt. Það er ágætt. Það er miklu verra þegar menn kúldrast einhvers staðar úti í horni í fýlu og koma ekki fram með skoðanir sínar, af því að menn hafa kannski áhyggjur af umræðunni, vilja ekki segja það sem þeim finnst, það sem þeim býr í brjósti. Við höfum ekkert að gera með slíka stjórnámalamenn í raun og veru, virðulegi forseti. En eins og við þekkjum kannski kostar það ákveðið hugrekki að koma fram með skoðanir sem menn vita að verða umdeildar. Auðvitað hefur hæstv. forsætisráðherra vitað að þetta yrði umdeild skoðun, hann gat sagt sér það sjálfur, hún mundi kalla fram viðbrögð eins og þau sem komu hérna frá hv. þingmanni.

Virðulegi forseti. Það er svona ákveðin tegund af samsæriskeningum að tengja þessa hluti saman. Enn og aftur. Starfssvið stjórnarinnar liggur fyrir í lögum. Eina sem hefur breyst er það sem snýr í raun og veru að því að stjórnin komi að langtímastefnumótun varðandi dagskrágerðina. Aðalatriðið er að gera sér grein fyrir hvert starfssvið stjórnarinnar er. Ætla síðan að búa til þennan vef, vefa þann vef sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerir með því að tengja þessi mál saman — ég tel það bara eitt af þeim dæmum sem ég nefndi áðan þar sem menn fara svolítið fram úr sér í umræðunum. Það er miklu skynsamlega að horfa nákvæmlega á hvað það er sem er verið að leggja til og leggja mat á það en ekki búa til einhverja stöðu og leggja svo mat á hana.

Við megum ekki gleyma því, virðulegi forseti, að í raun og veru er það eina að gerast að það fyrirkomulag (Forseti hringir.) sem verið hefur um áraradír verður áfram verði frumvarpið að lögum með þeirri einu breytingu að tveir

stjórnarmenn bætast við í stjórnina. (Gripið fram í.)

[17:06]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er að minnsta kosti sammála því hjá hæstv. menntamálaráðherra að menn eiga almennt ekki að vera í fýlu. Ég geri mér far um að vera það ekki. (Gripið fram í.) Ef hæstv. ráðherra hefði bara brot af minni lífsgleði mun honum vel farnast í sínu nýja embætti, ég get fullvissað hann um það.

Af því að hæstv. ráðherra segir að hér sé hugsanlega um samsæriskeningu að ræða af minni hálfu þegar ég bendi á að hæstv. forsætisráðherra skakar skellum að fjölmiðlamönnum sem starfa hjá opinberum stofnunum og hins vegar að ríkisstjórn hæstv. forsætisráðherra er að taka til sín pólitísk undirtök í stjórn stofnunarinnar, þá segi ég bara: Stundum endurtekur sagan sig. Hún er að endurtaka sig núna, því miður ekki sem farsí eins og Karl Marx sagði. Við höfum séð þetta gerast áður. Við höfum áður séð forsætisráðherra ganga fram með þessum hætti og byrja að beita sér gagnvart fjölmiðlum, það þróaðist að vísu út í einstaka fjölmiðlamenn líka. Við höfum einnig séð þá fjölmiðlamenn sem fyrir því urðu flæmda burt af viðkomandi fjölmiðlum. Um það eru því miður dæmi. Ég er ekki að halda því fram að það vaki fyrir hæstv. forsætisráðherra, en ég vara við þessari þróun.

Ég er aðeins að draga það upp hvernig þetta lítur út þegar menn vega þetta saman að hæstv. forsætisráðherra kvartar undan því sem er ekkert annað en eðlileg umfjöllun um lýðræðislega andstöðu í samfélaginu og svo hins vegar það verk sem liggur hér á borðinu, að taka á valdið yfir stofnuninni inn í pólitíska flokka. Hvernig lítur það út? Hvernig halda menn að það líti út í augum þeirra sem hafa verið að skrifa þessar fréttir, sem hafa leyft sér að segja frá því að 33 þúsund manns hafi skrifað undir mótmæli gegn ríkisstjórninni? Herra trú. Nei, hér þarf ekki um sárt að binda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:08]

#### **Úthýting:**

Afsláttur af veiðigjöldum, 24. mál, fsp. BVG, þskj. 39. Stjórn fiskveiða o.fl., 4. mál, þskj. 29.

#### **Stjórn fiskveiða, 3. umr.**

Stjfrv., 3. mál (framlenging bráðabirgðaákvæða). — Þskj. 3, brtt. 36.

[17:08]

#### **Björn Valur Gíslason (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ég er einn flutningsmanni þessarar tillögu ásamt hv. þingmönnum Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Kristjáni L. Möller og Guðbjarti Hannessyni.

Breytingartillagan hljóðar svo:

„Í stað orðanna „allt að 2.600 lestum af óslægðum botnfiski“ í b-lið 4. gr. komi: allt að 3.285 lestum af óslægðum botnfiski.“

Lagt er til að ráðstöfunarmagn til strandveiða verði í hlutfallslegu samræmi við fyrirsjáanlega aukningu heildarafla næsta fiskveiðiár en að óbreyttu stendur ráðstöfunarmagnið í stað í lestum talið þrátt fyrir að heildaraflri aukist.

Virðulegur forseti. Í grunninn fjallar tillagan um það sem reynt var að koma í gegnum þingið á síðasta kjörtímabili en tókst ekki vegna andstöðu stjórnarandstöðunnar þá og við lok þingsins. Hún er þó í fullu samræmi við niðurstöðu í svokallaðri sáttanefnd um stjórn fiskveiða sem felur í sér að strandveiðar skuli hafa hlutfall af úthlutuðum aflaheimildum hverju sinni en magnið sé ekki ákveðið í kílóum og tonnum eins og gert er í frumvarpinu.

Miðað við frumvarpið sem hér liggur fyrir gerist það ekki, talan helst óbreytt á milli ára þrátt fyrir fyrirsjáanlega aukningu í þorski, ef ég man rétt upp á 19 þús. tonn eða nálægt því sem Hafrannsóknastofnun hefur gert tillögu um og ég reikna með að verði fylgt af hálfu ráðherra við úthlutun aflaheimilda næsta árs.

Ég tel að þetta sé rétt aðferð og skynsamleg aðferð. Meginniðurstaða okkar sem skipuðu starfshóp um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða á sínum tíma var að þannig skyldi aflaheimildum úthlutað, þ.e. innan aflamarkskerfisins og svo til annarra nota í hlutföllum. Bæðir hlutar mundu aukast í réttum hlutföllum ef aflaheimildir ykjast og dragast saman beggja vegna ef aflaheimildir drægjust saman.

Það er ekki mikið meira um þessa tillögu að segja, virðulegur forseti. Hún er flutt í þeim tilgangi að hlutdeild strandveiða haldist í úthlutuðum botnfisksafla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:11]

#### Útbýting:

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, stjfrv. (fél.- og húsnrh.), þskj. 40.

Fundi slitið kl. 17:14.

---

## 13. FUNDUR

Þriðjudaginn 25. júní,  
kl. 6 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 25 og 30. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, brtt. 36. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Meðferð einkamála, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 3. umr.
5. Stjórn fiskveiða o.fl., stjfrv., 4. mál, þskj. 29. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.

### Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:03]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 3. og 5. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 41. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, ELA, EyH, Guðbh, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, JónG, KÞJ, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RBB, SÁA, SII, SigrM, SSv, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BVG, BN, FSigurj, GBS, HHj, HöskÞ, IILG, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBj, ValG, VilB, WÞÞ) fjarstaddir.

### Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, nál. 25 og 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:04]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Við greiðum hér atkvæði eftir 2. umr. um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, val stjórnarmanna. Þetta er afspyrnuvont mál, illa undirbúið og ekki nýrri ríkisstjórn til framdráttar á nokkurn hátt. Það er ekki ein einasta umsögn sem mælir með þessu máli. Þetta er mál sem á að bíða, sem á að draga til baka og hæstv. ríkisstjórn ætti að bera til þess gæfu að gera það þannig. Hér hefur ekki einn einasti framsóknar-

maður talað. Ég tel það rétt að Framsóknarflokkurinn gangi fram fyrir skjöldu og geri grein fyrir 180° viðsnúningi sínum í þessu máli. Það væri flokknum til sóma að gera það hér á sínum fyrstu skrefum í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn þannig að við föllum ekki í þá freistni að líta svo á að þeir séu fallnir í gamalt, banvænt faðmlag við Sjálfstæðisflokkinn.

Þingflokkur VG greiðir atkvæði gegn þessu máli.

[18:05]

**Guðbjartur Hannesson (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Við erum hér með fyrsta og eina málið frá hæstv. ráðherra mennta- og menningarmála á þessu sumarþingi, það er að breyta einu atriði úr þriggja mánaða gömlum lögum sem samþykkt voru nánast mótatkvæðalaust á síðasta þingi. Mér finnst óskiljanlegt hvers vegna þetta mál kemur fram nema ef það er sett fram í sérstökum pólitískum tilgangi til þess að fá einhver ítök í Ríkisútvarpinu. Það er búinn að hlusta á umræðuna, fylgjast með henni og taka þátt í henni en ég hef ekki fengið neitt svar um rökstuðning hvers vegna þessu er breytt og af hverju er ekki farið eftir því sem samþykkt var hér fyrir þremur mánuðum. Þingflokkur Samfylkingarinnar leggst alfarið gegn þessari breytingu.

[18:06]

**Páll Valur Björnsson (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um þetta mál. Ég sagði það á fyrstu stigum í nefndinni hvað mér fannst um þetta mál. Mér finnst það asnalegt, þið bara fyrirgefið en mér finnst það, og ekki þjóna neinum tilgangi og eiginlega svolítið sorglegt að vera að breyta lögum sem voru sett fyrir nokkrum mánuðum og allir voru sammála um og enginn setti sig á móti.

Okkar afstaða í þessu máli hefur verið skýr allan tímamann og við í Bjartri framtíð greiðum atkvæði á móti þessu.

[18:07]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég kallaði eftir því að þetta mál færi aftur til nefndar þar sem upp kom sú staða að hugsanlega væri hægt að bæta við í frumvarpið, í það minnsta, að starfsmenn Ríkisútvarpsins gætu haft áheyrnarfulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins. Í ljós kom að ekki er svo mikill ágreiningur um það. Enn fremur kemur alveg til greina að viðra fleiri skoðanir um betrubætur í átt til lýðræðis og gegnsæis.

[18:07]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekkert að endurtaka neitt úr umræðunum um hvað hér er á ferðinni, hverjar ástæður eru fyrir því að til þessa máls var efnt. (**Gripið fram í:** Við þekkjum ...) Þær eru þekktar. Svo er það hitt hversu mikill menn taka mark á þeim, það er annað. Þær verður hver að þjóna sinni lund.

Vegna þess sem rætt var í dag og varðandi það að búii er að vísa málinu aftur til nefndar þá sagði ég það hér og ít-

reka og endurtek að ég tel að það færi ágætlega á því að nefndin skoðaði það hvort ekki væri hægt að bæta því við í lögum að starfsmenn Ríkisútvarpsins ættu áheyrnarfulltrúa í stjórninni. Það var nefnt hér að það gæti verið í átt til sátta í málinu. Ég geri mér grein fyrir því að það munu ekki nást fullar sættir í þetta mál, en það gæti alla vega verið skref til þess að fleiri gætu við unað, virðulegi forseti.

1. gr. samþ. með 23:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, HBK, HarB, HE, IIG, JónG, KPJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** BVG, BjÓ, BP, EdH, GuðbH, GStein, HHG, JÞÓ, OH, PVB, RBB, SII, SSV, ÖS.

26 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskP, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBJ, ValG, VilB, WÞP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:09]

#### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Við greiðum nú atkvæði um að setja dagskrárstefnu RÚV í hendurnar á fulltrúum þingflokka á Alþingi. Hin nýja hægri stjórn lítur á það sem forgangsmál að herða hin pólitíska tók á Ríkisútvarpinu. Grein forsætisráðherra í *Morgunblaðinu* í dag sýnir okkur þörf hans til að stjórna efnistöðum fjórða valdsins, fjölmiðlanna. Næstu skref ríkisstjórnarinnar gætu orðið að breyta lögum um Seðlabanka í fyrra horf og kjósa bankaráðin hlutfallskosningu á Alþingi.

Málið fer nú til nefndar. Ég vona að það komi aldrei þaðan út aftur.

[18:10]

#### Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Öndvert við það sem hér kom fram áðan greiddi ég atkvæði gegn breytingunni í vor þannig að það sé á hreinu. Auk þess tel ég að hér sé mjög lýðræðislegt mál í gangi. Við ætlum að fá 63 fulltrúa sem kosnir eru af þjóðinni í kosningum til að velja stjórn fyrir Ríkisútvarpið. Ef stjórnarandstaðan stæði saman miðað við núverandi stöðu fengi hún þrjá af sjö, en Framsókn tvo og Sjálfstæðisflokkur tvo. Ég geri ráð fyrir því að stjórnarandstaðan mundi velja sína menn í samræmi við lífsstefnu sína og velja til þess hið besta fólk, nákvæmlega eins og ég geri ráð fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn geri.

Ég tel þetta vera lýðræðislegustu leiðina til að stjórna Ríkisútvarpinu meðan ekki er búið að selja það.

2. gr. samþ. með 23:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, HBK, HarB, HE, IIG, JónG, KPJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** BVG, BjÓ, BP, EdH, GuðbH, GStein, HHG, JÞÓ, OH, PVB, RBB, SII, SSV, ÖS.

26 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskP, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBJ, ValG, VilB, WÞP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allsh.- og menntmn.

#### Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (framlenging bráðabirgðaákvæða). — Þskj. 3, brtt. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:13]

Brtt. 36 felld með 25:10 atkv. og sögðu

**já:** BVG, BP\*, EdH, GuðbH, OH, PVB, RBB, SII, SSV, ÖS.

**nei:** ÁsmD, BjÓ\*, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GStein\*, HBK, HarB, HE, IIG, JónG, KPJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

2 þm. (HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskP, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBJ, ValG, VilB, WÞP) fjarstaddir.

[\* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GuðbH, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, IIG, JónG, KPJ, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RBB, SÁA, SII, SigrM, SSV, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskP, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, OH, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBJ, ValG, VilB, WÞP, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 42).

#### Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál (virðisaukaskattur á ferðaþjónustu). — Þskj. 1.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:15]

Frv. samþ. með 23:13 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, HBK, HarB, HE, IIG, JónG, KPJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SÁA, SigrM, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE.

**nei:** BVG, BjÓ, BP, EdH, GuðbH, GStein, HHG, JÞÓ, OH, PVB, RBB, SII, SSV.

27 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskP, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBJ, ValG, VilB, WÞP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:14]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Allir þingmenn sem ætla að koma hér í atkvæðaskýringu hafa greitt atkvæði, þ.e. ég. Ég fagna því að hér sé komið í veg fyrir að bætt sé við einu þrepi til viðbótar í virðisaukaskattkerfið. Það kemur í veg fyrir það slys sem flækt hefði kerfið umtalsvert fyrir ekki mjög marga aðila og gert það kleift að fara í lögleg undanskot á skatti og gert allt eftirlit miklu erfiðara. Við eigum að stefna að því að skattkerfin séu einföld, réttlát og hæfilega þung þannig að menn svíki ekki undan skatti.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 43).

#### **Meðferð einkamála, 3. umr.**

Stjfrv., 2. mál (flýtimeðferð). — Þskj. 2.

Enginn tók til máls.

#### **ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[18:20]

Frv. samþ. með 36 hlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BVG, BjÓ, BP, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GuðbH, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, IIIG, JónG, JÞÓ, KÞJ, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RBB, SÁA, SII, SigrM, SSv, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE, ÖS.

27 þm. (ÁPÁ, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, EdH, GBS, HHj, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SIJ, SilG, UBK, VBj, ValG, VilB, WÞÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:16]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp hæstv. innanríkisráðherra um breytingu á lögum um meðferð einkamála, undir þeirri yfyrskrift að það snúist um flýtimeðferð. Í raun snýst það ekki um flýtimeðferð samkvæmt skilningi laganna heldur miklu frekar um að festa í lög atriði sem þegar eru í praxís, ef svo má að orði komast. Ég setti því fyrirvara við málið, þótt ég styðji það, sem lýtur að því að þrátt fyrir þessi yfirlýstu markmið breyti frumvarpið í raun og veru ekki neinu, hvorki fyrir aðila máls né fyrir dómstóla, en það er sannarlega ekki til skaða.

[18:17]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál kom til hv. allsherjar- og menntamálanefndar á milli 2. og 3. umr. voru kallaðir til tveir aðilar, annars vegar frá dómsmálaráði og hins vegar frá Lögmannafélagi Íslands. Það kom mjög skýrt fram hjá laganefnd Lögmannafélagsins að hún hefði athugasemdir við frumvarpið og taldi að það mundi ekki virka með þeim hætti sem til væri ætlast. Ég óskaði eftir því að beðið yrði með að taka málið úr nefndinni þannig að færi gæfist á því að skoða hvort hægt væri að herða ákvæðin þannig að þau skilðu sér betur. Ekki var orðið við þeirri beiðni. Eftir sem

áður ætla ég að styðja frumvarpið vegna þess að ég tel það vera til bóta eins og það er þótt það gangi ekki eins langt og það hefði e.t.v. getað gengið.

[18:18]

#### **Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál verði afgreitt í dag. En ég get ekki tekið undir með hv. þingmanni sem kom hér upp áðan og gaf það í skyn að málið væri flutt undir ákveðnu yfyrskini, flýtimeðferðin er víst eitthvert yfirskini. Ég tek ekki undir það og tel að þá sé nú frekar lítið gert úr tilgangi frumvarpsins og úr þeim umsögnum sem komu víða að þar sem flestir þeir sem gleggst til málanna þekja taka undir mikilvægi og nauðsyn þess að gera þetta með þessum hætti, með flýtimeðferð, sem tryggt getur þeim sem á þurfa því að halda betri stöðu en þeir áður hafa haft.

Ég ítreka það sem ég sagði þegar málið var flutt í upp-hafi: Í því felst enginn áfellingdómur yfir þeim sem á undan fóru. Í því felst einungis tilraun okkar í ríkisstjórninni og meiri hluta þings greinilega til þess að tryggja að þessir einstaklingar fái flýtimeðferð sem þurfa á því að halda. Ég hafna því að það sé eitthvert yfirskini. Hér er verið að reyna að tryggja það að málsmeðferð verði hraðað. Allflestir sem gáfu umsögn um málið taka undir það. Að vísu er það rétt sem nefnt hefur verið að einhver ágreiningur hefur verið uppi um hvar best væri að koma því fyrir í lögum. En ég ítreka þakkar til nefndarinnar fyrir að klára málið með þessum hætti.

[18:20]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að Alþingi samþykki flýtimeðferð á ágreiningsmálum sem varða gengistryggð lán og verðtryggð lán. Það er nokkuð sem ég hefði mjög gjarnan viljað sjá að Alþingi hefði samþykkt fyrr, en ég fagna því að við höfum náð saman um það. Þetta eru skýr skilaboð frá Alþingi um að við viljum að það gangi hratt og vel að leysa úr þessum ágreiningsmálum.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 44).

#### **Stjórn fiskveiða o.fl., 3. umr.**

Stjfrv., 4. mál (krókaafلامarksbátar, strandveiðar og gjaldtökuheimildir). — Þskj. 29, nál. 41.

[18:21]

#### **Frsm. atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):**

Virðulegur forseti. Atvinnuveganefnd tók þetta mál til meðhöndlunar á milli 2. og 3. umr. Uppi voru ákveðnar hugmyndir um að túlkunarvafi væri varðandi lengdarmál báta í krókaafلامarkskerfinu sem fjallað er um í frumvarpinu. Á fund nefndarinnar kom Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og nefndinni barst síðan minnisblað frá Siglingastofnun Íslands sem fylgir með nefndarálitinu.

Talið var að vafi gæti verið um efni sem byði þeirri hættu heim að hægt yrði að auka veiðigetu krókaafلامarks-

báta án þess að það leiddi til sviptingar veiðileyfis með krókaafلامarki. Þannig yrði eigendum slíkra báta áfram mögulegt að gera þá breiðari og styttri, m.a. með því að bæta á þá búnaði eins og svölum, kössum og síðustokkum, án þess að það hefði þær afleiðingar sem lagðar eru til í 2. málslið a-liðar 6. gr. frumvarpsins.

Skilningur nefndarinnar er alveg skýr í þessu. Viðmiðunin, 15 metrar, er mesta heimila lengd krókaafلامarbsbáta og er ekki háð túlkunarvafa. Skilgreining á mestu lengd kemur fram í reglum um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum, nr. 527/1997. Þar segir að mesta lengd sé heildar lengd skipsins, þar með taldir allir fastir hlutar bolsins, svo sem skriðbretti, perustefni, skutgeymar og hlífðarlistar sem teljast hluti bolsins. Hins vegar skuli ekki mæla gúmeða trélista til hlífðar, stýrisfjadrir, utanborðsvélar og utanborðsdrif eða annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, jafnvægisstýri, hlífðargrindur við utanborðsdrif og þess háttar.

Nefndin áréttar að framlagning breytingartillögu við 2. umr. grundvallast á þeirri ætlan að láta lengingu krókaafلامarbsbáta fyrir viðskeytingu svala, kassa, síðustokka og annars útbúnaðar sem ekki fellur undir skilgreiningu á mestu lengd leidda til missis krókaafلامarbsveiðileyfis.

Fram kemur, virðulegi forseti, í bréfi frá Siglingastofnun sem nefndinni barst að hún telji þá viðmiðun við mestu lengd ekki eiga að vera háða túlkunarvafa, samanber grein 5.3 í reglugerðinni, og því sé engin þörf á því að koma með breytingartillögu um samanlagða heildar lengd eða alla lengd, en það eru hugtök sem hvergi eru notuð í lögum eða reglum um mælingar skipa í alþjóðasamningum.

Undir nefndarálitíð skrifa Jón Gunnarsson, Björn Valur Gíslason, með fyrirvara, Haraldur Benediktsson, Björt Ólafsdóttir, Kristján L. Möller, Páll Jóhann Pálsson, Þorsteinn Sæmundsson og Þórunn Egilsdóttir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:26]

Frv. samþ. með 35 slj. atkv. og sögðu

**ja:** ÁsmD, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GuðbH, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, IiIG, JónG, KÞJ, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RBB, SII, SigrM, SSV, VigH, VilÁ, ÞorS, ÞórE, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁPA, ÁsF, BÁ, BirG, BjG, BjarnB, BN, GBS, HHj, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, ÓP, RM, SDG, SÁA, SIJ, SiIG, UBK, VBj, ValG, VilB, WÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:24]

**Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu framfaraspori. Þetta mun verða til þess að auka öryggi smábátasjómannna. Þetta mun bæta meðferð á afla og þetta mun að auki tryggja það að krókaafلامarbskerfið verði áfram. Það er markmið nefndarinnar þannig að við erum öll sammála um það. Ég fagna því.

[18:25]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Það er ekkert í stefnu Pírata sem stangast á við þetta. Við heyrðum í nefndinni að þetta gæti tryggt öryggi og aðbúnað sjómanna þannig að það eru mörg góð atriði þarna. Sú gagnrýni sem við heyrðum á móti þessu var að menn mundu stækka bátana að einhverju leyti, að vísu á jafnréttisgrundvelli út af því að menn eru að stækka bátana í dag með alls konar brellum. Það að bátarnir stækki þýðir að ákveðin samþjöppun verður í greininni.

Það er ekkert, eins og ég segi, sem stangast á við stefnu Pírata í þessu máli. Aftur á móti erum við hreinlega ekki fær um að koma okkur endanlega og algjörlega inn í alla króka og kima málsins þannig að við setjum okkur alla vega ekki á móti því, en greiðum ekki atkvæði með því.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 45).

**Þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, fyrri umr.**

Þáttill. ÖS o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[18:26]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson) (Sf):**

Herra forseti. Ég mæli, að vísu vonum seinna, fyrir þingsályktunartillögu sem ég flyt ásamt öllum þingmönnum Samfylkingarinnar. Meginefni hennar felur í sér að fram verði haldið viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu með þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningum á næsta ári. Jafnframt felur þessi tillaga í sér að þær úttektir sem framkvæmdarvaldið hefur boðað að verði gerðar bæði á stöðu viðræðna og sömuleiðis stöðunni innan Evrópusambandsins verði gerðar í samvinnu þings og þjóðar.

Ég vil samt taka það fram að eftir að ég lagði fram þessa tillögu fyrir hönd Samfylkingarinnar hefur hæstv. forsætisráðherra talað skýrt um það með hvaða hætti hann hyggst láta vinna þessar úttektir, m.a. með aðkomu erlendra sérfræðinga og eingöngu af sérfræðingum þannig að tryggt er að engin sérstök pólitísk gleraugu verði notuð til þess að skoða þetta mál. Ég lýsi því hér yfir að ég er sáttur við þessa aðferðafræði hæstv. ráðherra og nefni það sérstaklega vegna þess að hann nefndi þetta úr ræðustól Alþingis eftir að við lögðum fram tillöguna. Hægt er að skoða þá þennan part tillögunnar með það fyrir augum líka. Í þessari tillögu er sömuleiðis gert ráð fyrir því að þessum úttektum verði lokið fyrir 1. desember. Margt mælir með því að auðvelt verði að gera það eins og ég kem síðar að í ræðu minni. Þetta er hins vegar nauðsynlegt til að hægt verði að ljúka afgreiðslu málsins, þ.e. umræðum um þessar úttektir á Alþingi, kynna þær fyrir þjóðinni og sömuleiðis virða þann lögbundna þriggja mánaða frest sem verður að vera frá samþykkt þingmáls um þjóðaratkvæðagreiðslu og þangað til hún er háð.

Tílefni þessarar tillögu er öllum kunnugt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur algjörlega skýrt fram að það á að gera hlé á viðræðunum, og við það hefur ríkisstjórnin nú þegar staðið, en þar kemur líka fram að það eigi



að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið. Ekkert hefur verið slegið í gadda um það. Nú kemur vitaskuld engum á óvart að Samfylkingin telur að þessi stefna sé í sjálfu sér ekki farsæl fyrir framtíð og hagsmuni Íslands. Við teljum óráð að gera hlé á viðræðunum. Við erum þeirrar skoðunar að það sé langfarsælast fyrir framtíð og hagsmuni Íslands að halda viðræðunum áfram, nota þann skriðþunga sem hefur verið á þeim til að ljúka þeim, taka allan þann tíma sem þarf til þess að ná góðum samningi og leggja síðan fullbúinn og endanlegan samning fyrir íslensku þjóðina.

Þá er reyndar athyglisvert að það kom skýrt fram í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra í upphafi sumariþings að allir þeir flokkar sem skipa stjórnarandstöðuna í dag eru sama sinnis. Þá er líka rétt að rifja það upp að núna vernir ráðherrabekki mætur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem á sínum tíma eyddi töluverðu þreki sínu í að skrifa gagntemer greinar til að tjá þjóðinni þá skoðun sína að það væri í samræmi við grundvallarsjónarmið Sjálfstæðisflokksins að þjóðin fengi að kjósa um aðildarsamning. Það liggur því alveg ljóst fyrir að margir hefðu getað hugsað sér það.

Við þingmenn sem erum andstæðar skoðunar við stefnu ríkisstjórnarinnar teljum að sú ákvörðun að gera hlé með fullkominni óvissu um framhaldið sé ekki í þágu íslenskra hagsmuna. Við teljum það soun á tíma, mannskap og fjármunum sem er búin að eyða í aðildarferlið og það skapi þar að auki mikla óvissu um framtíðarstefnu Íslands að hafa hlutina hangandi í lausu lofti. Það skapar til dæmis sérstaklega mikla óvissu varðandi gjaldmiðilmálin til framtíðar og þau eru vitaskuld nátengd aðildarumsókninni eins og hæstv. forsætisráðherra skrifaði sérstaklega inn í þann texta sem hann flutti hér sem stefnuræðu. Við þurfum að komast út úr þessari stöðu sem einkennist af óvissu og áttavillu. Ég tel því að það sé farsælast fyrir Ísland að fá hreinar línur. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga lögð fram, til þess að fá hreinar línur. Hún felur það í sér að þjóðin fái sjálf að kjósa hvort hún vill hætta eða halda áfram viðræðunum samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Það er lýðræði, fólkíð á auðvitað sjálf að fá að kveða upp sinn dólm og velja hvaða framtíð það velur fyrir sig og Ísland. Í þessum efnum voru loforð stjórnarflokkanna algjörlega kristaltær. Það kom fram að sönnu, eins og ríkisstjórnin hefur þegar staðið við, að það ætti að gera hlé á viðræðunum og að því leyttinu er ekki hægt að brigsla hæstv. ríkisstjórn um að hafa komið aftan að neinum. Hún sagði hins vegar líka algjörlega skýrt að það ætti að halda þjóðaratkvæði um framhaldið. Það kemur til dæmis skýrt fram í stefnuskrá Framsóknarflokksins og þetta var eitt af því sem var slegið í gadda í ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Það sama var líka uppi í ályktun landsfundar Framsóknarflokksins sem og í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Þar var reyndar gengið lengra, það var sagt að það ætti að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu á þessu kjörtímabili.

Formaður Sjálfstæðisflokksins talaði enn skýrar þegar hann hóf kosningabaráttu síns flokks 23. mars síðastliðinn. Þá taldi hann eðlilegt að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði haldin fyrri part kjörtímabilsins. Formaður Framsóknarflokksins, sem hefur lýst sjálfum sér sem frekar „lífó“ náunga, stóð undir því hvað þetta varðar og hann hefur margsinnis

sagt að tímasetningin sé ekkert stórt mál fyrir sig og sinn flokk og hún megi þess vegna verða fyrr en seinna. Í þessari stöðu liggur fyrir að allir stjórnmalaflokkar sem sæti eiga á Alþingi hafa lýst því yfir að þeir vilji að það verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðnanna. Þá er spurningin einungis: Hvenær nákvæmlega?

Þá held ég að það væri hollt að skoða þá tillögu sem ég hef hér lagt fram fyrir hönd Samfylkingarinnar út frá þeim áformum sem leiðtogar stjórnarflokkanna hafa lagt fram um framvindu málsins. Eins og við munum sögðu þeir báðir við lyktir blaðamannafundar á Laugarvatni að fylgt yrði ákveðnu ferli. Það ætti að byggjast á tvenns konar úttektum, annars vegar á stöðu viðræðnanna og hins vegar á stöðunni í Evrópusambandinu, bæði hinni efnahagslegu og þó ekki síður þeim breytingum sem hafa orðið á Evrópusambandinu eftir að við söttum um aðild og sömuleiðis þeim sem hafa verið kynntar. Margar þeirra hafa farið sérstaklega fyrir brjóstið á ýmsum forustumönnum ríkisstjórnarinnar.

Ég tel sjálfur að það skipti ekki máli vegna þess að það verður einn af þeim hlutum sem liggja algjörlega fyrir og eru á tæru þegar við mundum ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn í fyllingu tímans. Báðir formennirnir sögðu að í kjölfar þessara úttekta, sem ég eftir orðanna hljóðan tel að séu þá tvenns konar, ætti að taka málið til umræðu á Alþingi Íslendinga. Hæstv. fjármálaráðherra hefur talað með þeim hætti að hann virðist gera ráð fyrir því að þessari forvinnu verði lokið í haust vegna þess að hann sagði fyrir nokkrum dögum, um síðustu helgi held ég, í viðtali að þetta mál yrði tekið til umræðu á Alþingi í haust.

Formaður Sjálfstæðisflokksins virðist því ganga út frá því að úttektunum verði lokið í haust og þá sé hægt að taka niðurstöður þeirra hér til umræðu og taka í framhaldi af því ákvörðun um framhaldið. Ég tel þetta sjálfur fyllilega raunhæfa nálgun hjá hæstv. fjármálaráðherra. Öll gögn málsins liggja fyrir og það þarf ekki að fara í mikla rannsóknarvinnu til að ljúka þessum úttektum. Við vitum hvaða breytingar hafa orðið á innri gerð Evrópusambandsins eftir að umsóknin fór af stað. Við vitum hvaða breytingar eru fyrirhugaðar og það er athyglisvert, heru forseti, að þær sem mest hafa farið fyrir brjóstið á forustumönnum núverandi stjórnarflokka eru breytingar sem við munum þurfa að taka upp vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem við göngum í Evrópusambandið eða ekki. Að því er þær varðar er valið í reynd um það að ganga úr EES eða taka þær upp. Svo einfalt er það mál.

Í ljósi þessa og miðað við það hvernig forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa talað um tímasetningu á lokum þessara tveggja úttekta sem þarf að gera til þess að hægt sé að taka næsta skref fellur einfaldlega sú dagsetning sem ég legg til með þessari þingsályktunartillögu giska vel að þeim áformum sem ríkisstjórnin hefur sjálf kynnt. Tímalínan er þá þannig að ríkisstjórnin hefði nægan tíma til þess að ljúka úttektunum og leggja fram þingmál og fá það samþykkt eftir viðeigandi umræðu á hinu háa Alþingi og sömuleiðis til þess að virða hinn lögbundna þriggja mánaða frest sem þarf að líða á milli samþykktar málsins og atkvæðagreiðslunnar sjálfrar.

Ef menn nálgast þessa tillögu hlutlægt og hlutlaust, veða

hana á grundvelli þarfa okkar allra tel ég að allir ættu að geta samþykkt hana. Ég tel að það mundi hjálpa til að fá þær hreinu línur sem ég tel að þurfi í þessi mál með því að fallast á að við höldum þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári. Það eru ýmis rök sem hægt er að tina til fyrir því að það sé farsælt að nota sveitarstjórnarkosningarnar til þess að halda þjóðaratkvæði umfram ýmsar aðrar dagsetningar sem þó má segja að komi líka til greina.

Það að hafa þetta samhliða slíkum kosningum tryggir góða þátttöku og niðurstaðan ætti þar með að sýna með nokkuð óyggjandi hætti vilja þjóðarinnar til þess hvort hún vill halda áfram viðræðunum eða hætta við þær. Fyrir utan þátttökurökin eru líka sérstök fjárhagsleg sparnaðarrök sem hægt er að nota til þess að mæla með þessu. Eins og menn vita kostar töluvert mikla peninga að halda þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekki langt síðan við gengum í gegnum eina slíka, þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá, og ef ég man rétt þurfi ríkið að gera ráð fyrir í fjárlögum 200 millj. kr. til að klára hana. Þessa upphæð væri að stóru marki hægt að spara með því að nota kosningar til sveitarstjórna.

Það er hægt að nota margvísleg önnur rök líka til þess að hafa þjóðaratkvæðagreiðsluna með fyrra fallinu. Ég hef þegar rakið óvissuna sem hlýst af því að bíða án þess að tímasetja framhaldið og ég ætla ekki að fara frekar út í það, en ég held sem sagt að það skipti alveg töluvert miklu máli að fá botn í það hvaða leið íslenska þjóðin ætlar að feta varðandi gjaldmiðilsmálin í framtíðinni. Þá má ekki gleyma því að gjaldmiðilaskýrsla Seðlabankans sem kom út sumarið 2011 sló algjörlega í gadda að bara tvær leiðir kæmu til greina varðandi gjaldmiðil Íslands í framtíðinni, annars vegar að halda áfram með krónuna — og þá rifja ég upp að hæstv. fjármálaráðherra trúði fyrir nokkrum vikum, rétt eftir að hann hafði sest í sinn nýja stól, erlendri fréttastofu fyrir því að krónan yrði alltaf háð einhvers konar annmörkum eða höftum — og hins vegar að taka upp evruna á réttum tíma eins og Seðlabankinn sagði.

Ég tel þess vegna að á meðan það er ekki ljóst að íslenska þjóðin vilji feta þann veg sem felst í framhaldi viðræðnanna verði þessi mál alltaf í óvissu. Sú óvissa kemur niður á heimilunum, fyrirtækjunum, atvinnulífnum og Evrópusambandinu. Ég tel til dæmis að hún komi sérstaklega illa niður á þeim fyrirtækjum sem við horfum mest til varðandi sköpun starfa og verðmæta í framtíðinni, sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þau fyrirtæki hafa sagt hvert um annað þvert að þau þurfi stöðugra efnahagsumhverfi með stærra og öflugra myntsvæði. Ég óttast, herra forseti, að ef við fáum ekki hreinar línur í þetta muni þessi fyrirtæki greiða atkvæði með fótunum. Þau munu fara. (Gripid fram í.)

Þetta eru ekki síst rökin fyrir því að við eigum að reyna að fá hreinar línur í þetta mál með fyrra fallinu. Þessi tillaga gengur út á það að við notum sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári og ég held að það væri farsælt fyrir þingið. Miðað við þær röksemdir sem ég hef lagt fram ættum við að geta fallist á það hvort sem við erum með eða á móti aðild.

[18:41]

### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því framtaki að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Við þratar erum almennt mjög lýðræðissinnaðir og mjög hlynntir þjóðaratkvæðagreiðslum, sérstaklega af því að búið er að lofa þeim trekk í trekk í kosningabaráttu. En það eru ein skilaboð sem mér finnst mjög mikilvægt að allir hv. þingmenn taki til sín, þau eru þessi: Í hvert sinn sem þjóðin er spurð álits og það er í andstöðu við það sem ríkisstjórn hefur ákveðið þá fara stjórn-málamenn jafnan út í það að skamma hver annan fyrir að vera ekki sammála þjóðinni.

Það er enginn flokkur á þingi núna sem hefur tilkall til meira en helmings þjóðarinnar og engin ríkisstjórn hefur stuðning 100% þjóðarinnar. Það var aldrei þannig og verður sennilega aldrei þannig, vonandi ekki.

Þegar við meðhöndlum eitthvað jafn heilagt, þori ég að segja, og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar þá ættum við að bera meiri virðingu fyrir þeim rétti en að nota hann sem pólitískt bitbein. Ef svo ólíklega vill til að þetta verði samþykkt af þessu þingi ætla ég að biðja hv. þingmenn um að sýna þjóðinni virðingu þegar hún gengur til atkvæðagreiðslu, að setta sig við niðurstöðuna og reyna að líta á þjóðaratkvæðagreiðslu sem eitthvað jákvætt í framtíðinni, eitthvað sem stjórnámálamenn eiga ekki að forðast. Það er nefnilega einn steininn í götu beins lýðræðis á Íslandi að stjórnámálamenn hugsa með sér, svolítið með réttu að verði haldin hér þjóðaratkvæðagreiðsla um eitthvað sem þeir standa með eða gegn andstætt þjóðinni séu þeir í reynd að leggja sinn pólitíska feril að veði eða í það minnsta að hætta á ofboðslega harða gagnrýni. Sú gagnrýni er gagnslaus.

Sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar er hennar og bara hennar. Hann er ekki gjöf okkar til þjóðarinnar heldur réttur hennar.

[18:44]

### **Flm. (Össur Skarphéðinsson) (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir prýðisgóða ræðu sem ég var að öllu leyti sammála nema einu. Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni, orðaði það með þessum hætti: Ef svo ólíklega vill til að þessi tillaga verði samþykkt. Ég er honum algjörlega ósammála um að það sé ólíklegt. Eins og ég rakti í ræðu minni eru mörg rök með því að hafa þjóðaratkvæðagreiðsluna samhliða sveitarstjórnarkosningunum, en ég rakti það líka fyrir hv. þingmann, sem hann þekkir auðvitað jafn vel og ég að í reynd, í þeirri stöðu sem er komin upp, hafa allir stjórn-málaflokkar sagt að þeir vilji hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur sagt að það eigi að vera á fyrri hluta kjörtímabilsins og hæstv. forsætisráðherra hefur sjálfur sagt að honum sé eiginlega giska sama hvenær það eigi að verða, hann hefur margítreakað það við fjölmiðlamenn. Ég deili því ekki þeirri trú eða vantrú hv. þingmanns á þingheimi. Ég held satt að segja að það sé í þágu allra að við fáum hreinar línur í þetta mál. Hvað er þá betra en að gera það með hætti sem líklegastur er til þess að leiða

fram hvað mest afgerandi niðurstöðu? Það er samhlíða öðrum kosningum eins og sveitarstjórnarkosningum sem við vitum að er jafnan mikil þátttaka í.

Ég held að það sé besta aðferðin til að leiða fram mjög skýran og yfirgnæfandi vilja og ég held að allir mundu hlíta þeirri niðurstöðu ef hún yrði á annan veg en ég kysi, þá mundi ég vakna hundfúll daginn eftir en þá yrði bara næsta mál á dagskrá. Ég held að það sé þarft að fá þessar línur á hreint. Er ekki hv. þingmaður sammála mér um það?

[18:46]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er mjög sannfærandi eins og venjulega og ég kys að vera sammála honum. Ég biðst afsökunar á því að hafa vænt ríkisstjórnina um einhver óheilindi í þessum efnunum.

[18:46]

**Haraldur Einarsson (F):**

Hæstv. forseti. Af hverju er verið að pressa svo á ESB-forlið? Ég velti fyrir mér í hvaða leik stjórnarminnihlutinn er núna.

Ég legg talsvert fram af spurningum í ræðu minni en þær eru mestmegnis vangaveltur og þær spurningar sem ég legg fram í lokin eru þær spurningar sem ég vil fá svör við.

Ég spyr sjálfan mig af hverju fyrrverandi utanríkisráðherra, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, er svo í mun að klára þetta mál að það geti ekki beðið fram á haustþing. Ég viðurkenni að ég er enginn snillingur í málum sem tengjast Evrópusambandinu en þykist vita að margt gott er þar og annað sem hentar Íslandi og Íslendingum illa.

Ég hef örlítið litit á þetta mál og ætla að byrja á árinu 2009. Miðað við undanfarna daga þreyttist fólk hér í salnum ekki á að tala um fortíðina. Mér finnst samt persónulega leiðinlegt að tala um fortíðina því að við breytum henni ekki, en ég ætla að gera undantekningu núna því að ég held að fortíðin gæti varðað framtíðina.

Fyrrverandi utanríkisráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um aðildarsókn að Evrópusambandinu á 137. lögjafarþingi árið 2009. Í þingsályktunartillögunni stendur, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning.“

Þetta er allt fínt, en það var það sem ríkisstjórn þess tíma var kosin út á. Ísland sótti um aðild og var vel tekið ytra. Ég hef aldrei fengið að sjá neinn samning á þessum fjórum árum. Þá spyr ég: Er samningur á leiðinni? Ég held ekki, alla vega ekki úr þessu. En hvað er þetta þá? Gríðarlega tímafrekt samningaferli eða mjög flóknar aðildarviðræður? Hvernig get ég ekki verið búinn að sjá neinn samning sem Íslendingur ef búit er að innleiða hluta af reglum um og samt ekki búit að opna nokkra kafla, svo sem um byggðamál, sjávarútveg og landbúnað? Líklega eru þá engir samningar á leiðinni. En ef verið er að vinna þetta mál svona, innleiða allt nema kannski síðustu hluta af reglum sambandsins og kjósa um örlitúnn hluta, því að búit er að innleiða hitt, er þá framvinda verkefnisins ekki eins og lagt

var af stað með í upphafi, miðað við þingsályktunartillöguna?

Ég er ekki að segja að reglur Evrópusambandsins séu slæmar, þvert á móti, mig langar bara að fá skýrari sýn á hvað við erum að fara út í. Ef þetta eru hvorki samningaviðræður né aðildarviðræður og hvað þá að verið sé að kíkja í pakkann — því að miðað við framgöngu málsins er pakkinn reglur Evrópusambandsins og þær eru öllum aðgengilegar — þá spyr ég: Hvað er þetta þá? Þetta virðist vera aðlögunarferli, mjög líkt aðildarferli en mjög ólík orð.

Baldur Þórhallsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavíkurrkjördæmi norður á síðasta kjörtímabili, er prófessor við stjórnáhladeild HÍ og gaf út bókina: *Iceland and European Integration: On the Edge*. Í stærðfræði þýðir „integration“ heildun eða tegrun en í þessu samhengi þýðir „integration“ samþætting eða aðlögun. Annaðhvort er Evrópusambandið að samþætta sig við Ísland eða Íslendingar að aðlagast Evrópu. Miðað við samheitaorðabókina á Snóru þýðir það það sama; samþætting eða aðlögun.

Ég fór á vef utanríkisráðuneytisins og fann margar fréttir í tíð fyrrverandi utanríkisráðherra, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, og til að vera alveg viss las ég greinarnar einnig á ensku. Þar fer ekki á milli mála að verið er að fjalla um aðlögun Íslands að Evrópusambandinu.

Til að gefa dæmi vitna ég beint í orð þáverandi utanríkisráðherra í einni frétt, með leyfi forseta:

„I particularly appreciate ...“

(Forseti (EKG): Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að íslenska er þingmálið og hv. þingmaður hefur ekki heimild til þess að vitna með beinum hætti í enskan texta, getur hins vegar reynt að snara þessu með óbeinum hætti í máli sínu.)

Afsakið, herra forseti. Ég er líka með þetta á íslensku, en þetta skiptir máli því að ég held að enskan sé þýdd vitlaust yfir á íslensku, alla vega kemur það fram þarna að þar er „integration“ aðlögun, já, það er eins og verið sé að fara ranglega með orðið af ensku. Fyrir þá sem eru ekki sannfærðir er mjög gott að líta í orðabókina á Google og leita að orðinu aðlögun.

Ég er ekki að tala um að vera sammála eða ósammála, hv. þingmaður, ég er einungis að reyna að upplýsa í umræðunni, sérstaklega þar sem ég fann fyrir ólíkum skoðunum á þessu í kosningabaráttunni. Mér finnst rétt að þetta komi fram gagnvart kjósendum og þjóðinni.

Ég spyr: Telur hv. þm. Össur Skarphéðinsson miðað við framgöngu málsins að gerð hafi verið mistök í þýðingu og skilaboðum orðsins „integration“ yfir á íslensku eða hafa kjósendum vísitandi verið gefin röng skilaboð? Ég tek fram að ég er ekki að kenna neinum um, hvorki þáverandi stjórn, fjölmiðlum, þýðendum né neinum öðrum.

[18:53]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Haraldur Einarsson spyr: Af hverju að kjósa um þetta núna eða ákveða þetta núna? Ástæðan er sú — ég man þegar fjölmiðlalög voru samþykkt á Alþingi sem var síðan hafnað af forseta lýðveldisins. Það hafði ekki gerst áður þannig að það ætti að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu en það gerðist svolítið merkilegt við þann

gjörning, skyndilega fór fólk að taka þátt í umræðunni sem hafði aldrei áður tekið þátt í henni. Það er vegna þess að þegar þjóðin skynjar að hún hefur raunverulegt vald fer hún kannski stundum að hugsa til þess að hún ætti að nýta það á skynsaman hátt. Eins og það er núna, þar sem völdin liggja yfirleitt hjá einhvers konar fulltrúum, er nóg fyrir marga, jafnvel flesta, að bölvá þeim í stað þess að láta þjóðina sjálfa ráða þessu þannig að hún hafi fullt tækifæri og fullt erindi til að ræða það með hliðsjón af því að það verði þjóðaratkvæðagreiðsla og þá geti niðurstaðan orðið sem lýðræðislegust.

Hv. þingmaður spyr einnig hvort samningar séu á leiðinni. Nei, ekki í augnablikinu, en það er vegna þess að búið er að stöðva samningaviðræðurnar og um að gera að kjósa sem fyrst um það hvort við eigum ekki að halda þeim áfram. Síðast en ekki síst nefnir hv. þingmaður það aftur þegar verið er að innleiða ýmislegt frá Evrópu. Það er óhjákvæmileg afleiðing af því að vera í EES og við erum ekkert að fara út úr EES jafnvel þótt við sleppum því að kjósa um þetta.

[18:54]

**Haraldur Einarsson (F) (andvar):**

Hæstv. forseti. Allt sem ég er að reyna að draga upp hérna er hvort kjósendur fái að kjósa þá á réttum forsendum. Hvort þeir séu að kjósa um einhvern aðildarsamning eða aðlögunarferli. Það er bara það sem ég er að velta fyrir mér, hvort við séum að kjósa um einhvern stóran samning eða kjósa um einhvern lítinn hluta af því að það er búið að innleiða allt hitt. Ég er bara að reyna að opna umræðuna.

[18:55]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson) (Sf) (andvar):**

Herra forseti. Ég hef einungis eina spurningu til hv. þingmanns núna og svo mun ég freista þess að svara ýmsum spurningum hv. þingmanns í stuttri ræðu hér á eftir.

Hv. þingmaður spurði mig í sinni ágætu ræðu: Af hverju að leggja þessa þingsályktunartillögu fram núna, hvers vegna ekki að bíða með hana fram á haust? Ég skildi það svo að þetta væri ein af spurningum hv. þingmanns og þá langar mig til þess að spyrja á móti: Ef það yrði beðið með þessa tillögu fram á haust mundi hann frekar samþykkja hana þá?

[18:56]

**Haraldur Einarsson (F) (andvar):**

Hæstv. forseti. Það hefur hvergi komið fram hvort ég styð þetta eða sé á móti því og það breytir ekki afstöðu minni, þ.e. hvort ég styð málið eða ekki, hvort þetta er lagt fram núna eða á haustþingi. Ég tel bara að það sé annað brýnna en að ræða þetta núna þannig að afstaða mín er óbreytt.

[18:56]

**Flm. (Össur Skarphéðinsson) (Sf):**

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðum um þessa þingsályktunartillögu. Ég hef þegar lýst aðdáun minni á annarri þeirra ræðna sem hér voru fluttar í dag. Mér þótti ræða hv. þingmanns sem

talaði áðan vera alveg þryðileg. Ég var ósammála mörgu sem hv. þingmaður sagði og því miður get ég ekki svarað þeim spurningum sem hann varpaði til mín um hvort misfarist hefði í þýðingum. Ég taldi þó að hv. þingmaður væri að vísa beint í samtal sem ég hefði átt á ensku og þá þykir mér í hæsta máta ólíklegt að það hafi misfarist í þýðingu vegna þess að ég fór yfirleitt yfir þýðingarnar sjálfur og vissi gjörlla hvað ég sagði á enskri tungu í þeim viðtölum sem ég veitti oft og tíðum.

Hinn möguleikinn sem hv. þingmaður varpaði fram var hvort ísvitandi væri verið að koma röngum skilaboðum á framfæri, svo er ekki. Það er algerlega ljóst. Í fyrsta lagi kæmi það alltaf eins og búmerang í hausinn á manni sjálfum ef maður reyndi í svona stóru og viðamiklu máli að fara fram með einhverjar misvísandi staðreyndavillur, reyna að blekkja. Það gengur ekki. Það er bara ekki hægt í fjölmíðla-samfélagi þegar um er að ræða svona stórt og flókið mál. Sá möguleiki er algerlega frá.

Í öðru lagi gerðum við okkur jafnan far um að hafa allt sem opnast. Ég held að enginn utanríkisráðherra í sögunni hafi haft jafn marga fundi með hv. utanríkismálanefnd og ég á þessum tíma. Satt að segja var ég alltaf boðinn og búið til að skoppa á þeirra fund af hvaða tilefni sem var. Stundum voru þau ærin, stundum ansi smá. Alltaf kom ég þó og var heiður að því og þótti gaman að vera þar.

Við settum jafnframt alla skapaða hluti á netið um leið. Það eina sem var hægt að finna að hjá okkur varðandi það var í upphafi máls. Eins og hv. þingmaður man fólust fyrstu skref umsóknarinnar í því að svara frá Evrópusambandinu 2.800 spurningum. Við gerðum það og settum spurningarnar á netið á enskri tungu í upphafi. Síðan var því breytt eins og hv. þingmaður veit og allt var þýtt og sett á íslensku.

Til að leiðrétta örflítinn misskilning sem mér fannst örlla á hjá hv. þingmanni um það hvaða kaflar væru opnir og hverjir ekki þá var staðan þegar kom að kosningum þannig að af 33 köflum sem um þarf að semja var einungis í fjórum köflum ekki búið að klára samningsafstöðu; í köflunum um, eins og hv. þingmaður veit, sjó og land, og tveimur köflum sem höfðu að geyma ákvæði sem tengdust sjávarútvegi, m.a. varðandi heimild til stofnunar fyrirtækja hér á landi og varðandi fjárfestingar. Þegar kosningum slegpti voru þessir fjórir kaflar algerlega óopnaðir en við vorum búin að klára samningsafstöðuna í 29, tveimur köflum var skilað til Evrópusambandsins án þess að það hefði verið hægt að opna þá og 16 kaflar voru undir í samningaviðræðum þegar kom að kosningum og 11 voru frá.

Þetta er líka ein af röksemdunum fyrir því að halda áfram. Við erum komin ansi langt. Það er búið að eyða í þetta miklum mannafla, miklum fjármunum, miklum tíma og vitaskuld gufar það ekki upp. Það liggur ákveðinn árangur eftir, töluvert mikill. Fyrir utan það sem ég nefndi hérna tel ég kannski ekki síst að ávinningarnir séu fölgirnir í því að okkur tókst mjög að skerpa skilning Evrópusambandsins á sérstöðu Íslands.

Þá nefni ég í fyrsta lagi að þegar Evrópusambandið gerði skýrslu um Ísland og hæfni þess til að verða aðili að Evrópusambandinu var fjallað sérstaklega um sjávarútveg. Það var mjög merkilegt að í þeim kafla sem fjallaði um Ísland og sjávarútveg kom það algerlega skýrt fram af hálfu

Evrópusambandsins að ef Ísland í fyllingu tímans yrði meðlimur í Evrópusambandinu mundi það leiða til marktækra breytinga á sameiginlegu sjávarútvegss stefnunni. Þetta þýðir það sem sagt að Evrópusambandið er að fallast á að til að Ísland geti gengið inn verði að semja um sjó.

Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að það var ekki síst úr flokki hv. þingmanns sem því var haldið fram að í sjó væri um ekkert að semja. Minni ég líka á, af því að það stendur okkur miklu nær í tíma og hv. þingmaður var þá sestur á þing, að hingað kom helsti samningamaður Dana í sjávarútvegsmálum, Ole Poulsen, og hélt hér fyrirlestur á dögumum. Það var viðtal við hann síðast í fyrradag í Speglinum í Ríkisútvarpinu. Það kom algerlega skýrt fram hjá honum að hann teldi, miðað við sína reynslu, að ekki yrði erfitt fyrir Ísland að semja sig á sjávarútvegssviðinu inn í Evrópusambandið. Ég er algerlega þeirrar skoðunar líka. Ég tel að það yrði ekki erfitt.

En það er önnur saga og auðvitað er auðvelt að slengja slíku fram í ræðustól Alþingis. Annað er að draga það fram við samningaborðið. Þetta tel ég eigi að síður vísa til þess að þeir gera sér grein fyrir því að það þarf að semja og það liggur fyrir. Það er því rangt sem sagt var að ekkert væri um að semja.

Í öðru lagi er sérstaða Íslands í sjávarútvegsmálum svo rík. Ég gæti farið með margar röksemdir sem ég rakti fyrir þeim herrum og löfðum sem ég hitti í Evrópusambandinu. Eitt skiptir langmestu máli. Það er sú staðreynd að Ísland á ekki sameiginlega efnahagslögsögu með Evrópusambandinu. Það er algerlega öndvert við Noreg og gerir okkar stöðu allt aðra en Noregs.

Í þriðja lagi vildi ég nefna til marks um þann skilning sem við náðum upp á sérstöðu Íslands að þegar þáverandi forsturíki Evrópusambandsins sendi sínum eigin samningahópi bréf þar sem áréttuð var sérstaða Íslands varðandi landbúnaðinn og byggðamál gaf það skýr fyrirmæli um að í samningunum af hálfu Evrópusambandsins yrði að taka tillit til þeirrar sérstöðu. Þetta er fordómalaust. Okkur tókst ekki að finna nein fordæmi í þá veru í öðrum samskiptum Evrópusambandsins við aðrar þjóðir. Þetta hafði aldrei gerst áður.

Nær í tíma er svo að á líðandi vetri komu tvær mjög mikilvægar yfirlýsingar frá Evrópusambandinu. Annars vegar lýsti stækkunarstjórnin mjög jákvæðu viðhorfi, sem var breyting, gagnvart kröfum Íslands um bann við innflutningi á lifandi dýrum. Það var það sem hér hafði mest verið deilt um á Alþingi Íslendinga.

Hin var svo yfirlýsing viðskiptastjórans, Karel de Gucht. Hann gaf út opinbera yfirlýsingu eftir fund með mér núna síðla vetrar að það væri algerlega klárt að ef Ísland yrði aðili að Evrópusambandinu yrði forræði og eignarhald á orkuauðlindum öldungis með sama hætti og áður. Allt skiptir þetta mjög miklu máli.

Að síðustu vil ég nefna eitt sérstaklega og leiðrétt þar með eða mótmæla ákveðinni staðhæfingu hjá hv. þingmanni, sem sagði að þetta væri aðlögunarferli. Þá spyr ég hv. þingmann: Hvar hefur sú aðlögun átt sér stað? Mergur málsins er nefnilega þessi: Það sem okkur tókst sem engu ríki öðru hefur tekist í samningaviðræðunum við Evrópusambandið var að ná því fram að við þyrftum ekki að aðlaga okkur með því að breyta reglum, breyta lögum eða stofnunum fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Það væri einungis eftir að þjóðin hefði galdið sitt jáyrði í þjóðaratkvæðagreiðslu við aðild sem slíkar breytingar hæfust, þegar í gadda væri slegið að þjóðin hefði sagt já, þá átti að gera það frá þjóðaratkvæðagreiðsludeginum og fram að fullgildingardegi eða innan ákveðinna annarra tímafresta sem um semdist í einstökum málaflökum.

Það er röng staðhæfing, sem er náttúrlega margendurtekin af þeim sem eru andstæðir Evrópusambandinu, að hér hafi verið einhver sérstök aðlögun í gangi. Það er ekki. Það breytir ekki hinu að við erum nánast á hverjum einasta degi að aðlaga okkur að Evrópusambandinu en það er ekki vegna aðildarsamninganna. Það er vegna aðildar okkar að EES.

Hv. þingmaður á eftir að taka þátt í atkvæðagreiðslum hundruðum sinnum meðan hann situr á þingi, bara á þessu kjörtímabili sem er nýhafið, þar sem við munum með góðu eða illu samþykkja breytingar sem koma beint frá Brussel og við höfum engin áhrif á. Af því að hv. þingmaður er hluti af stjórnarliði mun hann ekki einu sinni geta leyft sér þann mun að sitja hjá.

Það að ganga í Evrópusambandið mundi að minnsta kosti gefa okkur vald til að hafa einhver áhrif, gefa okkur stöðu til að hafa einhver áhrif. Það höfum við ekki í dag.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrnm.

[19:07]

### Útbýting:

Stjórn fiskveiða o.fl., 4. mál, nál. atvinnuvn., þskj. 41.

Fundi slitið kl. 19:08.

## 14. FUNDUR

miðvikudaginn 26. júní,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Almennatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 25. mál, þskj. 40. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Slysatryggingar almennatrygginga, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
4. Lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegur stuðningur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Brynjar Níelsson, 5. þm. Reykv. n.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Jóhanna María Sigmundsdóttir, 7. þm. Norðvest.  
Karl Garðarsson, 8. þm. Reykv. s.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.  
Róbert Marshall, 6. þm. Reykv. s.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm. Suðurk.

Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.  
Valgerður Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðaust.

[15:02]

### Útbýting:

Neytendalán, 26. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 46.

### Lengd þingfundar.

[15:02]

### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en þingsköp kveða á um. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um þessa tillögu forseta? (**Gripið fram í:** Nei.) Svo er ekki og þá skoðast hún samþykkt.

### Afbrigði um dagskrármál.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BVG, BP, EdH, EKG, ELA, EyH, GuðbH, HE, HHG, JónG, KaJúl, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, RR, RBB, SÁA, SigrM, SilG, VigH, VilÁ, VilB, ÞorS, ÞórE, ÖS.

3 þm. (BirgJ, JÞÓ, ÓP) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁPÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BN, EIH, FSigurj, GStein, GBS, HBK, HarB, HHj, HöskP, IllG, JMS, KG, KJak, KBJ, KLM, LRM, REÁ, RM, SDG, SII, SIJ, SSV, UBK, VBj, ValG, WÞÞ) fjarstaddir.

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. löggjafarþing).

### Störf þingsins.

[15:04]

### Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Í gær birtust fréttir af tillögu nýrrar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna um skilmála og úthlutunarreglur nú á hausti til að mæta hagræðingarkröfu ríkisstjórnarinnar sem þessa dagana stefnir að því að draga verulega saman tekjur ríkissjóðs. Lánasjóður íslenskra námsmanna þarf væntanlega að mæta 1,5% niðurskurði á næsta fjárlagaári ef áætlanir ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga.

Nú hefur nýskipaður stjórnarformaður LÍN staðfest að gerð verði krafa um að námsárangur verði 75% í stað 60% og að stjórn LÍN, sem er okkur til upprifjunar öll skipuð sjálfstæðismönnum, hafi ákveðið breytingar á úthlutunarreglum á þeim grunni. Niðurskurður af þessu tagi kemur helst niður á þeim sem ekki eru í fullu námi, t.d. barnafólki og námsmönnum sem vinna meðfram skóla. Ef til stendur að ákveða breytingar á úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2013–2014 verður það að teljast afar skammur fyrirvari, nú þegar innan við tveir mánuðir eru þar til skólaárið hefst. Má segja að þá sé komið illilega aftan að námsmönnum. Í því samhengi er rétt að nefna að umboðsmaður Alþingis hefur þegar beint þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðherra og LÍN að tryggja námsmönnum fullnægjandi ráðrúm til að bregðast við breytingum á úthlutunarreglum.

Í frumvarpi Katrínar Jakobsdóttur, fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, um LÍN er brugðist við þessum athugasemdum umboðsmanns þar sem segir að úthlutunarreglur skuli lagðar fram til kynningar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert og staðfestar af ráðherra. Í athugasemdum segir að breytingar á úthlutunarreglum þurfi að kynna fyrir fram með skýrum og glöggum hætti og nægilegum fyrirvara þannig að þeir aðilar sem málið snertir hafi ráðrúm til að gera viðeigandi ráðstafanir og bregðast við breyttri framkvæmd.

Ástæða er til, að mínu mati, að hafa verulegar áhyggjur af þeim áformum sem virðast liggja í loftinu varðandi LÍN af hálfu ráðherrans. Vill ekki mennta- og menningarmálaráðherra viðhafa vandaða stjórnsýslu? Hvers eiga námsmenn að vanta, frekari niðurskurðartilfagna (Forseti hringir.) sem koma niður á námsframvindu?

[15:07]

### Edward H. Huijbens (Vg):

Virðulegi forseti. Mig langar að gera að umtalsefni greinaskrif undanfarna daga. Í grein hæstv. forsætisráðherra í gær í *Morgunblaðinu* gerir hann að umtalsefni loftárásir stjórnarandstöðunnar og talar um fyrsta mánuð í loftárás-um. (**Gripið fram í:** Fjölmíðla.) Og loftárás um fjölmíðla.

Í dag tekur ritstjóri *Morgunblaðsins* í leiðara upp orð hæstv. forsætisráðherra og leggur sérstaka áherslu á hlutverk RÚV í þessum loftárás-um. Það sem ég vil gera er að setja þetta í samhengi við tillögur hæstv. menntamálaráðherra um breytingar á skipan stjórnar RÚV. Mér finnst erfitt að lesa greinar hæstv. forsætisráðherra og ritstjóra *Morgunblaðsins* öðruvísi en sem nánast berar hótanir í garð fjölmíðla og þá ríkisfjölmíðilsins sérstaklega.

Það sem er í gangi að mínu viti núna er áhlaup á RÚV

úr mörgum áttum, áhlaup sem ég held að við ættum að hafa allverulegar áhyggjur af.

[15:08]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Nú fer að líða að lokum þessa mánaðar og samkvæmt einlægum vilja forseta þingsins og margra þingmanna viljum við endilega klára þetta þing fyrir mánaðamót, enda átti það ekki að verða eins og fyrsta sumarþingið sem ég tók þátt í fyrir fjórum árum þegar mikil átök voru um bæði aðild að Evrópusambandinu og Icesave. Það þing stóð lengi.

Nú eru mörg átakamál komin inn á þetta þing og einsýnt að það muni dragast nema þingið taki ákvörðun um að forgangsraða. Það erum við sem ráðum. Eigum við að bíða eftir því að foringjarnir eða formennirnir taki ákvörðun eða ætlu við að taka ákvörðun um það hvaða mál er brýnast að klára á þessu sumarþingi? Það kemur alltaf þing eftir þetta þing, ekki satt?

Mig langar því að skora á samþingmenn mína, sem margir hverjir vilja að þingið hafi meira vægi og meiri völd en sé ekki einungis einhvers konar stimpilstofnun fyrir framkvæmdarvaldið, að sýna í verki að við höfum þetta vald. Það þarf að skoða hvaða mál er hægt að klára og hvaða mál er ekki hægt að klára. Veidigjaldið er til dæmis vanbúið og þarf annaðhvort að fara fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu eða það þarf að finna einhverja lausn á því. Það hlýtur að vera eitt af forgangsmálunum að tryggja að veiðigjaldsmálið svokallaða fari í farsælan farveg.

Hagstofumálið svokallaða er einnig vanbúið og ætti að taka samstundis út af dagskrá þingsins.

[15:10]

#### **Björn Valur Gíslason (Vg):**

Virðulegur forseti. Allt frá þeim degi sem hægri stjórnin var kynnt til leiks upp úr miðjum maí hafa formenn flokkaanna tveggja lagt mjög ríka áherslu á fjármál ríkisins og efnahagsmál. Þeir hafa dregið upp afar dökka mynd af efnahagsmálunum hér á landi og þótt hafa miklar áhyggjur af þeim. Og það er rétt að hafa áhyggjur af fjármálum ríkisins eftir þær hremmingar sem við urðum fyrir fyrir ekki mörgum árum.

Því hefði mátt ætla að ríkisstjórnarflokkarnir kæmu inn með mál um ríkisfjármálin sem væri ætlað að bæta fjárhagsstöðu ríkisins og styrkja efnahagsáætlunina. Því er öðru nær. Öll mál sem hingað koma inn, hvert einasta mál, er til að auka á útgjöld ríkisins. Við getum nefnt veiðigjöldin, virðisaukaskattinn, mál sem verður rætt hér síðar í dag og fleiri auk þess sem formaður fjárlaganefndar lýsti hér yfir í gær að 12–13 milljarðar yrðu settir strax í rekstur (Gripið fram í.) Landspítala – háskólasjúkrahúss. Klár greining liggur fyrir um málið af hálfu Framsóknarflokksins, sagði hv. þm. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar.

Samanlagt auka þau mál sem hingað hafa komið af hálfu ríkisstjórnarinnar halla ríkissjóðs um 33–35 milljarða kr. Það er að meðaltali 1 milljarður á dag sem stjórnarflokkarnir eru að auka halla ríkissjóðs. Enn er ekki komin einasta tillaga um það hvernig á að mæta þeim halla,

ekki ein tillaga. Viðbrögð stjórnarflokkanna og formanna þeirra við þeim vanda sem blasir við í efnahagsmálum hafa ekki verið þau að bregðast við heldur að framleiða óvissu. „Að framleiða óvissu“ er yfirskrift ritstjórnargreinar *Fréttablaðsins* í dag sem fjallar nákvæmlega um þetta mál. Það er það sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að gera. 1 milljarður á dag í aukinn halla á ríkissjóð.

[15:12]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Það var gaman að hlusta á hv. þm. Björn Val Gíslason tjá sig um skoðanir og stefnu ríkisstjórnarinnar. Hér voru til umræðu í gær, undir dagskrárliðnum sérstök umræða, málefni Landspítalans þar sem bæði Vinstri grænir og Samfylkingin vilja ólm fara í að byggja nýjan landspítala fyrir upphæð á bilinu 70–80 milljarðar. Okkar tölur eru litlar í samanburði við það.

Hins vegar hef ég verið talsmaður þess síðan ég settist á Alþingi að hér fari fram vönduð lagasetning, virðulegi forseti, að hér verði vandað svo til verka við lagasetningu að ekki þurfi að koma til dómsmála eftir að Alþingi setur lög. Því miður hefur þetta farið alveg úr böndunum á nýliðnu kjörtímabili og hafa aldrei fleiri óvissumál verið leyst fyrir dómstólum.

Nú síðast gerðist það fyrir tveimur, þremur mánuðum að fyrirtækið Drómi ætlaði að sækja sér bætur til ríkisins vegna þess að hin svokölluðu Árna Páls-lög fóru í gegnum þingið sem voru brot gegn stjórnarskránni því að í þeim fólst afturvirkni á lagaákvæðum sem þar var að finna. Ég hef verið baráttumaður fyrir því að frumvörp sem koma fyrir þingið fái faglega umfjöllun og standist stjórnarskrá. Svo er nú komið í ljós að fjármálaráðuneytið hafnaði þessari beiðni um skaðabætur upp á 1.600 milljónir sem Drómi fór fram á og þá ætlar Drómi að sækja þetta fé til þeirra lán-takenda sem eiga lán hjá þessu fyrirtæki.

Þarna er skýrt dæmi um það að alþingismenn sem samþykktu löggin hafa bundið ríkið í skaðabótaskyldu vegna þess að löggin stóðust ekki stjórnarskrá. Þess vegna er Drómi að beina sínum kröfum í ranga átt. Að mínu mati er ríkið skaðabótaskyldt, miðað við lagatúlkun. Þess vegna er þetta mál allt saman mjög undarlegt.

[15:14]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Mig langar til að nefna það hér undir liðnum um störf þingsins hvað þær hafa glatt mitt litla hjarta þær fréttir sem berast af fundum okkar æðstu manna með kollegum sínum á meginlandi Evrópu. Hvar sem þeir drepa niður fæti er þeim tekið með kostum og kynjum og leggja forustumenn frændþjóða okkar á það ríka áherslu hversu mikið þeir meta samstarf þjóðanna. Það hefur ekki síst vakið athygli mína hversu einhuga þeir eru um að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið.

Mig langar til að vitna í nokkra þeirra hérna, með leyfi forseta:

„Ísland er sterkt lýðveldi og náskyldt Danmörku og því hefur það alltaf verið ósk Danmerkur að Ísland gangi í ESB,“ sagði Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, á fundi með (Gripið fram í.) hæstv. forsætis-

ráðherra Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni í vikunni.

Joachim Gauck, forseti Þýskalands, sagði í borðræðu sem hann flutti í tilefni opinbers hátíðarkvöldverðar til heiðurs forseta vorum og konu hans í gærkvöldi:

„Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu er enn ein athyglisverð niðurstaða kreppunnar. Þér vitið að Þýskaland hefur alveg frá upphafi stutt aðild Íslands að ESB af fullum þunga. Sambandsþingið undirstrikaði þetta með þingsályktun sinni. En auðvitað vitum við líka að Íslendingar eru klöfnir í afstöðu sinni til aðildar að ESB og að fram undan er að taka ákvörðun um framhald viðræðanna. Kvöldið í kvöld má ekki líða án þess að ég segi eftirfarandi við yður: Það væri okkur mikil ánægja að geta boðið Ísland velkomið sem hluta af Evrópusambandinu.“

Stefan Füle, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, sagði á fundi með hæstv. utanríkisráðherra á dögunum að ESB væri enn einhuga um að ljúka ferlinu. Afstaða sambandsins hafi verið ljós allan tímann og það hafi ekki aðeins viljann til þess heldur getuna til þess að ljúka þessu ferli.

Virðulegi forseti. Þessi ummæli áhrifamanna í Evrópusambandinu eru í algjörrri andstöðu við það sem hæstv. forseti vor sagði í ræðu sinni hér á þingsetningardaginn. Það væri fróðlegt að vita hvaða evrópsku áhrifamenn það voru sem sannfærðu hæstv. forseta vorn um að ESB hefði hvorki viljann né getuna til að ljúka þessu mikla hagsmunamáli fyrir framtíð Íslands.

[15:17]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Með þeim blaðamannafundi sem forsvarsmenn hægri stjórnarinnar héldu um ríkisfjármál fyrir hálfum mánuði gáfu þeir almenningi skilaboð um að ástandið í ríkisfjármálum væri það alvarlegt að þrengja þyrfti að almannaþjónustunni. Það voru þau skilaboð sem almenningur fékk og skapaði ákveðna óvissu hjá fólki.

Síðan koma aðgerðir hægri stjórnarinnar sem eru á þá leið að gefa útlendingum afslátt af neysluskatti og útgerðarmönnum afslátt af veiðigjaldi. Og þar með er skapað enn meira gat í ríkisfjármálum og almenningur óttast að nú þurfi að skera enn frekar niður í almannaþjónustunni vegna þess að áhersla hægri stjórnarinnar sé á útlendinga og útgerðarmenn en ekki heimilinn og fólkið í landinu.

Ég hef áhyggjur af því, virðulegi forseti, að nú séu menn bara komnir í gamla girinn (**VigH**: Já?) og agaleysi sé að grípa um sig í ríkisfjármálum. Ég leyfi mér að vitna í Ríkisendurskoðun sem segir í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga árið 2007:

„Á undanförmum tveimur áratugum hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á ýmsa misbrestir á framkvæmd fjárlaga, virðingarleysi fyrir bindandi fyrirmælum þeirra og almennt agaleysi í rekstri fjölmargra stofnana.“

Ríkisendurskoðun bendir síðan á í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga árið 2011 að svo virðist að agi í ríkisfjármálum hafi verið haldinn og horfi til betri vegar þar sem að á árunum 2003–2007 hafi fjárlögin farið fram úr um 6% en á árunum (Forseti hringir.) eftir hrun aðeins um innan við 2%.

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Í ljósi fréttar sem við fáum núna af því hvernig Drómi fer fram gegn lántakendum sínum langar mig að eiga hér stuttlega orðastað við formann efnahags- og viðskiptanefndar. Það sem er að gerast núna er að Drómi, eins og fram kom áðan, er að fara í lántakendur sína með afturvirkar kröfur um auknar greiðslur frá þeim.

Þann 8. mars sl. hafnaði fjármálaráðuneytið, sem ég sat þá í, bótakröfu Dróma og sá engan grundvöll til að verða við henni á þeim tíma. Þannig svaraði fjármálaráðuneytið 8. mars sl. Í staðinn fyrir að fara eðlilega leið og gera kröfur á ríkið í gegnum dómstóla kemur þessi aðili núna fram við lántakendur með svo ósvífnum hætti að ég tel að Alþingi verði að grípa þar inn í.

Þess vegna vil ég spyrja hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar hvort menn hafi einhverjar hugmyndir uppi á borðum um það hvernig hægt sé að grípa til varna fyrir þá lántakendur sem þessi aðili fer nú svona harkalega í, og hvernig við á þinginu getum staðið að því að verja þessa aðila.

Fráfarandi ríkisstjórn lagði mikið á sig til að verja lántakendur í landinu fyrir kröfuhöfum sem gengu hart fram. Menn hafa gengið ólíkt fram og þessi aðili með sérlega ósvífnum hætti. Mér þykir ansi hart að heyrja frá formanni fjárlaganefndar og býna alvarlegt ef hv. þm. Vigdís Hauksdóttir ætlar nú þegar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að lúta í gras, gefast upp og taka ábyrgðina á ríkið. (Gripið fram í.) Mér heyrðist hv. þingmaður vera að gera það hér áðan. Það er að mínu mati mjög alvarlegt mál ef formaður fjárlaganefndar gengur þannig fram í ræðustól þingsins (Forseti hringir.) á meðan ríkið stendur í slag við þennan aðila. Við eigum ekki að gefa neitt eftir (Forseti hringir.) og ég hvet hv. formann nefndarinnar að taka þetta mál upp.

[15:21]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Ég bið hv. þingmenn um að virða tímamörk umræðunnar.

[15:21]

**Frosti Sigurjónsson (F):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna og að vekja máls á þessu hrikalega máli sem ég hef bara verið að lesa um í blöðunum eins og aðrir landsmenn og er kannski ekki kominn nægilega vel inn í.

Ég hef haft spurnir af því og veit að hæstv. velferðarráðherra hyggst boða til fundar til að ræða þetta tiltekna mál með umboðsmanni skuldara, Fjármálaeftirlitinu og talsmanni neytenda. Það kemur vel til greina að efnahags- og viðskiptanefnd taki sérstakan fund um málið til að átta sig á því hvað, ef þá nokkuð, þingið getur gert í málinu.

[15:22]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Í gær fór fram umræða um framkvæmd fjárlaga. Þar hafði ég eftir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hann hefði greitt 33 milljarða vegna Íbúðalánasjóðs án heimilda. Það hafði ég eftir honum úr ræðu á mánudaginn þar sem hann sagði, með leyfi herra forseta:



„Þegar þarf að afskrifa á einu bretti 33 milljarða sem settir eru inn í Íbúðalánasjóð, auðvitað kemur það svona út í ríkisreikningnum. Það voru engar fjárheimildir fyrir því að Íbúðalánasjóður væri að fara á hausinn en það varð að bjarga honum. Og svo framvegis.“

Þetta sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en þetta er rangt því það er fjárheimild og var fjárheimild fyrir að greiða út Íbúðalánasjóð og bæði ég og hv. þingmaður höfð- um gleymt því.

En málið var ekki þetta. Málið var að á undanförunum þremur árum sem vitað er um, árin 2009, 2010 og 2011, fór ríkissjóður 101 milljarð umfram fjárheimildir, þ.e. ríkisreikningur var 101 milljarði hærri en fjárlög og fjárukalög. Það var þetta sem ég kom inn á og ég vitnaði til 41. gr. stjórnarskrárinna sem segir, með leyfi herra forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.“

Samt voru greiddir út 10 milljarðar 2009, 42,2 milljarðar 2010 og 48,7 milljarðar árið 2011 umfram fjárlög og fjárukalög samkvæmt ríkisreikningi. Við munum sjá hvernig þetta kemur út fyrir 2012. Það liggur ekki fyrir.

Hvað þýðir það að vera kominn með jafnan halla ríkissjóðs þegar menn fara svo bara ekkert eftir því? Hvað þýðir það? Í mínum huga þýðir það ekki neitt. Menn verða að sýna miklu meiri aga í framkvæmd fjárlaga og fara að fjárlögum og fjárukalögum. Ef þeir þurfa heimild eiga þeir að setja ný fjárukalög þá þegar.

[15:24]

### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra Katrín Júlíusdóttir kemur hér og ræðir Dróma. Við sátum hér saman á síðasta kjörtímabili. Þá fór hér upp næstum því vikulega hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og spurði æðimarga ráðherra um Dróma, framferði Dróma og hvað þáverandi ríkisstjórn hygðist gera til að koma í veg fyrir að fyrirtækið Drómi, þ.e. slitastjórnin sem gætti hagsmuna Frjálsa fjárfestingarbankans og Spron, gengi fram eins og hún gerði allt frá því hún var sett á laggirnar, allt síðasta kjörtímabili.

Hæstv. þáverandi forsætisráðherra lofaði í nóvember að koma með svör í desember. Sú ríkisstjórn fór frá í apríl, þá höfðu engin svör borist. Svo kemur hæstv. fyrrverandi fjármálaráðherra hér og skammast út í Dróma, sem er hárrétt að gera. Ráðherra sem var í forsvari í síðustu ríkisstjórn sem gerði akkúrat ekki neitt. (Gripið fram í: Það er rangt.) Ekki neitt [Frammiköll í sal.] í málefnum Dróma, svaraði ekki spurningum sem upp hana voru lagðar. Kemur svo hér með helgisleppuna uppmálaða (Gripið fram í.) og kallar eftir því að formaður efnahags- og viðskiptanefndar, nýr þingmaður, svari því hvernig hann og ríkisstjórnin hyggist bregðast við.

Forseti vor. Þetta er með ólíkindum.

[15:27]

### Sigríður Á. Andersen (S):

Virðulegi forseti. Erlendir gjaldmiðlar ætla lengi að verða tilefni þrætu í þessum sal og annars staðar í þjóðfélaginu. Nú berast fréttir af því að Drómi ætli að krefja

nokkra skuldara um skuld sem Drómi telur sig eiga. Hér hafa nokkrir tekið til máls um þetta atriði. Það er rétt að rifja upp forsöguna. Þessi krafa Dróma kemur til vegna lagasetningar á árinu 2010 (Gripið fram í.) sem kvað á um endurútreikning allra lána sem bundin voru erlendum gjaldmiðlum, ekki bara hin svokölluðu gengistryggðu lán, heldur öll lán sem bundin voru erlendum gjaldmiðlum. Síðar hefur svo verið skýrt af Hæstarétti að erlend lán voru ekki og eru ekki sem slík ólögsmæt. Þau eru ekki ólögsmæt og verða það ekki afturvirk.

Þar liggur vandi Dróma. Ég tel ekkert óeðlilegt í sjálfu sér að Drómi sem kröfuhafi, eigandi mögulega útstandandi skuld einhvers staðar, leiti réttar síns. Við skulum hafa í huga að þótt hér hafi orðið hrun þá hrundi ekki réttarkerfið eða réttvísinn. Höldum henni til haga. Hitt er annað mál hvaða leið Drómi eigi að fara eða ekki, á hvern hann sækir til að byrja með. Hann þarf að sanna tjón sitt og sýna það með einhverjum hætti áður en hann sækir það mögulega til þess sem ber ábyrgð á tjóninu.

Virðulegi forseti. Undir liðnum um störf þingsins tel ég af þessu tilefni rétt að ítreka að þegar menn ráðast í sértækar aðgerðir til þess að leiðrétta stöðu einstakra skuldara eða almennings í heild þá hafi menn jafnræði í huga, hafi grundvallarreglur réttarríkisins í heiðri svo að svona mál komi ekki upp og vindi ekki upp á sig ár eftir ár.

[15:29]

### Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegur forseti. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal áðan um fjárlagagerð og vandaða lagasetningu og að fylgja beri fjárlögum. Það er algjörlega hárrétt. Það hefði betur verið þannig meðan menn höfðu hér úr nógu að spila eða töldu sig hafa úr nógu fjármunum að spila, að þeir hefðu haldið fjárlög, en það gerðu þeir ekki. Síðustu þrjú árin fyrir hrun fóru menn 75 milljarða fram úr fjárlögum, ekki vegna þess að neyðin knúði þá til þess, ekki vegna utanaðkomandi aðgerða, ekki vegna þess að það varð hrun. Nei, menn bara gerðu það. 75 milljarða fram úr fjárlögum. Ég veit að hv. þingmaður þekkir þetta mjög vel.

Þannig á að setja lög, setja vönduð lög sem standast fjárlög. Það höfum við nálgast á undanförunum árum og erum nú að nálgast það sem gerist í öðrum löndum, þ.e. varðandi frávik sem alltaf verða í fjárlögum á undirliggjandi rekstri ríkisins.

Það sem hv. þingmaður er að bera saman, fjárlög annars vegar og ríkisreikning hins vegar, þá er hann m.a. að taka inn í þessi einkisþjálf — vonandi — eins og Íbúðalánasjóð, Seðlabankann, Sparisjóð Keflavíkur og fleiri sem lenda inni í vegna hrunsins, eru bein afleiðing hrunsins, en verða vonandi ekki árlegur viðburður, þ.e. verður ekki hluti af rekstri ríkisins. Það er ekki réttlætunlegur samburður heldur hvernig okkur tekst að reka ríkið miðað við þær tekjur sem við höfum.

Það sem ég benti á áðan var að þau frumvörp sem hafa komið inn í þingið á þessu sumarþingi frá ríkisstjórninni auka rekstrarhallann. Það er ekki gripið til aðgerða til að dekkja þann kostnað sem frumvörpin fela í sér, þ.e. með minni tekjum og auknum útgjöldum upp á nærri 35 milljarða á fyrstu dögum ríkisstjórnarinnar, 1 milljarð á dag. Við

hv. þm. Pétur Blöndal eigum sameiginlegt áhugamál, þ.e. ríkissjóð, og það ber að hafa áhyggjur af því þegar svona frumvörp koma inn.

[15:31]

### Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Ekki eru nema tveir mánuðir frá kosningum og Samfylkingin hefur þegar hafist handa við að endurskrifa söguna. Það var með ólíkindum að hlusta á hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, sem var starfandi fjármálaráðherra á síðasta kjörtímabili, tala um að ég sem formaður fjárlaganefndar líti í gras fyrir fjármálafyrirtæki sem starfar hér á landi. Ég var að benda á að þingmenn baka ríkinu skaðabótaábyrgð sé lagasetning ekki nógu vönduð og lög sett í þinginu sem fara gegn stjórnarskrá. Það var það sem gerðist með Árna Páls-lögin þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir um að þau lög, sem sett voru undir stjórn hv. þm. Árna Páls Árnasonar og Samfylkingarinnar, færu gegn stjórnarskrá. Samt voru þau keyrð í gegnum þingið. Á þeim lögum ber Samfylkingin fulla ábyrgð.

Það sem ég fór inn á í fyrri ræðu minni var einfaldlega þetta: Drómi er með skuld sem fyrirtækið telur að það eigi eftir að innheimta upp á 1.600 millj. Ég er að benda á að þetta er fyrirtæki sem þarf ekki að vernda vörumerki sitt vegna þess að það er í slitameðferð. Þess vegna getur fyrirtækið gengið svo hart fram en það telur sig líklega vera að starfa á jafnréttisgrundvelli miðað við önnur fjármálafyrirtæki.

Það sem ég benti á var þetta: Ég er þingmaður til að verja hagsmuni íslensku þjóðarinnar og þeirra þegna sem búa hér. Þess vegna benti ég á að það væri algerlega óásættanlegt að Drómi færi í mál við einstaklinga sem fyrirtækið telur sig eiga kröfu á. Nærtækast er fyrir fyrirtækið að fara í málsókn gegn ríkinu vegna þess að krafa fyrirtækisins á hendur einstaklingum gengur út á það að Árna Páls-lögin fóru gegn stjórnarskrá og líklega er ríkið skaðabótaskyld.

[15:33]

### Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla hvorki að hrópa á aðra þingmenn né taka við hrópum frá þeim. Ég kem hér upp til að ræða þessa alvarlegu stöðu. Við slógumst við þessa aðila allt síðasta kjörtímabil. Við gerðum það sem við gátum. Við reyndum að koma með lagasetningu til að verja ákveðna hópa. Núna er staðan þannig að menn eru í þremur mismunandi hópum með gengislán sín eftir því hvernig gengislánadómar féllu. Þetta er eitthvað sem við verðum að halda áfram að vinna með.

Menn hafa sótt sínar kröfur, sínar ýtrustu kröfur eins og þetta fyrirtæki Drómi allt síðasta kjörtímabil og augljóslega ætla þeir að halda því áfram, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Þess vegna kem ég hér upp og kalla eftir því að við þingmenn setjum með einhverjum hætti upp varnir fyrir þá aðila sem lenda enn og aftur í hremmingum vegna þessa fyrirtækis.

Ög hvað? Af því að ég sat í síðustu ríkisstjórn sem náði ekki að klára þetta mál? Það er rétt. (Gripið fram í.) En hún gerði það sem hún gat (Gripið fram í.) gegn ósvífnum fjármálaöflum. Þetta mál heldur áfram og verður sagan enda-

laus og við munum styðja þessa ríkisstjórn, nýja ríkisstjórn, í því að grípa til varna fyrir þá aðila verða fyrir barðinu á þessu fjármálafyrirtæki.

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega það sem við erum að ræða. (Gripið fram í.) Ég skil ekki hvers vegna hv. þingkonur Vigdís Hauksdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir þurfa að taka málinu svona. Bíddu, megum við þá bara ekkert hafa neina skoðun? Megum við ekki halda áfram að vinna eða hafa skoðun á þeim málum sem við unnum að allt síðasta kjörtímabil? Ég er að leggja til að við þingmenn og stjórnmalamenn (Forseti hringir.) sem störfum við þetta tókum til varnar fyrir þessa aðila. (Forseti hringir.) Ég vona að við getum öll staðið saman (Forseti hringir.) að því sama hvar í flokki við stöndum.

Umræðu lokið.

### Almannatryggingar og málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 25. mál (frítækjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir). — Þskj. 40.

[15:36]

### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Frá falli bankanna 2008 hafa langflestar breytingar sem gerðar hafa verið á lífeyrstryggingakerfi almannatrygginga miðað að því að ná fram sparnaði í útgjöldum ríkissjóðs. Flestar þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra leiddu til umtalsverðra skerðinga á kjörum aldraðra og öryrkja. Þessar breytingar, sem aðallega voru innleiddar með lögum í júlí 2009, fólust meðal annars í því að fjármagnstekjur voru látnar skerða að fullu greiðslur almannatrygginga í stað 50% skerðingar áður. Frítækjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna var lækkað umtalsvert. Lífeyrissjóðstekjur voru í fyrsta skipti teknar inn í útreikning við ákvörðun grunnlífeyris og skerðingarhlutfall tekjutrygginga var hækkað verulega.

Í stefnuyfirlýsingu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kemur fram að afturkalla skuli skerðingar á frítækjumörkum og er fyrsta skrefið að því markmiði núverandi ríkisstjórnar tekið í frumvarpi þessu. Reyndar er hér gengið enn lengra og er það gert í ljósi þess að aldraðir og öryrkjar hafa beðið allt of lengi eftir leiðréttingu á kjörum sínum. Þykir rétt að nú, fjórum árum eftir að breytingarnar dundu yfir þessa hópa, verði hafist handa við að draga þær til baka og er það reyndar löngu tímabært að mínu mati.

Þær breytingar sem kveðið er á um í frumvarpi þessu fela í sér hækkun frítækjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og afnám skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna. Hvað heimilismenn á dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum varðar eru lagðar til sömu breytingar og hjá lífeyrisþegum að því er snertir hækkun frítækjumarks á atvinnutekjur. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á

gildandi ákvæðum um réttindi borgaranna og skyldur þeirra í samskiptum við stjórnvöld og þá eru eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar auknar í því skyni að tryggja réttar greiðslur og koma í veg fyrir bótavisk.

Virðulegi forseti. Ég mun nú skýra nánar efnislega frá þeim breytingum sem felast í frumvarpinu en eins og ég sagði áðan þá miða þær fyrst og fremst að því að bæta á ný kjör aldraðra og öryrkja á Íslandi. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að við útreikning á fjárhæð tekjutryggingar verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækkað úr 480 þús. kr. á ári í 1.315.200 kr. á ári. Það samsvarar hækkun frítekjumarksins úr 40 þús. kr. á mánuði í tæpar 110 þús. kr. á mánuði. Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega tóku gildi 1. janúar 2007 og nam þá 300 þús. kr. á ári eða 25 þús. kr. á mánuði. Hinn 1. júlí sama ár var sú breyting gerð að atvinnutekjur ellilífeyrisþega 70 ára og eldri höfðu engin áhrif á útreikning tekjutengdra bóta almannatrygginga og frítekjumark ellilífeyrisþega á aldursbilinu 67–69 ára var hækkað í 1,2 millj. kr. á ári.

Hinn 1. janúar 2009 var það frítekjumark einnig látið gilda um atvinnutekjur ellilífeyrisþega 70 ára og eldri og frá sama tíma var það hækkað um 9,6% samhliða hækkun fjárhæða almannatrygginga og var sú upphæð sem ég nefndi áðan, 1.315.200 kr. á ári. Frítekjumarkíð var síðan lækkað í 480 þús. kr. á ári þann 1. júlí 2009 og hefur haldist óbreytt síðan þá. Í frumvarpi þessu er því lagt til að síðastnefnda breytingin verði afturkölluð og frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækki á ný og verði 1.315.200 kr. á ári frá 1. júlí næstkomandi. Þannig yrði það samkvæmt frumvarpinu, en við verðum að sjá til hvernig gengur síðan að afgreiða málið á Alþingi. Ég vona að það gangi hratt og vel. Er það sama frítekjumark og gildir gagnvart atvinnutekjum örorkulífeyrisþega.

Er tilgangurinn með þessu fyrst og fremst sá að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara en ég tel mikilvægt að fólki sé gert kleift að stunda vinnu sem lengst til að auka lífsgæði þess og virkja krafta eldri borgara sem hluta af vinnumarkaðnum. Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum hafi ekki lengur áhrif á greiðslu elli- og örorkulífeyris, það er svokallaður grunnlífeyrir.

Allt þar til í júlí 2009 gildi sú regla að lífeyristekjur höfðu engin áhrif á útreikning grunnlífeyris almannatrygginga. Sú breyting var aftur á móti gerð þá að í fyrsta skipti töldust lífeyrissjóðstekjur til tekna við útreikning elli- og örorkulífeyris en áður höfðu aðeins atvinnu- og fjármagnstekjur haft áhrif til lækkunar við útreikning þeirra bótaflokkna. Það hafði að mínu mati afar neikvæð áhrif á almannatryggingakerfi okkar Íslendinga og varð þess valdandi að greiðslur til 5.750 elli- og örorkulífeyrisþega lækkuðu eða féllu jafnvel alveg niður.

Ég vil í því sambandi nefna að ég tel afar brýnt að einstaklingar sem verði hafa á vinnumarkaði geti tryggt sér betri lífeyrisséttindi með greiðslu í lífeyrissjóð en þeir sem verði hafa utan vinnumarkaðar. Það styrkir undirstöðu lífeyrissjóðakerfisins að fólk sjái ávinning af því að greiða í lífeyrissjóði og stuðlar að betra samspili þess við almannatryggingakerfið. Það mun enn fremur geta leitt til þess að

lífeyrisþegar hefji í auknum mæli töku lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem er jákvætt þar sem auknar greiðslur úr lífeyrissjóðum leiða yfirleitt til hærri lífeyris til einstaklinga og draga þannig á sama tíma úr útgjöldum til almannatrygginga.

Það er mikilvægt að sú breyting sem gerð var um mitt ár 2009 og fól í sér hækkun á því hlutfalli tekna sem hafði áhrif til skerðingar tekjutryggingar til elli- og örorkulífeyrisþega verði afturkölluð. Það hlutfall var hækkað úr 38,35% í 45% frá 1. júlí 2009 en hafði áður farið lækkað. Þannig fór það úr 45% í 39,95% árið 2007 og var síðan aftur lækkað í 38,35% árið 2008.

Í almannatryggingalögum er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði þetta renni út um næstu áramót og verði aftur 38,35%. Mun ég leggja áherslu á að ekki verði hróflað við því. Er það ekki síst í því ljósi að langflestir lífeyrisþegar, eða yfir 90%, fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Því mun gríðarlegur fjöldi fólks njóta góðs af þeirri breytingu í formi hærri bóta en áður. Því til viðbótar mun skerðingarhlutfall heimilisuppbótar lækka en það er leitt af lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það mun gera það að verkum að bætur til þeirra lífeyrisþega sem búa einir hækka hlutfallslega meira.

Fjárlagaskrifstofan hefur þegar kostnaðarmetið þau áhrif en heildaráhrif væntanlegra breytinga eru því um 4,6 milljarðar króna á ársgrundvelli þegar tekið er tillit til þeirra tilagna sem fram koma í frumvarpinu og auk þess varðandi skerðingarhlutfall tekjutryggingarinnar.

Virðulegi forseti. Ég tel engan vafa leika á því að verði þetta frumvarp að lögum muni það leiða til mjög bættra kjara eldri borgara og öryrkja. Við mat á áhrifum frumvarpsins kom það til dæmis í ljós að bætur munu hækka hjá yfir 7 þúsund manns og þar af munu um 2.500 lífeyrisþegar, sem misstu bætur í kjölfar sparnaðaraðgerða síðustu ríkisstjórnar, öðlast rétt til bóta á ný. Þá munu enn aðrir, tæplega 5 þúsund manna hópur, sem vegna tekna sinna hefur ekki talið sig eiga neinn rétt til bóta frá árinu 2009 vegna þeirra breytinga sem þá voru gerðar, nú geta sótt um bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins.

En það eru ekki eingöngu efnislegar breytingar sem felast í frumvarpinu heldur eru enn fremur lagðar til breytingar sem varða samskipti Tryggingastofnunar ríkisins við borgarana. Áhrifin af því felast fyrst og fremst í auknu réttaröryggi borgaranna, til að mynda að þeir fari ekki á mis við réttindi sem þeir kunna að eiga tilkall til. Það er mikilvægt að kveða skýrt á um réttindi borgaranna og skyldur þeirra í samskiptum við stjórnvöld í lögum, meðal annars hvað varðar leiðbeiningar og rannsóknarskyldu, upplýsingaskyldu um meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu. Er það einnig í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga að stjórnvöld veiti nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar. Þá eru ákvæði um skyldur umsækjenda, bótaþega og þeirra sem kunna að búa yfir upplýsingum sem varða ákvarðanir um bótarétt eða fjárhæðir bóta til að láta þær stofnuninni í té.

Í því efni er mikilvægt að hafa hugfast að Tryggingastofnun fer með mjög viðkvæmar upplýsingar og því mikilvægt að starfsfólk sé vel upplýst um þagnarskyldu sína og

þá ábyrgð sem því fylgir að skýra frá upplýsingum sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Gildir hið sama um stjórn stofnunarinnar og þá sem sinna verkefnum fyrir hana. Er það sérstaklega tekið fram í frumvarpinu að við meðferð persónuupplýsinga sem aflað er skuli Tryggingastofnun gæta þess að uppfyllt séu skilyrði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í frumvarpinu er einnig skert nokkuð á eftirlitsskyldu og eftirlitshéimildum Tryggingastofnunar í því skyni að stuðla að réttum bótagreiðslum, koma í veg fyrir ofgreiðslur og vangreiðslur og fyrirbyggja bótasvik. Sú krafa á hávær að farið sé með fjármagn hins opinbera í samræmi við lög og reglur og til að svo megi verða er mikilvægt að opinberar stofnanir, þar á meðal Tryggingastofnun, hafi nægilegar heimildir til upplýsingaöflunar. Hefur Ríkisendurskoðun meðal annars fjallað um nauðsyn þessa í nýlegri skýrslu sinni um eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með bótagreiðslum og bent á að aðrar þjóðir, til dæmis á Norðurlöndunum, hafa ítarlegri ákvæði og heimildir hvað varðar aðhald og eftirlit. eru slíkar heimildir enda taldar til þess fallnar að auka tiltrú almennings á almannatryggingakerfinu og fela í sér betri nýtingu á almannafé.

Endurskoðun almannatryggingakerfisins verður haldið áfram og við erum hvergi nærri hætt. Mikil vinna hefur verið lögð í þennan mikilvæga málaflokk í velferðarráðuneytinu og fyrir liggja tillögur nefndar sem unnið hefur um langt skeið að endurskoðun almannatryggingalaga. Við þurfum að halda áfram að reyna að finna leiðir til að bæta núgildandi kerfi en jafnframt að endurmeta fyrirbyggjandi áform um breytingar á almannatryggingum. Þegar um svo mikilvægan málaflokk er að ræða er mikilvægt að flýta sér hægt og vanda fremur til verka. Ég tel afar brýnt að virkja vinnugetu aldrads fólks og tryggja því sveigjanleika í starfslokum og lífeyristöku. Stilla þarf betur saman réttindi lífeyrisþega til greiðslna úr lífeyrissjóði annars vegar og almannatryggingakerfinu hins vegar og skapa þannig meiri sátt um samspil þessara tveggja meginstoða lífeyriskaftans á Íslandi.

Á sama tíma þarf að vinna hörðum höndum að því að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats sem við búum við í dag og leggja áherslu á að horfa til getu þeirra sem hafa skerta starfs hæfni í stað vangetu þeirra til að vinna. Ég vil stórauka endurhæfingarmöguleika þeirra sem ekki geta tekid fullan þátt á vinnumarkaði og stuðla þannig að meiri atvinnuþátttöku þeirra sem hafa möguleika á því að vinna. Samhliða því er nauðsynlegt að stokka upp núgildandi bótaskerfi fyrir öryrkja, einfalda það og skapa hvata til að ná því markmiði að fólk með skerta starfsgetu hafi möguleika á að vinna og uppskeri laun í samræmi við það.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til umfjöllunar hv. velferðarnefndar.

[15:48]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég óska hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra til hamingju með þetta frumvarp. Það er gott að fá það fram núna, þó að tíminn verði stuttur til að afgreiða það munum við gera allt sem hægt er til þess að vinna að framgangi málsins með hæstv. ráðherra.

Það eru nokkur atriði sem mig langar til að tæpa á í andsvari. Í fyrsta lagi verðum við að skoða þetta mál út frá kosningalofordum sem gefin voru og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um hvað átti að leiðrétta strax. Í öðru lagi út frá því hvað eru skynsamlegar leiðréttingar út frá langtíma-sjónumiðum, þeim hugmyndum sem hafa verið uppi og þeirri miklu vinnu sem hefur verið unnin að breytingum á almannatryggingalögum. Í þriðja lagi út frá því hvar brýnasta þörfin er nú til leiðréttingar.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra um mikilvæg markmið um að auka virkni eldri borgara og reyna að auka atvinnuþátttöku öryrkja og bæta kjör og eins líka um mikilvægi samspils lífeyrissjóða og almannatrygginga sem og þann þátt sem er tekinn upp úr frumvarpinu um almannatryggingar um eftirlit þar sem heill kaflinn er bókstaflega færður inn í þetta frumvarp, 89.–99. gr. Ég fagna því enda er það hið besta mál.

Hér eru aðeins leiðréttar tvær af þremur skerðingum frá 2009, þ.e. hér er því frestað til áramóta að breyta úr 45% í 38,35%, sem er í samræmi við þau lög sem eru í gildi. Þar af leiðandi er það engin breyting frá því sem þar er og ekki verið að kalla neitt til baka. Ég spyr um það.

Í öðru lagi langar mig að spyrja ráðherra um samspielið milli þessa frumvarps og hugmynda um almannatryggingar, um það að ná meiri sátt og reyna að ná betri tókum á þeim þáttum.

Í þriðja lagi spyr ég: Er það rétt skilið hjá mér að 7 þús. lífeyrisþegar, þar af 2.500 nýir og 4.500 af þeim sem eru á bótum í dag, fái hækkanir, þ.e. um það bil 11% af lífeyrisþegum? Aðrir munu ekki fá neitt. Þeir sem eru með lægstar bætur, (Forseti hringir.) eru bara á nöktum bótum og eru undir 250 þús. kr. tekjum munu ekki fá neinar bætur, er það líka (Forseti hringir.) rétt skilið hjá mér?

[15:50]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að athuga hvað ég kemst yfir mikið í andsvarinu. Í stjórnarsáttmálanum er talað um leiðréttingu á frítekjumörkunum. Hér er hins vegar gengið lengra, teknar eru til baka þær skerðingar sem var farið í á grunnlífeyrinum og lífeyrissjóðstekjunum.

Þegar ég fór að vinna að því að standa við kosningaloford stjórnarflokkanna og stjórnarsáttmálann var eitt af því sem við uppgötvuðum við yfirferð yfir fjárlagagerð og langtímaáætlun ríkissjóðs að ekki virtist hafa verið gert ráð fyrir því í langtímaáætlun ríkissjóðs. Í kostnaðarmatunni kemur fram, með leyfi forseta:

„Í forsendum ríkisfjármálaáætlunar sem stjórnvöld hafa fylgt undanfarin ár í samstarfsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur verið gengið út frá því að þessi tekjutenging“ — og þá er átt við skerðingarhlutfallið — „yrði framlengd eða gerð varanleg eða að gerðar væru jafngildar ráðstafanir ...“

Þegar langtímaáætlun í ríkisfjármálum var lögð fram og talað fyrir henni virðist fyrrverandi ríkisstjórn, sem hv. þm. Guðbjartur Hannesson sat í, einfaldlega hafa gert ráð fyrir því að þessar skerðingar yrðu til frambúðar. Þetta var eitt af því sem velferðarráðuneytið þurfti að fara mjög vel í

gegnum, þ.e. hvernig væri best að nálgast þetta. Niðurstaða okkar varð að leggja til að forgangsraða svona. Við byggjum það á þeim upplýsingum sem voru teknar saman og meðal annars kynntar á ársfundi Tryggingastofnunar um það hvernig ráðstöfunartekjur lífeyrisþega hefðu þróast á þeim árum frá því að farið var í skerðingarnar. Þar kom fram umtalsverður munur á þeim kaupmáttarskerðingum sem höfðu orðið á þeim hópum sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun.

Niðurstaða okkar varð að best væri (Forseti hringir.) að hefjast handa við þetta, eins og ég lagði hér áherslu á, og mikilvægt væri að (Forseti hringir.) þetta væri fyrsta skrefið. Við munum halda áfram að vinna í afnámi á skerðingum fyrri ríkisstjórnar.

[15:53]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég læt kjósendum eftir að dæma hvort það sem lofað var í kosningunum sé uppfyllt með þessum lögum og það sem átti að gera strax. Nú er vitnað í stjórnarsáttmálan en þar var líka talað um frítekjumark vegna fjármagnstekna og því er ekki sinnt í þessu frumvarpi.

Mig langar aðeins að fylgja frekar eftir þessum vangaeltum mínum sem eru athyglisverðar. Ég þekki það að kostnaðarmat getur verið býsna erfitt, við fáum ekki alltaf kostnaðarmat sem okkur líkar, ráðherrunum, og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála því sem kemur fram í kostnaðarmatinu, bæði varðandi 250 þús. kr. og sem sagt að samkvæmt þessu frumvarpi hækki tekjur fyrst og fremst hjá þeim sem eru fyrir með hærri tekjur. Í öðru lagi koma konur mun verr út úr þessari hækkingu en karlar. Konur eru 58% ellilífeyrisþega og 62% örorkulífeyrisþega, en karlar eru í meiri hluta þeirra sem fá hækkanir.

Er þetta rétt eða telur hæstv. ráðherra fjármálaráðuneytið fara með rangt mál?

[15:54]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þegar verið var að undirbúa kostnaðarmatið öflðu bæði velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið sér upplýsinga sem snúa að kyngreiningu. Þar sem hér er fyrst og fremst verið að fjalla um að taka til baka þær skerðingar sem var farið í snýr þetta náttúrliga að þeim hópum sem urðu þá fyrir þessum skerðingum.

Ég vísa í pistil sem stjórnarformaður Tryggingastofnunar, Stefán Ólafsson, skrifaði í tengslum við þennan ársfund sem ég nefndi. Þar kemur fram að frá 2008 til 2013 hafi verið mikill munur á því hverjir urðu virkilega fyrir þessum skerðingum. Okkar loforð sneri að því að snúa við þessu ferli, þessum skerðingum, og í raun og veru má segja að að einhverju leyti ættum við að vera samherjar í þessu máli, við hv. þm. Guðbjartur Hannesson, því að það sem hér er verið að gera byggist að einhverju leyti á þeim umbótum sem voru gerðar á almannatryggingakerfinu árið (Forseti hringir.) 2008 sem miðuðu einmitt að því að auka hvata til atvinnuþátttöku og (Forseti hringir.) sparnaðar.

[15:55]

#### **Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. ráðherra til hamingju með að taka við svo góðu búi að hennar fyrsta verk getur verið að koma hér í þingsal og mæla fyrir aukningu í framlögum til lífeyrisþega og almannatryggingakerfisins. Það var ekki það hlutskipti sem beið mín í félagsmálaráðuneytinu vorið 2009 og það er mjög gaman að sjá að aðstæður í ríkisbúskapnum og ástand ríkisfjármála er með þeim hætti eftir stjórnartíð okkar að hægt er að grípa til aðgerða sem þessara.

Ég vil hins vegar nefna að auðvitað stingur í augu hversu ójafnan hlut fólk fær. Bara til að draga saman nokkrar lykiltölur eru áhrif þessa frumvarps hjá lífeyrisþegum undir 250 þús. kr. á mánuði nokkurn veginn engin, lítil sem engin. Hjá lífeyrisþegum á bilinu 300–400 þús. kr. í tekjur er ávinningurinn á bilinu 16–22 þús. kr. og hjá lífeyrisþegum með lífeyristekjur yfir 400 þús. kr. er ávinningurinn 34 þús. kr.

Það stingur því í augu þegar líka er haft í huga að þeir sem njóta hér eru frekar karlar en konur hversu mikill hallinn er þegar horft er niður á við. Ég óska þeim lífeyrisþegum sem fá hækkingu vegna þessara breytinga sannarlega til hamingju en áhyggjuefnið er að ríkisstjórnin telji ekki ástæðu til að grípa til neinna aðgerða gagnvart lakast stöðum lífeyrisþegum. Hvernig má það vera?

[15:57]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Stefna þessara stjórnvalda hefur verið að afturkalla þær skerðingar sem fyrri ríkisstjórn fór í. Það sem er markmiðið með þessu frumvarpi er að hefja það ferli og þetta er fyrsta skrefið í átt að því.

Eins og kemur fram í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofunnar, sem ég er, kannski ólíkt fyrrverandi velferðarráðherra, ekkert allsendis ósátt við, er einmitt talað um þar að þegar bráðabirgðaákvæði fellur úr gildi muni bæstast við rúmir þrjú milljarðar sem allt að því 70% lífeyrisþega munu njóta góðs af.

Það sem hins vegar stakk mig eilítið þegar verið var að fara yfir fjárlagagerðina hjá fyrri ríkisstjórn var að það virtist alls ekki hafa verið gert ráð fyrir því að þessi bráðabirgðaákvæði ættu að falla úr gildi heldur virtust það vera áform fyrri ríkisstjórnar að framlengja þessar skerðingar.

Það sem þetta frumvarp gengur út á er að hefja þetta ferli, afnema skerðingar, bæta kjör lífeyrisþega og þetta er fyrsta skrefið í átt að því. Ástæðan fyrir því að ég treysti mér til þess að koma hér inn á sumarþingið með þetta mál er að ég hef það mikla trú á efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar, ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að ég treysti mér til þess að mæla fyrir frumvarpi sem mun kosta 850 milljónir á þessu ári og, eins og fjárlagaskrifstofan talaði um, 4,6 milljarða á næsta ári.

[15:59]

#### **Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er góðra gjalda vert af hæstv. ráðherra að koma fram með frumvarp sem hefur að markmiði

að draga skerðingar til baka. En ráðherra með framtíðarsýn getur ekki bundið sig við að horfa bara á verk fyrri ríkisstjórnar, hann hlýtur að horfa fram á við. stefnumörkun sú sem unnið hefur verið eftir í almennatryggingamálum á undanföllum árum hefur miðað að því að breyta almennatryggingakerfinu. Þar af leiðandi hefur ekki verið horft til þess fyrst og fremst að reyna að komast aftur til þess stórgallaða kerfis sem við hjuggum við 2009 heldur frekar að nýta vaxandi fjármuni til þess að ná árangri í að byggja upp betra almennatryggingakerfi.

Einn liður í því hefur verið hugmyndin um að koma á nýju almennatryggingakerfi en breytingarnar sem hér eru lagðar til falla ekki í sömu átt og þær tillögur. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra: Felst í þessu ákvörðun hennar um að vinna ekki eftir þeirri niðurstöðu sem búið er að ná þverpólískri sátt um og sátt við aðila vinnumarkaðarins um nýtt almennatryggingakerfi?

[16:00]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvor):**

Virðulegi forseti. Ég tilgreindi sérstaklega í ræðu minni mikilvægi þess að við vöndum til verka þegar kemur að heildarendurskoðun á almennatryggingakerfinu. Ráðuneytið er að fara í gegnum þær athugasemdir sem komu fram við það frumvarp sem fyrirverandi velferðaráðherra flutti. Þær voru mjög umfangsmiklar og sneru þá líka að því að skoða þyrfti betur þá þætti sem ég nefndi í lokaorðum í framsöguræðu minni, sjónarmið sem snúa þá að öryrkjum sérstaklega.

Ég vil hins vegar taka fram að ég tel mjög mikilvægt að við vinnum áfram að heildarendurskoðun á almennatryggingakerfinu. Þetta er það stórt kerfi, það skiptir okkur það miklu máli að mjög mikilvægt er að við vöndum til verka og reynum að ná sem mestri pólitískri sátt um þetta stóra verkefni.

[16:01]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvor):**

Forseti. Mig langar að byrja á að óska hæstv. ráðherra til hamingju með að geta efnt kosningaloforð. Ég er mjög ánægð með að ráðist verði í að fara í þessar leiðréttingar eða lagfæringar eða sem sagt að fara til baka til 2009 og leiðrétta þessar skerðingar.

Fram hefur komið töluverð gagnrýni á þetta frá Öryrkjabandalaginu og mig langaði í tengslum við það að spyrja ráðherrann hvort reynt verði að koma til móts við þá gagnrýni. Þessu hefur jafnframt verið hrósað, þannig að því sé haldið til haga, af Félagi eldri borgara. Ég veit að ráðherrann, alla vega út frá því samstarfi sem ég hef átt við hana í gegnum tíðina, er sanngjarn þingmaður og verður það örugglega líka sem ráðherra.

Mig langaði líka, út af því að talað er um að þetta séu fyrstu skref, aðeins að heyra hver næstu skrefin verða á skýran hátt.

Mig langaði síðan að spyrja hvort til standi að afnema tekjutengingar við maka hjá þessum samfélagshópum og hvort einhvers konar forgangur sé í þessum lögum gagnvart þeim sem búa við hve bágust kjör. Og jafnframt — eða ég

kem að því í næsta lið því að ég er búinn með tímann, í næstu spurningu.

[16:03]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvor):**

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að hagsmunasamtök hafa ákveðið hlutverk og það er að standa vörð um hagsmuni félaga sinna. Stærstu hóparnir sem þiggja greiðslur frá Tryggingastofnun, öryrkjar og eldri borgarar, eru með afburðahagsmunasamtök sem standa sig virkilega vel í sinni gæslu. Ég lít svo á að báðar athugasemdirnar sem hafa komið fram séu hvatning til að halda áfram við að afnema þessar skerðingar, að bæta kjör þessara hópa. Þetta er fyrsta skrefið og það hefur komið mjög skýrt fram.

Við ætlum okkur að halda áfram. Það kom fram í ræðu minni, og kemur líka fram í greinargerð með frumvarpinu sjálfu, að við séum að fara yfir aðrar skerðingar, sem var farið í 2009, og skerðingarhlutfallið varðandi tekjutrygginguna er sérstaklega nefnt í kostnaðarmatinu.

Síðan er líka þetta stóra verkefni um það hvernig við breytum almennatryggingakerfinu í heild sinni og kannski má segja að aðrir þættir snúist almennt um alla þegna þessa samfélags, sem eru skattgreiðendur, því að þessi hópur er það svo sannarlega. Þegar kemur að kjarasamningum og viðræðum við aðila vinnumarkaðarins er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa hagsmuni þessa hóps líka í huga, þegar niðurstaðan liggur fyrir í því.

[16:05]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvor):**

Forseti. Ég þakka kærlega fyrir svörin. Ég hef eins og allir aðrir þingmenn fengið að heyra margar sögur af skelfilegu ástandi hjá þessum samfélagshópum, sem ég hef áhyggjur af. Ef ekki verður farið mjög fljótlega í heildarendurskoðun á þessu kerfi okkar hef ég áhyggjur af því að þeir komi til með að halda áfram að þurfa að standa í biðröðum eftir matarúthlutun o.s.frv. Það verður náttúrulega gagnrýnt að þetta muni verða til þess að skattar verði hækkaðir á aðra borgara og jafnframt er ljóst að margir geta hreinlega ekki beðið lengi eftir því að farið verði í eitthvað annað en að lagfæra skerðingar út af því að allt hefur hækkað svo rosalega mikið á síðustu árum.

Mig langaði því aðeins að heyra hvort ráðherrann hafi einhvern tímaramma um hvenær eigi að ráðast í þessa heildarendurskoðun alla.

[16:06]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvor):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að fá að þakka þau góðu orð í minn garð sem hv. þingmaður fór með í fyrra andsvari. Ég ætla líka að nefna að farið var í heilmiklar jákvæðar breytingar 2008 af þáverandi ríkisstjórn og var meðal annars dregið úr tekjutengingum varðandi maka.

Það sem ég verð líka að segja er að þótt það vilji oft vera þannig að við gagnrýnum meira fyrirverandi stjórnvöld en við hrósum þeim mega þau aldeilis eiga það að þau

reyndu eins og þau gátu, og við studdum það, að standa vörð um þá sem höfðu allra minnst á milli handanna. Þetta hins vegar sýndi sig í því að það varð veruleg kaupmáttarskerðing, sérstaklega hjá eldri borgurum, umtalsverð kaupmáttarskerðing meðan það náðist að standa vörð um kjör öryrkja.

Þetta er fyrsta skrefið. Við ætlum okkur að gæta að báðum þessum hópum og ég vonast eftir góðu samstarfi við alla þingmenn í öllum flokkum hér á þingi hvað það varðar.

[16:08]

### **Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi sem er komið fram hér en vil gera nokkrar athugasemdir við það. Í fyrsta lagi vekur athygli, eins og ég nefndi í andsvari áðan við hæstv. ráðherra, að hér er sett í forgang að draga til baka afmarkaðan þátt þeirra breytinga sem gripið var til á árinu 2009 til að takast á við alvarlegan vanda í ríkisrekstri, en í því eru ekki aðgerðir sem nýtast þorra lífeyrisþega. Í frumvarpinu er einungis um að ræða breytingar til bóta fyrir um 11% lífeyrisþega. Það er því ekki hægt að líta svo á að hér sé að finna efnidir á kosningaloforðum stjórnarflokka, síst af öllu Framsóknarflokksins. Satt að segja er að teiknast upp í stjórnmalunum á þessu sumri mynd af tiltekinni aðferðafræði sem stjórnarflokkarnir, og þá einkum Framsóknarflokkurinn, beittu í aðdraganda kosninga. Menn lofuðu miklu á öllum sviðum og efnidarnar eru litlar og þeim vísað inn í framtíðina.

Hæstv. núverandi félagsmálaráðherra lofaði fyrir kosningar og hefur tjáð sig um það, líka eftir að hún tók við embætti, að dregnar yrðu til baka allar skerðingarnar frá árinu 2009. Um er að ræða frumvarp sem felur í sér mjög lítinn þátt þess og satt að segja er það þannig að það kemur líka fram í framsöguræðu hæstv. ráðherra að ekki stendur til að breyta neinu frá því sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið og leitt í lög um skerðingarhlutfall, hið almenna skerðingarhlutfall og tímabundna hækkun þess úr 38,35% í 45. Með öðrum orðum, þrátt fyrir loforð Framsóknarflokksins um að draga strax til baka skerðingar frá árinu 2009 stendur ekki til að breyta neinu að þessu leyti frá því sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið, engu. Það eru engar efnidir hér.

Síðan eru höfð nokkuð óljós orð um reyndar mjög mikilvæga breytingu sem væri að vinda ofan af þeim miklu skerðingum sem nú eru á lífeyri vegna fjármagnstekna. Það sem við blasir er eiginlega alger brotrending úr loforðaflugi stjórnarflokka í aðdraganda kosninga þar sem menn finna litlu stað í frumvarpi. Hér teiknar sig upp sama myndin og í skuldamálm heimilanna, menn lofa miklu og koma svo með afskaplega lítið útfærðar tillögur á mjög afmörkuðum sviðum og vísa öðru til framtíðarinnar.

Það vekur líka athygli að ekki virðist vera horft til þess að byggja á þeirri vinnu sem hefur verið unnin í þverpólítísku samstarfi og með aðkomu aðila vinnuamarkaðarinnar um nýtt almennatryggingakerfi. Hæstv. ráðherra sagði áðan að mikilvægt væri að vanda til þeirrar vinnu en tillögurnar sem hér er að finna núna um endurupptöku grunnlífeyris til allra eru auðvitað ekki í samræmi við þær tillögur sem þaðan komu.

Það er auðvitað þannig að sitt sýnist hverjum um skyn-

semi þess að greiða grunnlífeyri óháð lífeyristekjum. Sú stefnumörkun sem byggd var á á árunum 2008–2009 og svo áfram í félagsmálaráðuneytinu í málefnum almennatrygginga og hafði verið unnin aðallega af prófessor Stefáni Ólafssyni, fól í sér að grunnlífeyrir sem slíkur yrði lagður niður og að lífeyrisþegar færu á tilteknu tekjubili út úr hinu opinbera kerfi, það yrði hætt að greiða almenna fjárhæð, sem þá var rétt tæpar 30 þús. kr. og stendur nú í 34 þús. kr., sem væri grunnlífeyrir til allra óháð tekjum. Hugsunin þar að baki var sú að það væri kannski ekki endilega rökrétt á þeim tímum þar sem við erum í vaxandi mæli að veita fólki þjónustu í samræmi við þörf að greiða fólki sérstaka fjárhæð þegar það kæmist á tiltekinn aldur.

Um þetta má síðan deila og um það eru skiptar skoðanir og hægt er að færa gild rök fyrir hinu líka. Því verður þó ekki á móti mælt að það að taka aftur upp grunnlífeyrinn núna sem sjálfstætt markmið, þ.e. að taka aftur upp þá aðferð að greiða fólki með jafnvel mjög, mjög háar lífeyristekjur grunnlífeyri úr ríkissjóði, sú aðferð í sjálfu sér gengur þvert á þessa stefnumörkun sem búið er að ná og nú síðast í hinni góðu nefnd um nýtt almennatryggingakerfi undir forustu Árna Gunnarssonar, fyrirverandi alþingismanns, hún gengur í sjálfu sér gegn þeirri stefnumörkun.

Það er auðvitað verkefni ráðherra sem tekst á við það skemmtilega verkefni að fá meiri fjárframlög til þess að leggja inn í almennatryggingakerfið að reyna að gæta þess að nýta þau vel þannig að mikið verði úr þeim og helst þannig að okkur takist líka að eyða vandræðahlíðarverkunum hins gamla kerfis og byggja upp nýtt kerfi sem virkar vel. Það er auðvitað svo að þrátt fyrir þetta frumvarp stendur hin almenna kjaraskerðing frá árinu 2009 eftir óbætt og hún mun verða bætt í samræmi við áætlan fyrir ríkisstjórnar og ekki fyrir tilverknað Framsóknarflokksins.

Eftir stendur hins vegar núna að verið er að leggja meira fé til almennatryggingakerfisins, en án þess að vinna gegn öllum þeim ókostum sem fylgja núverandi kerfi og þeir eru margir. Við búum við það í dag að 100% skerðing er á framfærsluuppþót. Fólk með lítinn lífeyri tapar honum öllum og það er ekki nein tilraun gerð til þess hér að verja fjármunum til þess að verja þessa litlu lífeyriseign hins venjulega fólks. Hún verður áfram skert 100%, króna á móti krónu. Áfram geta lífeyrisþegar lent í hinu alræmda falli krónu á móti krónu þar sem aukning lífeyristekna um eina krónu getur valdið því að þeir tapi hundruðum þúsunda.

Það voru svona pyttir sem við vorum að reyna að sneiða hjá. Það voru svona eyður í velferðinni sem við vorum að reyna að laga með nýju almennatryggingakerfi og til þess skipti máli að búa til heildstæða lausn. Þetta frumvarp boðar hins vegar fráhræf frá þeirri hugmynd um nýja tegund kerfis þar sem við reynum að mæta öllum eins vel og kostur er, allflestum. Hér eru settir í öndvegi hagsmunir þeirra sem hafa allra mestar lífeyristekjur og þeir látnir skipta meira máli en allt þetta óréttlæti. Hæstv. ráðherra veit það eins og ég og við öll að fjármunir til almennatryggingakerfisins eru aldrei óþrjótandi.

Ég mun að sjálfsgöðu styðja hana í allri hennar baráttu við að tryggja meira fjármagn til almennatryggingakerfisins, en veit líka af reynslu að þar er við ramma reip að

draga. Ég þekki Sjálfstæðisflokkinn og hvernig hann hugsar í þeim efnum. Þegar ég kom með tillögurnar um aðhald í almannatryggingakerfinu frá árinu 2009 voru þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sumir í þessum sal, sem sögðu að þetta væri bara að vonum og reyndar hefðu þeir búið við meiru því að hækkanir á fjárhæðum bóta, úrbætur í almannatryggingakerfinu sem við höfðum ráðist í á árunum 2007–2008 hefðu alltaf verið innstæðulausar. Ég ítreka að ég mun styðja hæstv. ráðherra og við í Samfylkingunni munum styðja hæstv. ráðherra í að tryggja aukid fjármagn í kerfið, en það skiptir máli að halda áfram með alvöruúrættur í almannatryggingum.

Ég vil þess vegna nota tækifærið og hvetja hæstv. ráðherra til þess að láta ekki deigan síga í því efni og halda áfram með vinnuna um heildstætt almannatryggingakerfi vegna þess að jafnvel þó að hún feli til dæmis í sér, og þær tillögur sem fyrir liggja nú feli í sér, að grunnlífeyririnn sé ekki greiddur öllum þá fela þær tillögur líka í sér úrlausn á mörgum þessum knýjandi vandamálum, ólíkum skerðingarglutföllum milli bótaflokka, fallinu á krónunni og auðvitað líka skerðingunni á framfærsluuppþóttinni króna á móti krónu. Það skiptir máli að leysa úr þeim gildrum öllum saman fyrir miklu, miklu stærri hóp lífeyrisþega en þau 11% sem nú fá ávinning af þessu frumvarpi.

[16:19]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir ræðu hans og þann stuðning sem hann lýsti yfir við að vinna að því að bæta kjör lífeyrisþega.

Ég vil ítreka það sem kom fram í ræðu minni, og hv. þingmaður virðist ekki hafa heyrt, að að sjálfstöðu er markmið mitt sem ráðherra, og ríkisstjórnarinnar, að halda áfram heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Ég fagna því þeim stuðningi sem kemur fram í orðum hv. þingmans og formanns Samfylkingarinnar um að áfram verði unnið að því. Eitt af því sem ég hef velt fyrir mér er að koma þá jafnvel með sérstakt mál inn í þingið þannig að það liggi fyrir skýr stuðningur frá þinginu við að fara í þá heildarendurskoðun.

Það skal viðurkennast að það er eitt sem ég hef verið að velta mikið fyrir mér þegar ég hef verið að vinna að þessu frumvarpi — og raunar má segja að kannski allir ráðherrarnir í ríkisstjórninni hafi verið að velta því töluvert fyrir sér og það hefur komið ítrekað fram til dæmis á blaðamannafundi hjá hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra — og það snýr að fjárlagagerðinni og langtímaáætlun í ríkisfjármálum. Þar sem hv. þingmaður sat í ríkisstjórninni mundi ég gjarnan vilja fá svar við því hvort hv. þingmaður hafi gert sér grein fyrir því að í forsendum ríkisfjármálaáætlunar sem stjórnvöld hafa fylgt undanfarin ár í samstarfsáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn var gengið út frá því að þær tekjutengingar sem var farið í 2009, sem sagt skerðingar, yrðu framlengdar eða gerðar varanlegar og hvort það hafi verið vísvitandi þannig að menn gerðu ráð fyrir því að raunar hafi átt að framlengja þau bráðabirgðaákvæði sem eiga að falla úr gildi núna.

[16:22]

#### **Árni Páll Arnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mér er það bæði ljúft og skylt að svara hæstv. ráðherra um þetta. Ég held líka að það skipti mjög miklu máli þannig að hún hafi það í vopnabúri sínu þegar hún ræðir við fjármálaráðuneytið um fjárveitingar til almannatrygginga að það var í upphafi forsenda af minni hálfu í aðhaldsaðgerðunum sumarið 2009 að þessi þáttur yrði tímabundinn. Frá því var gengið í ríkisstjórn.

Hins vegar þegar frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum kom fram frá fjármálaráðherra, vegna þess að þetta var ekki frumvarp sem ég lagði fram sem félagsmálaráðherra, var búið að breyta dagsetningunni frá því sem ég hafði fengið samþykkt í ríkisstjórn úr 31. desember 2012 í 31. desember 2013. Frumvarpið kom svelleiðis frá hæstv. fjármálaráðherra. Þegar ég ræddi við fjármálaráðuneytið í vetur um nýja almannatryggingafrumvarpið kom í ljós að þessi breyting hafði ekki verið felld inn í ríkisfjármálaáætlunina. Mér þótti gersamlega óskiljanlegt að sjá allt í einu að þetta hefði ekki verið tekið inn í ríkisfjármálaáætlunina vegna þess að það var lagt fram í bandormi um aðgerðir í ríkisfjármálum á sumarþingi í júnímánuði 2009 af hæstv. fjármálaráðherra sjálfum.

Varðandi endurskoðun almannatryggingakerfisins verð ég að segja að ég hef svolitlar áhyggjur af því ef hæstv. ráðherra segir í annan kantinn að hún vilji halda áfram með endurskoðun almannatryggingakerfisins en á hinn kantinn er að finna aðgerðir hér sem ganga auðvitað gegn því sammati sem þar náðist um að ekki yrði greiddur sérstakur grunnlífeyrir óháð tekjum, heldur yrði það þannig að framlög úr hinu opinbera tryggingakerfi mundu renna út á tilteknu tekjubili milli 430–440 þús. kr.

Ég nefni þetta því að auðvitað er erfitt að breyta kerfinu ef svona grunnþættir sem ganga í sjálfu sér gegn hugsuninni í nýju kerfi eru settir aftur á, eins og grunnlífeyrir sem er greiddur óháð tekjum.

[16:24]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni kærlega fyrir að hafa svarað svona hreint og beint varðandi hvernig þetta kom til. Ég held líka að það sé mjög mikilvægt að farið sé vel yfir þessa langtímaáætlun í ríkisfjármálum, og það er það sem við höfum verið að gera, og að fyrirverandi fjármálaráðherra útskýri hver sé ástæðan fyrir því að þarna hafi vantað inn umtalsverðan, stóran kostnaðarlíð eins og það að þetta bráðabirgðaákvæði ætti að falla úr gildi.

Hvað varðar hins vegar athugasemdir um heildarendurskoðunina vil ég meðal annars vísa til að þeirrar bókunar sem kom fram frá fulltrúum Landssambands eldri borgara við afgreiðslu á tillögum starfshóps um endurskoðun almannatryggingalaga um einföldun bótakerfis vegna ellilífeyris. Þar er einmitt tekið undir það að tillaga starfshópsins sé spor í rétta átt en að Landssambandið hefði viljað sjá að kjör eldri borgara hefðu verið bætt verulega, ekki í síst í ljósi þess að þeir hafi mátt sæta miklum skerðingum á kjörum sínum frá árinu 2008.

Síðan kemur hér, sem er lykilateifi:



„Jafnframt leggur LEB áherslu á að allir njóti þess sem LEB vill kalla grunnlífeyri almannatrygginga sem væri ígildi þess grunnlífeyris sem skertur var með tekjutengingu við lífeyrissjóðstekjur 1. júlí 2009. Sú skerðing hafði í för með sér að stór hópur meðaltekjufólks missti allan sinn grunnlífeyri ...“

Þarna kemur alveg greinilega fram að menn hefðu viljað sjá þetta eins og er verið að leggja til hér, að þetta kæmi aftur inn, en það er alls ekki verið að útiloka að hægt sé að byggja á þeirri vinnu sem samráðshópurinn hefur lagt fram, því frumvarpi sem fyrrverandi velferðarráðherra hefur lagt fram, þeim hugmyndum sem við höfum sem stjórnarflokkar. Það er það sem ég er að segja, ég mundi gjarnan vilja sjá það og ég er að velta því fyrir mér að koma jafnvel inn með mál í þingið þar sem við gætum lagt ákveðnar línur um það hvernig við viljum nálgast þetta stóra verkefni.

[16:26]

**Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra rekur að afstaða Landssambands eldri borgara var sú í endurskoðunarnefndinni að greiða bæri sérstakan grunnlífeyri óháð tekjum en sameiginleg niðurstaða annarra nefndarmanna var að svo yrði ekki. Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það sé grundvallaratriði að greiða grunnlífeyri óháð tekjum þýðir það auðvitað að nýtt almannatryggingakerfi verður þeim mun dýrara. Það þýðir þá auðvitað að hennar biður enn flóknari glíma við fjármálaráðuneytið og við að koma umgjörð um nýtt almannatryggingakerfi fyrir í ríkisfjármálaáætlun til næstu áratuga en við stóðum í á síðasta ári og var það þó ærinn vandi.

Það er þess vegna sem ég held að það skipti máli að horfa til þess sammælis sem náðist í nefndinni því að ég geri mér alveg grein fyrir því að Landssamband eldri borgara setti fram þessa kröfu, en það varð auðvitað ákveðið sammæli í nefndinni um bestu mögulegu niðurstöðu og fólst sú tillaga í að ráðstafa því heildarfjármagni sem væri til ráðstöfunar með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er. Nú er verið að ráðstafa hluta af því fjármagni í að tryggja grunnlífeyri fyrir alla, jafnvel fólk með 500 þús. kr. í lífeyristekju á mánuði, og þeir peningar verða þá ekki notaðir fyrir þorra lífeyrisþega.

[16:28]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég segi það aftur að ég fagna því að hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra komi fram með þetta frumvarp og óska eftir góðum samstarfi eins og hæstv. ráðherra. Ég heiti því að við munum vinna með ráðherranum að bestu lausnum í þessum málaflokki, ekki veitir af. Þetta er erfiður málaflokkur og vandmeðfarinn. Þetta er stór útgjaldaliður í ríkisfjármálunum og er augljóst að málið kemur seint hér inn vegna þess að það er slagur um hvaða upphæðir setja eigi í málaflokkinn. En það þýðir þá auðvitað líka að við þurfum að vinna að því máli sem kemur hér síðar á dagskrá sem er það frumvarp sem flutt var í marsmánuði síðastliðnum og fór til umsagnar. Hæstv. ráðherra benti réttilega á að ýmsar athugasemdir og ábendingar komu við frumvarpið sem full ástæða er til að skoða. En ég

hvet til þess að sú vinna haldi áfram og þarf í sjálfu sér ekki endilega að fara fram með þingsályktunartillögu til þess að fara einu sinni enn í gegnum málið vegna þess að búið er að fara vel í gegnum það. Ég held að endurskoðun á almannatryggingum hafi staðið yfir frá því 2005, 2006, 2007. Búið er að setja hóp eftir hóp í því skyni, en ég rek það betur þegar við ræðum hitt frumvarpið á eftir.

Hæstv. ráðherra bendir á það að hér sé fyrst og fremst verið að draga til baka skerðingar og að þetta séu aðeins fyrstu skrefin. Ég sagði það í andsvari áðan að mér finnst það skipta máli að þegar maður skoðar svona mál sé hægt að skoða það út frá þremur sjónarhornum fyrst og fremst. Auðvitað er meginsjónarhornið: Hvernig nýttist það lífeyrisþegum? Hvernig nýttist það ellilífeyrisþegum? Hvernig nýttist það örorkulífeyrisþegum? Mun það hjálpa þeim sem við viljum helst hjálpa? Er þetta í forgangi? Er þörfin brýnust hér? Það eru auðvitað þau sjónarhorn sem við eignum að hafa númer eitt, tvö og þrjú.

Í öðru lagi finnst mér skipta miklu máli að skoða hvort þær tillögur sem hér eru geti orðið hluti af heildarendurskoðun og orðið þar af leiðandi skref fram á við í endurskoðun á almennalöggjöfinni sem við höfum rætt um undanfarið ár, ýmist sem stjórnámálamest eða sem hluti af almenningu þessa lands. Almannatryggingalögin eru mjög ógagnsæ, þau eru óskýr og flókin. Það er erfið að skilja þau. Það eru miklar tengingar í kerfinu sem þýðir að litlar breytingar hafa áhrif í kerfinu öllu og er erfið að eiga við það. Þess vegna var verið að glíma við að búa til frumvarp sem yrði mikil einföldun á því. En þriðja sjónarhornið sem snýr að pólitíkinni eru auðvitað kosningalöforðin, þegar maður gengur til kosninga með ákveðin fyrirheit, ákveðnar yfirlýsingar.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að þegar tveir stjórnmálaflokkar mynda ríkisstjórn verða auðvitað báðir aðilar að gefa eftir af kosningalöforðum sínum og búa svo til einhvern stjórnarsáttmála. Fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst að leiðrétta eigi strax tekjutengingar, raunar tengingar við atvinnutekjur og hins vegar fjármagnstekjur. Menn geta svo sem togast á um hvað gert er strax miðað við það sem lofað var. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það en ég held að það sé samt óhjákvæmilegt að velta því fyrir sér vegna þess að í tillögnum í frumvarpinu eru fyrst og fremst fjögur atriði; það fyrsta er hákkun frítekjumarka vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Það kemur ágætlega fram í frumvarpinu, að vísu er það orðað þannig að það sé fyrst og fremst til að auka virkni og tryggja að menn eigi betra ævikvöld, geti tekið þátt í atvinnulífi og öðru slíku lengur en verið hefur og fáí sveigjanleg starfslok.

Allt eru það göfug markmið og ég styð þau eindregið, en það er ljóst að þarna er gríðarlegur munur á einstaklingum, þ.e. hversu góðar atvinnutekjurnar eru og hvernig möguleikarnir eru. En þarna er aftur á móti ekkert talað um fjármagnstekjur eins og var þó í stjórnarsáttmálanum, ekki er minnst á það. Ég harma það svo sem ekki sérstaklega en vek athygli á því vegna kosningalöforðanna.

Í öðru lagi er í frumvarpinu afnám skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna. Það var mjög umdeilt atriði. Ég verð að viðurkenna það hreinskilnislega að þegar ég

varð ráðherra þá hélt ég að grunnlífeyrir væri án allra skerðinga og þannig er gjarnan rætt um það, en það hefur aldrei verið þannig. Allar atvinnutekjur og aðrar tekjur hafa skert grunnlífeyrinn. Það eina sem stóð út af voru lífeyrissjóðstekjur. Þeim var bætt við og þá var auðvitað hugsað til þess, sem er það misvægi sem er í kerfinu, að t.d. opinberir starfsmenn, sem eru með miklu betri lífeyrissjóð en almenni markaðurinn, miklu hærri lífeyrissjóði, ættu óháð öllu alltaf að fá óskertan grunnlífeyri á meðan við værum í þrengingum. Þar þurfti að beita aðhaldi eins og annars staðar í ríkisfjármálum. Þá var ekki rökrétt að allir fengu þessi þrjátíu og eitthvað þúsund óháð því hvaða tekjur þeir hefðu úr lífeyrissjóðnum. Þar eru einstaklingar sem hafa jafnvel nokkur hundruð þúsund út úr lífeyrissjóðum.

Það var spurning um ráðstöfun á fjárumunum. En nú er verið að skila þessu til baka, sem er aðeins úr takti við það sem er í almannatryggingafrumvarpinu sem lagt var fram í mars síðastliðnum og við endurflytjum hér, þingmenn Samfylkingarinnar, fyrst og fremst til að viðhalda umræðunni og til þess að tryggja að þetta verði keyrt saman, þ.e. breytingarnar sem hér eru og hugmyndirnar sem komu úr þverpólitískum, þverfaglegum hópi sem unnið hafði í þrjú ár.

Í þriðja lagi er hér atriði sem hefði nú verið gaman að fá betri skýringar á. Það eru áhrif annarra tekna sem lífeyrisþegar og heimilismenn á dvalar- og hjúkrunarheimilum kunna að hafa sér til framfærslu og áhrif þessara tekna á greiðslur almannatrygginga. Það er líka þannig að menn borga fyrir það að vera á hjúkrunarheimilum. Ef maður er kominn inn á hjúkrunarheimili er nú ekki mikið um atvinnutekjur nema í alveg sérstökum tilfellum vegna þess að menn komast hreinlega ekki inn á hjúkrunarheimili lengur í gegnum færnismat nema að vera orðnir býsna mikið veikir eða þurfa mikla aðstoð og hafa ekki möguleika á að vera heima.

Í fjórða lagi er ákvæði um leiðbeiningar- og upplýsingaskyldu, eftirlit og meðferð persónuupplýsinga. Það er tekið beint upp úr frumvarpinu sem flutt var í vor og ég fagna því að það komi þarna inn. Þarna eru víðtækari heimildir til Tryggingastofnunar. Þetta er í rauninni 8. kafli úr því frumvarpi, lagareinar nr. 89–99 eru þarna nánast orðréttar, ég held að það séu ein eða tvær setningar sem bætt er inn í nýja frumvarpið. Því ber að fagna. Kostnaðurinn við þessar breytingar á að vera 850 millj. kr. á þessu ári og 1,7 milljarðar á ári miðað við það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Því til viðbótar koma svo leiðréttingar sem ákveðnar voru með lögum og verið hafa til umræðu fyrr í dag, þ.e. að lækka skerðingarmörkin frá 45% niður í 38,35% að nýju.

Það sem vekur athygli við frumvarpið og mér finnst ekki vera í anda þess sem lofað var í kosningunum er að þær breytingar verða bara eins og löggin gerðu ráð fyrir, þær koma til framkvæmda um áramótin. Hér hefur verið umræða um hvernig á því stóð að það vantaði inn í ríkisfjármálaáætlunina, ég vona að það hafi verið nægar skýringar, en það lá alltaf fyrir að löggin áttu að falla niður um áramót og að hækka yrði gjöldin sem því næmi. Það var notað sem rök, meðal annars þegar við lögðum almannatryggingafrumvarpið fram í mars, að það væru peningar sem ráðstafa þyrfti um næstu áramót að öllu óbreyttu. Þarna er að mínu

mati farið hægar í hlutina en ég átti von á miðað við kosningaloforðin sem gefin voru, en eftir sem áður er það jákvæð breyting sem ég ætla ekki að gera sérstaka athugasemd við.

Það sem ekki er í frumvarpinu en ég hafði átt von á að yrði þar eru frítækjumörk vegna fjármagnstekna, það eru leiðréttingar á því sem sagt strax frá 45% í 38,35%. Ekki er heldur tekið á þessu með sérstaka framfærsluuppþót sem sett var á til að mæta þeim sem höfðu engan annan lífeyri og skerðist króna á móti krónu. Þessi uppþót getur verið í kringum 37–40 þús. kr. á mánuði og var sett með þessum hætti. Það sem er skondið og athyglisvert í frumvarpinu og jafnframt táknrænt fyrir almannatryggingafrumvarpið er að þær hækkanir sem eru í frumvarpinu munu skerða sérstöku framfærsluuppþótina af því að þar er króna á móti krónuskerðing. Ef maður fær hækkan á grunnlífeyri og hækkan á tekjutryggingunni mun það skerða heimilisuppþótina. Sumir munu þar af leiðandi ekki fá neitt. En það er bara vandi kerfisins að ef maður bætir við á einum stað þá skerðist sem því nemur á öðrum. Þess vegna þarf að gera heildarendurskoðun á kerfinu.

Stjórnarandstaðan á síðasta kjörtímabili gagnrýndi mjög harðlega að bætur fylgdu ekki verðlagi. Það hefur líka verið gagnrýnt af hagsmunasamtökum. Það vekur líka furðu mína að ekki skuli gerð tilraun til að ná til heildarhópsins með einhverri leiðréttingu í þá átt. Ég geri mér alveg grein fyrir að hún er dýr en hægt er að færa fyrir því rök að þessir aðilar hafi dregist aftur úr. Þá skuldum við þeim að leiðrétta það, ekki aftur í tímann heldur fram í tímann, en hvergi er gerð tilraun til þess þarna að bæta úr. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að reyna að skoða það og reyna að bæta þar úr.

Það er líka athyglisvert, af því að hér er eingöngu verið að draga til baka skerðingar, að hæstv. ráðherra viðurkennir og bendir á að öryrkjar hafi komið betur út úr lækkunum en ellilífeyrisþegar. Það er nú aldeilis frábrugðið því hvernig umræðan hefur verið á undanförmum vikum og mánuðum. Auðvitað verður hæstv. ráðherra að svara Öryrkjabandalaginu sem gerir athugasemdir við að frumvarpið nái nánast ekkert til öryrkja. Það gerir almannatryggingafrumvarpið heldur ekki nema að takmörkuðu leyti, þó þannig að dregið er úr skerðingum á þessari sérstöku framfærsluuppþót einfaldlega vegna þess að sá kafli er eftir, Öryrkjabandalagið var ekki með í þeirri vinnu af fullum krafti. Það er auðvitað eitt af stóru verkefnum inn í framtíðina að draga bandalagið að bordinu og finna út langtímalausnir hvað þessi mál varðar.

Það kom mér líka á óvart hvað við náum í raun til fárra af þeim sem fá lífeyri. Auðvitað þýðir það að fá lífeyri ekki endilega það að menn séu með fullar greiðslur en ellilífeyrisþegar eru um það bil 26–27 þúsund. Ég hef ekki nákvæma tölu fyrir árið í ár en árið 2011 voru þeir 26.250 þúsund talsins. Örorkulífeyrisþegar voru rúmlega 15 þús. Samtals eru þetta 41 þús. lífeyrisþegar og ef við segjum að þarna hafi 7 þús. lífeyrisþegar hækkað, þar af eru 2.500 nýir, erum við að tala um að 4.500 manns fái hækkan. Það er ekki nema rétt rúmlega tíundi hver aðili sem fær hækkan núna um önnur mánaðamót. Ég held að það hljóti að valda vonbrigðum hjá mörgum sem bundu miklar vonir við að

hér yrðu breytingar strax á sumarþingi og við höfum heitið stuðningi við að reyna að finna til þess svigrúm. Það leiðir auðvitað hugann að forganginum þegar menn rýra tekjur en fá ekki pening til þess að bæta þá upp það sem upp á vantar. Það leiðir líka til þess að einhverjir nýir líffeyrisþegar koma þarna inn sem ekki hefur verið talið að þyrftu á bótum að halda.

Það er auðvitað mikið meira hægt að segja um þetta frumvarp en ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir það. Þarna eru athyglisverðar setningar, sérstaklega í umsögn fjármálaráðuneytisins. Það er til dæmis athyglisvert að lesa um allar þær breytingar sem gerðar voru 2007 og 2008, sem kostuðu raunar á milli 10 og 15 milljarða á þeim tíma. Það var í valdatíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Þá voru gerðar gríðarlega miklar endurbætur. Við urðum síðan að draga þær til baka eftir hrúnið að hluta en ekki að öllu leyti og makatengingin var til dæmis eitt af því sem vannst þá. Það er líka athyglisvert að átta sig á því að þessi 45% skerðing var við lýði allan tímann sem Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkurinn voru völd. Hún var minnkuð í stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og var breytingin síðan dregin til baka þegar hrúnið varð.

Það er líka mjög athyglisvert að sjá í umsögnum að ætlaður ávinningur af breyttum bótaréttindum er meiri eftir því sem tekjur líffeyrisþega eru hærri.

Það er athyglisvert sem segir í frumvarpinu, með leyfi forseta, þetta er á blaðsíðu 15, að „líffeyrisþegar sem hafa hvað lægstu kjörin hafa lítinn ávinning af breytingum frumvarpsins“. Það er auðvitað umhugsunarefni, eins það sem snertir stöðu kvenna.

Talað er um skerðingu og að skila eigi til baka, eins og ekkert hafi verið gert á síðastliðnum fjórum árum. Hæstv. ráðherra vakti þó athygli á því að gerð var sérstök tilraun og hefur það vakið athygli um allan heim hvernig okkur tókst að verja lægstu kjörin. Þó að það megi með sannri segja að það hafi ekki verið nóg og að við þurfum að gera það áfram og betur þá var það reynt með þessari sérstöku framfærsluuppbot. Ef við skoðum útgjöldin bara frá 2010 á verðlagi hvers árs þá voru útgjöldin til bótaflokka almannatrygginga árið 2010 55,5 milljarðar og hækkar á árinu til 2013 upp í 74,2 milljarða. Það er hækking upp á 33,3%. Auðvitað skilar það sér ekki á einstaka líffeyrisþega af því að þarna er um að ræða fjölgun og breytingar hvað það varðar, en það er augljóst að lagt hefur verið verulega mikið í þennan málaflokk á sama tíma og skera þurftu niður í öðrum málaflokkum og er full ástæða til að halda því til haga.

Ég óska eftir góðu samstarfi við áframhaldandi vinnu við almannatryggingar með hagsmuni líffeyrisþega í huga, hvort sem það eru ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar, og treysti á og veit að málið er í ágætum höndum (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra. Ég tel að við munum eiga gott samstarf um það.

[16:43]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar-dóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir ræðuna. Í henni kom fram ein spurning sem ég

mundi vilja bregðast við. Það var varðandi áhrif annarra tekna dvalarmanna á framfærslu. Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins erum við að skoða áhrif og afnám annarra skerðinga og er þetta að sjálfsögðu eitt af því sem við munum skoða í þeirri vinnu.

Ég vil líka ítreka að með frumvarpinu er ekki verið að skerða einn eða neinn. Það er verið að taka til baka skerðingar sem farið var í 2009 en ekki verið að skerða einn eða neinn.

Ég vísa í tölur sem stjórnarformaður Tryggingastofnunar tók saman og kynnti á ársfundum Tryggingastofnunar. Þar kemur það nákvæmlega fram sem hv. þingmaður fór í gegnum í ræðu sinni, þ.e. hvernig ráðstöfunartekjur líffeyrisþega þróuðust. Ráðstöfunartekjur öryrkja hækkuðu um 21% á tímabilinu að nafnvirði en tekjur eldri borgara aðeins um 6,8%. Þar sem verðlag hækkaði umtalsvert meira lækkaði kaupmáttur líffeyrisþega en talsvert meira hjá eldri borgurum.

Það voru einungis líffeyrisþegar með allra lægstu tekjurnar sem voru varðir gegn kreppuáhrifum með hækkingu lágmarkstryggingar almannatrygginga þann 1. janúar 2009 en líffeyrisþegar með meðalhár og hærri líffeyristekjur fengu hins vegar umtalsverða skerðingu við þetta, og það einkum 1. júlí 2009. Þetta er fyrsta skrefið í að taka þetta til baka og að sjálfsögðu verður unnið að því að bæta kjör allra líffeyrisþega áfram.

[16:46]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér ekki lítið á þetta sem andsvar, ég held að við séum sammála um þau atriði sem hér voru dregin fram. Í fyrsta lagi er mér fullkunnugt um, ég geri mér alveg grein fyrir því og tek undir það með hæstv. ráðherra, að ekki er verið að skerða neinn. Þetta er til bóta fyrir þá sem fá hér hækkingu. Það kom mér á óvart, eins og ég sagði, að þetta næði ekki til fleiri, að við skyldum ekki ná nema til 10–12% þeirra sem eru á bótum í dag. Einhverjir nýir komu inn sem hafa verið í hærri tekjum og ekki fengið bætur, það ber að fagna því líka. En áhyggjur mínar beinast að því að jafnvel þó að við höfum varið kaupmátt þeirra sem minnst höfðu þá er sá hópur í hvað erfiðastri stöðu. Við verðum bara að vera hreinskilin með það og þurfum að glíma við það áfram.

Þær tölur sem vitnað var í frá formanni stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins, Stefáni Ólafssyni, eru þær tölur sem við vorum alltaf að kynna og ræða hér á síðasta kjörtímabili en mættum litlum hljómgrunni. Menn vefengdu þær og tölðu illa um þær á þeim tíma. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur áttað sig á því að þetta voru breytingarnar á þessum tíma og ég deili þeirri skoðun að það þarf að ná til ákveðinna hópa ellilífeyrisþega til að taka skerðingar til baka en við verðum eftir sem áður að verja hagsmuni þeirra sem mest þurfa á því að halda.

Mig langar að heyra aðeins betur um það frá ráðherra hvað varðar samspil þessara nýju hugmynda sem voru í almannatryggingafrumvarpinu og þess sem kemur fram í þessu frumvarpi, það er samspil líffeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins, þetta tveggja stöða kerfi sem þarf að vinna mjög vel saman. Hér er verið að bæta það að

hluta, það var búið að gera með víxlverkunum sem áttu að kosta allt upp í 1,5 milljarða á næstu tveimur árum. Hvað verður um það í þessum breytingum? Ég geri mér alveg grein fyrir að við munum halda áfram þessari vinnu, við erum ekki hætt, en ég hef tjáð mig um að það kom mér á óvart hvað þetta var lítið í fyrstu lotu.

Ég hlakka mjög til að heyra hvaða aðrar breytingar verða gerðar til hagsbóta fyrir þessa hópa.

[16:48]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar-dóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Við höfum oft rætt það hér í ræðustól að til ætti að vera annað orð en andsvar við ræðum. Stundum er um að ræða meðsvor og stundum erum við bara að ræða málin almennt, og ég held að við séum að gera það hér. Þegar kemur að almannatryggingum erum við öll samála um að við viljum gera eins vel og við getum.

Önnur áhugaverð glæra var sýnd á þessum fyrirlestri hjá stjórnarformanni Tryggingastofnunar. Þar voru teknar saman ráðstöfunartekjur öryrkja og eldri borgara frá 2008 og 2013, meðaltal og miðgildi. Það sýnir sig að öryrkjar eru árið 2013 með tæplega 220 þús. kr. að meðaltali, miðgildi 201 þús. kr. rúmlega, meðan eldri borgarar eru með 217 þús. kr. að meðaltali, miðgildi þá 195 þús. kr. Þetta endurspeglast í þeim aðgerðum sem farið var í; þegar það er síðan borið saman við stöðuna eins og hún var áður var hún töluvert önnur 2008 milli þessara hópa. Þetta skipti máli þegar verið var að veða og meta það á hverju best væri að byrja þegar við værum að stíga fyrstu skrefin í því að afnema þessar skerðingar.

Síðan er talað um skerðingarhlutfallið á tekjutryggingunni og eins og fyrrverandi ráðherra, hv. þm. Guðbjartur Hannesson, nefndi þá er fjöldinn allur af ákvæðum sem hafa ýmis áhrif innbyrðis og mörg af þeim eiga víst að falla úr gildi um áramótin. Eitt af því tengist þessari víxlverkun sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega í lokaorðum sínum í andsvarinu áðan.

[16:50]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að við erum samála um að gera eins vel og við getum en við getum þá deilt um hvaða aðferðir á að nota. Það er annað atriði sem rennur út um áramót ef því verður ekki breytt og hefur því miður verið framlengt bara ár frá ári. Það eru frítekjumörkin hjá öryrkjunum. Fram kemur í frumvarpinu að óljóst sé um framhaldið þar. Ég ætla nú rétt að vona að það verði ekki skert því að í raun er verið að færa ellilífeyrisþegana upp að sömu frítekjumörkum sem eru um 110 þús. kr. á mánuði.

Ef hæstv. ráðherra kemur í ræðu í lokin vil ég spyrja hvort ekki hafi komið til greina að hækka prósenturnar í heildina, þ.e. að reyna að skila til baka almennum skerðingum með því að fara í gegnum prósentuhækkun og hvort það hafi þá ráðist af bara takmörkuðum fjárveitingum. Það var eitthvað sem tafði frumvarpið nokkuð lengi, ég hafði á tilfinningunni að það væri Sjálfstæðisflokkurinn sem tafði málið, væntanlega út af ríkissjármálunum. Mig langar til að

spyrja hvort það hafi þá ráðist af upphæðinni að menn gátu ekki tekið stærra skref. Eitt af því sem hefði verið mikilvægt að breyta til baka var að bæta við prósentum á allan hópinn til að leiðrétta það sem skert hefur verið á undanförmum árum og sem valdið hefur því að menn hafa dregist aftur úr. Við skulum ekki fara í grafgötur með að allir urðu fyrir tekjuskerðingu á undanförmum árum og sérstaklega voru ráðstöfunartekjurnar minnkaðar. Það tókst hjá fyrrverandi ríkisstjórn að gera það með mismunandi hætti þar sem á milli 15 og 20% kaupmáttarrýrnun varð hjá sumum, allt upp í 30, 35% hjá þeim sem voru tekjuhæstir en niður í 7–8% og upp í 10% hæst hjá þeim sem voru með lægstar tekjur. Það endurspeglast líka í þeim breytingum sem gerðar voru á almannatryggingakerfinu og nú er verið að stíga það skref til baka. En ég hef áhyggjur af þessum hópum fyrir neðan. Við megum ekki auka bilið mjög mikið aftur. Sem jafnaðarmaður þá vil ég að sá munur sé sem allra minnstur og að við getum haldið fullri rein, hvort sem menn eru ellilífeyrisþegar eða öryrkjar.

[16:52]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Þær eru mjög veigamikill og stór þáttur í velferðarkerfinu okkar. Velferðarkerfið gengur út á það, þ.e. tekjuöflunarluti þess og tekjujöfnunarhluti, að hinir vinnandi í þjóðfélaginu greiða og þeir sem ekki eru vinnandi fá bætur til þess að standa undir framfærslu og lífubrauði sínu.

Þeir sem fá bætur eru í fyrsta lagi börn, þ.e. barnabætur. Námsmenn fá lán fyrir framfærslu hjá lánasjóðnum, svo eru styrkir frá sveitarfélögum og fleira. Síðan eru það öryrkjar, sem eru það fólk sem verður óvinnufært á starfsævinni, sem fær bætur og svo aldraðir sem geta ekki unnið og eru ekki taldir eiga að vinna vegna elli og ellihrumleika.

Með þessum hætti er velferðarkerfið notað til þess að flytja lífskjör frá einum hópi til annars í þjóðfélaginu. Um þetta er mikil sátt í þjóðfélaginu. Það er mikilvægt að halda henni.

Ég hef margoft bent á að við erum með ótrúlega flókið kerfi. Húsnæðiskostnaður er t.d. bæt看ur með vaxtabótum þar sem menn þurfa að skulda nógu mikið til að fá bætur og hafa ekki of háar tekjur. Það er í gegnum skattkerfið. Síðan eru það húsaleigubætur sem að mínu mati eru arfavitlausar, af því að sömu tekjuviðmiðin gilda þar fyrir einstakling sem býr í íbúð og sex manna fjölskyldu. Sex manna fjölskylda fær eiginlega aldrei húsaleigubætur af því hún getur ekki lifað á þeim tekjumörkum sem um er að ræða, 166 þús. kr., þá byrja bæturnar að skerðast. Svo erum við líka með heimilisuppbót í Tryggingastofnun til að bæta líka húsnæði. Við erum með sérstakar reglur fyrir stúdenta hjá LÍN sem búa einir og aðra sem búa saman eða hjá foreldrum sínum. Þar er líka verið að bæta húsnæðiskostnað. Svo erum við með sérstakar húsaleigubætur og svo framvegis.

Börn eru tryggð mjög víða. Í fyrsta lagi eru það barnabætur sem eru borgaðar í skattkerfinu, merkilegt nokk. Síðan greiðir Tryggingastofnun barnabætur til öryrkja og ellilífeyrisþega ef þeir eru með börn. Þær eru skattfrjárslar af einhverjum ástæðum. Vinnandi fólk sem vinnur við hliðina

á öryrkja fær ekki barnabætur með þeim hætti. Þar kemur fram ákveðin mismunur.

Barnabætur felast í því að ríkið tryggir meðlög og svo eru barnabætur líka inni í húsaleigubótum, merkilegt nokk, því að eftir því sem fleiri börn eru í heimili hækka húsaleigubæturnar. Svo eru það mæðralaun og feðralaun.

Þetta er flækjustig kerfisins, þó er ég ekki byrjaður að tala um öryrkja. En þar er einn mjög stór galli. Ég skora á hæstv. ráðherra að laga þann galla, þ.e. 75% örorkumatið. 75% örorkumatið gerir að verkom að maður getur ekki endurhæfst. Ef hann endurhæfst niður í 74% fær hann bara örorkustyrk, sem er mjög lágur, í staðinn fyrir örorkulífeyri. Þá kemst hann engan veginn af. Bæði lækna og öryrkinn og allt kerfið veit að ef maðurinn skyldi nú endurhæfast missir hann allt, þar af leiðandi endurhæfst hann bara ekki. Þannig er það.

Undanfarið hafa komið fram hugmyndir, reyndar að mínu frumkvæði, um að skoða frekar getu manna, líta á það sem öryrkinn getur og leyfa honum að vinna ákveðin hluta án skerðinga. Þetta er hið svokallaða starfsgetumat sem er núna í tísku. Það þarf að koma því á og verður að koma á svo að við séum ekki að fara í raun mjög illa með þá sem verða öryrkjar.

Aldurstengda örorkuuppbótin er skýtilegt fyrirbæri í þessu kerfi öllu. Henni var ætlað að mæta því að menn fengu ekki framreikning hjá lífeyrissjóðum, en hún missir algjörlega marks. Menn geta bæði verið með aldurstengda örorkuuppbót og fengið framreikning.

Undanfarið hefur verið starfandi nefnd, að frumkvæði síðustu ríkisstjórnar, en verkefni hennar var að skoða samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga. Það gerðist nefnilega árið 2008 í september, rétt fyrir hrun, að sett var reglugerð um framfærsluuppbót, kostaði voða lítið, hækkaði allan lífeyri hjá þeim sem áttu ekki neinar tekjur, ekki úr lífeyrissjóði eða neins staðar, um 20% rétt fyrir hrun.

Mér finnst ekki gæta mikillar sanngirni hjá fólki sem meðvitað sleppir þessari hækkun ef það ætlar að ræða um stöðu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega. Þá á að taka þessa hækkun með. Allur lífeyrir hækkaði um 20%, en þar sem skerðingin er króna á móti krónu eyðilagði þetta í rauninni lífeyrissjóðakerfið vegna þess að það skiptir ekki máli fyrir fólk hvort það er með 70 þús. kr. úr lífeyrissjóði eða 73 þús. kr. úr lífeyrissjóði núna eða ekki neitt. Það þýðir að allt það fólk, sérstaklega lágtekjufólk með lágur tekjur og ekki mikil réttindi í lífeyrissjóði, fær ekkert fyrir að borga í 40 ár í lífeyrissjóð.

Nefndin lagði því mikla áherslu á að laga þetta. Samkomulag náðist um það en það var dýrt samkomulag. Ég var með fyrirvara um það vegna þess hversu dýrt það var, og ég kem inn á það á eftir af hverju það má ekki vera allt of dýrt. Þar átti að þynna út framfærslubótina á fimm árum þannig að fólk fengi eitthvað fyrir að borga í lífeyrissjóð eða hafa greitt í lífeyrissjóð.

Mér leiðist þegar talað er um að enginn eigi rétt í lífeyrissjóði vegna þess að það hefur verið skylda, lagaskylda, að borga í lífeyrissjóð frá 1974 fyrir alla launþega og fyrir alla sjálfstætt starfandi frá 1980. Þess vegna leiðist mér að heyra menn tala um að einhver sé ekki með rétt í lífeyrissjóði. Sá hlýtur að vera orðinn meira en 100 ára. Það eru 32

ár liðin og 39 ár í öðru tilfellinu frá því að fólk var skylda til að borga í lífeyrissjóð. Allir sem hafa unnið á starfsævinni eiga að vera með rétt í lífeyrissjóði nema þeir sem eru orðnir yfir 100 ára. Þeir eru örfáir. Þeir getu hafa lent í því að eiga ekki rétt. Hinir eiga rétt, mismunandi mikið.

Ég var formaður Landssambands lífeyrissjóða í tíu ár eða lengur og þá komumst við að því að 40 þús. manns borguðu ekki í lífeyrissjóð þótt þeir hefðu átt að gera það. Við töldum þá sem borguðu í lífeyrissjóð og töldum síðan þá sem voru á vinnumarkaði. Það skeikaði 40 þús. manns. Þeir standa núna fyrir framan Tryggingastofnun og eiga ekki rétt í lífeyrissjóði, en þeir áttu að borga í lífeyrissjóð samkvæmt lögum. Það var bara engin eftirfylgni með því fyrr en 1978.

Ég vil helst ekki heyra talað miklu meira um að fólk hafi ekki rétt í lífeyrissjóði. Síðan kemur náttúrulega til Íslands fólk frá útlöndum sem hefur starfað alla starfsævina í útlöndum og á engan rétt í lífeyrissjóði hérna. Maður spyr sig: Það fólk valdi eitthvert land til að starfa í, hefur það ekki væntanlega borgað í tryggingakerfið þar eða tryggt sig sjálf? Mér finnst ekki réttmætt að það komi til Íslands og segi: Ég á engan rétt í lífeyrissjóði.

Tekjuhugtakið í frumvarpinu er sem endranær, ég hef aldrei skilið það, félagsleg aðstoð. Hún skal ekki teljast sem tekjur. Ef einhver fær félagslega aðstoð upp á 100 þús. kall eru það ekki tekjur, en ef hann er að skúra eða eitthvað slíkt eru það tekjur. Ég hef aldrei skilið þetta. Þetta eru jafn miklar tekjur inn í heimilið eins og hvað annað. Svo hafa menn sagt: Félagsleg aðstoð er ætluð fyrir kostnaði.

Frú forseti. Ég veit ekki hvað stór hluti af mínum tekjum er ekki ætlaður fyrir kostnaði, líklega sá hluti sem ég spara, sem er ekki skynsamlegt. Ég kem inn á það á eftir.

Tekjuhugtakið er líka fjármagnstekjur og frumvarpið kemur einmitt inn á það. Þær voru helmingur áður fyrr vegna þess að fjármagnstekjur eru ekki tekjur, yfirleitt ekki. Þær eru tap, a.m.k. núna. Menn geta verið með 4% vexti á innstæðum og verðbólgan er 5% og þeir tapa. Fyrst borga þeir 20% skatt af 4%, þ.e. 0,8%, og svo eru þeir skertir í lífeyrissjóði í Tryggingastofnun. Lengi vel voru tekin 50% af fjármagnstekjum vegna þess að þetta eru yfirleitt ekki tekjur. Eftir hrun var ein af bráðabirgðaaðgerðunum sú að taka allar fjármagnstekjur 100%. Það fór illa með mjög marga, sérstaklega þá sem höfðu sýnt ráðdeild og sparsemi um ævina sem er ekkert sérstaklega virðingarvert á Íslandi lengur. Það þótti einu sinni gott að menn sýndu ráðdeild og sparnað, en greinilega ekki lengur.

Þegar við ræðum þetta frumvarp verðum við að hafa í huga þá nefnd sem starfaði með fulltrúum allra flokka, þar á meðal Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ég var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefndinni. Hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri gott að hafa frítekjumörk, það væri betra að hafa þau ekki og hafa prósenturnar lægri og ráða við aukninguna sem stafaði af því að setja framfærsluuppbótina inn í kerfið sem kostar óhemju og gefur betri lífeyrisrétt. Í frumvarpinu er bakkað frá því. Þess vegna var ég með fyrirvara í mínum flokki um frumvarpið vegna þess að ég hafði lagt til annað annars staðar.

Hér er lagt til að taka inn að menn geti unnið. Jú, það er góð hugsun að aldraðir geti unnið sem lengst. Ég er til

dæmis kominn á þennan aldur og er að vinna akkúrat núna, frá forseti. Ég er samt á móti því að þetta sé gert vegna þess að það er ekki þannig að menn tapi öllum tekjum, það eru ákveðnar skerðingar. Það er 45% eða 38% skerðing og það er ekki þannig að menn tapi öllum tekjum. Menn ættu að líta þannig á að starf sé ekki bara tekjuöflun, það er líka ákveðið hlutverk í lífinu sem ég held að sérstaklega þeir sem eiga að fara á líffeyri meti miklu meira. Það er svo merkilegt að fólk vill endilega fara snemma á líffeyri þangað til kemur að því. Þá vill það yfirleitt ekki eða síður fara á líffeyri.

Við getum alls ekki rætt þetta mál nema við tökum framtíðina inn í það. Ef menn líta á aldursþrámíða íslensku þjóðarinnar, sem menn ættu að glugga í öðru hverju, má sjá að u.þ.b. 4.400 manns eru frá 0 ára og upp í 56 ára, plús/mínus 500 manns. Þetta er nánast flatur þrámíði. Það þýðir að það eru alltaf jafn margir sem vinna. Þó árgangarnir fari í gegn eru alltaf nokkurn veginn jafn margir sem vinna.

Ef maður lítur á hinn endann, t.d. 70 ára, þá eru 2.200 manns í árgangnum sem nú er 70 ára. Og 71 árs er hann 1.900. Það verður tvöföldun — ég ætla að segja það aftur — það verður tvöföldun á nýgengi aldraðra á næstu 15 árum. Þessir aldraðir þurfa tekjur. Líffeyrissjóðirnir standa undir því að einhverju leyti með líffeyri, en þessi hópur þarf líka heilbrigðisþjónustu vegna þess að þegar menn eru orðnir gamlir þurfa þeir miklu meiri heilbrigðisþjónustu en þegar þeir voru ungir. Þetta verður við sem þjóð að horfast í augu við og gæta okkar að gera vel við aldraða. Það er bara þannig. Við getum ekki lestað þá sem eru vinnandi, sem alltaf eru jafn margir, meira en góðu hófi gegnir. Þá fara þeir til útlanda og skilja okkur gamlingjana eftir.

Þetta er mjög vandasamur línudans sem við verðum að dansa. Við vonumst náttúrliga til þess að hagsæld aukist, framleiðslan aukist. Framleiðni þjóðfélagsins hefur aukist gífurlega, þ.e. það eru sífellt færri og færri sem vinna fyrir fleirum og fleirum. Spurningin er um að dansa línudansinn rétt og stíga ekki út af. Þess vegna þurfa menn að hafa í huga þegar þeir ætla að bæta kjör aldraðra — sem ég er mjög hlyntur að sjálfsgöðu, hver vill ekki bæta kjör aldradra? — að horfa til þeirra sem greiða, þ.e. til hins vinnandi hóps, og að skattlagningin á hann verði ekki of mikil.

Mér sýnir að þau mistök hafi verið gerð eftir hrun að skattleggja of mikið. Fjárfesting er í algjöru lágmarki, atvinna myndast ekki í þjóðfélaginu og fólk flytur til útlanda eða gengur um atvinnulaust eða fer í nám til að bjarga sér fyrir horn og bíða eftir hvort ástandi lagist ekki. Við verðum að auka fjárfestingu. Þegar við höfum aukið fjárfestingu getum við farið að tala um að bæta kjör aldraðra og öryrkja, því það eru alltaf hinir vinnandi sem greiða fyrir það.

[17:07]

**Rósa Björk Brynjólfsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um breytingu á lögum um almennatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Vil ég byrja á því að óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamningu með sitt fyrsta frumvarp á Alþingi.

Frumvarpinu er eins og okkur er kunnugt ætlað að

leggja til breytingar á lögum um almennatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem fela í sér aukin bótaréttindi elli- og örorkulífeyrisþega með hærri greiðslum úr ríkissjóði. Ég legg áherslu á orðin aukin bótaréttindi, en ég vik nánar að þeim síðar, enda er fyllilega þess virði að ræða hér hvort um er að ræða aukin bótaréttindi fyrir þann hóp sem um ræðir, aldraða og öryrkja.

Eins og hér hefur verið rætt var ákveðið að bregðast við aðstedjandi vanda í ríkissjármálum vegna efnahagshrunnsins, falls bankanna, haustið 2008 og því gríðarlega mikla tekjufalli sem ríkissjóður varð fyrir eins og okkur öllum er kunnugt um. Þá var farið í aðhaltsaðgerðir ríkissjóðs til að mæta þessu gríðarlega tekjufalli. Ein af þeim var sú að fallið var frá auknum líffeyrisséttindum úr opinbera almennatryggingakerfinu sem höfðu verið veitt á grundvelli ákvarðana stjórnvalda frá árinu 2007, með gildistöku á árinu 2008 eða í byrjun árs 2009. Þá höfðu bótáþegar ekki haft þau réttindi fram að því.

Frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra Eyglóar Harðardóttur snýr einkum að því að afturkalla þær kerfisbreytingar sem gerðar voru í aðhaldsskyni á árinu 2009 á bótaréttindum líffeyrisþega. Ég verð að lýsa því yfir að því ber að fagna að fyrsta frumvarp nýskipaðs félags- og húsnæðismálaráðherra skuli snúast um afturköllun þeirra breytinga.

Ég fagna því líka að hér séu lagðar til lagabreytingar á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins sem varðar leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu stofnunarinnar og að eðlilegt efirlitshlutverk og starfsemi stofnunarinnar eigi að efla og lögfesta. Þó svo að stjórnýslulög hafi ávallt náð yfir stofnunina er kannski verið að skerpa það enn frekar með frumvarpi ráðherra.

Það er líka margt sem er umhugsunarvert, svo ekki sé meira sagt, í frumvarpi hæstv. ráðherra og ætlar sú sem hér stendur að skauta aðeins yfir það.

Í fyrsta lagi er aðeins lagt til að kalla til baka tvær kerfisbreytingar af sex. Það er í fyrsta lagi hækkun frítekjumarka vegna atvinnutekna elli- og öryrkjaþega þar sem áhrif annarra tekna sem líffeyrisþegar og heimilismenn á dvalar- og hjúkrunarheimilum kunna að hafa sér til framfærslu á greiðslur frá almennatryggingum minnka frá því sem nú er.

Í öðru lagi, eins og rakið hefur verið, er lagt til að líffeyrissjóðstekjur skerði ekki lengur grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega.

Þar með er það komið. Þá vantar ýmislegt upp á til að ljúka afturköllun þeirra breytinga sem ráðist var í árið 2009. Til að mynda er frítekjumörkum vegna fjármagnstekna samkvæmt stjórnarsáttmála ekki breytt. Leiðrétting skerðingarhlutfalls tekjutryggingar frá 1. júlí 2009 upp á 45% í 38,35% kemur ekki strax fram. Eldri ákvörðun er látin standa og skerðing krónu á móti krónu á sérstakri framfærsluþétt er ekki breytt.

Hér er ekki um að ræða leiðréttingar á bótafjárhæðum sem er og hefur verið helsta baráttumál Öryrkjabandalags Íslands, þ.e. að bætur haldist í hendur við verðlag. Einnig er ekki dregið til baka eða leiðrétt afnám skerðingar grunnlífeyris vegna líffeyrissjóðstekna sem einnig hefur verið helsta réttlætis- og baráttumál Öryrkjabandalagsins. Þeim kröfum er ekki svarað í frumvarpinu og það ber að harna.

Þá má nefna, líkt og hv. þm. Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra gerði áðan, jafnréttissjónarmið en í mati fjármálaráðuneytisins er sérstaklega tekið út hver áhrif frumvarpsins eru á jafnrétti kynjanna eða út frá kynjasjónarmiðum. Þar kemur fram að konur eru 58% þeirra sem fá ellilífeyri og 62% þeirra sem fá örorkulífeyri. Meiri hluti þeirra sem fá hækkun á greiðslur nú eru karlar.

Það liggur ekki fyrir hvort hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hafi áform um að fella úr gildi eða afnema líka skerðingarnar fjórar frá árinu 2009 sem út af standa og ef svo er, hvenær það verði gert.

Það sem ég sakna líka í þessu frumvarpi og hefði viljað sjá er einhvers konar aðgerðaáætlun með nákvæmum markmiðum um það hvenær og hvernig skerðingar vegna efnahagsþrenninga ganga til baka, en það ber stjórnvöldum að gera samkvæmt eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með samningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Ef við vindum okkur svo lengra inn í kjarna frumvarpsins og þann anda sem í því ríkir er hann því miður sá, eins og áður hefur kannski verið rakið, að breytingarnar sem nú á að afturkalla hafa einkum áhrif á þá lífeyrisþega sem hafa einhverjar aðrar tekjur til viðbótar við bætur almennatrygginga. Þeir lífeyrisþegar sem hafa hvað lægstu kjörin hafa lítinn ávinning af breytingum frumvarpsins.

Ástæða þess er sú að þær breytingar sem lagðar eru til felast ekki í hækkun fjárhæða einstakra bótaflokka, eins og ég nefndi áðan, heldur fyrst og fremst í minni tekjutengingu og hækkun frítekjumarkna gagnvart öðrum tekjum. Í því ljósi er vert að draga fram að af þeim 43.784 ellilífeyris- og örorkuþegum sem fá lífeyrisgreiðslur í dag nær hækkunin sem kveðið er á um nú í frumvarpi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra til 7 þús. lífeyrisþega. Af 43.784 nær hækkunin til 7 þús. — ég endurtek þetta svo þetta komist betur inn í huga okkar. Langstærstur hluti þeirra er ellilífeyrisþegar.

Það þýðir ekki að ég sé á móti því að ellilífeyrisþegar fái hækkun heldur er ég á móti því að þetta þýði í reynd enn og aftur að þeir sem hafa lægstur bætur fái ekki leiðréttingu á kjörum sínum samkvæmt frumvarpinu.

Ef við rýnum í kostnað ríkissjóðs við frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra eru hæg heimatökin að lesa sjö blaðsíðna umsögn skrifstofu opinberra fjármála fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu. Fyrir það fyrsta eru áætluð áhrif frumvarpsins á stöðu ríkissjóðs á ársgrundvelli a.m.k. 4,6 milljarðar kr. Svo á eftir að sjá hvort þau útgjöld aukist eins og fram kemur í umsögn skrifstofunnar.

Það ber svo sannarlega að fagna því ef staða ríkissjóðs er nú orðin svo góð að hæstv. ráðherra meti það sem svo að hægt sé að ráðast í framkvæmd frumvarpsins þótt ekki rími það við sterk orð annarra forustumanna ríkisstjórnarinnar um bága stöðu ríkissjóðs.

Að auki er í umsögn fjármálaráðuneytisins tekið undir það sem ég nefndi áðan um misskiptingu leiðréttingarinnar sem felst í frumvarpinu. Í umsögninni segir um áhrif frumvarpsins á lífeyrisþega, með leyfi forseta:

„Áætlaður ávinningur af breyttum bótaréttindum er meiri eftir því sem tekjur lífeyrisþega eru hærri. Á hinn

bögninn munu lífeyrisþegar sem hafa hvað lægstu kjörin hafa lítinn ávinning af breytingum frumvarpsins.“

Áfram heldur, með leyfi forseta:

„Þannig munu ellilífeyrisþegar sem hafa á bilinu 300–400 þús. kr. í heildartekjur fá hækkun sem nemur 16–22 þús. kr. að meðaltali á mánuði en þeir sem hafa heildartekjur 250 þús. kr. eða lægri fá 0–2 þús. kr. meðalhækkun.“

Í umsögninni segir síðan að hækkunar örorkulífeyrisþega séu áætlaðar talsvert lægri en hjá ellilífeyrisþegum, innan við 1 þús. kr. á mánuði. Þannig er áætlað að þeir sem hafa á bilinu 300–400 þús. kr. í heildartekjur fái um 2–4 þús. kr. meðalhækkun en þeir sem hafa innan við 250 þús. kr. fái næstum enga hækkun.

Af því að lítið hefur borið á tekjuöflunarleiðum fyrir ríkissjóð í tillögum og frumvörpum ríkisstjórnarinnar blasir við að velja því fyrir sér hvaða tekjuöflunarleiðir eru mögulegar til að framkvæma þetta frumvarp til laga sem við ræðum hér. Þar langar mig að vitna áfram í umsögn skrifstofu opinberra fjármála fjármálaráðuneytisins þar sem segir enn fremur um þetta, með leyfi forseta:

„Þau 850 millj. kr. viðbótarútgjöld sem leiða mundu af frumvarpinu á þessu ári fara í bága við núgildandi fjárlög fyrir árið 2013 og rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarráðuneytisins. Enn fremur liggur fyrir að ekki hefur verið gert ráð fyrir viðlíka útgjaldaaukningu í þeirri ríkisfjármálaáætlun sem fylgdi með fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Afkoma ríkissjóðs samkvæmt þeirri áætlun mun því versna á ársgrundvelli frá og með árinu 2014 sem nemur 1,6 milljörðum kr. vegna beinna áhrifa af lögfestingu frumvarpsins. Til viðbótar er einnig gert ráð fyrir að frá og með árinu 2014 falli til 3 milljarða kr. útgjöld þar sem að hlutfall tekjutengingar vegna tekjutryggingar lækkar samkvæmt fyrirbyggjandi áformum. Að samanlögðu er því áætlað að frá og með árinu 2014 nemi árleg aukning útgjalda til almennatryggingakerfisins um 4,6 milljörðum kr. í tengslum við þessar ráðstafanir.“

Ég var búin að nefna þetta fyrir í ræðu minni, en þetta er sem sagt talan sem er viðbúin í tengslum við þessar ráðstafanir og áætlað er að munu hækka.

Það er einnig áhugavert sem skrifstofa opinberra fjármála nefnir í umsögn sinni um tekjuöflunarleiðir til að mæta ráðstöfunum í þessu frumvarpi, sem ekki nær að mæta kröfum þessa hóps nema að hluta til sem um ræðir, þ.e. aldraðir og öryrkjar. Til þess að mæta þeim hópi þarf að fara í niðurskurðaraðgerðir eða skattahækkunar eða lán-tökur með tilfallandi vaxtagjöldum.

Ég velti því fyrir mér hvort, þótt andinn sé góður og viljinn líka, um sé að ræða ógerlegan gjörning. Skattahækkunar í framtíðinni, það er varla eitthvað sem núverandi ríkisstjórn vill bekenna. Ekki hefur það verið andinn sem hefur ríkt hjá þeirri ágætu ríkisstjórn.

Enn og aftur. Niðurstaðan eftir lestur frumvarpsins er sú að langstærstur hópur öryrkja fær ekki leiðréttingu. Þá eru náttúrulega hæg heimatökin að áætla að það sé andi frumvarpsins og kjarni þess. Það má líka velja fyrir sér hvort frumvarpið sé kannski frekar í anda yfirlýsinga um markmið Sjálfstæðisflokksins í aðdraganda kosninganna í vor frekar en Framsóknarflokksins í þessum málaflokki.

Kunnugt er að fyrir kosningarnar einblíndu sjálfstæðismenn á að afturkalla kjaraskerðingu ellilífeyrisþega og afnáam tekjutenginga ellilífeyris en horfðu minna til alls hóps lífeyrisþega. Það var hins vegar ekki sá tónn sem forustumenn Framsóknarflokksins slógu. Til að mynda lýsti formaður Framsóknarflokksins því m.a. yfir þann 26. apríl sl. að nauðsynlegt væri að bæta öllum lífeyrisþegum skerðingarnar frá 2009. Undir þetta tók núverandi formaður fjárlaganefndar, oddviti Framsóknarflokksins í Reykv. s., Vígdís Hauksdóttir. Eftir stendur því miður að fyrsta frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hefur áhrif á kjör fámenns hóps öryrkja. Það hljóta að vera vonbrigði fyrir ráðherrann sem ég trúi einlæglega að hafi lagt fram frumvarpið og barist fyrir því í góðri trú.

[17:21]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni kærlega fyrir ræðu hennar. Það er tvennt sem ég vil sérstaklega koma inn á í andsvari mínu.

Hv. þingmaður fór aðeins í gegnum kostnaðarmatið. Ég hef áður komið upp í andsvar hvað það varðar. Í umsögn fjármáskrifstofunnar stendur, með leyfi forseta:

„Í forsendum ríkisfjármálaáætlunar sem stjórnvöld hafa fylgt undanfarin ár í samstarfsáætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur verið gengið út frá því að þessi tekjutenging“ — hér er verið að vísa til skerðingarhlutfallsins — „yrði framlengd eða gerð varanleg eða að gerðar væru jafngildar ráðstafanir [...]“

Nú hefur það komið fram í svari frá hv. þm. Árna Páli Árnasyni að svo virðist vera sem tillögur velferðarráðuneytisins um að fella þetta úr gildi 31. desember 2013 — þetta ætti í raun og veru að vera fallið úr gildi — hafi verið hunsaðar af fjármálaráðuneytinu. Er það eitthvað sem hv. þingmaður vill svara fyrir eða kannast hann við að gerðar hafi verið þessar breytingar? Og hvort hv. þingmaður sé sáttur við að þetta hafi verið framlengt og jafnvel talað um að framlengja það áfram.

Síðan vil ég ítreka að þetta er stjórnarfrumvarp sem báðir stjórnarflokkarnir standa að og er fyllilega í samræmi við stefnu beggja stjórnarflokka. Í bæklingi sem var dreift í Reykjavík stóð einmitt þessi setning: „Kjaraskerðing sem samþykkt var 2009 verði afturkölluð.“ Svo einföld var sú setning. Þetta er nákvæmlega samhljóða því sem kom fram í ályktun flokksþings framsóknarmanna, auk þess sem við höfum talað fyrir því að vinna að öðrum kjarabótum gagnvart þessum hópum sem og öllum landsmönnum.

Síðan vil ég líka ítreka að sem mikill stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar hef ég það mikla trú á þeirri efnahagsstefnu sem við boðum að ég er tilbúin að leggja þetta frumvarp fram á sumarþingi og standa fyrir því. Ég efast ekki um að það muni koma fram tillögur hér þegar kemur að fjárlögum fyrir næsta ár (Forseti hringir.) sem varða fjárlögnun á þeim.

[17:24]

**Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Varðandi fyrsta punktin treysti ég

fullkomlega mati fjármálaráðuneytisins hvað varðar kostnaðarmat við afturköllun þeirra kerfisbreytinga sem hér um ræðir og hæstv. ráðherra kom inn á.

Varðandi tekjuöflunarleiðir frumvarpsins hlýtt ég líkt og aðrir landsmenn að bíða spennt eftir þeim tillögum sem fram munu koma frá núverandi ríkisstjórn um tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs af því þær hafa ekki komið fram hingað til og ekkert bólar á þeim. Ég bíð bara spennt eftir þeim og óska eftir því, ef hæstv. ráðherra getur upplýst okkur eitt-hvað um þær, að hann komi hér og skýri frá þeim.

[17:24]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að í kostnaðarmatinu segir að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að bráðabirgða-ákvæðið sem er stærsti hluti skerðinganna mundi falla úr gildi í langtímaáætluninni sem fyrrverandi stjórnvöld unnu eftir. Síðan hefur líka komið fram í umræðunni að það virðist hafa verið eitthvað sem fjármálaráðuneytið tók upp hjá sjálfu sér en ekki verið í anda þess sem velferðarráðuneytið lagði til. Ég vil bara ítreka það.

Hér er hins vegar lagt til að hluti af þeim kjaraskerðingum sem var farið í 2009 verði afturkallaður. Þetta er fyrsta skrefið. Ég er sannfærð um, í anda þess sem hv. þingmaður sagði í ræðu sinni, að þegar við komum fram með frekari breytingar, hvort sem það verður í fjárlögum eða í sérstöku frumvarpi, muni hún styðja það.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og velfn.

**Slysatryggingar almannatrygginga, 1. umr.**

Fr. Guðbh o.fl., 6. mál (heilðarlög). — Þskj. 6.

[17:26]

**Flm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um slysatryggingar almannatrygginga. Frumvarp þetta var samið í velferðarráðuneytinu, samhliða frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, og lagt fram sem stjórnarfrumvarp á vorþingi 2013, 635. mál á 141. löggjafarþingi.

Bæði frumvörpin, þ.e. þetta og frumvarpið um almannatryggingar og félagslegan stuðning, eru nú lögð fram aftur og flutt af þingflokki Samfylkingarinnar. Þar er fyrst og fremst verið að minna á þessi frumvörp og tryggja að sú mikla vinna sem er á bak við hugmyndir um breytingar á almannatryggingalögum nýttist áfram og spili saman einmitt með því frumvarpi sem hér var til umræðu frá hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra. Ég kem betur að því þegar við ræðum hitt frumvarpið hversu mikilvægt það er að þarna er líka um að ræða uppstokkun á lögnum og breytingar og samræmingar sem er mikilvægt að halda til hags, líka vegna þess að þar var þverfagleg og þverpólitísk vinna í gangi um langt skeið sem skilaði þessari niðurstöðu og mikilvægt að hún verði nýtt áfram.

Við gerð þessa frumvarps var haft náð samráð við



Sjúkratryggingastofnun sem annast framkvæmd slysstrygginganna og byggt á tillögum lögfræðinga stofnunarinnar. Tilefni frumvarpsins var samning nýs frumvarps um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning en af því leiðir að flytja þarf ákvæði slysstryggingakafila gildandi laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, ásamt öðrum nauðsynlegum ákvæðum laganna í sérstök lög sem lagt er til að heiti: Lög um slysstryggingar almannatrygginga.

Ætlunin er að þau lög muni síðan standa sjálfstætt við hlið laga um sjúkratryggingar og fyrirhugaðra laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning og mynda þannig heildstæða lagaumgjörð um meginþætti almannatrygginga. Því til viðbótar eru í gildi ýmis sérlög á sviði félagslegs öryggis, bæði hjá ríki og sveitarfélögum.

Vegna þessa tilefnis stendur ekki til að sinni að endurskoða frá grunni efni trygginganna eða orðalag ákvæða umfram það sem bryna nauðsyn ber til í tengslum við stærra frumvarpið. Þó má telja að auðveldara verði er frá líður að breyta ákvæðum um slysstryggingar þegar þau hafa verið færð í sérlög og aðgreind frá almennum lífeyristryggingum almannatrygginga, enda er um eðlisólíkar tryggingar að ræða.

Ekki eru því lagðar til miklar efnislegar breytingar í frumvarpi þessu frá gildandi ákvæðum um slysstryggingar í lögum um almannatryggingar, aðrar en þær að lagt er til að slyshugtaki laganna verði breytt lítillega í endurflutningi hér. Þannig er lagt til að bætur og bótafjárhæðir verði þær sömu og áður og skilyrði til öflunar bótaanna eru að mestu óbreytt. Einnig eru í frumvarpinu lögð til almenn ákvæði sem eru svo til samhljóða samsvarandi ákvæðum í frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning. Er í þeim tilvikum vísað til athugasemda við samsvarandi greinar í því frumvarpi.

Þótt ekki séu lagðar til miklar efnislegar breytingar í frumvarpinu er þó gert ráð fyrir nokkrum breytingum með hliðsjón af niðurstöðum úrskurðarnefndar almannatrygginga og lagt til að tekin verði af tvímæli varðandi vafatílvik sem upp hafa komið í framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að frumvarpið hafi sérstakar afleiðingar fyrir almannahagsmunum eða helstu hagsmunaaðila, samanber einnig umfjöllun í athugasemdum við 9. og 11. gr. Þá verður ekki séð að frumvarpið hafi áhrif á stöðu kynjanna, af því að það er hluti af því sem þarf að skoða við framsetningu frumvarpa.

Hér á eftir eru tilgreindar helstu breytingar frá gildandi lögum en í athugasemdum við einstakar greinar er gerð grein fyrir því hvaða áhrif efnislegar breytingar hafa þegar það á við.

Þessar helstu breytingar frá gildandi lögum eru:

1. Slysstryggingakafli laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, er meginefni frumvarpsins en ákvæðin sett upp með örlítil breyttum hætti. Kveðið er á um markmiðið með slysstryggingum, gildissviðið er afmarkað og nokkur hugtaki skilgreind.

2. Með hliðsjón af dönskum og norskum vinnuslysarétti og íslenskum vátryggingarétti er gert ráð fyrir að heimilt verði að fella niður bótagreiðslur samkvæmt lögum hafi hinn slasaði verið valdur að slysinu af stórkostlegu gáleysi.

3. Gert er ráð fyrir því nýmæli að greiða kostnað við iðjuþjálfun og talþjálfun.

4. Lagt er til að sjúkrahjálp greiðist að jafnaði ekki vegna kostnaðar sem fellur til þegar liðin eru a.m.k. fimm ár frá slysegi en eftir það fari um rétt hins slasaða samkvæmt almennum ákvæðum laga um sjúkratryggingar.

5. Gert er ráð fyrir tíu ára hámarksfresti undanþágu til að tilkynna slys, að liðnum eins árs tilkynningarfrestinum, og bætt við því skilyrði að berist tilkynningar síðar skuli læknisfræðileg orsakatengsl vera ljós milli slyssins og einkenna hins slasaða.

6. Lagt er til að örorkulífeyrir greiðist frá 18 ára aldri til samræmis við aldursviðmið annarra laga um bætur úr almannatryggingum.

7. Það er nýmæli að í fyrsta skipti er gerð grein fyrir því á hvers konar örorkumati varanleg læknisfræðileg örorka er byggð í slysstryggingum almannatrygginga. Efni ákvæðisins er í samræmi við framkvæmd sem verið hefur en er nú sett þarna inn í frumvarpstextann.

Ég tel ekki ástæðu til að eyða lengri tíma í að gera grein fyrir frumvarpinu. Það liggur fyrir í þingskjali, en lagt er til að það fari til hv. velferðarnefndar og til 2. umr. og hljóti þar skoðun samhlíða því frumvarpi sem var hér áður og þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera á almannatryggingalögum. Ég treysti á að þeirri vinnu verði hraðað eins og hægt er og nýtt sú mikla vinna sem unnin hefur verið á síðustu árum til að við getum átt nýrra, einfaldara og skýrara almannatryggingafrumvarp og þá ný lög og skýrari um slysstryggingar almannatrygginga.

[17:33]

**Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Enn á ný er þetta orð ekki alveg rétt, þetta á ekki að vera neins konar andsvar heldur eiginlega meðsv.

Ég vil þakka hv. þingmanni kærlega fyrir að koma fram með þetta frumvarp og í raun og veru líka næsta mál. Dóttir mín á afmæli í dag þannig að ég þarf víst að víkja af fundi, en ég vildi koma hingað upp og ítreka að ég tel mjög mikilvægt sem nýr ráðherra þessa málaflöks þar sem ég tek við keflinu frá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að halda áfram endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Slysstryggingar eru hluti af því hvernig við viljum standa að því og við erum ekki hætt. Við munum halda þeirri vinnu áfram. Það hefur mjög mikil vinna verið lögð í þennan málaflökk í velferðarráðuneytinu á vegum hv. þingmanns og annarra flokksfélaga hans sem hafa setið í þessu ráðuneyti undanfarin ár. Það liggja fyrir tillögur. Þær eru eitt af þeim gögnum sem við viljum horfa til þegar við vinnum þetta áfram og ég er sannfærð um að við getum fundið leið til að vinna saman að því að bæta kerfið þó að að sama skapi leggi stjórnvöld líka áherslu á að endurmeta þessi áform um breytingar á almannatryggingunum.

[17:35]

**Fm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. ráðherra til hamingju með afmæli dótturinnar. Ég hvet hana

eindregið til að fara að sinna því verkefni og engin ástæða til að hlusta á ræðu mína, hún getur fengið útskrift af henni. Ég mun örugglega koma þeim sjónarmiðum sem þar eru á framfæri og ég veit að hún þekkir málið líka allvel.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra segi að mikilvægt sé að halda vinnunni áfram og ég held að það sé það mikilvægasta fyrir lífeyrisþega þessa lands, að við reynum að komast eins hratt og vel áfram í að einfalda og bæta almennatryggingakerfið og kjör þessara hópa. Ég treysti á að það sé samþykkanlegt markmið okkar allra hér í þinginu.

[17:35]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir ágæta ræðu og ágæta yfirferð yfir málið.

Mig langar til að spyrja tveggja spurninga. Annars vegar varðar það aðgreiningu slysattrýgginga frá skaðabótalögum þar sem menn lenda í slysi sem einhver þriðji aðili ber ábyrgð á, það á t.d. við um bílatryggingar og annað slíkt, þegar um er að ræða að menn eru jafnframt í vinnu, hvernig aðgreina menn það?

Síðan er það spurningin um örorkubæturnar í 11. gr. sem ég er alltaf jafn hissa á. Þar er greidd full örorka fyrir 75% örorku, síðan lækkar það um 2% fyrir hvert prósentustig niður í 50% og eftir það má greiða eingreiðslu. Hvers vegna er 75% örorka full örorka? Menn geta þá væntanlega unnið 25% og hvað er þá verið að bæta? Af hverju fær fólk sem er 40% öryrkjar ekki bætun reglulega ef það getur unnið 60% og vantar 40% af tekjunum, af hverju fær það þá bara eingreiðslu sem reynslan hefur sýnt að gufar mjög fljótt upp vegna mikils fjölda nýrra vina?

Svo er spurningin um barnalífeyri. Hann er fullur við 75% örorku og fer svo niður í núll við 50%. Af hverju er yfirleitt barnalífeyrir þegar maðurinn fékk ekki barnalífeyri áður en hann varð öryrki eða áður en hann lenti í slysinu? Það er yfirleitt ekki þannig að fólk sem er að vinna sé með barnalífeyri nema í gegnum skattkerfið og það heldur áfram eftir sem áður. Spurningin er: Af hverju er greiddur barnalífeyrir?

[17:38]

**Flm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal þekkir þessi mál afar vel og hefur rætt þau oft áður. Hann kann kannski betur svörin en ég varðandi margt af því sem er nefnt. Hér eru nefnilega einmitt gamlir draugar, hlutir sem þarf að ræða.

Það er alveg ljóst að það er einmitt vaxandi vandamál, samspilið á milli þeirra opinberu trygginga sem einstaklingar taka og hins vegar opinbera kerfisins sem veitir slysattrýggingar og þá líka hvort kemur á undan. Það er gjarnan ágreiningsatriði vegna þess að sum tryggingafélög setja það þannig fram að ef einhver einstaklingur verður fyrir slysi tryggja þeir það sem ekki er borgað af almennatryggingum. Spurningin hefur verið hvort þetta ætti að vera öfugt, að sá sem hefur keypt sér tryggingu, það sé borgað fyrst og síðan gripi almennatryggingar sem öryggisnet inn í á eftir.

Þetta er ákvæði sem þarf að skýra miklu betur, ég skal

taka undir það með hv. þingmanni, og er hluti af því sem þarf að vinna áfram og er tengt því sem við munum ræða í tengslum við almennatryggingarnar, þetta er atriði sem þarf að skoða betur.

Varðandi örorkubæturnar og 75% örorku er öllum kunnugt, og hv. þingmaður var einmitt í starfshópnum um almennatryggingar, að eitt af því sem hefur verið barist fyrir af honum og fleirum er að taka upp starfsgetumat, þ.e. að snúa þessu við og fara að greina hver geta fólks er til vinnu í staðinn fyrir að tala um það sem er vangeta til vinnu og skilgreinir örorkuna sem 75%. Það eru engin sérstök rök fyrir þessum 75% og það þarf auðvitað að vera stígbreytileg örorka. Það er hluti af því sem er líka tilgreint sem mikilvægt að vinna áfram í framhaldinu.

Í þriðja lagi er enn eitt sem líka þarf að skoða áfram og hefur verið skoðað og er í sambandi við að taka upp barnatryggingar í staðinn fyrir barnalífeyri. Það mun bitna á örorkulífeyrisþegum og það þarf auðvitað að vinna að því að bæta kjörin, en að lífeyrir sé bundinn við barn (Forseti hringir.) en ekki við stöðu foreldranna.

[17:40]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka svörin. Reyndar þetta síðasta að það muni bitna á einhverjum að fá ekki óeðlilegar bætur — ég tel að barnalífeyrir til öryrkja og slysattrýgðra sé óeðlilegur vegna þess að fólk var ekki með barnabætur áður, það var ekki með sérstakar bætur fyrir börnin sín áður en það lenti á örorku eða í slysi.

Ég held að menn hafi fyrst og fremst verið að hugsa um það að örorkulífeyririnn hefur verið svo lágur, hann dugur ekki fyrir framfærslu fjölskyldu með börn. Það er kannski vandamálið. Ef menn ætla að hverfa frá þeirri hugsun að örorkulífeyrir geti verið það góður að hann geti staðið undir framfærslu viðkomandi manns, þannig að hann sé jafn vel settur eins og ef hann væri vinnandi — það er einmitt það sem lífeyrissjóðirnir eiga að stefna á og eru að stefna á, að menn fái með framreikningi ákveðið hlutfall af tekjum sem þeir höfðu, sem geta þá hafa verið mjög háar. Það vill svo til að Lífeyrissjóður sjómanna er oft og tíðum að borga mjög háan örorkulífeyri í samræmi við þau laun sem eru tryggð hjá sjómönnum. Þá veltir maður fyrir sér: Af hverju þarf þá barnalífeyri þegar menn halda ákveðnum hluta eða jafnvel öllum launum sem þeir höfðu áður?

Varðandi aðgreiningu milli skaðabótalaga og félagslegrar hjálpar er ljóst að verði maður fyrir tjóni hjá tryggingafélagi, sem er tryggt hjá tryggingafélagi, þá meta þeir allar tekjur sem menn fá annars staðar frá, frá ríkinu, og það lækkar þá bætur þeirra. Þannig hefur verið litið á þetta að eftir því sem við bætum betur, t.d. þetta frumvarp um slysattrýggingu í vinnu, þá minnkar tryggingaþörfin í gegnum skaðabótalögin.

[17:42]

**Flm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessum málum. Þetta er einmitt hluti af því sem þarf að ræða áfram eins og ég sagði. Kannski er það rangt hjá mér að tala um að það bitni á einhverjum, en það er auðvitað augljóst, eins og fram hefur komið hjá hv. þing-

manni, að menn hafi svo sem reiknað með því að sá sem býr við örorku þurfi á einhvern hátt að hafa meira fyrir því að sinna börnum og öðru slíku og tekið sé ákveðið tillit til þess.

Hins vegar, eins og hv. þingmaður bendir réttilega á, ætti þetta fyrst og fremst að vera þannig að grunnbætur og bætur örorkulífeyrisþega stæðu undir allri venjulegri framfærslu miðað við starfsgetu. Síðan væri þá bættur eftir aðstæðum tilfallandi kostnaður hvort sem er vegna heilbrigðis-iskerfisins, tækja eða annars slíks, húsnæðis, sérútbúins húsnæðis, bíla o.s.frv., að því væri þá bætt ofan á eftir einhverju mati á því hverju viðkomandi einstaklingur þyrfti á að halda. Þetta er hluti af því sem þarf að vinna áfram, hv. þingmaður þekkir það mjög vel frá vinnunni í almannatryggingamálanum. Þetta þarf að vinna áfram.

Það sem ég hef áhyggjur af varðandi slysstryggingar og skaðabótalögin er að ég hef það á tilfinningunni að mjög oft sé verið að blekkja fólk, það sé að kaupa sér tryggingar sem eru í raunveruleikanum lítið umfram það sem almannatryggingar bjóða upp á. Það er auðvitað mjög sorglegt ef menn eru að borga há iðgjöld og síðan er það fyrst og fremst almannatryggingakerfið og ríkið sem fólk hefur borgað til með sínum sköttum sem ber svo kostnaðinn ef á reynir. Það þarf því að stilla þetta saman og fyrst og fremst að upplýsa fólk betur. Það kom ágætlega fram í frumvarpi hæstv. ráðherra áðan að það er einmitt eitt af þeim hlutverkum sem stofnanir þurfa að hafa, þ.e. að upplýsa fólk betur um rétt sinn, koma því betur til skila þannig að það geti þá varið sig fyrir sölumönnum sem vilja bæta við réttindum sem jafnvel eru nú þegar inni í almannatryggingakerfinu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og velfn.

### **Lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur stuðningur, 1. umr.**

Frv. GuðbH o.fl., 7. mál (heilðarlög). — Þskj. 7.

[17:44]

#### **Flm. (Guðbjartur Hannesson) (SF):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi þingflokks Samfylkingarinnar um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, en þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrumvarp og felur í sér heildarendurskoðun á almannatryggingalögum, nr. 100/2007, og lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og er lagt til að þau séu sameinuð í ein lög undir heitinu Lög um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning.

Málið er flutt hér á sumarþingi af Samfylkingunni þar sem fyrir lá að ríkisstjórnin mundi ekki flytja það, a.m.k. ekki að sinni og ekki óbreytt, en boðaðar eru breytingar á almannatryggingum og fram hefur komið fyrr í umræðunni að menn munu reyna að leitast við að sækjast eftir áframhaldandi samstarfi um þær breytingar. Við erum boðin og búin til þess og skorum á ráðherra að sá hópur sem hefur unnið að þessu starfi vinni áfram og menn vinni þetta mál til enda.

Að baki því frumvarpi sem hér er flutt liggur mikil vinna þverfaglegs og þverpólíttísks hóps sem komst að sameiginlegri niðurstöðu sem birtist í þessu frumvarpi. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að áfram verði haldið með málið og nýtt sú mikla vinna sem liggur að baki.

Hér er fyrst og fremst um að ræða breytingar hvað varðar ellilífeyrisþega en nokkur vinna er eftir varðandi örorkulífeyrisþegana, en sá kaflí verður ekki unninn án aðildar Öryrkjabandalagsins eins og ég kem nánar að síðar.

Ríkisstjórnin lofaði því í kosningabaráttunni að allar skerðingar sem áttu sér stað á árinu 2009 yrðu dregnar til baka en misvísandi yfirlýsingar hafa verið gefnar um hvort það eigi að greiðast afturvirkir frá 2009, hvað eigi að draga til baka og hvernig. Nú liggur fyrir frumvarp frá hæstv. ráðherra félags- og húsnæðismála, Eygló Harðardóttur, þar sem dregnar eru til baka tvær af þeim breytingum sem gerðar voru á almannatryggingunum og voru liður í aðgerðum í ríkisfjármálum ári 2009 og hluti af aðlögun tekna og útgjalda ríkissjóðs eftir hrunið. Í frumvarpi hæstv. ráðherra er fyrst og fremst verið að afnema skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyristekna og hækkun frítekjumarka vegna launatekna ellilífeyrisþega. Annað bíður.

Þó er kaflí úr því frumvarpi sem hér er til umræðu, kaflí um eftirlit og upplýsingar, tekinn óbreyttur upp og settur inn í frumvarp hæstv. ráðherra.

Fyrir lá hjá fyrrverandi ríkisstjórn að skerðingar áttu að ganga til baka um næstu áramót og samkvæmt frumvarpi hæstv. ráðherra gengur sú skerðing fyrst til baka um næstu áramót, eins og gert hafði verið ráð fyrir, en ekki strax eins og mátti skilja af umræðunni fyrir kosningar.

Ein meginhugmyndin við endurskoðun almannatryggingalaga var að ný lög um almannatryggingar með bættum kjörum öryrkja og ellilífeyrisþega tækju við frá síðustu áramótum. Það náðist ekki. Nú er gert ráð fyrir að þau taki gildi 1. júlí nk. samkvæmt þessu frumvarpi. Eftir sem áður get ég lýst því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar að við munum styðja ríkisstjórnina og styðja við loford þeirra um að bæta öryrkjum og ellilífeyrisþegum upp þær skerðingar sem rætt hefur verið um, en við viljum að það verði gert í samræmi við heildarendurskoðun almannatryggingalögjafarinnar. Þá sé mikilvægt að ný lög tryggji einföldun kerfisins, geri það skiljanlegra fyrir notendur og hafi þá heildarhugsun að almannatryggingar byggi á tveggja stöða kerfi, þ.e. almannatryggingum og greiðslum úr lífeyrissjóðum.

Ég fylgdi frumvarpinu sem hér um ræðir eftir á síðasta þingi með ítarlegri ræðu og vísa því til hennar og til greinargerðar með frumvarpinu um skýringar á breytingum í stað þess að endurtaka það allt hér. Engu að síður ætla ég að nefna nokkur atriði og flytja býsna ítarlegt mál um frumvarpið.

Eins og áður sagði var frumvarpið samið af velferðar-ráðuneytinu og áður félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Það var lagt fram af velferðarráðherra á vorþingi 2013, mál nr. 636 á 141. löggjafarþingi. Gerðar hafa verið nokkrar minni háttar breytingar á upphaflega frumvarpinu en frumvarpið er nú flutt, eins og áður sagði, af þingflokki Samfylkingarinnar, enda er það afstaða flokksins að óhjákvæmilegt sé að leggja nýjan grunn að sanngjörnu al-

mannatryggingakerfi og að ekki sé lengur hægt að skjóta á frest löngu tímabærum endurbótum á almennatryggingakerfinu.

Meginmarkmið með frumvarpinu er að styrkja stöðu aldraðra og þeirra sem búa við skerta starfsgetu, þ.e. öryrkja, m.a. með því að gera lög um lífeyrisréttindi almennatrygginga og tengdar greiðslur einfaldari og skýrari en búið er við í dag.

Við samningu frumvarpsins var höfð hliðsjón af tillögum sem fram komu í skýrslu verkefnisstjórnar um endurskoðun almennatrygginga frá því í október 2009 um nýskipan almennatrygginga og byggt á tillögum starfshóps um endurskoðun almennatryggingalaga sem starfað hefur frá því í apríl 2011 að lokaáfangi heildarendurskoðunar almennatryggingalöggjafarinnar.

Endurskoðun almennatryggingakerfisins er þó ekki að fullu lokið með framlagningu þessa frumvarps. Flutningsmenn leggja áherslu á að sá þverfaglegi og þverpólitíski starfshópur sem unnið hefur að gerð þessa frumvarps, sem og frumvarps um slysatryggingar almennatrygginga, vinni áfram. Hlutverk hópsins verði að halda áfram vinnu við málaflökka sem enn eru ókláraðir og má nefna nokkur atriði sem þarf að vinna að í framhaldinu.

Í fyrsta lagi var ljóst að vinna þyrfti betur að málaflöknum sem snertir bætur til foreldra langveikra og fatlaðra barna, og var vinna í gangi varðandi það, í öðru lagi starfsgetumat, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal var að spyrja um áðan. Þar var komin af staða vinna en málið reyndist flóknara en menn höfðu reiknað með og höfðu sótt sér þá fyrirmyndir að breytingum sem hafa orðið í Hollandi og Danmörku. Annað sem líka var í skoðun og þarf að vinna áfram eru lífeyrisgreiðslur og tryggingabætur til þeirra sem dvelja langdvölum á hjúkrunarheimilum, dvalarheimilum eða öðrum stofnunum, sökum öldrunar eða fötlunar, reglur um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra vegna bifreiðakaupa og/eða reksturs bifreiða, og skoða hvort barnatryggingar séu æskileg leið. Það er ekki auðvelt mál miðað við afstöðu ákveðinna hópa en engu að síður þurfum við að vinna að því heildstætt hvornig barnafjölskyldur fái aðstoð við uppeldi og þjónustu við börn sín.

Í þessari vinnu allri er eðlilegt og nauðsynlegt að leita eftir aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem var ekki aðili að þessum vinnuhópi. Almennatryggingar og félagslegar bætur tengjast og spila oft mjög mikið saman og þess vegna skiptir miklu máli að þessir aðilar vinni vel saman. Það þarf að tryggja að Öryrkjabandalagið komi að vinnunni að nýju, en þeir sögðu sig frá vinnunni í hópnum án þess að hætta í honum, tóku ekki þátt í vinnunni en fengu allar upplýsingar og fylgdust með og tóku þátt í undirhópum sumum hverjum.

Mikilvægt er að áréttta að endurskoðun á málefnum öryrkja var að mestu látin bíða í þessu frumvarpi en því þarf að halda áfram vinnunni varðandi þann þátt. Það skal tekið fram að Öryrkjabandalag Íslands hefur komið með margar ábendingar og athugasemdir við frumvarpið sem fjalla þarf um og mæta að því marki sem unnt er. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram, eins og ég segi, í góðu samstarfi við Öryrkjabandalagið og vinnunni lokið sem fyrst. Það kom t.d. frá þeim í lok maí umsögn um frumvarpið

sem er býsna margar blaðsíður með mjög gagnrýnum athugasemdum, allt atriði sem þarf að fjalla um og þarf að taka afstöðu til. Þess vegna skora ég á Öryrkjabandalagið að mæta þeirri vinnu. Nú er þeim það kannski kleift þegar á að draga til baka hluta af skerðingunum frá 2009.

Loks ber að geta að í meðförum Alþingis þarf að uppfæra upphæðir lífeyrisgreiðslna í samræmi við launa- og neyslúvísitölu og stefnu stjórnvalda og Alþingis. Ég vakti athygli á því í umræðunni um frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra að hluti af því sem hefur gerst er að kaupmáttarrýmum hefur orðið hjá lífeyrisþegum eins og öðrum og þeir hafa ekki fengið að fullu bættar þær hækkningar sem hefðu átt að koma til á síðastliðnum fjórum árum. Nú þegar svigrúmið er meira finnst mér skylda að skila því til baka. Ég saknaði þess í því frumvarpi að menn skyldu ekki koma með slíka prósentutölu strax þannig að hægt væri að stíga fyrsta skrefið þar líka sem snerti sem flesta lífeyrisþega.

Það kann að virka eins og það sé einfalt að segja að það eigi að gera þetta allt núna þegar við erum ekki lengur í stjórn, en staðreyndin er sú að menn eru búnir að fara í gegnum erfitt tímabil eins og hefur verið síðastliðin fjögur ár, þar sem skorið var niður á nánast öllum sviðum, þó að það komi mjög skýrt fram í frumvarpinu að lífeyrisþegum hafi verið hlíft umfram aðra, og kostnaðaraukningin var veruleg. Þrátt fyrir að bætur hafi ekki hækkad fjölgaði þeim sem fengu bætur. Það sem hafði meiri áhrif var að tekjurnar hrundu hjá mörgum lífeyrisþegum, ekki hvað síst fjármagnstekjur, og þá tók almennatryggingakerfið við og hækkaði verulega sín framlög í gegnum almennatryggingar. Þess vegna held ég að menn hefðu þurft að skoða þann þátt og ég veit að það mun verða gert í framhaldi. Við munum að sjálfsögðu fylgja því eftir jafnvel þó að það hafi ekki náðst í þessum fyrsta áfangi.

Með hliðsjón af því sem ég hef sagt hér að framan eru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu en þó þær helstar að sett er inn nýtt bráðabirgðaákvæði merkt X þar sem ítrekað er mikilvægi þess að halda áfram vinnu starfshóps sem unnið hefur að málinu á síðustu missirum. Bráðabirgðaákvæðið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal tryggja áframhaldandi umbod starfshóps þess sem unnið hefur að gerð frumvarpsins og skal starfshópurinn vinna að endurskoðun laga er snúa að öryrkjum í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands. Starfshópurinn skili greinargerð með tillögum að breytingum fyrir 1. október 2013.“

Þessi dagsetning er valin til þess að menn geti komið með fjárhæðir inn í fjárlög.

Við framlagningu frumvarpsins er óhjákvæmilegt að rifja lítilega upp sögu málsins. 1. október 2007 skipaði þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir verkefnisstjórn um endurskoðun almennatrygginga. Þar var m.a. horft til hugmynda um flutning málefna aldraðra til félagsmálaráðuneytisins frá heilbrigðisráðuneyti og ákveðið að vinna tillögur um fyrstu aðgerðir í langtíma-stefnumótun og jafnframt var óskað heildarendurskoðunar á almennatryggingalöggjöfinni.

Verkefnisstjórnin lagði fram tillögur til skemmri tíma í lok nóvember 2007 sem var flestum hrundið í framkvæmd

með lagabreytingum árið 2008. Þar má nefna afnám skerðingar lífeyris vegna tekna maka — og kemur mér sífellt á óvart að alltaf er verið að spyrra um hvenær eigi að gera þetta, en þetta var gert árið 2008. Einnig innleiðing frítekjumarks vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega, sem er þekkt umræða núna, úttekt séreignarsparnaðar hafi ekki áhrif á greiðslur almennatrygginga og skerðingarmörk voru lækkuð árið 2008 úr 45 í 38,35%. Því var svo breytt aftur til baka en nú er verið að tala um að fara aftur til þess sem samþykkt var 2008 af ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Þá var frítekjumark vegna fjármagnstekna og frítekjumark vegna atvinnu- og lífeyrissjóðstekna öryrkja hækkad. Aldurstengd örorkuuppbót var einnig hækkuð og 1. september 2008 var sett reglugerð um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega en sú uppbót var síðar lögfest. Sú uppbót var sett á sem aðgerð í þá átt að tryggja ákveðinn grunnlífeyri. Kostnaður við þessar breytingar árið 2008 var vel yfir 10 milljarðar kr. Ég man ekki nákvæmlega krönutöluna en var sennilega hátt í 15 milljarðar.

Í kjölfarið á þessari vinnu árið 2008 hóf verkefnisstjórnin endurskoðun á almennatryggingakerfinu með það að leiðarljósi að einfalda kerfið og bæta hag lakast settu lífeyrisþeganna. Það var verkefnið. Í samræmi við markmið verkefnisstjórnarinnar útfærði hún starf sitt á eftirfarandi hátt:

Athuga breytingar á lífeyriskerfi almennatrygginga í þeim tilgangi að bæta hag þeirra sem lægri tekjur og lakari stöðu hafa.

Leggja til róttækar tillögur um einföldun kerfisins sem næði bæði til lífeyrisflokka og framkvæmdar.

Ná fram meiri sanngirni í samspili tryggingabóta, lífeyrissjóðstekna og atvinnutekna.

Ná fram meiri hvata til öflunar atvinnutekna og sparnaðar hjá bótaþegum en áður.

Draga úr tekjutengingum einkum með hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna, lífeyrissjóðstekna og fjármagnstekna.

Afnema skerðingu vegna tekna maka lífeyrisþega.

Endurskoða skerðingarhlutföll í tengslum við breytingar á frítekjumörku.

Allt er þetta kunnuglegt og ekki hvað síst núna eftir að hafa rætt frumvarp hæstv. ráðherra fyrr í dag.

Parna var ákveðið líka að koma á lágmarksframfærslu-tryggingu fyrir lífeyrisþega og skilgreina betur réttindi sambúðarfólks og einhleypra auk eðlismunar ellilífeyriskerfisins og endurhæfingar- og örorkulífeyriskerfisins; þ.e. samspil þessara þátta.

Þá átti að færa örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfið í átt að virkari velferðarstefnu með nýju starfsgetumati og virkari þátttöku í endurhæfingu ásamt aukinni eftirfylgni og leggja línur fyrir framtíðarþróun opinbera lífeyriskerfisins og stofnanaskipan á sviði þess.

Tillögur komu svo frá verkefnisstjórn 2009 um einföldun á almennatryggingakerfinu. Þær fólu í sér sameiningu bótaflokka grunnlífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar í einn lífeyrisflokk með lágmarksframfærslu-tryggingu. Einhleypir ættu að fá hámarksfjárhæð hins nýja bótaflokks en fólk í sambúð 84% af hámarksfjárhæðinni.

Lögð var til aukin notkun frítekjumarka og að innleitt yrði frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega í áföngum, sem og hækkun frítekjumarka á fjármagnstekjur og atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Einnig voru lagðar til breytingar á skerðingarhlutfalli vegna tekna yfir frítekjumarkinu og lagt til að bætur lækkuðu alveg að núlli vegna lífeyrissjóðstekna. Þessar tillögur voru sem sagt strax komnar inn árið 2009.

Í skýrslu verkefnisstjórnarinnar frá október 2009, sem bar heitið *Nýskipan almennatrygginga. Tillögur um breytingar á lífeyriskerfinu*, kemur fram sú framtíðarsýn að kerfisbreyting þessi geti átt sér stað sem fyrst án umtalsverðra útgjalda. Meiri kjarabætur komi til síðar þegar dragi úr áhrifum fjármálakreppunnar. Hér var fjármálaumhverfið orðið allt annað eftir hrúnið og auðvitað varð að taka tillit til þeirra aðstæðna þegar verið var að stilla saman tekjur og útgjöld ríkisins

Það er ástæða til að vekja athygli á þessum kafla um sérstaka framfærsluuppbót vegna þess að það hefur nú þvælst fyrir sumum hver tilgangurinn hafi verið með því. Verkefnisstjórninni var falið að gera tillögu um skipan lágmarksframfærslu-tryggingar fyrir lífeyrisþega og var það gert með reglugerð um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega sem kom til framkvæmda 1. september 2008, eins og nefnt var áðan. Heimild til greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri vegna framfærslu var síðan innleidd í lög um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og með lögum nr. 120/2009, er tóku gildi hinn 1. janúar 2010, sbr. nú 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð. Hefur sú fjárhæð sem uppbótin miðast við verið hækkuð jafnt og þétt síðan og er nú nærri 38 þús. kr., en getur verið hærrí í sumum tilfellum

Þar sem um var að ræða viðbót til að tryggja betur framfærslu þeirra sem engar aðrar tekjur höfðu en lífeyrisgreiðslur almennatrygginga var ákveðið að þessi uppbót skertist krónu fyrir krónu við aðrar tekjur. Ljóst var að sú skerðing gat aðeins verið tímabundin enda litu margir svo á að þar með væri farið að gera upptækar greiðslur t.d. frá lífeyrissjóðum.

Það vekur athygli að í þessu nýja frumvarpi hæstv. ráðherra er ekki ráðist í lagfæringar á þessu þagnni að enn eru áfram skerðingar króna á móti krónu á sérstakri framfærslu- uppbót. Það þýðir jafnframt að þegar menn hækka greiðslurnar vegna grunnlífeyris og vegna tekjutryggingar mun það líka virka sem tekjur inn í þennan flokk.

Þess vegna er mikilvægt, af því að menn hafa verið að skoða samspil lífeyrissjóðanna og almennatrygginga, að minna á upphaflegan tilgang framfærsluuppbótarinnar sem var og er enn að tryggja tekjulágum og tekjulausum lífeyrisþegum ákveðna lágmarksfjárhæð til framfærslu í hverjum mánuði. Hér er því sem sagt komið það sem margir hafa oft verið að lýsa eftir, einhvers konar lágmarksviðmið þegar um er að ræða lífeyrisþega sem þurfa á að halda að fá greidda viðbót vegna lágra eða engra tekna. Þeir sem hafa aftur á móti aðrar tekjur og bætur almennatrygginga sér til framfærslu fá ekki þessa uppbót. Það er mikilvægt að viðhalda ákveðinni lágmarksvernd í því frumvarpi sem nú liggur fyrir en á sama tíma stuðla að því að fólk sjái ávinning af því að afla sér tekna sem og að hafa greitt í lífeyrisjóði.

Eðli málsins samkvæmt hefur ekki gefist mikið svigrúm til hækunar bóta eða annarra aðgerða sem eru til þess fallnar að bæta kjör lífeyrisþega. En eins og ég vakti athygli á fyrr í dag er fróðlegt að skoða að bætur hafa þó þrátt fyrir allt á fjórum árum hækkað um 16,2% en útgjöld ríkissjóðs um 33,6% til lífeyrisgreiðslna og almennatrygginga, farið úr 55,5 milljörðum kr. 2010 upp í 74,2 milljarða 2013 á verðlagi hvers árs.

Aðlögun útgjalda ríkisins að tekjum snertu alla málaflokkna og því miður var ekki hægt að verja að fullu lífeyrisgreiðslur, sem eru stór útgjaldaliður á fjárlögum eins og hér hefur komið fram, 74 milljarðar. Aðgerðir stjórnvalda á síðasta kjörtímabili hafa einkum falist í því að verja hag tekjulægstu lífeyrisþeganna og vinna gegn aukinni fátækt meðal þeirra. Þó náðust fram einstakar breytingar til hagsbóta fyrir lífeyrisþega á síðustu árum, t.d. tímabundin lausn á víxlverkunum milli örorkubóta almennatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóðanna. Það er óljóst um framhaldið en fyrirheit eru um að ef þetta frumvarp verður ekki samþykkt með heildarbreytingu muni sá samningur gilda næstu tvö árin.

Í úttektum Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands hefur komið fram að leiðir stjórnvalda á síðasta kjörtímabili til að milda áhrif kreppunnar hjá fólki með lágar tekjur og millitekjur hafa reynt árangursríkar og að kaupmáttur lífeyrisþega, einkum öryrkja, hefur dregist minna saman en annarra hópa í þjóðfélaginu frá haustinu 2008.

Það kemur í raun mjög vel fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um nýtt frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hversu umfangsmiklar breytingar voru árið 2008, dregnar að hluta til baka og núna verið að skila sumum þeirra aftur. Skiptir þar einnig máli að lífeyrisþegar njóta enn þeirra miklu og jákvæðu breytinga sem gerðar voru á árunum 2007 og 2008, hjá öryrkjum ekki hvað síst, að afnema tengingar við tekjur maka.

Í framhaldi af allri þessari vinnu var skipaður starfshópur 4. apríl 2011 til að vinna að lokaáfangna heildarendurskoðunar almennatryggingalöggjafarinnar og ljúka við drög að nýju frumvarpi til laga um lífeyristryggingar. Þá kom fram í erindisbréfinu að hópurinn skyldi gera tillögur að einfaldari og skýrari löggjöf með það að leiðarljósi að almennatryggingar veittu áfram lágmarksstryggingavernd vegna elli og örorku. Endurskoðunin færir fram á grundvelli núverandi tryggingakerfis á Íslandi, þ.e. tveggja stöða kerfis eins og áður hefur verið nefnt, þar sem einstaklingar á vinnumarkaði greiða í og safna upp réttindum í lífeyris-sjóðakerfi almennatryggingar veiti til viðbótar lágmarks-tryggingavernd þeim sem á þurfa að halda.

Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar tilnefndir af þingflokki Samfylkingarinnar, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar. Raunar fór þingmaður Framsóknar síðan yfir í Bjarta framtíð og fékk boð um að vera áfram en þáði það ekki. Landssamband eldri borgara átti þar fulltrúa, og Öryrkjabandalagið átti tvo fulltrúa en mættu ekki á fundi eftir ákveðna byrjun. Fulltrúar voru frá Landssamtökunum Þroskahjálpi, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og tveir sameiginlega frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambandinu. Formaður starfshópsins var fyrrver-

andi þingmaður, Árni Gunnarsson, og var skipaður af ferðarráðherra. Með hópnum störfuðu síðan lögfærðingar ráðuneytisins

Það er mikilvægt að undirstrika að stefnan er og hefur ætíð verið að halda því kerfi sem hér hefur verið byggt upp en endurskoða það og gera úrbætur á almennu tryggingastöðinni, eins og ég kalla það. Ekki er verið að tala um að bylta kerfinu, þ.e. þeirri hugmyndafræði að byggja á tveimur stöðum.

Starfshópurinn samþykkti tillögu um einföldun bóta-kerfisins vegna ellilífeyris í júní á síðasta ári. Í greinargerð með henni var farið yfir niðurstöðuna, áhrif á samspil lífeyrissjóða og almennatryggingar og áhrifin á ólíka hópa ellilífeyrisþega. Þar var einnig fjallað um kostnað við tillöguna, nauðsynlegar lagabreytingar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram með óbreytt kerfi.

Starfshópurinn lagði til að í fyrsta áfanga yrðu bótaflokkmir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót sameinaðir í einn bótaflokk sem kallaðist ellilífeyrir. Þetta mundi þýða að í dag væri hann rúmar 173 þús. kr. miðað við hækkan frá síðustu áramótum. Rétt er að taka fram strax að fjárhæðir sem tilgreindar eru í frumvarpinu þarf að uppfæra miðað við síðustu hækkanir og leiðrétt miðað við neysluvísitölu og launavísitölu síðan 2009. Þær eru ekki uppfærðar hér í frumvarpinu en þarf að skoða. Ég hef fært fyrir því rök að það standi á a.m.k. um 6% sem þyrfi að leiðrétt ef menn skoða síðastliðin ár og ég tel að við skuldam lífeyrisþegum það, fyrrverandi ríkisstjórn, og bæta þurfi úr því á þessu tímabili.

Auk þess að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingar og heimilisuppbót í einn ellilífeyri verða skerðingar samræmdar óháð hvaðan tekjurnar kæmu, þ.e. að reiknað er með skerðingum á 45% tekna lífeyrisþega sem hafi áhrif á fjárhæð þessa lífeyris.

Meginbreytingar til hækunar fyrir lífeyrisþega eru hins vegar þær að sérstaka framfærsluuppbótin verður hluti af ellilífeyrinum. Það tekur svoltínn tíma. Í byrjun var talað um að það yrði miðað við 20% þar sem hætt væri við skerðinguna krónu á móti krónu, það dytti niður í 80% strax og síðan í 70% um næstu áramót, sem mundi vera veruleg leiðrétting fyrir viðkomandi aðila, og svo koll af kolli þannig að þetta verði að fullu komið til framkvæmda árið 2017.

Með sameiningu í einn bótaflokk munu allar tegundir tekna hafa sömu áhrif á útreikninga ellilífeyris almennatrygginga og engin frítekjumörk verða í gildi. Hér er því lögd til gríðarleg einföldun á kerfinu sem næst með sameiningu bótaflokkanna, afnámi frítekjumarka og þó sérstaklega því að sömu reglur gildi um meðferð allra tekjutegunda. Gert er ráð fyrir að sú regla verði þó óbreytt fyrst um sinn að séreignarsparnaður hafi ekki áhrif á útreikning ellilífeyris.

Sameining bótaflokka gerir kerfið mun skýrara og skiljanlegra, það dregur úr flóknum útreikningum Tryggingastofnunar og hættu á of- eða vangreiðslu bóta. Niðurfelling frítekjumarka einfaldar kerfið enn meira og sú breyting mun gera kerfið réttlátara og koma í veg fyrir að lífeyrisþegum með sömu heildartekjur sé mismunað líkt og nú er gert og leiðir af því að tekjur hafi mismunandi áhrif á út-

reikning bótanna eftir því hver uppruni teknanna er. Þannig er kerfið í dag. Það má því með nokkrum rétti tala um tíma-mót í almennatryggingum hvað einföldun og gagnsæi varðar þar sem eldri borgarar munu eftir breytinguna geta reiknað út réttindi sín hjá Tryggingastofnun miðað við heildar-tekjur sínar á hverjum tíma með einfaldari hætti.

Þetta frumvarp hefur líka þann megintilgang og nær honum býsna vel að hafa jákvæð áhrif á samspil lífeyrissjóða og almennatrygginga, hvort sem horft er til skemmri eða lengri tíma. Lífeyrissjóðstekjur hafa í dag áhrif á fjárhæðir allra bótaflokka almennatrygginga en með mjög mismunandi hætti. Nú eru skerðingarhlutföllin mismunandi eftir því um hvaða bótaflokk almennatrygginga er að ræða og eins eru frítekjumörk mishá.

Ég held að í frumvarpinu sé brugðist við vandamálinu vegna sérstöku framfærsluuppátarinnar sem ég var búinn að nefna og það er einmitt verið að hætta tengingunni króna á móti krónu og þar með styrkja lífeyrissjóðina varðandi stöðu þeirra sem hafa greitt í lífeyrissjóði gagnvart almennatryggingakerfinu. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt og taka þarf á því í endurskoðun á frumvarpinu í framhaldi af því frumvarpi sem hæstv. ráðherra var að leggja fram. Það er reiknað með því að dregið verði í áföngum úr lækkun framfærsluuppátar vegna m.a. lífeyrissjóðstekna og það mun hafa víðtæk og jákvæð áhrif, einkum á viðhorf almennings til lögbundna lífeyrissjóðakerfisins.

Bent skal á að greiðsla lífeyris úr lífeyrissjóði hefur í för með sér beinan ávinning og dregur úr útgjöldum ríkissjóðs til almennatrygginga á móti til langs tíma. Það skiptir auðvitað miklu máli þegar við horfum til breytingar á aldurs-samsetningu þjóðarinnar. Þá er mikilvægt að við eigum sterka lífeyrissjóði sem koma til hjálpar ásamt almennatryggingum til að tryggja ellilífeyrisþegum og öryrkjum viðunandi og góðan lífeyri.

Tekið skal fram að þær breytingar sem hér eru lagðar til munu í langflestum tilfellum leiða til aukinna réttinda elli-lífeyrisþega. Engu að síður þykir rétt að fyrirbyggja skerðingar vegna hugsanlegra ófyrirséðra áhrifa breytinganna á hag einstaka lífeyrisþega, þannig að sett er inn tryggingarákvaði um að ef einhver skyldi vegna breytinganna lækka muni enginn fá lægri bætur en áður hefur verið. Það er sólarlagssákvæði til 2015 og mætti gjarnan lengja það til einhverra ára í viðbót.

Gerður verður samanburður á útreikningi ellilífeyris og tekjutryggingar og heimilisuppbótar fyrir gildistöku nýrra laga og hins sameinaða ellilífeyris eftir gildistöku laganna. Ef í ljós kemur að samanburðurinn er óhagstæður fyrir viðkomandi einstakling mun það verða leiðrétt.

Sú leið sem lögð er til hefur óneitanlega í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð enda vandséð hvernig hægt er að auka réttindi ellilífeyrisþega jafn mikið og raun ber vitni án þess að það hafi í för með sér aukin útgjöld ríkisins. Í tillögum starfshópsins er gerð grein fyrir árlægum kostnaði vegna tillögunnar á árunum 2013–2017 og er um þrjúættan kostnaðarauka að ræða. Hann kemur fram í kostnaðarmati því sem fylgdi frumvarpinu á fyrra þingi, en kostnaðaraukun er fyrst og fremst vegna sameiningar bótaflokka, vegna lækkanar á skerðingarhlutfalli framfærsluuppátar-

innar og vegna samanburðar við eldri reglu. Kostnaðurinn er þó ekki ýkja mikill í byrjun en þegar búið er að færa niður skerðingarhlutfallið úr 100% í 45% eins og annars staðar mun kostnaðurinn vera umtalsverður á árinu 2017.

Það er í sjálflu sér ekki ástæða til að fara ítarlegar í frumvarpið, ég er búinn að nýta þann tíma sem ég hef til þess. En ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður að vinnunni er hvergi lokið. Það hefdi verið mjög stór áfangi að samþykkja þetta frumvarp á síðasta þingi en það væri hægt að gera það núna á sumarþingi eða haustþingi. Eftir sem áður þarf að vinna áfram einstaka þætti sem ég nefndi í upphafi og tryggja betur það sem snýr að öryrkjum í frumvarpinu. Engu að síður er gert ráð fyrir að öryrkjar fái lækkun á tekjuskerðingum hvað varðar sérstaka framfærsluuppátar þannig að þeir munu njóta verulegs ávinnings af frumvarpinu ef það yrði samþykkt.

Ég óska eftir því að frumvarpið verði skoðað samhliða frumvarpi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra þannig að sú mikla vinna sem unnin hefur verið að endurskoðun laga um almennatryggingar nýtist til leiðréttinga á kjörum aldraðra og öryrkja. Þessi tvö lagafrumvörp vinna ekki endilega gegn hvort öðru þótt ljóst sé að sumar af tillögnum í frumvarpi hæstv. ráðherra eru á skjön við þetta frumvarp. Engu að síður held ég að menn eigi að halda vinnunni áfram og breyta til samræmis í framhaldi af þeirri vinnu.

Það hefur einnig komið fram að lögbundnar eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar, sem er að finna í þessu frumvarpi, eru komnar inn í frumvarp hæstv. ráðherra og ber að fagna því, þ.e. stór hluti af þeim er þar, um þagnar-skyldu og meðferð persónuupplýsinga, stjórn-sýslukæmur og fleira.

Ég óska eftir því að frumvarpið fari til hv. velferðar-nefndar og fái þar vandaða umfjöllun samhliða frumvarpi hæstv. ráðherra og verði sett í skýran farveg þar sem markmið eru sett um hvenær eigi að ljúka vinnunni og reynt að viðhalda þeirri sátt sem náðst hefur um endurskoðun á almennatryggingakerfinu.

[18:15]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjartí Hannessyni fyrir ágæta ræðu þar sem hann fór í gegnum það starf sem hafði verið unnið í þessari nefnd sem ég átti þátt í sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann kom rétt aðeins inn á framfærsluuppátöta sem ég ætlaði að ræða betur. Það er galli við þá uppátötu að hún hefur eiginlega aldrei verið rædd. Hún var sett í reglugerð í september 2008 rétt fyrir hrun, eins og hv. þingmaður kom inn á. Síðan voru sett lög um félagslega hjálp. Ég er búinn að fara í gegnum umsagnir og umræðu um þau og hvergi er talað um þennan þátt þar. Framfærsluuppátötuin fór inn umræðulaust og hafði bæði þá og áður haft mjög slæm áhrif vegna þess að þegar hún var tekin með, með skerðingu krónu á móti krónu, kom náttúrulega í ljós að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum gagnaðist fólki ekki neitt upp að 73 þús. kr.

Hv. þingmaður talaði um að framfærsluuppátötuin hefði verið sett á til að bæta stöðu þeirra sem ekki eru með réttindi í lífeyrissjóði og eru ekki vinnandi. Þá kem ég aftur inn á það sem ég kom inn á rétt áðan og vil spyrja hv. þing-

mann um: Hvaða hópur fólks á ekki rétt í lífeyrissjóði? Það eru vissulega til fatlaðir sem eru fatlaðir alla ævi og eru ekki á vinnumarkaði, þeir eru um 4–5% þjóðarinnar, það er yfirleitt hlutfallið hjá þjóðum heims. Staða þess hóps hefur verið bætt mjög mikið þó að örugglega megi gera betur. Hún var mjög döpur. Sá hópur er á örorkulífeyri og síðan á ellilífeyri á grundvelli þess. Spurningin er: Hvaða hópar fólks eru ekki með réttindi í lífeyrissjóði?

[18:17]

**Flm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hér gerir hv. þm. Pétur H. Blöndal að umræðu sérstaka framfærsluuppbot. Ég þekki það ekki hvort hún hafi hvergi verið rædd en hún endaði með því að koma inn í þingið í frumvarpi sem afgreitt var af þinginu sem lög. Það er rétt að hún kom inn í upphafi í reglugerð eins og ég gerði grein fyrir.

Ég tek alls ekki undir með hv. þingmanni að hún hafi haft slæm áhrif þótt hún hafi haft augljósa galla eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni. Ég hugsa bara til þess með hryllingi ef við hefðum ekki haft þetta þó fyrir þann hóp sem hafði ekki aðrar tekjur til að fleyta sér í gegnum þá erf- iðleika sem hafa verið á undanförunum árum. Við fengum auðvitað gagnrýni fyrir að hún hafi ekki dugað því eins og hv. þingmaður kom að fyrr í dag eru breytilegir kostnaðar- liðir erfiðir, sérstaklega húsnæðiskostnaðurinn, hann er mjög erfiður og hefur verið. Þess vegna hafa þessar tekjur ekki endilega dugað fyrir því en eftir sem áður hafa þær þó fleytt fólki áfram í gegnum erfiða tíma og verið tryggt að lágmarksframfærslan eða tekjurnar hafa verið hærri en meira að segja atvinnuleysisbætur.

Að hluta til var líka brugðist við með þessu vegna þess að það urðu skerðingar vegna vixlverkana, þegar tekjur hækkuðu hjá lífeyrissjóðum lækkuðu almannatryggingar. Það var líka tekið út í þessu ástandi.

Þegar við tölum um hverjir það eru sem hafa ekki borg- að í lífeyrissjóði og eiga ekki réttindi þá nefndi hv. þing- maður sjálfur þá sem eru fatlaðir og hafa verið það til langs tíma. Við erum líka að tala um heimavinnandi og við getum nefnt útlendinga sem koma hingað. Við erum líka að tala um fólk sem einhverra hluta vegna hefur svíkist um að borga í lífeyrissjóði. Það kann að vera, þó að lögin hafi ver- ið skýr. En það að breytir ekki því að við getum ekki sagt við fólk sem stendur uppi án tekna að við munum ekki sinna því í almannatryggingakerfinu. Það er vandinn í svona kerfi — eða ekki vandi, það er bara hlutverk okkar að sinna því. En auðvitað þarf að reyna á það að menn fari að lögum og borgi í lífeyrissjóði eins og lög gera ráð fyrir. Það er eitt af stóru verkefnum að við fáum betri aga í því að fara eftir lögum landsins.

[18:19]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, en eftirliti með greiðslum í lífeyrissjóði var ekki komið á fyrr en að mig minnir 1997, um 33 árum eftir að lagaskyldan var sett á um að borga í lífeyrissjóð. Það hefur komið fram að nokkuð stór hópur, um 40 þús. manns borguðu ekki í lífeyr- issjóð þó að hann hefði átt að gera það. Þeir standa þá án

réttinda í lífeyrissjóði fyrir framan Tryggingastofnun. Framfærsluuppbotin gagnaðist þeim kannski. En þá er það spurningin: Hvað gerðu þeir við 10% sem átti að borga í lífeyrissjóð yfir starfsævina?

Það sem mig langar til að spyrja um er þessi svokallaða einföldun. Fyrir upptöku framfærsluuppbotarinnar voru þrjár tegundir lífeyris. Það var ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbot. Síðan var framfærsluuppbotinni bætt við sem flækti kerfið mjög mikið eins og ég hef nefnt varðandi lífeyrissjóðina. En eftir breytinguna erum við eiginlega með sömu stöðu. Við erum með lífeyri, við erum með þá sem búa einir, það er sérhópur, þeir fá heimilisuppbot, einhvers konar uppbot og síðan erum við með uppbot vegna fram- færslu ef á þarf að halda í félagslegri hjálp. Kerfið er því í raun jafn flókið og það var fyrir upptöku framfærsluuppbot- arinnar.

Það kerfi sem ég sé fyrir mér felst í því að staða heimi- lisins sé bætt. Ég vil spyrja hv. þingmann hvernig honum lít- ist á það. Staða heimilisins sé bætt sem heimilisuppbot og ég veit að unnið hefur verið að því. Síðan séu almanna- tryggingar bara með einn lífeyri. Þá þarf ekki að koma með heimilisuppbot eða neitt annað, og þessi eini lífeyrir spili með lífeyrissjóðunum með einni skerðingu.

[18:21]

**Flm. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er ágætt að fá þær upplýsingar frá hv. þingmanni að eftirlitið hafi ekki byrjað fyrr en 1997, það er forvitnilegt að skoða það. En það er líka ástæða til að skoða að sumir lífeyrissjóðir hafa farið mjög illa og greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa hrunið vegna ýmissa ástæðna, ég ætla ekki að rekja þær. Þar með hafa menn ekki fengið þann lífeyri sem reiknað hafði verið með.

Við höfum líka þennan þekktu mismun að opinberu sjóðirnir hafa verið tryggðir og verðtryggðir en almennu sjóðirnir ekki. Þeir sem borguðu gegnum almennu lífeyris- sjóðina komu þar að auki seinna inn. Þetta eru allt saman hlutir sem hafa áhrif á það hvaða tekjur menn fá út úr líf- eyrissjóðunum.

Ég vil einnig nefna að kostnaðaraukinn í þessu nýja frumvarpi, sem skellur á í byrjun eða í kringum 2017 og verður til 2022, 2023, er einmitt á meðan menn eru að styrkja almennu sjóðina þannig að þeir komist í að greiða eins og væntingar voru um, allt upp í 75–80% af launum. Það mun varla nást fyrr og hefur raunar aldrei staðið til. Menn hafa reiknað með að það mundi nást á árunum í kringum 2025.

Varðandi einföldunina að öðru leyti held ég að allir sem hafa komið að þessu hafi talað um að kerfið muni verða miklu einfaldara í framkvæmd. Það er rétt sem hv. þing- maður segir að það verður fullt af aukagreiðslum. Kannski ætti að vera, eins og við ræddum áðan, einhver grunnur og síðan tækju við bætur óháð því hvort viðkomandi er öryrki, ellilífeyrisþegi eða eitthvað annað slíkt. Húsnæðisbótakerf- ið er t.d. ein leiðin, það var tilbúið og fullmótað. Húsaleigu- hlutinn var hækkaður núna til að reyna að mæta því. Hið sama má segja um barnatryggingar sem væru borgaðar vegna barna á heimili. Húsnæðisbætur væru þá miðaðar við fjölda á heimili eða óháð því. Síðan væri sérþörfum við-



komandi hópa mætt, sem geta stafað af veikindum, örorku, starfsgetu eða hvað annað sem það kann að vera og sem getur alveg eins lent á hverjum og einum, menn þurfa ekki endilega að vera öryrkjar. Ef það er vegna veikinda og fólk þarf sérstaka aðstoð væri það bætt með öðrum hætti.

Allt þetta þarf auðvitað að skoða en ég held að við þurfum að stíga afdráttarlaus skref og til þess er þetta frumvarp þannig að við komumst áfram í breytingar. Ég veit að hv. þingmaður hefur tekið þátt í þeirri vinnu og stutt hana.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og velfn.

[18:24]

**Útbýting:**

Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 47; nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 48.

Fundi slitið kl. 18:26.

---

## 15. FUNDUR

fimmtudaginn 27. júní,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Eftirlit bandarískra stjórnvalda með íslenskum borgurum (sérstök umræða).
3. Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, stj.-till., 9. mál, þskj. 9, nál. 47 og 48, brtt. 37 og 38. — Síðari umr.
4. Neytandalán, frv., 26. mál, þskj. 46. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

### Fjarvistarleyfi:

Brynjar Níelsson, 5. þm. Reykv. n.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Karl Garðarsson, 8. þm. Reykv. s.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm. Suðurk.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.

### Tilhögun þingfundar.

[10:31]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti vill tilkynna að í dag verður gert hádegishlé á milli kl. 12.30 og 13.30 vegna nefndafunda.

Þá áformar forseti fund með þingflokksformönnum síðar í dag.

Svo háttar til um 4. dagskrármálið að of skammt er liðið frá útbýtingu þingskjals. Þarf því að leita samþykkis fyrir því að taka megí málið á dagskrá. Atkvæðagreiðsla um afbrigðin fer fram síðar á fundinum, líklega klukkan hálf tvö í dag.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfunda, er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en þingsköp kveða á um. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um tillögu forseta? Ef svo er ekki skoðast hún samþykkt.

### Störf þingsins.

[10:32]

#### Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegur forseti. Í gær var eftirfarandi haft eftir eða ritað af hálfu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur á vegum DV í viðtali þar, með leyfi forseta:

„Þessi listamannalaun fóru út í vitleysu á síðasta kjörtímabili og ég fullyrði að hefðu ráðherrar framsóknarmanna farið fyrir því að láta maka tveggja ráðherra fá listamannalaun þá hefði allt orðið vitlaust og hrópað að viðkomandi

ráðherrar yrðu að segja af sér. En þar sem þetta voru samfylkingarmakar var málið þaggað niður og ekki rætt.“

Virðulegur forseti. Þetta eru náttúrlega alveg makalausa ummæli (Gripíð fram í.) hjá forustumanni stjórnarflokks sem fullyrðir að listamannalaunum sé úthlutað af ráðherrum, það séu ráðherrar sem úthluti listamannalaunum, það sé pólitísk ákvörðun í ríkisstjórn Íslands hverjir fái listamannalaun. Í þessu tilfelli hafi það væntanlega verið ákvörðun samfylkingarráðherra að makar þeirra fengju listamannalaun og málið hafi síðan verið þaggað niður. Það er ekki bara gefið í skyn að þarna sé fullkomin spilling heldur að þeir listamenn sem fengu listamannalaun séu ekki verðugir launa sinna, þeir hafi ekki verið metnir að verðleikum. Það hafi verið ákvörðun ráðherra að þessi mál væru með þessum hætti.

Ég vil spyrja hv. þm. Sigrúnu Magnúsdóttur, þingflokksformann Framsóknarflokksins, hvort hún sé sammála þessari túlkun hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur um listamannalaun og hvort hún geti tekið undir það sem fram kemur í orðum hennar að þeir listamenn sem um ræðir séu ekki verðugir launa sinna og um spillingu sé að ræða, væntanlega af hálfu fyrrverandi samfylkingarráðherra.

[10:35]

#### Sigrún Magnúsdóttir (F):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Birni Val Gíslasyni fyrir þessa fyrirspurn inn í þingið og til mín.

Eins og hv. þingmaður veit er þingflokkur Framsóknarflokksins nýtt fólk, stærsti hluti þingflokksins er að koma í fyrsta skipti til þings. Þessi málefni hafa ekki verið rædd á sumarþinginu enda teljum við líklegast til árangurs að berjast fyrir hagsmunum heimilanna og endurreisa samfélagið úr klóm stjórnarflokkanna sem hér voru á síðasta kjörtímabili.

Það er mjög erfitt að skilgreina hvað er list og ég held að enginn hér inni sé fullkomlega hæfur til þess og ekki treysti ég mér til þess. Þess vegna verður maður að trúa á þær nefndir sem eru skipaðar til að forgangsraða og gera það með eðlilegum hætti. Hins vegar var Framsóknarflokkurinn alfarið á móti því hvernig listamannalaunum var úthlutað síðast.

Framsóknarflokkurinn lítur svo á að besta leiðin til að sinna listamönnum þjóðarinnar og efla grósku í íslensku listalífi sé að örva ungt og efnilegt fólk til dáða og láta það fé sem við höfum til listgreina almennt í landinu koma heldur til unga fólksins heldur en gagnvart þeim sem eru kannski búnir að ávinna sér ákveðinn sess með list sinni og njóta þess á efri árum. Heiður getur maður veitt með mörgum hætti öðrum en með því að úthluta peningum. Maður getur úthlutað mönnum verðlaunum öðruvísi en það þurfi að vera á starfslaunum. En við viljum örva unga fólk til dáða og það er alfarið stefna Framsóknarflokksins í þessu máli.

[10:37]

#### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, varð við áskorun 32 þús. landsmanna um að hafna staðfestingu fjölmiðlalaga árið 2004 og benti réttilega á að

gjá milli þings og þjóðar væri í málinu sem best væri að brúa, með leyfi forseta: „með því að þjóðin fái í hendurnar þann rétt sem henni er veittur í stjórnarskrá Lýðveldisins og meti lagafrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Á síðasta ári sagði hann í útværspættinum Sprengisandi á Bylgjunni um kvótamálið, með leyfi forseta:

„Þar er um að ræða ráðstöfun á sameign þjóðarinnar. Þar er um að ræða hvað þjóðin, eigandi auðlindarinnar, fær í sinn hlut. Það er erfitt að hugsa sér stærra mál en það, sem mundi vera eðlilegt að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu, ef einhver hluti þjóðarinnar telur það mikilvægt.“

Nú liggur fyrir þinginu stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um að lækka það gjald sem þjóðin, eigandi sjávarauðlindarinnar, fær í sinn hlut af nýtingu hennar. Þessi lækkan getur verið um 10 milljarðar á næsta ári.

Nú hafa 34 þús. Íslendingar skorað á forsetann að undirrita ekki lög um lækkan veiðigjalds heldur vísa þeirri ákvörðun í þjóðaratkvæði, til eigenda fiskveiðiauðlindarinnar, íslensku þjóðarinnar. Aftur hefur opnast gjá milli þings og þjóðar.

Þingið er í þann mund að samþykka frumvarpið. Þar til forsetinn kemur til landsins er málskotsrétturinn, öryggisventill þjóðarinnar, í höndum forsætisráðherra og forseta þingsins sem báðir eru stjórnarliðar sem varla munu skjóta eigin frumvarpi til þjóðarinnar ef það verður samþykkt í þinginu.

Ég hef sent forsetanum bréf til að opna umræðuna og kalla eftir upplýsingum frá forsetanum því að okkur þingmönnum Pírata þætti vænt um að vita hvort og þá hvenær við þurfum að nota þau verkfæri sem kjósendur okkar treystu okkur fyrir til að vinna að beinna lýðræði, málþöfi í þessu tilfelli, til að skapa svigrúm fyrir forsetann að koma aftur til landsins til að beita því valdi sem þjóðin treystir honum fyrir, málskotsrétti forsetaembættisins, öryggisventli þjóðarinnar.

Við höfum því beðið forsetann um að upplýsa okkur hve lengi við þingmenn Pírata þurfum að þæfa málið til að hann komist til landsins til að taka málskotsréttinn úr höndum stjórnarliða.

[10:39]

### Edward H. Huijbens (Vg):

Virðulegi forseti. Sumarþing var sett 6. júní sl. og hefur nú verið að störfum í þrjár vikur. Svo vitnað sé í hæstv. forsætisráðherra úr kvöldfréttum RÚV 31. maí sl. þá lýsir hann markmiðum sumarþings þannig, með leyfi forseta, „að gefa til kynna hvert stefnt sé og jafnframt leggja fram mál sem tengjast hagsmunum heimilanna beint, t.d. í skattamálum“.

Nú er ég nýr á þingi en þessa daga sem ég hef setið hér virðist mér ekki mikil pressa á að koma fram málum sem tengjast hagsmunum heimila. Hér er tími þingfunda fjarri því að vera nýttur til fulls, dagskrá öll mjög ómarkviss og ræðst á síðustu stundu og þingmál fæst frá ríkisstjórn komnin.

Ef við lítum á samantekt þingmála eru mál frá stjórninni um breytingar á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra sem snúa aðeins að því að afturkalla tvær af sex kjaraskerðingum til lífeyrisþega í kjölfar hruns, breytingar

sem gagnast helst þeim sem tekjur hafa, ekki eru til peningarnar fyrir og fela ekki í sér neina nýja sýn á fyrirkomulag almannatrygginga til framtíðar.

Það má nefna meðferð einkamála, flýtimeðferð gengismála sem er hið besta mál en hins vegar kemur á móti frestun gildistöku laga um neytendavernd sem við ræðum hér á eftir. Áhersla var á mál um RÚV, val stjórnar, afturköllun breytinga á virðisaukaskatti í ferðaþjónustu, tvö tæknileg frumvörp um stjórn fiskveiða og svo auðvitað stóra veiðigjaldamálið. Hagstofa Íslands vildi fá í gegn lög til að tryggja sér leiðir í upplýsingaöflun. Það er ekki komið frá stjórn. Sama má segja um frumvarp um Seðlabanka Íslands, um varúðarreglur og aðgang að upplýsingum, það er heldur ekki komið frá stjórn.

Stóra málið um skuldavanda heimilanna sem rætt verður hér á eftir er í tíu liðum. Það felur einfaldlega í sér að skipa sérfræðingahóp, kanna, skipa verkefnisstjórn, setja á fót sérfræðingahóp til að kanna og sérfræðingahóp til að meta. Það sem gera skal er að afnema stimpilgjöld, veita Hagstofu völd til upplýsingaöflunar, samanber frumvarp um það, og lögfesta flýtimeðferð dómstóla sem komið er fram.

Það er ekki margt bitastætt hér fyrir heimilin og sú stefna sem gefin er til kynna, svo vitnað sé aftur í hæstv. forsætisráðherra, snýr alfarið að hag fyrirtækja og þeirra sem eiga og hafa.

[10:42]

### Þorsteinn Sæmundsson (F):

Hæstv. forseti. Barátta fyrir bættum hag heimilanna í landinu er eitt fremsta og fyrsta áherslumál þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þegar hafa verið stigin skref til undirbúnings skuldaleiðréttinga ásamt því að starfshópur mun fara yfir vísitölutryggingu lána með það að markmiði að leggja verðtryggingu neytendalána af.

En fleira skiptir íslensk heimili máli en sligandi skuldir. Þróun vöruverðs á nauðsynjavörum veldur miklum áhyggjum. Nýlegar fréttir herma að á tímabilinu september 2012 til apríl 2013 hafi verð á nauðsynjavörum hækkað um 12%. Á sama tímabili styrktist gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum um önnur 12%.

Svipuð þróun átti sér stað fyrir nokkrum missirum þegar krónan styrktist um 20% á ákveðnu gefnu tímabili en á sama tímabili hækkaði verð á nauðsynjum umtalsvert.

Hæstv. forseti. Vörudreifing og verslun með nauðsynjar á Íslandi er með þeim hætti að þrír stórir aðilar hafa markaðsráðandi stöðu og eru í færum til að skipta markaðnum á milli sín. Þeir stærstu þessara þriggja aðila hafa einnig yfir að ráða stærstu heildsölu landsins. Það er sérstakt áhyggjuefni þegar verðþróun nauðsynjavara er með þeim hætti sem kom fram í orðum mínum hér á undan.

Það er einnig og ekki síður áhyggjuefni að starfsmönnum verðlagseftirlits skuli gert erfitt að sinna starfi sínu.

Fram hefur komið af hálfu Samtaka verslunar og þjónustu að helstu leiðir til lækkunar vöruverðs sé að þeim sé gert kleift að flytja inn kjöt af erlendum uppruna ásamt því að ríkið létti vörugjöldum af innfluttum vörum, þ.e. að ríkið annist lækkan vöruverðs. Svo virðist sem verslunareigendur treysti sér ekki til þess. Það lítur ekki út fyrir að verslunareigendur hafi komið auga á hagræðingarmöguleikana í

greininni þrátt fyrir að í nýlegri skýrslu komi fram að hér sé t.d. verslunarhúsnæði miklu stærra og meira en í nágrannalöndum og afgreiðslutími afar langur með tilheyrandi kostnaði.

Ef (Forseti hringir.) ekki verður breyting á held ég að nauðsynlegt sé fyrir stjórnvöld að grípa inn í með einhverjum hætti.

[10:44]

#### **Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Í gær komu fréttir af sæstreng til Evrópu. Hér er um að ræða framkvæmd sem kostar á bilinu 400–500 milljarða sem er álíka mikið og bókfært verð eigna Landsvirkjunar, eða u.þ.b. tvöfalt það sem kostar að byggja samsvarandi atvinnustarfsemi á Íslandi sem nýttir það rafmagn sem færi um sæstreng. Ég held að við þurfum að staldra aðeins við og athuga hvar við ætlum að virðisauka rafmagnið. Ætlum við að gera það hér heima eða ætlum við að gera það erlendis?

Mér finnst það síðara svipað og að selja útlendingum veiðileyfi að íslensku fiskimiðunum. Ég held að engin okkar vilji það. Auk þess mun sæstrengur hækka verulega verð á orku til heimila á Íslandi og ekki síður til hinna smærri og meðalstóru orkusækinnna fyrirtækja sem við öll í þessum salhöfum talað um að þurfi að styrkja. Mér finnst að við séum svolítið að bíta í halann á okkur og ég spyr: Hvernig ætlum við að mæta ylraektinni með lækkun raforkuverðs ef við ætlum að flytja orkuna út?

Auk þess verða gerðir á næstu árum, innan ekki svo langs tíma, nýir samningar um orku til þeirra stóriðjufyrirtækja sem eru í landinu. Frá árinu 2018 og næstu ár á eftir eru samningar fyrir höndum og ég spyr: Verður svigrúm til þeirra samninga eða ætlum við að flytja alla orkuna úr landi?

Ég varpa þessu fram til að við hugsum þetta mál. Mér finnst að við þurfum að huga vel að því hvernig við ætlum að nýta orkuna í framtíðinni og hvort virðisaukinn af henni eigi að vera eftir í landinu eða hvort við ætlum að flytja hann líka út.

[10:46]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er haft eftir formanni fjárlaganefndar að það sé stefna Framsóknarflokksins að afnema skuli listamannaalaun í þeirri mynd sem þau eru og velja og styrkja í staðinn unga, efnilega listamenn. Einnig gerir hv. þingmaður athugasemdir við úthlutun listamannaalauna á síðasta kjörtímabili og nefnir tengsl við ráðherra í því sambandi.

Það er hlutverk launasjóða hönnuða, myndlistarmanna, rithöfunda, sviðslistafólks, tónlistarflytjenda og tónskálda að veita listamönnum starfslaun og styrki samkvæmt lögum um listamannaalaun. Sérstakar nefndir annast úthlutun starfslauna úr sjóðnum og þær eru skipaðar samkvæmt tilögum fagfélaga sjóðanna og á að fara eftir ákveðnum viðmiðum við úthlutunina.

Ég vil spyrja formann fjárlaganefndar, hv. þm. Vigdís Hauksdóttir, hvernig það að einangra starfslaun við unga, efnilega listamenn komi til móts við það markmið laga um

listamannaalaun að efla listsköpun í landinu og hvort hún telji það markmið ekki mikilvægt, t.d. til að ýta undir vöxt í skapandi greinum og þess framlags sem þær greinar skila til samfélagsins, hvort breytinga á listamannaalaunum sé að vænta á næstunni og hvort stjórnarflokkarnir muni hafa áhrif á fagnefndir launasjóðanna og setji þeim viðmið, t.d. um tengsl við þingmenn eða ráðherra, og hafa með þeim hætti áhrif á val þeirra.

Einnig vil ég spyrja hv. þingmann hvort rétt sé um að skera listamannaalaunin niður frá því sem nú er og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á úthlutun heiðurslauna listamanna sem hv. allsherjar- og menntamálanefnd sér um.

[10:48]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu um listamannaalaun því að þau hafa oft verið í umræðunni. Eins og hv. þm. Oddný Harðardóttir fór yfir er listamannaalaunum úthlutað með tvenns lags hætti, þ.e. annars vegar samkvæmt lögum um heiðurslaun listamanna sem allsherjarnefnd gerir tillögu um með breytingu í fjárlögum. Á milli fjárlagaára í tíð síðustu ríkisstjórnar var úthlutað 43 milljónum árið 2012 en í fjárlögum síðasta árs 81 milljón. Það var rifleg hækkun á úthlutunum og í það var ég að vísa í umræddu viðtali í DV í gær, sem hv. þm. Björn Valur Gíslason gerði mér svo mikinn greiða að lesa upp í byrjun þingfundar.

Hins vegar eru það lög um listamannaalaun. Hv. þm. Oddný Harðardóttir fór vel yfir hvaða listamenn falla undir þau, en í fjárlögum síðasta árs, á bls. 52, eru þeir listamenn sem undir þau lög falla að taka til sín rúmar 500 milljónir.

Hér erum við því komin með 600 milljónir í ríkisframlög til listamanna. Hv. þm. Oddný Harðardóttir spyr hvort draga eigi úr greiðslum til þessara hópa í fjárlagagerð yfirstandandi árs. Því get ég ekki svarað vegna þess að fjárlagafrumvarpið er skrifað í fjármálaráðuneytinu, eins og hv. þingmaður veit. Þessi mál eru að sjálfsögðu öll til skoðunar.

Það er stefna Framsóknarflokksins, og hann hlýtur að mega hafa þá skoðun í friði fyrir öðrum stjórnmálaflokkum, að betra sé að styrkja ungt og efnilegt listafólk og það eigi að gera. Eins og hv. þm. Sigrún Magnúsdóttir fór yfir er heiður með ýmsu móti í samfélaginu, það þurfa ekki að koma greiðslur til.

[10:51]

#### **Jóhanna María Sigmundsdóttir (F):**

Hæstv. forseti. Á forsiðu *Fréttablaðsins* í dag er að finna frétt um fyrsta samkynhneigða parið til að ættleiða barn hérlendis. Þessar fregnir eru mjög ánægjulegar og mér finnst þetta svo sjálfsgætt að ég las fréttina meira af áhuga en nokkurn tímann af undrun. En í lok fréttar er haft eftir Sindra Sindrasyni, öðru foreldrinu, með leyfi forseta:

„En sem betur fer ætla stjórnvöld að lögleiða staðgöngumæðrun. Ef þetta hefði ekki gengið hér hefðum við farið til Indlands eða annað til að finna okkur staðgöngumóður. Það er alveg ljóst.“

Á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrr á þessu ári var mikið rætt um staðgöngumæðrun og er ég stolt af því að

þar var fremst í flokki ungt fólk innan flokksins. Niðurstaðan varð sú að við skyldum styðja við vinnu nefndar um staðgöngumæðrun sem sett var á fót, þökk sé baráttu hæstv. núverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Í áfangaskýrslu nefndar segir, með leyfi forseta:

„... [er] nauðsynlegt að málið fái ítarlega umræðu og umfjöllun í samfélaginu áður en afstaða er tekin til þess hvort heimila eigi staðgöngumæðrun og þá með hvaða skilyrðum.“

Herra forseti. Ég hef verið talskona fyrir athugun á möguleikum staðgöngumæðrunar hérlandis. Ég veit að sú vinna er í gangi en því miður finnst mér sem þessi umræða og umfjöllun hafi þagnað, umræða sem við verðum að fara að horfast í augu við þar sem fólk er í dag neytt til að snúa á kerfið til að láta sinn heitasta draum rætast. Með því að klára vinnu nefndar og taka umræðu getum við komist að niðurstöðu fyrr en seinna og tekið af vafa fjölmargra einstaklinga sem að þessu málefni koma á einhvern hátt.

[10:53]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Mig langar að vekja athygli þingheims á frétt um könnun sem Capacent gerði um viðhorf Íslendinga til þess að klára viðræðurnar við ESB. Í ljós kemur að helmingur Íslendinga vill klára viðræðurnar og um 40% vilja slíta þeim. Þá sögðust 9,3% landsmanna vera hlutlaus um málið.

Þetta kemur fram í netkönnun sem Capacent gerði fyrir samtökin Já Ísland á dögum 13.–24. júní. Þetta er mál sem kemur til með að halda áfram að skipta þjóðinni í tvær fylkingar ef ekki verður úr því skorið hvert á að fara. Þess vegna hef ég þingheim til þess, sérstaklega þingmenn stjórnarflokkanna, að setja niður dagsetningu um hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald viðræðnanna fari fram. Stjórnarflokkarnir lofuðu þessu fyrir kosningar og þeim hlýtur að vera umhugað um að uppfylla það loforð. Þetta er eitt af þeim loforðum sem einna auðveldast er að uppfylla. Það þarf bara að setja dagsetningu og svo ákveðum við hvernig haldið verður á þessum málum.

Ég vil líka segja í þessu sambandi að ég vara við þeirri áherslu að líta á inngöngu í Evrópusambandið sem inngöngu í einhvers konar sveitaklúbb eða golfklúbb þar sem menn velta fyrir sér hvaða fríðindi fylgi því að ganga þar inn á hverjum tíma, hvort það sé betra núna en það var á síðasta ári eða verði betra seinna. Þetta snýst um meginafstöðu og grundvallarafstöðu í því hvernig menn leysa málin og hvernig menn vilja treysta fullveldið í samstarfi sjálfstæðra þjóða, hvernig sameiginleg vandamál séu best leyst og hvernig vandamál heimsbyggðarinnar séu leyst, hvort það sé gert á vettvangi þjóðríkisins eins — sem ég held að sé ekki og held að sé fullreynt — eða hvort það sé gert í öflugum samstarfi þjóða eins og Evrópusambandsins sem hefur sýnt, sérstaklega til dæmis á vettvangi umhverfismála, að það er besta leiðin til að takast á við sameiginlega vá.

[10:55]

#### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Hæstv. forseti. Mig langar að vekja athygli á meðferð

forsjarmála í evrópskum dómskerfum. Þar eru mörg mál í gangi, bæði innan landa og milli landa, og það hefur verið sérstaklega gagnrýnt af þeim sem þar berjast hvernig til dæmis danska kerfið tekur á þeim málum. Einnig hafa gagnrýnisráddir borist frá fulltrúum Evrópuþingsins og gagnrýna þeir meðferð forsjarmála í kerfinu og sérstaklega í þeim málum þar sem annað foreldrið er ekki upprunnið þaðan sem málið er sótt. Evrópunefndin telur þetta vera alþjóðlegt vandamál þar sem traðkað sé á réttindum barna og fullorðinna.

Hér er um að ræða mannréttindamál og þau varða okkur öll. Þarna virðast hlutirnir ekki vera í lagi því yfir Evrópu og vert gæti verið fyrir okkur að skoða afstöðu okkar í þessum málum.

[10:56]

#### **Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Hv. formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, lýsti því yfir í viðtali á beinni línu í DV í gær að ríkisstjórnin væri með frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar að færa til baka 16–17 milljarða skerðingu sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir. Við erum að bæta tjónið, þeir eru að fá leiðréttingu sem voru skertir, sem höfðu orðið fyrir tjóni, sagði hún.

Ég verð að viðurkenna að þessi fullyrðing kom mér og eflaust fleirum á óvart því að mér er ókunnugt um þessa 16–17 milljarða sem ríkisstjórnin tók af öldruðum og öryrkjum. Einnig koma orð hv. þingmanns á óvart vegna þess að væntanlegar breytingar á útgjöldum ríkissjóðs vegna frumvarps hæstv. félagsmálaráðherra um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem hún lagði fram á þingi í gær, gera ráð fyrir því að kostnaður við frumvarpið verði 4,6 milljarðar á ári fyrir ríkissjóð.

Ekki er gert ráð fyrir tekjulíðum fyrir ríkissjóð í frumvarpi hæstv. félagsmálaráðherra eða í nokkrum af þeim tillögum eða frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem hingað til hafa komið fram. Í umsögn skrifstofu opinberra fjármála við frumvarpið er lögð áhersla á að til að mæta þessum kostnaði verði að gera ráðstafanir sem skattahækkanir, niðurskurð í öðrum málaflokkum eða lántöku með tilheyrandi vaxtakostnaði. Fyrir utan það að af rúmlega 43 þúsund lífeyrisþegum fá aðeins 7 þúsund leiðréttingu á skerðingu sem er fjarri því að vera allir aldraðir og öryrkjar, líkt og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir lýsti yfir í viðtalinu.

Spurning mín er þessi: Hvaða tekjuöflunarleiðir leggur hv. formaður fjárlaganefndar til til að mæta kostnaði við frumvarp hæstv. félagsmálaráðherra? Ef það er í þágu hjá hægri stjórninni, sem hv. þingmaður styður, að leiðrétta skerðingu 36 þúsund lífeyrisþega sem ekki fá skerðinguna leiðrétta núna væri gott fyrir lífeyrisþega að fá að vita nánar af þeim áformum. Og fyrir áhugamenn um ábyrga stjórn ríkisfjármála væri gott að fá að vita um tekjuöflunarleiðir við þá viðbótaraðgerð sem þingmaðurinn talar um í þessu viðtali.

[10:59]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill taka fram að mælendaskrá er orðin fullskipuð vegna þessa dagskrárlíðar.

[10:59]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Það er ekki að spyrja að því, það viðrara alla daga vel til loftárása af hálfu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur. Ég verð að segja alveg eins og er að mér er nóg boðið og þess vegna kem ég hér upp til þess að verja minn maka. (**Gripið fram í:** Já.) Það að þingmenn skuli koma hér og ræða um maka annarra þingmanna er hreinlega fyrir neðan allar hellur, sérstaklega þar sem þeir hafa lítil tók á því að verja sig fyrir slíkum loftárásum. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Er það ekki örugglega þannig að hv. þm. Vigdís Hauksdóttir hafi hér málfrelsi? Vegna þess að þá er best að setja hana á mælendaskrá ef hún getur ekki setið þegjandi undir minni ræðu.

(**Forseti (EKG):** Forseti vill taka fram að eins og hv. þingmenn vita kemst takmarkaður fjöldi á mælendaskrá í þessum dagskrárlið. Mælendaskráin er full og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir var ekki á mælendaskrá.)

Er það réttlætning fyrir því að hún fái þá að gjamma fram í? Virðulegur forseti, ég kem hér upp vegna þessa. Ég held að hver og einn þingmaður hér inni ætti að hugsa um það ef hér er verið að byrja með einhvers konar nýjar aðferðir sem snúast um að þingmenn ræði um maka annarra þingmanna út af mögulegum og ómögulegum málum. Mér finnst vont að sitja undir þessu vegna þess að minn maður var búinn að vera rithöfundur lengi áður en við kynntumst, hann var búinn að fá starfslaun úr listamannasjóði frá 1996 og við kynntumst 14 árum síðar. Hann hefur fengið minna eftir að við kynntumst ef eitthvað er og ég geri ráð fyrir því að það sé á faglegum forsendum.

Virðulegur forseti. Ég vil um leið og ég ber af mér sakir sem á mig eru hér bornar taka fram að ég kom hvergi nálægt einu eða neinu hvað varðar úthlutun til míns manns úr starfslaunasjóði listamanna eftir að við kynntumst. Ég óska eftir því að hæstv. forseti hlutist til um að verja maka þingmanna fyrir slíkum árásum með því að hlutast til um að rannsókn verði hreinlega gerð á þessu máli þannig að mannorð þeirra verði hreinsað. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:01]

**Björn Valur Gíslason (Vg):**

Virðulegur forseti. Þau svör sem ég fékk frá hv. þingflokksformanni Framsóknarflokksins áðan voru í sjálfu sér ágæt en þau voru röng vegna þess að þau voru ekki svör við spurningunni sem ég spurði. Ég spurði ákveðinna spurninguna en fékk svör við öðrum. Ég spurði ekkert að því hver stefna Framsóknarflokksins væri í listamannalaunum. Ég veit hver hún er. Hún kemur fram í stefnu flokksins eins og hún birtist á heimasíðu hans og var samþykkt á landsfundi. Hún felst í því að ungt fólk með listræna hæfileika eigi að fá laun. Hvernig á nú að meta það? Á að fara með það með sama hætti og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir telur og fullyrðir að farið hafi verið með heiðurslaun listamanna og listamannalaun?

Verður þá farið að tala um samfylkingarbörnin? Verður þá farið að tala um vinstri börnin? Hvers konar ruglumræða er þetta af hálfu framsóknarmanna hér, bæði hv. þm. Vig-

dísar Hauksdóttur, sem lætur slíkt frá sér fara, og hv. þingflokksformanns Framsóknarflokksins? Ég hélt satt að segja að hann mundi taka af skarið með þetta og lýsa því yfir, fyrir sína hönd og þingflokks Framsóknarflokksins, að þeir tækju ekki undir þau orð sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir lét frá sér fara um að það væri pólitísk spilling, það væri ráðherraúthlutun á listamannalaunum og það færi eftir því hvernig ríkisstjórn væri skipuð hverju sinni hverjir fengju listamannalaun og hefði ekkert með listræna hæfileika viðkomandi að gera. Það er það sem er sagt hérna, það er það sem er sagt og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir hefur ítrekað í ræðum sínum.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur, ég ætlast til þess að hæstv. forseti þingsins hlutist til um þetta mál, ræði í það minnsta við viðkomandi þingmann. Mér þykir ekki ólíklegt að óskað verði eftir því að fram fari rannsókn af hálfu þingsins á því hvernig listamannalaunum var úthlutað, að minnsta kosti í þessu tilfelli.

[11:03]

**Elín Hirst (S):**

Herra forseti. Þær ánægjulegu fréttir hafa borist að Manntal Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 hefur verið samþykkt á lista UNESCO Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna yfir minni heimsins. Á lista UNESCO eru nú um 300 merk skjöl en tilgangurinn með listanum er að tryggja betur að slíkur menningararfur sé skráður og varðveittur og aðgengilegur öllum.

Þetta minnir okkur þingmenn á hvað Íslendingar eiga mikil menningarverðmæti og hvað þau eru mikilvæg fyrir okkur sem þjóð meðal þjóða og hve mikil ábyrgð hvílir á okkur að vernda þau og jafnframt að leyfa fólki að njóta þeirra. Manntalið frá 1703 er elsta nákvæmasta manntal sem enn er varðveitt í heiminum og algjör dýrgripur og mikilvægur hluti af þjóðmenningu okkar. Þar er getið nafns, aldurs og þjóðfélagsstöðu allra íbúa landsins.

Gríðarleg fátækt og örbirgð var í landinu á þessum tíma og Danakonungur fékk þá Pál og Árna til að gera manntalið og síðan jarðabók til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir ástandinu. Það er gaman að fletta upp í manntalinu og reyna að setja sig í spor þeirra sem voru uppi fyrir 300 árum. Með leyfi forseta:

„Á Efrinúpi í Miðfjarðarhreppi býr Engilrād Jónsdóttir, fátæk ekkja, 65 ára að aldri. Þar hefur hún verið til húsa um liðinn vetrartíma og fyrir sig til fæðis lagt það góðir menn henni í Guðs nafni á fyrirfarandi sumri hafa gefið. Á þessum vetri keypti hún gamlan sauð, þrjá fjórðunga fiskjar og nokkra mjólk fyrir járnþott og merarfolald. Einnig fær hún mjólk úr á einni sem hún á sjálf auk þess sem hún á einn hrossakapal 24ra vetra.“

Það er gott að hafa söguna til viðmiðunar þegar við metum stöðu okkar í dag og minnir okkur á að ef til vill má stundum nota vægari orð þegar við kvörtum undan lífskjörum í landinu.

Umræðu lokið.

**Útbýting:**

Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál, brtt. ÁPÁ o.fl., þskj. 50; brtt. KaJúl o.fl., þskj. 51.

**Afbrigði um dagskrármál.**

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls og þskj. 50–51. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

**ja:** ÁsF, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, ELA, FSigurj, GuðbH, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, JMS, JónG, KaJúl, LínS, OH, PVB, PJP, PHB, RR, RM, SigrM, SilG, ValG, VigH, VilÁ, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

2 þm. (BirgJ, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁPÁ, ÁsmD, BÁ, BjG, BjarnB, BN, EyH, GBS, HHj, HöskÞ, IIIG, KG, KJak, KÞJ, KLM, LRM, ÓP, REÁ, RBB, SDG, SÁA, SII, SIJ, SSv, UBK, VBJ, VilB, ÓS) fjarstaddir.

**Sérstök umræða.**

Eftirlit bandarískra stjórnvalda með íslenskum borgurum.

[11:08]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa umræðu. Í okkar nútímasamfélagi þykir það sjálfsagt mál að stundaðar séu viðtækar nýsónir á almennum borgurum og fulltrúum þjóðarinnar.

STASI-aðferðir eru ástundaðar í óljósu margfeldi, en það er kannski bara allt í lagi því nýsónir fara fram á internetinu og það eru ekki raunheimar og því varla raunverulegt, eða hvað? Ólíkt STASI, sem á sínum tíma var víðtækasta eftirlitskerfi sem framfylgt hefur verið í raunheimum, þar sem nýsnað var um alla borgara Austur Þýskalands, ganga nýsónir NSA enn lengra enda hafa nýsónir þeirra gagnvart almenningi engin landamæri og ná yfir alla sem nota stafræna miðla á einn eða annan hátt. Fram hefur komið að PRISM, nýsnaveita NSA, vísti og samkeyri upplýsingar um fólk, bæði frá símafyrirtækjum og netfyrirtækjum eins og Google, Yahoo, Facebook, Skype, Apple og Microsoft.

Enn hafa ekki komið fram neinar yfirlýsingar frá íslenskum stjórnvöldum í tengslum við leka þá sem Edward Snowden ber ábyrgð á að hafi komið fyrir sjónir almennings. Í því ljósi langar mig að spyrja hæstv. innanríkisráðherra hver hennar afstaða sé gagnvart þeim möguleika að um íslenska borgara hafi verið nýsnað. Hefur ráðherrann sent bandarískum og breskum yfirlöngum fyrirspurn um hvort fylgst hafi verið með Íslendingum á sama hátt og fylgst hefur verið með öðrum borgurum í Evrópu? Hefur hæstv. ráðherra farið fram á svör við því hvort Íslendingar séu líka fórnarlömb NSA-prógramsins og starfsháttá bresku nýsnavestofnunarinnar GCHQ? Ef svarið er nei þá spyr ég hvort ráðherrann telji ekki nauðsynlegt að fá fram þessar upplýsingar. Þögn og andvaraleysi íslenskra yfirlvalda er yfirþyrmandi ef hafður er í huga alvarleiki málsins.

Ef í ljós kemur að Íslendingar hafi orðið fyrir nýsnum af þessu tagi, telur ráðherra þá ekki að krefja þurfi bandarísk og bresk stjórnvöld um útskýringar á háttalagi sínu og tryggja eins og kostur er að ekki verði brotið á friðhelgi einkalífs Íslendinga í framtíðinni? Því væri gagnlegt að vita hvernig ráðherrann ætlar að beita sér í því samhengi. Þá langar mig að vita hvaða lög vernda rétt almennings á Íslandi gegn eftirliti erlendra yfirlvalda og hvert fólk geti leit að sem telur að á sér hafi verið brotið. Því miður er það svo að engu landi og engum alþjóðasamtökum hefur tekist að finna leið til að verja borgara sína gagnvart NSA. Hyggst hæstv. innanríkisráðherra beita sér fyrir alþjóðasamtarfi til að auka líkur á að ráðherrann geti sinnt skyldum sínum til að verja borga landsins fyrir erlendum nýsnavestöðum?

Ég er meðvituð um að núverandi ríkisstjórn vill sem minnst samsama sig við Evrópusambandið, en þar er þó horfst í augu við alvarleika málsins. Sú hugmynd að slá stafrænni og lagalegri skjaldborg um Evrópu er eitthvað sem heyrst nú í sívaxandi mæli. Hugmyndin var mikið rædd á ráðstefnu um netöryggismál sem ég tók þátt í fyrr á þessu ári í Brussel. Þá var ekki einu sinni búið að fá opinbera staðfestingu á því hve umfangsmiklar og víðtækar þessar nýsónir eru. Ótti þeirra sem ber að vernda almenning gagnvart árásum á friðhelgi einkalífs snýr ekki að Kína, Íran eða hryðjuverkasamtökum, nei hann nýst um að svo virðist sem að um algert stjórnsleysi sé að ræða hjá bandarískum yfirlöngum þegar kemur að brotum á friðhelgi einkalífs almennings um heim allan.

Ljóst er að þetta er ekki einkamál bandarískra né breskra yfirlvalda, þetta varðar öll heimsins lönd og það fólk sem treystir því að yfirlöng verndi grundvallarmannréttindi sín.

En skiptir þetta okkur einhverju máli? Ég hef ekki gert neitt af mér og ég hef ekki neitt að fela, segja margir. Það sem gleymist í þessu samhengi er að til dæmis blaðamenn geta ekki tryggt öryggi heimildarmanna sinna, lögfræðingar geta ekki gætt friðhelgi skjólstaðinga sinna, læknar geta ekki gætt friðhelgi sjúklinga sinna, þingmenn geta ekki gætt öryggis kjósenda sinna, ráðherrar geta ekki gætt öryggis landsins. Vert er að benda á þá staðreynd að þeir sem vilja hylja slóð sína kunna að nýta sér dulköðun, en aðrir eru grandvaralausir gagnvart þörf á slíku og öll þeirra einkamál eru á torgum úti án þeirrar vitneskju.

Í bréfi sem Viviane Reding, dómsmálastjóri ESB, sendi Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, krafðist hún upplýsinga um nýsónir Bandaríkjanna sem beindust að ráðamönnum og almennum borgurum í Evrópu. Reding getur þess í bréfinu til Holders að svar hans gæti haft áhrif á samskipti Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Hefur hæstv. innanríkisráðherra ritað sambærilegt bréf og ef svarið er nei, af hverju ekki?

[11:13]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, þingmanni Birgittu Jónsdóttur, fyrir að taka þetta mál upp hér á Alþingi. Varðandi það sem þingmaðurinn nefnir, og lýtur sérstaklega að fréttum undanfarna daga og viðbrögð-

um íslenskra stjórnvalda vegna þess, þá er það hárrétt hjá þingmanninum að undanfarið hafa ýmsir hér heima og erlendis fjallað um upplýsingar frá hinum bandaríska Edward Snowden sem benda til þess að bandarískar og breskar öryggisstofnanir hafi fylgst með og vistað upplýsingar um stofnanir og einstaklinga um allan heim umfram það sem talist geta eðlilegar ráðstafanir um varnir gegn hryðjuverkum.

Fréttir þessar hafa hins vegar hvorki verið ítarlegar né nákvæmar heldur fremur fjallað um það hvaða tækni er til staðar og hvernig hugsanlegt er að nýta hana. Engu að síður er það rétt sem kom fram í máli þingmannsins að einstaka dæmi hafa verið nefnd um meintar njósnir og óeðlilega upplýsingaöflun og í kjölfarið hafa nokkrar Evrópuþjóðir — líkt og málshefjandi kom inn á, þar með talið framkvæmdastjórn Evrópusambandsins — síðustu daga óskað skýrra svara frá breskum og bandarískum yfirvöldum um þessar óstaðfestu fréttir þess efnis að njósnastofnanir þeirra hleri ljósleiðara sem flytja símtöl og netsamskipti.

Hvað varðar spurningar málshefjanda þá er rétt að það komi fram að að sjálfsögðu fylgjast íslensk stjórnvöld með þessari umræðu og munu gera svo áfram. Það eru íslenskir hagsmunir að netnotendur geti treyst því að meginreglum íslenskra laga um frelsi, mannréttindi og persónuvernd sé fylgt og verði til rökstuddur grunur um að svo sé ekki verður að sjálfsögðu leitað skýringa á því.

Engin formleg eftirgreinlsan, formleg athugun eða rannsókn er hafin en íslensk stjórnvöld munu — í kjölfar þeirra svara sem frá Bandaríkjamönnum og Bretum berast við þessum ásökunum, munu berast Evrópusambandinu og öðrum þjóðum — ákveða hvort ástæða sé til að skoða málið sérstaklega með hliðsjón af hagsmunum Íslendinga. Ef til þess kemur munu stjórnvöld óska nánari útskýringa frá viðkomandi ríkjum. Hins vegar er vert að geta þess að netöryggisveit Póst- og fjarskiptastofnunar ásamt ríkislögreglustjóra og Persónuvernd fylgjast að jafnaði með því að persónuvernd og netöryggi sé sem best tryggt á Íslandi. Þannig er til staðar ákveðið öryggisnet þar sem leitast er eftir að vernda íslenska netnotendur.

Herra forseti. Eitt af vandmeðförmustu úrlausnarefnum samtímans er það með hvaða hætti við tryggjum mannréttindi á tímum þegar tæknin hefur auðveldað svo stórkostlega tækifæri til eftirlits. Það er ljóst að á næstu árum og áratugum munu þjóðir heims, þar með talið Ísland, þurfa að tryggja að ekki sé farið yfir ákveðin mörk í friðhelgi einkalífs og að persónuvernd á netkerfum haldi um leið og við undirstrikum að sjálfsögðu ábyrgð einstaklingsins, réttindi hans og skyldur á netinu, líkt og í samfélaginu sjálfu. Líkt og þingmenn í þessum sal þekkjja þá hefur fjarskiptaleynd lengi verið grundvallarregla í íslenski fjarskiptalöggjöf en í henni felst öryggi upplýsinga sem á að girða fyrir það að óviðkomandi fái aðgang að þeim upplýsingum sem berast um fjarskiptanet.

Meginregla íslenskra laga er þannig að fjarskiptafyrirtæki bera ábyrgð á því að upplýsingaöryggis sé gætt í þeim kerfum sem þau bera ábyrgð á. Staðreyndin er hins vegar sú, líkt og kom fram í máli málshefjanda, að samskipti á internetinu liggja yfir landamæri ríkja. Þegar íslenskir þegnar fletta upp erlendum vefsíðum, hlaða þaðan niður

gögnum, senda eða móttaka tölvupóst, geta slíkar gagnasendingar haft viðkomu í mörgum ríkjum um sæstrengi sem tengja Ísland við fjarskiptanet á meginlandi Evrópu og í Bandaríkjunum. Það segir sig þess vegna sjálft að ögjörningur er fyrir íslensk fjarskiptafyrirtæki eða íslensk stjórnvöld að tryggja fullkomið öryggi þeirra upplýsinga sem þannig flæða um á fjarskiptanetum jafnvel eftir flóknum leiðum á milli mismunandi landa þar til þau komast eða eru móttekin á réttum áfangastað.

Hins vegar er rétt að ítreka það sem ég sagði hér í upphafi og kom fram í máli mínu að hér á landi er viðvarandi vöktun í gangi til þess að tryggja eins mikið og við mögulega getum umrætt netöryggi.

Herra forseti. Ég vil samt að lokum nefna það, vegna spurninga þingmannsins, að áður en þetta tiltekna uppljóstrunarmál kom upp hafði verið lagður grunnur að skipan samráðshóps innan stjórnkerfisins um eflingu netöryggis. Hópurinn er skipaður fulltrúum innanríkisráðuneytisins, fulltrúum utanríkisráðuneytisins, ríkislögreglustjóra og Póst- og fjarskiptastofnunar. Samráðshópurinn er ætlað það mikilvæga verkefni að vinna að bættu net- og upplýsingaöryggi og gera tillögur um aðgerðir til næstu ára; meðal annars aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka öryggi og áfallaþol upplýsingakerfa. Stefnt er að því að hópurinn taki til starfa strax í lok sumars.

[11:18]

#### **Forseti (Einar K. Guðfínsson):**

Forseti vill biðja hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að gæta ávarpsreglna.

[11:18]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Birgittu Jónsdóttur, fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli, þ.e. um eftirlit bandarískra stjórnvalda — og raunar breskra og kannski fleiri alþjóðlegra njósnastofnana eða eftirlitsstofnana — með Íslendingum, sem eru inni í þessu kerfi. Ég tek heils hugar undir það erindi málshefjanda að íslensk stjórnvöld eiga að ganga afdráttarlaust fram og óska eftir því fyrir fram að fá upplýsingar um hvort Íslendingar hafi verið inni í þessum söfnunum hjá þeim. Við getum síðan fylgt því betur eftir þegar við fáum nánari upplýsingar frá öðrum. Við eigum ekki að biða eftir því hvað kemur frá öðrum og síðan taka afstöðu heldur eigum við að fara fram með þeim hætti sem hv. þingmaður bendir á, að taka frumkvæði og sýna þannig skýrt hver vilji okkar er gagnvart þessu máli.

Það er svolítið forvitnilegt að setja það í það samhengi og það umhverfi sem við erum að glíma við almennt. Við erum með frumvarp í allsherjar- og menntamálanefnd, til dæmis um Hagstofu, söfnun upplýsinga um skuldara og stöðu heimila, þar sem nánast er opnað á að safna öllum gögnum inn í stóra gagnagrunna. Það verður að segjast eins og er að þegar menn eru búnir að koma þessu inn í kerfin, jafnvel að búa til um þetta umhverfi, þá er hætta á því að þessar upplýsingar verði á glámbekk fyrir marga aðra. Við erum mitt í þessari umræðu sjálf um netöryggi og upplýsingasöfnun, hvernig við búum umhverfið þannig að við get-



um varist því að verið sé að fylgjast með einstökum mönnum.

Við eigum sjálf sök á þessu að mörgu leyti vegna þess að við samþykkjum skilmála á hinum og þessum vefjum um að miðla megi upplýsingum til hinna og þessara aðila í viðskiptalegum tilgangi. Við erum sjálf með í að setja ýmislegt inn á símann okkar, gefa upplýsingar um hvar við erum staðsett á hverjum tíma þannig að hægt er að fylgjast náið með ferðum okkar. Hægt er að fylgjast með kreditkortanotkun (Forseti hringir.) og öðru. Þeim mun frekar er það mikilvægt (Forseti hringir.) að íslensk stjórnvöld og Alþingi móti stefnu í þessu máli. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[11:20]

#### **Róbert Marshall (BF):**

Virðulegur forseti. Þetta er mikilvæg umræða og ég þakka fyrir að hún er farin af stað. Það eru tvö mjög ólík grundvallarsjónarmið sem takast á hérna, hernaðarhyggja herveldis gegn borgaralegum réttindum friðelskandi þjóðar.

Það er áhyggjuefni að verða vitni að því hvernig Bandaríkjamenn haga sér og taka sér leyfi, í nafni þess að þeir eigi í einhvers konar styrjöld við hryðjuverkamenn eða ímyndaða ógn, til að ganga inn á borgaraleg réttindi, ekki bara sinna eigin þegna heldur íslenskra og annarra þjóða. Það er skylda ríkisstjórnar Íslands, hverjir sem skipa hana hverju sinni, að gæta hagsmuna þjóðarinnar og þegna þjóðarinnar og standa líka klár á þeirri grundvallarafstöðu sem við höfum sem friðelskandi og vopnlaus og herlaus þjóð í þessum efnunum. Mér finnst það skipta mjög miklu máli að við stöndum fast í fæturna og tek hjartanlega undir með hv. þingmanni sem hefur þessa umræðu.

Miklar breytingar eiga sér stað í samfélagi okkar, þátttaka okkar í daglegu lífi sem þegar í lýðræðissamfélagi fer að mörgu leyti fram á netinu. Ég tek til dæmis þátt í stjórnmálastarfi á vettvangi Bjartrar framtíðar á heimasidan.is þar sem er starfandi landsfundur gegnumgangandi 24 tíma sólarhrings alla daga vikunnar. Þar fer fram mikil umræða og það skiptir mjög miklu máli að litið sé á þátttöku mína barna sem hluta af réttindum mínum og að ekki sé gengið á þau réttindi.

[11:23]

#### **Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir að hefja þessa umræðu. Með óyggjandi hætti hefur verið sýnt fram á vilja og getu helstu störvelda þessa heims til að kafa djúpt inn í einkalíf þegna sinna og þegna annarra landa. Á síðustu árum hefur hinn alþjóðlegi njósnaidnaður störveldanna tvíeflst með netvæðingu samfélaga þar sem hver og einn þegn skilur nú æ dýpri spor eftir sig í mörkum Síberíu. Tækni sem margir vonuðu að mundi frelsa fólk og leggja heiminn að fótum okkar hefur á sér skuggahlið sem vex ásmegin en er sem slík engin nýlunda.

Þær síðferðislegu spurningar sem vakna í mínum huga eru þrjár. Einkalíf og frelsi þess fjarlægist stöðugt raunverulegar aðstæður. Dulkóðun eða önnur vernd gagna einstaklinga er í raun til þess fallin að grafa frekar undan samfélagslegum möguleikum upplýsingatækni. Þegar öllu er á

botninn hvolfst þá nærast heilbrigð samfélög á trausti og frekari einstaklingsvæðing, með því að gera hvern og einn ábyrgan fyrir vernd eigin gagna, eflir aðeins grundvöll og tilvistarréttlætningu njósnaidnaðarins.

Meiri áhyggjur hef ég þó af þeirri sjálfsmynd sem við sköpum okkur sem vígamenn á velli upplýsingatækni. Okkur verður umhugað um hvernig við birtumst á netinu og hvaða mynd er mögulega hægt að teikna upp af okkur þar. Við hættem að vera hér og förum að sýnast þar og aftur grefur það enn frekar undan undirstöðum heilbrigðs samfélags, trausts okkar á millum og endar með því að næra njósnaidnaðinn enn frekar. Grundvöllur samfélagsins birtist í umhyggju okkar fyrir öðrum, á tímum internetsins þarf sú umhyggja að birtast í gagnsæi upplýsingaöflunar. Öflug persónuupplýsing á netinu í hvaða tilgangi sem er þarf þá að vera gagnsæ, það þarf að koma fram til hvers þeirra gagna er aflað, hvort þú eigir möguleika á þátttöku og nýtingu og úrvinnslu gagnanna og hvaða mynd verður til svo að þú eigir möguleika á að bregðast við henni.

Hér þurfa stjórnvöld að ganga fram fyrir skjöldu og krefja alþjóðasamfélagið um að virkja þessa ábyrgð.

[11:25]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum og hæstv. innanríkisráðherra fyrir þessi viðbrögð. Þau eru mjög gleðileg og það yljár mér um hjartarætur að sjá þingmenn taka þetta alvarlega, því að alvarlegt er það vissulega.

Það er satt sem hæstv. innanríkisráðherra segir, við getum ekki tryggt að hleranir eigi sér ekki stað erlendis. Því mikilvægara er að við eigum í samskiptum við aðrar þjóðir með mjög skýrum hætti og á eina lund — að þetta sé ekki líðandi að því marki sem það er satt.

Ég vara líka við því að þetta er ekki einsdæmi, þetta er ekki bara hervæðing Bandaríkjanna og Bretlands. Þetta er almenn þróun alls staðar í heiminum, þar á meðal hér. Eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson vék að áðan liggur í allsherjarnefnd frumvarp um Hagstofuna þar sem nákvæmlega svona mál eru undir. Því er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að við tökum friðhelgi einkalífsins alvarlega. Stærsta lygin á netinu er: Ég samþykki.

Það er ekki bara öryggissjónarmið sem gera það að verkum að þjóðir vilja safna saman persónulegum upplýsingum, það er misjafnt milli þjóða hverjir hvatarnir eru. Í okkar tilfelli akkúrat núna er það efnahagslegur stöðugleiki og í einstaka tilfellum siðgæði, eða meint siðgæði.

Því er spurningin sem ég vil leggja fyrir þingmenn og þjóðina alla dimm og miskunnarlaus en óumflyjanleg: Munum við finna nýjar leiðir til að styrkja borgararéttindi eða mun samspil tækniframfara og sjálfstraust yfirvalda gera friðhelgi einkalífsins að engu?

[11:27]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Þetta er mikilvæg og þörf umræða. Í 71. gr. stjórnarskrárinnar segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs. Tölvuvæðingin og netvæðingin hefur fært okkur mikla möguleika og gífurleg þægindi. Hér er eitt dæmi um það en með þessu tæki er hægt að fylgjast með því hvar ég

er staddur. Ég er staddur núna á 2. hæð í Alþingishúsinu í Reykjavík. Og það er einhver sem veit það annar en ég.

Þetta er byltning. Við erum búin að aflétta bankaleynd til þæginda fyrir ríkisskattstjóra, allar bankaupplýsingar fara til ríkisskattstjóra. Af undrun hef ég fylgst með því hvað þróunin er hröð, alla mína ævi. Upplýsingar eru verðmæti, það er þekkt, og það að safna upplýsingum er að skapa verðmæti. Nú hefur komið í ljós að samband augnanna fimm, eins og það er nefnt í þýskum fjölmiðlum — Bandaríkin, Kanada, Bretland, Ástralía og Nýja-Sjáland — er að safna upplýsingum um allan heiminn, um alla þá sem taka þátt í netinu. Þetta er ógurlegur haugur af upplýsingum og menn vita að hverju ég er að leita, í hvaða röð, inni á hvaða heimasíðu ég fer o.s.frv. Það er búið að greina mig og það er búið að greina þig líka.

Af hverju veit ég þetta? Vegna þess að það er uppljóstrari sem kom fram. Hann er að brjóta lög, hann er að brjóta reglur, hann er að brjóta siðareglur starfsemi sinnar o.s.frv. En hann er jafnframt að benda á 71. gr. stjórnarskránnar, um friðhelgi einkalífsins. Það er því mjög mikil spurning, og siðferðisleg spurning í mínum huga, hvort hann er skúrkur eða hetja. Og þetta er nokkuð sem við þurfum að ræða mjög vandlega því að þeir sem eru að safna upplýsingunum eru að brjóta 71. gr. stjórnarskránnar. (**Gripíð fram í:** Heyr, heyr.)

[11:29]

#### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna því að það liggur fyrir frá hæstv. innanríkisráðherra að verið sé að ræða stöðu þessara mála. Mig langar aðeins að bæta við þá umræðu sem hér hefur orðið um baráttuna fyrir þessu sem mannréttindamáli og vörnum hvað varðar friðhelgi einkalífsins, sem er varin í stjórnarskrá. Það er mjög mikilvægt að við förum yfir það — og ég hvet ráðherra til að taka það til skoðunar — hvaða upplýsinga er aflað á Íslandi í dag, hvernig er haldið utan um það og hverjir eru að safna upplýsingum.

Við verðum þar að svara fyrir okkar eigin stjórnvöld því að það er augljóst að lögreglan er að safna einhverjum upplýsingum. Við vitum að lögreglan notar Facebook, að vísu ekki með kerfisbundnum hætti, eða með því að nota kerfið, heldur hreinlega með því að fylgjast með dagskrá og auglýsingum. Hið sama á við um félagsmálafyrirvöld, þegar menn eru að skoða sambýlisform og annað, vilja athuga hvort fólk sem er í sambúð er skráð sem einstaklingar í bótakerfinu o.s.frv. Upp hafa komið hugmyndir um að keyra inn tölvakerfi til að fylgjast betur með hvort fólk er að svíkja reglur og lög. Þetta er alls staðar þar sem verið er að leita eftir því að nota þessa nýju tækni til að fylgjast með okkur. Það er gert með lynskulegum hætti, jafnvel þannig að þegar ég opna ákveðnar síður — sem ég hafði svo sem ekkert áttað mig á enda ekki mjög tækisinnnaður — er verið að skrá neyslu mína. Þar af leiðandi fæ ég upp á mínar síður auglýsingar sem höfða til mín miðað við það hvernig ég hef notað tölvuna mína.

Þetta er umhverfið sem við búum við og við þurfum að þora að taka þessa umræðu. Þetta er notað í viðskiptatilgangi, þetta er notað í pólitískum tilgangi, þetta er notað í hernaðartilgangi. Hvernig er þessu háttáð hér? Það er það sem skiptir mestu máli. En fyrst og síðast, af því að þessi

umræða snýst um erlenda nýjstastarfsemi, finnst mér að íslensk yfirvöld eigi að taka frumkvæðið og að minnsta kosti beina spurningu til þessara erlendu aðila: Hvað eruð þið að gera með Íslendinga í þessum grunnum? Er þeir þar? Hvaða upplýsinga er verið að afla og í hvaða tilgangi? Þannig að við höfum að minnsta kosti gert tilraunir til að fá slíkar upplýsingar.

[11:32]

#### Róbert Marshall (Bf):

Virðulegi forseti. Hinn nýi veruleiki felur líka í sér ný tækifæri. Það er hverjum þeim sem var staddur á Tahrirtorgi í Kaíró í Egyptalandi í byrjun árs 2011 — þar sem milljónir manna komu saman og mótmæltu Mubarak forseta — ljóst að samtengingin skiptir mjög miklu máli á milli efnahagslífs og netotkunar, viðskipta og lýðrættinda. Ég var þar staddur þegar yfirvöld höfðu gert tilraun til að slökkva á internetinu og slökkva á GSM-farsímakerfinu. Það varð til þess að efnahagslíf borgarinnar lamaðist. Það var mikill þrýstingur á að kveikja aftur á netinu vegna þess að engin fyrirtæki gátu rekið sig í þessum nýja veruleika. Samtíttun efnahagslífs og okkar eigin persónulega lífs á netinu, fjölskyldutengsl og stjórnmalaskoðanir, fela í sér þessar miklu breytingar sem gefa okkur tækifæri til að beita okkur frekar sem borgarar í lýðræðissamfélagi. Þær auðvelda venjulegum borgurum að skipuleggja sig, beita sér í málefnum. Koma að mörgu leyti í staðinn fyrir hina hefðbundnu og að mínu mati úr sér gegngu stjórnmalaflokka.

Við saum þetta til dæmis gerast þegar fólk safnaðist hér saman í búsáhaldaþingningunni sem er örugglega fyrsta Facebook-bylting heimsbyggðarinnar, veruleikinn er allt annar. Við sjáum þetta í þeim stjórnmálaöfllum sem spretta upp hér, bæði Bjartri framtíð og Þírötum, sem grundvalla stjórnmálastarf sitt þarna. Þetta er mikil breyting sem á bara eftir að ganga enn lengra. Ég held að þetta séu réttindi og feli í sér frelsi sem við eignum að vernda eftir fremsta megni. Þetta er mikilvægt og kemur til með að skipta samfélag okkar miklu máli. Þess vegna eignum við að skora á ríkisstjórnina og okkur öll að standa vörð um þessi mikilvægu mannréttindi. (**BirgJ:** Heyr, heyr.)

[11:34]

#### Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessar umræður. Það hefði verið gaman ef Framsóknarflokkurinn hefði tekið í þeim enda er hann annar stjórnflokkurinn. Ég þakka hæstv. innanríkisráðherra fyrir svörin en bendi jafnframt á að íslenskt netöryggi hjá stofnunum þykir ekki mjög gott í dag. Ég veit að það á að laga það en þess vegna hef ég enn meiri áhyggjur af því út af því að umrædd söfnun á gögnum hefur átt sér stað á meðan við búum við mjög slæmt netöryggi.

Mig langaði líka að benda á, kannski hafa margir þingmenn gleymt því, að FBI hefur komið í heimsókn til mín og hefur farið í gegnum öll mín persónugögn, skoðað með hverjum ég var, hve lengi og hvenær. Það var ekki í gegnum hinar hefðbundnu aðaldrýr heldur í gegnum hinar svokölluðu bakdrýr, í gegnum netið. Ég hef komist að því að fleirum en Twitter var gert að afhenda gögn um mig, það eru fjögur önnur fyrirtæki sem eru mjög sennilega á þessum

lista sem var í þeim gögnum sem Edward Snowden kom á framfæri. Það er hægt að finna mjög ítarlega greiningu á hversu langt bandarísk og bresk yfirvöld gengu. Mér væri sönn ánægja að koma þeim upplýsingum áleiðis til ráðuneytisins.

Mig langar að ljúka þessari umræðu í dag á því að þakka Edward Snowden sérstaklega fyrir að gera mig upplýsta og heiminn allan um hversu slæmt ástandið er og vera hvati til þess að ganga í það mikla verk að fara í alþjóðasamstarf um að skapa alvörfriðhelgi einkalífsins fyrir borgara, ekki aðeins íslenska ríkisborgara heldur borgara þessa heims.

[11:36]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Herra forseti. Ég ítreka þakkar til hv. málshefjanda og hv. þingmanna fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem rætt hafa um það. Það er aðalögunin í þessu öllu saman að við fáum áfram tækifæri til að nýta tæknina og þá kosti sem hún býður upp á en eigum um leið að geta treyst því að staðinn sé vörður um þessi réttindi okkar. Ég held að það sé sameiginlegt markmið okkar allra. Ég treysti því að við höfum öll mikinn metnað í því.

Umræðan um persónuvernd á netinu, eins og við þekkjum öll, er ekki ný af nálinni. Á vettvangi Evrópusambandsins og innan Evrópska efnahagssvæðisins er nú unnið að því sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir nefndi hér áðan að tryggja netöryggi betur. Það á ekki bara við um stöðuna hér á landi heldur líka annars staðar. Nú er á vettvangi Evrópusambandsins og innan Evrópska efnahagssvæðisins unnið að þróun persónuverndarlöggjafar. Íslensk stjórnvöld taka þátt í því en við erum skuldbundin af þeim samningum, sérstaklega er lýtur að EES-samningnum, til að samræma persónuverndarlöggjöf okkar evrópskum reglum, þar með talið að mæta nýjum ógnum sem ekki voru fyrir hendi er nógildandi persónuverndarlög — sem sannarlega þarf, eins og hv. þingmaður nefndi, að skoða með hliðsjón af ört breytilegri tækni — voru sett hér á landi eða í Evrópu.

Ég ítreka líka, vegna umræðunnar hér, sem nokkrir hv. þingmenn hafa komið inn á, að ráðuneytið og ríkisstjórnin er meðvitund um að bæta þarf þessa hluti og vinna að þeim. Ég greindi frá því áðan að í tíð síðustu ríkisstjórnar var grunnur lagður að skipun samráðshóps innan stjórnkerfisins um eflingu netöryggis. Ekki stendur til að breyta þeim áformum heldur halda áfram með það af fullri alvöru.

Hvað varðar það tiltekna mál sem er ástæðan fyrir umræðunni í dag ítreka ég að íslensk stjórnvöld munu að sjálf-sögðu fylgjast vel með, bíða eftir svörum sem bandarísk og bresk yfirvöld munu gefa á næstu dögum til Evrópusambandsins, ég ítreka það líka að íslensk stjórnvöld taka þessa umræðu alvarlega. Umræðan er tekin alvarlega og við munum fylgjast með því hver svörin verða og fylgja því eftir. Ef talin er ástæða til munum við fylgja því eftir til að tryggja að meginreglur íslenskra laga um frelsi, mannréttindi og persónuvernd séu tryggð. (Forseti hringir.) Komi það upp að leita þurfi skýringa á því hjá Bandaríkjamönnum og Bretum verður það að sjálf-sögðu gert.

Herra forseti. Ég ítreka þakkar fyrir umræðuna og líka þakklæti til hv. þingmanna um þá samstöðu sem er um það

hér í þessum sal að það öryggi sem þarf að vera á þessum nútímavefjum sem við notum og nútímataekni sé tryggt.

**Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, síðari umr.**

Stjttl., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 47, 48 og 49, brtt. 37, 38, 50 og 51.

[11:39]

**Frsm. meiri hluta efn.- og viðskn. (Willum Þór Þórs-son) (F):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Nánar tiltekið er hér um að ræða stjórnartillögu, þskj. 9, lagt fram af hæstv. forsætisráðherra 11. júní 2013.

Í þingsályktunartillögunni er lögð til aðgerðaáætlun í tíu liðum með það að markmiði að taka á skuldavanda heimila á Íslandi, sem er til kominn af hinni ófyrirsjáanlegu höfudstólshækkun verðtryggðra húsnæðislána sem leiddi af hrúni fjármálakerfisins. Í athugasemdum með tillögunni er gerð nánari grein fyrir liðunum tíu og tilgangi hvers þeirra í áætluninni. Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbóluskots árána 2007–2010. Þá er henni ætlað að tryggja stöðugleika og gagnsæi á húsnæðislanamarkaði til framtíðar.

Tveir liðir af tíu í fyrirhuguðum aðgerðum hafa þegar verið lagðir fram á Alþingi í formi lagafrumvarpa. Liður 5, frumvarp hæstv. innanríkisráðherra um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, hefur þegar verið samþykkt sem lög. Hitt er liður 10, frumvarp hæstv. forsætisráðherra um Hagstofu Íslands og er til umfjöllunar hjá hv. allsherjar- og menntamálanefnd.

Í áætluninni er annars vegar um að ræða beinar aðgerðir sem kveða á um framlagningu frumvarpa og hins vegar tímasettar athuganir þar sem tekið er fram hver ber ábyrgð á málaflóknum. Þær miða að því að skila sér í aðgerðum í kjölfar greininga sérfræðinga á þeim leiðum sem eru til þess fallnar að ná því markmiði að leiðrétta forsundbrestinn óháð lántökutíma með áherslu á jafnræði og skilvirkni úrræða.

Nefndin hefur nú fjallað ítarlega um málið og lagði meiri hluti hennar áherslu á að fjalla almennt um efni tillögunnar, þ.e. heildrænt, en fara ekki ítarlega í einstaka liði hennar, enda gengur tillagan út á umboð til að hrinda af stað verkáætlun og því liggur nákvæm útfærsla ekki fyrir eðli málsins samkvæmt. Þó að ég tali hér um meiri hluta vil ég taka fram að sátt og samvinna einkenndi störf nefndarinnar í þessu máli.

Nefndin fékk á sinn fund fjölmarga hagsmunaaðila og þá barst nefndinni fjöldi umsagna. Umsagnirnar voru alls 15 og heimsóttu okkur 28 gestir.

Þá varðar málið aðgerðir á málefnasviði annarra fastanefnda og óskaði nefndin eftir umsögn frá hv. nefndum, allsherjar- og menntamálanefnd og velferðarnefnd og eru umsagnir þeirra fylgiskjöl með nefndarálitinu. Upptalningu umsagnaraðila og gesta fjölmargra má sjá í nefndarálitinu á þskj. 47.

Það er mat meiri hlutans að álitsgjafir og ábendingar þessara aðila hafi verið mjög gagnlegar og nýst nefndinni vel við afgreiðslu málsins og munu örugglega nýstast vel í þeirri vinnu sem fram undan er. Í umsögunum hagsmunaaðilanna komu fram sjónarmið og álítaefni sem vert er og þarft að líta til við úrvinnslu verkáætlunarinnar. Meiri hlutinn telur það til marks um jákvæðni í garð tillögunnar að umsagnaraðilar og gestir nefndarinnar lýstu sig flestir að fyrra bragði reiðubúna til að taka þátt í að leysa þennan aðsteðjandi vanda vegna hækkunar húsnæðislána sem rekja má til forsendubrests sem varð með hrinu fjármálakerfisins. Fram kom að töluverðrar óþreyju er farið að gæta meðal lántakenda og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið og áréttar mikilvægi þess að tillagan nái fram að ganga.

Fjöldi heimila í landinu treystir á að fá úrlausn sinna mála á næstu missirum og hafa ákveðnar væntingar skapast sem verður að koma til móts við. Meiri hlutinn áréttar að í þingsályktunartillögunni eru dregnar upp útlínur þess hvernig ríkisstjórnin hyggst leysa brýnasta málið sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í dag, skuldavanda heimilanna. Meiri hlutinn gerir og ráð fyrir að hver liður í áætluninni muni skila sér sem frumvarp eða tillögur þegar starfshópar og nefndir hafa lokið sínum störfum og því sé ekki á þessu stigi tímabært að fara ítarlega í hvern lið fyrir sig. Tækifæri mun gefast til slíkrar umfjöllunar sem og náins samstarfs og aðkomu hagsmunaaðila að hverju verkefni fyrir sig þegar þingmál vegna skuldavandans berast samkvæmt áætluninni.

Sú skoðun kom og skýrt fram í máli hagsmunaaðilanna þar sem þeir töldu efnislega erfitt að taka afstöðu til einstakra atriða þar sem mörg þeirra bíða nánari útfærslu. Í því ljósi væri erfitt að veita nákvæmar umsagnir um tillögurnar umfram það að styðja allar góðar aðgerðir til handa heimilunum.

Meiri hlutinn telur rétt að koma inn á nokkur þeirra sjónarmiða sem fram komu í umfjöllun málsins. Fram kom að ýmsir aðrir en skuldarar verðtryggðra íbúðalána eiga við fjárhagslega erfiðleika að glíma sem rekja má til þess óvænta forsendubrests sem varð vegna hruns bankakerfisins á haustmánuðum 2008. Í umsögn hv. velferðarnefndar um málið er til að mynda vakin athygli á því að helsti skulda- og greiðsluvandi einstaklinga er vegna bílalána og annarra neyslulána með þyngri greiðslubyrði en verðtryggð húsnæðislán. Því til stuðnings var vísað í greinargerð um fjárhagsstöðu heimilanna frá apríl 2013 sem unnin var af atvinnuvega- og lýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Í sömu greinargerð kemur og fram að skuldir við stóru viðskiptabankana þrjá fara minnkandi. Þá veltu gestir nefndarinnar upp þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að fram færi ítarleg þarfagreining til að hægt verði að leggja mat á hvar þörfin á eftirgjöf skulda er mest.

Meiri hlutinn áréttar að í tillögunni liggur fyrir ákveðin aðgerðaáætlun sem ætlað er að taka á skuldavanda heimila sem sé til kominn vegna ófyrirsjáanlegrar höfuðstólshækkunar verðtryggðra húsnæðislána og nær hún því samkvæmt efni sínu og markmiði ekki til annarra lána.

Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess þegar far-

id er í almennar aðgerðir af því tagi sem lýst er í tillögunni að jafnræði verði haft að leiðarljósi í hvívetna en í því felst að einstaklingar í sambærilegri stöðu fái sambærilega lausn sinna mála. Er þingsályktunartillögunni beint að almennri leiðréttingu skulda heimila vegna hinnar ófyrirsjáanlegrar höfuðstólshækkunar verðtryggðra húsnæðislána.

Hjá fjölmörgum, m.a. í nefndaráli hv. velferðarnefndar, kom fram að mikil vinna hefur nú þegar farið fram á mörgum þessara sviða og fjölmargir starfshópar hefðu verið skipaðir og skilað af sér skýrslum. Meiri hlutinn hvetur til þess að byggt verði á þeirri vinnu sem þegar liggur fyrir.

Fyrir nefndinni kom og fram sjónarmið þess efnis að niðurfærsla lána væri dýr og óskilvirk leið og að almennar aðgerðir væru ekki heppilegar til að aðstoða þá sem eru í mestum skulda- og greiðsluvanda. Þá komu fram áhyggjur af áhrifum aðgerðanna á efnahagslífið með aukinni einkaneyslu sem stuðlaði að veikara gengi og vaxandi verðbólgu og varað var við því að skuldsetja ríkissjóð til að leiðrétta skuldir heimila. Þá var ítrekað að mikilvægt væri að stíga varlega til jarðar í útfærslu á ákveðnum liðum til að skapa jákvæða hvata fyrir fólk til að standa undir skuldbindingum sínum svo sem þegar kæmi að útfærslu á lykklafurvarpi og heimildum í tengslum við gjaldþrot.

Meiri hlutinn bendir á að þegar eru til staðar aðgerðir fyrir þá sem eru í mestum vanda en áréttar mikilvægi þess að gripid sé til almennra aðgerða til handa heimilum í landinu og leggur áherslu á mikilvægi þess að kostnaðargreining verði höfð að leiðarljósi við útfærslu þeirra leiða sem hér eru kynntar. Að auki telur meiri hlutinn mikilvægt að hafa hagræn sjónarmið í huga er varða fjármálastöðugleikamarkmið Seðlabanka Íslands og ríkissjóð almennt. Meiri hlutinn telur ekki ástæðu til að óttast verðbólguþrot þótt skuldir heimila verði lékkaðar, enda verði þá ekki greiddar út neinar fjárhæðir. Meiri hlutinn leggur áherslu á að aðgerðaáætlunin verði unnin hratt og örugglega þar sem brýnt er að fá úrlausn í skuldavanda heimilanna eins fljótt og kostur er og áréttar mikilvægi þess að Alþingi fái að fylgjast með framgangi vinnunnar, þeirra starfshópa sem tilgreindir eru og að verkefnið verði unnið þannig að sem víðtækust sátt verði um útfærslu á aðgerðunum.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að með tillögunni er lagt til að Alþingi lýsi yfir stuðningi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að taka á skuldavanda heimilanna og telur afar brýnt í því efni að Alþingi taki afstöðu í málinu og sýni á þann hátt ótvíræðan vilja sinn til að vinna með framkvæmdarvaldinu að farsælli lausn.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Undir það skrifa eftirtaldir hv. þingmenn: Frosti Sigurjónsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Pétur H. Blöndal, Ragnheiður Ríkhardsdóttir, Willum Þór Þórsson og Vilhjálmur Bjarnason.

[11:51]

### **Frsm. 1. minni hluta efn.- og viðskn. (Guðmundur Steingrímsson) (Bf):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráli 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem samanstendur af mér og hv. þm. Edward H. Huijbens, sem sagt fulltrúum Bjartrar framtíðar og fulltrúum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd.

Við erum ekki langorðir í umsögn okkar og álitni enda komst maður fljótt að þeirri niðurstöðu eftir að hafa kynnt sér þessa þingsályktunartillögu að um hana er í raun og veru mjög lítið að segja á þessari stundu. Hér er ríkisstjórnin að fara fram á að Alþingi samþykki að hún stofni starfshópa um stefnumarkmið sín. Við teljum ástæðu til að benda á það í upphafi nefndarálits okkar að að sjálfsögðu gerum við engar athugasemdir við að ríkisstjórnin stofni starfshópa og teljum vel til fundið að hún kanni kosti og galla þeirra kosningaloforda sem stjórnarflokkarnir gáfu. Það voru ansi stór loforð sem voru gefin í kosningabaráttunni og satt að segja mjög mikilvægt að kanna kosti þeirra og galla. Út af fyrir sig gerum við engar athugasemdir við að ríkisstjórnin stofni starfshópa, en við erum líka með þó nokkur varnaðarorð.

Við viljum að sjálfsögðu koma að þessari vinnu með uppbyggilegum hætti, en það eru nokkur sjónarmið sem ég held að sé mjög mikilvægt að höfð séu að leiðarljósi. Kosningaloforðin sem voru gefin varðandi skuldamál heimilanna benda til að þetta sé æðikostnaðarsamt og það var aldrei útfært í kosningabaráttunni hvernig ætti að fjármagna til dæmis almennar afskriftir húsnæðislána. Það er náttúrulega heldur ekkert útfært í þessari svokölluðu aðgerðaáætlun heldur á að freista þess að útfæra hana.

Varnaðarorðin sem við viljum leggja áherslu á af þessu tilefni varða auðvitað stöðu ríkissjóðs og skuldastöðu ríkissjóðs og að ekki verði farið í aðgerðir sem sliga ríkissjóð og leiða til þess að ekki verði hægt að greiða niður skuldir ríkissjóðs jafn hratt og áformað er eða til þess að skuldir ríkissjóðs vaxi með tilheyrandi byrðum á komandi kynslóðir.

Það er einfaldlega alls ekki ljóst á þessari stundu hvort aðgerðirnar muni hafa í för með sér að staða ríkisfjármála versni en það er margt sem bendir til þess þannig að þetta er mjög mikilvægt. Við leggjum þunga áherslu á að það sé haft alveg kirfilega að leiðarljósi að gera ekki stöðu ríkisfjármála verri.

Við segjum að aðgerðirnar verði líka að tryggja jöfnuð í samfélaginu. Það segjum við vegna þess að greining Seðlabanka Íslands, og það kom líka ágætlega fram í umsögn Seðlabanka Íslands af þessu tilefni, bendir til að almenn skuldaniðurfelling, flatt á línuna til allra húsnæðislántakenda í landinu, muni fyrst og fremst færa þeim fé sem hafa mjög mikið milli handanna. Stóreignafólk skuldar mest, aðallega stóreignafólk á höfuðborgarsvæðinu, og það glímir einna helst við svokallaðan skuldavanda samkvæmt greiningu Seðlabankans en í mjög litlu mæli við greiðsluvanda. Stóreignafólk skuldar mikið og ef þá á að fella niður lán hlutfallslega jafnt á alla skuldara mun þetta fólk fá mest.

Það er þá ekki aðgerð sem mundi stuðla að jöfnuði. Hún mundi færa mikið fé til fólks sem hefur mikið fé og fólk sem býr við greiðsluvanda, getur ekki greitt af láni sínu, fengi ekki endilega mikið í gegnum þessa almennu skuldaniðurfellingu, segja tölur Seðlabankans. Það er fólk sem yrði eftir sem áður í greiðsluvanda þótt það fengi til að mynda 20% niðurfellingu á höfuðstól lána sinna. Þetta er áhyggjuefni og við hvetjum til þess að horft verði til þeirra sjónarmiða Seðlabankans þegar farið verður í að útfæra þessar aðgerðir.

Við teljum líka, 1. minni hluti, að ákaflega mikilvægt sé

að gæta að efnahagslegum stöðugleika í aðgerðunum. Ef það stendur til að færa stórum hópi Íslendinga mjög mikið fé með einni aðgerð getur það augljóslega skapað þenslu í þjóðfélaginu sem eykur viðskiptahalla, sem gerir afnám gjaldeyrishafta erfiðari.

Eins og kom fram í framsögu framsögumanns meirihlutaálitsins er út af fyrir sig auðvitað ekki verið að færa fólki beint fé en það er verið að auka veðrymi fólks sem getur leitt til þess að það fólk tekur lán, nýtir svigrúm í veðrymi sínu og þá getur það einfaldlega orðið þensluskapandi. Við höfum séð það gerast í íslensku samfélagi. Þetta er nákvæmlega það sem gerðist í bólunni þegar bankarnir fóru inn á lánamarkaðinn og buðu hagstæðari lán og þegar veðrymi var aukið upp í 90% af húsnæðislánum, þá fór stór hluti þjóðarinnar á lánafylliri. Það verður auðvitað að gæta þess að svona stóra aðgerð, ef farið verður út í hana, leiði ekki til sömu niðurstöðu.

Aðgerðirnar verða náttúrulega að samrýmast markmiðinu um afnám gjaldeyrishafta, segjum við. Ég hef áður tæpt á því að það kunni að vera að þau samrýmist ekki þeim áformum ef þau eru neysluhvetjandi og ef þau leiða til meiri viðskiptahalla. Eins er líka ákveðin þversögn, finnst mér, að baki þessari hugmyndafræði. Mér virðist eins og mögulega eigi að fjármagna þessa skuldaniðurfellingu með samningum við erlenda kröfuhafa og þá stendur til, ef ég skil það rétt, að reyna að nota gjaldeyrishóftin sem einhvers konar þvingun á samninga. Ef þetta er hugmyndafræðin sé ég ekki alveg að það samrýmist afnámi gjaldeyrishafta á sama tíma. Þetta er þversögn sem mér finnst útskýrð.

Fyrsti minni hluti leggur mikla áherslu á að fyrst verði er að fara í þá vinnu að stofna starfshópa sé ýmislegt annað skoðað. Við bendum á mikilvægi þess að skoða stöðu leigjenda. Þeir hafa margir buið við verðtryggingu leigusamninga þannig að ef talað er um forsendubrest á verðtryggingum lánnum hefur forsendubresturinn líka orðið á verðtryggingum leigusamningum. Það er mjög mikilvægt að skoða stöðu þessa hóps. Það eru auðvitað ekki öll heimili lántakendur húsnæðislána og það verður að horfa til þess í þessum aðgerðum. Við hvetjum til þess að skoðuð verði sérstaklega staða fólks sem hefur litla sem enga greiðslugetu því að eins og ég sagði áðan er almenn skuldaniðurfelling ekki til þess fallin að hjálpa þeim hópi. Það hefur til dæmis komið fram í vinnu umboðsmanns skuldara að umtalsverður hópur hefur einfaldlega ekki efni á að greiða leigu, hefur ekki efni á að greiða nokkuð af húsnæðislánum, fólk með litla og jafnvel neikvæða greiðslugetu. Mér finnst fátt í þessari aðgerðaáætlun sem kemur til móts við þann hóp.

Við leggjum áherslu á að aðgerðirnar leiði ekki til þess að ungu fólki eða efnalitlu verði gert erfiðara fyrir á húsnæðismarkaði með færri valmöguleikum í lánasamningum. Það þarf að ræða markmið um að banna eða afnema verðtryggingu. Ef við búum í verðbólgu samfélagi, sem eru sterkar líkur á að við munum búa í áfram, og búum við há vaxtakjör eru verðtrygging lán valmöguleiki á lánamarkaði sem gera fólki auðveldara fyrir að standa í skilum. Þetta er fyrirkomulag sem hét áður verðbóttaþáttur vaxta af því að vextir urðu mjög háir. Þegar verðbólga varð mjög há var greiðsluþyrðinni einfaldlega skellt aftan við höfuðstólinn.

Ef það stendur ekki til að glíma við verðbólguna, glíma við vaxtastigið á Íslandi held ég að verðtryggð lán verði að vera til sem valmöguleiki á lánamarkaði. Við í 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar hvetjum til varkárni í þeim efnunum og að við spyrjum okkur spurninga áður en við förum í það í einhverjum gassagangi að banna verðtryggð lán eða afnema þau. Það er verðbólgan sem er óvinurinn og við þurfum að glíma við hana. Það er í sjálfa sér ekkert í þessari aðgerðaáætlun sem tekur á því heldur þvert á móti, að mínu viti.

Við segjum í nefndaráli okkar að áform ríkisstjórnarinnar og aðgerðir í skuldavanda heimila eru um margt óljós og öll óvissa er slæm. Á margan hátt finnst mér það skiljanlegt vegna þess að í kosningabaráttunni var þetta óljóst. Menn reyndu að tala skýrt en fjármögnunin á þessum áformum um skuldaleiðréttingu var alltaf óskýr. Það kemur mér í sjálfu sér ekkert á óvart þótt hún sé enn þá óskýr, en það er samt eitt og annað þarna sem ég hefði talið að hægt væri að hafa skýrar, t.d. afnám stimpilgjalda. Það er búið að ræða afnám stimpilgjalda á húsnæðislánum í fjöldamörg árum og ég sé ekki betur og heyrir ekki betur en það sé mjög mikill samhljómur hér á þingi um að fara í að afnema stimpilgjöld á húsnæðislánum.

Ríkisstjórnin kom fram með það sem sitt fyrsta mál á sumarþinginu að lækka virðisaukaskatt á gistiþjónustu. Það varðist ekki fyrir ríkisstjórninni og þar var engin knýjandi þörf og það var ekki skattaleikur sem var neinn samhljómur um. Miðað við áhersluna á húsnæðismál, skuldamál heimilanna hefði ég talið að það hefði farið miklu betur á því, fyrst menn voru á þeim buxunum að lækka gjöld, að afnema stimpilgjöldin á húsnæðislánum. Ég held að það hefði verið svipaður kostnaður og hvað varðar gistináttaskattinn. Þetta vekur undrun mína.

Þetta er líka dæmi um óheppilega óvissu sem háir fasteignamarkaðinum um þessar mundir samkvæmt reglunni. Ef fólk býst við því eða getur búið við því að á komandi mánuðum verði stimpilgjöld afnumin biður fólk auðvitað með viðskipti á fasteignamarkaði. Þetta eru verulegar fjárhæðir sem skipta fólk máli þannig að hér hefði til dæmis átt að vinna hratt og vel og mikið undrunarefni af hverju það er ekki gert.

Við fögnum því að það eigi að vinna að húsnæðisstefnu og leggjum mikla áherslu á að það sé gert, húsnæðisstefnu til framtíðar með aðkomu allra flokka og fulltrúum stéttarfélaganna. Það er til dæmis verið að vinna húsnæðisstefnu innan Reykjavíkurborgar og það fer vel á því að vinna slíka húsnæðisstefnu á vegum ríkisins.

Að lokum leggjum við áherslu á að farið hefur fram mikil vinna um skuldamál heimilanna á undanföllum árum, gríðarlega mikil vinna. Fjölmargar skýrslur hafa verið skrifaðar og mjög mikið samráð haft, t.d. um húsnæðisstefnu. Greining hefur farið fram á þessum vanda, fjölmargar aðgerðir hafa átt sér stað, miklar niðurfellingar á skuldu, sérstakur vaxtabætur. Sett var á stofn sérstakt embætti, umboðsmaður skuldara. Það voru loksins samin greiðsluáðlögunarlög á Íslandi. Ég hvet ríkisstjórnina til að byggja á allri þeirri vinnu og við hvetjum til þess, fulltrúar 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar að öll þessi gögn verði nýtt og byggt á þeim árangri sem þó hefur náðst. Við gerum

ekki lítið úr því, alls ekki, að það þurfi að gera meira. Þetta eru mjög brýn málefni, einhver þau brýnustu sem við glísum við í pólitík samtímans, endurskipulagning á lánunum heimilanna, og við fulltrúar Bjartrar framtíðar og fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum að sjálf-sögðu koma að þessu starfi á uppbyggilegan hátt og laus þessara mikilvægu mála, eins og við tókum fram í nefndar-álitinu.

Að því sögðu setjum við okkur alls ekki upp á móti því að stjórnarflokkarnir freisti þess að útfæra kosningaloforð sín og það er full ástæða til að bíða spenntur eftir útfærslunum og að sjálf-sögðu munum við ræða þær í þau þegar þær koma fram.

[12:07]

#### Elsa Lára Arnardóttir (F) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeirri vinnu sem síðasta ríkisstjórn fór í á liðnu kjörtímabili varðandi aðgerðir í skuldamálum heimilanna en ljóst er að betur má ef duga skal, fara verður í aðgerðir sem duga. Þess vegna förum við í þessa vinnu, hún tekur tíma og skoða þarf ýmsar hliðar til að tryggja réttmæti þeirra aðgerða sem við ætlum að fara í.

Ég vil benda á í því samhengi og í þeirri umræðu sem verið hefur um þessi mál að fólk er ekki að biðja um neinar gjafir. Það er ekki að biðja um neitt fé sem eigi að færa því, það er ekki að biðja um neina ölmusu, heldur er verið að tala um að leiðrétta forsendubrest hjá því fólki sem varð fyrir eignaskerðingu. Um er að ræða hóp fólks sem lagði helling af eigin fé í húsnæði sitt, það ætlaði að nýta þennan eignarhluta til efri ára. Það er ekki bara ungt fólk sem er í slæmum málum heldur veit ég um fjölda marga aðra sem áttu hluta í eignum sínum og ætluðu sér að nýta þann eignarhluta til að geta haft það betra á efri árum. En margt af því fólki er í slæmum málum í dag. Við verðum að fara í aðgerðir sem virka og þess vegna mun vinnan taka töluverðan tíma. Við verðum að gera eitthvað í málunum því að fjölskyldur eiga erfitt og þetta hefur haft mjög slæm áhrif á fjölskyldurnar í landinu okkar þar sem orðið hefur sundrun og erfiðleikar hafa skapast. Ég vildi bara koma því á framfæri.

[12:08]

#### Frsm. 1. minni hluta efn.- og viðskn. (Guðmundur Steingrímsson) (Bf) (andsvar):

Frú forseti. Ég hef miklar áhyggjur af stöðu heimilanna, en það er áherslumunur í nálgun Framsóknarflokksins og Bjartrar framtíðar til dæmis til þessara mála. Framsóknarflokkurinn gerir mikið úr forsendubresti og að það þurfi að leiðrétta hann. Okkur er meira umhugað um það í Bjartri framtíð að ræða hverjar forsendurnar eru í íslensku efnahagslífi: Hverjar eru forsendur heimilanna? Við erum með miklu hærra vaxtastig en Evrópulöndin, við erum með miklu hærri verðbólgu, við erum með hærri verðlag og við erum með lægri laun. Það eru forsendurnar. Þær þarf að laga og það þarf að skora þessar kringumstæður á hólmi. Við mundum telja að það væri langbesta kjarabótin fyrir heimilin ef við mundum ná efnahagslegum stöðugleika á Íslandi með lægri verðbólgu og lægri vöxtum og að við

gætum einhvern veginn skapað þannig aðbúnað fyrir íslenskt efnahagslíf að við gætum bætt kjör og lækkað verðlag.

Að mínu viti er það umdeilanlegt hvort einhverjar forsendur hafi í raun brostið vegna þess að við búum til dæmis við það að við höfum krónu sem ekki er gjaldgeng í alþjóðlegum viðskiptum og hún hefur valdið verðbóluskotum trekk í trekk. Lántakendur ættu því kannski að vera orðnir svolítið vanir því á Íslandi að forsendurnar séu þær að verðbóluskot verður með tilheyrandi hækkunum á höfudstól.

Ef ég og við í Bjartri framtíð ættum að setja fram aðgerðaáætlun, og kannski munum við gera það á haustþinginu, hefði ég talið að sú áætlun ætti að snúast um það hvernig við náum niður verðbólgu, náum niður vöxtum, náum niður verðlagi og hækkuðum laun til þess að gera forsendurnar betri á Íslandi.

[12:11]

**Elsa Lára Arnardóttir (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég virði mjög þær skoðanir sem aðrir flokkar hafa í sínum málum varðandi skuldamál heimilanna og allt það, ég virði sjónarmið þeirra í þessum málum. En ég hef auðvitað mikla trú á stefnu Framsóknarflokksins í þessum málum. Ég hef trú á því að með breyttri peningastefnu og áherslum framsóknarmanna í málefnum heimilanna munum við ná góðum efnahagsstöðugleika á Íslandi.

[12:12]

**Frsm. 1. minni hluta efn.- og viðskn. (Guðmundur Steingrímsson) (Bf) (andsvar):**

Frú forseti. Það er einmitt það sem er óútfært í aðgerðaáætluninni og líklega ein ástæða þess að ekki er hægt að ráðast í þessar aðgerðir strax heldur verður að stofna starfshópa og skoða kosti og galla. Það er óútfært hvernig þessar aðgerðir allar munu koma við efnahagslegan stöðugleika í þjóðfélaginu. Það er óútfært hvaða áhrif þær munu hafa á stöðu ríkissjóðs til dæmis og hvort þær séu þensluhvetjandi.

Það er ástæða þeirra varnaðarorða sem ég fór yfir áðan. Það er margt sem bendir til þess að þessar aðgerðir muni beinlínis leiða til meiri óstöðugleika, þær muni skapa þenslu og þar með meiri verðbólgu og þar með hærri vexti og þar með verri stöðu heimilanna. Það er hættan. Og ef þær auka skuldir ríkissjóðs hækka þær skatta framtíðarinnar og þar með versnar staða heimilanna líka.

Við fjöllum öll um þessi mál út frá þeim sjónarhóli að við viljum bæta stöðu heimilanna en mér sýnist við hafa æði mismunandi sjónarhorn á málefnum.

[Fundarhlé. — 12:14]

[13:31]

**Frsm. 2. minni hluta efn.- og viðskn. (Árni Páll Arnason) (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 2. minni hluta um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Fyrst er þá til að taka að efni þingsályktunartillögunnar stendur ekki undir því heiti sem tillagan sjálf ber því að í tillögunni sjálfri er ekki að finna neinar aðgerðir heldur yfirlit um atriði sem kanna skuli.

Kosningaloforð núverandi stjórnarflokkanna voru skýr og svo dýr að slíkt á sér ekkert fordæmi í íslenskri stjórn-málasögu. Þau lofordi hafa skapað gifurlegar væntingar í samfélaginu um útteilingu fjár og það er mikill ábyrgðarhluti að bregðast þeim væntingum og það hik sem er á efndum stjórnarflokkanna getur haft viðtækar neikvæðar afleiðingar.

Óvissa er að allra mati verst óvinurinn og óskýr rannsóknaráætlun, eins og hér er um að ræða, um forsendur dýrustu kosningalofordanna skapar mikla og skaðlega óvissu. Við sjáum þess nú þegar stað á fasteignamarkaði þar sem fólk heldur að sér höndum vegna óvissu um hvað það á í reynd í húsum sínum. Við sjáum það líka vegna þess að ríkisstjórnin treystir sér jafnvel ekki til að koma fram með einföldustu þætti þeirra aðgerða sem hún þó yjar að að komi til greina, svo sem eins og frumvarp um afnám stimpilgjalds sem ætti að vera einfalt úrlausnarefni. Allt veldur þetta því óvissu sem er skaðleg fyrir efnahagslífið og hún er skaðleg fyrir heimilin í landinu.

Það er sem sagt ljóst núna þegar þessi þingsályktunartil-laga er skoðuð að fyrirheit úr kosningabaráttunni um að aðgerðir kæmu til framkvæmda strax í sumar munu ekki ganga eftir. En það er líka alveg ljóst að sú rannsóknarvinna sem þarf auðvitað að leggja til grundvallar árangursríkum aðgerðum í jafn stóru máli og hér um ræðir er alveg óunnin. Þetta er því fyrst og fremst rannsóknaráætlun.

Ég tel mikilvægt að ríkisstjórnin setji í orð fyrirheit um að byggja aðgerðir á vönduðum undirbúningi, en það bendir ekkert til að raunveruleg heildarsýn á skuldavanda heimila sé fyrir hendi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við í Samfylkingunni teljum óhjákvæmilegt að leggja fram nokkrar breytingartillögur í þessu máli til að herða á orðalagi varðandi þau verkefni sem mestu skipta og koma atriðum sérstaklega á framfæri. Að okkar áliti er mikilvægt að kveða skýrar að orði um það umboð sem er veitt varðandi afnám verðtryggingar og lækkun skulda þannig að ekki leiki vafi á og að líka sé mikilvægt að gefa stjórnarmeirihlutanum teki-færi á að gefa skýr fyrirmæli um að fyrir þingið skuli koma frumvarp um afnám verðtryggingar og útfærð áætlun um 20% lækkun lána.

Til viðbótar leggjum við svo til að stjórnvöld ljúki nauðsynlegri vinnu til að uppfylla fyrir sitt leyti úrvinnslu þess samkomulags sem liggur fyrir um lausn varðandi lánsveð, sem er alvarlegur vandi sem á eftir að leiða til lykta. Jafnframt legg ég fram breytingartillögu um að hverjum þingflokki verði heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndir og starfshópa sem skipaðir verði á grundvelli þingsályktunarinnar.

Það er nefnilega athugunarefni að í tillögunni, eins og hún er sett fram, er sú þverpólítíska samvinnuhefð Alþingis sem við komum á haustið 2009 rofin því að ekki er gert ráð fyrir því að stjórnarandstaðan komi að úrvinnslu skuldamála. Það er mikill galli. Ég held satt að segja mesti ávinningurinn af vinnunni á síðasta kjörtímabili og verklaginu þá hafi verið að ná að tryggja þessa þverpólítísku samvinnu um vinnu við skuldamál heimilanna. Það er líka rétt að hafa í huga að í tíð síðustu ríkisstjórnar fór fram mikil vinna á því sviði og það er fagnaðarefni að meiri hluti nefndarinnar skuli viðurkenna það og vitna beinlínis í þá

vinnu í meirihlutaálitinu og einnig í ræðu hv. þm. Willums Þórs Þórssonar áðan sem var algjörlega til fyrirmyndar.

Í nefndarálitinu fjalla ég nokkuð um bakgrunn skuldavandans og verklagið og verkefnið sem þegar hefur verið ráðist í á undanförmum árum. Í framhaldi af því er síðan umfjöllun í álitinu um hinn hugmyndalega grundvöll sem ríkisstjórnin byggir á varðandi loforðin um almenna leiðréttingu skulda heimilanna, þ.e. forsendubrest og verðbóluskot. Aðeins hefur verið rætt fyrir í umræðunni um forsendubrestinn og hugmyndina um forsendubrest og að hún sé í reynd forsenda þess að það þurfi nýja tegund aðgerða við í skuldavanda heimilanna. Vandinn við þá röksemd er að forsendubrestur hefur ekki verið viðurkenndur sem lögfræðilega viðurkennt hugtak á undanförmum árum. Ítrekað hefur verið látið á það reyna fyrir dómstólum að áföllin í hruninu hafi falið í sér forsendubrest en því hefur verið hafnað jafn oft af Hæstarétti. Það skapar auðvitað vandamál ef menn leggja síðan hugmyndina um forsendubrest til grundvallar aðgerðum í skuldavanda heimilanna og að það eigi að flytja fjármuni til þeirra sem hafa orðið fyrir forsendubresti ef ekki er um að ræða hugtak sem stenst fyrir dómstólum. Þá lenda menn auðvitað í miklum ógöngum gagnvart stjórnarskránni og eignarréttarákvæðum hennar og ef menn ætla að byggja almennar afskriftir á að mæta forsendubresti verður þessi hugmynd um forsendubrest að vera annað en sú óljósa pólitíska hugmynd sem hún er í dag. Þess vegna geld ég varhuga við því að yfir höfuð sé mögulegt, miðað við túlkun Hæstaréttar á hugmyndinni um forsendubrestinn á undanförmum árum, að byggja aðgerðir af þeim toga sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir á þeirri hugmynd.

Hugmyndin um að leiðrétta eigi verðbóluskot er ekki síður nýstárleg. Hún kemur fram í stjórnarsáttmálanum og hún kemur fram í þingsályktunartillögum. Þetta er þeim mun athyglisverðara þar sem Ísland hefur meiri reynslu af verðbólgu en nokkur önnur þjóð í Vesturheimi og tjón af völdum verðbólgu hefur verið svo algengt og almennt að talið hefur verið algjörlega ómögulegt hingað til að bæta tjón vegna verðbólgu. Hún hefur auðvitað valdið miklum eignatilfærslum, verðbóluskot hafa valdið tilfærslum og tjóni í árunna rás. Síðast 2006, í kjölfar míníkrísunnar í febrúar 2006, þegar verðbólga fór yfir 8% og vanskil byrjuðu að hrannast upp í kerfinu. Það var ekki hrun fjármálakerfisins 2008 sem markar upphaf vanskilahruninnar heldur tvöfaldast vanskilin á árinu 2006. Með sama hætti má nefna verðbólguhrinuna eftir fall krónunnar upp úr aldamótum og með sama hætti verðbólguvæðinguna á tíunda áratugnum og auðvitað hið mikla misgengi í verðbólguvæðingunni mikla upp úr 1983.

Í öllum þeim tilvikum urðu auðvitað miklar eignatilfærslur. Um áratugi voru láglaunafólk og líffeyrisþegar látnir bera kostnaðinn af verðbólgu en þeir sem högnuðust voru þeir sem voru í færum til að tryggja sér í gegnum pólitísk tengsl aðgang að lánsfé á neikvæðum vöxtum að vild. Það er auðvitað ljóst þegar horft er á þá sögu að í sumum tilvikum hafa orðið áþekkt misgengisáhrif vegna hækkunar verðtryggðra lána og lækkandi fasteignaverðs og við höfum reynt hér á síðustu árum, til dæmis í krísunni eftir 1983. Það er því ekkert nýtt við það að misgengi verði né að það

sé húsnæðiseigendum þungbært. Þá er spurningin: Er hægt að skapa fordæmi ef forsendubrestur er ekki hugtak sem dómstólar viðurkenna eins og staðan er í dag? Er þá verðbóluskot og bætur á verðbóluskoti möguleg forsenda til þess með réttlátum og sanngjörnum hætti á forsendum jafnræðis, — því að það er auðvitað lagt upp með það í þingsályktunartillögum, meiri hluti nefndarinnar leggur líka á það áherslu í álitinu sínu — er þá hægt að tryggja jafnræði á grundvelli hugmyndarinnar um að bæta verðbóluskoti?

Ég mundi segja að ef ætlunin væri að bæta tjón vegna verðbóluskots sé ekki hægt að taka bara einn þjóðfélagsþóp sem verður fyrir tjóni vegna verðbóluskotsins og bæta honum það en ekki öðrum. Það eru aðrir hópar en íbúðar eigendur sem hafa orðið fyrir jafn miklu eða jafnvel verra tjóni. Besta dæmið er leigjendur sem hafa ekki notið hækkunar á fasteignaverði sem húsnæðiseigendur hafa þó notið og mildar höggið af verðbóluskotinu fyrir húsnæðiseigendur. Þegar við bætist að leigjendur hafa lakari aðgang að opinberri aðstoð til að niðurgreiða húsnæðiskostnað, vegna þess hversu húsaleigubætur hafa verið naumt skammtaðar til skamms tíma og þær hafa ekki tekið verðlagsbreytingum á kjörtímabilinu, blasir við að forsendubrestur leigjenda í verðtryggðri leigu er mun meiri en forsendubrestur eigenda sem eiga húsnæði. Þá eru ótaldir námsmenn þar sem lán hafa auðvitað ekki hækkað til að standa undir afborgunum af verðtryggðum lánum og auðvitað eru fleiri hópar, það nægir að nefna búseturéttarhafa, það nægir að nefna elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa ekki notið verðtryggðra hækkana á líffeyri á undanförmum árum.

Allir þessir hópar hafa tapað á verðbólgunni og það er algjörlega órökstutt hvernig hægt er að segja að einn hópur í þjóðfélaginu eigi rétt á bótum fyrir verðbólgu en ekki annar og ef menn á annað borð ætla að bæta tjón af verðbólgunni er spurningin: Hvað með hagnað af verðbólgu? Er hann þá ekki skattlagður? eru ekki lögð á gjöld til að taka hagnaðinn af þeim sem hafa fengið hann? Það eru fordæmi fyrir því. Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar voru lagðir á dyrtíðarskattar á til dæmis leigusala sem högnuðust á dyrtíð, á ýmsa þjóðfélagsþópum sem högnuðust. Við sjáum núna að auðvitað er áberandi að það var ekki þannig að allir töpuðu á verðbólgunni, það voru sumir sem högnuðust á henni. Það er auðvitað ljóst með fjármagnseigendur sem áttu verðtryggðar eignir en það er líka ljóst að útflutnings- og samkeppnisgreinar högnuðust verulega. Er þá ekki rétt að gera upptækan á móti verðbólguhagnað útflutningsgreinanna sem högnuðust á verðbóluskotinu ef það á annað borð á að bæta tjón sumra af verðbólgunni?

Þarna er engin samkvæmi hjá ríkisstjórninni. Þvert á móti kemur hún hingað inn, byrjar á skattbreytingum sem léttu byrðum af samkeppnisgreinum og toppar það svo með sérstakri sendiför til þess að afsala þjóðinni eðlilegu afgjaldi af sameiginlegum auðlindum með veiðigjaldinu.

Í minnihlutaálitinu rek ég einstaka þætti í tillögum og ætla ekki að orðlengja það en nefni sérstaklega 8. lið tillögunnar. Þar er lagt til að stofnaður verði sérfræðingahópur sem meti möguleika á að leggja gjald á fjármálagjafirteki vegna umtalsverðra tafa á endurútreikningi lána. Slíkt er sjálfsagt og ég er mjög hrifinn af þessum lið. Ég vil minna á að í tíð fyrri ríkisstjórnar var mörkuð sú stefna að ekki



ætti að leyfa aðgreiðslur úr bönkum og ekki ætti að lækka eiginfjákröfur til þeirra nema þeir gætu sýnt umtalsverðan árangur í skuldaúrvinnslu. Með öðrum orðum héldum við þeirri svipu yfir fjármálakerfinu að það yrði að vinna úr því að lækka skuldastöðuna, koma vanskilalánunum í skil og afskrifa eins og þeir þyrftu til þess að koma fólki og fyrirtækjum í eðlilegt horf áður en þeir gætu notið þess að eiginfjákröfur lækkuðu og aðgreiðslur yrðu leyfðar á bönkunum.

Jafnframt voru fjármálfyrirtækin látin bera kostnað af starfsemi umboðsmanns skuldara og þar með enn frekar innsiglað og tryggt að þau hefðu hag af því að halda skuldaúrvinnslunni í góðum gangi. Stærsta vandamálið er sem fyrr Drómi sem lýtur ekki neinum venjulegum viðmiðum af því að hann er ekki starfsleyfisskylt fjármálfyrirtæki. Í 8. lið er gert ráð fyrir, eins og segir í tillögunni sjálfri, að sérfræðingahópur meti möguleika á því að leggja gjald á fjármálfyrirtæki vegna umtalsverðra tafa á endurúrreikningi lána og komi með tillögum þar um í ágúst næstkomandi. Ég legg þunga áherslu á að sá hópur taki jafnframt á málefnum Dróma og komi með útfærðar tillögur um hvernig hægt sé að standa að upplausn þess fyrirtækis og flutningi á útlánun þess yfir til starfsleyfisskyls fyrirtækis, sem virðir eðlilegar samskiptareglur við viðskiptavinina í fjármálamárknaði.

Við höfum margsinnis rætt þetta á síðasta kjörtímabili. Ég mælti fyrir frumvarpi árið 2011 sem varð að lögum, sem setti Dróma undir eftirlit Fjármálaeftirlits og fól Fjármálaeftirlitinu að ganga eftir því við þetta furðufyrirtæki að það færi að eðlilegum leikreglum á fjármálamárknaði því að það hefur enga framtíðarhagsmuni af viðskiptum við fólk og getur þess vegna komið fram við fólk eins og það kys. Það er alveg ljóst að eftir að gengislánadómarnir hafa fallið er stór hópur lántakenda í þeirri stöðu að hann er með lán sem mundu teljast gild erlend lán ef ekki hefði komið til laga- setningar Alþingis í árslok 2010 sem ógilti öll gengistryggð íbúðalán. Það fólk á því bara stóð í lögnum sem hafa oft verið kennd við mig og voru sett hér í lok ársins 2010.

Íslandsbanki hefur kosið að ganga ekki að þessu fólki og virða þau lög, það er hrósvært. Það gerir Íslandsbanki vegna þess að hann er starfsleyfisskylt fjármálfyrirtæki og vegna þess að hann hefur framtíðarviðskiptahagsmuni í huga og hefur raunverulega langtímahagsmuni af því að koma fram við fólk með eðlilegum hætti. Drómi á hinn bóginn hefur enga slíka langtímahagsmuni, getur hegðað sér nákvæmlega eins og hann kys og þess vegna er það fyrirtæki núna að brjóta sáttina um skynsamlegar leikreglur á fjármálamárknaði og ganga að um 160 heimilum með algjörlega óásættanlegum hætti. Ef það er ekki hægt á grundvelli lagabreytingarinnar sem við réðumst í 2011 og felldi Dróma undir eftirlit Fjármálaeftirlits, að stöðva þessa ósvinnu er orðið algjört grundvallaratriði að leysa upp þetta fyrirtæki og flytja lánin til starfsleyfisskyls fjármálfyrirtækis, sem er þá í þeirri stöðu að þurfa að taka tillit til hagsmuna viðskiptavina sinna og getur ekki gengið fram með algjörlega óábyrgum hætti.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að lokum að mjög mikilvægt er að ríkissjóður verði ekki látinn bera byrðar til að fjármagna almennar aðgerðir vegna skuldavanda. Það er hið

yfirlýsta markmið stjórnarflokkanna, að þessi kostnaður ætti ekki að koma úr ríkissjóði. Það er mjög mikilvægt að staðið verði við þau markmið þó að ríkisstjórnarflokkarnir séu svo sem ekki mikið í því núna að standa við fyrirheitin frá því fyrir kosningar nema að því leyti sem þau lutu að ívilnunum til stórutgerðar og annarra vildarvina.

Almennar tilfærslur á almannafé í þeim tilgangi að létta almennt skuldastöðu íbúðarkaupenda væri ósanngjörn aðgerð og mundu fela í sér stórfellda tilfærslu fjár frá þeim tekjuminni til þeirra sem eru betur settir, frá öldruðu og ungu fólki til fólks á besta aldri og frá landsbyggð til höfuðborgar. Þess vegna skiptir svo miklu máli að ríkissjóður verði ekki látinn bera byrðar vegna aðgerða af þessum toga. Eftir aðgerð eins og almenna skuldaniðurfellingu upp á 20% til dæmis væru tveir af hverjum þremur sem eru í vanda enn í vanda og ríkissjóður í engum færum til þess að mæta þeim vanda.

Mikilvægasta framlagið — eins og kemur fram í öllum umsögnum sem hafa borist nefndinni og er satt að segja leitun að jafn neikvæðum umsögnum um þingsályktunartilöggu af þessum toga eins og raunin er í þessu máli — eins og kemur fram í öllum umsögnum frá Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandinu, Seðlabankanum er auðvitað mikilvægasta framlag stjórnvalda og Alþingis til skuldsettra heimila, allra skuldsettra heimila og líka annarra landsmanna, að ríkissjóður beini öllu því svigrúmi sem ríkissjóður kann að hafa til að lækka skuldir ríkisins og greiða þannig fyrir lægri vöxtum, afnámi hafta, fjölgun starfa og almennri velsæld.

Ég vil að síðustu aftur minna sérstaklega á þá breytingartilöggu sem ég flyt hér ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar og felur í sér að hverjum þingflokki verði heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndir og starfshópa sem skipaðir verði á grundvelli þingsályktunarinnar. Ég tel mjög mikilvægt að aðgangur allra flokka sé að þessu verki og ég vona að þingheimur taki þeirri hugmynd vel.

[13:53]

### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Til að taka af allan vafa vil ég lýsa því strax yfir í upphafi máls míns að uppreisn er ekki hafin í Samfylkingunni þó að ég komi hér og ætli að gera eina lítilvæga athugasemd við mál míns góða formanns, hv. þm. Árna Páls Árnasonar. Ég er sammála honum um að það er ýmislegt sem vantar í þessa tillögu. Hv. þingmaður sneiddi að hæstv. forsætisráðherra fyrir það að hafa algjörlega gleymt leigjendum í þessari þingsályktunartilöggu. Ég get svo sem tekið undir það með hv. þingmanni að hagsmuna þeirra sér lítinn stað í tillögunni. Hæstv. forsætisráðherra hefur eigi að síður ekki gleymt þeim alveg. Ég minnst þess að á kosningadaginn skrifaði hann eina af sínum gagnmerku greinum á heimasíðu sína, þar var leigjenda getið. Hæstv. forsætisráðherra reifaði þar svigrúmið margfræga og sagði, með leyfi forseta:

„Talsmaður hópsins [sem beitir sér fyrir því að stjórnmalamenn taki á snjöhengjувandanum] hefur bent á að svigrúmið geti numið um 800 milljörðum króna. Það er a.m.k. ljóst að um leið og leifar efnahagshrunsins verða gerðar upp mun gefast tækifæri til að koma til móts við

heimilin og gera aðrar ráðstafanir til að rétta stöðu íslensks samfélags.“

Síðan skrifar hæstv. forsætisráðherra töluvert mál um hvaða atriði það eru sem þarf að leiðrétta og segir m.a. — ég vil vekja sérstaka eftirtekt hv. þingmanns á því — með leyfi forseta:

„[B]æta þarf stöðu leigjenda til mikilla muna ...“

Svo ég kem hingað til þess að bera hönd fyrir höfuð hæstv. forsætisráðherra. Þegar grannt er skoðað hefur hann ekki algjörlega gleymt leigjendum. Hann byrjaði vel, hann lofaði miklu, honum hefur aðeins skrikað (Forseti hringir.) fótur í sporinu. En erum við ekki sammála um það, ég og hv. þingmaður, að við þurfum að nota (Forseti hringir.) þetta tækifæri til þess að fríska upp á minni hæstv. forsætisráðherra?

[13:55]

### **Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Árni Páll Arnason) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Jú, ég held að sé gott að nota þetta tækifæri til að hjálpa hæstv. forsætisráðherra til að rifja upp orð sín um leigjendur. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að muna eftir þessu tilskrifti og sést nú að ég er ekki nægilega dyggur lesandi heimasíðu forsætisráðherra. Ég man hins vegar eftir því að í leiðtogaumræðum kvöldið fyrir kjördag vék hæstv. forsætisráðherra að því að bæta skyldi hag ekki bara húsnæðis kaupenda heldur líka leigjenda. Hæstv. forsætisráðherra veitir því beinlínis fyrirheit gagnvart leigjendum bæði í skrifum sínum á heimasíðuna og með ummælum sínum í leiðtogaþætti kvöldið fyrir kjördag. Þess þá heldur er sérkennilegur skortur á sérstakri umfjöllun um vanda leigjenda og úrlausn á stöðu þeirra í samhengi við aðra sem eiga húsnæði í þingsályktunartillögunni sjálfri af því forsætisráðherra var búinn að gefa alveg skýrt loforð að þessu leyti.

Svo má alveg spyrja líka: Er þá alveg fulltalið þegar horft er til íbúðareigenda og leigjenda? Ég tel að hagsmunir búseturéttarhafa séu þeir sömu þarna. Þá spyr maður auðvitað líka: Af hverju er það bara tjónið af verðbólgu, sem er til komið vegna húsnæðis, sem á að bæta ef hugmyndin um forsendubrest er yfir höfuð eitthvað annað en pólitískur merkimiði? Af hverju eiga þá ekki fleiri aðilar rétt á bótum sem orðið hafa fyrir tjóni?

[13:57]

### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Í Samfylkingunni, eins og ábyggilega í öðrum stjórn mála flokkum, er verkaskipting. Hv. þingmaður sem hér talaði áðan leiðir flokkinn. Ég hef hins vegar tekið að mér það hlutverk án þess að vera beðinn um það að fylgjast nákvæmlega með því sem hæstv. forsætisráðherra skrifar. Ég fylgist með því öllu og finnst gaman að lesa það. Mér finnst gaman að rifja það upp. Ég held að það sé hollt, ekki bara fyrir mig og hv. þingmann, heldur held ég að það sé hollast fyrir hæstv. forsætisráðherra að rifja það upp sem hann sagði í kosningabaráttunni. Sem betur fer sé ég að hæstv. forsætisráðherra keppist við að lesa og skrifa, kannski er hann að tína upp úr hugskoti sínu stopular minningar um það sem hann sagði.

Það getur vel verið, eins og mér finnst hér dag hvern, að Framsóknarflokknum fari fram við það að gleyma því sem hann sagði, en ég hef ekki gleymt því. Kjósundur hafa ekki gleymt því. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ég mun gera mitt ýrasta til þess að rifja það upp sem lofað var vegna þess að orð skulu standa.

Það vil ég segja að enn höfum við ekki reynt hæstv. forsætisráðherra að einhverju öðru. (**Forsrh.:** Skjaldborgin?) Skjaldborgin um stórúngerðina, um sægreifana. Það er gott að hæstv. forsætisráðherra rifjar það hér upp. Það er líka eitt af því sem halda mætti hér langar ræður um.

Hæstv. forsætisráðherra sagði það mjög skýrt í kosningabaráttu sinni hver ættu að verða forgangsmál Framsóknarflokksins. Við höfum séð þau. Því miður er það þannig að það eru mál sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur öðrum fremur borið fyrir brjósti sem eru forgangsmálin hér, og þá munar auðvitað mestu um 10 milljarða gjafabréfið til stórúngerðarinnar. Það er ágætt að hæstv. forsætisráðherra minnti mig á þetta.

En að öðru leyti vil ég beina því í (**Forsrh.:** Velferðarbrúin?) fullri vinsemd og með virðingu til hv. þingmanns og formanns Samfylkingarinnar að láta ekki líða nokkurn dag öðruvísi en að gá á heimasíðu hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) því að þar er margt hnossægtið að finna og er vel skrifað.

[13:59]

### **Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Árni Páll Arnason) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hrífst af stílnilld forsætisráðherra og hef nú lesið hann nokkuð upp á síðkastið. Það er hins vegar full ástæða til þess að horfa á samhengi þeirra mála sem koma hér inn á sumarþingið. Það er auðvitað orðið alveg ljóst að loforðin sem gefin voru heimilum, loforðin sem gefin voru lífeyrisþegum eru léttvæg fundin þegar komið er hér til þings. Það vantar efnidir á loforðunum gagnvart leigjendum sem voru vissulega kreist út úr hæstv. forsætisráðherra fyrir kosningar. Það er ekki orð um aðstöðu leigjenda í þingsályktunartillögunni og því hefur nú verið ýtt út af borðinu. Það vantar raunverulegar efnidir á skuldaleiðréttingunni og öllu því sem átti að gerast á sumarþingi. Og jafnvel hlutir sem hefði auðveldlega verið hægt að hrinda í framkvæmd á sumarþingi ef vilji hefði verið til eins og lykklafurvarp, frumvarp um afnám stimpilgjalds, sjást ekki. Og haldið er áfram að skapa óvissu á fasteignamarkaði þjóðinni allri til tjóns.

En það er líka alveg ljóst að fyrirheitin sem veitt voru lífeyrisþegum um almenna úrlausn eru ekki efnidir. Ríkisstjórnin tilkynnti í gær með því frumvarpi sem hér var rætt að ekki ætti að breyta neinu frá því sem fyrri ríkisstjórn var búin að ákveða um almennar aðgerðir handa lífeyrisþegum. Hér kom lítið frumvarp, gjafapakki til best stöðu lífeyrisþeganna í gær, sem ég óska þeim til hamingju með, en einungis 11% lífeyrisþega munu í einhverju njóta af því frumvarpi.

Það sem blasir við eru efnidir á loforðum um skjaldborg um stórúngerðina, efnidir á loforðum um fyrirgreiðslu til vildarvina, en vanefndir á (Forseti hringir.) loforðum til heimila.

[14:02]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hefur svo sem fengið ágætisumfjöllun, bæði við fyrri umr. og einnig í nefndum og þar hefur komið ágætlega fram af okkar hálfu hvað okkur finnst vanta inn í málið. Það sem er kannski aðallega vonbrigði í þessu er eins og fram hefur komið hversu gleitt menn gengu fram í kosningabaráttunni í lofordum um aðgerðir strax, engar nefndir, bara efnir. En svo erum við að sjá hér tillögu sem gengur akkúrat í þveröfuga átt, meira um nefndir en nokkrar efnir. Það er vonbrigði og hljóta að vera vonbrigði fyrir þá sem styðja ríkisstjórnina en það eru líka vonbrigði fyrir okkur sem öttum kappi við þá stjórnmalaflokka sem gengu fram eins og þeir gerðu, að hér væri hægt að smella fingri og kippa öllu í liðinn fyrir alla. Það er auðvitað ekki svo. Verkefnið er miklu, miklu stærra og það sést á þeim tillögum sem hér eru. Ríkisstjórnarflokkarnir virðast vera farnir að gera sér grein fyrir því og átta sig kannski á þeirri stöðu sem fyrri ríkisstjórn var í gagnvart þessum málum þegar verkefnið blasa við þeim.

Þetta er nefnilega ekki einfalt mál og var eitt af okkar stærstu verkefnum á síðasta kjörtímabili fyrir utan það að reisa við ríkissjóð og skapa aftur tiltrú á íslenskum efnahag, sem gekk vonum framar verð ég að segja, en það var samt ekki þannig að okkur hafi tekist að klára allt, alls ekki. Það voru mjög mörg verkefni sem út af stóðu, til að mynda hvað varðar heimilin í landinu.

Aður hefur komið fram að um það bil 300 milljarðar fóru til heimilanna á síðasta kjörtímabili, 200 milljarðar í formi lækunar skulda í gegnum fjármálastofnanir og 100 milljarðar beint úr ríkissjóði í gegnum vaxtabætur og barnabætur. En þetta var ekki nóg og það er algerlega ljóst að við þurfum að ganga lengra. Ágæt skýrsla sem fyrirverandi hæstv. velferðarráðherra, Guðbjartur Hannesson, fór fyrir að gerð yrði sýndi fram á það. Við gerum okkur vel grein fyrir því og það er þess vegna sem við munum styðja þau góðu verk sem lögð verða fram til handa heimilunum í landinu og væntum þess þá að ríkisstjórnin muni vinna vel að þeim.

Í þingsályktunartillögunni er þó nokkuð sem upp á vantar og hv. þm. Árni Páll Árnason fór ágætlega yfir fjölmörg þeirra atriða. Ég vil gera eitt atriði að umtalsefni og geri ég breytingartillögu við málið þar um og það er hinn svokallaði lánsveðshópur. Í fyrri umr. um málið óskaði ég svara frá hæstv. forsætisráðherra um af hverju hans væri ekki getið í þessari tillögu og hvort ástæðan gæti hugsanlega hafa verið sú að menn ætluðu sér þá að standa við undirritaða viljayfirlýsingu fráfarandi ríkisstjórnar við Landssamtök lífeyrissjóða um úrbætur til þessa hóps. Við því bárust engin svör, því miður, en þau koma kannski á eftir. Ég vona það vegna þess að sá hópur má ekki vera í neinni óvissu.

Það er nefnilega þannig með þann hóp svo maður hlaupi létt yfir sögu að þegar síðasta ríkisstjórn fór í skuldaúrræðin voru fjölmargir sem gátu nýtt sér ýmsar leiðir og úrræði, til dæmis hina umtöluðu 110%-leið sem skilaði mjög mörgum heimilum skuldaniðurfærslu og fleiri slík úrræði en þau úrræði gat hópurinn með lánsveðin ekki nýtt sér. Við stóðum í töluverðu stappi lengi á síðasta kjörtímabili við lífeyrissjóðina sem vildu ekki taka þátt í þessu með okkur, þ.e.

taka þátt í því að lækka veðin til samræmis við aðra hjá þeim sem höfðu þurft að taka veð fyrir láni og þetta er mestmegnis unga fólkið og þeir sem höfðu keypt á erfiðasta tíma fyrir hrun og voru kannski í hvað mestum vanda. Þess vegna lögðum við mikla vinnu í það og það tókst eftir mikli harðfylgi að ná þeirri viljayfirlýsingu við lífeyrissjóðina.

Við fögnuðum því mjög að þeir væru tilbúnir að brjóta odd af oflæti sínu og taka þátt í þessu með okkur þó að við hefðum auðvitað viljað sjá skerf þeirra stærri. En engu að síður töldum við mikilvægt að þetta yrði gert og mér finnst mikilvægt að því sé svarað af ríkisstjórninni hvort ekki verður staðið við þá viljayfirlýsingu. Þetta er ekki dýrasti pakkinn, þetta er ekki stærsti pakkinn en þetta er einn viðkvæmasti hópurinn af skuldurum vegna þess að þar er akkúrat hópurinn sem kom inn á versta tíma, keypti eignir á árunum 2005, 2006, 2007 þar sem erfitt var að koma inn á húsnæðismarkaðinn og mikil bóla í gangi og fólk þurfti að fá lán hjá foreldrum sínum eða veð að láni. Sá hópur hefur setið eftir vegna tregðu lífeyrissjóðanna en núna er sú tregða ekki lengur til staðar. Þeir hafa meira og minna samþykkt í stjórnnum sínum að taka þátt í þessu verkefni.

Til að ekki verði óvissa hjá þessum hópi legg ég ásamt þingflokki Samfylkingarinnar til breytingartillögu við þingsályktunartillöguna um að við bætist nýr tölulíður sem kveður á um að stjórnvöld ljúki nauðsynlegri vinnu til að uppfylla fyrir sitt leyti þau skilyrði sem felast í viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða — sem ég nefndi áðan milli fráfarandi ríkisstjórnar og Landssamtaka lífeyrissjóða — varðandi lánsveð og að þau skilyrði verði uppfyllt fyrir lok þessa árs þannig að þessi hópur geti fengið úrlausn mála sinna sem allra fyrst af því að sá hópur hefur algerlega setið eftir.

Það er eðlilegt að hann sé settur í ákveðinn forgang og til hans horft vegna þess að hann hefur ekki notið þess að sitja við sama borð og aðrir lántakendur í þeim úrræðum sem hingað til hafa verið veitt íslenskum skuldurum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu, erindi mitt hingað upp var um þetta. Ég tel þetta brýnt mál og ég vona að þingheimur sé tilbúinn til að taka þessa breytingartillögu til skoðunar og samþykkja hana svo að lánsveðshópurinn svokallaði viti hvað bíður hans en að mál hans séu ekki sett enn og aftur í óvissu bara með því einu að hér er komin ný ríkisstjórn til valda.

[14:09]

**Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég er kominn hingað upp til að fylgja eftir álit 1. minni hluta í efnahags- og viðskiptanefnd um stjórnartillögu um skuldavanda heimila á Íslandi.

Ég tók þátt í allri kosningabaráttunni í vor af miklum móð í Norðausturkjördæmi, heimakjördæmi hæstv. forsætisráðherra, og þar bar ekkert annað á góma en hið stóra mál um hvernig leysa skyldi skuldavanda heimilanna. Við Steingrímur J. Sigfússon og fleiri börðumst mikið og kröftuglega í því að reyna að ræða þessi mál í kringum þær væntingar sem fyrst og fremst Framsóknarflokkurinn skapaði meðal kjósenda.

Eins og ég skil tilurð sumarþings sem við sitjum núna snerist það um þetta. Það snerist um að hrinda í fram-

kvæmd aðgerðum í þágu heimilanna í landinu. Svoleiðis skildi ég tilgang sumarþingsins hér og nú. Þegar ég lít yfir salinn sýnist mér það ekki vera málið. Það er lítill áhugi á málinu, það er lítill áhugi á að fylgja því eftir, það er lítill áhugi á að ræða það, sérstaklega af hálfu Framsóknarflokksins sem er til dæmis ekki beint fjölmennur í salnum akkúrat núna. Hæstsv. forsætisráðherra er þó hér og er að hlusta á okkur. Eins og ég segi var þetta stóra málið, og átti að vera.

Í álit okkar 1. minni hluta sem við hv. þm. Guðmundur Steingrímsson undirritum fyrir hönd þingflokks Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar gerum við svo sem ekki at-hugasemdir við það að ríkisstjórnin stofni starfshópa og vinnuhópa um skuldavanda heimilanna. Tillagan sem liggur núna fyrir er í tíu liðum eins og þeir þekkja sem hafa lesið hana og ef maður rennir yfir liðina sést að þeir snúast einfaldlega um að skipa sérfræðingahóp, kanna, skipa verkefnisstjórn, setja á fót sérfræðingahóp, kanna og fá sérfræðingahóp til að meta. Þetta eru þá sjö atriði talin af tíu, hvernig þau snúa og hvað á að gera nákvæmlega þar.

Þá standa eftir þrjú atriði. Það sem gera skal er að afnema stimpilgjöld sem hefði verið hægur leikur að gera eins og aðrir hv. þingmenn hafa bent ítrekað á í framsögum sínum. Það á að veita Hagstofu völd til frekari upplýsingaöflunar og það á að lögfesta flýtimeðferð dómsmála. Sjó af tíu atriðum snúast um að kanna, skoða, rannsaka og setja á fót sérfræðingahópa.

Þetta eru ekki miklar aðgerðir. Þetta eru ekki miklir þakkar sem verið er að bjóða upp á og þetta er langt frá og fjarri því sem við stöðum í slag um í kosningabaráttunni þegar við vorum að ræða þessi mál, væntingar þar sem tölu var fleygt á borðið upp á 800 milljarða eins og hv. þm. Árni Páll Árnason vitnaði til hérna áðan.

Nú virðast menn ætla að skoða og rannsaka hvernig hægt er að bera sig að við skuldaniðurfellingu. Eins og hv. þm. Árni Páll Árnason benti á áðan er þetta fyrst og fremst rannsóknaráætlun, og það er vel. Eins og stendur í álit okkar áætlar 1. minni hluti ekkert að standa í vegi fyrir því.

Við leggjum hins vegar einnig til nokkur varnaðarorð sem mig langar til að fara í á eftir, en það sem ég vil leggja áherslu á er að þegar talað var í aðdraganda kosninga voru búnar til miklar væntingar sem við sjáum núna birtast í frumvörpum á þessu sumarþingi sem, eins og ég sagði áðan, ég hefði haldið að snerust einungis um þetta. Hvernig birtist það? Jú, í frumvörpum sem snúa að veiðigjaldi, virðisauka í ferðaþjónustu og einhvers konar tæknilegum atriðum um stjórn fiskveiða. Það er eilítið komið til móts við kjaraskerðingu lífeyrisþega en annað er það ekki sem varðar hið stóra mál sem er skuldavandi heimilanna.

Framsóknarmenn hafa byggt upp gríðarlegar væntingar meðal þorra landsmanna um það hvað skuli gera og hvað verði og á meðan situr allt í frosti. Fjöldi fólks sem ég þekki til er meira að segja búinn að reikna sig niður á hvað það fær. Svo koma þeir upp núna með meirihlutaálit sitt í efnahags- og viðskiptanefnd og segja að til dæmis skuldaniðurfelling muni ekki leiða til verðbóluskots. Það er búíð að búa til gríðarlegar væntingar um allt samfélagið um hversu mikið veðhæfi menn muni eignast með niðurfellingu skulda af höfuðstól. Það er það sem Íslendingar hafa

sögulega gert, nýtt sér veðrymi sitt til fulls til neyslu. Þannig er það hér.

Í umræðu áðan kom fram hjá hv. þingmönnum Framsóknarflokks þegar umræðan snerist um þessa tillögu, skuldavanda heimilanna: Við verðum að gera eitthvað í þessu. Ég spyr: Voru þá loforðin fullkomlega innantómt? Var allt sem sagt var í kosningabaráttunni um hvað skyldi gert — og það var aldeilis listað, þetta var 20% niðurfelling o.s.frv. — algjörlega innantómt? Framafólk í Framsóknarflokki stígur í pontu og segir: Við verðum að gera eitthvað í þessu. Svo er nefnt — hvað? Breytt peningastefna. Ég hef ekki séð eitt einasta frumvarp á þessu sumarþingi sem snýr að því hvernig breyta skuli peningastefnunni en formaður efnahags- og viðskiptanefndar fór hins vegar mikinn í aðdraganda kosninga og talaði um hvernig þyrfti að breyta peningastefnunni hér í þessu landi. Við sjáum hins vegar hvergi stafrók um útfærslu á því í frumvörpum eða tillögum fyrir þessu sumarþingi og ekkert bólar á því fyrir haustið. Af þessu hef ég aðvitað áhyggjur.

Þegar menn hafa byggt upp þær væntingar sem þeir gerðu í aðdraganda kosninga finnst mér liggja ábyrgð á þeirra herðum um væntingastjórnun í framhaldinu, þ.e. að stýra þeim væntingum í ákveðinn farveg. Menn hafa brugðist þeirri ábyrgð með öllu.

Að lokum vil ég minna á og undirstrika það álit 1. minni hluta að, eins og ég segi, við setjum okkur ekki upp á móti því að ríkisstjórnin stofni starfshópa til að vinna að sínum stefnumálum og kanni þá kosti og galla þeirra hugmynda sem þeir hafa. Hins vegar segi ég: Við í þingflokki Vinstri grænna munum ekki koma að einhvers konar breytingartilögum í þessu máli. Þetta er stjórnartillaga. Þetta er fyrsta birting hinna miklu loforða sem við biðum þá öll eftir full eftirvæntingar. Á þessu stigi er ekkert annað að gera en vona að uppfylling þessara loforða og framfylgd þeirra reynist okkur öllum ekki of dýr.

[14:16]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Frú forseti. Margvísleg rök hníga að afnámi almennrar verðtryggingar neytendalána, ekki síst þörf á aukinni neytendavernd og efnahagsleg rök. Í óstöðugu og sveiflukenndu efnahagslífi er áhætta af lánastarfsemi einhliða á herðum lántakandans sem hefur leitt til kröfu um almenna niðurfærslu verðtryggðra lána í kjölfar hruns krónunnar árið 2008. Í ofanálág hefur verðtryggingin hvatt til lengri láns tíma, 40 ára verðtryggð jafngreiðslulán hafa verið kölluð Íslandslán enda sérkenni íslenska lánamarkaðarins. Lántakandi greiðir ekki niður höfuðstól fyrr en á síðari hluta láns tímans en fram að þeim tíma hækkar höfuðstóll lánsins ár frá ári. Verðtryggingin hefur því beinlínis hvatt til skuldsetningar og kemur hún mörgum í koll með yfirskuldsettar eignir.

Þegar verðtryggingunni var komið á fót árið 1979 voru aðstæður á fjármálamarkaði með öðrum hætti en nú er. Fjármálakerfið var allt meira og minna í eigu og undir stjórn ríkisins. Vaxtaákvæðanir voru miðstýrðar og fjármagn skammtað eftir geðþótta og fyrirgreiðslu. Afnámi verðtryggingar þýðir ekki afturhvarf til þessa kerfis. Vaxtaákvæðanir eru með öðrum hætti nú. Vextir ráðast á markaði og því hafa fjármálastofnanir meira svigrúm nú til að

bregðast við verðbólgu og mikilli eftirspurn eftir lánsfé. Vaxtaákvæðanir Seðlabankans yrðu skilvirkara tæki til hagstjórnar og ríkisstjórnir yrðu að taka meiri ábyrgð á hlut ríkisútgjalda við hagstjórn enda mundu lausatök við stjórn ríkisfjármála hafa bein áhrif á vaxtagreiðslur íslenskra heimila af húsnæðislánum.

Samfylkingin hefur haft þá stefnu að besta leiðin til að afnema verðtryggingu sé að ganga í Evrópusambandið og taka í kjölfarið upp evru sem gjaldmiðil. Þannig myndast sá stöðugleiki sem við teljum mikilvæga forsendu þess að hér sé með ábyrgum hætti hægt að afnema verðtryggingu.

Ný ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur gert ótímabundið hlé á aðildarviðræðum að sögn og vill að krónan verði framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar. Það er því ljóst að leið Samfylkingarinnar til afnáms verðtryggingar er ekki fær næstu árin og nauðsynlegt er að leita annarra leiða. Ríkisstjórnin hefur einnig boðað almenna niðurfærslu á verðtrygðum lánum vegna hruns krónunnar og aðgerðir til að færa verðtrygð lán í óverðtrygð. Framsóknarflokkurinn lofaði afdráttarlaust fyrir síðustu kosningar að verðtryggingin yrði afnumin með öllu. Það er því ljóst að staða verðtryggingarinnar á lánamarkaði er í uppnámi og mikilvægt að bregðast við af festu.

Þrátt fyrir þessa stöðu er óvíst með öllu hvenær ríkisstjórnin hyggt leggja fram lagafrumvarp um málið. Þess vegna er mikilvægt að löggjafinn dragi úr óvissu með því að kalla eftir frumvarpi um afnám verðtryggingar en ekki bara óljósum skoðunum á hvort það sé mögulegt í ljósi þessara afdráttarlausu kosningalofrða.

Einhver okkar þykjast skynja að Framsóknarflokkurinn sé á örlitlum flótta undan kosningaloforðum sínum, áferðin sé að breytast og að þingsályktunartillagan sem við ræðum nú beri vott um fremur þunnar efnidir. Kosningaslagorð sem voru notuð í kosningabaráttu Framsóknarflokksins sem fór fram undir kjörorðinu *Framsókn fyrir heimilin*, voru til að mynda „Við þorum að standa með íslenskum heimilum“. Haldnir voru kosningafundir undir slagorðinu „Verðtryggingin afnumin!“. Það var ekki spurningarmerki heldur upphröpunarmerki í lokin á þeirri fyrirsögn. Og síðan „Verðtryggingin — lögleg og siðlaus!“ Þar er reyndar spurningarmerki í fyrirsögn fundarins.

Þetta eru mjög skýr skilaboð til kjósenda, flokkurinn stillir sér upp sem miklum andstæðingi verðtryggingar og fólk trúði því að með því að kjósa flokkinn væri það að tryggja að efnidir yrðu en ekki frekari nefndir um það mál.

Ef einhverjir hafa ekki sannfærst af þessari yfirferð minni um væntingar má fara í það hvað hæstv. ráðherrar Framsóknarflokksins og þá forkólfar, ekki orðnir ráðherrar, sögðu til að mynda á kjördag. Í blogg sínu, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gaman af að lesa rétt eins og sú sem hér stendur, segir formaður Framsóknarflokksins og hæstv. núverandi forsætisráðherra undir fyrirsögninni „Þetta er leiðin“, með leyfi forseta:

„Verðtrygging launa var afnumin vegna þess að hún þótti ýta undir verðbólgu með víxlverkun launahækkana og verðbólgu. Á sama hátt er verðtrygging neytendalána nú farin að ýta undir verðbólgu. Verðtryggingin eykur skuldir sem gerir bönkunum kleift að lána meira út og það eykur á verðbólgu. Verðtryggingin tekur líka úr sambandi helsta

voðn stjórnvalda í baráttunni við verðbólgu, stýrivexti Seðlabankans. Afnám verðtryggingar af neytendalánum snýst um að koma á heilbrigðara fjármálakerfi og styrkja stöðu neytenda.“

Sama dag skrifar varaformaður Framsóknarflokksins, hæstv. núverandi landbúnaðar-, sjávarútvegs- og umhverfisráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson, pistil á blogg sitt sem ber heitið „Af hverju Framsókn?“. Þetta er fremur stuttur pistill, ég ætla ekki að fara náið í hann, frú forseti, en þetta er brýningin á kjördag, þetta eru síðustu herópin áður en fólk gengur til kosninga. Hann klykkir út með í lokin: „Og með leiðréttingu skulda og afnámi verðtryggingar lyftum við saman okinu af heimilunum. Sækjum fram saman.“

Þann 17. mars var núverandi hæstv. utanríkisráðherra að blogga, og er það til fyrirmyndar hvað framsóknarmenn eru duglegir að tala við kjósendur með bloggum sínum. (**Grip-ið fram í:** ...utanríkisráðherra.) Já. Og þá segir þáverandi þingflokksformaður flokksins, Gunnar Bragi Sveinsson, og núverandi hæstv. utanríkisráðherra, með leyfi forseta:

„Verðtrygging neytendalána getur ekki haldið áfram með sama hætti og verið hefur. Fjármálastofnanir hafa haft mikinn hag af verðtryggingunni og grætt milljarða á hækkun hennar í boði íslenskra heimila.“

Svo heldur hann áfram:

„Við ætlum að afnema verðtrygginguna á nýjum neytendalánum og beita leiðréttingunni á þau eldri. Við höfum kynnst því síðastliðin fjögur ár að verðtryggingin á slíka vini og varðmenn, t.d. í Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu, að þeir svífast einskis til að verja hana. Ástæðan er vitanlega sú að margir hafa mikinn fjárhagslegan hag af verðtryggingunni meðan heimilunum blæðir.“

Síðar segir hann, með leyfi forseta:

„Til að leiðrétta lánin, afnema verðtrygginguna neytendalána og setja þak á vísitöluna þarf vilja og þor. Við munum ekki láta útrúsnúninga eða villandi fréttanflutning draga úr okkur kjarkinn. Við sýndum staðfestu fyrir 20% leiðinni og Icesave og munum sýna það áfram.“

Frú forseti. Ég tók þessi dæmi til að rökstyðja það sem haldið er fram, m.a. í fjölmiðlum og af ýmsum stjórnmálamönnum, að gefnar hafi verið út mjög miklar væntingar til kjósenda Framsóknarflokksins. Hér var kominn flokkurinn sem ætlaði að vinna fyrir heimilin og lyfta af þeim oki. Hjá hæstv. ráðherra Gunnari Braga Sveinssyni er reyndar jafnframt talað um þak á verðtryggingu og það má furðu sæta að fyrst flokkurinn getur ekki staðið við kosningaloforð sitt með meira afgerandi hætti að ekki sé brugðist við því með þaksetningu, sem var líka þarna á floti í kosningabaráttunni. En hún er væntanlega bara hluti af framtíðarmúsikinni sem ég skil ekki alveg af því að með afnámi verðtryggingar þarf ekki að setja þak á verðtryggingu, hún verður einfaldlega ekki til staðar.

Frú forseti. Við í Samfylkingunni teljum að efnidirnar við kosningaloforðunum séu þunnar og þingsályktunartillagan sé með engu móti til þess fallin að eyða þeirri óvissu sem hefur skapast á lánamarkaði á Íslandi.

Hv. þingmaður, varaformaður Samfylkingarinnar, Katrín Júlíusdóttir, orðaði þetta ágætlega þegar hún sagði í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra: Nefndir, engar efnidir, og þingsályktunartillagan hefur nú heldur betur leitt

það í ljós. Hæstv. forsætisráðherra mundi kannski vilja svara því hvort hann sé ekki tilbúinn að gefa skýrari skilaboð. Það kom fram hjá hv. formanni viðskipta- og efnahagsnefndar að hann teldi að lánatendur ættu að forðast verðtryggð lán og að lánastofnanir ættu að fara gætilega, enda telja framsóknarmenn líka að það ríki mikil óvissa um lögmæti verðtryggingar. Ég skal ekki fullyrða neitt um það, en það er mjög mikilvægt að skýr skilaboð komi frá ríkisstjórninni inn á lánamarkaði hvernig skipan mála eigi að vera. Það er ólífandi fyrir heimili sem eru að taka stærstu fjármálaákvörðun sem hægt er að taka á heimili, sem er kaup á húsnæði, að vita ekki hvert útlitið er.

Það væri hægt, frú forseti, ef raunverulegur vilji væri fyrir hendi að afnema verðtryggingu strax. Það er hægt að leggja frumvarp fram um það, það er ekkert vandamál. Ýmsir vankantar munu reyndar fylgja því og það mun hafa alls kyns áhrif á efnahagslífið. En í ljósi þess að núverandi ríkisstjórn vill ekki skipta um gjaldmiðil, vill ekki koma landinu í hagfelldara umhverfi í peningamálum verður að takast á við þann skell sem afnám verðtryggingar verður. Það er óhjákvæmilegt og það er ekkert betra að fresta því. Það er best að rífa strax plásturinn af sárinu, það er ekki eftir neinu að bíða.

Við í þingflokki Samfylkingarinnar höfum þar af leiðandi lagt fram breytingartillögu sem er til þess fallin að draga úr óvissu og gefa heimilum skýrari upplýsingar um það hvað í vændum er. Í stað þess að sérfræðingahópur ríkisstjórnarinnar leggi fram tillögur verði lagt fram frumvarp í nóvember þannig að hér verði ljóst fyrir árslok hvert ríkisstjórnin ætlar að stefna. Þetta er óvissa sem er ekki hægt að bjóða upp á og síst af öllu af ríkisstjórn sem telur sig fulltrúa þess að halda uppi efnahagslegum stöðugleika og halda uppi stjórn sem sé sérstaklega hagfelld heimilunum í landinu.

Það er mjög fátt í gjörðum ríkisstjórnarinnar sem yfir höfuð lítur til hagsmuna almennings. Það væri því eðlilegt að ríkisstjórnarmeirihlutinn gæfi þau skilaboð til íslenskra heimila að einhvers staðar væru þau tilbúin að gefa vísendingu um að standa eigi við eitthvað af stóru loforðunum sem öfluðu flokknum þessu fylgi.

[14:29]

### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þökkalega umræðu á köflum um þingsályktunartillöguna. Hér hafa borist nokkrar ábendingar sem ástæða er til að skoða og það gerist að sjálfsögðu í störfum nefndarinnar líka. Það hefur þó verið undarlegt að hlusta á hv. þingmenn Samfylkingarinnar sérstaklega, vegna þess að ræður þeirra hafa borið það með sér að það sem ráði för hjá umræddum flokki sé fyrst og fremst gremja yfir úrslitum kosninganna, meira að segja hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, fyrirverandi fjármálaráðherra, lýsti því að það væru líka vonbrigði fyrir þau, þ.e. þingmenn Samfylkingarinnar, hver staðan væri með vísan til þess hver niðurstaða kosninganna eða áherslur í kosningabaráttunni hefur verið. Það er mjög mikilvægt að menn láti ekki gremju yfir úrslitum kosninganna algjörlega hlaupa með sig í gönur.

Hv. þm. Árni Páll Árnason var búinn að opna á það að hann mundi ekki standa í vegi fyrir framgangi þessara mála

í rauninni, þvert á móti mundi hann gera hvað hann gæti til að greiða fyrir framgangi þeirra. Svo er allt í einu komið annað hljóð í strokkinn. Menn finna á þessu ýmsa van-kanta, finna ýmsa galla á tillögunni og hvetja til þess að hitt og þetta sé skoðað betur. En á sama tíma, í sömu ræðum skammast menn yfir því að hlutirnir skuli ekki framkvæmdir strax, þ.e. hluti sem menn telja gallaða og mikilvægt að gefa sér tíma til að skoða betur en heimta svo að þeir séu afgreiddir strax.

Þetta er dálítið þversagnarkennt eins og svo margt í þeim málflutningi en þó kannski í samræmi við það sem hlaut að verða niðurstaðan. Hún hlaut að verða þversagnarkennd þegar flokkur sem háði kosningabaráttu árið 2009 undir slagorðum á borð við skjaldborg fyrir heimilin og velferðarbrúin, skilaði svo af sér þeirri niðurstöðu að útreið flokksins varð sú sem hún varð í kosningunum. Þá hlýtur auðvitað að vera erfitt að koma hingað upp og ætla strax á fyrstu dögum nýrrar ríkisstjórnar, fyrstu dögum nýs þings, að halda því fram að sú ríkisstjórn, það þing hafi þegar brugðist. Það er augljóst hversu holar hljómur er í slíku að ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að fara yfir það.

Ég vil þó sérstaklega láta þess getið hvað það er ánægjulegt þegar þingmenn vitna orðrétt í það sem við þingmenn stjórnarmeirihlutans höfum sagt, vegna þess að allt of mik-ið hefur verið um það, ekki hvað síst hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að menn telji sig hafa séð eitthvað, telji sig hafa heyrt eitthvað, ruglist svolítið í ríminu eða kjósi að gleyma því eða jafnvel að snúa út úr því en veðrist svo allir upp og æsist yfir því sem aldrei var sagt eða aldrei var gert. Hv. þingmaður heldur því reyndar fram að hann sé ötull við lestur bloggs og það kann að vera rétt hjá hv. þingmanni, hann sé orðinn það ákafur bæði við lestur bloggs og ritun bloggs að hann sleppi ekki tölvunni jafnvel þegar hann kemur hingað í þingsal. Ég hef ekki séð það áður að hv. þingmenn séu að blogga í þingsalnum en svo ákafur bloggari er hv. þm. Össur Skarphéðinsson orðinn. Þá væri auðvitað æskilegt að sú umræða væri uppbyggileg og til þess fall-in að bæta mál, leiða mönnum fyrir sjónir kosti og galla til-tekinnna mála og byggðist þá á því sem raunverulega er til umræðu. Ástæðan fyrir því að ég ræði þetta er að ég vil sér-staklega fagna því að hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir las orðrétt upp úr bloggi mínu og annarra hv. þingmanna eða hæstv. ráðherra. Þetta er allt til fyrirmyndar svo að ég nefni nú eitthvað jákvætt.

Þá að þeim álitamálum sem komið hafa til umræðu varðandi þingsályktunartillöguna. Það virðist enn vera nauðsynlegt að minna á hver tilgangurinn með þessari til-lögu er. Það virðist nefnilega gæta misskilnings hjá hluta stjórnarandstöðunnar, hugsanlega er það misskilningur sem menn kjósa að búa til hjá sjálfum sér til að hafa um eitthvað að tala. En hvers eðlis sem misskilningurinn er er hann til staðar og gengur út á það að tilgangurinn með umræddri þingsályktunartillögu sé að leysa öll vandamál allra. Þau eru ekki það háleit markmiðin með þingsályktunartillög-unni þó að þau séu býsna háleit enu að síður. Tillagan og sú vinna sem þar er lýst mun ekki leysa vanda allra og mun ekki leysa vanda þeirra fjölmörgu rekstrarfélaga sem hafa búið við viðvarandi óvissu í fjögur ár vegna stefnuleysis oft á tíðum og pólitíks óstöðugleika sem var ríkjandi hér á síð-

asta kjörtímabili, svo að ekki sé minnst á 200 breytingar á skattkerfinu. Það mun þurfa að leysa þann vanda með öðrum tillögum með öðrum frumvörpum. Þetta mun ekki leysa vanda bændna sem margir hverjir fóru illa út úr efnahagshruninu. Og þetta leysir ekki vanda allra skuldsættra heimila. Það mun þurfa áfram aðrar aðgerðir til þess. Það hefur aldrei annað staðið til en að beita öðrum ráðum, leggja fram aðrar tillögur og önnur frumvörp til þess að leysa ýmsan vanda sem samfélagið stendur frammi fyrir eftir undanfarin fjögur ár.

Þegar hv. þingmenn Samfylkingarinnar koma hingað upp og rekja þann vanda sem hinir ýmsu hópar í samfélaginu standa frammi fyrir eftir sex ára stjórnartíð Samfylkingarinnar geri ég ekki lítið úr því, það er alveg rétt. Það er alveg réttmæt ábending hjá hv. þingmanni Samfylkingarinnar. Staðan er mjög erfið eftir þessi sex ár. Og taka þarf á þeirri stöðu með fleiri tillögum en einni, fleiri frumvörpum en einu, svoleiðis að þetta er bara vinna sem mun halda áfram og mun því miður taka einhvern tíma óhjákvæmilega því að vandinn er umfangsmikill.

Ég heyri það enn, það eru ekki reyndar margir en það ber við að einhverjir haldi því fram að því hafi verið lofað fyrir kosningar af hálfu Framsóknarflokksins að skuldamálin yrðu öll leyst strax, því hefur jafnvel verið haldið fram að því hafi verið lofað að fólk fengi ávísanir sendar heim í pósti nánast daginn eftir kosningar. Þetta er svolítið sérkennilegt vegna þess að í aðdraganda kosninganna, í kosningabaráttunni, máttu frambjóðendur Framsóknarflokksins þola það að stöðugt var verið að skammast yfir því að þeir skyldu ekki leggja fram útfærðar tillögur, heldur ætla sér að útfæra þær eftir kosningar. Við útskýrðum reyndar hvers vegna það væri. Við vorum svolítið brennd af reynslunni að leggja útfærðar tillögur upp í hendurnar á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í aðdraganda kosninga 2009. Þá lögðum við fram útfærðar tillögur um hvernig hægt væri að leysa stóran hluta vandans strax, nýta einstakt tækifæri sem þá var til staðar. En þá fór öll umræðan að snúast um útfærsluna, meira að segja ekki útfærsluna í heild heldur einhver smáatriði í útfærslunni. Og svo var alveg ómögulegt, virtist vera, að fallast á tillögurnar vegna þess að þær komu frá Framsóknarflokknum.

Eftir að hafa hvað eftir annað á undanfögnu kjörtímabili lagt fram nýjar tillögur miðað við aðstæður eins og þær þróuðust, því miður þróuðust þær ekki nógu mikið í rétta átt, brugðum við á það ráð fyrir um það bil ári að nálgast hlutina á nýjan hátt og segja: Eigum við ekki að sammælast um ákveðin markmið? Eigum við ekki að vera sammála um það, þingmenn ólíkra flokka, að ákveðnum markmiðum þurfi að ná, ákveðin markmið séu réttlát og þess virði að vinna að þeim og þegar við erum búin að sammælast um markmiðin vinna þá saman að útfærslunni? Þetta var kynnt sem ný nálgun hjá okkur og við lögðum hana til grundvallar í kosningabaráttunni. Ég held að segja megi að hún hafi fallið ágætlega í kramið vegna þess að menn höfðu séð af-rakstur árána þar á undan. Menn gera sér líka almennt grein fyrir mikilvægi þess að vinna frumvörp vel, ég tala nú ekki um frumvörp sem varða svona stór mál eins og hag heimilanna í landinu almennt.

Hv. þingmenn Samfylkingarinnar hljóta að hafa lært það af reynslunni eftir að hafa ítrekað orðið fyrir ákveðnum skakkaföllum við lagasetningu að það borgar sig að vinna frumvörp vel, vinna þau að minnsta kosti þannig að þau standist, verði ekki dæmd ógild af dómstólum.

Nú leggjum við fram þessa þingsályktunartillögu til að fá Alþingi með á það að sammælast um að markmiðin séu þessi. Almennt heyrir mér stór hluti þingmanna taka undir þau markmið. Þótt sumir eigi svolítið erfitt með það held ég að menn fallist almennt á þau meginmarkmið, þó að gæti reyndar misskilnings eins og ég nefndi áðan um að tilgangurinn með þessu hefði verið sá að leysa á fyrstu dögum nýs kjörtímabils öll þau vandamál sem höfðu hrannast upp á undanförmum árum. Þó að þetta sé stór tillaga er hún ekki alveg það stór.

Svo er það rifjað upp að komið hafi verið til móts við heimilin á síðasta kjörtímabili og menn hugað að stöðu þeirra verst settu. Samt er hamrað á því aftur og aftur að fyrst og fremst þurfi að aðstoða þá verst settu. Það sem var aðaláherslan á síðasta kjörtímabili virðist ekki hafa skilað meiri árangri en svo að enn þurfi menn að einbeita sér að því sem síðasta ríkisstjórn hélt fram að hún hefði einbeitt sér að.

Talað er um 300 milljarða, að 300 milljarðar hafi verið settir í að koma til móts við heimilin. Megnið af þeim 300 milljörðum — hvernig komu þeir til? Ekki með aðgerðum síðustu ríkisstjórnar. Nei, heldur fyrir tilstilli dómstóla. Það þurfti dómstóla til að koma til móts við heimilin að þessu marki. Það getur varla verið að menn sjái ofsjónum yfir því að verja fjármagni sem mun ekki lenda á ríkinu í það að klára að koma til móts við heimilin.

Þá nefna menn hina ýmsu hópa sem muni ekki fá neitt ef komið verður til móts við heimili sem eru með verðtryggt lán. Það er svolítið sérkennileg umræða að ekki megi bæta fólki tjón sem það varð fyrir vegna óeðlilegs framferðis lánaþyrirtækja við að ýta undir þenslu sem svo leiddi til falls gjaldmiðilsins, að ekki megi bæta því fólki það tjón sem það varð fyrir, jafnvel þó að tækifæri sé til þess, vegna þess að einhverjir aðrir kunna að hafa orðið fyrir annars konar tjóni. Sem sagt, það sé betra að gera ekki neitt fyrir neinn en að koma til móts við þennan stóra hóp, þennan stóra hluta samfélagsins sem varð fyrir beinu tjóni af falli bankanna.

Eins og reyndar, ég verð nú að þakka fyrir það, virðulegur forseti, nokkrir þingmenn bentu á. Það er ekki þar með sagt að menn ætli að vanrækja alla aðra hópa. Þá verð ég bara að ítreka aftur það sem ég rakti hér áðan að þó að þetta sé stór tillaga er ekki með henni einni ætlunin að leysa allan vanda allra. Það er stærra verkefni en svo og mun taka einhvern tíma.

Þetta er líka sérkennileg umræða með hliðsjón af tengingunni við neyðarlögin frá árinu 2008. Ég hef alltaf lítið svo á að það að koma til móts við skuldsætt heimili væri eðlilegt framhald af neyðarlögunum. Reyndar hafa ráðherrar úr þeirri ríkisstjórn, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, tekið undir að það hefði verið eðlilegt framhald af neyðarlögunum að koma til móts við þá sem skulduðu, enda skuldir hin hliðin á eignum.

Þegar með neyðarlögunum var séð til þess að eignir,

innstæður í bönkum til dæmis, voru varðar og eignum þrotabúanna ráðstafað til þess, var ekki kvartað undan því, ekki var sagt: Bíddu nú við, af hverju er verið að koma til móts við þá sem eru með innstæður í bönkum? Af hverju ekki leiðgjendur eða þá sem áttu ekkert í bönkum? Af hverju er verið að koma sérstaklega til móts við þennan hóp?

Þetta var gert engu að síður og eðlilegt framhald af því að huga að hinni hliðinni, skuldahlíðinni, enda var allt sem benti til þess í aðdraganda efnahagshrunsins, að minnsta kosti miðað við greiningar fjármálastofnananna, að það væri æskilegt og örugg fjárfesting að setja eigið fé í fasteignir. Því var haldið að fólki þótt menn geti haft mismunandi skoðanir á því hversu skynsamlegar slíkar fjárfestingar hafi verið þegar fasteignabólan var orðin umtalsverð eftir að bankarnir komu inn á fasteignalanamarkaðinn.

Þeir sem settu eigið fé í eignir sínar voru að leggja fyrir í rauninni, töldu þetta örugga fjárfestingu, öruggan stað til þess að geyma fé til efri áranna. Aðrir settu peninga inn á bankareikning og tóku jafnvel samtímis 100% lán til þess að kaupa fasteign.

Það eru mjög hættuleg skilaboð í því fólgin ef eingöngu er komið til móts við þá sem tóku allt að láni, eingöngu þeir fái einhverja leiðréttingu, á meðan þeir sem settu eigið fé í eignir sínar í stað þess að setja það inn á bankabók og urðu sannarlega fyrir beinu tjóni vegna efnahagshrunsins, að ekkert sé komið til móts við þá.

Svo að ekki sé minnst á þann hættulega hvata sem felst í því að koma eingöngu til móts við þá sem komast algjörlega í þrot, á meðan þeir sem reyna að standa í skilum eru jafnvel í tvöfaldri vinnu til þess, spara við sig á allan mögulegan hátt, fara ekki í frí til útlanda, senda börnin jafnvel ekki í tómstundastarf, skrapa saman til að standa í skilum, að ekkert sé komið til móts við þá. Þetta eru mjög óheppileg skilaboð og fela í sér mjög skaðlega hvata fyrir samfélagið og efnahagslífið í heild.

Nú er tími minn að verða á þrotum, virðulegu forseti. Ég á eftir að fara yfir nokkur atriði, ætla á meðan tími gefst til að nefna sérstaklega það sem spurt var um varðandi lánsveðshópin.

Við sem vorum í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili nefndum oft mikilvægi þess að koma til móts við þann hóp. Hins vegar verð ég að segja að það samkomulag sem síðasta ríkisstjórn gerði við lífeyrissjóðina fannst mér heldur slappt. Núverandi stjórnarandstaða, hv. þingmenn Samfylkingarinnar ekki hvað síst, hafa talað mikið um mikilvægi þess að aðgerðir til að koma til móts við heimilin leiði ekki til aukinna skulda ríkisins, lendi ekki á ríkinu. En hvaða leið var farin þegar samkomulag var gert við lífeyrissjóðina? Nánast allur kostnaðurinn, hátt í 90% kostnaðar, lendir á ríkinu á meðan lánveitandinn tekur eingöngu á sig það sem hann taldi að hefði hvort eð er kostað, umsýslan við það að ganga að fólki og breyta lánnum eða taka eignir. Þetta finnst mér ekki nógu góð niðurstaða fyrir ríkið sem síðasta ríkisstjórn samdi um enda þótt sömu hv. þingmönnum sé nú tíðrætt um mikilvægi þess að leggja ekki auknar byrðar á ríkið.

Ég vona að þrátt fyrir sérkennilegar umræður á köflum, eins og ég hef rakið, verði það ekki til þess að menn standi gegn þessari þingsályktunartillögu. Það væri ekki í sam-

ræmi við þær yfirlýsingar sem forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna gáfu áður en sumarþing kom saman.

Vonandi getum við haldið þessari vinnu óhikað áfram með stuðningi þingsins alls og vonandi mun svo þingið styðja þær aðgerðir sem hrint verður í framkvæmd í framhaldinu, aðgerðir byggðar á staðreyndum, á vel unninni og vel undirbúinni og útfærðri vinnu sem mun standast skoðun, standast fyrir dómstólum og þá sérstaklega standast þau sjónarmið sem voru svo ríkjandi fyrir síðustu kosningar, og eðlilega, þ.e. réttlætissjónarmiðin um mikilvægi þess að koma til móts við þá sem hafa verið vanræktir undanfarin ár.

[14:49]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Þetta er merkisdagur fyrir nýja hægri stjórn á Íslandi því að hér er síðari umræða um þingsályktunartillögu um stóra kosningamálið. Það má undrun sæta að ekki sé meiri gleði meðal stjórnarþingmanna. Sjálfstæðismenn virðast ekki líta á þetta sem sína tillögu, þeir sjást ekki í salnum í dag.

Hæstv. forsætisráðherra bregst núna við gagnrýni okkar úr Samfylkingunni með því að segja að þetta sé gremja okkar yfir úrslitum kosninganna. Þessi setning veitir hæstv. ráðherra hugarró og þá dúsu ætla ég ekki að hrifsa af honum.

Ég kom hér til að spyrja hann út í þá óvissu sem ríkisstjórn hans hefur skapað með óljósum áformum, hvort hæstv. ráðherra telji ábyrgt af lánastofnunum að veita verðtryggð lán núna og næstu mánuði þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin ætli að afnema verðtryggingu og breyta verðtryggðum lánnum í óverðtryggð eftir því sem kostur gefst.

Frú forseti. Spurning mín er sem sagt sú: Telur hæstv. forsætisráðherra slíkt ábyrgt af hálfu lánastofnana?

[14:51]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég kemst nú ekki hjá því að gera atugasemd við þessa allt of augljósu tilraun hv. þingmanna Samfylkingarinnar til þess að búa til heiti á ríkisstjórnina, kalla hana hægri stjórn. Þetta er svolítið dæmigert fyrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Við höfum séð þetta svo oft áður. Ætli þetta hafi ekki verið sent út á — hvað heitir það, virðulegur forseti, *Rauða þræðinum*, póstlista með póstum sem sendir eru á alla samfylkingarmenn til þess að segja þeim hvað þeir eigi að endurtaka í sífelli til þess að reyna að stimpla það inn í umræðunni. Hei, krakkar, köllum núna öll stjórnina hægri stjórn, (**GuðbH:** Margur heldur mig sig, margur heldur mig sig. ...) það hlýtur að fara í taugarnar á framsóknarmönnum. Það er gaman að sjá hversu þetta fer fyrir brjóstið á hv. þm. Guðbjart Hannessyni. Ég virðist hafa hitt þarna á veikan blett.

En að spurningunni: Er ábyrgt af lánastofnunum að lána verðtryggð lán? Ég tel almennt að verðtryggð lán séu ekki mjög ábyrgt lánaform. Eins og hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir rakti áðan eru ýmsir gallar á því lánaformi sem fyrst og fremst skekkir stöðu neytanda gagnvart lánveitanda, felur raunverulegan kostnað við lánin og færir byrð-



arnar hlutfallslega af því að standa í skilum aftar á lántímann. Almennt held ég því ekki að það sé ábyrgt lánaforu. Það er auðvitað ekki heldur ábyrgt hversu háir vextir eru á Íslandi, en það leysum við ekki með inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru eins og við höfum heldur betur séð á undanförunum missirum í Evrópu þar sem menn hafa komist að því að einn gjaldmiðill þýðir ekki eitt sameiginlegt vaxtastíg. Lausnin felst í því að styrkja undirliggjandi stöðir efnahagslífsins. Og þá komum við aftur að því sem ég rakti í síðustu ræðu, mikilvægi þess að huga að fleiri þáttum en (Forseti hringir.) gera ekki ráð fyrir því að leysa málin með einni þingsályktunartillögu.

[14:53]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Ég er mikill flokkshestur og geng oftast í takt með mínum flokki þó að ég sé ekki alltaf sammála öllu sem flokksfélagar mínir segja. En ég hef samt svo skapandi hugsun að þetta var mín hugmynd í þessu sambandi, en það má vera að það sé einhver undirliggjandi innræting sem veldur þessu.

Mér finnst áhugavert að bæði hæstv. forsætisráðherra og hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar lýsa hér yfir að þeir telja það óábyrgt að verið sé að veita verðtryggt lán á Íslandi, enda er það ekkert skrátið í ljósi þeirra áforma sem uppi eru.

Ég vil, frú forseti, nota tækifærið, af því að hv. formaður viðskipta- og efnahagsnefndar er hér í salnum, til að hvetja hann til að halda fund í nefndinni, kalla þangað inn lánastofnanir og gera þeim grein fyrir þessari afstöðu flokksins sem stjórnar ferðinni í nýrri hægri stjórn.

[14:54]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Þessu andsvari var nú ekki beinlínis beint að mér heldur hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar sem hefur ekki aðstöðu til þess að koma hér upp og svara andsvarinu. En ég geri nú ráð fyrir því að hv. þingmaður muni skoða þessi mál vel í nefndinni á komandi missirum. Ég tel litlar líkur á öðru í ljósi þess hvernig málflutningur hv. þingmanns hefur verið, (Gripíð fram í.) svolíðis að ég held að hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þurfi ekki að hafa áhyggjur af því. (SII: Hvenær á að afnema verðtrygginguna?)

Það var skemmtilegt að heyra að hv. þingmaður gekkst við því að hafa fundið upp þá brellu sem ég vék að hér áðan. Ég óska hv. þingmanni til hamingju með það. Hún virtist stolt af þeirri uppfinningu sinni, ég ætla ekkert að draga það í efa þó að hv. þingmaður hafi ítrekað að hún væri mikill flokkshestur og gengi í takt með öðru samfylkingarfólki, að hv. þingmaður hafi fundið upp á þeirri stórsnjöllu leið til þess að reyna að ergja framsóknarmenn að kalla þetta hægri stjórn.

Ástæðan fyrir því að þetta er fyrst og fremst skondið frekar en ergilegt er að það blasir auðvitað við öllum hverslags miðjuskynsemisáherslur eru ríkjandi hjá þessari ríkisstjórn og birtist það ekki hvað síst í þeirri þingsályktunartillögu (Gripíð fram í.) sem við höfum rætt hér í dag.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja athygli á þessu. Hv. þingmaður var reyndar þeirrar skoðunar að þetta væri fyrst og fremst tillaga framsóknarmanna. Eins og glöggmt mátti sjá á mjög skýru og greinargóðu nefndaráliti sem kynnt var við upphaf þessarar umræðu, þ.e. álit meiri hlutans, þá er þetta tillaga sem nýtur víðtæks stuðnings enda skynsamleg á allan hátt og upphafið að miklum breytingum til hins betra í íslensku samfélagi.

[14:56]

**Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra ræðuna og skýringar á tillögunni sem hann lagði fram en það var margt skondið og skringilegt í henni svo ég vitni til eigin orða hæstv. forsætisráðherra. Það er tvennt sem ég vil draga sérstaklega fram í stuttu andsvari, þá yfirlýsingu í ræðu hæstv. forsætisráðherra að staðan í dag sé aðeins afleiðing stefnu síðustu stjórnar. Það er fráleitt að setja málin svo upp, það er gróf einföldun og ég treysti því að hæstv. forsætisráðherra viti betur. Ég þarf ekki annað en að minna á það sem varð hér haustið 2008. Þar liggur grundvöllurinn að þeim breytingum og þeim vandamálum sem við eigum við að etja í dag.

Dylgjur um 200 skattbreytingar og annað eru hefðbundnar klisjur úr kosningabaráttunni sem voru allar til þess fallnar að mála upp einhverja tiltekna mynd af síðustu ríkisstjórn sem átti að vera ríkisstjórn óstjórnar og alls kyns ömurlegheita sem áttu að hafa dunið á landsmönnum.

Hv. þm. Elín Hirst fór ágætlega yfir það í sinni stuttu ræðu í morgun þar sem hún lýsti því orðfæri sem hefur verið beitt og sagði að það væri harla viðeigandi miðað við hvað þjóðin hefur búið við á undanförunum öldum, a.m.k. í samanburði.

Varðandi misskilning um tilgang tillögunnar er hann ekki fyrir hendi. Það er nefnilega alveg ljóst hvað þetta er, það er einfaldlega rýrt í roðinu, einfaldlega nefndaskipunartillaga. Það má vel vera eins og ég ítreka í minni framsögu að þarna séu fyrstu skrefin tekin í átt að þessum miklu breytingum en aðalatriðið er að í kosningabaráttunni voru gefnar miklar væntingar um það sem koma skyldi. Þessi stjórnartillaga er ekki nokkurt skref í þá átt að standa undir þeim væntingum. Það sem meira er, ég get tekið undir að það sem virðist vera hér í sköpun er hægri stjórn, fullkomin og hreinræktuð hægri stjórn, jafnvel sú harðsvíraðasta sem við höfum séð. Það dæmi ég út frá þeim stjórnarfrumvörpum (Forseti hringir.) sem lögð hafa verið fram og því sem við höfum séð til aðgerða ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) til þessa.

[14:59]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en ítrekað það sem fram kom í ræðu minni og bent hefur verið á nokkrum sinnum við þessa umræðu, það hlýtur að vera eðlilegt að byrja á því að fara yfir málin og undirbúa frumvörp vel, ég tala nú ekki um þegar menn koma að stöðunni þannig að það liggur ekki einu sinni fyrir heimild til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga, í fjögur ár er ekki einu sinni búið að klára það

að fá heimild til þess að afla nauðsynlegra upplýsinga. Þegar menn eyða heilli kosningabaráttu í að skammast yfir því að menn skuli ætla að útfæra málin í samráði við aðra eftir kosningar og eyða síðan fyrstu mánuðunum eftir kosningar í að skammast yfir þveröfugu, því að menn skuli ekki búnir að klára málin, er afskaplega holur hljómur í því.

Svo ítreka ég það sem ég nefndi áðan um mikilvægi þess að læra af reynslunni, læra af mistökum síðustu ríkisstjórnar við lagasetningu til að tryggja að lög séu til þess fallin að ná yfirlýstum markmiðum þeirra, en ekki að valda meiri skaða en gagni, og að lög standist skoðun, standist fyrir dómstólum og gagnvart stjórnarskrá.

[15:00]

**Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hæstv. forsætisráðherra, ég þakka þér fyrir þín stuttu andsvör. Ég bendi á að frumvarp um Hagstofuna situr enn í allsherjar- og menntamálanefnd og er afar umdeilt, þ.e. það frumvarp að veita Hagstofunni nánast ótakmarkað leyfi til upplýsingaöflunar. Það er mjög umdeilt og er ekkert víst að það fari neitt lengra. Þar er ýmis þrándur í götu, skulum við segja.

Ég ítreka aftur að samkvæmt 1. minnihlutaálitni höfum við ekki í hyggju að standa í vegi fyrir þessari tillögu. Við höfum ekki í hyggju að standa í vegi á nokkurn hátt fyrir því að ríkisstjórnin skipi þá starfshópa og nefndir sem hún telur nauðsynlegt til að kanna þessi mál. Ég tek undir með að auðvitað á að vanda til, en það hefur nú líka margt verið gert og það má vel byggja á því að mörgu leyti. Það hefur margt verið gert og margt gott. Það er búið að slá máli á ýmsa hópa sem þarf að koma til móts við og það er hægur leikur að ganga í það verk. Ég bendi á það að í heimakjördæmi okkar, mínu og hæstv. forsætisráðherra, Norðausturkjördæmi, gerði ég viðreist í aðdraganda kosninganna í heilan mánuð. Ég sat þar marga fundi með frambjóðendum Framsóknarflokksins og þar fóru þeir mikinn í loforðum um hvað verða skyldi og þær breytingar sem koma skyldu sem ég hef ekki séð stafkrók um í þeim frumvörpum sem lögð hafa verið hér fyrir. Það þykir mér miður.

Þess er kannski vert að geta þess að á öllum þessum fundum náði ég aldrei að stíja fund með hæstv. forsætisráðherra í öllu þessu kjördæmi, heimakjördæmi okkar beggja. Ég hefði kannski betur gert það, þá hefði ég fengið skýrari mynd af því sem fyrir lægi. Upplifun mín af kosningabaráttunni, og ég tel mig tiltölulega óvítlausan, var einfaldlega sú að hér væri miklu meira í vændum og stæði miklu meira til en það sem við höfum séð núna. Það sem við höfum séð til þessa eru frumvörp sem snúa að því að hjálpa þeim sem hafa og geta en ekki mikla sýn á það hvernig á að breyta samfélaginu eða hvernig á að koma til móts við þá sem ekki hafa og ekki geta.

[15:02]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það skýtur skökku við að segja að ekki standi til að standa á nokkurn hátt í vegi fyrir framgangi þessara mála og hótta því um leið að eitt af þessum frumvörpum sem þessi þingsályktunartillaga snýst um

komist kannski ekkert lengra, verði kannski bara stoppað. Þetta er eins og svo margt annað í þessari umræðu í dag afskaplega sérkennilegt (Gripið fram í.) og enn bregður hv. þm. Guðbjarti Hannessyni í brún. (**GuðbH:** Ég sit í nefndinni.)

Hv. þingmaður er afskaplega órólegur þessa dagana og hefur verið það frá því að kosningum lauk. Ég skal reyna að koma eitthvað til móts við hv. þingmann ef ég get það en ég skil hins vegar vel gremjuna.

Hvað varðar talið um að gefnar hafi verið ákveðnar væntingar er alveg rétt að gefnar voru væntingar. Það voru gefnar væntingar um nákvæmlega það sem lýst er í þeirri þingsályktunartillögu sem er til umfjöllunar hér í dag, þingsályktunartillögu þar sem lagður er grunnur að umfangsmestu aðgerðum í þágu heimila, ekki bara á Íslandi heldur um að minnsta kosti Evrópu og hugsanlega í heiminum öllum eftir að efnahagskrísan reið yfir, sú sem hófst árið 2007. Það er ekkert minna en það, það er verið að leggja grunn að aðgerðum á heimsmælikvarða. Þá hljóta menn að geta sammælst um að það þurfi að vinna þá vinnu almennilega og allt tal um að það sé hægur leikur að klára einhver ónefnd mál strax gerir ekki annað en að vekja upp spurningar um hvers vegna síðasta ríkisstjórn gat ekki klárað þau mál á fjórum árum sem er nú hægur leikur að klára á fyrstu dögum sumarþings.

[15:04]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég ákvað að taka til máls í ræðu í staðinn fyrir að fara í andsvar, einfaldlega til þess að gefa hæstv. forsætisráðherra tækifæri á að koma hér aftur upp því að hann notaði fyrri ræðutíma sinn að fullu í að tala niður aðra stjórn málflokka og komst svo ekki yfir það sem hann vildi ræða í lokin. Hann fær þá tækifæri til að koma hér aftur og bæta úr því.

Hér talaði hæstv. forsætisráðherra sem er að eigin sögn einn mest misskildi maður íslensks samfélags. Ég held að við höfum ekki skilið eitt einasta orð rétt af því sem hann hefur sagt, en enginn talar um það annar en hann sjálfur. Jafnvel þó að við lesum upp textann beint upp eftir hæstv. forsætisráðherra telur hann ástæðu til að skrifa heilu greinarnar um að ekki bara stjórnarandstaðan heldur fjölmiðlar alls landsins séu að rangtúlka orð hans, tala niður það sem hann er að gera. Ég hef aldrei nokkurn tíma á þeim árum sem ég hef verið í pólitík, bæði í bæjarpólitík í 12 ár og síðan frá því 2007 á þingi, heyrst annað eins aumavæl hjá stjórnálamanni sem er kominn í forustu í landspólitík.

Hvað hefðum við þá mátt segja sem höfum þurft að vera að moka flórinn eftir 18 ára stjórnartíð hægri flokkanna sem núna eru komnir aftur valda? Við sátum undir ámælum (**Forsrh.:** Er Samfylkingin þá hægri flokkur?) um að gera ekki nokkurn skapaðan hlut rétt á þeim tíma. Það hefur þó gerst hér í þessari umræðu, sem er afar merkilegt, að þegar hún hófst kom hér talsmaður efnahags- og viðskiptanefndar og flutti ræðu, hv. þm. Willum Þór Þórsson, og fór arlega yfir það sem hér hefur verið gert vel áður og tók það sérstaklega fram. Mér finnst hann vera meiri maður af en hæstv. forsætisráðherra sem talar alltaf eins og hér hafi ekki nokkur einasti maður unnið eitt einasta verk af viti fyrir en

hann kom. Er þá nokkur furða þótt hann tjái hæstsv. forsætisráðherrum annarra landa að þeir tali ágætlega sitt eigið móðurmál? Slíkur er hrokinn í málf lutningnum.

Þetta finnst mér vera miður. Gremja mín yfir úrslitum kosninganna stafar ekki af kosningatapi Samfylkingarinnar. Hún stafar af því sem við höfum séð núna á þessu sumarþingi. Af því stafar mín gremja og leiðindi. Og veiki bletturinn á mér, eins og hæstsv. forsætisráðherra orðaði það þegar ég kallaði fram í: Margur heldur mig sig, er þegar manni er brigslið um illar hvatir og gert einmitt það sem hann var sjálfur að kvarta undan, manni eru lögd orð í munn.

Hér kemur þingmaður úr allsherjar- og menntamálanefnd og talar um að við séum í vandræðum með Hagstofufrumvarpið og það sé hótun um að ætla ekki að fara með það í gegn. Ég sit í þessari nefnd, ég sat með lögfærðingi í morgun frá Persónuvernd sem segir að þetta stangist á við stjórnarskrá. (Gripið fram í.) Hver var í ræðu áðan að tala um að við ættum að fara vandlega yfir hlutina til þess að við værum ekki að ógna stjórnarskrá?

Við erum að vinna undir mikilli pressu, við fáum sum málin seint inn. Þingið hófst hér með því að hæstsv. forseti Alþingis talaði um að mál þyrftu að koma inn snemma, þau þyrftu að fá vandaða umfjöllun. Við erum að hliðra til málum með því að taka frumvarpið um almannatryggingar með tveggja, þriggja, fjögurra daga umsagnarfresti — tveggja, þriggja daga. Það á að skila umsögunum um það frumvarp á mánudaginn. Við í stjórnarandstöðunni höfum ekki lagst á móti því að vinna hér kvöld og nætur til að reyna að koma þessum málum áfram. Og við höfum ekki setið hér fram eftir kvöldum og verið að hlusta á okkur tala, við erum að reyna að koma málum áfram.

Það skyldi þó aldrei vera að við megum ekki gera athugasemdir við það sem kemur fram í þingsályktunartillögunni, þar sem í fyrsta skipti er farin sú leið að ríkisstjórn kemur og biður um leyfi að flytja mál. Þegar við ætlum svo að bæta málið, taka þátt í umræðu og koma með tillögur kemur hæstsv. forsætisráðherra og segir að það sé bara verið að reyna að tala málið niður.

Mér finnst þetta vond byrjun hjá ríkisstjórn sem talar um anda sátta, að leiða þjóðina í einn hóp. Þjappa honum saman, skipa stóra heild. Forsætisráðherrann er ekki góð fyrirmynd í því og ég hvet Framsóknarflokkinn að finna nýjan fulltrúa til að vera leiðtoga þjóðarinnar ef þetta á að vera aðferðin.

Við viljum vinna þetta vel. Við viljum vinna þetta með hæstsv. forsætisráðherra og með þinginu. Og það kemur skýrt fram í þeim athugasemdum sem við höfum gert við þingsályktunartillöguna að við munum styðja hana, við ætlum ekki að standa í veginum fyrir því að málið verði þróað áfram. Allsherjar- og menntamálanefnd var samhljóma í áliti sínu og benti á ýmis atriði sem við verðum að ræða og halda til haga, ekki til að koma í staðinn fyrir þessa tillögu heldur til að fjalla um og leysa í framhaldinu. Þar voru nefndir leigjendur, þar voru nefndir Búmenn og lánsveðshópurinn var líka nefndur.

Það er hárrétt sem hæstsv. forsætisráðherra sagði áðan að lánsveðsniðurstaðan er býsna aum, og ég skora á hæstsv. forsætisráðherra að gera betur. Þar höfum við átt í stríði við

lífeyrissjóðina og það kann að vera að mönnum takist þar betur. Ekki skal standa á okkar liðsinni við að ná enn þá betri árangri.

Við töluðum áðan um að afla betri upplýsinga. Í morgun kom inn á netið skýrsla frá Hagstofunni sem við fengum líka afhenta í allsherjar- og menntamálanefnd í morgun, *Hagtíðindi*, þar sem farið er yfir skuldir, eignir og eiginfjárstöðu einstaklinga 1997–2011. Það er býsna fróðleg lesning. Hún fjallar ekki um að ekkert hafi gerst. Ég veit ekki hver hefur logið því að þeim þýsku leiðtogum sem forseti Lýðveldisins og hæstsv. utanríkisráðherra hafa verið að taka við skilaboðum frá og deila til okkar þjóðarinnar, frá forsætisráðherra Þýskalands, frá forseta Þýskalands, um að mikla athygli hafi vakið hvernig okkur tókst að endurreisa íslenskt samfélag. Ég geri ráð fyrir að hæstsv. forsætisráðherra segi þá að það sé eingöngu út af Icesave. Skyldi það vera? Við tókum við þjóðarþúi sem var nánast á hausnum, við komum inn 2007 grandalaus, en síðan hrynur allt yfir okkur árið 2008. Og það er vitað að þar þuggum við við lagaumhverfi sem hægri flokkarnir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, höfðu skapað okkur í samkeppninni um að vera með fjármálamiðstöð heimsins.

Ég ætla ekki að ásaka núverandi forsætisráðherra um það vegna þess að hann kom inn síðar, engin ástæða til þess. En það þýðir ekki að láta eins og ekkert hafi gerst og tala um að á fjórum árum hafi átt að vera búið að taka þetta allt saman til. Það er ekki búið að gera það í Evrópu, ekki í Bandaríkjunum, það er verið að taka við áföllunum úti um allan heim. Það kann að vera að atvinnuleysið í Evrópu eða í Bandaríkjunum sé fyrrverandi ríkisstjórn á Íslandi að kenna, það kæmi mér a.m.k. ekkert á óvart að sú fullyrðing kæmi hér fram miðað við það sem boðið hefur verið upp á.

Ég sagði að gremja mín væri ekki yfir úrslitunum en aumu blettirnir á mínum skrokki eru þegar hæstsv. forsætisráðherra brigslar okkur um í fyrsta lagi að hafa ekki gert neitt og í öðru lagi að annarleg sjónarmið liggja á bak við allt sem við segjum. Ég held að ég verði, gagnstætt því sem hæstsv. forsætisráðherra sagði við kollega sinn í Danmörku, að biðja hann um að tala betri íslensku þannig að við skiljum um og vitum hvað hann á við svo að við séum ekki að mis-skilja og mistúlka allt það sem sagt er, því að það er ekki ætlunin. Það hefur ekki verið hugmyndin hjá mér.

Okkar hlutverk hefur verið að reyna að skilgreina betur um hvað verið er að biðja. Hvað ætlum við að fara að gera, hvað erum við að bjóða þjóðinni? Í hvaða hlutverki erum við? Á að fella niður verðtryggingu? Já eða nei? Getur forsætisráðherra svarað því?

Já, best væri að fella niður verðtryggingu ef það kemur í ljós að það stangast ekki á við stjórnarskrá og hugsanlega einhver lög að mati sérfræðinga sem eiga að skila í desember. Gott og vel. Er ég núna að leggja forsætisráðherra hæstsv. orð í munn? Líklega er ég að því. (Gripið fram í.) Já, en þá vil ég bara fá svarið já eða nei frá hæstsv. forsætisráðherra sjálfum, þannig að ég skilji það og þannig að fjölmiðlar skilji það án þess að rangtúlka það sem hann hefur sagt.

Ég sagði áðan að það er ekki sárt að tapa ef betra tekur við. Og við höfum sagt, af því að hér er hv. þm. Willum Þór Þórsson, að það er alltaf þannig að, því megi betra liðið

vinna. Það er alveg ljóst að kosningabaráttan var unnin af liði sem fór afar vel í baráttuna og var með skýr skilaboð, að ég hélt. En þau eru alltaf að verða meira og meira óskýr. Forgangurinn sem ég hélt að yrði í þágu heildarinnar er alltaf að færast meira og meira yfir á þá betur settu.

Það er klárt að þeir sátu að mörgu leyti eftir í fyrstu aðgerðum hjá okkur og hæstv. félags- og húsnæðismála viðurkenndi og sagði ærlega, gagnstætt því sem hér kemur frá forsætisráðherra, að fyrrverandi ríkisstjórn mætti eiga það að hafa varið hagsmunum þeirra sem lægstu kjörin höfðu. Það mátti skilja þannig — og nú er ég aftur að leggja mönnum orð í munn — að það sé skýringin á því að engin ástæða sé til að gera betur við þann hóp heldur eigi að snúa sér að öðru.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég kem í ræðu. Ég vil fá skýrari svör þannig að ég sé ekki að búa til skýringar fyrir hæstv. forsætisráðherra. Þá biðst ég undan löngum ræðum um „spinn“, sem hann virðist hafa lært betur á sínum tíu árum í Bretlandi en ég á mínu eina ári. Ég hafði bara ekki hugmynd um þetta hugtak fyrr en hæstv. forsætisráðherra fór að nota það í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Þegar hæstv. forsætisráðherra talar um neyðarlögin sem sett voru á sínum tíma og að við hefðum hugsanlega getað farið aðrar leiðir, tek ég undir með honum að því leyti að ef við værum að gera þetta allt upp á nýtt mundum við örugglega gera margt öðruvísi. En eitt af því sem ég hef aldrei skilið og hef ítrekað spurt um úr ræðustóli tengist þeirri gömlu 20% leið, en þá var ekki komin til sú hugmynd með að nota þrotabúin til að fjármagna niðurfellingar: Hvernig áttum við að leysa 140 milljarðana í Íbúðalánasjóði? Því hef ég aldrei fengið svar við. Ég spurði að því á þeim tíma þegar tillögurnar komu fram, verandi þá formaður félags- og tryggingamálanefndar fyrst og síðan í fjárlaganefnd. Við gátum aldrei fengið svör við þessu. En það kann að vera að besta tækifærið til að gera þetta hefði kannski verið þá.

Mig langar aðeins að grípa niður í gögnunum frá Hagstofnunni síðan í morgun og um leið að vekja athygli á þeirri greinargerð sem var gerð um fjárhagsstöðu heimilanna sem ég vænti að forsætisráðherra hafi á náttborðinu þannig að hann viti hvað var þó búin að gera. Hann talaði sjálfur um að 110%-leiðin hefði verið fyrir ríka fólkið og hún hefði náð til fárra. Hún náði þó til um 14 þús. manns, sem er tvöfalt meira en frumvarpið vegna ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega. Það er því hægt að skoða þetta frá ýmsum sjónarhólum.

Við erum oft að tala um heimilin, og heimili er auðvitað ekki bara hús eða skuldir heldur fjölskyldan sem slík, hvernig við búum að henni og öllum öðrum þáttum. Mig langar aðeins að taka upp úr gögnum samsetninguna á heimilunum sem kemur fram í tölfræðinni hjá Hagstofnunni. Hún kemur mér svolítið á óvart. Þeir segja að heildarfjöldi skattframtala fyrir árið 2011 sé um 262 þús. og tilheyra þau rúmlega 196 þús. fjölskyldum. Um 10 þús. af þeim fjölskyldum hafi ekki skilað framtali og áætlað hafi verið á þær og þær af leiðandi komi þær ekki með í tölfræðinni. Heildarfjöldi í grunninn hjá Hagstofnunni fyrir árið 2011 er því 185.890. Af þeim eru einhleypir 105.825, einstæðir foreldrar eru 15.677, hjón með börn 32.273 og hjón án barna 32.115.

Hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra vakti líka athygli á sambúðarformum hér á landi, það var vitnað til þess hvernig það er í Danmörku, en þar eru skilgreind held ég 37 ólík form fyrir heimili. Ég hef stundum velt því fyrir mér þegar menn eru í þessari umræðu: Er verið að tala um allan þennan hóp eða er verið að tala um sérstaka hópa innan hans? Þá veltir maður einmitt vöngum yfir því sem kemur einmitt fram hjá Hagstofnunni hverjir eru með skuldirnar. Þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fjölskyldur sem tilheyru hæstu skuldatífundinni, þ.e. þær fjölskyldur sem skulduðu mest, skulduðu samanlagt 767 milljarða kr. eða tæp 41% af heildarskuldu.“

Þetta er fyrir árið 2011, samkvæmt skattframtölum.

„Þessar fjölskyldur voru einkum hjón með börn (57%) og hjón með engin börn á framfærslu (23%).“

Þarna var líka hæsta meðaltal skulda, einkum eftir árið 2008.

Allir hinir, hin 90% sem eru ekki með efstu eignatífundinni, eru með 59% af skuldunum og skulda 1,1 milljarð, rétt lítillega meira en 10%. Og við sjáum alveg í hvaða átt þær aðgerðir sem hér hafa verið boðaðar fara. Það er ekkert endilega rangt vegna þess að hæstv. forsætisráðherra segir: Við erum að leiðrétta eitthvað á ákveðnum forsendum, við erum að leiðrétta ákveðinn forsendubrest sem átti sér stað á vissum tíma fyrir allan þann hóp sem skuldaði.

Hæstv. forsætisráðherra gerir líka athugasemd við það, ég ætla ekki að gera veður út af því, en hann verður þá að taka þátt í því með okkur þingmönnum að telja upp hvað er þá eftir. Það var athyglisvert í þeirri skýrslu sem lögð var hér fram í apríl varðandi 110%-leiðina að þar kemur í ljós að hjá þeim sem sóttu um aðgerðir vegna þess að þeir voru yfirskuldsettir, hjá þeim sem voru skuldsettastir, er skuldaþyrðin vegna húsnæðislána 90 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvort hægt sé að fá leigu-húsnæði fyrir það verð á Reykjavíkursvæðinu.

Aftur á móti voru afborganir hjá þessu fólki af skuldum 180 þús. kr. Það voru öll önnur lán. Að vísu voru önnur fasteignalán um 30 þús. kr., það getur verið útborgunin í byrjun, það sem kemur í byrjun. Við skulum þá bæta því við og segja að afborgan vegna húsnæðis sé 120 þús. kr. Síðan koma bifreiðalán, kreditkortalán, sem voru allt að 25 þús. kr. á mánuði hjá þessum hópi, og aðrar skuldir sem voru 45 þús. kr. á mánuði.

Hvað með þennan hóp? Getur verið að ef við færum niður um 10–20% sitjum við eftir með allan þennan hóp áfram í vandræðum sem getur tapað húsinu sínu vegna annarrar skulda? Við skulduum þeim það að fara í gegnum þá umræðu. Það er rétt að við getum gert það í þeim hópum sem hér eru lagðir til, en þá verðum við að tryggja að það verði rétt. Við viljum vita hvort á að gera það. Ég vona að það sé ekki frekja af okkar hálfu að óska eftir því. Við viljum fara þessa leið, við stýðjum nýja ríkisstjórn í því að koma með þingsályktunartillögu þar sem sagt er hvað á að gera, hvernig á að vinna það, setja tímamörk og allt slíkt. En vonandi er það ekki hroki eða frekja af okkar hálfu að óska eftir því að tekið sé utan um það sem stendur út af.

Ég hef haft miklar áhyggjur af því fólki sem seldi eignir sínar, lagði þær inn. Ég get nefnt Eir-málið sem er dæmigert svoleiðis mál þar sem ekkert veð er á bak við,

folk er með miklar skuldir, lagði eignina sína inn, það á íbúðarrétt en er búíð nánast að tapa eigninni ef menn ná ekki að halda henni á floti. Hvar kemur þessi hópur inn? Búmennirnir okkar, sem eru í svipaðri stöðu með gríðarlega mikla hækkun á leigu, lögðu líka inn eignir sínar, þeir standa utan við, þeir eru ekki í þessum hópi.

Ég er ekki að tala niður hina tillöguna, ég er bara að benda á að við verðum að ná utan um þetta í heildina. Við verðum að ná utan um námsmennina og lánsveðin, ábyrgðarmennina. Það er búíð að gera heilmikið, gagnstætt því sem hér hefur verið sagt, bæði af bönkunum sjálfum og af stjórnvöldum, en það er augljóst að það var ekki nóg. Þess vegna viljum við halda áfram og við viljum styðja það. En ég ætla að vona að það sé ekki túlkað þannig að það sé gert til að eyðileggja tillöguna þegar við komum fram með upplýsingar um að við höfum lent í vandræðum með nýja frumvarpið um Hagstofuna, varðandi það að safna öllum upplýsingum. Meðal annars kom einföld athugasemd við það: Þetta felur í sér að ef viðkomandi einstaklingur skuldar — og þetta kann að vera útiráðningur en er haft eftir öðrum — hjá lögfræðingi, læknum sínum eða sálfræðingi að megi kalla eftir öllum þeim upplýsingum til að fjalla um skuldavanda heimilanna.

Menn biðja okkur um að skýra þetta miklu betur og mér finnst það bara sjálfsagt og eðlilegt og að við reynum að takmarka upplýsingaöflunina við það sem við þurfum til að vita hver skuldastaða heimilanna er. Ég deili þeim áhyggjum hæstv. forsætisráðherra, og það er alveg hárrétt hjá honum, að við náðum ekki að fá þessar upplýsingar. Við fengum leyfi til að safna upplýsingum 2009 hjá Seðlabankanum. Hann vann mjög ítarlega rannsókn á stöðunni og birti hana með öllum gögnum, fékk leyfi til þess, en varð að henda þeim öllum vegna Persónuverndar. Hver var gallinn við þá skýrslu? Hann var sá að þeir sem tóku á móti henni, þ.e. þingið á þeim tíma og sérstaklega stjórnarandstaðan, sagði bara að ekkert væri að marka hana.

Nú vona ég enn á ný að ég leggi ekki forsætisráðherra orð í munn þegar ég segi að hann hafi sagt að hann treysti ekki Seðlabankanum. Hann er nýbúinn að koma með þá athugasemd. Við búum auðvitað við þetta umhverfi og hver á þá að vinna þetta ef við getum ekki treyst á þær stofnanir sem vinna fyrir okkur? Þær gefa samhljóða upplýsingar, upplýsingar frá Hagstofunni eru samhljóða þeim sem voru í greinargerð um fjárhagsstöðu heimilanna frá ráðuneytum. Nú ætlum við að kalla eftir viðbótarpplýsingum og ég styð það, en það er kominn tími á aðgerðir.

Það er alveg rétt að fjögur árin dugðu okkur ekki og það er búíð að henda okkur frá. Þá er það okkar að fylgja því eftir að áfram verði unnið í málinu og við heitum okkar stuðningi við það. En ég biðst undan því að sitja undir eilífum ásökunum um annarlegan tilgang í öllum okkar umræðum af því að við viljum ræða málin. Ég hefði viljað sjá fleiri framsóknarmenn og sjálfstæðismenn taka þátt í að bæta tillögu hæstv. forsætisráðherra.

[15:25]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**  
(F) (andsvar):

Virðulegur forseti. Alloft hefur komið fram að hv. þm.

Guðbjartur Hannesson er mjög viðkvæmur fyrir gagnrýni á síðustu ríkisstjórn. Það er hins vegar óþarfi að bregðast iðulega við því eins og hv. þingmaður gerir hér ítrekað, með einhverjum skætingi og með því að vísa í eitthvað sem hann hefur fundið einhvers staðar á netinu og reynir að nota það til þess að ráðast á mann með ódýrum skotum. (**Guðbh:** Dæmi?)

Hv. þingmaður kvartaði líka sáran undan því að núverandi stjórnarandstaða, og þá líklega ekki hvað síst hv. þingmenn Samfylkingarinnar séu stöðugt sakaðir um að annarlegar hvatir búi að baki afstöðu þeirra. Það er ekki rétt. Það hefur ekki verið annað en það að bent hefur verið á hversu undarlegt það er að þingmenn skuli koma hér, nýkomnir úr ríkisstjórn, og skammast yfir því á fyrstu dögum nýs þings að ekki sé búíð að klára risastór mál sem lá fyrir í kosningarátunni að vinna ætti áfram eftir kosningar, að þeir skuli mæta hér og skammast yfir því að þetta hafi ekki verið gert á fyrstu dögum þegar hv. þingmenn gátu ekki klárað þessa sömu hluti á fjórum árum. Það eru ekki ásakanir um annarlegar hvatir.

Hins vegar hefur ekkert skort á ásakanir um annarlegar hvatir í garð nýrrar ríkisstjórnar og nýs meiri hluta á þinginu. Það er nánast ekki haldin ræða hér t.d. um sjávarútvegsmál öðruvísi en að menn séu sakaðir um annarlegar hvatir, að vera að gæta hagsmuna einhverra annarra, að vera í sérhagsmunagæslu, enda þótt hv. þingmaður hafi nú reyndar reynt um skeið leitt svokallaða sáttanefnd um sjávarútvegsmál og núverandi ríkisstjórn hafi sérstaklega getið þess í stjórnarsáttmála að hún vildi halda áfram með þá vinnu sem hv. þingmaður hafði unnið á því sviði.

Hvað varðar hins vegar álitamála um veiðigjald var augljóst að ekki var hægt að framkvæma það sem síðasta ríkisstjórn skildi eftir. Samt mega menn búa við það að vera stöðugt, (Forseti hringir.) í ekki bara því máli heldur málum almennt, sakaðir um annarlegar hvatir og svo sakaðir um að bera öðrum það á brýn.

[15:27]

**Guðbjartur Hannesson (Sf)** (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að fara í keppni við hæstv. forsætisráðherra um það hver hafi annarlegustu hvatirnar, ég held að það þjóni litlum tilgangi.

Það sem brotist hefur út hjá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar, a.m.k. hjá mér, svo ég tali nú bara fyrir mig sjálfan, það eru brostnar væntingar, þ.e. brostnar vonir. Ég átti von á meiru, bara hreinskilnislega.

Ég sagði það í fyrstu ræðu minni í þinginu að ég óskaði Framsóknarflokknun til hamingju með kosningasigurinn, góða kosningabaráttu, vel skipulagða, vel fram setta. En hvað gerist svo? Það eru þær vonir sem hafa brugðist, ég kvarta yfir því. Það kann að vera ópolinmæði í mér en það er einmitt vegna þess að við erum búin að vera að vinna í fjögur ár og búin að sæta endalausri gagnrýni fyrir að við höfum gert þetta vitlaust. Við höfum fengið nýjar tillögur. Okkur hefur verið sagt að búíð sé að flytja tillögur í þrjúgang á þinginu, fullmótaðar tillögur sem ekki hafi verið hlustað á.

Síðan komum til þings þar sem viðkomandi aðilar eru komnir með völdin. Þá ætla þeir að fara að skoða allt sam-

an. Það er það sem kemur við veiku blettina á mér og veldur mér vonbrigðum. Það eru ekkert annarlegar kenndir, ég er bara að átta mig á þessari nýju stöðu. Við skulum þá sætta okkur við að það sem við höldum að við færum að ræða á sumarþingi kemur til umræðu — ja, væntanlega ekki fyrr en í janúar miðað við tímasetningar því að það á að skila öllu inn í nóvember. Þá er lífinn tími til stefnu. Ég vænti þess að ríkisstjórnin ætli ekki að fara að keyra svona stór mál sem eru vönduð í undirbúningi á einhverjum tveimur, þremur dögum. Eftir það koma tillögur, það á eftir að koma fram með frumvörp, þannig að við erum að tala um að ræða þetta annað hvort í lok desember, yfir jólnir eða á þinginu í janúar.

Ég verð bara að stilla mig inn á það að þannig er þetta, þetta eru bara brostnar vonir. Í því felast ákveðin vonbrigði vegna þess að (Forseti hringir.) um hvað snýst það að vera í pólitík? Það snýst um hag þjóðar, það snýst um (Forseti hringir.) hag kjósenda, hvort sem þeir álpast til að kjósa Framsókn eða Samfylkingu á hverjum tíma.

[15:29]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ekki var það að heyra fyrir kosningar að væntingar hv. þingmanna Samfylkingarinnar væru eins miklar og þeir vilja nú vera láta. Það hefði verið ágætt að þeir hefðu nefnt það fyrir kosningar að þeir gerðu gríðarlegar væntingar, trygðu á framsóknarmenn í skuldamálu. Það var nú eitthvað annað.

Þá var kvartað yfir því að menn ætluðu nýta tímann eftir kosningar til þess að útfæra hlutina með öðrum. Þá var það ómögulegt að menn skyldu ætla að taka sér tíma í það. Nú er látið eins og sú gagnrýni öll hafi aldrei verið sett fram, menn hafi bara haldið að þetta yrði gert á fyrsta degi án athugunar, þó að menn ítreki á sama tíma stöðugt mikilvægi þess að fara vel yfir hlutina, þá skammast þeir samt í sömu ræðum yfir því að ekki sé búið að framkvæma þá.

Það lá fyrir og var meginefni umræðu um þessi mál að þau þörfuðust áframhaldandi vinnu, þau þörfuðust útfærslu, menn þyrftu a.m.k. að geta nálgast upplýsingarnar sem leggja þarf til grundvallar. Og af því að hv. þingmaður vísar í að við bentum á það 2009 að þá væru til staðar útfærðar leiðir til þess að klára það sem þá var talað um sem 20% leiðréttinguna, þá er það alveg rétt, þær leiðir lágu fyrir þá. En eins og ég nefndi áðan var ráðist á útfærsluna þar í stað þess að rökræða þann möguleika sem þá var fyrir hendi en var því miður ekki nýttur, bönkunum var skipt upp í stað þess að nýta tækifærið sem gafst. Og af því að hv. þingmaður spurði sérstaklega um það í ræðu sinni og virðist ekki hafa tekið eftir því þó að ég hafi nú farið yfir það alloft á undanförunum fjórum árum þá var ætlunin með þeim tillögum þess tíma sú að færa öll fasteignalán, öll húsnæðislán yfir í Íbúðalánasjóð og nýta þá afskrift sem sannarlega var réttlætunleg og til staðar þar til þess að færa lánin almennt niður enda höfðu lántakendur þar eins og annars staðar orðið fyrir áhrifum af efnahagshruninu.

[15:31]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er nú dálítið skrítið að fara í andsvör til að rekja söguna eða hvaða tillögur komu fram. Ég get þó upplýst hæstv. forsætisráðherra um að það kom fram tillaga frá Framsóknarflokki sem hafði komið fram áður, um að færa öll lánin yfir í Íbúðalánasjóð. Sú tillaga var skoðuð. Hún var afgreidd og var litið á hana sem eignaupptöku, að útilokað væri að taka af bönkum því að þeir voru ekki orðnir þrotabúi á þeim tíma og eru ekki enn þá ... (**Forsrh.:** Það var gert í Bandaríkjunum.) Ja, ég er ekki að tala um það, ég var ekki á þinginu í Bandaríkjunum. En þetta var skoðað á þeim tíma og það var að vísu sennilega fyrir tíma hæstv. forsætisráðherra sem skoðað var að færa þetta yfir. Ákveðinn hluti af lánunum sem komu frá sparisjóðunum var þá færður yfir í Íbúðalánasjóð og menn hefðu þá náttúrulega getað fylgst með því hvernig þeim hefur reitt af í framhaldinu og metið út frá því hversu skynsamleg ákvörðun það var.

Það er auðvitað auðvelt að tala um hvernig hefði átt að gera hlutina. Ef við hefðum vitað hver þróunin yrði hefðum við hugsanlega gert ýmsa hluti öðruvísi, ég hef sagt það margfalt. Ef ég væri með meistaragráðuna mína í hrúni hefði ég kannski gert það allt öðruvísi. En það er röng túlkun að menn hafi ekki skoðað allar þessar tillögur. Við fórum meira að segja í umræðu um tillögu Framsóknarflokksins og lýstum yfir stuðningi við mjög marga þætti en við fórum líka yfir það að búið var að framkvæma u.þ.b. helming af þeim tillögum sem Framsóknarflokkurinn flutti á þeim tíma eða þá að þær voru í gangi á vegum þáverandi stjórnvalda. Við getum alveg eytt í að góðum tíma í betra tómi til að fara yfir það.

Menn eru alltaf að gera öðrum upp annarlegar hvatir hvað þetta varðar, að þeir vilji ekki taka tillögur frá stjórnarandstöðu. Í þessu tilfalli komum við til þings þar sem við erum búin að fara í gegnum mjög erfiða tíma. Talað er fyrir því að fara fram með sátt. Þá ætla ég að biðja hæstv. forsætisráðherra að hefja sig nú aðeins upp fyrir dægurþrasið, láta einhverja aðra fara í það, og tala svolítið til hópsins, vera nógu stór til þess að vera ekki að gagnrýna einstaka menn fyrir að koma með athugasemdir eða tillögur eins og verið sé að væna menn um eitthvert árangursleysi. (Forseti hringir.)

Verið er að vinna að málum til að koma þeim áfram og ef gera þarf einhverjar kvartanir við einstaka þingmenn held ég að það ætti aðrir að fara í það en hæstv. forsætisráðherra, hann er of stór til þess. (**Forsrh.:** Fyrirverandi ráðherrar eiga ekki að haga sér með þessum hætti.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:34]

#### **Útbýting:**

Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, 9. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 49.

Veidigjöld, 15. mál, nál. meiri hluta atvinnunn., þskj. 52.

### **Neytendalán, 1. umr.**

Frv. efn.- og viðskn., 26. mál (frestun gildistöku). — Pskj. 46.

[15:34]

**Frsn. efn.- og viðskn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um neytendalán, nr. 33/2013, um frestun gildistöku, sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd leggur fyrir þingið.

Frumvarpið felur í sér tillögu um frestun á gildistöku laga um neytendalán frá 1. september 2013 til 1. nóvember 2013. Þessi tillaga er til komin vegna beiðni frá Samtökum fjármálafyrirtækja til innanríkisráðuneytis. Innanríkisráðuneytið hefur skoðað beiðnina og telur réttlætlanlegt að fresta gildistöku laganna og kynnti þá afstöðu sína á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin var treg til frestunar og skipaði starfshóp til að skoða forsendur málsins. Starfshópurinn skipuðu hv. þingmenn Helgi Hjörvar, Pétur Blöndal og Líneik Anna Sævarsdóttir. Starfshópurinn aflaði frekari gagna, m.a. í formi minnisblaðs gegnum innanríkisráðuneytið. Eftir að hafa skoðað rökinn fyrir ósk um frestun lagði starfshópurinn til við nefndina að leggja til frestun gildistöku um tvo mánuði og féllst efnahags- og viðskiptanefnd á það, en leggur áherslu á að smíði reglugerða samkvæmt lögum um verði hraðað og að þær verði tilbúnar fyrir 1. september.

Í greinargerð segir:

Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistöku laga nr. 33/2013, um neytendalán, verði frestað frá 1. september 2013 til 1. nóvember 2013. Lög nr. 33/2013 byggjast á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins en tilgangur hennar var að endurskoða reglur um neytendalán til að auka neytendavernd og tryggja samræmt lagaumhverfi við veitingu neytendalána.

Lög nr. 33/2013, um neytendalán, gilda um veitingu lána til neytenda í atvinnuskyni. Lánveiting telst í atvinnuskyni hvort sem um er að ræða aðal- eða aukastarfsemi.

Lögin gera ráð fyrir að lánveitandi veiti neytanda ítarlegar upplýsingar um lánssamning. Í öllum auglýsingum og kynningarefni um lánssamninga skulu tiltekna upplýsingar koma fram á skýran, hnitmiðaðan og áberandi hátt. Þá skal lánveitandi, með eðlilegum fyrirvara, veita neytanda nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um það hvort gera skuli lánssamning áður en neytandi er bundinn af samningi eða tilboði. Enn fremur er skylt að ákveðnar upplýsingar komi fram í lánssamningum. Framangreindar upplýsingar skulu koma fram í stöðluðu eyðublaði sem ráðherra setur reglugerð um.

Mikilvægt ákvæði er að finna í 10. gr. laga nr. 33/2013 sem fjallar um lánshæfis- og greiðslumat.

Rök fyrir frestun eru að sem fyrr segir felast í lögum umtalsverðar breytingar sem óhjákvæmilega hafa í för með sér breytingar á útlánareglum, gerð skjala, lánaferlum og lána- og upplýsingakerfum, auk fræðslu fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja um efni laganna og breytt vinnubrögð.

Að undirbúningi að innleiðingu laganna kemur embætti

ríkisskattstjóra sem vinnur nú að undirbúningi að gildistöku laganna, en gert er ráð fyrir auknu álagi á embættið við að úttega skattframtöl og launagreiðslur lánþega vegna greiðslumats.

Í lögnum er Neytendastofu falið hlutverk eftirlits- og framkvæmdaraðila. Og þá er í lögnum gert ráð fyrir að velferðarráðuneytið gefi út neysluviðmið.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur skoðað þær röksemdir sem fram hafa verið færðar fyrir frekari frestun á gildistöku laganna og telur í ljósi þess rétt að fresta gildistöku laganna til 1. nóvember 2013. Fyrir liggur að erft verður að undirbúa alla aðila fyrir 1. september þegar lögin áttu að öðlast gildi. Ef gildistöku er frestað ætti að gefast ráðrúm til að undirbúa nýja framkvæmd neytendalána. Álit nefndarinnar er að frestur fram í nóvember gefi hlutaðeigandi aðilum nægilegan tíma til að ljúka þeim verkefnum sem enn er ólokið til að hægt sé að innleiða nýja heildarlögreglur um neytendalán. Nefndin áréttar mikilvægi þess að allar reglugerðir er málið varða verði tilbúnar 1. september 2013. Þannig gefst framkvæmdaraðilum frestur til að aðlaga tölvukerfi, verkferla, eyðublöð og annað sem nauðsynlegt er fyrir gildistöku laganna. Einnig leggur nefndin áherslu á mikilvægi þess að flýta gildistöku eins og kostur er og að allir hlutaðeigandi leggist á eitt í þeirri vinnu.

Meðfram frestun gildistöku felur frumvarpið í sér frestun á bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 121/1994, um neytendalán, sem fellur úr gildi 1. september að óbreyttu. Ákvæði þetta er hugsað þannig að gildistími þess haldist í hendur við gildistöku laga nr. 33/2013. Því er lagt til að gildistími ákvæðisins verði lengdur til 1. nóvember næstkomandi.

[15:40]

### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um að fresta gildistöku á lögum um neytendalán. Það sem er dhugavert við þetta frumvarp er að erindi barst frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Það hefur líka komið fram hjá fleirum að það væri erft að fullnægja kröfum fyrir þann tíma sem gert er ráð fyrir í lögnum.

Síðan barst sú beiðni til innanríkisráðuneytisins sem hafði samband við nefndina og nefndin flytur þetta mál sameiginlega. Hún féllst ekki að öllu leyti á að hafa frestinn enn lengri. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að bæði stjórn og stjórnarandstaða komu þarna að málinu. Það var rætt nokkuð vel hvað fresturinn þyrfti að vera mikill. Það er altaf slæmt að fresta gildistöku laga. Þarna var farin ákveðin millileið, á milli þess að ganga að ýrustru kröfum um frestun og síðan þess að fresta ekki neitt. Til dæmis er nefnt í greinargerð að allar reglugerðir skuli vera tilbúnar fyrir 1. september þannig að aðilarnir hafi tíma til að vinna málið.

Ég ætlaði bara að koma þessu að, að ég tel þetta ferli mjög æskilegt, þ.e. að nefndirnar komi að samningu frumvarpa þegar einhverju þarf að breyta, að jafnt stjórn og stjórnarandstaða komi að því ferli. Það sýnir sig líka að málið er vel kunnugt í nefndinni, þarf ekki mikla umræðu í þingsal og þar af leiðandi verður öll lagasetningin miklu lípari og meiri sátt um hana.

Umræðu lokið.  
Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

Fundi slitið kl. 15:43.

---



## 16. FUNDUR

föstudaginn 28. júní,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, stj-till., 9. mál, þskj. 9, nál. 47, 48 og 49, brtt. 37, 38, 50 og 51. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
3. Veidigjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 52. — 2. umr.
4. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannapágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, brtt. 53. — 3. umr.
5. Neytandalán, frv., 26. mál, þskj. 46. — 2. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Ásmundur Einar Daðason, 3. þm. Norðvest.  
Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.  
Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 8. þm. Norðvest.  
Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm. Suðurk.

### Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Borist hefur bréf frá þingflokksformanni Bjartrar fram-tíðar, Róberti Marshall, um að Guðmundur Steingrímsson, hv. 7. þm. Suðvest., geti ekki gegnt þingmennsku á næst-  
unni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Bjartrar framtíðar í kjördæminu, Freyja Haraldsdóttir. Kjör-bréf Freyju hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Freyja Haraldsdóttir, 7. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[10:34]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Freyja Haraldsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[10:34]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru: Forsætisráðherra, fjármála- og efnahags-ráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. lögjafarþing).

### Jafnlaunaátak á heilbrigðisstofnunum.

[10:38]

#### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Á kvenréttindadaginn 19. júní sl. var sér-stök umræða hér í þinginu um kynbundinn launamun, sem því miður er einn af okkar viðvarandi veikleikum í jafnréttismálum. Allir stjórnarflokkar hafa lýst áhyggjum sínum af því og hvatt til þess að við gerum átak í því að leysa þetta mál, meðal annars hæstv. forsætisráðherra í umræðu og líka í aðdraganda kosninga ef ég man rétt.

Auk samstarfshóps og viljayfirlýsingar, sem ríki, sveit-arfélög og aðilar vinnumarkaðarins skrifuðu undir í október sl., var gripið til margháttaðra aðgerða og er sú vinna enn í gangi. Hinn 21. janúar sl. var sett í gang jafnréttisátak á heilbrigðisstofnunum. Þar var í tengslum við gerð stofnana-samninga ákveðið að láta svokallaðar kvennastéttir á heilbrigðisstofnunum hafa forgang í byrjun. Fyrir lá að laun þessara stétta hefðu dregist aftur úr miðað við sambærilega hópa hjá ríkinu.

Í framhaldinu samþykkti ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðar-dóttur að opinberar heilbrigðisstofnanir fengju hækkun á launalið fjárlaga 2013 sem næmu 4,8% á launagreiðslur áð-urnefndra kvennastétta frá 1. mars sl. Sú ráðstöfun var til-kynnt formlega til viðkomandi stofnana með ákveðinni fjárhæð á hverja stofnun. Í framhaldi af því hafa margar heilbrigðisstofnanir gert stofnanasamninga við einstakar stéttir en vinnan hefur verið í fullum gangi liðnar vikur.

Í sérstöku umræðunni 19. júní sl. kom fram hjá hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra um jafnlaunaátakið, með leyfi forseta:

„... en við styðjum viðleitnina og munum finna okkar leiðir til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd.“

Þetta hefur leitt til þess að blöðin hafa birt fyrirsagnir þar sem sagt er að ekki sé fjármagn til þessa verkefnis og fleira í þeim dúr. Í fréttum RÚV 20. júní sl. segir meðal annars frá tilkynningu frá framkvæmdastjórn Starfsgreina-sambandsins undir fyrirsögninni: „Treysta Bjarna til að hækka laun kvenna.“

Með leyfi forseta stendur þar orðrétt:

„Málið var til umræðu á Alþingi í gær og greindi fjár-málaráðherra þá frá því að ekki væru til fjármunir til þessa verkefnis en á sama tíma er verið að skerða tekjustofna rík-isins með lækkuðum álögum á einstakar atvinnugreinar. Þetta eru kaldar kveðjur til kvenna á sjálfan kvenréttinda-daginn.“

Sjá má á ýmsum öðrum ábendingum og athugasemdum að óskýr yfirlýsing hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra vekur óvissu á heilbrigðisstofnunum og hjá þessum starfs-stéttum sem margar hverjar eru í miðjum samningaviðræð-um um stofnanasamning.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Er það ekki öruggt að ríkisstjórn hæstv. forsætisráðherra muni standa við samþykktir fyrri ríkisstjórnar um jafnlaunaátak á heilbrigðisstofnunum og ljúka þessum fyrsta áfanga um leiðréttingu á kynbundnum launamun?

Í öðru lagi spyr ég: Er ekki öruggt að ríkisstjórnin standi við ákvörðun fyrirverandi ríkisstjórnar um tiltekið fjármagn til heilbrigðisstofnana til að stíga þessi fyrstu skref í gegn-

um stofnanasamninga?

[10:38]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður talar um óvissu og óróa í heilbrigðisstofnunum og ég læt ógert að rifja upp þann óróa sem varð til þess að menn fóru af stað við að reyna að endurskoða þessi mál. Eins og hv. þingmaður gat reyndar um hefur hæstv. fjármálaráðherra þegar lýst því yfir að hann styðji þá viðleitni sem hér er um að ræða og muni finna leið til að þau markmið ná fram að ganga.

Það er mjög mikilvægt að haga málum á þann veg að þau skili sér í raunverulegum kjarabótum hjá umræddum stéttum til langs tíma. Það gerist ekki öðruvísi en menn vinni þetta í samræði við aðila vinnumarkaðarins til að tryggja að þeir taki þátt í þessu og vinni með stjórnvöldum að því að ná þessum markmiðum.

Það er alveg ljóst að ýmsar stéttir þar sem konur eru í meiri hluta starfsmanna, og í sumum tilvikum í miklum meiri hluta, hafa um margt dregist aftur úr í launum og mikilvægt að leiðrétta það. Um þetta er ekki ágreiningur eins og hv. þingmaður nefndi reyndar hér í upphafi fyrirspurnar sinnar. Þetta snýst því fyrst og fremst um það hvernig menn tryggja að þessar úrbætur haldi til langs tíma, að þetta verði raunverulegar kjarabætur til langs tíma. Það gerum við best með því að vinna þessi mál áfram með aðilum vinnumarkaðarins.

[10:39]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir hvað þetta varðar og þó að órói hafi skapast af ýmsum ástæðum þá er einmitt þeim mun frekar mikilvægt að róa landið og vera með skýrar yfirlýsingar. Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra að miklu máli skiptir að kjarabætur og lausnir á þeim vanda verði til langs tíma.

En það sem kannski skiptir mestu máli í dag er að þegar ákveðið var að setja ákveðið fjármagn inn á hverja heilbrigðisstofnun skiptir miklu máli að það fari inn í greiðsluáætlun viðkomandi stofnunar þannig að hún lendi ekki í skuldastöðu innan ársins. Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það hafi ekki verið tryggt að þeir fjármunir sem þar voru ákveðnir sem fyrsta skref — við þekkjum það hugtak ágætlega eftir umræðuna í gær — því verði fylgt eftir og fjármagnið fari til stofnunarinnar þannig að stofnanir lendi ekki vandræðum með rekstrarfé innan ársins. Síðan er það sameiginlegt verkefni að taka á í kjarasamningum um næstu skref.

[10:40]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan um mikilvægi þess að menn standi saman um þessi markmið. Ný ríkisstjórn er núna að fara yfir ákvarðanir fyrri ríkisstjórnar, mun í sumu framfylgja því sem fyrri ríkisstjórn lagði upp með. En í sumu sjá menn ástæðu til að breyta þeim aðferðum sem síðasta ríkisstjórn studdist við til að ná

jafnvel sömu markmiðum, þeim markmiðum sem menn eru sammála um.

Nú er hafin vinna við undirbúning og gerð fjárlaga næsta árs og að sjálfsögðu fara menn yfir þessa hluti eins og aðra. En ég ítreka það sem ég sagði áðan, það er einhugur um markmiðið og mikilvægi þess að bæta kjör þessara stétta. Spurningarnar snúast því bara um það hvernig menn tryggja það sem best og til langs tíma.

*Ríkisfjármál.*

[10:42]

**Björn Valur Gíslason (Vg):**

Forseti. Fyrr í vikunni voru rakin þau útgjöld eða útgjaldaáform sem stofnað hefur verið til og stendur til að stofna til af hálfu ríkisstjórnarinnar sem og samdráttur í tekjum sem ákveðinn hefur verið og stendur til að ráðast í með stórum aðgerðum í tekjuöflun ríkisins. Samtals nemur þessi upphæð hátt í 35 milljörðum kr. sem er 1 milljarður á hverjum einasta degi sem þessi ríkisstjórn hefur starfað, þ.e. bæði útgjöld og minnkun tekna. Það er búið að stækka þetta fjárlagagat, hallann á ríkissjóði, um 35 milljarða á starfstímabili ríkisstjórnarinnar.

Það hefur einnig komið fram hjá hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra að það verði ráðist í flatan niðurskurð á útgjöldum ríkisins upp á 1,5%. 1,5% af útgjöldum ríkisins eru 7 milljarðar. 1,5% af útgjöldum velferðarmála eru 3,5 milljarðar, svo fólk hafi það á hreinu. Það á sem sagt að hætta við þá stefnu sem öll samtök, AGS, OECD og fleiri mæla með, það á að falla frá því að deila byrðunum eftir málaflokkum. Það skal jafnt yfir alla ganga, 1,5% yfir línuna, velferðarmál sem og annað. Þetta er hrein hægri stefna líkt og sú sem breska ríkisstjórnin er með á sínum heimaslóðum og hefur kostað miklar fórnir og er mjög umdeild. Það er sem sagt allt undir.

Ég spyr hæstv. efnahagsráðherra: Hvernig á að mæta því sem eftir stendur, þ.e. 7 milljörðum af þeim 35 sem ríkisstjórnin sjálf hefur stofnað til og stækkað gatið? Það er talað um sértækar aðgerðir. Þá er verið að tala um sértækar aðgerðir upp á 25–28 milljarða í fjárlögum næsta árs ef á að loka eingöngu þeim verum og því fjárlagagati sem núverandi ríkisstjórn (Forseti hringir.) hefur myndað á þeim fáu dögum sem hún hefur stjórnað í landinu.

[10:44]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Það er eins og svo oft þegar hv. þingmaður tekur til máls að staðreyndum er snúið á hvolf. Staðreynd málsins er sú að staðan sem ríkisstjórnin tekur við er halli en ekki jöfnuður eins og haldið hefur verið fram svo óskaplega lengi. Nú kynnir ríkisstjórnin til sögunnar 1,5% almenna aðhaldskröfu við undirbúning fjárlagagerðar en fyrri ríkisstjórn var á árinu 2009 með 4–7% aðhaldskröfu, á árinu 2010 5–10% aðhaldskröfu, 5–9% árið 2011, 1,5–3% 2012 og síðan 0–1,8% árið 2013. Var það flatur niðurskurður í huga hv. þingmanns eða a.m.k. 4–7% árið 2009 samkvæmt þessari sömu hugmyndafræði?

Þessi nálgun gengur einfaldlega ekki upp og hv. þing-

maður veit það ósköp vel, miklu betur en hann lætur vera í ræðustól. Krafan er um að áfram verði gætt aðhalds og reynt verði að ná fram aukinni hagræðingu. Já, u.þ.b. 6 milljarðar í heildina. Útfærslan verður ekki flöt heldur á forræði einstakra ráðherra til að jafna henni niður eftir málaflokkum eins og þykir best henta stefnumörkun stjórnarinnar og faglegru útfærslu í hverju ráðuneyti fyrir sig.

Hvernig er svo hægt að mæta afganginum? Það er rétt hjá hv. þingmanni að til viðbótar við þessa almennu aðhaldskröfu mundi þurfa að grípa til sértækra aðgerða eins og fyrri ríkisstjórn gerði en hún náði samt ekki að loka hallanum. Verði það ekki gert — já, það eru engin ný vísindi, þá verður halli á ríkissjóði verði ekki gripið til mjög umsvifamikilla sértækra aðgerða til viðbótar við almennu aðhaldskröfuna. Það er staðan sem ríkisstjórnin tekur við.

[10:46]

### Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegur forseti. Fyrri ríkisstjórn beitti ekki flötum niðurskurði. Ekki kom til flatur niðurskurður á útgjöld í stjórnartíð vinstri flokkanna hér á landi. Velferðarkerfið tók á sig helmings minni niðurskurð en stjórnsýsla og framkvæmdir, eins og fram hefur komið í fjárlögum síðustu fjögurra ára og hefur verið margsinns til umræðu í þinginu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fyrir hálfum mánuði, OECD í gær — það tala allir gegn áformum ríkisstjórnarinnar. Allar umsagnir sem eru að berast til þingsins núna, t.d. varðandi þingsályktunartillögu um að stofna nefndir í ríkisstjórninni, eru gegn þeim áformum sem ríkisstjórnin er að boða; flatan niðurskurð á útgjöld ríkisins, 3,5 milljarðar í velferðarkerfið og sértækar aðgerðir upp á 25–28 milljarða eingöngu til að mæta þeim útgjöldum sem núverandi ríkisstjórn hefur stofnað til og þeim tekjusatdrætti sem liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þá er ekki verið að tala um neitt annað en hennar eigin ákvarðanir.

[10:47]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Það er óskaplega erfitt að eiga orðastad við hv. þingmann þegar hann þvælir saman tölum þannig að engin eðlileg skýring er látin fylgja. Hér er talað um að menn hafi gefið frá sér 30 milljarða. Væntanlega er þingmaðurinn búinn að reikna upp einhverjar stærðir og fletja þær út allt kjörtímabilið, fjögur ár fram í tímann.

Hann lætur liggja að því að menn hafi gefið frá sér 1 milljarð hvern dag sem ríkisstjórnin hefur starfað. Auðvitað er þetta ekki svaraverður málflutningur, ekki á nokkurn einasta hátt. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður ætti frekar að beina orðum sínum að þeirri staðreynd sem fyrrverandi fjárlaganefndarmaður að nú stefnir í um 30 milljarða halla þó að gert hafi verið ráð fyrir því í fjárlögum að við yrðum því sem næst í jöfnuði á yfirstandandi ári. Hann ætti kannski frekar að lýsa áhyggjum sínum af því að aftur stefni í halla á næsta ári ef ekki verður gripið til þeirra aðhaldsaðgerða (Gripið fram í.) sem hann er að kalla eftir.

Hann er að kalla eftir feiknalega miklum niðurskurði vegna þess að honum er svo mikið í mun að ríkissjóður verði rekinn í jöfnuði á næsta ári, eins og mér. Hann er að

kalla eftir feiknalegum niðurskurði, langt umfram þessa 6 milljarða aðhaldskröfu (Forseti hringir.) sem um ræðir. (Gripið fram í.) En 5% aðhaldskrafa á heilbrigðisstofnanir og öldrunarstofnanir, (Forseti hringir.) sem var gerð á árunum 2010 og 2011, er margföld sú sem við erum að gera á næsta ári.

*Endurskoðun fjárreiðulaga.*

[10:49]

### Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er hefur í fjármála- og efnahagsráðuneyti staðið yfir um alllangt skeið vönduð vinna við endurskoðun fjárreiðulaga. Fjórir hópar hafa undirbúið drög að frumvarpi og þeir eru skipaðir ráðuneytum, Fjársýslunni, Ríkisendurskoðun, Hagstofunni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjárlaganefnd.

Frumvarpið sem í smíðum er er samið með áherslu á ákveðin gildi sem alþjóðastofnanir og sérfræðingar í ríkisfjármálum benda á að skili mestum árangri. Þannig er í frumvarpsdrögum gert ráð fyrir stefnumörkun í opinberum fjármálum sem felst í fjármálastefnu ríkisstjórnar og að hún sé grundvölluð á eftirtöldum gildum:

Sjálfbærni sem felst í því að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.

Stöðugleika sem byggir á því að stjórn opinberra fjármála stuðli að jafnvægi í efnahagsmálum.

Varfærni sem byggir á því að hæfilegt jafnvægi sé á milli tekna og gjalda.

Festu sem felst í því að forðast óvæntar og óæskilegar breytingar eða frávik frá tekju- og útgjaldaáætlun.

Gagnsæi sem felst í að stefnumörkunin í opinberum fjármálum eru sett mælanleg, skýr og auðsæ markmið sem birt eru opinberlega ásamt gögnum sem auðveldar mat á stöðu opinberra fjármála.

Ég vil spyrja hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra hvort honum hugnist ekki þessar áherslur í endurskoðun fjárreiðulaga. Hvað honum finnst um áherslur á fjármál sveitarfélaga í lagasetningu er varðar ríkisfjármál, og hvort líklegt sé að frumvarp byggt á fyrirbyggjandi vinnu verði lagt fram á haustþingi.

[10:51]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Það er rétt að lagt hefur verið í mjög mikla vinnu við að koma saman frumvarpi til nýrra fjárreiðulaga eða laga um opinber fjármál. Það er margt mjög jákvætt í þeirri vinnu sem við mér blasir sem nýr ráðherra í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ég geri ráð fyrir því að á næstunni verði drög að frumvarpi, sem nú eru því sem næst fullbúin, um þetta efni lögð fram á netið til kynningar. Við munum þá safna athugasemdum og láta það ráðast aðeins af viðbrögðunum við þeirri kynningu hvert næsta skerf verður í málinu, en ég hallast frekar að því að á haustdögum muni frumvarp um þetta efni koma fram. Mér finnst að öll meginhugsunin að

baki málinu sé góð. Við erum að færa fram regluverkið um þessi efni frá því að síðast voru sett almenn lög um efni árið 1997 um að færa okkur svona 15 ár fram í tímann. Þá þótti löggjöfin um efnið vera mjög nútímaleg og í samræmi við bestu framkvæmd sem þekktist annars staðar.

Með þeirri utanaðkomandi ráðgjöf og því mikla samstarfi sem átt hefur sér stað tel ég að hér sé í fæðingu nýr rammur utan um fjárreiður ríkisins, gerð fjárlaga og samskipti ráðuneyta og þings sem geti mjög auðveldað gegnsæið og hin faglegu vinnubrögð sem mjög er kallað eftir — auðveldað þinginu að rækja hlutverk sitt, og ráðuneytunum á sama tíma að mæta því aðhaldi sem að þeim beinist. (Forseti hringir.) Á sama tíma fá ráðuneytin þarna ákveðið svigrúm. (Forseti hringir.) Ég hyggst vera í mjög góðu samráði við fjárlaganefnd, en málið er ekki (Forseti hringir.) enn fullrætt í ríkisstjórninni.

[10:54]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að líkur séu á að sú vandaða vinna sem unnin var á síðasta kjörtímabili verði lögð til grundvallar.

Nú er það svo að nánast öll frumvörp sem lögð hafa verið fram á yfirstandandi sumarþingi leiðir okkur lengra í burtu frá því markmiði að stöðva skuldásöfnun ríkissjóðs og ná heildarjöfnuði. Ákvarðanir sem ný ríkisstjórn hefur tekið í ríkisfjármálum virðast ekki vera byggðar á þeim gildum sem drög að frumvarpi um breytingar á fjárreiðulögum byggir á.

Telur hæstv. ráðherra að pólitískur vilji sé fyrir hendi í hæstv. ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar til að fylgja reglum sem byggja á gildum er varða ríkisfjármálin, og ég fór yfir áðan? Það þýðir um leið að þær breytingar sem yrðu gerðar á ríkisfjármálaáætlun hafi ekki neikvæð áhrif á tekjujöfnuð ríkissjóðs eða auki skuldbindingar hans.

[10:55]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég held að við getum reyndar tekist á um það í löngum umræðum hvort aðgerðir ríkisstjórnarinnar muni skila sér í auknum tekjum fyrir ríkissjóð til langs tíma eða ekki. Samkvæmt þeirri hugmyndafræði sem mér heyrir þingmaðurinn vilja tala fyrir þá er bara ein leið til að auka jöfnuðinn í ríkisfjármálum, hún er sú að halda áfram að hækka skatta endalaust, en yfir 80% Íslendinga eru þeirrar skoðunar að gengið hafi verið of langt á þeirri braut.

Ég heyrir engin önnur úrræði frá núverandi stjórnarandstöðu en að halda áfram að hækka skattana til að loka fjárlagagatinu. Við ætlum ekki að fylgja þeirri stefnu.

Spurt er hvort einhverjar líkur séu til þess að menn verði tilbúnir til að starfa í anda þeirra hugmynda sem ræddar eru í tengslum við nýtt mögulegt frumvarp um opinber fjármál. Ég velti fyrir mér hvort það hafi verið raunverulegur vilji hjá fyrriverandi ríkisstjórn til að starfa í anda þeirra gilda, vegna þess að mér finnst ekki (Gripið fram í.) — að sjálf-sögðu er alvara að baki því hjá núverandi ríkisstjórn en fyrri ríkisstjórn sýndi þann vilja ekki í verki þegar hún

efndi til dæmis til jafnlaunaáttaksins (Forseti hringir.) sem var rætt hér áðan, vegna þess að það var ekki í samræmi við gildi um stöðugleika, (Forseti hringir.) sjálfbærni, varfærni og gegnsæi að skrifa í aðdraganda (Forseti hringir.) kosninga undir hvern samninginn á fætur öðrum sem ekki var gert ráð fyrir á fjárlögum. Það var þvert brot á öllum þeim gildum (Forseti hringir.) sem drög að frumvarpinu standa fyrir. (Gripið fram í.)

**(Forseti (EKG):** Ég bið hæstv. ráðherra og hv. þingmenn að virða tímamörk umræðunnar.)

#### *Nýjar reglur LÍN um námsframvindu.*

[10:57]

#### **Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Greint hefur verið frá því að Lána-sjóður íslenskra námsmanna þurfi að skera niður um hálf tannað prósent á næsta fjárlagaári. Stjórnarformaður LÍN og hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra staðfesta að gerð verði krafa um að námsárangur verði 75% í stað 60% og að stjórn LÍN hafi ákveðið breytingar á úthlutunarreglum á þeim grunni. Eins og komið hefur fram kemur niður-skurður af þessu tagi helst niður á þeim sem ekki eru í fullu námi, t.d. barnafólki og námsmönnum sem vinna meðfram skóla.

Ef til stendur að ákveða breytingar á úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2013–2014 verður það að teljast afar skammur fyrirvari nú þegar innan við tveir mánuðir eru þar til skólaárið hefst og má því segja að komið sé helst til harkalega aftan að námsmönnum.

Í því samhengi er rétt að nefna að umboðsmaður Alþingis hefur þegar beint þeim tilmælum til hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra og LÍN að tryggja námsmönnum fullnægjandi ráðrúm til að bregðast við breytingum á úthlutunarreglum. Í athugasemdum þar segir að breytingar á úthlutunarreglum þurfi að kynna fyrir fram með skýrum og glöggum hætti og nægjanlegum fyrirvara þannig að þeir aðilar sem málið snerti hafi ráðrúm til að gera viðeigandi ráðstafanir og bregðast við breytti framkvæmd.

Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra:

Ætlar hann að ganga gegn góðri stjórnsýslu í þessu frumvarpi sínu og koma í veg fyrir að námsmenn fái nægan fyrirvara eins og þeir eiga rétt á eða ætlar hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ásamt stjórnarformanni LÍN að gefa ungu námsfólki fallelinkunn, ungu námsfólki sem er að feta sín fyrstu spor inn í framtíðina, og það menn sem þekjka hvernig á eigin skinni hvernig er að fá fallelinkunn í einni viðamestu úttekt á íslensku samfélagi?

[10:59]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Ég vil áreita að það fyrirkomulag sem stjórn lána-sjóðsins hefur lagt til er að taka aftur upp sömu kröfu um námsframvindu og var hér fram að skólaárinu 2007–2008, þ.e. kröfu um 75% námsárangur. Þetta er sama krafa um námsárangur og er alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum.

Síðan er sá sérstaki þáttur málsins sem fyrirspyrjandi vekur athygli á sem er skammur fyrirvari varðandi þessa ákvörðun. Það er rétt að ég tók við embætti mínu í maímánudí. Fram að þeim tíma höfðu ekki verið staðfestar neinar nýjar reglur frá stjórn lánasjóðsins. Það var skipt um stjórn lánasjóðsins eins og stóð til að gera, það lá fyrir að skipunartíminn var runninn út. Ný stjórn tekur við. Hún stendur frammi fyrir því að fyrir lágu áætlanir um töluvert mikla hækkun á námslánnum þrátt fyrir þá stöðu að ríkissjóður yrði rekinn á þessu ári með þeim halla sem hæstv. fjármálaráðherra gerði hér grein fyrir. Síðan kemur fram aðhaldskrafa upp á 1,5% og við því þarf að bregðast.

Auðvitað vildi ég hafa haft lengri tíma, virðulegi forseti, til að bregðast við þessu. En ríkisstjórnin tók við á þeim tíma sem hún tók við á. Það voru höfð snör handtök til að bregðast við og þetta er niðurstaðan.

Ég legg líka áherslu á og minni á að með því að við gerum þessa kröfu um aukinn námsárangur myndast um leið svigrúm til að hækka grunnframfærsluna. Það myndast svigrúm til að hækka hana um 3% og verða þannig við þeirri kröfu. Það er mikilvægt. Það þýðir að allir þeir sem ná námsárangrinum fá hærri námslán.

Ég ítreka að það er verið að leggja upp með sömu kröfu og var hér og það er sama krafa um (Forseti hringir.) námsframvindu og er núna alls staðar á Norðurlöndunum.

[11:01]

### **Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra fyrir svörin. Ég endurtek samt sem áður spurningu mína til hans:

Hvernig ætla hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra að bregðast við athugasemdum umboðsmanns þar sem segir að úthlutunarreglur skuli koma fram með skýrum og glöggum hætti og nægjanlegum fyrirvara þannig að þeir aðilar sem málið snerti hafi ráðrúm til að gera viðeigandi ráðstafanir?

Mér fannst ég ekki fá þetta nógu skýrt fram í svari hæstv. ráðherra og bendi í því sambandi á að í frumvarpi fyrirverandi mennta- og menningarmálaráðherra Katrínar Jakobsdóttur um LÍN var brugðist við þessum athugasemdum umboðsmanns þar sem segir að úthlutunarreglur skuli lagðar fram til kynningar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert og staðfestar af ráðherra. Ég geri mér grein fyrir að þetta hefur verið skammur tími, en ég vil samt sem áður fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann ætla að bregðast við þessum tilmælum umboðsmanns Alþingis.

[11:02]

### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kemur fram í fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda, það var lagt upp með 1. febrúar í því frumvarpi sem ekki varð að lögum. Það vekur athygli að við ríkisstjórnarskipti var ekki búíð að ganga frá staðfestingu á neinum breytingum á úthlutunarreglunum eins og stjórn lánasjóðsins lagði upp með. Það er rétt að hafa það í huga.

Sú staða er uppi að hér urðu ríkisstjórnarskipti 23. maí

og það var skipuð ný stjórn lánasjóðsins sem fékk meðal annars það verkefni að bregðast við kröfu um 1,5% aðhald. Þessar tillögur voru gerðar, það var reynt að vinna þetta eins hratt og mögulegt var. Ég geri mér grein fyrir því að auðvitað er þetta óþægilegt. Auðvitað er þetta erfitt en það þurfti að bregðast við og það var gert með þessum hætti.

Ég ítreka að það er lagt upp með það að námsframvindakrafan verði sú sama og var hér til 2007. Það er lagt upp með það að námsframvindakrafan verði sú sama og er annars staðar á Norðurlöndunum. Það er lagt upp með það að grunnframfærslan verði aukin þannig að námslánin verði hækkuð. Það er það sem skiptir máli. Það skiptir máli fyrir (Forseti hringir.) stúdentana að það verði gert.

### **Lengd þingfundar.**

[11:04]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en hvað þingsköp kveða á um. Er óskað atkvæðagreiðslu um þessa tillögu þingforseta? (**Gripid fram í:** Já.) Óskað er eftir atkvæðagreiðslu og verður gengið til atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:05]

#### **Árni Páll Árnason (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Mér finnst dálítið sérstakur bragur orðinn á þessu þinghaldi. Hér eru brotnar allar hefðir með því að efna til kvöldfundar á föstudegi, sem ég man ekki eftir að hafi gerst, en samt er ríkisstjórnin ekki búin að virða okkur þess viðlits í stjórnarandstöðunni að koma með heildstætt yfirlit um hvaða mál hún hyggst afgreiða og hvernig.

Við erum hér algjörlega til viðræðu um hvaðeina en það verður að virða stjórnarandstöðu viðlits. Mér finnst ekki góður bragur á því að efna á hásumri til kvöldfundar á föstudegi þegar ríkisstjórnin er ekki búin að gera það upp við sig hvað hún ætla að afgreiða hér eða hvernig og algjörlega liggur ljóst fyrir að við erum til viðræðu um allt.

Ég verð að segja eins og er að ég man ekki eftir svona fundarhöldum á síðasta kjörtímabili og voru þó brýnni úrlausnarefni sem þingið hafði við að glíma en eru nú. Hérna eru nokkur mál. Á fundum með forseta höfum við lýst vilja til að ljúka þingstörfum í friði og spekt með heildarsamkomulagi. Það stendur upp á ríkisstjórnina að koma með samkomulagstillögu og mér finnst þetta fánægleg framgangur meðan hún er ekki komin fram.

[11:06]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Við fundum nú í lok júnímánaðar. Fyrir þinginu liggja örfá mál. Það hefur gengið ágætlega að yta þeim áfram í nefndum og ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að það er ekki von á fleiri málum, a.m.k. ekki án þess að um það verði þá fullt samráð við aðra flokka í þinginu. Síðast í gær ræddum við um hvernig við gætum lokað þinginu.

Þar voru á dagskrá öll þau mál sem við viljum afgreiða. Sá fundur gekk ágætlega og við hittumst síðan aftur eftir 50 mínútur.

Í millitíðinni er ekki nema eðlilegt að menn taki allan daginn í dag. Mér finnst að menn eigi að gera ráð fyrir fundi á morgun vegna þess að ella þýðir þetta ekkert annað en það að við verðum lengur inn í júlí. Ef menn eru að kalla eftir því að við tökum frekar frá dagana í lok næstu viku og byrjun þarnæstu en að vera lengur í dag finnst mér að menn eigi að segja það hreint út. Mér finnst miklu betra að við notum dagana sem við erum í þinginu til að ljúka málum og svo erum við (Forseti hringir.) öll af vilja gerð til að ná samkomulagi um heildarniðurstöðuna. Ég er reyndar mjög vongóður um að við gerum það á eftir.

[11:08]

**Róbert Marshall (Bf)** (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi gerði þáverandi stjórnarandstaða miklar athugasemdir og líka stjórnarþingmenn um að Alþingi væri ekki nægilega fjölskylduvænn staður og tæki ekki tillit til fjölskyldufólks. Í þingflokki Bjartrar framtíðar er fólk sem býr úti á landi og hefur gert ráðstafanir til að fara heim til sín um helgina og ég treysti því að á sama tíma og ég geri ekki athugasemdir við það að þingfundur geti staðið eitthvað lengur í dag taki forseti tillit til þess við skipulagningu starfa hér að fólk muni geta komist heim til sín á skikkalegum tíma.

Ég leggst alfarið gegn því að hér verði haldinn fundur á laugardegi með þessum litla fyrirvara. Fundir hafa staðið fram á miðjan dag alla vikuna. Það er fráleitt að fara að halda helgarfund nema það sé hluti af sérstöku samkomulagi stjórna og stjórnarandstöðu um lok þinghalds. Það samkomulag liggur ekki fyrir en ég treysti því að forseti muni freista þess að ná slíku samkomulagi í hádeginu.

[11:09]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gera athugasemd við að efna til kvöldfundar. Það er alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að í gær sátu formenn stjórnmalaflokkanna á fundi einmitt til að ræða hvernig ætti að haga þinglokum. Þar voru umræður í góðu samkomulagi og búið að boða annan fund kl. 12 — og þá á að fara að efna til kvöldfundar á föstudegi. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt í ljósi þess að hér hefur þingfundum lokið klukkan tvö, þrjú, fjögur á daginn. Hér hefur ekki verið málþóf um nokkurt mál.

Mér finnst ekkert athugasvert við að halda áfram þingfundum í næstu viku, hreint ekki neitt. Hér stendur yfir sumarþing. Það fór seint af stað og ekkert óeðlilegt við að það standi fram í júlí. Hins vegar er mjög sérkennilegt að koma fram á föstudegi og ætla að halda kvöldfund á föstudegi og jafnvel fund á laugardegi í ljósi þess að hér eru engar óvenjulegar kringumstæður. Hér er bara verið að ræða málin algerlega á eðlilegum nótum og mér finnst þetta sérkennilegt tilhögun.

[11:10]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (um atkvæðagreiðslu):

Forseti. Ég tek undir með félögum mínum í minni hlut-

anum og áréttu að það er mjög mikilvægt þegar teknar eru ákvarðanir um að hafa fundi á laugarögum að það sé gert með einhverjum fyrirvara.

Á síðasta þingi var mikið rætt um að þetta ætti að verða fjölskylduvænn vinnustaður. Það fór lítið fyrir því og ég var að vonast til að hinir ungu formenn stjórnarflokkanna með fjölskyldur sínar tækju tillit til þess að maður má ekki svíkja börnin sín sí og æ með engum fyrirvara. Það er betra að gera það með smáforrvara.

Ég er tilbúin að hafa langan fund í dag en ég leggst alfarið gegn fundi á morgun nema að þá sé komið eitthvert samkomulag.

Afbrigði um 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfundar, samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BÁ, BirgI, BjarnB, EdH, EKG, ElH, EyH, FSigurj, HarB, HE, IllG, JMS, JónG, LínS, REÁ, RR, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WPP, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, BVG, BjÓ, BP, FrH, GuðbH, HHG, KJAK, KaJúl, OH, ÓP, PVB, RM, SII.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, RBB, SIJ, SSV, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

[11:12]

**Útbýting:**

Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 11. mál, brtt. meiri hluta allsh.- og menntm., þskj. 53; brtt. VilÁ, þskj. 54.

**Aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi, frh. síðari umr.**

Stjttill., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 47, 48 og 49, brtt. 37, 38, 50 og 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:12]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)** (F) (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka fyrir þá umræðu og þá vinnu sem fór fram vegna þessarar tillögu í nefnd. Um er að ræða tillögu sem, þegar hún nær nær fram að ganga, felur í sér umfangsmestu aðgerðir sem hafa verið gerðar fyrir skuldsett heimili líklega nokkurs staðar í heiminum frá því að fjármálakrísan reið yfir á árinu 2007.

Fyrir liggja nokkrar breytingartillögur, breytingartillaga um að hverjum þingflokki verði heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa í starfshópa sem munu útfæra það sem er hér til umræðu. Þeir starfshópar eru hugsaðir sem sérfræðihópar þannig að ég tel ekki æskilegt að þeir hafi sex stjórnmalamenn sitjandi yfir sér á öllum fundum. Tilgangur sérfræðihópanna er að útfæra það sem liggur fyrir í tillögunni. Þó munu menn að sjálfsögðu hafa samráð í þinginu um af-  
rakstur þeirrar vinnu og við munum fylgjast með því hvern-

ig henni vindur fram. Ég mun því hvorki styðja þessa breytingartillögu né aðrar breytingartillögur.

[11:14]

**Edward H. Huijbens (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þingflokkur Vinstri grænna mun ekki setja sig á móti því að ríkisstjórnin setji á fót starfshópa og vinnuhópa í kringum skuldavanda heimilanna á Íslandi. Allur þingflokkurinn mun sitja hjá í þessu máli og við afgreiðslu þess í heild sinni.

[11:14]

**Róbert Marshall (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til að óska ríkisstjórninni velfarnaðar í málinu og þess að henni gangi vel að taka á skuldastöðu heimilanna. Björt framtíð mun ekki standa í vegi fyrir því að þessi aðgerðaáætlun nái fram að ganga og mun styðja hana og þær breytingartillögur sem eru málinu til bóta en hafna þeim sem eru meira til sýnis.

Staða heimilanna er ekki bara skuldastaða. Hún snýr einnig að kjörum barna, möguleikum foreldra til að annast þau og það helst í hendur við lífsskjörin í landinu. Þess vegna mega aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki bara taka á einkennum sem hljótast af litlu og sveiflukenndu hagkerfi. Það gagnast lítið að afnema verðtryggingu þegar verðbólgan er vandinn. Ríkisstjórnin þarf aðgerðaáætlun um það hvernig hún ætlar með heildrænum hætti að taka á stöðu heimilanna með lánakjör til framtíðar í huga, með samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs til framtíðar, með vöruverð og viðskiptafrelsi til framtíðar, með afnámi tolla og viðskiptahindrana.

Við samþykjum þessa aðgerðaáætlun og biðjum og auglýsum eftir framtíðarsýn hæstv. ríkisstjórnar til að takast á við og bæta stöðu heimilanna í landinu til framtíðar.

[11:15]

**Arni Páll Arnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Sú þingsályktunartillaga sem kemur hér til atkvæða er nokkuð óljós og það skortir mikið á skýrleikann í henni. Þess vegna leggjum við fram nokkrar breytingartillögur sem eiga að gefa stjórnarmeirihlutunum færi á því að senda skýrari skilaboð til þeirra mýmörgu sérfræðinefnda sem ætlunin er að setja á fót.

Við leggjum líka fram breytingartillögur til að taka á þeim eyðum sem eru í tillögunni, svo sem um réttarstöðu lánsveðshópsins sem ríkisstjórnin virðist engan áhuga hafa á að bæta úr. Jafnframt leggjum við til breytingartillögu sem hefur að markmiði að tryggja áfram þverpólískt samstarf um skuldamálið heimilanna. Það er undarlegt ef afstaða þessarar ríkisstjórnar er að taka flokkspólitíska ábyrgð á skuldamálinum og ýta öðrum stjórnsmálaflokkum frá við vinnu að tillögugerð um skynsamlegar lausnir í skuldamáli heimilanna.

[11:17]

**Willum Þór Þórsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Við greiðum nú atkvæði um þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Aðgerðaáætlunin er mikilvægur liður í stefnumótunarferli. Það hefur ýmislegt verið reynt til að mæta skuldavanda heimil-

anna og nú er tækifærið til að meta stöðuna eins og gert er í hefðbundnum stefnumótunaraðgerðum. Þetta er ábyrgðarvæn tímasett áætlun. Væntingar heimilanna eru miklar og þau eiga það skilið að við hringum þessari aðgerðaáætlun af stað.

[11:18]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Þratar munu ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál nái fram að ganga, en ég vil árétta að mjög mikilvægt er að þeir sem ákváðu að fela þessari ríkisstjórn traust sitt til að koma með aðgerðir í þágu heimilanna verði ekki látnir bíða út í hið óendanlega. Maður finnur að fólk er nú þegar orðið mjög óþolinmótt og maður hefði ætlað að sú vinna sem á að fara fram núna hefði verið vel á veg komin áður en því var lofað að hægt væri að hrinda þessum málum í framkvæmd.

Brtt. 38 felld með 32:5 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, GuðBH, KaJúl, OH, SII.

**nei:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, BjÓ, BP, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, HarB, HE, IIG, JMS, JónG, LínS, ÓP, PVB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

7 þm. (BirgJ, BVG, EdH, HHG, JÞÓ, KJak, RBB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, SSV, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:19]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Forseti. Stjórnarflokkarnir gáfu út miklar væntingar til kjósenda í liðinni kosningabaráttu. Sérstaklega gekk Framsóknarflokkurinn langt í því að tala um leiðréttingu skulda heimilanna og á bloggsíðu sinni á kjördag lét hæstv. forsætisráðherra í veðri vaka, reyndar með tilvitnun í annan mann, að um 800 milljarða svigrúm kynni að skapast til að hjálpa íslenskum heimilum.

Allt kjörtímabilið síðasta talaði Framsóknarflokkurinn um 20% niðurfærslu lána rétt eins og bara þyrfti að sveifla hendi til þess að þær gætu farið fram. Við teljum eðlilegt, til að eyða óvissu þeirra heimila sem nú bíða í ofvæni eftir því hvað sé í pakknum frá hæstv. ríkisstjórn, að fram komi 20% niðurfærsla og að við fáum þá staðfest hvort Framsóknarflokkurinn meini eitthvað með kosningaloförðum sínum eða hvort það hafi verið innantóm orð.

[11:20]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegi forseti. Það var strax eftir bankahrunið sem fyrst komu fram hugmyndir um 20% leiðina svokölluðu, þegar áhrif hrunsins á alla lántakendur með verðtryggð húsnæðislán eða fasteignalán voru jafnmikil. Þess vegna var eðlilegt að tala um 1%. Síðan þá hefur auðvitað ýmislegt breyst, t.d. hafa fjölmargir tekið ný lán í millitíðinni, jafnvel tekið lán í fyrsta skipti og varla er eðlilegt að lán sem tekið var í síðasta mánuði sé leiðrétt jafnmikið og lán sem

tekið var árið 2005. Það geta sem sagt verið lán þar sem eðlileg leiðrétting, forsendubresturinn er yfir 20% á meðan önnur lán ber að leiðrétta um minna en 20%, eftir því, ekki hvað síst, hversu mikil áhrifin af þessum margumrædda forsendubresti voru. Þess vegna er mjög óæskilegt að hámarka þetta við 20% áður en vinna við útreikning á áhrifum á hvert og eitt lán hefur farið fram. Því leggst ég gegn þessari tillögu.

Brtt. 37 felld með 32:5 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, GuðbH, KaJúl, OH, SII.

**nei:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, BjÓ, BP, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, HarB, HE, IIG, JMS, JónG, LínS, ÓP, PVB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

7 þm. (BirgJ, BVG, EdH, HHG, JÞÓ, KJak, RBB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, Ssv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:24]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að afnema verðtryggingu og það er stefna ríkisstjórnarinnar að breyta verðtryggðum lánnum í óverðtryggð eftir því sem kostur gefst á. Þingsályktunartillagan sem hér liggur fyrir segir okkur ekkert um hvenær það eigi að gerast en það skapar mikla óvissu, ekki síst á fasteignamarkaði. Í raun væri ekkert mál að gera þetta, þ.e. að afnema verðtryggingu á sum-arþingi, ef raunverulegur vilji stjórnarflokkanna væri til staðar.

Við í Samfylkingunni göngum þó ekki svo langt að leggja til að það verði gert nú en við leggjum til að frumvarpi um málið verði skilað í nóvember svo unnt verði að lögfasta afnám verðtryggingar fyrir áramót því að sú óvissa sem þessi ríkisstjórn hefur skapað varðandi lánamál á Íslandi eru ólíðandi og mun hafa alvarlegar afleiðingar ef ekki fara að koma skýr skilaboð frá ríkisstjórninni.

[11:25]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**

**(F):**

Virðulegi forseti. Ég hef orðið var við aukinn áhuga hv. þingmanna Samfylkingarinnar á að vinna með öðrum að afnámi verðtryggingarinnar og fagna því mjög og þakka raunar þá viðleitni sem synd er með þessari breytingartillögu. Hún takmarkar hins vegar um of verkefni starfshóps um afnám verðtryggingar vegna þess að það er ekki aðeins hlutverk hópsins að undirbúa tiltekið frumvarp, það mun væntanlega þurfa að undirbúa frumvörp, en það er bara eitt af því sem hann mun þurfa að gera. Hlutverk hópsins er ekki hvað síst að búa okkur undir þær breytingar sem menn munu þurfa að ráðast í til að laga sig að þessu óverðtryggða umhverfi, þ.e. það þarf að laga hagkerfið allt að óverðtryggðu umhverfi og ekki hvað síst að nýta þau nýju tækifæri sem skapast með afnámi verðtryggingarinnar. Starfssvið þessa hóps er mjög vítt og því er óheppilegt að tak-

marka það við það að semja eitt frumvarp. Því leggst ég gegn þessari tillögu.

Brtt. 50 felld með 26:13 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, BirgJ, BjÓ, BP, FrH, GuðbH, HHG, KaJúl, OH, ÓP, PVB, RM, SII.

**nei:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, EKG, EIH, EyH, FSigurj, HarB, HE, IIG, JMS, JónG, LínS, REÁ, RR, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

5 þm. (BVG, EdH, JÞÓ, KJak, RBB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, Ssv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

#### **Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Alveg frá því 2009 þegar við byrjuðum að takast á við þetta verkefni sem er hinn erfiði skuldavandi heimilanna hefur þáverandi ríkisstjórn leitast við að tryggja víðtæka samstöðu um lausnir í skuldamálum heimilanna. Við settum á fót með þverpólitískri samstöðu í kjölfar lagasetningar í nóvember 2009 starfshóp allra flokka sem vann vel og dyggilega. Við höfðum þverpólitíska samstöðu um öll helstu skref sem voru tekin í þessum mála-flokki.

Það er sannarlega gríðarleg stefnubreyting sem felst í þeirri atkvæðagreiðslu sem er að birtast hér, að ríkisstjórnin hafni þverpólitískri samvinnu og aðkomu okkar allra að þessu verkefni. Þetta verkefni er þar með að verða einkaverkefni Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem þeir kjósa að bera einir ábyrgð á. Það hefur auðvitað afleiðingar á ákvarðanir okkar hinna um það hvort við getum hugsað okkur að styðja þessa tillögu í heild eða ekki.

[11:28]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**

**(F):**

Virðulegur forseti. Ég efast ekki um að þessi tillaga er lögð fram af góðum hug. Því er full ástæða til að þakka fyrir hana og stutta umræðu um hana. Í tillögunni felst þó nokkur misskilningur á hlutverki umræddra starfshópa. Þetta eru sérfræðihópar sem munu ráðast í tæknilega úrvinnslu þeirra lausna sem eru boðaðar í þingsályktunartillögunni. Með öðrum orðum er þetta ekki vettvangur til þess að velja því fyrir sér hvort fara eigi í einhverjar allt aðrar aðgerðir. Þetta er fyrst og fremst vettvangur fyrir sérfræðinga til þess að útfæra hlutina tæknilega. Ég efast um að það væri til gagns fyrir slíka hópa að vera með sex stjórn-málamenn með sér á hverjum fundi að skipta sér af þeirri vinnu.

Hins vegar munum við hér í þinginu, fulltrúar allra flokka, að sjálfsögðu fara yfir afrakstur þessarar vinnu jafnóðum og hann skilar sér. Þá gefst tækifæri til þess að laga það að hugmyndum eða verða við ábendingum um nauðsynlegar breytingar og úrbætur.



Brtt. 51 felld með 26:12 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, BirgJ, BjÓ, BP, FrH, GuðbH, KaJúl, OH, ÓP, PVB, RM, SII.

**nei:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, EKG, EIH, EyH, FSigurj, HarB, HE, IILG, JMS, JónG, LínS, REÁ, RR, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

6 þm. (BVG, EdH, HHG, JÞÓ, KJak, RBB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KPJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, Ssv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[11:29]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Það hryggir mig mjög að hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að fella tillögu um að staðið verði við samkomulag sem fráfarandi ríkisstjórn gerði við Landssamtök lífeyrissjóða um að koma til móts við svokallaðan lánsveðshóp sem hefur verið í mjög miklum vanda og í mjög mikilli óvissu með lánamál sín allt frá hrúni. Þetta eru þeir hópar sem hafa ekki getað nýtt sér þau skuldaúrræði sem aðrir hafa getað nýtt sér. Samkomulagið felur í sér að þeir munu sitja við sama borð og aðrir. Það ætlar þessi ríkisstjórn að fella vegna þess að fráfarandi ríkisstjórn gerði þetta samkomulag.

Virðulegi forseti. Fráfarandi ríkisstjórn gerði samkomulagið af góðum hug, vann að því allt kjörtímabilið gegn mjög erfiðum viðsejanda sem voru Landssamtök lífeyrissjóða, sem höfðu stjórnarskrána, sem höfðu Fjármálaeftirlitið með sér til varnar. Að lokum náðum við þessari niðurstöðu. Ég tel ekki að hægt sé að ná betri niðurstöðu um þetta. Núna er ríkisstjórnin að senda þeim hópum þessi skilaboð: Þið skuluð halda áfram að vera í óvissu, þið fáið ekki að sitja við sama borð og aðrir lántakendur. Þetta er til skammar, virðulegi forseti. Ég vona að það sé ekki til eftirbreytni og ekki vísbending (Forseti hringir.) um það hvernig þessi ríkisstjórn ætlar að (Forseti hringir.) afgreiða skuldamál heimilanna.

[11:29]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Það hryggir mig mjög að hæstv. ríkisstjórn virðist ætla að fella tillögu um að staðið verði við samkomulag sem fráfarandi ríkisstjórn gerði við Landssamtök lífeyrissjóða um að koma til móts við svokallaðan lánsveðshóp sem verið hefur í mjög miklum vanda og í mjög mikilli óvissu með lánamál sín allt frá hrúni. Það er sá hópur sem ekki hefur getað nýtt sér þau skuldaúrræði sem aðrir hafa getað nýtt sér. Samkomulagið felur það í sér að þessi hópur mundi sitja við sama borð og aðrir. Þetta ætlar þessi ríkisstjórn að fella vegna þess að fráfarandi ríkisstjórn gerði samkomulagið.

Fráfarandi ríkisstjórn gerði þetta samkomulag af góðum hug, vann að því allt kjörtímabilið gegn mjög erfiðum viðsejanda sem voru Samtök lífeyrissjóða sem höfðu stjórnarskrána og Fjármálaeftirlitið með sér, sér til varnar. Að lokum náðum við þessari niðurstöðu og ég tel ekki að hægt sé að ná betri niðurstöðu. Núna sendir sitjandi ríkisstjórn

þessum hópi eftirfarandi skilaboð: Þið skuluð halda áfram að vera í óvissu, þið fáið ekki að sitja við sama borð og aðrir lántakendur.

Það er til skammar og ég vona að þetta sé ekki vísbending um með hvaða hætti þessi ríkisstjórn ætlar að afgreiða skuldamál heimilanna.

[11:31]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Það er enginn ágreiningur um það markmið að koma til móts við lánsveðshópinn og gera það almennilega. Það var reyndar töluvert mikið ýtt á það alllengi á síðasta kjörtímabili. Hins vegar er sá samningur sem ríkisstjórnin gerði drög að gagnvart lífeyrissjóðunum ekki ásættanlegur, að lífeyrissjóðirnir skulu ekki bera nema 12% kostnaðarins meðan ríkið á að taka á sig hátt í 90% kostnaðar.

Hins vegar er alveg ljóst að núverandi ríkisstjórn mun fylgja því eftir að koma til móts við lánsveðshópinn. Það þarf því ekki að skapast óvissa þar. Það setur þó núverandi ríkisstjórn auðvitað í nokkuð erfiða stöðu hvað þetta mál varðar að svona langt skuli hafa verið gengið í samningum við lífeyrissjóðina, mikið gefið eftir gagnvart þeim hvað kostnaðinn varðar, en þó teljum við rétt að athuga hvort lífeyrissjóðirnir vilji ekki taka þátt í að fjármagna þetta með eðlilegri hætti, leggja meira af mörkum.

[11:32]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Málefni lánsveðshópsins, eins og hann er oft kallaður í umræðunni, voru á borði ríkisstjórnarinnar allt síðasta kjörtímabil. Málið var aldrei leyst. Það var skrifað undir samkomulag nokkrum dögum fyrir kosningar sem fólst í því að ríkið ætlaði að taka lán fyrir vandanum. Þó var engar heimildir að finna á fjárlögum til þess að taka slíkt lán. Fyrir liggur að ríkið er rekið með halla og þess vegna er ákvörðun um að ríkið taki á sig allan raunverulegan kostnað vegna lánsveðshópsins í raun og veru ekkert annað en ákvörðun um að ríkið taki lán til þess að leysa þennan vanda.

Af hálfu lífeyrissjóðanna hefur því sjónarmiði verið teft fram að það standi ekki lagaheimildir til að ganga lengra. Gott og vel. Við skulum sjá hvort það er þannig eða með hvaða öðrum hætti er hægt að nálgast þetta mál og afgreiða það. En höfum þá í huga að framlag lífeyrissjóðanna er það sem þeir telja að þeir hefðu hvort eð er setið uppi með vegna lánsveðshópsins.

Þegar upp er staðið er samningurinn um að ríkið taki lán og lífeyrissjóðirnir taki það á sig sem þeir hefðu hvort eð er setið uppi með: Ekki neitt.

[11:34]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Hæstv. forseti. Við erum að afgreiða tillögu varðandi skuldavanda heimilanna. Ég verð að viðurkenna að umræðan í dag er komin í býsna mikil vandræði vegna þess að

sagt er að hér eigi bara að vera tæknileg úrvinnsla, það sé skýrt og afmarkað verkefni, sem er engan veginn skýrt og afmarkað, og að aðkoma þingsins verði ekki fyrir en afraksturinn liggur fyrir í tillöguformi frá hópum og í frumvörpum. Ég hélt að ég væri að fara í samstarf um einhverjar lausnir, að ég ætti að fara að vinna hér og ég var búinn að leggja mikla vinnu í að reyna að koma með tillögur inn í vinnuna. Því er öllu saman ýtt út af borðinu. Ég sé mér því engan veginn fært að styðja þessa tillögu eins og ég ætlaði að gera. Ég verð að sitja hjá og kasta ábyrgðinni á stjórnarflokkana vegna þess að ég hef ekki hugmynd um hvaða vegferð er verið að leggja fram. Þeir eru búnir að tilkynna mér að við fáum enga aðkomu að þeirri vinnu fyrir en það er allt saman afgreitt og klárt.

Ég harma þetta sem niðurstöðu vegna þess að málaflökkurinn er gríðarlega mikilvægur og það á að vera á höndum okkar allra að reyna að vinna að honum. Ég heiti því á menn, þrátt fyrir þessa niðurstöðu hér, að koma inn í þingið jafnóðum og gera grein fyrir stöðunni, strax frá haustdögum, til þess að við getum fylgst með á (Forseti hringir.) hvaða vegferð við erum og haft áhrif þar á.

[11:36]

#### Árni Páll Árnason (Sf) (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegi forseti. Hugur okkar hafði staðið til að styðja þessa tillögu, veita henni brautargengi og vera hluti af þessu verkefni. Nú er það þannig að ríkisstjórnarflokkarnir hafa kosið að koma með óljósar tillögur, þeir vilja ekki frekari skýringar á því sem er lagt upp með. Þeir bjóða ekki aðkomu að því að móta spurningarnar sem sérfræðinganefndirnar eiga að vinna eftir. Þeir hafna aðkomu okkar að sérfræðinganefundunum sjálfum og síðan á að hafa samráð við þingið þegar niðurstaðan liggur fyrir.

Við höfðum annan hátt á í síðustu ríkisstjórn. Þá fengu allir stjórnarandstöðuflokkarnir að koma að mótun tillagna meðan við vorum enn þá á hugmyndastigi. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti í miklu hagsmunamáli sem skiptir alla þjóðina miklu máli. Þetta er framganga sem veldur því að ríkisstjórnarflokkarnir verða einir að bera ábyrgð á þessari tilurð og ábyrgðin er þeirra. Ég vona samt sem áður — ég vona það einlæga — að menn sjái að sér og setji á fót einhvers konar þverpólítíska verkefnastjórn sem (Forseti hringir.) gefur stjórnarandstöðunni færi á því að koma að mótun þessa verkefnis.

[11:37]

#### Róbert Marshall (Bf) (um atkvæðagreiðslu):

Virðulegur forseti. Við í Bjartri framtíð styðjum þessa aðgerðaáætlun og óskum ríkisstjórninni velfarnaðar í því að taka á stöðu heimilanna. Ég ítreka þó það sem ég sagði í upphafi um atkvæðagreiðsluna: Hún snýst ekki bara um skuldastöðuna, hún snýst um lífskjör fjölskyldnanna í landinu, stöðu heimilanna með heildrænum hætti. Ég treysti því að þetta sé einungis fyrsta skrefið í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að taka á því.

Í stuðningi okkar felst að sjálfsögðu ekki fortakslaus stuðningur við það sem kemur út úr þessari vinnu. Við munum auðvitað taka afstöðu til þess þegar það liggur fyrir. En fyrirætlunin er góð og þess vegna styðjum við hana.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, BjÓ, BP, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, HarB, HE, IILG, JMS, JónG, LínS, ÓP, PVB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WPP, ÞorS, ÞórE.

12 þm. (ÁPÁ, BirgJ, BVG, EdH, GuðbH, HHG, JÞÓ, KJák, KaJúl, OH, RBB, SII) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, SSV, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BÁ, BjarnB, BjÓ, BP, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, HarB, HE, JMS, JónG, LínS, ÓP, PVB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WPP, ÞorS, ÞórE.

12 þm. (ÁPÁ, BirgJ, BVG, EdH, GuðbH, HHG, JÞÓ, KJák, KaJúl, OH, RBB, SII) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, IILG, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, SSV, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):

Virðulegur forseti. Mér heyrir á þeim stuttu ræðum sem haldnar voru áðan að ég hafi kannski ekki talað alveg nógu skýrt svoleiðis að ég vil ítreka það sem ég sagði: Þegar nefndirnar skila afkrastri sínum förum við að sjálfsögðu yfir það jafnóðum, stjórnmalamennirnir í þinginu, ekki bara stjórnarliðar. Þá munu menn vinna það áfram í sameiningu og gefst tækifæri fyrir bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu til þess að koma á framfæri athugasemdum um hvað betur megi fara eða þess vegna að bæta einhverju við, koma með athugasemdir um eitthvað sem mönnum þykir skorta. Það stendur því svo sannarlega til að viðhafa samráð í þinginu um þessi mál þó að sérfræðingnefndirnar verði ekki á stöðugum fundum með stjórnmalamönnum á meðan þær reikna og setja upp sín excel-skjöl.

[11:39]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir þann framgang sem málið hefur fengið í þinginu, fyrir þá ágætu vinnu sem unnin hefur verið í nefnd og málefnalegar umræður í þingsal um efni málsins. Varðandi framhaldið stendur ekkert annað til, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur farið yfir, en að eiga sem allra best samráð um útfærslu á einstökum leiðum. Það sem mestu skiptir er að hér er búið að koma í traustan farveg öllum helstu álitamálunum sem glíma þarf við vegna þess vanda sem enn stendur út af borðinu og m.a. er fjallað um í nýrri skýrslu OECD sem fram er komin. Þar er dregin upp sú mynd að staða heimilanna á Íslandi er býsna slæm í samanburði við önnur ríki, skuldastaða þeirra er býsna erfið. Það gefur okkur tilfni til þess að spýta í lófana og láta hendur standa fram úr

ermum í öllum þessum málaflökkum.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 55).

### Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:41]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 53–54. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, GuðbH, GBS, HarB, HE, JMS, JónG, KJak, KaJúl, LínS, OH, ÓP, PVB, REÁ, RR, RBB, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞórE.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, ÞorS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, HBK, HHj, HöskÞ, IIG, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, RM, SIJ, SSv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

### Neytendalán, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 26. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 46.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:43]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, GuðbH, HarB, HE, IIG, JMS, JónG, KJak, KaJúl, LínS, OH, ÓP, PVB, REÁ, RM, RBB, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, RR, SIJ, SSv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, EIH, EyH, FrH, FSigurj, GuðbH, HarB, HE, IIG, JMS, JónG, KJak, KaJúl, LínS, OH, ÓP, PVB, REÁ, RR, RM, RBB, SDG, SÁA, SII, SigrM, SilG, UBK, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

3 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁsF, BjG, BN, ELA, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, KG, KÞJ, KLM, LRM, PJP, PHB, SIJ, SSv, VBj, ValG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

### Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 3. umr.

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, brtt. 53 og 54.

[11:44]

#### Vilhjálmur Árnason (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Að þessari breytingartillögu standa fulltrúar allra flokka í allsherjar- og menntamálanefnd nema Samfylkingar og Vinstri grænna og hún felst í því að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins fái áheyrnarfulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins.

Í þeim lögum sem gilda í dag er gert ráð fyrir að starfsmenn hafi einn áheyrnarfulltrúa sem er einn af stjórnarmönnum en þar sem við breyttum fyrirkomulaginu féll hann sjálfkrafa út og þótti okkur eðlilegt að koma til móts við þær athugasemdir sem fram komu í nefndinni um að starfsmenn ættu eðlilega að hafa áheyrnarfulltrúa þarna. Þakka ég þeim sem í nefndinni voru fyrir þá vinnu sem við lögðum í þetta og umræður og fyrir að vilja standa að þessari tillögu með okkur þar sem ég tel hana til bóta.

Ég ætla líka að koma inn á hina breytingartillöguna undir sama lið af því að hún fjallar um sama mál og sama efni. Það er alveg rétt að hlutverk Ríkisútvarpsins er mjög mikilvægt og vítt sem hefur verið margrætt hér. Mennta- og menningarmálaráðgjafi hafa haft miklar áhyggjur af því að ekki kæmust nógu mörg sjónarmið á framfæri, þetta væri ekki nógu faglegt með þeim breytingum sem við erum að gera á lögnum með því að láta Alþingi velja fulltrúana. Það var talað um að það fyrirkomulag sem stendur í dag ætti að tryggja að sem breiðastur hópur kæmi að þessu og þetta yrði sem faglegast og þess vegna ákvað ég að leggja fram breytingartillögu um að í stjórninni yrðu nfu fulltrúar í stað sjö til þess þá að breikka aðkomu að stjórninni þannig að fleiri sjónarmið fái að heyrast í henni. Þá mun um leið vægi hvers stjórnarmanns minnka.

Áður var stjórnin fimm manna og þá vegur sjónarmið hvers manns náttúrulega þyngra. Með þessu teljum við okkur koma töluvert til móts við þær athugasemdir sem komu fram í þessari umræðu af því að okkur er mikið í mun að tryggja að stjórn RÚV starfi faglega, að um þessa stofnun ríki friður og að menn beri til hennar traust.

Ég legg til að báðar þessar breytingartillögur verði samþykktar.

[11:47]

#### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Við erum komin í 3. umr. um þetta vonda mál, fyrsta mál hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra á kjörtímabilinu. Það kom fram margvísleg gagnrýni við 2. umr. og ég svo sem þakka þá viðleitni nefndarmanna í meiri hlutanum að reyna að bregðast við því með einhverjum hætti. Ég fagna því sérstaklega að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins eigi áfram að tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafi málfrelsi og til-

lögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins. Þetta finnst mér mjög til bóta enda var rík áhersla lögð á það að auka aðkomu starfsfólks að ákvarðanatöku og upplýsingar þar um. Þetta er í anda þess sem við viljum hafa í okkar samfélagi, að starfsfólk hafi aðgengi að þeim stöðum þar sem ákvarðanir eru teknar.

Það að fjölga stjórnarmönnum í nú í stað sjö breytir nákvæmlega engu. Jú, það fjölga þeim sem sitja við stjórnarborðið, ég er alveg sammála því að það eykur fjölbreytni í stjórninni, en samkvæmt frumvarpinu og breytingartilöggunni verða þetta áfram fulltrúar valdir af þingflokkinum. Fulltrúar þingflokka eiga að móta dagskrárstefnu. Meiri hlutinn verður óbreytt skipaður fulltrúum meiri hluta á Alþingi. Það skipti engu máli þó að við gerðum þessa breytingu og tækjum 63 inn í stjórnina. Við gætum jafnvel ákveðið að það yrðu þingmenn. Það er ekkert smálýðræðislegt, við þyrftum ekkert að vera með einhverja fulltrúa okkar, og þá gætum við 63 með fjölbreyttum hætti komið að því að móta dagskrárstefnuna. Það er jafn fáránlegt þannig að þrátt fyrir góða viðleitni bætir þetta því miður ekki ásjónuna á þessu frumvarpi.

Ásjónan á þessu frumvarpi er gríðarlega alvarleg. Mér finnst líka með svo miklum ólíkindum að ný ríkisstjórn sé með ívilnandi aðgerðir fyrir útgerðarmenn á sama tíma og hún svíkur heimilin með loðnum tillögum þar sem öllu er vísað á framtíðina. Í máli forsætisráðherra kom fram að þegar sérfræðingahóparnir eru búnir með sitt starf megum við stjórnámálameðmátt koma að og velta vöngum. Það er verið að velta þessu fram á næstu missiri. Það er ekkert í völdum fyrir íslensk heimili en það er verið að ívilna útgerðinni á gríðarlega ósvífinn hátt og það er verið að herða tökin á fjölmiðlum.

Hæstv. forsætisráðherra skrifaði grein þar sem hann sendir fjölmiðlum tón um að þar skuli efnistösk verða hæstv. ríkisstjórn þóknarleg. Á sama tíma og hann lætur þau forkastanlegu orð falla liggur fyrir þinginu frumvarp um að þingflokkanir ætli að móta dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins.

Ég ætla að segja að mér finnst þetta lykta af ötta ríkisstjórnarinnar við lýðræðið, ötta ríkisstjórnarinnar við að það séu ekki endilega sjónarmið henni þóknarleg sem stjórni ferðinni hjá Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið er ein af meginstofnunum til þess að stuðla að virku lýðræði á Íslandi og fjölmiðlar hafa ekki það hlutverk að þóknast stjórnámálameðmönnum. Fjölmiðlar eru fjórða valdið sem hefur eftirlit með okkur hinum sem förum með völd á Íslandi. Þeir eru til þess að setja gjörðir okkar undir mælikerið, varpa gagnrýnu ljósi á það sem við erum að gera og kanna hvort við förum lýðræðislega með vald okkar og með almannahagsmunum að leiðarljósi. Það er hlutverk fjölmiðla en þessi nýja ríkisstjórn sem skirrist ekki við að vaða fram með sérhagsmunina að leiðarljósi ætlar að herða tökin á Ríkisútvarpinu.

Framsóknarflokkurinn, sem studdi frumvarp hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur þegar hún var ráðherra, hefur ekkert fjallað um þetta mál hér í þinginu og vill ekki kannast við að vera þátttakandi í því með Sjálfstæðisflokknum að herða pólitískt vald yfir meginfjölmiðli Íslands. Ég held að það ágæta fólk sem ekki kann við sig í þessari hægri stjórn ætti að fara að ihuga á hvaða leið meiri hlutinn er með íslenskt samfélag. Hér er ekki verið að vinna í þágu almennings.

Það er verið að vinna í þágu sérhagsmuna og pólitísku elítunnar sem vill ákveða hvað er ásætlanleg umræða á Íslandi.

Framsóknarflokkurinn ætti líka að huga að kosningalofordum sínum til handa fólki sem treystir á framferslu sína í gegnum almannatryggingar. Þar er forgangsroðunin líka skýr. Þó að ég fagni því að hluti hópsins fái kjarabætur er valinn út sá hópur sem hefur hvað mest. Ekki er ég að öfundast út í það eða gera lítið úr því en það er skýrt að ekki er á neinn hátt komið til móts við þá sem búa við fátæktarmörk. Mér finnst vera að teikna sig upp mynd sem gefur mjög einkennilega framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. Á síðustu fjórum árum voru mikil umbrot í íslensku samfélagi, þetta voru hagsmunaátök. Í fyrsta skipti í sögunni var vinstri stjórn og hún umbunaði ekki sérhagsmunahópnum.

Sú stjórn vann í þágu almannahagsmuna og ég er óhrædd við að segja að það er ekki allt hafið yfir gagnrýni sem sú ríkisstjórn gerði. Það hefði alveg mátt beita einhverjum öðrum aðferðum í einhverjum málum. Mjög margt var undir á þessu kjörtímabili. Við tókum við samfélagi þar sem ríkissjóður var nærri gjaldþrota, íslenski gjaldmiðillinn hruninn, íslensk heimili gríðarlega skuldsett — og það var ekki tilviljun. Það hafði líka verið pólitísk stefna að íslensk heimili skuldsettu sig og þau höfðu enga vörn í þeirri atburðarás. Fyrirtækin voru skuldsett, ríkissjóður var skuldsettur. Hér var atvinnuleysi og hér þurfti að rétta hag ríkisins en á sama tíma í öllum darraðardansinum tókst okkur að auka jöfnuð á Íslandi. Okkur tókst að standa vörð um þá sem hvað minnst höfðu. Tugir þúsunda hafa búið hér við bágan fjárhag og bjuggu raunar margir við bágan fjárhag fyrir hrun þegar hér var mesta góðeristímabil Íslandssögunnar. Ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gátu nefnilega ekki heldur þá mætt þessum hófum.

Verkefni síðustu ríkisstjórnar var að reisa Ísland við, vinna í þágu almennings og vinna gegn ójöfnuði sem hér hafði skapast með ótrúlegu hraði. Ójöfnuður er mein í samfélögum, ójöfnuður veldur heilsuþrengingum og dregur úr félagslegri samheldni. Ójöfnuður dregur úr velsæld og þeir sem lenda neðst í skalanum, sem hafa minnst að bíta, búa við það að upplifa sig ekki sem fullgilda þegna í okkar annars litla og nána samfélagi. Þeir búa við niðurlæginguna sem fylgir fátækt, sem fylgir því að teljast ekki eiga rétt á samfélagslegum gæðum eins og aðrir í samfélaginu. Við erum að stefna frá umbótum á þessu núna með mjög markvissum skrefum ríkisstjórnarinnar. Ég tek þetta mjög nærri mér, ég vil ekki búa í landi þar sem þeir ríkustu, menntuðustu og af bestu ættunum fá að stjórna og hafa hlutina eins og þeir vilja. Ég vil ekki búa í þannig samfélagi.

Meiri hlutinn á Alþingi vill snúa í átt til þess ef lítið er til þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir. Frumvarpið um Ríkisútvarpið er einn liður í því. Þetta er ekki saklaus breyting. Áður en löggin voru sett í vor, fyrir þann tíma, tilnefndu þingflokkanir fólk inn í stjórn RÚV. Það er rétt, þetta hefur verið gert áður, en sú stjórn hafði eingöngu rekstrarlegt hlutverk fyrir Ríkisútvarpið sem opinbert hlutafélag. Með lögunum frá því í vor fékk stjórnin allt annað hlutverk og eitt af meginhlutverkum hennar er að móta dagskrárstefnu með útvarpsstjóra. Þess vegna var mikil vinna lögð í að finna fyrirkomulag á stjórnina sem væri sem faglegast og lýðræðislegast til þess að tryggja að þar yrðu ekki annarleg

sjónarmið látin ráða för heldur sjónarmið sem væru til þess fallin að Ríkisútvarpið auðgaði íslenskt samfélag og ýti undir lýðræðislega umræðu í íslensku samfélagi.

Sú breyting sem hér er gerð breytir ekki því hlutverki stjórnarinnar að vinna að dagskrárstefnu. Í stað þess að vera með faglegan hóp sem er valinn af mismunandi aðilum, þar sem stjórnin er valin þannig að jafnframt sé verið að velja samstilltan hóp sem geti unnið vel saman að markmiðum stjórnarinnar, eru fulltrúar þingflokka settir í þetta verkefni. Það er verið að gera Ríkisútvarpið að pólitískri stofnun og ef ég væri starfsmaður á Ríkisútvarpinu, búin að fá skilaboð frá hæstv. forsætisráðherra um að honum þóknaðist ekki fréttaflutningur minn eða teldi mig vera að vinna með annarleg sjónarmið að leiðarljósi og væri síðan að breyta lögunum þannig að pólitískir fulltrúar hans ættu að fara að hafa áhrif á dagskrána liði mér ekki vel. Þá fyndist mér að það væri verið að ógna hlutverki mínu sem fréttamanns að búa til hlutlausar fréttir sem vörpuðu gagnrýnu og upplýsandi ljósi á atburðina.

Við höfum mikið rætt hér í gegnum tíðina um eignarhald á fjölmiðlum og áhrif á dagskrárstefnu og þetta er akkúrat mál af þeim meiddi. Fréttamenn viðurkenna margir að þeir búa við þann veruleika að þeim finnst þeir alltaf vera að ritskoða sjálfa sig. Það er ekki Alþingis að yta undir það að fréttamönnum finnst þeir heftir af pólitískum öflum í því að rækja hlutverk sitt.

[12:02]

#### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Vilhjálm Árnasyni fyrir að bjóða upp á þennan möguleika. Í 2. umr. er við ræddum þetta frumvarp í bak og fyrir, mestmennis bak, viðurkenni Vilhjálmur Árnason að það kæmi sennilega ekki að sök að starfsmenn Ríkisútvarpsins hefðu einhvern áheyrnarfulltrúa þarna. Í kjölfarið tók hæstv. menntamálaráðherra undir það og í kjölfarið af því var málinu vísað aftur í nefnd að beiðni þess sem hér stendur og þá kom fram þessi ágæta breytingartillaga sem inniheldur efnislega nákvæmlega það sama og lögin sem þegar eru í gildi.

Þetta er til bóta, en í vondu frumvarpi auðvitað því að frumvarpið eykur ekki lýðræði, hvorki með né án þessarar breytingartillögu, nema þá kannski að þeim hluta sem það eykur gegnsæi. Lýðræðislegar betrubætur á starfsháttum Ríkisútvarpsins væru í þá átt að fjarlægja þingmenn frá stjórninni frekar en að koma þeim að. Þetta þykir mér svo augljóst, og í raun og veru undarlegt að maður þurfi að standa í pontu og endurtaka þetta aftur og aftur.

En í sambandi við það þótti mér áhugavert að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal viðurkenna hreinskilnislega að Ríkisútvarpið, og stjórn þess væntanlega, sé pólitískt og verði aldrei neitt annað en pólitískt. Ég óttast að þetta sé í hugarheimi sjálfstæðismanna, eða hæstv. menntamálaráðherra, einhvers konar réttlætning á því að stjórnarmenn komi fram með pólitískum hætti. Ef það þykir svo sjálfsagt þykir það svo sjálfsagt, því miður. Sá ótti er enn til staðar og reyndar alveg augljóst nákvæmlega hvað er í gangi hérna þegar á heildina er litið.

En þessi fulltrúi starfsmanna Ríkisútvarpsins mun þó hafa áheyrnaraðild, hann mun hafa tjáningarfrelsi og til-

lögurétt. Hann mun ekki hafa atkvæðisrétt enda var það ekki krafa starfsmanna RÚV þegar nefndin átti samtala við fulltrúa starfsmanna Ríkisútvarpsins til þess að lægja aðeins þær öldur. Sumir hafa gagnrýnt það að sá áheyrnarfulltrúi hafi ekki atkvæðisrétt. Hann virðist ekki vilja atkvæðisrétt og þá er viðhorfið að starfsmenn vilji ekki setja sig upp á móti stjórninni eða setja sig í stöðu þar sem þau þurfa að greiða atkvæði með eða móti byggt á einhverri innri pólitík. Mun mikilvægara sé að hafa áheyrnarfulltrúa til að geta fylgst með því sem er í gangi, með öðrum orðum er þetta í raun spurning um gegnsæi og að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafi gott af því að vita hvað stjórnin gerir. Þetta er allt til bóta þó að ástæða sé til að ítreka það nógu oft að þetta er vont frumvarp. Þetta er skref í ranga átt, þetta er ólýðræðislegt framtak og skal heita það áfram.

Ég hef verið að velta fyrir mér hvernig hugarheimurinn hafi verið þegar þetta frumvarp kom til. Þá er litið yfir þetta. Allt í lagi, þetta þykir ógegnsett og ólýðræðislegt vegna aðkomu BÍL og Samstarfsnefndar háskólastígsins en síðan er í sérstakri málsgrein minnst á þennan fulltrúa starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég velti fyrir mér hvernig hægt sé að lesa þá grein og að yfirlögðu ráði hugsa með sér: Þetta er ekki nógu gegnsætt. Þetta er ekki nógu lýðræðislegt.

Mér þykir mjög undarlegt að hugsa þannig, svo ekki sé meira sagt, en kannski voru þetta þegar allt kemur til alls einfaldlega einhvers konar mistök. Kannski vönduðu menn ekki nógu mikið til verka. Maður veit að slíkt kemur fyrir. Hvað sem því líður verðum við í minni hlutanum, sem er um augljóslega mjög mótfallin þessu frumvarpi, að átta okkur á því að það fer í gegn vegna þess að þannig virkar lýðræðið á Íslandi. 60% meiri hluti hefur í reynd 100% valdsins og þar er lýðræðishalli. Það væri mjög forvitnilegt að sjá hvort hæstv. menntamálaráðherra hefði áhuga á því að vinna með minni hlutanum að því að bæta það. Hvað sem því líður er ágætt að geta látið sig dreyma.

Ég ítreka að þetta er til bóta í vondu frumvarpi. Það var gleðilegt að geta tekið þátt í því að bæta þetta aðeins, gera þetta aðeins minna slæmt en það annars hefði verið, en reynslan mun leiða í ljós hvernig fer með Ríkisútvarpið í framtíðinni.

[12:08]

#### Björn Valur Gíslason (Vg):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni rétt áðan í lokaorðum hans og það kom reyndar fram í upphafsorðum hans sömuleiðis, að þetta er vont frumvarp. Þetta er vont lagafrumvarp eðli málsins vegna, vegna þess að það felur í sér pólitísk afskipti af einni mikilvægustu stofnun landsins. Það felur í sér bein pólitísk afskipti af ríkisútvarpi í almannabágu og jafnvel þó að það hafi tekist að berja í gegn að starfsmenn Ríkisútvarpsins eigi möguleika á því að skipa áheyrnarfulltrúa í stjórn stofnunarinnar þá situr það eftir að samt sem áður óhreyft og algjörlega óhaggað að stjórnin verður skipuð af menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, líklega með sama hætti og gert var varðandi LÍN, með pólitískum fulltrúum.

Það á sem sagt að færa stjórn Ríkisútvarpsins sem fékk

að mörgu leyti annað og víðtækara hlutverk með lagasetningunni um stofnunina sem samþykkt var hér og Alþingi sett hér í vor, í mars ef ég man rétt. Hún fékk aukíð hlutverk og að sama skapi var fjallað um það héra í lagasetningu árið 2007 þannig að smám saman og hægt og bítandi hefur það verið yfirlýst markmið þeirra menntamálaráðherra sem flutt hafa og borið málefni Ríkisútvarpsins hingað inn á þing að styrkja og efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins og klippa á pólitísk tengsl þess eins og mögulegt er að gera. Það er ekki gert í þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir og eftir stendur meginefni frumvarpsins sem er vont, eins og hv. þingmaður nefndi áðan.

Ég spurði talsvert eftir því við 2. umr. málsins hver ástæðan væri fyrir því að svona frumvarp væri komið inn í þing. Hvers vegna er frumvarp af þessu tagi komið hingað inn? Ég vakti athygli á því að líklega er það ágætt fyrir þingmenn að spyrja sig að því reglulega þegar lagafrumvörp koma til þingsins til afgreiðslu og umfjöllunar: Hver er ástæða þess að frumvarp er lagt fram? Ekki er það bara til þess að menn geti fjallað um það, gagnrýnt það eða mælt með því. Það er ekki bara verið að leggja fram lagafrumvörp til þess að gera eitthvað, það er einhver ástæða að baki. Það er einhver hugmynd um að lögin í landinu varðandi viðkomandi efni sem lagafrumvörpin fjalla um eigi að vera betri og öðruvísi en þau sem eru fyrir eða þá að setja þurfi ný lög um tiltekin mál. Lagafrumvörp detta sem sagt ekki inn í þingið að ástæðulausu.

Ég innti hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ítrekað eftir því hver ástæðan væri fyrir því að það lagafrumvarp sem hér um ræðir og er hér til 3. umr., þ.e. lagafrumvarp um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, sem felur eingöngu í sér breytingu á því hvernig skipa á í stjórn, er hans fyrsta þingmál sem ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Varð hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra fyrir þrýstingi? Var þrýst á hann um að breyta lögunum með þessum hætti? Var það búið að vera í einhverjum undirbúningi? Var haft samráð, samstarf við til dæmis þá sem standa að Ríkisútvarpinu, núverandi stjórn Ríkisútvarpsins, stjórnendur, starfsfólk, þá sem láta sig málefnið varða og til dæmis sitja í stjórn Ríkisútvarpsins núna fyrir hina ólíkustu hópa í því markmiði að draga fram fjölbreytileikann í samfélaginu og styrkja grundvöll Ríkisútvarpsins og gæta þess að það ræki hlutverk sitt eins og lög kveða á um að það eigi að gera?

Nei, það var ekkert slíkt sem hæstv. ráðherra gat bent á að hefði verið hvatinn að þessu lagafrumvarpi, ekki neitt. Ég innti hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sömuleiðis eftir því hvað lægi þá að baki. Lágu einhverjar rannsóknir, kannanir, samannburður milli landa eða innan lands þar að baki sem geta rökstutt það að hæstv. ráðherra hefur lagt á sig að flytja þetta mál hér í þinginu? Hæstv. ráðherra sagði það nefnilega í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir málinu við 1. umr. að eitthvað slíkt lægi að baki. Það mátti auðveldlega túlka það með þeim hætti.

Með leyfi forseta, ætla ég að vitna í ræðu hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra í 1. umr. þessa máls þegar hann mælti fyrir málinu.

Þar segir:

„Meðal fyrstu mála sem komu á mitt borð sem mennta- og menningarmálaráðherra var umrætt fyrirkomulag við val

á stjórnarmönnum Ríkisútvarpsins. Eftir vandlega skoðun var það niðurstaða mín að þratt fyrir góð áform löggjafans um aðkomu valnefndar að vali stjórnarmanna félagsins væri fyrirkomulagið gallað því að engin trygging væri fyrir því að það næði markmiði sínu.“

Í þessu felst þrennt: Í fyrsta lagi að þetta er fyrsta mál sem kom inn á borð hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Í öðru lagi að málið var vandlega skoðað af hálfu ráðherra áður en frumvarpið var skrifað og það flutt inn í þing. Og í þriðja lagi var það vegna þess að það fyrirkomulag sem er ríkjandi samkvæmt núgildandi lögum er gallað. Það þrennt skiptir máli í þessu sambandi. En þegar hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra var inntur eftir því hvernig hefði staðið á því að málið kom inn á hans borð, hver ástæðan var fyrir því, hvaða hvati bjó þar að baki, þá var fátt um svör og á endanum viðurkenndi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra það í ræðustól að það hefði ekki verið neitt annað en hans eigin hugmyndafræði og hans eigin hugmynd um það hvernig stýra og stjórna ætti Ríkisútvarpinu. Það var engin beiðni. Það var engin undirbyggjandi óánægja með skipun núverandi stjórnar Ríkisútvarpsins, það var ekkert utanaðkomandi sem hvatti hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra til þess.

Það var ekki einu sinni stefna ríkisstjórnar eins og hún birtist í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Það var sem sagt hugmyndafræðin sem réði að opinber stofnun af þessu tagi skyldi pólitískt skipuð, sérstaklega þegar Sjálfstæðisflokkurinn er í ríkisstjórn. Og eingöngu þegar Sjálfstæðisflokkurinn er í ríkisstjórn. Vegna hvers? Vegna þess að enginn sjálfstæðismaður, enginn þingmanni Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili þegar Sjálfstæðisflokkurinn var utan Stjórnarráðsins nefndi þetta mál í umræðum um stjórn Ríkisútvarpsins sem var þó til umræðu í þinginu í tvígang. Það var enginn. Ég fór í gegnum allar ræður hv. þingmanni Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili, það var aldrei rétt um að nauðsynlegt væri að skipa pólitíska stjórn ríkisútvarpsins heldur þvert á móti. Fyrirverandi hæstv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir talaði gegn því og sagði að það væri eitt af meginmarkmiðum þeirra lagabreytinga sem áttu sér stað varðandi Ríkisútvarpið, bæði 2007 og 2009 að klippa á pólitísk tengsl á milli stjórnmalamanna og stjórnar Ríkisútvarpsins.

Hún spurði fyrirverandi hæstv. menntamálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur sérstaklega út í það hvort eitthvað slíkt væri á ferðinni með breytingu á skipan í stjórn — sérstaklega. Í atkvæðagreiðslum um málið í vor greiddi enginn sjálfstæðismanna atkvæði gegn frumvarpinu á þeim forsendum að ranglega væri staðið að skipan í stjórn Ríkisútvarpsins. Það voru þrír eða fjórir sjálfstæðismenn sem greiddu atkvæði gegn frumvarpinu, ef ég man rétt. Þeir gerðu það allir á fjárhagslegum forsendum, þ.e. vegna tekjustofnanna sem Ríkisútvarpinu voru ætlaðir. Því er sem betur fer hægt að fletta upp í *Alþingistíðindum* og lesa sér til um hver áhersla þessara þingmanna var. Það var sem sagt ekki skoðun sjálfstæðismanna, þingmanna Sjálfstæðisflokksins að skipa ætti stjórn Ríkisútvarpsins með pólitískum hætti á meðan Sjálfstæðisflokkurinn er ekki í ríkisstjórn. En um leið og það gerist þá skal því breytt. Og hver

var þessi vandlega skoðun sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra segir að farið hafi fram á málinu þegar það kom inn á hans borð — sem er reyndar ekki rétt? Hann átti í mestum samræðum við sjálfan sig. Það fór engin vandleg skoðun fram á málinu. Var eitthvert samráð haft við stjórn Ríkisútvarpsins? Við starfsmenn Ríkisútvarpsins? Við þá aðila sem nú skipa stjórn Ríkisútvarpsins? Nei, það var ekkert slíkt. Það var ekkert samráð haft við nokkurn einasta aðila um það hvernig þetta ætti að gera, utan veggja skrifstofu hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra.

Þetta hefur að vísu oft og tíðum verið rætt á landsfundum flokksins, eins og þeir kalla hann. Hæstv. fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefndi það sérstaklega í ræðum sínum um málið fyrir í vetur að málið hefði oft verið til umræðu á fundum flokksins í gegnum árin og orðið hin mesta skemmtun af eins og hún taldi. Það fór sem sagt ekki fram nokkur einasta vandlega skoðun á þessum hugmyndum ráðherra sem ekki komu inn á borð hans heldur fæddust þær bara þar eða voru kannski fullburða í höfði hans þegar hann gerðist mennta- og menningarmálaráðherra.

Í hverju er fyrirkomulagið þá gallað? Það var engin vandleg skoðun eða úttekt gerð sem sýndi fram á fyrirkomulagið væri gallað eða háð einhverjum annmörkum. Það liggur ekkert slíkt fyrir í þessu frumvarpi. Það er enginn rökstuðningur við að það sé gallað annar en sá að það eigi að heyra beint undir ráðherra hvernig þessi stjórn er skipuð og að herða eigi kverkatakíð á Ríkisútvarpinu, hið pólitíska kverkatak sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf viljað hafa á þessari ágætu stofnun. Og ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn. Vitnað hefur verið í grein og umfjöllun hæstv. forsætisráðherra landsins um sama miðil, Ríkisútvarpið, á undanförunum dögum þar sem hann ræðst af fullkominni hörku gagnvart þessari stofnun, þessari merku stofnun, þessari mikilvægu stofnun. Hann reynir að grafa undan trausti á Ríkisútvarpið, rýra traust starfsmanna stofnunarinnar og gera málstað hennar sem allra verstan.

Vegna hvers? Vegna þess að Ríkisútvarpið fjallar ekki nógu vel um ríkisstjórminna. Það fjallar ekki með nógu jákvæðum hætti um þau mál sem ríkisstjórnin flytur inn í þing. Það tekur of mikið undir gagnrýnisraddir í samfélaginu á það sem ríkisstjórnin er að gera og eru tekin dæmi um það. Tekin eru dæmi um undirskriftasafnanir gegn málum ríkisstjórnarinnar, það sé gert mikið veður út af því, að Ríkisútvarpið hafi meira að segja flutt slíka frétt sem fyrstu frétt í Ríkisútvarpinu, að fréttamenn útvarpsins hafi flutt það sem fyrstu frétt í Ríkisútvarpinu að stór hluti þjóðarinnar væri hundóánægður með málflutning ríkisstjórnarinnar á Alþingi og þau mál sem stjórnin flytti hér fram.

Þá stígur hæstv. forsætisráðherra fram, ekki til að kveinka sér undan umræðunni, við skulum undanskilja það, heldur til að láta vita af því að það er fylgst með starfsemi Ríkisútvarpsins. Það er fylgst með því sem fréttamenn skrifa og fréttamenn segja og hvaða fréttir eru fluttar. Ég ætla ekki að gera hæstv. forsætisráðherra það upp að hann sé það mikill pólitískur aumingi að hann væli undan því þó að fjallað sé með gagnrýnum hætti um stefnumál ríkisstjórnarinnar, það er ekki svoliðis, mér kemur það ekki til

hugar, heldur er þetta hótun. Svipan er reidd til höggs vegna þess að ekki er fjallað með nógu jákvæðum hætti um ríkisstjórn hans og þau mál sem stjórnin flytur, jafn vitlaus og þau flest eru. Tekið er undir það sjónarmið af fyrrverandi forsætisráðherra landsins og ritsjóra þess blaðs sem hæstv. forsætisráðherra landsins gagnrýnir reyndar ekki, skiljanlega. Hann ræðst ekki að *Morgunblaðinu* fyrir fréttatflutning þess heldur að Ríkisútvarpinu, eina hlutlausu fréttamiðlinum á landinu. Hann skal tekinn fyrir. Það skal grafið undan trausti á þá stofnun og fólkið í landinu skal fá að vita það að sú stofnun nýtur ekki trausts hæstv. forsætisráðherra og starfsfólk Ríkisútvarpsins má vita það að það skal hafa sig hægt, það er fylgst með því, fréttirnar eru vaktadaðar. Umfjöllunin er vöktuð og forsætisráðherrann mun láta í sér heyra ef starfsfólk Ríkisútvarpsins, fréttastofan og þeir sem fjalla um slík mál fara út af sporinu að mati hæstv. forsætisráðherra.

Þetta er auðvitað tilgangurinn, það er markmiðið, að veikja stofnunina, að ná henni undir sig fullkomlega, fyrst með því að skipa í hana pólitíska stjórn og síðan með því að berjja hana hægri, vinstri úti í samfélaginu ef starfsmenn þar voga sér að tala gegn þeirri ríkisstjórn sem nú er við það að framkalla hér annað og enn ógnvænlegra hrún, efnahagslega og siðferðislega, en kallað var fram hér fyrir fimm árum.

[12:23]

#### **Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegi forseti. Ágætu þingmenn sem eru í salnum. Sú breytingartillaga sem hv. þm. Vilhjálmur Árnason mælti fyrir lagar ekki það skjal sem liggur fyrir hér. Það að starfsfólk fái aðkomu að stjórninni breytir því ekki að um er að ræða breytingu á skipun í stjórn sem snýr að því að gera hana einsleita, gera hana pólitíska, gera hana undir hæl þings setta hverju sinni og þá auðvitað ráðandi þingmeirihluta.

Þetta skiptir gríðarlegu máli. Þessi breyting samhliða breytingu nýrra laga sem samþykkt var í vor, vel að merkja með öllum atkvæðum þingmanna Framsóknarflokksins, fól í sér að stjórn Ríkisútvarpsins hefði nú dagskrárgerðarvald. Því stendur ekki til að breyta. Hins vegar stendur til núna að breyta skipuninni í stjórn. Stjórnin skal lúta Alþingi, vera skipuð af þingflokki Alþingis eftir því hver skipar þar meiri hluta hverju sinni og mun þar af leiðandi endurspegla valdahlutföll inni á þingi. Það sem meira er, samkvæmt óbreyttum nýjum lögum sem samþykkt voru í vor mun sú stjórn móta dagskráefni og dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins.

Saman gera þessar breytingar núna í samkrulli við nýju lögin sem eru samþykkt banvænan kokteil, banvænan kokteil þess efnis að pólitíkin mun fara að skipta sér af dagskrárstefnu eina stóra hlutlausu fjölmiðilsins sem er til á landinu í dag.

Það er nefnilega fullkomlega óumdeilt að Ríkisútvarpið er hlutlaust, hlutlaus miðill. Það er hins vegar þannig að margir úti í samfélaginu líta svo á að miðlinum sé einhvern veginn handstýrt og hafi sérstaklega síðastliðin fjögur ár verið handstýrt af öflum innan þings. Margur heldur mig sig, segi ég bara í þessari umræðu. Það er vissulega svo að

Sjálfstæðisflokkur hefur haft það sem vinnulag sitt að stýra umræðu. Við sjáum það náttúrulega langbest á því hvernig *Morgunblaðið* er orðið. Við sjáum þá miklu afturför sem hefur orðið á málefnalegri umræðu um málefni samfélagsins í *Morgunblaðinu*. Það þarf enginn að fara í grafgötur með það hvert sá miðill er farinn ef menn glugga í nokkra leiðara undanfarin fjögur ár eða í Staksteina, sem væri náttúrulega enn verra, eða umfjöllun yfir höfuð.

Það er náttúrulega furðulegt að ritstjóri þessa blaðs skuli heita Davíð Oddsson sem var forsætisráðherra í 14 ár, stýrði hér í rauninni landi í 18 ár sem seðlabankastjóri og líka sem utanríkisráðherra. Það líkti þessu einhver við það að Nixon hefði verið settur yfir *Washington Post* eftir Watergate-hneykslið. Það er álíka gáfulegt að setja Davíð Oddsson sem ritstjóra *Morgunblaðsins* eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008, en það var liður í mjög markvissri aðgerðaáætlun sem sneri að því að endurskrifa söguna, þ.e. að láta líta út fyrir að hrunið 2008 hafi einfaldlega verið einhvers konar slys, einhvers konar tilviljun og að mestu leyti utanaðkomandi öflum að kenna, vöndum útlendingum, allsherjarfjármálakrísu o.s.frv. Það er það sem hefur síðan dunið á okkur í umræðunni undanfarin fjögur ár í gegnum blaðsíður *Morgunblaðsins*.

Þetta er sorglegt. Það er sorglegt að horfa upp á þetta. Á sama tíma hafa hins vegar skref verið tekin, markviss skref verið tekin í að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins, fjárlægja Ríkisútvarpið frá pólitískum öflum, tryggja sjálfstæði þess og efla getu þess til fagmennsku, til faglegrar umfjöllunar. Þetta sviður fólki sem vill auðvitað endurskrifa söguna. Þetta sviður fólki sem vill skrifa sögu sína sjálf og hvernig undanfarin ár hafa farið fram. Þá er ekkert auðveldara að gera en að láta í það skína að auðvitað sé þeim miðli, eins og öðrum, handstýrt af annarlegum pólitískum öflum, af annarlegum pólitískum hagsmunum rétt eins og þeir sem hafa uppi svoleiðis málflutning eru vanir að ástunda sjálfir, vinnubrögð sem þeir eru vanir að ástunda sjálfir. Það vill svo til að í samfélagi okkar hugsa ekki allir eins, það vinna ekki allir eins. Með öðrum orðum eru ekki allir eins og Davíð Oddsson og Sjálfstæðisflokkurinn.

Það vill svo til að síðastliðin fjögur ár hefur ríkisstjórnin markviss verið að taka skref í átt að því að fagvæða Ríkisútvarpið, gera það sjálfstætt og færa það frá pólitísku valdi. Af hverju? Jú, vegna þess að það eru sumir í þessu samfélagi sem átta sig á mikilvægi þess að fjölmiðlar geti virkað sem fjórða valdið, að fjölmiðlar hafi virkt aðhald með stjórnmalamönnum og valdastétt hvers tíma. Það er einstaklega mikilvægt í öllum ríkjum og þess vegna má ekki og á ekki undir nokkurn kringumstæðum að færa miðla nær eða undir pólitískt vald.

Þetta vissi síðasta ríkisstjórn og veit. Þetta vitum við og það skiptir máli. Hins vegar er það svo sumir halda að á valdatíð síðustu ríkisstjórnar hafi fólk verið skipað inn í Ríkisútvarpið sem var handbendi pólitískra skoðana þeirra sjálfra sem þar sáu um. Það hefur birst ítrekað í ummælum hv. þingmanna í þessu póliti þar sem menn halda einhvern veginn að hér hugsi hver einn og einasti stjórnmalamaður einungis um að maka sinn krók, ota sínum tota og koma sínum sjónarmiðum að hvar sem er, hvenær sem er, hvernig sem er og svífist einskis til þess. Þetta er rangt en aftur:

Margur heldur mig sig. Margur heldur nefnilega að aðrir hugsi eins og þeir hugsa. Þetta er ekki rétt og það skiptir gríðarlegu máli.

Það sem liggur fyrir okkur í þessari tillögu er skipan einsleitrar stjórnar. Stjórnar sem verður einsleit vegna þess að hún verður pólitískt skipuð öndvert því sem var tillaga með þeim lögum sem eru í gildi, að það væri fagleg stjórn. Hún er vissulega fámennari, hún er vissulega fimm manna en hún kemur úr ólíkum áttum: Úr þingi, sem er vissulega eigandi Ríkisútvarpsins, þ.e. fyrir hönd þjóðarinnar, frá samfélagi háskólanna og frá listamönnum. Þessi stjórn, úr þeim þremur áttum, sem vel má stækka og vel má breikka, átti að hafa mótagandi áhrif á dagskrárgerð Ríkisútvarpsins.

Með þessari breytingu verður það svo að einsleit sjö eða níu manna stjórn, einungis skipuð þeim flokkum sem eru á Alþingi og endurspeglar þar af leiðandi valdahlutföllin á þingi, mun stýra, hafa áhrif á og móta dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Markmiðin eru alveg skýr, þau eru auðvitað að hafa pólitísk áhrif á dagskrárstefnuna, stýra umræðunni og færa Ríkisútvarpið, þennan merka miðil, nær pólitísku valdi, koma honum skýrar inn í faðm pólitíkurinnar og gera honum þar með erfiðara að viðhalda og efla gagnrýna umræðu í samfélaginu, viðhalda valdi sínu sem fjórða vald. Þetta er hættuleg þróun, þetta er afturför sem við verðum að vinda ofan af.

Ég hafna alfarið báðum breytingartillögum sem eru lagðar fyrir hér. Sú fyrri, sem maður gæti reyndar mögulega setið hjá við, snýr að því að veita starfsmönnum áheyrnarsetu í stjórn. Ég tel hana einfaldlega hvítþvott á annars afar vondri tillögu. Þeirri síðari, sem er að breyta stjórninni þannig að hún sé skipuð af Alþingi, hafna ég auðvitað alfarið. Hún á sér engar fyrirmyndir. Þetta er hvergi annars staðar svona. Þetta var vissulega þannig hér en það voru tekin skref, markviss skref í átt frá því fyrirkomulagi og af gildum ástæðum, þ.e. að færa Ríkisútvarpið frá hinu pólitíska valdi og efla sjálfstæði þess og getu til fagmennsku og getu til að standa undir því nafni að verða fjórða valdið í þessu samfélagi. Það voru markviss skref tekin í þá átt. Nú á að taka og vinda ofan af þeim. Nú á að fara til baka og svo ég vitni í bloggfarlsur og ummæli, með leyfi forseta, á að hreinsa út samfylkingarfólkið sem er þar.

Það er galin hugmynd að þarna hafi fólk verið skipað inn út frá flokksskrírteinum og að þarna sé umræðu stýrt og hafi verið stýrt undanfarin fjögur ár. Hugmyndin er galin og hún er spunnin upp úr höfði fólks sem náttúrulega ástundar að gera það sem við sjáum til að mynda á síðum *Morgunblaðsins*. Þar eru einmitt svona vinnubrögð ástunduð, sagan endurskrifuð, sögum komið á kreið, efni stýrt þannig að látið er líta út fyrir og látið í það skína að hlutir séu öðruvísi en þeir eru. Það er dagskrárgerð sem þeir þekkjá. Það er dagskrárgerð sem við sjáum væntanlega koma til í framhaldinu þegar stjórnin verður pólitískt skipuð hjá Ríkisútvarpinu. Ég óttast þá þróun. Hún er afturför og ég hafna alfarið þeim tillögum sem liggja fyrir.

[12:34]

**Rósa Björk Brynjólfssdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum enn og aftur málefni Ríkisútvarpsins og frumvarp hæstv. mennta- og menningar-



málaráðherra og þá eftirtektarverðu ákvörðun hans að breyta núgildandi lögum og taka eingöngu út úr lögnum það sem snýr að vali stjórnarmanna. Þetta er hans helsta mál ásamt því að boða til niðurskurðar í lánamálum námsmanna og gera til þeirra auknar kröfur um námsframvindu þar að lútandi. Þetta eru helstu mál hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sem hann leggur fram á þessu sumarþingi. Sem sé, ákvörðun ráðherrans um að stjórnmalavæða á ný Ríkisútvarpið og herða enn tök pólitíkurinnar á ríkisreknum fjölmiðli, og af því að ég er svo vinstri græn og róttæk að fullyrða að almenn sátt sé um það í samfélaginu að við viljum vera framsýnt og framsækid þjóðfélag sem gangi í nútímalegum takti við aðrar þjóðir þá er ansi hreint áhugavert að sjá hversu afturhaldssamt frumvarp hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra er. Í því er dregið með kröftugum og mjög skýrum hætti úr þeim lýðræðislegu áherslum sem finna má í núgildandi lögum um val á stjórnarmönnum. Og það aðeins réttum tæpum mánuðum frá því að Alþingi samþykkti ný heildarlög um Ríkisútvarpið, nr. 23, en með þeim voru gerðar margþættar breytingar á þeim lagareglum sem giltu um Ríkisútvarpið og lögð megináhersla á hlutverk þess sem fjölmiðils í almannabágu.

Eins og öllum er kunnugt um var þeim lögum, núgildandi lögum, ætlað að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Vísað er líka í lögnum í ákveðin siðferðisgildi sem Ríkisútvarpið skuli hafa í heiðri svo sem fagmennsku, heiðarleika og virðingu og í þeim er ítarlega kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins en í eldri lögum, meðal annars er það sérstaklega tilgreint, þ.e. lýðræðislegt hlutverk og menningarlegt.

Þannig er í núgildandi lögum, til upprifjunar, kveðið á um að ráðherra tilnefni formann stjórnar og Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins einn stjórnarmann. Aðrir fimm stjórnarmenn eru tilnefndir af valnefnd og í þá fimm manna valnefnd sem er skipuð af ráðherra tilnefnir allsherjar- og menntamálanefnd þrjá fulltrúa, Bandalag íslenskra listamanna einn og samstarfsnefnd háskólastigsins einn.

Eins og kunnug er er lagt til með fyrirliggjandi frumvarpi hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra að þetta ferli við skipun valnefndar og stjórnar komist ekki til framkvæmda og Alþingi skipi þess í stað sjö nefndarmenn. Engin af þeim umsögnum sem bárust um frumvarpið er jákvæð ef frá er skilin umsögn útvarpsstjóra sem ekki hefur neinar athugasemdir við skipan mála í nýja frumvarpinu, sem er gríðarlega umhugsunarvert, því að með frumvarpinu sem nú hefur komið fram frá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra er um að ræða minni aðkomu starfsmanna að ákvarðanatöku stofnunarinnar og dregið er úr áherslu núverandi laga á lýðræðislega starfshætti innan Ríkisútvarpsins.

Það er undarleg forgangsröðun að leggja til breytingu á nýjum lögum sem samþykkt voru fyrir aðeins þremur mánuðum með miklum meiri hluta greiddra atkvæða en við atkvæðagreiðslu um það frumvarp greiddu 35 þingmenn atkvæði með samþykkt þess og einungis fjórir voru á móti.

Mig langar til að rifja upp að mikil áhersla hefur verið á það lögð á liðnum árum að hverfa frá flokkspólitískum stjórnun ríkisstofnana. Þetta er hæstv. mennta- og menn-

ingarmálaráðherra að hunsu með frumvarpi sínu um skipun stjórnar Ríkisútvarpsins. Og það rímar kannski líka við áherslu hans við skipun stjórnar LÍN. Á undanförmum árum hefur verið lögð áhersla á hæfi, þekkingu og reynslu við skipun stjórnarmanna og þau sjónarmið eiga enn frekar við um Ríkisútvarpið í ljósi þess hlutverks sem Ríkisútvarpið gegnir í samfélagi okkar, þ.e. að veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, vera almannaðjónustumiðill og það hlutverk er áreittað í heiti núgildandi laga með orðunum fjölmiðill í almannabágu. Ekki í þágu sumra. Ekki í þágu hagsmunasamtaka. Ekki í þágu stjórnmalaflokka heldur í almannabágu. Einnig er í núverandi lögum lögð áhersla á að Ríkisútvarpið skuli stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni eins og ég hef áður getið um. Ég spyr: Er hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ekki sammála mér um þau gildi? Er hann ekki sammála um þau gildi sem búist er við af ríkisútvarpi, fjölmiðli okkar allra?

Til að það geti rækt hlutverk sitt er sérstaklega mikilvægt að gæta faglegs og pólitískis sjálfstæðis stofnunarinnar í daglegum rekstri og í dagskrárgerð. Frumvarpið stefnir þeim áformum í hættu. Það stefnir þeim áformum um eflingu hins lýðræðislega, menningarlega og samfélagslega hlutverks, sem Ríkisútvarpið skal og ber að gæta, í hættu. Af hverju? Vegna þess að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra vill að pólitíkin skipi sér inn í stjórn ríkisfjölmiðilsins og hafi þar með áhrif og ekkert tal um lýðræðislegar ákvarðanir eða að fulltrúar almennings komi þar inn í. Allt svoleiðis tal eða ákvarðanir eru slegnar út af borðinu með einu pennastriki, sambærilegt við skipun stjórnar LÍN.

Ákvæðum núgildandi laga um skipun valnefndar var ætlað að tryggja að í stjórn veldust einstaklingar með nauðsynlega þekkingu á þeim málefnum sem samkvæmt markmiðsákvæði laganna eru helstu verkefni Ríkisútvarpsins. Í samræmi við það hlutverk er það hlutverk Ríkisútvarpsins að stuðla að lýðræðislegri umræðu og þá er að sjálfsögðu eðlilegt að við skipun stjórnar sé leitað til háskólanna og til Bandalags íslenskra listamanna þegar við kemur því hlutverki ríkisfjölmiðilsins að stuðla að menningarlegri fjölbreytni. Fyrirhuguð breyting ráðherra á skipun stjórnar má teljast enn alvarlegri þegar horft er til þess að í núgildandi lögum er hlutverk stjórnar talsvert víðfeðmara en samkvæmt eldri lögum. Þannig kemur stjórnin ekki eingöngu að rekstri stofnunarinnar eins og áður heldur hefur hún meiri umsvif og völd.

Gott og vel. Þessu vill núverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra ekki breyta en hann vill breyta skipun stjórnarmanna og vali á þeim. Með núgildandi lögum voru möguleikar stjórnar Ríkisútvarpsins til að hafa áhrif á dagskrárliði, þætti, innihald og efnislega umfjöllun stofnunarinnar auknir enda gert ráð fyrir breyttri skipun stjórnar þar sem fagleg sjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi. Og enn og aftur, nú á að auka á ný vægi pólitískra þátta við skipun stjórnar og færa hana aftur í gamaldags hægr sinn- aða leyndarhyggju pólitískis farvegs sem víkja átti frá. Þetta er gert án þess að horft sé til breytts hlutverks hennar og þannig virðist fyrirhuguð breyting ekki byggð á heildstæðu mati.

En nú er komin dúsan frá hæstv. mennta- og menningar-

málaráðherra. Það er þessi breytingartillaga. Þessi pinkulitla, örstutta breytingartillaga sem hljóðar svo:

„Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins.“

Þeir mega sitja, þeir mega taka til máls og þeir mega koma með tillögur en alls ekki hafa neinn atkvæðisrétt. Ég rifja upp umsögn frá stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins við frumvarp þetta. Umsögnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins (RÚV) harmar að fulltrúi Starfsmannasamtakanna verði ekki í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt tillögu um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið.“

Í umsögn þeirra er enn fremur sagt, með leyfi forseta:

„Með setningu laga nr. 23/2013 um stjórn Ríkisútvarpsins og skipan hennar var það talið til bóta að fulltrúi starfsmanna fengi sæti í stjórn til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta starfsmenn fyrirtækisins. Með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er ljóst að þessum endurbótum verður snúið við. Það harmar stjórn Starfsmannasamtakanna og bendir enn fremur á að nú þegar er búið að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórn Ríkisútvarpsins samkvæmt gildandi lögum.“

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins harma þetta. En hér er verið að bjóða þeim örlitla dúsu þrátt fyrir að fyrir um það bil einum og hálfum mánuði hafi tæplega 200 manns, sem sitja í Starfsmannasamtökum Ríkisútvarpsins, setið á fundi, mætt og greitt atkvæði um þann fulltrúa sem þau vilja sjá sem sinn fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins. Fimm eða sex manns buðu sig fram sem sýnir þann mikla áhuga og þá áherslu sem Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins leggja á að koma að ákvarðanatöku í stjórn Ríkisútvarpsins. Nei, með þessari dúsu, gjörrið svo vel, þið megið sitja fundi en alls ekki hafa neinn atkvæðisrétt.

Þarna er verið að slá fast á fingurna á starfsmönnum og þeirri gríðarlega varasömu hugsun að sjónarmið þeirra eigi heima við faglega ákvarðanatöku og stefnu fjölmiðilsins, en til upprifjunar er í gildandi lögum kveðið á um að starfsmenn Ríkisútvarpsins tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar. Gjörrið þið svo vel, kærur starfsmenn, þið megið hlusta, þið megið koma með tillögur, en engin atkvæði, takk fyrir.

Virðulegi forseti. Ég harma þetta frumvarp. Ég harma að þessi breytingartillaga skuli ekki ganga lengra í þá átt að auka vægi atkvæðisréttar starfsmanna í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég harma það líka að með frumvarpinu er slegið fast á alla tilburði til lýðræðislegra stjórnarháttaríkisfjölmiðilsins, fjölmiðils okkar allra.

[12:46]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Herra forseti. Ég kem bara upp til þess að gera grein fyrir því hvers vegna ég samþykki þessa breytingartillögu frá hv. þm. Vilhjálmí Árnasyni. Ég hef haldið ræður um þetta mál, tvisvar að mig minnir, í ræðustól og látið skýrt í ljósi hvað mér finnst um þetta frumvarp. Ég harma það reyndar líka og sérstaklega í ljósi þess, eins og áður hefur komið

fram, að það var nýbúið að samþykkja frumvarp um Ríkisútvarpið sem mér hugnaðist mjög vel og var nákvæmlega í anda aukins lýðræðis og meiri faglegrar vitundar í Ríkisútvarpinu þó að ég sé ekkert að deila á það eins og það var.

Núverandi stjórnarmenn komu á fund nefndarinnar og lýstu því yfir að þessi stjórn hefði starfað mjög vel saman, það væri faglega unnið og allir mjög ánægðir. Það kom líka starfsmaður frá starfsmannafélaginu og í hans orðum virtist liggja að starfsmenn legðu mikla áherslu á að starfsmannafélagið hefði fulltrúa á stjórnarfundum.

Eins og fram hefur komið hörmum við málið og styðjum í rauninni ekki þetta frumvarp en ég samþykki breytingartillögu hv. þm. Vilhjálmis Árnasonar og fagna henni. Þetta er smáskref í sáttaátt og gerir starfsmönnum þá kleift að sitja stjórnarfundum sem er hið besta mál. Ég get líka tekið fram að ég er lýðræðissinni og það er alveg ljóst að þetta mál fer í gegn hvað sem ég segi, en ég er búinn að koma mínum skilaboðum og míns flokks á framfæri. Ég geri það með glöðu geði að skrifa nafn mitt undir þessa breytingartillögu því að hún er þó í átt til sátta.

[Fundarhlé. — 12:48]

[13:31]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Hér er komið til 3. umr. frumvarp um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, sem snýr að vali stjórnarmanna. Ég hef ítrekað kallað eftir því að fá skýringu á því hvers vegna í veröldinni það er lagt fram. Af hverju kemur það fram á sumarþingi? Frumvarpið er breyting á lögum sem samþykkt voru fyrir þremur mánuðum, þá með 35 atkvæðum gegn 4 og með samþykki allra stjórnmalaflokka nema Sjálfstæðisflokksins.

Kannski er skýringin á því að þetta frumvarp er lagt fram að nú ætli menn að nota tækifærið, og Framsókn dansar með, og kalla fram breytingar en aðeins á hluta af því frumvarpi sem fór í gegn í vor, þ.e. eingöngu því er varðar stjórnina. Er þá nema von að maður spyrji: Hver er tilgangurinn? Hvers vegna er verið að breyta þessu? Af hverju er verið að fara frá því sem menn lögðu á sig mikla vinnu við að fá í gegn og finna góða lausn á, sem var myndun stjórnar Ríkisútvarpsins? Af hverju velja menn þennan þátt og breyta því til baka þannig að þetta eigi að vera hlutfallskosning á Alþingi? Er von á öðru en að maður reikni með því að þarna sé hreinlega verið að gefa þau skilaboð að hér eigi að vera pólitísk hlutun í Ríkisútvarpið, að hverfa aftur til eldri tíma eða búa til hættu á því að það hverfi til þess tíma þegar menn drottunðu og ríktu yfir hlutunum í Ríkisútvarpinu?

Ég verð að viðurkenna að það veldur miklum vonbrigðum að fá þetta frumvarp inn og ég hef tjáð þá skoðun áður. Ég sagði líka frá því að þegar við sáum frumvarpið þá sátum við saman, minnihlutafulltrúarnir í allsherjar- og menntamálanefnd, og horfðum hver á annan og sögðum: Bíddu, hvað erum við að fara að fjalla um? Menn notuðu þar orð eins og asnalegt, ótrúlegt, óþarft, óskiljanlegt, pólitísk valdbeiting og fleiri og fleiri.

Fyrirverandi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra,

hv. þm. Katrín Jakobsdóttir, fór ágætlega yfir sögu málsins og rakti með hvaða hætti menn komust að þeirri niðurstöðu að vera með valnefnd, vera með sjö manna stjórn þar sem menn leyfðu menntamálaráðherra á hverjum tíma að skipa stjórnarformanninn, setja inn fulltrúa frá starfsmönnum og setja síðan sérstaka valnefnd sem átti að sjá til þess að skipa hina fimm fulltrúana. Settar voru býsna miklar og ítarlegar reglur um það hvernig skipa ætti þessa fulltrúa, hvaða hæfi þeir ættu að uppfylla o.s.frv.

Ég skil ekki af hverju við fórum ekki bara þá leið, prófuðum hana. Þetta er auðvitað ekki eina leiðin og ef það kemur svo í ljós að við erum ósátt við þessa leið reynum við að finna enn betri leið en ekki að hopa til baka.

Þetta hafa verið vonbrigði. Ég hef ítrekað spurt hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra að því: Bíddu, hvað er það sem dregur menn til þess að taka þessa ákvörðun og af hverju er verið að taka samarþingið undir þessa umræðu? Af hverju tókum við þetta ekki í rólegheitunum ef menn telja ástæðu til að breyta hlutunum og breyta þá í leiðinni hlutverki stjórnarinnar? Auðvitað hangir það saman, skipan í stjórn og hlutverk hennar.

Það eru ýmsar aðrar breytingar. Hugmyndafræðin í lög-unum sem samþykkt voru í vor kemur ágætlega fram. Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi árið 2006 og samkvæmt íslenskum lögum varðandi hlutabréf þar sem eigandinn er einn, sem er ríkið, fer fjármálaráðherra með það hlutabréf. Menn breyttu skipulaginu, og er ágætlega gerð grein fyrir því í rökstuddningi með frumvarpinu, væri hægt að tryggja að menntamálaráðherra færi með þetta hlutabréf. Fjölmiðlanefndin sem þá var skipuð var einmitt hugsuð í tengslum við það.

Hvað er það sem menn eru alltaf að glíma við þegar menn fjalla um stjórn Ríkisútvarpsins og hvernig á að haga stjórnskipulagi fyrir þessa stofnun sem á að vera í almannabágu? Það er að hindra eða koma í veg fyrir pólitísk áhrif á þá stofnun. Það er að eyða tortryggni gagnvart því að stjórnmalaflokkar, þingmenn eða þeir sem eru við völd á hverjum tíma geti íhlutast um dagskrárefni þessa opinbera fjölmiðils. Þess vegna er það þeim mun óskiljanlegra að ný ríkisstjórn skuli svo gefa þau skilaboð að hún vilji hverfa frá þeim áformum um að búa til armslengd, að koma hlutunum fjar þessum pólitísku fulltrúum, að skipa stjórnina ekki beint, að menn skuli hverfa til baka. Er nema von að maður láti sér detta í hug að skilaboðin séu bara þessi: Nú erum við komin til valda, nú ætlum við að fara að ráða, við ætlum að gera þetta eins og þetta var gert áður. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að fara að stjórna hér og drottna eins og áður.

Rökin sem koma fram í frumvarpinu eru að þetta eigi að vera lýðræðisleg, gagnsæra og skýrari ábyrgð. Menn segja að það sé hlutfallskosning á Alþingi. Það er mjög mikilvægt og við höfum verið að reyna að setja nýja þingmenn inn í það, það eru ekki allir sem fylgjast með hvernig svona kosning fer fram. Þegar hlutfallskosning er þá koma fram tveir listar þar sem meiri hlutann setur sinn lista fram og minni hlutinn sinn lista. Ég hef aldrei á þeim árum frá því að ég kom á þing árið 2007 setið á fundi þar sem menn skoða fulltrúa hver annars og sammælust um hvernig stjórn eigi að vera skipuð í heild. Það er engin heildarsýn heldur

kemur hver með sinn fulltrúa og gætir þess vel að þar sé ágætur pólitískur gæðingur í flestum tilfellum og tilnefni þannig í stjórnina. Síðan sitja menn hér í salnum og fá tilnefningu allir í einu. Ég hef aldrei orðið vitni að því að það hafi verið kallað til baka.

Við erum nýbúin að fara í gegnum það að vera nánast rekin til baka af fundi Evrópuráðsins vegna þess að við vorum eingöngu með karlmenn í þeirri nefnd og brutum þar með lög Evrópuráðsins. En við brutum auðvitað fleiri lög, við brutum íslensk jafnréttisög. Við höfum verið í vandræðum með það í þinginu að skipa málum þannig að við getum tryggt að gætt sé eðlilegs hlutfalls á milli kynjanna og að farið sé að lögum þar. Eina leiðin sem við höfum þar er að menn tilnefni fulltrúa með einhverjum formlegum hætti og að forsætisnefndin fái þar tilnefningar og geti skoðað heildarmyndina áður en til borið fyrir þingið. Það er engin hefð fyrir því, og núna á þessu þingi var þetta sérstaklega óhönduglegt vegna þess að það lá ekkert fyrir hverjir ættu fulltrúa í þessum nefndum bara daginn áður en átti að fara að kjósa í þær.

Þannig hefur það líka verið með stjórnir fyrirtækja sem tilnefndar eru af Alþingi eða sem sagt þegar er hlutfallskosning, þá stöndum við bara frammi fyrir því að birtur er sjö manna listi og þingið samþykkir hann.

Ef mönnum væri einhver alvara með það sem kom fram hjá hæstv. menntamálaráðherra, að þetta ætti að vera þannig að 63 þingmenn, sem hafa auðvitað gríðarlega breiða skírskotun, góða aldursbreidd, þokkalega kynjaskiptingu, að á Alþingi sé þversnið af þjóðfélaginu, hefði mátt gera þetta með þeim hætti að Alþingi sem 63 manna hópur væri valnefnd sem fengi þá tilnefningarnar, færi yfir hæfi manna og síðan sammæltust menn um það að þetta væri sú tillaga sem Alþingi í heild gerði um stjórnarmenn Ríkisútvarpsins. Eða fæli allsherjar- og menntamálanefnd, sem átti að skipa þrjá inn í valnefndina, að þeir mundu gera þetta með svipuðum hætti. Nei, það er ekki nægjanlegt lýðræði, það er ekki nógu gagnsætt, það tryggir ekki næga ábyrgð. Við ætlum að deila hér og drottna með gamla hættinum.

Þá veltir maður líka fyrir sér: Hvert stefna menn? Við vitum það vel að mikil tortryggni hefur einmitt verið í samfélaginu á undanförmum árum gagnvart áhrifum pólitíkusa á einstök fyrirtæki og hvernig menn fara með vald sitt, sem þegið er frá almenningi, við stjórn á almannastofnunum. Það hefur verið alveg klár stefna undanfarin ár og hjá síðustu ríkisstjórn að reyna að auka armslengdina, þ.e. að færa framkvæmdastjórn einstakra stofnana og ríkisstofnana og annað frá pólitíska valdinu. Hér er horfið til baka. Ég á mjög erfitt með að setta mig við það.

Menn búa við það í öðrum fjölmiðlum að þar eru ákveðnir eigendur sem hafa ákveðin völd og þeir stjórna þar með upplýsingagjöfni. Ég hefur sjálfur harmað það. Við vorum hér áður með pólitísk blöð þar sem stjórnmalaflokkar ráku ákveðin blöð. Menn hafa horfið frá því, fjölmiðlaflóran hefur náttúrulega breyst. Menn toguðust á um það á sínum tíma þegar menn glímdu við fjölmiðlalögin og nýir fjölmiðlar komu inn á markaðinn, þá átti að setja ýmsar reglur. En við höfum búið við það að *Morgunblaðið* hafi verið með 70–80% af markaðnum í fjöldamörgu ár. Sá fjölmiðill er nú kominn í einkaeigu, hann er eign ákveðinna

fyrirtækja sem gæta ákveðinna hagsmuna, berst gegn því að breytingar verði á kvótakerfinu, blaðið hefur það bara sem stefnu og berst gegn aðild að ESB. Í sjálfu sér er ekkert at- hugasvert við að ritstjórn einhvers blaðs hafi opinbera stefnu, hún þarf bara að vera skýrari. Eins þegar kemur að kosningum þyrftu menn að vera með breska fyrirkomulagið og tilkynntu þá hvern þeir styddu.

Þarna er verið að stýra upplýsingum með ákveðnum hætti. Menn hafa ásakað Bausgveidið um að hafa gert þetta með svipuðum hætti og gera það enn. En hvað ætlum við að gera við Ríkisútvarpið? Ætlum við ekki að reyna að hjálpa því að vera laust við grunsemdir um slíkar tendingar? Ég ætla rétt að vona að við berum gæfu til þess fljótlega að snúa af þeirri braut sem hér er boðuð af nýrri ríkisstjórn; að breyta um stefnu og fara í öfuga átt.

Við áttum um það orðskipti í gær hvort hér væri komin ný hægri stjórn og hvort það væri rétt orð yfir þá stjórn sem nú situr. Það er eitt af því sem hræðir mig hvað mest sem vinstri mann og jafnaðarmann sem vill aukið réttlæti í samfélaginu, sem vill meiri jöfnuð, sem vill forgangsraða þannig að jöfnuðurinn viðhaldist eða aukist. Við höfum fengið rök fyrir því, m.a. er ráðstefna í dag í Háskóla Reykjavíkur þar sem aðilar koma sem sýna fram á það með rannsóknum að samhengi er á milli lífslíkna og jöfnuðar. Því hefur verið haldið fram í mörg ár og auðvitað segir það sig nánast sjálft að þeir sem búa við vond lífsskilyrði, hafa slaka aðkomu að samfélaginu og búa við lakari kjör hafa minni lífslíkun en þeir sem hafa það betra.

Okkur á Íslandi ber skylda til þess að reyna að tryggja að allir hafi jafnar lífslíkur og jafna möguleika. Framvindan á sumarþinginu gefur þessi skilaboð: Hér er búin að vera vinstri stjórn, hér hefur fólk bögglast við að reyna að auka jöfnuð, hér hefur fólk bögglast við að auka jafnrétti. En nú komum við og ætlum að gæta sérhagsmunanna að nýju.

Erum við að fá helmingaskiptin aftur? (Gripið fram í.) — Því að það eru ekki aðrir hér til að horfa á, hv. þm. Vil- hjálmur Bjarnason. Ég ætla ekki að eigna þér allt það sem farið hefur miður hér á undanförunum 20 árum og sem end- aði með skelfilegu hrúni, en það hræðir mann að sjá að fyrstu aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar með mikið pólitískt um- boð, þó að hún hafi ekki nema 51% kjósenda á bak við sig, að hún skuli ætla að beita pólitísku valdi, fara í það að for- gangsræða í þágu þeirra sem hafa meira. Menn ætla að draga úr sköttum og útgjöldum hjá þeim sem eru einna helst aflögufærir, sem mun þá bitna á þeirri þjónustu sem við veitum. Þeir ráðast á námsmennina — á hvaða hóp þar? Jú, þann hóp sem einhverra hluta vegna þarf lengri tíma til að komast áfram í námi. Það á herða kröfurnar sem þýðir að sá hópur á erfiðara með að komast í gegnum skóla. Í sjálfu sér er allt í lagi að hvetja til þess að menn standi skil á árangri og vinni vel, en þarna er enn eitt dæmið. Það er eiginlega sama hver borið er niður.

Hér koma menn og væla yfir því að það skuli vera komið jafnréttisátak sem skuldbindur nýja ríkisstjórn til að borge einhver hundruð milljóna í það. Það þvælist miklu meira fyrir þeim en að afnema veiðileyfagjald upp á 3,2 milljarða á þessu ári og 6,4 á því næsta. Þar er vandinn. Fyrrverandi ríkisstjórn setti núverandi ríkisstjórn í mikinn vanda með því að forgangsraða svona.

Það ber allt að sama brunni, hér er komin bullandi hægri stjórn sem forgangsraðar í þágu þeirra sem hafa það betra, ríkisstjórn sem ætla að kljúfa samfélagið með auknum ójöfnuði eins og gerðist fyrir hrún þar sem hann jókst allveg gríðarlega. Okkur hefur tekist að snúa af þeirri braut en nú á að fara að hverfa aftur til baka.

Það er eitt hugtak sem mikið hefur verið notað á undan- förunum árum, það er orðið valdefling, sem felur í sér að verið er að berjast fyrir rétti hvers einstaklings til þess að hafa stjórn á eigin lífi og til að fá að njóta réttar síns í samfélaginu. Það var samfélagið sem ég var að vona að við fengjum hér smátt og smátt á Íslandi með aukinni valdefli- ngu íslenskrar þjóðar og einstaklinga þessa lands. Táknrænt fyrir það er þegar hv. þm. Freyja Haraldsdóttir kom hér í morgun við nýjar aðstæður. Það er sú mynd sem ég hefði viljað sjá.

Hvað erum við að fá í staðinn? Við fáum ekki valdefli- ngu. Við fáum valdbeitingu.

[13:46]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar benda, eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson, á forgangsroðun ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Forgangs- málin sem sett eru hér og rædd og áhersla er lögð á inn í sumarþingið, sem átti að verða stutt og með þægilegum samstöðumálum, eru öll í þá átt að hygla sérhagsmunahóp- um, sem hafa þó nægilegt fyrir, og herða pólitísk tók á Rík- isútvarpinu.

Við erum að tala um það að fyrsta mál hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra var að afsala sér tekjum af neysluskatti á útlendingum, útlendum ferðamönnum sem hér fjólgar ákaflega mikið og þannig að mikill kostnaður fylgir þeim. Það er ekki ástæða til þess að ívilna sérstaklega erlendum ferðamönnum í þeirri stöðu sem ríkissjóður er í. Útgerðar- mennirnir eru í alveg einstakri stöðu þeirrar greinar þar sem arðurinn hefur aldrei verið meiri og þá er þeim gefinn af- sláttur af gjaldi sem þeir ættu að greiða fyrir sérleyfið sem þeir hafa til þess að nýta auðlindir þjóðarinnar. Svo er það fyrsta og eina mál hæstv. mennta- og menningarmálaráð- herra sem er að herða pólitísk tók á Ríkisútvarpinu. Er nema von að það fari um mann hrollur, hæstv. forseti, þeg- ar svona ákveðin skref í átt til mikillar hægri stjórnar eru stigin strax í upphafi starfsferils þessarar ríkisstjórnar?

Með lögum um Ríkisútvarpið sem samþykkt voru fyrr á þessu ári eftir margra ára undirbúning og samráð voru gerðar margþættar breytingar og lögð megináhersla á hlutverk Ríkisútvarpsins sem fjölmiðils í almannabágu. Í markmiðs- ákvæði er tiltekið að lögunum sé ætlað að stuðla að lýðræð- islegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni. Það er vísad í ákveðin siðferðisgildi sem Ríkis- útvarpið skuli hafa í heiðri, svo sem fagmennsku, heiðar- leika og virðingu, auk þess sem áhersla skuli lögð á rækt við íslenska tungu, sögu og menningu þjóðarinnar.

Í gildandi lögum er fjallað bæði um lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og menningarlegt hlutverk þess. Talsverðar breytingar voru gerðar með lögunum á stjórn Ríkisútvarps- ins og veigamest er sú tillaga að taka upp armslengdarfar- lægð frá löggjafarvaldinu gagnvart beinni skipan í stjórn

Ríkisútvarpsins. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að hv. allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis skipar þrjá fulltrúa af fimm í sérstaka valnefnd sem koma með tilnefningar um hverjir skulu skipa stjórn Ríkisútvarpsins þannig að tekið verði fyrir það fyrirkomulag að stjórnarmenn séu skipaðir beint með samþykki Alþingis og tilnefningu flokka. Það er einmitt það fyrirkomulag sem verið er að festa í sessi og er forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar Sigmundar Davíds Gunnlaugssonar. Þar með er horfið aftur til fortíðar.

Markmiðið með fyrirkomulagi eins og það er í núgildandi lögum er að armslengdarfjarlægð sé á milli hins pólitíska valds og Ríkisútvarpsins svo sem kostur er. Eins og ég sagði áðan er það forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar að hverfa frá þessu. Auðvitað spyrja menn sig: Hvernig stendur á því? Hvers vegna er svona mikil áhersla lögð á þetta?

Ég vil vitna í orð Skúla Helgasonar, sem var talsmaður málsins innan hv. allsherjar- og menntamálanefndar, þegar hann kvaddi sér hljóðs um atkvæðagreiðslu þess frumvarps. Þar sagði Skúli Helgason, með leyfi forseta:

„Það var góð samstaða um þetta mál í allsherjar- og menntamálanefnd, fulltrúar allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins standa að áliti meiri hlutans. Afstaða Sjálfstæðisflokksins vekur að einhverju leyti furðu í ljósi þess að þarna er verið að auka samkeppni á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Skýringin liggur kannski ljós fyrir eftir landsfund þess ágæta flokks sem haldinn var um helgina, en þar er ályktað í landsfundardrögum að Ríkisútvarpið verði lagt niður í núverandi mynd. Það er sjónarhorn frjálslyggjunnar. Við jafnaðarmenn styðjum öflugt, faglegt ríkisútvarp á fjölbreyttum fjölmiðlamarkaði.“ Síðan þakkaði Skúli Helgason nefndarmönnum fyrir góða vinnu.

Þarna kemur fram eins og kunnugt er að framsóknarmenn studdu ný lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, en þeir taka hins vegar ekki þátt í þessari umræðu sem hér hefur staðið á sumarþingi um breytingar á þeim lögum.

Allar þær umsagnir sem nú var verið að fara yfir vegna þessarar breytingar sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra leggur til voru ekki jákvæðar, svo vægt sé til orða tekið. Það kemur fram í nefndarálitum minni hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar að í ályktun stjórnar Bandalags íslenskra listamanna er fyrirleggjandi frumvarp gagnrýnt og bent á að með því „yrði horfið frá þeirri mikilvægu breytingu að skapa fjarlægð við hið pólitíska vald á Alþingi. Þess í stað yrðu pólitísk tengsl stjórnarmanna fest í sessi með afgerandi hætti þar sem þeim væri ætlað að endurspegla valdahlutföllin á Alþingi. Slíkt væri mikil öfugþróun og í hröplegu ósamræmi við það sem úðkast í nágrannalöndum okkar“.

Í gildandi lögum er kveðið á um að starfsmenn Ríkisútvarpsins tilnefni einn stjórnarmann stofnunarinnar. Nú hefur borist breytingartillaga sem vissulega er til bóta og gengur út á það að fulltrúi starfsmanna hafi seturétt á fundum en ekki atkvæðisrétt. Hann má taka til máls og koma með tilögur.

Víða á Norðurlöndum sitja fulltrúar starfsmanna í stjórn ríkisútvarpsstöðva og það er talið stuðla að auknu lýðræði innan stofnananna og gera starfsmenn ábyrgari fyrir starfseminni. Það er ámælisvert að þessi réttur starfs-

manna sé af þeim tekinn með því frumvarpi sem hér liggur fyrir þó að jákvætt skref sé stigið með breytingartillögnum hvað þetta varðar. Rétturinn hefur mikla þýðingu og er talinn stuðla að auknu lýðræði innan stofnana og ábyrgð starfsmanna og getur einnig aukid starfsánægju sem aftur er svo mikilvæg forsenda þess að árangur náist í starfi.

Ákvæði laganna um skipan valnefndar var ætlað að tryggja að í stjórn veldust einstaklingar með nauðsynlega þekkingu á þeim málefnum sem samkvæmt markmiðsákvæði laganna eru helstu verkefni Ríkisútvarpsins. Ef horfið er frá því fyrirkomulagi er horfið frá eftirsóknarverðri aðferð við val stjórnarmanna sem byggist á valddreifingu í þágu almannahagsmuna. Í gildandi lögum er hlutverk stjórnar Ríkisútvarpsins talsvert víðfeðmara en samkvæmt eldri lögum. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli þegar við erum að fjalla um þær breytingar sem lagðar eru hér til vegna þess að með nýjum lögum um Ríkisútvarpið fær stjórnin aukin völd og áhrif og þar eru möguleikar stjórnar Ríkisútvarpsins til að hafa áhrif á dagskrárlega þætti, innihald og efnislega umfjöllun stofnunarinnar enda gert ráð fyrir breyttri skipan stjórnar þar sem fagleg sjónarmið yrðu höfð að leiðarljósi.

Með breytingunum á lögnum sem boðaðar eru með því frumvarpi sem við erum að ræða hér er vægi pólitískra þátta við skipan stjórnar aukid með því að færa hana aftur í þann pólitíska farveg sem víkja átti frá. Sú breytta skipan stjórnar gefur almenningi tilefni til að efast um hlutlægni Ríkisútvarpsins og getur þannig dregið úr trausti á að upplýsingar fjölmiðilsins séu áreiðanlegar og umfjöllun hans hlutlæg. Það er alvarlegt mál vegna þess að eftir stórkostlegt efnahagsshrun féll ekki aðeins traustið á fjármálastofnunum heldur einnig á Alþingi, stjórnmalámönnum, fjölmiðlum og jafnvel helstu stofnunum landsins. Í stað þess að rýra traust ríkisfjölmiðilsins hefði átt að styrkja stöðu hans, taka armslengdina frá pólitíkinni og efla traust fólksins í landinu á þessari mikilvægu stofnun sem sinnir almannahagsmunum og er almannabjónustumiðill.

Í þessu ljósi var líka lögð mikil áhersla á það, sem og í umræðunni á undanförunum árum, að færa og minnka flokkspólitísk áhrif í stjórn ríkisstofnana almennt, ekki aðeins í Ríkisútvarpinu. Það er sérstaklega mikilvægt að gæta faglegs og pólitísku sjálfstæðis Ríkisútvarpsins í daglegum rekstri og dagskrárgerð og að almenningi sé ljóst að það sé gert. En því miður er verið að fara í þveröfuga átt.

Samkvæmt gildandi ákvæðum laganna skal valnefndin við tilnefningu stjórnarmanna hafa hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi og að meðal stjórnarmanna sé einnig meðal annars þekking og reynsla af fjölmiðlum, menningarmálum, nýjum miðlum á hverjum tíma, rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þá á valnefndin að gæta að jafnrétti kynjanna í tilnefningum sínum. Þetta ákvæði er felld brott í fyrirleggjandi frumvarpi og því engin trygging fyrir því að til stjórnarsetu veljist fólk sem hafi fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins sem og menningarmarkmiðum og verkefnum þess.

Þar með er aukin hætta á því að í stjórnina veljist fólk sem hefur ekki þetta faglega hæfi og þá um leið er sköpuð óvissa um að markmiðið með lögnum nái fram að ganga. Þegar búið er að taka skipan stjórnarinnar svona úr sam-

hengi við meginmarkmið laganna er það ekki nægilega gott. Ég minni enn á hversu mikilvægt er að almenningur hafi traust á þessari mikilvægu stofnun.

Það þarf ekki að líta langt til að sjá góðar fyrirmyndir í þessum efnum í nágrannalöndunum. Þar gera menn sér grein fyrir því að það þarf að tryggja þessa armslengd frá stjórnmálum að ríkisfjölmiðlinum og gera það með ýmsum hætti til að verja hag almennings og skapa traust á ríkisfjölmiðlinum í almannabágu.

Virðulegi forseti. Hæstv. ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hverfur í aðra átt og aftur í tímann hvað þetta varðar.

Umræðu frestað.

[14:04]

### Útbýting:

Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, 11. mál, brtt. VilÁ, þskj. 58.

Veidigjöld, 15. mál, nál. minni hluta atvinnuvn., þskj. 59; brtt. minni hluta atvinnuvn., þskj. 60.

### Afbrigði um dagskrármál.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 60. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**ja:** ÁPÁ, BÁ, BVG, BjÓ, BP, EdH, EKG, FrH, FSigurj, GuðbH, HarB, HE, JMS, JónG, KJak, KaJúl, LínS, OH, PVB, RR, RM, RBB, SÁA, SII, SigrM, UBK, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

2 þm. (HHG, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁsMD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BN, ElH, ELA, EyH, GBS, HBK, HHj, HöskÞ, IllG, KG, KÞJ, KLM, LRM, ÓP, PJP, PHB, REÁ, SDG, SIJ, SilG, SSv, VBj, ValG, VigH, ÞórE, ÖS) fjarstaddur.

### Beiðni um tvöfaldan ræðutíma.

[14:08]

#### Forseti (Þorsteinn Sæmundsson):

Forseta hefur borist bréf frá Birgittu Jónsdóttur, þingflokksformanni Pírata, um að þingflokkurinn óski eftir því að ræðutími við 2. umr. þingmáls nr. 15, veiðigjald, gjald dagar og lækkun gjalds, verði tvöfaldaður, sbr. 4. mgr. 67. gr. þingskapa, vegna mikilvægis málsins. Mun því ræðutími verða tvöfaldaður við 2. umr. málsins.

### Veidigjöld, 2. umr.

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60.

[14:09]

#### Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndarálitu meiri

hluta atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölda aðila úr opinberri stjórnsýslu, hagsmunaaðila og sérfræðinga.

Þá hafa nefndinni einnig borist umsagnir um málið frá fjölda aðila svo sem frá VM – félagi vélstjóra og málm-tæknimanna, Jóni Steinssyni, Alþýðusambandi Íslands, Árna Gunnarssyni, Eskju hf., Farmanna- og fiskimanna-sambandi Íslands, Fjarðabyggð, Landssambandi smábátá-eigenda, Samtökum fjármálafrirtækja, Samtökum íslenskra fiskimanna, Starfsgreinasambandi Íslands, Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, Vestmannaeyjabæ og Sigurði Sigurðssyni og síðan sameiginleg umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum atvinnulíffsins og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 14. gr. laganna verði bætt heimild ráðherra til að ákveða gjalddaga við innheimtu veiðigjalda. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi eru gjalddagarnir lögákvæðnir, 1. október, 1. janúar, 1. apríl og 1. júlí. Heimild frumvarpsins er þó takmörkuð að því leyti að ráðherra getur aðeins beitt henni undir þeim kringsumstæðum þegar umtalsverður tími líður frá úthlutun aflamarks í tiltekinni tegund þar til veiðar fara fram. Það er áskilið að síðasti gjalddagi verði ekki ákveðinn eftir 1. júlí.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að greiðsludreifing veiðigjalds hafi í ákveðnum tilvikum þótt óeðlileg með hliðsjón af því hvenær veiðar fara fram. Er vísað til þess að slíkt eigi einkum við um humar sem kemur til úthlutunar við upphaf fiskveiðiárs en veiðar standi frá apríl/maí fram til loka fiskveiðiársins en þar er einkum um að ræða deilistofna, m.a. loðnu, norsk-íslenska síld og úthafskarfa, en gjalddagi þess falli jafnan við útgáfu tilkynningar um úthlutað aflamark.

Að mati meiri hlutans felur fyrirkomulag það sem lagt er til í frumvarpsgreininni í sér haganlega og eðlilega bót á lögum um veiðigjald.

Í 1. mgr. 9. gr. laga um veiðigjöld skal sérstakt veiðigjald nema 65% af stofni til útreiknings á gjaldinu. Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum, b–d-liðum, er kveðið á um aðlögunartímabil, þ.e. að á fiskveiðiárunum 2013/2014 til 2015/2016 skuli gjaldhlutfallið hækka um 5% á ári, úr 50% fyrst talda fiskveiðiárið í fullt hlutfall fiskveiðiárið 2016/2017.

Samkvæmt a-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að framangreind ákvæði um aðlögunartíma gjaldhlutfallsins verði felld brott. Í b-lið sömu greinar er lagt til að í stað aðlögunartímans verði kveðið á um fast krónutölgugjald á sérstakt þorskígildiskíló til eins fiskveiðiárs, 2013/2014.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að breytingunni sé meðal annars ætlað að gefa svigrúm til endurskoðunar laganna á næsta löggjafarþingi enda hafi sérstakt veiðigjald sætt gagnrýni og vandræði hafi komið í ljós við framkvæmdina.

Gestir og umsagnaraðilar nefndarinnar voru flestir samála um að eðlilegt væri að leggja hóflegt gjald á fiskveiðar sem endurgjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þeir reyndust hins vegar hvorki sammála um það hvað gæti talist hóflegt í þeim skilningi eða hvers eðlis

gjaldið ætti að vera, þ.e. hvort og að hve miklu leyti gjaldtakan ætti að taka tillit til heildararðsemi af veiðum. Að mati meiri hlutans er ágreiningur um veiðigjöld að meginstofni hagfræðis- og stjórnmálalegs eðlis, menn greinir á um eðli og forsendur veiðigjalda.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að tvenns konar annmarkar eru á lögum um veiðigjöld sem koma í veg fyrir að þau hafi þá virkni sem þeim var ætlað að hafa. Annmarkarnir eru lagalegs og tæknilegs eðlis.

Annars vegar hafa ákvæði um söfnun og miðlun upplýsinga sem liggja eiga til grundvallar útreikningi rentu ekki nægilega virkni, þau tryggja veiðigjaldsnefnd, sem ber að ákvarða sérstakt veiðigjald, ekki þær upplýsingar sem hún þarfnast til þess að geta sinnt lögákveðnu hlutverki sínu. Fram kom að jafnvel þótt ráðist yrði í lagfæringar á lagaheimildum sem liggja upplýsingaöflun til grundvallar væri óvíst hvort nægur tími væri til stefnu til að hægt yrði að leggja veiðigjöldin á hinn 15. júlí nk. eins og lög kveða á um. Að auki var talið óvíst að þau gögn sem fengust yrðu nægilega góð til þess að mögulegt yrði að byggja nauðsynlega útreikninga á þeim. Skilningur meiri hlutans er sá að ákvæði 40. og 77. gr. stjórnarskrár geri það að verkum að gjaldálagning geti því aðeins átt sér stað að fyrir liggja hver gjaldstofninn er eins og hann hefur verið ákveðinn með lögum.

Hins vegar virðist hugtakanotkun við setningu veiðigjaldalaga ekki hafa verið nákvæm í öllum tilvikum og valda túlkunarvafa auk þess sem eitthvað af þeim upplýsingum sem virðist hafa verið gert ráð fyrir að lægi fyrir hjá stjórnvöldum gera það ekki eða eru ekki nægilega ítarlegar eða sundurgreinanlegar.

Að mati meiri hlutans er óumdeilt að nokkur ákvæði laga um veiðigjöld eru haldin verulegum ágöllum. Þessir ágallar virðast gera það að verkum að ómögulegt er að óbreyttum lögum að leggja veiðigjald á með lögmætum hætti. Án vafa er rétt að bregðast við slíkum aðstæðum. Eins og fram hefur komið er stefnt að heildarendurskoðun laga um veiðigjöld. Slíkt virðist óumflýjanlegt enda eru nokkur ákvæði þeirra í raun óframkvæmanleg.

Álit meiri hlutans er að brottfelling aðlögunartíma, samkvæmt a-lið 2. gr. frumvarpsins, sé í eðlilegu samhengi við þá ætlan að taka lög um veiðigjaldalög til heildarendurskoðunar. Mun breytingin ótvírætt gefa til kynna og stuðla að því að lögin sæti þeirri endurskoðun sem nauðsynleg er.

Samkvæmt a-lið ákvæðis til bráðabirgða I í veiðigjaldalögum nemur sérstakt veiðigjald 23,20 kr. á hvert þorskígildiskíló í botnfisksveiðum og 27,50 kr. á þorskígildiskíló í uppsjárveiðum á fiskveiðarárinu 2012/2013. Í 1. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins felst að farin verði sambærileg leið fiskveiðarárið 2013/2014 utan þess að þar er kveðið á um 7,38 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló í botnfisksveiðum og 38,25 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló í uppsjárveiðum. Í ákvæðinu felast því tvær breytingar. Annars vegar er kveðið á um umtalsverða krónutölulekkun í botnfisksveiðum og verulega krónutölulekkun í uppsjárveiðum. Hins vegar er lagt til að í stað þess að krónurnar leggist á þorskígildiskíló leggist þær á sérstök þorskígildiskíló.

Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við

frumvarpið endurspeglar lækkingu álagningar á botnfisksveiðar, miðað við álagningu yfirstandandi fiskveiðiárs, m.a. lækkingu á verði þorsks á mörkuðum. Hækkun á álagningu á uppsjárveiðar endurspeglar hins vegar bættu afkomu uppsjárveiðifyrirtækja.

Fæstir gesta og umsagnaraðila nefndarinnar efuðust um að þarft væri að lækka álagningu sérstaks veiðigjalds á botnfisksveiðar. Það mat kom fram að gjaldið hefði verið of hátt strax við setningu laganna en lækkun þorskverðs hefði hins vegar gert gjalddökuna enn ósanngjarnari. Töldu sumir gesta nefndarinnar þannig að rétt væri að koma til móts við þetta, bæði þá ósanngjarni sem falist hefur í veiðigjaldalögum frá upphafi sem og breytingar á þorskverði. Í greinargerð Stefáns B. Gunnlaugssonar var þó sleginn annar tónn. Á fundi nefndarinnar kom hins vegar fram nokkur gagnrýni á ályktanir og aðferðir Stefáns. Var meðal annars talið að hann hafi vanmetið áhrif af lækkingu þorskverðs. Að auki kom fram að hagar útgerðaryrirtækja almennt hefði samkvæmt tölum Hagstofu Íslands verið ofmetinn um 4–5 milljarða kr. og að tekjuskattsgreiddslur útgerðaryrirtækja hefðu aukist sl. ár og mundu fyrirsjáanlega halda áfram að aukast.

Óhætt er að segja að hækkun álagningar á uppsjárveiðar hafi hins vegar verið gagnrýnd harðlega. Kom meðal annars fram það álit að áhrif hækkunarinnar kæmu með ósanngjörnum hætti niður á þær sjávarbyggðir þar sem uppsjárveiðar eru ráðandi útgerðarform. Var þannig gagnrýnt að útgerðaryrirtæki í mjög fáum sveitarfélögum greiddu vel yfir helming af innheimtu sérstöku veiðigjaldi.

Á fundi nefndarinnar fékk hún kynningu á svokölluðum „sviðsmyndum“ sem veiðigjaldsnefnd hafði útbúið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vegna undirbúnings frumvarpsins. Eftir skoðun þeirra má halda því fram að ráðherra leggi til að farin verði nokkuð varfærin leið við álagningu veiðigjalda næsta fiskveiðiár. Mat meiri hlutans er að leið ráðherrans muni auka jafnræði milli uppsjárveiða og botnfisksveiða frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Í ljósi allra kringumstæðna sér meiri hlutinn ekki betur en að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu sé skynsamleg. Hafa má í huga að áætluð fjárhæð innheimtra veiðigjalda næsta fiskveiðiár nemur um 9,8 milljörðum kr., um það bil sömu fjárhæð og innheimt var á líðandi fiskveiðiári. Athygli er þó vakin á því að sú fjárhæð getur tekið miklum breytingum enda ríkir sem áður óvissa um fiskigengd og aflabrogð.

Í 2. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins er að finna reglugerðarheimild sem heimilar ráðherra að ákvarða sérstakt þorskígildi hvernar fisktegundar. Með sérstöku þorskígildi er vikið frá skilgreiningu þorskígildis samkvæmt 19. gr. laga um stjórn fiskveiða einkum að því leyti að tekið er tillit til þeirra tilvika þegar fisktegund er unnin um borð í fiskiskipi. Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að notkun þorskígilda við niðurlögun veiðigjalda hafi verið gagnrýnd. Þannig hafi þær fisktegundar sem eru að mestu eða nær eingöngu unnar um borð í fiskiskipum með óeðlilega háan þorskígildisstuðul í samanburði við þær tegundir sem að mestu leyti er landað óunnum eða ferskum.

Þeirri breytingu sem felst í ákvörðun sérstaks þorskígildis var fagnað af mörgum gestum og umsagnaraðilum.

Töldu þeir hana vera til mikils batnaðar en gagnrýndu þó að fleiri þættir sem hefðu áhrif á kostnað við fiskveiðar væru ekki teknir inn í myndina. Þannig var til dæmis bent á að suma fiskstofna þyrfti að sækja um mun lengri veg en aðra og framlegð af veiðum væri af þeim og öðrum orsökum mjög mismunandi milli stofna.

Á fundi nefndarinnar kom fram að þrátt fyrir að fyrir-komulag fiskveiðistjórnar hafi verið til umræðu um langa hríð hafi frumvarp það sem síðar varð að lögum um veiðigjöld verið unnið á afskaplega skömmum tíma. Af þeim sökum hafi ýmsir þættir ekki komið til skoðunar við undirbúning þess og nú væru ýmsir annmarkar að koma í ljós.

Að mati meiri hlutans ber 4. mgr. 4. gr. laga um veiðigjöld með sér að veiðigjaldsnefnd var ætlað mikilvægt hlutverk við að vinna bug á þeim vandkvæðum sem kynnu að koma upp við framkvæmd laganna. Benda má á að efni þeirrar málsgreinar var bætt inn í frumvarp til laga um veiðigjöld við málsmeðferð atvinnuveganefndar á sínum tíma.

Þá kom fram gagnrýni á að útreikningur veiðigjalda byggist á of gömlum gögnum. Þannig var meðal annars bent á að álagning veiðigjalda næsta fiskveiðiár mundi að óbreyttu byggjast á afkomuupplýsingum frá metárinu 2011 og ekki væri tekið tillit til þeirra breytinga sem hefðu orðið á hæg sjávarútvegsfyrirtækja frá þeim tíma.

Að álitu meiri hlutans er eðlilegt að brugðist verði við vandkvæðum við framkvæmd laganna þegar þau koma í ljós. Eins og fram hefur komið gat veiðigjaldsnefnd ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi vegna lagalegra og tæknilegra annmarka. Heildarendurskoðun stendur nú fyrir dysum. Í því ljósi telur meiri hlutinn þá breytingu sem felst í 2. mgr. b-liðar 2. gr. frumvarpsins nokkuð eðlilega þó svo að óskandi hefði verið að mögulegt væri að taka fleiri breytur með í reikninginn.

Í ljósi alls framangreinds leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta álit meiri hlutans skrifa Jón Gunnarsson, Haraldur Benediktsson, Ásmundur Friðriksson, Páll Jóhann Pálsson, Þorsteinn Sæmundsson og Þórunn Egilsdóttir.

Virðulegi forseti. Miklar deilur hafa staðið um þessi mál allt frá því að þessi lög voru sett á sínum tíma. Ekki verður fram hjá því horft að í upphafi var vitlaust gefið, það er mikið ósamræmi í því hvornig gjaldtakan hefur skipst niður á fyrirtæki í sjávarútvegi eftir því í hvaða veiðum og vinnslu þau eru. Það er fróðlegt að rýna til dæmis í töflu sem sýnir okkur hversu mikill jöfnuður virðist þó hafa náðst, alla vega við þessa meðferð málsins. Ef við skoðum til dæmis álagningarskipti, þ.e. skathlutfall veiðigjaldsins eftir kjördæmum, kemur í ljós að samkvæmt þeim lögum sem gilda er ákaflega mikill munur sem endurspeglast í þessum mun á milli uppsjávarfyrirtækja annars vegar og bolfisksveiðifyrirtækja hins vegar.

Þannig var álagið til að mynda í Norðvesturkjördæmi nálægt 27% eða rétt um 27% á meðan það var eingöngu 16,5% í Norðausturkjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi var þetta 27,5% á meðan það var 19,6% í Suðurkjördæmi og 24,1% í Reykjavík.

Við þessar breytingar hefur skathlutfallið jafnast mjög mikið á milli kjördæma sem endurspeglar þá jöfnun sem

verður til á milli þessara útgerðarforma. Þannig verður nýja hlutfallið í Norðvesturkjördæmi 16,7% í staðinn fyrir 26,9%, í Norðausturkjördæmi verður það 14,6% í staðinn fyrir 16,5%, í Suðvesturkjördæmi 15,8% í staðinn fyrir 27,5% og í Suðurkjördæmi 16,7% í staðinn fyrir 19,6% og í Reykjavík verður það 17,3% í staðinn fyrir 24,1%.

Það hlýtur að vera markmið okkar með lagasetningu sem leggst á fyrirtæki eins og í sjávarútvegi að ákveðinn jöfnuður ríki á milli útgerðarforma. Það virðist hafa tekist, sá mikilvægi áfangi, þó að ég vilji á sama tíma segja að við verðum að leiða hugann að þeirri miklu gagnrýni sem kemur fram á þá aðferðafræði sem við notum, þ.e. að nota þorskigildisstuðla sem grunn að álagningu, það er eitthvað sem þarf að taka til endurskoðunar.

Ég held að málsmeðferðin í nefndinni hafi verið mjög góð og ég vil þakka nefndarmönnum fyrir mikla vinnu og ágætt samstarf. Nefndin hefur haldið 18 fundi á þessum stutta tíma sem af er þingi núna og hefur lagt sig fram um að taka til sín gesti, afla álita frá sjálfstæðum aðilum, utan- aðkomandi aðilum, sérfræðingum. Nefndin fékk álit frá Stefáni Gunnlaugssyni. Það tekur til nokkuð margra þátta en niðurstaða Stefáns var alveg skýr að það frumvarp sem nú liggur hér fyrir þinginu til breytingar á þessu væri mun betra til að ná eðlilegri álagningu á fyrirtæki en þau lög sem um þetta gilda.

[14:26]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitu minni hluta atvinnuveganefndar og ætla að byrja á því að gera grein fyrir álitu okkar og breytingartillögu. Með mér á nefndarálitinu og breytingartillögunni eru hv. þingmenn Björn Valur Gíslason og Björt Ólafsdóttir.

Lög um veiðigjöld voru samþykkt 26. júní 2012 og tóku gildi 5. júlí sama ár. Þau teljum við að hafi sannað gildi sitt, vegna þess að veiðigjöld eru fyrst og fremst auðlindgjöld, til þess sett að tryggja þjóðinni arð af auðlind sem er í hennar eigu. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst sig fylgjandi sterku stjórnarskrárákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins. Slíkt ákvæði er innihaldslítið form ef því fylgir ekki tilkall til sanngjarns hluta auðlindarentunnar eða umframarsins af náttúruauðlindunum. Lög um veiðigjöld fela einmitt í sér slíkt tilkall. Þar er kallað eftir hlutdeild í þeim umframarsvið sem verðmæti sameiginlegrar auðlindar skapar og verður til vegna úthlutunar þjóðarinnar á sérleyfum til nýtingar hennar. Íslenskar fiskveiðar eiga sér stað á stóru hafsvæði sem þjóðin tryggði sér rétt yfir. Þessi arður getur aldrei og má aldrei verða einka-eign fárra, hann er réttmæt eign allrar þjóðarinnar. Af þessum sökum felur álagning veiðigjalda ekki í sér venjulega skattheimtu, hún felur í sér eðlilega skiptingu auðlindarentu milli eiganda auðlindar og handhafa tímabundinna nýtingarsérleyfa. Mikilvægt er að slíta ekki þessi tengsl veiðigjalda og auðlindaarðs í sundur.

Veiðigjöld á að ákveða með hlutlægum og gagnsæjum hætti. Með lögum um veiðigjöld var búið til hlutlæg tenging milli gjalda og auðlindaarðs. Hana má ekki rjúfa þannig að álagning veiðigjalda verði háð meðþóttu ráðamanna og þrýstingi hagsmunasamtaka hverju sinni. Undir slíkum



kringumstæðum missa veidigjöld gildi sitt og raunverulegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni skerðist.

Það hefur einnig sýnt sig að gjaldtaka samkvæmt lögum um veidigjöld er hófleg og þrangir ekki óeðlilega að rekstrarskilyrðum sjávarútvegsfyrirtækja. Afkomutölur þessara fyrirtækja bera þeirri staðreynd glögg vitni enda vex hagnaður þeirra á milli ára þrátt fyrir tilkomu gjaldanna. Fjölmarginir umsagnaraðilar hafa lýst því á rökstuddan hátt að fyrirtækin ráði vel við þessa gjaldtöku. Hafa þeir látið í ljós það álit sitt að sú hækkun sem lagt er til að verði gerð á sérstöku veidigjaldi á uppsjávarveiðar hafi ekki mikil áhrif á fyrirtæki sem stunda slíkar veiðar. Sérfræðingur sem starfaði fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telur að veidigjald sem áætlað er að leggja á botnfisksveiðar og vinnslu sé allt of lágt. Á fundi nefndarinnar var því lagt til að það gjald yrði fært aftur til þeirrar fjárhæðar sem fram kemur í a-lið ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um veidigjöld, 23,20 kr. á kg. Þessu til stuðnings má benda á að verð á aflahludeildum hefur ekki lækkað frá gildistöku laga um veidigjöld. Sú staðreynd sýnir að umframrenta í fiskveiðum er mikil þrátt fyrir álagningu veidigjalda.

Virðulegi forseti. Tilkall þjóðarinnar til auðlindentu vegna tímabundinna sérleyfa til nýtingar á sameiginlegum auðlindum hennar hefur verið viðfangsefni í skýrslum og greinargerðum á vegum stjórnvalda síðustu áratuginna. Auðlindarenta, sem kölluð er á ensku „resource rent“, og tilkall ríkisins til hluta hennar fyrir hönd þjóðarinnar sem eiganda eða umsjónaraðila auðlinda var til dæmis eitt af viðfangsefnum auðlindanefndar sem skilaði skýrslu sinni árið 2000. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í hagkerfi þar sem verð á öllum aðföngum er rétt og endurspeglar raunverulegan kostnað samfélagsins og öll fyrirtæki eru eins munu þær atvinnugreinar sem nýta takmarkaðar auðlindir, hvort sem þær eru endurnýjanlegar eða ekki, geta skilað arði umfram það sem gerist hjá fyrirtækjum sem ekki byggja framleiðslu sína á náttúruauðlindum. Þessi arður hefur verið kallaður auðlindarenta. Í hagfræði má skilgreina auðlindentu sem mismun á verði afurða og jaðarkostnaði margfaldaðan með því magni sem notað er af viðkomandi auðlind. Þeim mun takmarkaðri sem þessi auðlind er, að öllu öðru óbreyttu, þeim mun hærra er verðið á viðkomandi gæðum og þar með auðlindarentan.“

Auðlindanefnd tók alþekkt dæmi um uppsprettu auðlindentu, þ.e. olíu- og gasvinnslu, en nefndi einnig nýtingu vatnsfalla, jarðorku og fiskstofna. Í skýrslu sinni frá því í september 2012 studdi auðlindastefnunefnd hin síðari við eftirfarandi styttri skilgreiningu á auðlindentu, sem ég ætla að lesa hér, og með leyfi forseta:

„Auðlindarenta myndast m.a. í atvinnugrein sem byggir á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Hún er sá umframhagnaður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt allan rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst.“

Í skýrslu auðlindanefndar 2012 er bent á að meðal þeirra atriða sem viðhalda eða yta undir myndun auðlindentu eru aðgangs- eða magntakmarkanir þar sem úthlutað er sérleyfum eða takmörkuðum nýtingarrétti.

Það er mikilvægt að gera greinarmun á hefðbundnum

arði sem stafar af fjárfestingu, þekkingu, reynslu og útsjónarsemi í rekstri og auðlindentu. Slíkur arður rennur beint til eiganda og/eða fjárfesta en skilar samfélaginu óbeinum arði með sköpun atvinnu, tekjum, eftirspurn, afleiddum störfum, sköttum og gjöldum. Þetta á við um allan atvinnurekstur. Auðlindarenta eða umframárður stafar af verðmætum auðlindar og kemur fram í rekstri vegna sérleyfa til nýtingar þeirra. Það er það sem við erum að ræða um hér. Fjölmarginir aðilar í virðisdeðjunni gera síðan tilkall til þessa hluta og hægt er að skipa útteilingu hans með ýmsum hætti. En til að skapa sátt og stöðugt rekstrarumhverfi þeirra greina sem byggjast á auðlindanýtingu er mikilvægt að tryggja réttláta skiptingu auðlindarentunnar eða umframárðsins.

Tilkall ríkisins sem eiganda eða umsjónaraðila auðlindar til auðlindaráðsins er almennt talið hafa minni neikvæð áhrif á rekstur og hvata í viðkomandi atvinnugrein en hefðbundin skattheimta eða önnur gjaldtaka. Þess vegna hafa meðal annars alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn mælt með retungjöldum. Í ítarlegri stöðuskýrslu OECD um Ísland frá því í júní 2011 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Frá sjónarhóli efnahagslegrar hagkvæmni er auðlindarentuskattur í grundvallaratriðum besta skattlagningin því hann skekkir ekki efnahagslegar ákvarðanir og leggur þar af leiðandi ekki á neinar aukabyrðar (þ.e. engan kostnað umfram þær tekjur sem aflað er með skattinum).“

Hlutfall áætlaðrar auðlindentu, sem ríkið gerir tilkall til sem eigandi eða umsjónaraðili, er mismunandi eftir auðlindum en undantekningarlaust er gert ráð fyrir að hluti hennar falli til sérleyfshafanna sjálfra og fyrir því eru allnokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er oft erfitt að meta umfang auðlindarentunnar með vissu. Í öðru lagi er eðlilegt að skapa aukinn hvata hjá nýtingaraðila til hagkvæmrar nýtingar og hámarksauðlindarentunnar. Í þriðja lagi getur hluti auðlindarentunnar m.a. verið svokölluð nýsköpunarenta, þ.e. aukin verðmæti auðlindar sem stafa af nýsköpun eða útsjónarsemi nýtingaraðila.

Virðulegi forseti. Kjarni málsins er að íslenska þjóðin á auðlindina og veitir með lögum einkaaðilum tímabundin sérleyfi til nýtingar hennar og á því rétt á hluta auðlindarentunnar. Eins og komið hefur fram í máli mínu jafngildir slíkt ekki upptöku hefðbundins arðs af venjulegri atvinnustarfsemi. Slík réttlætiskrafa um að þjóðin fái hluta auðlindarentunnar er til dæmis grundvöllur löggjafar um sérstaka skattlagningu á olíu- og gasvinnslu innan íslenskrar lögsögu. Ég hef tekið þátt í fjölmörgum lagabreytingum á því sviði þar sem er töluverð skattheimta og rentusókn af hálfu hins opinbera og um það hefur ríkt algjör sátt og samstaða í þinginu. Um þá löggjöf var enginn ágreiningur á Alþingi enda engir hagsmunaaðilar til að hafna réttlátu tilkalli þjóðarinnar eins og í tilfelli sérleyfa til nýtingar auðlinda sjávar. Samt liggur nákvæmlega sama réttlætiskrafa að baki í báðum tilfellum.

Það þarf ekki að koma á óvart að ófyrirséð vandkvæði hafi komið upp við framkvæmd laga um veidigjöld. Þau fela í sér nýjung sem hefur ekki verið reynd hér á landi áður. Samhliða nefndarálit þessu gerum við tillögur um nokkrar breytingar á lögum um veidigjöld. Tillögurnar hafa verið útbúnar til að bregðast megi við nokkrum þáttum,

annars vegar óvissu sem tengist vinnslu upplýsinga vegna útreiknings sérstaks veidigjalds, hins vegar meintum óæskilegum áhrifum sem gjaldálagningin hefur á rekstur minni og meðalstórra sjávarútvegsfyrirtækja.

Fram hefur komið að vafi leiki á hvort veidigjaldsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum um veidigjöld, hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem hún þarf á að halda til að ákvarða slíkt veidigjald. Til að mögulegt verði að bregðast við þeim vanda leggjum við til að ríkisskattstjóra verði gert skylt að afhenda Hagstofu Íslands og veidigjaldsnefnd rekstrarframtöl og aðrar upplýsingar úr skattframtölum sem hafa þýðingu fyrir ákvörðun veidigjalda, þar með talið upplýsingar um verðmæti rekstrarfjármuna. Þá komi skýrt fram að Hagstofu Íslands beri að taka við gögnum og vinna úr þeim í samræmi við ákvæði laganna. Áréttað verði að um veidigjaldsnefnd og starfsmenn hennar gilda sömu ákvæði um þagnarskyldu og kveðið er á um í 1. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt. Að sama skapi leggur minni hlutinn til breytingu á lögum um tekjuskatt, skýrt verði að Hagstofu Íslands sé skylt að vinna úr upplýsingum til samræmis við lög um veidigjöld. Það er mat okkar að breytingarnar eigi að gera veidigjaldsnefnd færð að sinna því hlutverki sem henni er ætlað.

Í því skyni að minnka álögur á minni og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki leggjum við til breytingar sem fela í sér að sérstakt veidigjald verði ekki greitt af fyrstu 50 þús. þorskígildiskílónum í stað fyrstu 30 þús. eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 9. gr. laganna. Þá verði aðeins greitt hálf gald af næstu 200 þús. þorskígildiskílónum, í stað 70 þús. eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 9. gr. laganna, þannig að fullt gjald verði ekki lagt á fyrr en afli fer umfram 250 þús. þorskígildiskíló. Með þessum hætti telur minni hlutinn að komið verði til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki á mun hnitmiðaðri hátt en lagt er til í frumvarpinu sem við erum hér að fjalla um.

Í ágætistöflum sem fylgja nefndarálitinu förum við yfir það hvaða áhrif breytingarnar muni hafa í för með sér. Það má nefna sem dæmi að í dag er fjöldi þeirra félaga sem eru undir 30 þús. þorskígildiskílónum 269 en við breytinguna verða félög undir 50 þús. þorskígildiskílónum 324. Það verður því fjölgun um rúmlega 50 félög sem fara undir frítækjumarikið.

Í dag eru 104 félög sem veiða milli 30 og 100 þús. þorskígildiskíló. Breytingin mun valda því að þau verða líklega um 102 vegna þess að þá hafa þau færst í neðra markið. Þau félög sem eru í 250 þús. þorskígildiskílónum verða þá 113. Þarna verða því einhverjar tilfærslur og komið til móts við sjónarmið minni aðila.

Í ljósi umsagna sérfræðinga á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, auk áætlaðrar afkomu sjávarútvegsins að mati veidigjaldsnefndar og umsagna um málið, leggjum við fram breytingartillögu við frumvarpið, ásamt þeim tveimur sem ég hef farið yfir. Hún snertir það atriði sem er líklega það veigamesta og hefur valdið hvað mestum deilum í samfélaginu undanfarið, sérstaka veidigjaldið, og kallað á það að tæplega 35 þús. manns hafa núna skrifað undir áskorun til þingsins um að lækka ekki veidigjöld vegna þess að þjóðin vill og veit að hún á tilkall til þeirrar auðlindarentu sem ég hef verið að fjalla um og hér um ræðir.

Breytingartillaga okkar felur í sér að í stað þess að sérstaka veidigjaldið á botnfisk verði 7,38 kr., eins og ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir leggja til, verði gert ráð fyrir 23,20 kr. eins og er í núgildandi lögum. Fyrir þessu hafa verið færð mjög ítarleg og góð rök fyrir nefndinni af sérfræðingum sem sýna okkur að útgerðin getur vel staðið undir þessu. Það að færa gjaldið niður í 7,38 kr. feli í sér að útgerðir í botnfiski greiði í raun og veru ekki neitt, sama og ekkert, enga auðlindarentu. Þetta er því tillaga okkar.

Þá bendi ég líka á að í nefndarálitinu okkar er ágætistafla sem kom frá veidigjaldsnefnd í umsögn hennar við frumvarpið, sem sýnir hver áætluð afkoma sjávarútvegsins var á árinu 2011. Hún er lögð til grundvallar þessu veidigjaldi.

Breytingarnar sem við leggjum til munu hafa lítils háttar áhrif á tekjur ríkissjóðs og í raun og veru hverfandi miðað við frumvarpið sem liggur fyrir, og hverfandi áhrif miðað við gildandi lög. Áhrifin koma m.a. fram til vegna breytinga á sérstöku veidigjaldi og vegna breytinga á frímarki og afsláttarþrepi.

Núgildandi frímark eða frítækjumark og afsláttarþrep hafa í för með sér að sérstakt veidigjald er ekki lagt á um 17 þús. þorskígildistonn. Það samsvarar um 3,5% áætlaðs heildarafla næsta fiskveiðiár. Frímark og afsláttarþrep hafa í för með sér um 445 millj. kr. lækkun tekna miðað við fulla álagningu sérstaks veidigjalds. Þær breytingar sem við leggjum til gera að verum að um 20 þús. þorskígildistonn verða gjaldfrjáls til viðbótar því sem nú er. Af því leiðir að tekjur ríkissjóðs verða um 310 millj. kr. lægri en annars hefði orðið að óbreyttu.

Við teljum að með þessum breytingum sé brugðist við þeirri gagnrýni sem beinst hefur að lögum um veidigjöld samhliða því að styrkari stoðum er skotið undir starfsemi veidigjaldsnefndar og lagagrundvöll veidigjaldanna.

Miðað við breytingartillögur okkar mun veidigjald á næsta fiskveiðiári verða tæplega 16 milljarðar kr. að teknu tilliti til frítækjumarks og lækkunar vegna skulda vegna kaupa á aflahlutdeild. Þetta kemur ágætlega fram í nefndarálitinu.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem við höfum gert hér tillögu um á sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitinu rita hv. þingmenn Björn Valur Gíslason og Björt Ólafsdóttir auk þeirrar sem hér stendur.

Virðulegi forseti. Ég hef núna farið yfir það sem við nefndarmenn í minni hluta atvinnuveganefndar erum sam-mála um og við höfum náð saman um að gera þessar breytingartillögur. Hv. þm. Björt Ólafsdóttir skrifar undir álitíð með fyrirvara sem hún mun gera grein fyrir í raðu sinni á eftir og ég ætla ekki að fjölyrða um heldur leyfa henni að gera það sjálfri. En við stöndum saman að þessum breytingartillögum og þær koma til kannski ekki síst vegna kröfunnar sem við heyrum utan úr samfélaginu.

Það sem kemur mér hvað mest á óvart núna er að ríkisstjórnarflokkarnir skuli halda 18 fundi um málið, en hvað var gert? Það var tekið á móti gestum eftir gestum eftir gestum, hlustað á þeirra mál, tekið á móti umsögnum en það var ekkert gert með það, ekki neitt.

Málið kemur óbreytt út úr nefndinni frá meiri hlutanum og við mótmæltum því nokkur, a.m.k. mótmælti ég því að

málið væri tekið út í gær í hádeginu vegna þess að ég taldi að við ættum enn þá eftir að ræða þó nokkur atriði. Það kemur mér til að mynda mjög á óvart að meiri hlutinn skuli skila nefndaráli til þar sem hann leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt þrátt fyrir að Hagstofan og ríkisskattstjóri geri enn þá athugasemdir við formið og telji að frumvarpið fullnægi í raun og veru ekki kröfum þeirra um lagabætur til að þessar stofnanir geti fullnægt skyldum sínum hvað þetta verkefni varðar. Ég undra mig á þessu. Ekki einu sinni þar, í hinum tæknilega mikilvæga þætti málsins, léði meiri hlutinn máls á því að gera neinar einustu breytingar á frumvarpinu.

Við óskuðum eftir því að fleiri aðilar væru fengnir til að meta áhrifin á ríkissjóð. Við óskuðum eftir því að kallað yrði eftir upplýsingum frá Hagfræðistofnun áður en málið yrði tekið út til 2. umr. Við því var ekki orðið heldur boðið upp á að við gætum heyr't í þeim á milli 2. og 3. umr., en þá verður búið að samþykkja öll helstu meginatriði málsins, við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr.

Það er því ljóst, að mínu mati a.m.k., að ekki hefur verið ríkur vilji eða ætlan að gera breytingar á málinu. Menn geta sagt: Jú, fjöldi funda hefur verið haldinn — en það er ekkert gert með það sem kom fram á þeim fundum, ekki neitt.

Menn fara heldur ekki niður af sínum háa hesti og hlusta á þau tæplega 35 þús. manns sem hafa skrifað undir áskorun um að málið fari ekki í gegn óbreytt, að veiðigjöldin verði ekki lækkuð. Ef mig misminnir ekki hafa, miðað við tölur um kosningarbæra menn, u.þ.b. 15% kosningarbæra manna skrifað undir, og ekki bara skrifað undir á einhverri heimasíðu heldur þurfti að fá staðfestingartölvupóst til að staðfesta undirritun.

Virðulegi forseti. Hér er um stórmál að ræða og risa-, risastórt réttlætismál. Meiri hluti nefndarinnar var ekki tilbúinn í viðræður við okkur um að koma til móts við þessi sjónarmið með því að hækka krónutölurnar í frumvarpinu þannig að veiðigjaldið á botnfiskinn yrði hærra, eins og álit sérfræðinga hafa gefið tilefni til að ætla að sé vel hægt. Við styðjumst við þau álit þegar við leggjum fram breytingartilöggu okkar um hækkun á sérstöku veiðigjaldi.

Ég tek sem dæmi góða umsögn sem kom frá Stefáni B. Gunnlaugssyni í Háskólanum á Akureyri. Hann segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Flest meðalstór fyrirtæki sem eru í veiðum og vinnslu á bolfiski munu greiða lítið eða ekkert sérstakt veiðigjald“ — þ.e. ef frumvarpið verður óbreytt að lögum.

Þetta kemur fram í umsögn hans. Ástæðan er sú að ákvæði til bráðabirgða í lögnum leiða til þess að mörg þessara fyrirtækja fá afslátt af öllu sérstöku veiðigjaldi.

Svo segir hann líka, með leyfi forseta:

„Enda þarf ekki mikinn afslátt til að sérstakt veiðigjald upp á 7,38 krónur á þorskígildi þurrkast að mestu út. Því hefur frumvarpið mjög lítil áhrif á meðalstór fyrirtæki í bolfisksveiðum og -vinnslu og má segja að mörg þeirra finni vart fyrir því.“

Þetta er ekki svar við réttlætiskröfunni um hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentunni, þvert á móti. Þvert á móti er ætlan ríkissjórnarflokkanna að þurrka svo til út sérstaka veiðigjaldið á bolfiski.

Virðulegi forseti. Það er meðal annars vegna þessa sem

við leggjum til að sérstaka veiðigjaldið verði látið standa óhaggað.

Þá kemur líka fram hvað varðar uppsjávarfiskinn í umsögn frá Stefáni B. Gunnlaugssyni að áhrif frumvarpsins séu í raun nær eingöngu íþyngjandi að einhverju leyti fyrir fyrirtæki í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski en hann tekur fram, vegna þess að þar tekur ríkissjórnin ákvörðun um hækkun:

„Þessi fyrirtæki standa þó nær öll mjög vel fjárhagslega og er efnahagur þeirra flestra nú afskaplega traustur. Því þola þau flest vel þetta veiðigjald og það hefur lítil áhrif á efnahagslega stöðu þeirra.“

Þetta er niðurstaða aðila sem gerði úttekt á áhrifum frumvarpsins. Með öðrum orðum, gjaldið sem lagt er á bolfiskinn hefur ekki áhrif á efnahagslega stöðu þeirra fyrirtækja. Það sem gert er í þessu frumvarpi gagnvart bolfiskinum þýðir í raun og veru að auðlindarentutilkallið á þau fyrirtæki þurrkast út. Það er það sem verið er að gera.

Þetta er ekki það sem hugmyndafræðin að baki auðlindarentunnar gengur út á, þvert á móti. Nú hafa ríkissjórnarflokkarnir stært sig af því að hafa verið þeir sem lögðu veiðigjaldið á upphaflega, en það var sýndarveiðigjald. Menn eru í raun og veru að fara nákvæmlega á þann stað aftur. Þeir geta sagt: Jú, við tökum veiðigjöld og hér fær þjóðin sinn hlut af auðlindarentunni. En það er bara sýndarmennska. Menn eru að fara rakleiðis þangað aftur.

Virðulegi forseti. Annar ágætur fræðimaður, Gauti B. Eggertsson, hefur líka fjallað um þessi mál og skrifaði pistil á vefmiðilinn *Eyjuna* undir yfirskriftinni „Hóttfyndni ríkissjórnar um veiðigjöld“. Þar segir hann að almennt sýnist honum þetta gjald í núverandi mynd vera ágætlega í samræmi við gjöld sem oft eru tekin af fyrirtækjum sem stunda nýtingu náttúruauðlinda og gjöld af þessu tagi séu algeng þegar í hlut eiga fyrirtæki sem nýta náttúruauðlindir með blessun ríkisins. Hann gagnrýnir harðlega að menn ætli sér að lækka gjaldið.

Þá langar mig, virðulegi forseti, að fara vandlega yfir álit frá Jóni Steinsyni hagfræðingi sem starfar við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. Hann sendi inn nokkuð ítarlega og góða umsögn og ég hvet fólk til að kynna sér hana á vefsíðu Alþingis vegna þess að hún er afar áhuga-verð. Þar fjallar hann um frumvarpið sem hér liggur fyrir en fer líka á mjög greinargóðan hátt í gegnum það hvað felst í því að greiða eða gera tilkall til auðlindarentu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Besta leiðin til þess að komast að því“ — um það hversu hátt eðlilegt leigugjald ætti að vera — „væri að bjóða afnotaréttinn upp. Það væri markaðsleið til þess að ákvarða leigugjaldið. En það er ekki gert og því er nauðsynlegt að meta eðlilegt leigugjald á annan hátt. Ein leið til þess er að meta auðlindaárdinn út frá afkomu greinarinnar. Það má gera með því að líta á tekjur útgerðarinnar, draga frá allan tilkostnað, laun, viðhald og annað þess háttar og draga svo einnig frá eðlilegan arð af því fé sem útgerðin hefur lagt í reksturinn. Grunnhugsunin í lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, er að meta auðlindaárdinn á þennan hátt og ákvarða leigugjaldið fyrir afnotin af auðlindinni sem ákveðið hlutfall af þessum auðlindaárdi.“

Svo segir hann áfram, með leyfi forseta:

„Svipaðar aðferðir hafa verið notaðar víða um heim til þess að ákvarða gjaldtöku til ríkisins þegar afnotaréttur af náttúruauðlindum er takmarkaður og úthlutað til einkaaðila. Norðmenn nota til dæmis svipaðar aðferðir til þess að ákvarða gjaldtöku í olfuiðnaði og vatnsorku þar í landi. Mörg önnur lönd gera slíkt hið sama. Það má því held ég segja að lög nr. 74/2012, um veiðigjöld, séu í samræmi við það besta sem gerist í heiminum þegar kemur að innheimtu auðlindaarðs.“

Svo heldur hann áfram:

„Reyndar er útfærsla veiðigjaldsins að einu leyti betri á Íslandi en gerist og gengur í heiminum. Í mörgum tilfellum erlendis er ekki unnt að deila nýtingu náttúruauðlindarinnar niður á marga aðila. (Það er ekki hægt að virkja hálfan foss.) Þess vegna þarf að miða gjaldtökuna við afkomu hvers fyrirtækis fyrir sig. Fyrir vikið hafa fyrirtækin sterka hvata til þess að reyna að komast undan gjaldtökunni með því að smyrja á kostnaðinn hjá sér og leggjast í alls kyns bókhaldsleikfimi og fjármálagjörminga með tengdum aðilum. Við erum betur sett hvað þetta varðar þar sem mörg fyrirtæki stunda fiskveiðar. Því er unnt að miða gjaldið við afkomu greinarinnar í heild sem dregur mjög úr hvata hvers fyrirtækis til þess að breyta hegðun sinni á óhagkvæman hátt til þess að komast undan gjaldtökunni. Hugmyndir stjórnvalda (þó er ekki að finna í þessu frumvarpi sem betur fer) um að breyta veiðigjaldinu í þá veru að það miðaðist við afkomu hvers fyrirtækis fyrir sig væri skref í ranga átt af þessum sökum.“

Ég tel því að gjaldtakan sé í heildina vel út færð í lögum nr. 74/2012. Ef eitthvað er.“ — ef eitthvað er, virðulegi forseti, — „er gjaldtakan of lág í alþjóðlegu samhengi nú í upphafi vegna hinna ýmsu afsláttá sem veittir voru tíma-bandið í lögnum. Í öllu falli sé ég ekki hagræna ástæðu til þess að lækka gjaldið eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.“

Virðulegi forseti. Þarna kemur fram sérfræðingur sem segir að í alþjóðlegum samanburði sé auðlindarentan sem við erum að sækja hér á landi í raun og veru of lág. Ég er sammála þessu. Ég er sammála því mati vegna þess að þetta er fyrst og fremst réttlætismál og ekki er hægt að segja að gengið sé að þessum fyrirtækjum með ósanngjörnum hætti. Eingöngu er verið að segja: Hlutdeild af því sem stendur eftir, og er klárlega til komið vegna þess að menn hafa fengið sérleyfi til að nýta náttúruauðlindir, renni til þeirra sem eiga auðlindina, þjóðarinnar. Út á það gengur þetta.

Það er því ekki boðlegt fyrir fólk á Íslandi sem kallar eftir að við förum fyrir alvöru að gera tilkall til auðlindarentunnar að fara enn og aftur þá leið að vera með eitt-hvert sýndarveiðigjald. Það er ekki það sem óskað er eftir af hinu háa Alþingi, það er ekki það sem fólk vill láta bjóða sér upp á.

Var ekki könnun í dag í *Fréttablaðinu* sem sýndi að 71% aðspurðra telja að það eigi ekki að lækka veiðigjaldið? Það er krafan úti í samfélaginu og hvað ætla menn að gera hér? Ætla þeir ekki að hlusta á þetta? Menn loka algerlega eyrunum, hlustuðu ekki á einn einasta gest, ekki einu sinni Hagstofuna þó að fulltrúar hennar segðu: Við getum þetta ekki þrátt fyrir þessa breytingu í frumvarpinu. Það er ekki

heldur hlustað á það og ekki hlustað á neinn vegna þess að menn eru komnir með plan, þeir eru komnir með áætlun, þeir ætla. Þeir eru búnir að gera samkomulag við einhverja aðila utan þessa húss um að klára þetta mál sama á hverju gengur, óháð því hvað fólk segir fyrir utan þetta hús, óháð því hvað gestirnir segja sem kallaðir eru hingað til að tala við okkur um málið. Allir þessir fundir eru bara leikarskapur, ekkert hlustað, ekki neitt.

Virðulegi forseti. Þetta eru mikil vonbrigði, verð ég að segja, vegna þess að ég taldi, miðað við það hvernig nefndin hafði unnið, að menn ætluðu að hlusta. Þess vegna er það mikil vonbrigði hvernig meiri hluti nefndarinnar afgreiddir málið út. Það segir manni bara eitt: Planið var aldrei að hlusta. Það átti bara að keyra málið í gegn. Það eru menn að gera hér.

Virðulegi forseti. Fleira hefur komið fram sem gefur okkur ástæðu til að telja að við stöndum mjög styrkum fótum í að halda fram þessum 23,20 kr. í bolfski og það er tekið ágætlega fram í umsögn Jóns Steinssonar hagfræðings við Columbia-háskóla. Þar segir hann að gagnlegt sé að hafa grófa mynd af því hversu hár auðlindaarðurinn er þegar rétt er um veiðigjaldið.

Hann segir, með leyfi forseta:

„Ef opinberar upplýsingar frá Hagstofunni eru notaðar til þess að leggja gróft mat á auðlindaarðinn út frá afkomu greinarinnar kemur í ljós að hann var 56 milljarðar kr. á árinu 2011 (á verðlagi ársins 2012). Á árunum 2008–2010 var hann á bilinu 38–46 milljarðar kr. Samanlagður auðlindaarður árunum 2008–2011 var 180 milljarðar kr. Auðlindaarðurinn á árinu 2012 var að öllum líkindum talsvert meiri en árið 2011 — fiskverð var mjög hátt og kvóti jókst. Samanlagður auðlindaarður frá árinu 2008 til 2012 slagar því líklega upp í 250 milljarða kr.“

Virðulegi forseti. Við förum ekki fram á stóran bita af þessu, þvert á móti. Við í Samfylkingunni höfum alltaf talað fyrir því að veiðigjöld eigi að vera hófleg. Þau lög sem nú eru í gildi og þær tillögur sem við erum að leggja fram falla svo sannarlega undir það að vera hófleg. Gerð er hofsöm krafa um sanna gjarnan hlut í auðlindarentunni til handa þeim sem eiga auðlindina.

Virðulegi forseti. Ég vil halda áfram að vitna í þessa ágætu umsögn af því að málið er þar tekið saman á mjög hnitmiðaðan hátt. Jón Steinsson segir jafnframt að í út-reikningum sínum miði hann við að útgerðin fái 8% arð af því fé sem hún leggi í reksturinn. Auðlindaarðurinn sem hann talar um, sem eru forsendur þeirra talna sem ég fór með áðan, er reiknaður sem arður umfram þessi 8%. Það þýðir að 8% arður af skipum og frystihúsum og öðru er fyrst dreginn frá. Auðlindaarðurinn er síðan það sem stendur eftir.

Menn eru því ekki að fara inn í reksturinn eða eðlilegar arðgreiðslur eða eðlilega arðsemi fyrirtækja. Menn eru að fara inn í umframarrðinn sem er til kominn vegna sérleyfa á nýtingu náttúruauðlinda. Krafan er nú ekki ósanngjarnari en svo.

Svo segir einnig í umsögninni, með leyfi forseta:

„Þorskkvóti hefur vaxið talsvert frá árinu 2011. Það bendir til þess að auðlindaarðurinn verði mun hærrí á komandi fiskveiðiári en á árinu 2011. Á móti kemur að verð á

bolfiski hefur lækkað. Verð á bolfiski er þó enn hátt í sögulegu samhengi og svipað því sem það var árið 2010. Það er því líklega varfærnislegt mat að auðlindaarðurinn á komandi ári verði sá sami og árið 2011, þ.e. 56 milljarðar kr.“

Svo segir áfram:

„Miðað við það mat, gerir þetta frumvarp ráð fyrir að útgerðin greiði einungis tæplega 18% af auðlindaarðinum í sjávarútvegi í veiðigjald en haldi eftir ríflega 82% arðsins. Útgerðin fær því í sinn hlut eðlilegan arð af því fé sem lagt er í reksturinn og síðan 82% af auðlindaarðinum í ofanlag.“

Þetta er það sem öll þessi umræða snýst um. Ég er sannfærð um að aldrei muni skapast sátt um þessa mikilvægu undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga fyrir en komið verður eitthvert jafnvægi á pennan þátt mála og ljóst sé að menn greiði fyrir notkun á auðlindinni með sanngjörnum hætti. Þær tölur sem koma hér fram sýna að staðan er alls ekki sú. Menn eru, ef eitthvað er, fremur að snúa af þeirri braut sem fyrri ríkisstjórn fór inn á, þ.e. að auka hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentunni enn frekar, en þó ekki óhófllega heldur á réttlátan og hófsaman hátt. Það kemur skýrt fram í þessum umsögnum að þær tillögur sem við leggjum fram eru um hófllega hlutdeild í auðlindarentunni, ekkert annað.

Virðulegi forseti. Með öðrum orðum, í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að af auðlindarentunni, viðbótinni, falli eingöngu um 18% í hlut eigenda auðlindarinnar en 82% verði áfram hjá fyrirtækjunum. Við teljum það einfaldlega sanngirniskröfu, réttlætismál og í samræmi við það sem gengur og gerist um allan heim að hlutdeild þjóðarinnar sé stærri í auðlindarentunni.

Ég fór yfir það áðan að þetta stóra mál er ekki bara einkamál tveggja stjórnarflokka sem fengu 51% fylgi í síðustu kosningum. Þetta mál er miklu stærra en það. Þegar kemur að auðlindaámlum slær hjartað býsna ört í íslenskri þjóð og það rennur svo sannarlega í okkur blóðið þegar umræðan um þau hefst. Það kemur upp mikil réttlætiskrafa þegar menn ræða um auðlindir í landinu. Við viljum að það séu góð fyrirtæki í landinu sem nýti auðlindirnar. En við viljum líka sjá arð af þeirri nýtingu koma til þjóðarinnar í góð samfélagsleg verkefni.

Um það snýst þetta. Þegar kemur að auðlindunum er þetta algjörlega ljóst. Það sýndi sig í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrármálið 20. október sl. Þar töldu meira en 80% að tryggja yrði eignarhald þjóðarinnar á auðlindum í stjórnarskrá. Það var númer eitt. Við sjáum núna að 15% kosningarbærta manna á örfáum dögum hafa skrifað undir ákall til Alþingis um að lækka ekki veiðileyfagjaldið. Í dag kom fram að 70% þeirra sem voru spurðir í könnun *Fréttablaðsins* segja að þeir vilji ekki að gjaldið verði lækkað.

Og við ætlum bara að loka eyrunum fyrir þessu öllu, eða hvað? Ríkisstjórnin ætlar bara að loka eyrunum fyrir þessu. Hvað gerist þá? Þá heldur deilan áfram, við náum ekki landi. Hún heldur áfram, áratugadeila byrjar aftur. Þeir eru núna að kynda undir þessari umræðu enn á ný, við erum að fara aftur í tímann, byrja deilurnar upp á nýtt frá nýrri hlið. Það á ekki að vera verkefni okkar hér. Við eigum frekar að finna leiðir til að setta þjóðina þannig að þessi mikilvæga atvinnugrein okkar Íslendinga geti starfað á sæmilega lygn-um sjó.

Ég tel að menn séu að gera mikil mistök með þessu frumvarpi og þessari lagasetningu vegna þess að deilurnar munu halda áfram. Engar settir munu skapast meðal þjóðarinnar í málinu. Maður finnur til réttlætiskennar gagnvart auðlindunum í landinu og vill fá og gerir tilkall til auðlindarentunnar, en það er ekkert gert til að mæta þeim sjónarmiðum, miklu frekar að rekinn sé fleygur enn á ný meðal þjóðarinnar. Það harma ég mjög.

Hv. þm. Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, sagði áðan í ræðu sinni: Í upphafi var vitlaust gefið. Þá var hann að tala um hvernig veiðigjöldin voru sett á. Ég ætla að leyfa mér að nota þetta: Í upphafi var líka vitlaust gefið þegar kvótakerfið var sett á. Það ríkjá enn mikil særindi yfir því hvernig það var gert. Menn eru ekki enn þá komnir til botns í því hvernig það réttlæti var allt saman. Það hefur meira að segja leikið vafi á hvort það hafi hreinlega verið gert með lögmætum hætti upphaflega. Margir sátu eftir með sárt ennið. Þeim tilfinningum sem þá urðu til gagnvart sjávarútvegi verðum við að fara að mæta og ná sáttum. Það á að vera verkefni okkar hér en ekki ganga til baka og efna til ófriðar. Það er það sem gerist hér enn og aftur.

Núna, öllum þessum áratugum seinna eftir að gefið var í upphafi og kvótanum skipt á milli aðila á Íslandi eftir ákveðnum reglum, sem margir hafa vefengt, er vissulega erfitt að stíga til baka inn í þá mynd. En það er hægt að beita veiðigjöldum til að tryggja þjóðinni réttlátan hluta í auðlindarentunni.

Ég vísa því allri ábyrgð á þeim óróa sem áfram mun verða í kringum þessa meginatvinnugrein okkar á herðar ríkisstjórnarinnar sem nú situr. Það er algerlega ljóst að hún ætlar ekki að ganga fram í friði eða í sáttahug við meiri hluta þjóðarinnar, það sýnir þetta mál glögg.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu langar mig að nefna dálítið mikilvægt og það er þessi almenna umræða um auðlindir þjóðarinnar. Við eigum ýmsar auðlindir, við erum rík af náttúruauðlindum. Hugsanlega gætum við fundið olfu og gas, mögulega á Drekasvæðinu, ég veit það ekki, ég ætla ekki að gera mér neinar væntingar um það nema að leyfa mér svona í laumi að vona að kannski sé eitthvað þar að finna. Þar höfum við lagasetningu sem gerir ráð fyrir auðlindarentu, sanngjarri auðlindarentu. Um það var ekki deilt vegna þess að það voru engir hagsmunaaðilar til að verja hana.

Við erum með orkuauðlindir okkar, fallvötnin og jarðvarmann, um þær hefur líka verið deilt. Þar þurfum við í fyrsta lagi að fara mjög vandlega í gegnum umræðuna um það hvernig við ætlum að ná auðlindarentunni þaðan, og í öðru lagi hvernig eigi að skipta henni, hver eigi að vera hlutdeild sveitarfélaga sem í hlut eiga eða hversu mikið eigi að fara til þjóðarinnar allrar. Þetta eru risastórar spurningar. Síðan er það náttúra Íslands almennt, það er enn önnur auðlind, og ágangur ferðamanna. Þar þurfum við að taka auðlindarentu til að geta byggt upp og verndað náttúru Íslands. Svo er það sjávarútvegurinn.

Þess vegna var ég mjög hrifin af því sem fráfarandi ríkisstjórn gerði — þótt ég sé nú ekki alveg hlutlaus í því máli. Við gerðum þó það að við fórum í töluverða vinnu og út úr því kom skýrsla sem heitir *Stefnumörkun í auðlindaámlum*. Þar var lagt af stað með að reyna að marka heildstæða

stefnu í auðlindamálum á Íslandi. Þjóð sem er svona rík af auðlindum og byggir meginafkomu sína á þeim verður að hafa skýra stefnu og um þá stefnu þarf að ríkja nokkuð viðtæk sátt. Það finnst mér algjört lyklatríði. Ég vil hvetja menn til að kynna sér skýrsluna sem kom út í september síðastliðnum og hægt er að finna á vef forsætisráðuneytisins. Þar er mjög margt fróðlegt að finna um auðlindamál í hinu stóra samhengi.

Þar segir um sjávarútveginn sérstaklega, sem er enn einn rökstuðningurinn fyrir því að lækka ekki veiðileyfagjaldið, með leyfi forseta:

„Árlegir útreikningar Hagstofu Íslands á hag veiða og vinnslu, þar sem beitt er svokallaðri árgreiðsluáferð, gefa vísbendingar um að veruleg auðlindarenta sé í íslenskum sjávarútvegi. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til laga um veiðigjöld, sem varð að lögum á 140. lögjafarþingi, — frumvarpið sem við erum að ræða breytingar á — „virðist ekki óvarlegt að ætla að sem stendur sé auðlindarentan um 40 milljarðar kr. á ári og hafi á síðasta áratug verið nálægt 30 milljörðum kr. að meðaltali á ári á verðlagi ársins 2010.“

Sú hlutdeild í auðlindarentunni sem við erum að fjalla um er því ekki ósanngjörn, hún er ekki óhóflig, þvert á móti. Þær tölur sem ég hef hér verið að taka upp eftir ýmsum sérfræðingum sýna það svart á hvítu.

Virðulegi forseti. Mig langar líka að nefna að mig undrar í fyrsta lagi að komið sé fram með þetta mál til að skapa enn á ný ófrið um sjávarútveginn og í öðru lagi að lýst sé algjörü frati á skoðanir meiri hluta þjóðarinnar í þessum málum og algjörü frati á þá sem hafa sett nafn sitt og staðfest það á áskorun til okkar um að lækka ekki þessi gjöld. Fyrir utan þetta er hér gengið þannig fram að þetta mun hafa gríðarleg áhrif á ríkissjóð sjálfan og ríkisfjármálaáætlunina. Menn eru ekki með neinar áætlanir um hvernig eigi að mæta því.

Ef við horfum bara þröngt á ríkissjóð hefur þetta tölurverð áhrif. Ég hef mjög miklar áhyggjur af því vegna þess að fjárlagagatið sem við höfum verið að kljást við frá hrúni hefur verið okkur til mikilla trafala og það er gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið allt að því sé lokað. Af hverju? Vegna þess að öðruvísi munum við ekki sjá samfélagið spretta úr spori til vaxtar, við munum ekki sjá afnám hafta, en höftin eru sem lamandi hönd yfir öllu okkar samfélagi og munu verða það. Þau eru í eðli sínu ósanngjörn, þau gera upp á milli aðila og eru líka mjög hamlandi í öllum daglegum rekstri fyrirtækja.

Ég legg því mjög mikla áherslu á að ríkisstjórnin svari því, ef hún ætlar að keyra fram með málið, skapa ófrið á ný og stækka gatið á ríkissjóði, hvernig hún ætli að mæta þessu. Það er ekki gert. Svo óskapast hún yfir því að taka við einhverjum litlum verkefnum frá fyrri ríkisstjórn sem við náðum ekki að klára upp á kannski 8 milljarða. Þeir standa svo hér sjálfir dag eftir dag og búa til gat, stærra gat, stækka gatið á ríkissjóði.

Virðulegi forseti. Þetta er að mínu mati mjög alvarleg staða og þeir verða að svara þessu vegna þess að ég líta svo á að þjóðarheill sé undir í málinu. Menn þurfa að fara að svara mjög skýrt hvernig þeir ætla að mæta þessu.

Ég mundi líka vilja að Alþingi Íslendinga sýni a.m.k.

viðleitni þegar við fáum ákall frá um 15% þjóðarinnar á örfáum dögum, í þessu tilfelli um að lækka ekki veiðigjöldin, og að við sýnum fólki að á það sé hlustað. Ekkert slíkt á sér stað hér, ekki neitt. Það er bara keyrt áfram eftir línunni, línunni sem var mótuð annars staðar en hér.

Virðulegi forseti. Það hryggir mig að málið komi fram með þessum hætti og að menn ætli að fara þessa leið, fara fram í ófriði og skapa þannig áframblandandi óvissu fyrir sjávarútveginn í landinu, sem er okkur svo mikilvægur. Það er vissulega þannig að gera má einhverjar breytingar á þeim lögum sem við fjöllum hér um. Það hefur komið fram mjög réttmæt gagnrýni á þau um að það geti komið illa út að vinna með tveggja ára gömul gögn. Mögulega væri betra að meta út frá lönduðum afla og fara í gegnum skattkerfið með þetta. En við erum lögd af stað í þennan leiðangur og það er enginn sem segir að ekki megi gera breytingar á lögnum eins og þau eru nákvæmlega núna eða útfærslunni á kerfinu sjálftu, innheimtukerfinu sjálftu, það er enginn sem segir það.

Það sem ég mótmæli hins vegar er að menn ætli ekki að gera neinar sérstakar breytingar á kerfinu til að þróa það til betri vegar heldur fara í grunnprinsippið sjálft, sem er tilkallið og krafan um hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentunni. Megintilgangurinn með frumvarpinu er ekki að betrumbæta kerfið heldur bara að lækka veiðigjöldin. Hitt er látið fylgja með til þess mögulega að sýnast.

Menn eiga að koma hreint fram með erindið eins og það er nákvæmlega. Það er algjörlega skýrt í mínum huga að meginerindi ríkisstjórnarinnar með frumvarpinu er að lækka veiðigjaldið. Þar með er hún að lækka hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentunni, sanngjörnum hluta sem þjóðin á réttlátt tilkall til. Niðurstaðan er sú, eins og Jón Steinsson kemur inn á, að af auðlindarentunni fær þjóðin 18% en útgerðin 82%, ofan á eðlilegan arð sem hún fær af starfsemi sinni. Þetta er réttlætið í huga ríkisstjórnarinnar. Þessu er ég á móti. Þess vegna mun ég ekki geta stutt þetta mál ef menn halda því óbreyttu og fara með það óbreytt í gegn.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og þingmenn stjórnarflokkananna að styðja breytingartillögurnar sem við leggjum til. Þær eru hóflugar, þær eru skynsamlegar, við komum til móts við sjónarmið um að breyta kerfinu þannig að auðveldara verði fyrir þá aðila sem þurfa að reikna þetta út að afla gagna. Við leggjum til að minni aðilum í sjávarútvegi verði mætt með hærri frítekjumörkum og við leggjum til að hlustað verði á ákallið um hærri hlutdeild þjóðarinnar og ríkisins í auðlindarentunni. Því hvet ég alla sem hér eru inni og munu greiða atkvæði um þetta mál að líta a.m.k. á þessar tillögur og meta þær og melta með sjálfum sér hvort þeir vilji í alvörunni halda áfram þessu stríði eða hvort þeir vilji koma með okkur í þann leiðangur að tryggja hóflegt veiðigjald til lengri tíma.

[15:22]

### Útbýting:

IPA-styrkir, 27. mál, fsp. BVG o.fl., þskj. 56.

Tekjulækkun ríkissjóðs, 28. mál, fsp. BVG og EdH, þskj. 57.

[15:23]

**Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Öll umræða um veiðileyfagjaldid svo kallaða er flókin. Málið í heild sinni er einmitt það, flókið og margslungið. Hinir ýmsu þættir þess og mörgu hliðar eru ýmist samverkandi, fara á skjön eða eru háðir þvers og kruss. Þarna kallast á hlutir sem sumir fara vel saman en aðrir ekki. Flókið lífríki sjávar, renta af þjóðarauðlind, hagkvæmni í rekstri, byggðir við strandir landsins, félagsleg skilyrði, hvernig fortíðin hefur verið og hvernig við viljum sjá framtíðina. Sitt sýnist hverjum og það er mjög skiljanlegt.

Af þeim 18 fundum atvinnuveganefndar sem ég hef setið þetta sumarþing er óhætt að segja að vel hafi verið farið yfir málin. Mér dettur þó ekki í hug að halda því fram að umræða okkar um það frumvarp sem nú liggur fyrir hafi verið tæmandi. Ef til vill nægjanleg fyrir aðra, en ekki mig. Það viðurkenni ég fúslega. Sá lærir sem lifir. Ég hlakka til að sitja í nefndinni næstu fjögur ár og gera einmitt það.

Á hinn bóginn hefur það líka verið ágætt að fá að koma að málum bláeygd og blaut á bak við eyrun leitandi eftir heildarmyndinni. Hver er hún? Erum við farin að týna henni? Ég held við þurfum að stíga skref til baka og horfa á meginmarkmiðin. Því fólk er tiltölulega sammála.

Við erum sammála um að þjóðin eigi að fá rentu af auðlind sinni. Það er sameining um að passa upp á lífríki sjávar, vernda og hlúa að sjálfbærni. Við erum stolt af því að kunna að reka hagnýta fiskveiðistefnu og viljum halda því áfram. Útgerðin er sammála því að hún borgi fyrir afnot sín. Fólk er sammála um að passað sé upp á að auðlindin sé notuð á sem arðbærastan hátt fyrir þjóðina og að hugað sé að fjölbreytni í rekstri og nýliðun.

Meginspurningin sem við sitjum eftir með er þessi: Hvaða verð er ásættanlegt fyrir þessa auðlind? Hvað er sanngjarnt að útgerðin borgi?

Við höfum fengið svar frá tæplega 35 þúsund manns sem skrifað hafa undir áskoron til Alþingis. Ég held að ekki þurfi að fara í neinar hártoganir um hvað fólkid er að biðja um. Fyrir mér er það mjög skýrt. Því finnst að það frumvarp sem hér liggur fyrir bjóða of lágt verð til útgerðanna. Við þurfum ekkert að flækja það með því að amast yfir því að í áskoruninni felist gallar. Það er ekkert allra Íslendinga að vera inni í tæknilegum hliðum um lög um veiðigjöld. Það er okkar. Það er okkar að hlusta.

Stóra myndin er þessi, kærur stjórnarflokkar: Samfélagid er ekki sátt við þessa væntu breytingar ykkar. Við erum með henni að horfa á ýmist 9–13 milljarða áætlað tekjutap fyrir ríkissjóð. Það er þetta sem fólk er skíthrætt við. Við erum nú þegar á mörgum stöðum komin langt fram yfir öll mörk í niðurskurði. Það sem þið bjóðið upp á samhliða styrkir þessa hræðslu.

Ýmist hér í þingsal eða í fjölmiðlum hefur verið rætt um að stytta aftur fæðingarorlof, afturkalla frjár tannlækningar barna, minnka möguleika námsmanna hjá LÍN, eyða ekki í steypu eins og hæstv. heilbrigðisráðherra kallaði það þegar rætt var um málefni Landspítalans og um heilbrigðiskerfið. Kjarasamningar kvennastétta liggja fyrir. Öryrkjar, sem eru verst settir, sjá ekki fram á neinar breytingar til batnaðar. Svo mætti lengi telja.

Fólk er ekki til í þetta. Það spyr: Hvað á að koma í staðinn fyrir tekjur veiðileyfagjaldsins sem við erum að fara að semja frá okkur? Er það skattalækkunir? Aukin umsvif með vísan í Laffer-áhrif? Ég tek þá umræðu betur seinna, frú forseti, en mér sýnist hagfræðilærdómurinn eitthvað vera að klikka hjá ríkisstjórninni.

Hagfræðin er félagsleg grein. Hún reynir að áætla og magnbinda hegðun og hvata fólks. Sú hegðun er mismunandi eftir samfélögum og félagsgerð. Ísland er allt annað samfélag en Bandaríkin. Við getum ekki sagt að það sem gæti gerst þar með skattalækkunum gerist eins hér. Við getum líkt okkur við Norðurlandþjóðirnar. Athugið til dæmis skattana í Svíþjóð og Noregi og skoðið þar umsvif og framleiðni.

Frú forseti. Það er ekki bara almenningur sem setur sínar spurningar við þær breytingar sem ríkisstjórnin leggur hér fram, það hafa líka hagfræðingar og aðrir fræðimenn, sem komið hafa fyrir atvinnuveganefnd, gert, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir fór vel í gegnum hér áðan. Þeir hafa sýnt fram á, með greiningum sínum, að skynsamlegt væri fyrir hag þjóðarinnar, fyrir ríkiskassann, að hækka líka gjald fyrir bolfiskinn.

Við sem stöndum að þessu minnihlutaáliti í atvinnuveganefnd gerum okkur grein fyrir að mörg þeirra fyrir-tækja sem sækja bolfiskinn standa illa. Það eru þessi litlu og meðalstóru fyrirtæki. Þau eru mikið skuldsett, en þau fá líka skuldaafsláttinn.

Í breytingartillögu sem við hv. þingmenn Katrín Júlíusdóttir og Björn Valur Gíslason leggjum hér fram leggjum við, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur farið í gegnum, til að hækka frítekjumarkið umtalsvert sem vænkar hag þessara litlu og meðalstóru útgerða á móti. Það skilar sér líka til baka í ríkissjóð.

Herra forseti. Ég er stolt af því að geta í erfiðu máli lagt fram málamiðlun sem fræðimenn, almenningur og útgerðin geta verið sátt við. Ég skrifaði undir nefndarálit minni hlutans með fyrirvara einfaldlega út af því að við fengum mjög stuttan tíma til að skrifa það álit. Þar eru inni flóknir út-reikningar sem aðrir sem hafa setið lengur á Alþingi eru betur inni í en ég. Það sem maður vill gera hér á Alþingi, maður þarf að vera viss með það allt.

Ég er sátt með þær breytingartillögur sem við færum hér fram. Ég vonast til þess að okkar kærur stjórnarflokkar lesi þá tillögu, lesi hana vel og sjái sér fært að standa með okkur að nálgun í fiskveiðistjórn sem er í sátt við fólkid í landinu, útgerð og hagræna afkomu þjóðarbúsins.

[15:31]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Frú forseti. Þetta mál snýst um hvað þjóðin, eigandi sjávarauðlindarinnar, fær í sinn hlut fyrir nýtinguna, það er það sem málið snýst um. Það stjórnarfrumvarp sem við ræðum nú snýst um að minnka þann hlut sem þjóðin fær. Men greinin á um það hvað kemur að lokum til þjóðarinnar, en lækkunin er um 4 milljarðar, úr 14 milljörðum niður í 10 milljarða eða þar um bil.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins segja mér að það sé stefna þeirra og kosningaloforð að lækka veiðigjaldið. Skoðanakönnun í *Fréttablaðinu* og á Stöð 2 í dag sýndi að

70% þjóðarinnar eru á móti þessu, en fylgismenn Sjálfstæðisflokksins eru hlynntir lækkun veiðigjaldsins. Ég álasa Sjálfstæðisflokknum því ekki fyrir að vera að hugsa um hagsmuni umbjóðenda sinna og uppfylla kosningaloforð og stefnu síns flokks. En 70% landsmanna eru á móti lækkun veiðigjaldsins og 34.000 landsmenn hafa með undirskrift sinni þrýst á þingið að samþykkja ekki þessi lög, samþykkja ekki þessa lækkun, og að fá forsetann, ef Alþingi samþykkir þessa lækkun, til að vísa þessu lagafrumvarpi til þjóðarinnar.

Umboð okkar pírata er skýrt. Það er að vinna að og virða grunnildi Pírata, þ.e. að gera það sama með önnur stefnumál okkar, aðra stefnu sem byggir á grunnildunum, að virða kosningaloforðin okkar sem byggja á hvoru tveggja. Að sjálfsögðu felst það líka í því að halda stjórnarskrá landsins, við erum búin að sverja eið að henni.

Á þessu byggist umboð okkar. Þá er spurningin: Fyrst ein af grunnstefnum Pírata er beint lýðræði í öllum fornum sem bjóðast lífum við í kringum okkur og spyrjum okkur hvaða form bjóðist samkvæmt núverandi stjórnskipan. Það form sem býðst er að forsetinn neiti að skrifa undir lög sem þingið hefur samþykkt og vísi því á þann hátt til þjóðarinnar til samþykkis eða synjunar. Þetta er það beina lýðræði sem býðst í dag. Nú spyr maður sjálfan sig hvað forsetinn muni gera í þessu máli.

Forsetinn er erlendis og hefur þar af leiðandi ekki málskotsréttinn. Málskotsrétturinn er þá í höndum forseta þingsins, sem er sjálfstæðismaður, forsætisráðherra, sem er framsóknarmaður, og svo forseta Hæstaréttar. Meiri hluti þeirra sem eru með málskotsréttinn eru því stjórnarliðar. Þetta er stjórnarfrumvarp, þannig að það væri ótækt að hleypa málinu út úr þinginu þar til forsetinn kemur til landsins og fær í hendur þá heimild sem honum var treyst fyrir, málskotsréttinn sem er öryggisventill þjóðarinnar.

Við höfum því talað um að við munum beita þeim heimildum sem kjósendur okkar treystu okkur fyrir, meðal annars því að geta talað hér í 2. umr. eins lengi og þarf til að þæfa málið nógu lengi til að forsetinn geti komið heim og sinnt þeirri skyldu sinni að hafa málskotsréttinn í svona mikilvægu máli.

Hve mikilvægt er þetta mál? Til þess að vita hvort forsetinn væri á landinu sendi ég honum bréf í gærmorgun sem hljóðar svo:

„Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Yfir 34.000 Íslendingar hafa skorað á þig sem forseta landsins að undirrita ekki lög um lækkun á veiðigjöldum sem taka til breytinga á lögum nr. 74/2012, frá 26. júní 2012, ef Alþingi samþykkir þessi lög, heldur vísa þeirri ákvörðun í þjóðarkvæði til eigenda fiskveiðiaudlindarinnar, íslensku þjóðarinnar.

Þú hefur reynst þjóðinni vel sem vaktmaður hennar yfir málskotsrétti forsetans, öryggisventli þjóðarinnar. Þú varðst við áskorun 32.000 Íslendinga um að hafna staðfestingu fjölmiðlaganna árið 2004.“

Þá sagði forsetinn, með leyfi forseta:

„Því miður hefur skort samhlóm sem þarf að vera á milli þings og þjóðar í svo mikilvægu máli. Fjölmiðlarnir eru sá hornsteininn í lýðræðisskipan og menningu okkar Íslendinga að ekki er farsælt að varanlega verði djúp gjá milli

þingvilja og þjóðarvilja. Slíka gjá þarf að brúa. Það verður best gert með því að þjóðin fái í hendurnar þann rétt sem henni er veittur í stjórnarskrá lýðveldisins og meti lagafrumvarpið í þjóðarkvæðagreiðslu.“

Þarna sjáum við að það er gjá milli þings og þjóðar um fjölmiðlagafrumvarp; 32.000 skrifuðu þá undir áskorun til forsetans og hann vísaði því í þjóðarkvæðagreiðslu með þessari réttlættingu. Vegna þess að það er best gert með því að þjóðin fái í hendur þann rétt, eins og hann segir, að meta lagafrumvarpið í þjóðarkvæðagreiðslu.

Þá er það spurningin: Það frumvarp sem liggur fyrir þinginu og við erum að ræða — er það tækt í þjóðarkvæðagreiðslu?

Formaður atvinnuveganefndar, hv. þm. Jón Gunnarsson, segir í dag í fjölmiðlum að þetta sé ekki tækt í þjóðarkvæðagreiðslu. Forsetinn var í fyrra ósammála því. Hann sagði, og var að ræða um kvótakerfið, um fiskveiðiaudlindina, með leyfi forseta:

„Þar er um að ræða ráðstöfun á sameign þjóðarinnar. Þar er um að ræða hvað þjóðin, eigandi audlindarinnar, fær í sinn hlut. Það er erfitt að hugsa sér stærra mál en það sem mundi vera eðlilegt að setja í þjóðarkvæðagreiðslu ef einhver hluti þjóðarinnar telur það mikilvægt.“

32.000 manns kölluðu eftir því að frumvarpi um fjölmiðlög yrði vísað til þjóðarinnar. Forsetinn varð við því og talaði um gjá milli þings og þjóðar. Nú kalla 34.000 Íslendingar eftir því að þessu frumvarpi um að lækka þann hlut, sem kemur til þjóðarinnar vegna nýtingar á audlind sem er sameiginleg með þjóðinni, um 4 milljarða. Kallað er eftir því að forsetinn vísi því í þjóðarkvæðagreiðslu ef þingið samþykkir það. Hann þarf að vera á landinu til þess að gera það.

Ég talaði við forsetaritara áðan. Forsetinn kemur til landsins annaðhvort á sunnudag eða mánudag. Nú sjáum við til hvernig umræður þróast hér í dag, hvort píratar munu þurfa að nota málsþæfingarrétt sinn til að skapa svigrúm fyrir forsetann að koma.

Förum aðeins yfir frumvarpið, hvað felst í því? Það sem við höfum heyrt um það — og enginn ágreiningur um það — er að það á að lækka veiðigjöldin. Útfærslan á því er mikil og flókin. Ég er búinn að sitja þessa fundi. Það hafa verið haldnir 18 fundir í atvinnuveganefnd. Ég er búinn að sitja megnið af þeim. Ég kom inn sem áheyrnarfulltrúi eftir nokkra fyrstu fundina. Það er búið að kalla fyrir mikilvægt séraðilum. Við kölluðum til þá sem stóðu að undirskrifta-söfnuninni og Jón Steinsson hagfræðing. Það hefur verið mikil og góð umræða í nefndinni.

Málið snýst um frumvarp um veiðigjöld, alla vegna eins og það snýr að mér eins og ég hef náð að skilja það, sérstök veiðigjöld, þar sem útgerðum er gert að greiða arð til þjóðarinnar af umframhagnaði. Þetta er gott. Gallinn við það er sá að tekinn er meðalhagnaður, þetta leggst á alla, þetta leggst misjafnt á aðila. Það skiptir máli. Þetta mundi þurfa að laga. Stjórnarflokkarnir hafa boðað til heildarskoðunar á fiskveiðistjórnarkerfinu í haust. Þetta leggst misjafnt á aðila og verid er að reyna með skítamixi að fixa þetta til.

Ef við horfum á það að þetta er veiðigjald á umframhagnað — ef svoleiðis gjöld yrðu sett á vinnandi fjölskyldur landsins fengjum við öll til að byrja með launatekka og



áður en lögd yrðu gjöld á hann mundum við geta tekið til allan kostnað. Við mundum taka húsaleigu eða afborganir af lánum, matarkostnaðinn og tekið til allan kostnað við það að reka heimili. Eftir það erum við komin með hagnað. Hagnaðurinn yrði ekki skattlagður, það er bara umframhagnaður sem er skattlagður. Við værum þá með eðlilega kröfu um hvað við mætum fjárfesta miklu eða fá í arð af þeim fjárfestingum eða spara og er ýmslegt tekið til. Þannig að við gætum fjárfest, tekið er tillit til þess, og fengið arð af því. Eftir þetta allt saman, eftir þá skuldaafslætti og fjárfestingar, eðlilegar fjárfestingarkröfur upp á 8% o.s.frv., þá er loksins sett renta eða sérstakt veidigjald á hagnaðinn.

Þetta hljómar ekkert sérstaklega ósannngjarnt, en vanda málið eins og ég sagði áðan er það að þetta er sett flatt á alla. Það þarf að laga. En það að veidigjald sé sett á umframhagnað er mjög rausnarlegt. Þegar öllu er á botninn hvolft er það þjóðin sem á þessa auðlind. Það kemur fram í fiskveiðilögnum. Flestir Íslendingar eru sammála um að þjóðin á fiskveiðiauðlindina. Það eru allir sammála um að þjóðin eigi að fá einhverja rentu. Þegar spurningin er hve mikil rentan eigi að vera, hver á þá að taka þá ákvörðun? Þingið getur komið með tillögur að ákvörðunum, að sjálf-sögðu, og samþykkt þær, að sjálf-sögðu, en þjóðin á að geta kallað eftir því að eiga lokaorðið. Að sjálf-sögðu.

Forsettinn, sem áður hefur vísað málum um fjölmiðla-frumvarp í þjóðaratkvæðagreiðslu, vegna gjár milli þings og þjóðar, þegar 32.000 manns kölluðu eftir því, á að sjálf-sögðu að vísa þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar 34.000 manns kalla eftir því og 70% þjóðarinnar eru á móti þessum lækkunum veidigjalda. Ég skora á forsetann, með öllum hinum þúsundum Íslendinga sem hafa skrifað undir og öllum þeim 70% sem eru á móti þessari lækku á veidigjaldi, að hafna þessum lögum ef þau enda inni á hans borði.

Þegar hann kemur til landsins, á sunnudag eða mánu-dag, hvet ég hann til að fara ekki af landi brott fyrr en búíð er að afgreiða þetta, ekki fyrr en hann er búinn að fá málið á sitt borð eða vísa því frá þinginu. Ef það endar hjá forsetaembættinu eftir afgreiðslu í þinginu og hann er ekki á landinu er hann að vanrækja það sem mjög margir kjósendur treystu honum fyrir í forsetakosningunum fyrir ári, að vera á öryggisventli þjóðarinnar.

Við köllum eftir þessu, við þratar, að beint lýðræði fái að ráða í þessu máli, að þjóðin fái að eiga síðasta orðið.

[15:44]

### **Björn Valur Gíslason (Vg):**

Forseti. Við erum með til umræðu eitt af stóru málun-um, líklega stærsta málið, á yfirstandandi þingi og líklega eitt það mikilvægasta, pólitískasta, það sem hefur verið hvað lengst í umræðunni í þessu samfélagi af öllum málum sem hefur verið fjallað um á þingi, ekki bara þessu sumarþingi hér, heldur á undanförunum árum og bráðum áratug-um. Fá mál hafa fengið jafn ítarlega og langa umræðu og málefni sjávarútvegsins. Fá mál hafa klofið þessa þjóð jafn rækilega í parta og málefni sjávarútvegsins.

Þessi þjóð hefur oft deilt um margs konar mál, um eitt og annað. Umhverfismál hafa verið þar hátt á blaði undan-

farin ár, deilurnar um Kárahnjúka á sínum tíma ristu djúpt og rista enn og höfðu gríðarleg áhrif á samfélagið sem betur fer, þó það nú væri að menn létu þær hafa áhrif á sig. Þjóð-in skiptist í tvennt. Við sjáum áhrif af því máli til dæmis á þriðja eða fjórða degi núverandi ríkisstjórnar þegar 2000 grænir fánar voru samankomnir við Stjórnarráðið til að mótmæla fyrirhuguðum og boðuðum aðgerðum í umhverfismálum.

Deilurnar um sjávarútveginn hafa hins vegar verið harðari en nokkrar aðrar deilur, í raun og veru er allt annað hjómið eitt. Þær rista djúpt í þjóðarsálina af mörgum ástæð-um, m.a. vegna byggðalegra sjónarmiða vegna þess að það er ekki nema rétt liðlega aldarfjórðungur síðan við tókumst á við það að reyna að viðurkenna fyrir okkur sjálfum að sjávarauðlindir væru ekki ótakmarkaðar, þ.e. við þyrftum að umgangast þær eins og takmarkaða auðlind með þeim annmörkum sem það kallar á. Meðal annars geta ekki allir nýtt þá auðlind, okkur er ekki sama hvernig hún er nýtt og við viljum fá að hámarka afkomuna út úr henni, bæði í kíló-um talið og ekki síður í krónum og aurum, þ.e. að afrakstur-inn af þessari sameiginlegu auðlind okkar allra sé hvað mestur frá öllum hlíðum séð.

Í dreifðum byggðum landsins, litlu byggðunum allt í kringum landið, hefur þessi deila kannski verið hvað hatrómmust og haft mest áhrif á samfélögin. Þá er ég ekki að tala um kvótaflutningana beinlínis og hvaða áhrif þeir hafa, heldur það að flest þessara byggðarlaga byggðust upp vegna sjósóknar. Það var auðvelt að ná í tiltekna fisktegund eða gera út frá tilteknum stað. Þetta þekkjum við frá mörg-um litlum bæjum á Vestfjörðum, Austfjörðum sömuleiðis, suður með sjó o.s.frv. Auðvitað höfðu þær gríðarlegu breyt-ingar sem urðu í kjölfar þess að við takmörkuðum aðgang að auðlindinni mikil áhrif á samfélögin og mótuðu þau upp á nýtt með breyttum atvinnuháttum, breyttri samsetningu í þessum litlu samfélögum o.s.frv. Sárin sem sátu eftir stöf-uðu að stærstum hluta af því að stjórnmálamaðmenn á þeim tíma brugðust ekki við fyrirsjáanlegum afleiðingum af því að takmarka aðgang að auðlindinni. Það var ekki brugðist við, ekki með því að auka aflaheimildir eða takmarka að-ganginn heldur með öðrum aðgerðum til mótvægis í því sem var fyrirsjáanlegt þá. Það er kannski gott að vera vitur eftir á í því, en það er ein af afleiðingunum af þessum hörðu deilum um sjávarútveginn. Fyrirtækjunum fækkaði, skipunum fækkaði, starfsmönnum fækkaði, samfélagin tóku á sig aðra mynd og atvinnuhættir breyttust mjög hratt á þessum 20 árum eða svo.

Þessar deilur hafa oft færst inn í þennan sal af mikilli heift og mikilli hörku. Það er það sem kannski hefur ein-kennt þessi deilumál í samfélaginu, heift og harka sem oft ristir mjög djúpt. Fólk skiptist algjörlega í tvö horn og er þá stíllt upp annaðhvort sem í liði með sjávarútveginum, í liði með fiskvinnslunni, í liði með útgerðinni, eða í hinu liðinu sem vill ganga af þessu öllu dauðu. Það virðist ekki vera hægt að koma á neinum sameiginlegum fleti um að það sé ekki annaðhvort svart eða hvítt, annaðhvort í ökkla eða eyra þegar komið er að þessari grein.

Sjálfur hef ég starfað í 34 ár í sjávarútvegi við eitt og annað, mest við sjósókn, fiskvinnslu og annað slíkt, og þyk-ir afar vænt um þessa grein. Mér er mjög hlýtt til sjávarút-

vegsins og þykir ekkert verra en þegar ég heyri illa talað um hann eða hann fær ekki sanngjarna umfjöllun. Þess vegna hef ég oft lagt það í vana minn þegar ég hef umræðu um sjávarútvegsmál úr þessum ræðustól að taka þetta fram til að koma í veg fyrir þann misskilning að afstaða mín í veidigjaldsmálum byggist á einhverjum annarlegum hvötum gagnvart sjávarútveginum og ég vilji honum illt, vilji helst knésetja hann eins og lesa má í málgagni Lands sambands íslenskra útvegsmanna í dag. Fyrirverandi forsætisráðherra landsins tekur þar sérstaklega fram nafn þess sem hér stendur og segir að hann vilji knésetja og eyðileggja sjávarútveginn á Íslandi. Hann færir fyrir því einhver geggjúð rök, að hans hætti að sjálfsögðu. Það er ekki það sem ég er að tala um. Þannig hef ég aldrei talað um sjávarútveginn. Þannig mun ég aldrei tala um sjávarútveginn. Það þýðir samt ekki að ég hafi ekki skoðun á honum, rétt eins og allir aðrir, rétt eins og þeir sem hafa starfað með mér í sjávarútvegi, skipstjórar, útgerðarmenn, sjómenn, fiskvinnslufólk og aðrir, sem hafa á honum skoðun, að sjálf-sögðu.

Ég tel rétt að menn hafi þetta í huga í upphafi máls míns um þetta frumvarp um lækun og allt að því afnám veiðigjalds á einstaka útgerðarflokka og fisktegundir áður en lengra er haldið.

Ég vil samt í upphafi sömuleiðis fjalla örlítið um aðdraganda þessa máls, hvernig það kemur inn í þingið og hvaða umfjöllun það hefur fengið hérna. Þetta mál var lagt fram á þingi 12. júní 2013. Það kemur ekki fram í frumvarpinu að neitt samráð hafi verið haft við nokkurn aðila áður en það var lagt fram í þinginu, ekki við útgerðina, fiskvinnsluna, Alþýðusamband Íslands, Starfsgreinasambandið eða aðra stjórn mála flokka, heldur var þetta lagt fram hér alveg klárt og kvitt og sagt: Þetta er markmiðið. Þetta er það sem við ætlum að ná. Við ætlum að þurka út sérstakt veiðigjald í botnfiski og hækka það í uppsjávarfiski.

Það var gefinn fimm daga umsagnarrestur fyrir þetta mál sem skiptir ríkissjóð um það bil 10 milljörðum í tekjur á næsta eina og hálfu ári og 7–8 milljarða á ári eftir það miðað við þær forsendur sem liggja fyrir frumvarpinu og þær forsendur sem eru fyrir í skoðun veiðigjaldsnefndar og annarra sem hafa gefið atvinnuveganefnd umsögn. Ég minnst þess ekki á síðustu fjórum árum að mál af þessari stærðargráðu og af þessum toga í jafn miklu deilumál, jafn umfangsmiklu máli á alla vegu sem þetta er, hafi fengið framgang með þessum hætti. Ég minnst þess ekki. Ef slíkt hefur gerst mundi ég gjarnan vilja að það yrði rifjað upp fyrir mér um hvaða mál var þá að ræða í einhverjum jöfnuði við það sem við erum að tala um hér.

Áður en fimm daga umsagnarrestri lauk höfðu nánast allir þeir aðilar sem voru beðnir um að gefa umsögn þegar komið fyrir nefndina og gefið munnlega umsögn, þ.e. nefndarmenn höfðu ekki gögn í höndunum til að spyrja umsagnaraðilana um þegar þeir komu til fundarins. Ég man heldur ekki til þess að það hafi gerst áður. Ég man til þess að í einhverju slíku máli hafi okkur orðið á að kalla inn umsagnaraðila áður en umsagnarrestri lauk. Þá urðu uppi hávær mótmæli af hálfu stjórnarandstöðunnar og við brugðumst við með því að kalla þá aftur fyrir nefndina sem höfðu

komið áður en þeir höfðu skilað skriflegri umsögn. Ég man eftir því að það hafi gerst, en ég man ekki eftir því að umsagnaraðilar hafi komið fyrir þingnefnd í jafn stóru máli og þessu án þess að nefndarmenn sem eiga að fjalla um slíkt mál hafi haft einhver gögn í höndunum. Það bendir til þess að aldrei hafi verið ætlunin að kafa mjög djúpt í þetta, enda leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og ekki er tekið tillit til neinna athugasemda að neinu leyti. Engin breytingartillaga er lögð fram, ekki hin minnsta.

Ég man heldur ekki til þess að ég hafi boðað til fundar í þingnefnd án þess að það hafi verið hafður fyrirvari á því að verið væri að afgreiða mál úr nefnd, að ég tali ekki um mál af þessari stærðargráðu, að það hafi verið gert viðvart um að það ætti að taka málið úr nefnd og nefndarmenn fengið nefndarálit formanns í hendurnar áður en til fundarins kæmi. Það kann vel að vera að einhver geti rifjað upp slíkt mál einhvers staðar í þingnefnd, ég hef ekki setið í öllum nefndum, en ég man aldrei eftir því í þeim nefndum sem ég sat í á síðasta kjörtímabili, þeim nefndum sem ég leiddi á síðasta kjörtímabili, að slíkt vinnulag hafi verið viðhaft.

Ég man heldur ekki eftir því að ekki hafi verið brugðist við þegar minni hluti nefndar óskaði formlega eftir því að fá að kynna meiri hlutanum breytingartillögur sínar með það í huga að hægt væri að ræða þær og vonandi ná samkomulagi um málið. Það er það sem við gerðum formlega í atvinnuveganefnd, óskuðum sérstaklega eftir því að halda fund um breytingartillögur okkar til að ræða þær í þeim tilgangi að fá efnislega umræðu um málið til að athuga hvort við gætum náð saman um það. Það hefði verið bragur á því að þetta nýja þing með öllum þessum nýju þingmönnum og öllum þeim góðum fyrirheitum sem þeir hafa gefið um breytt vinnubrögð, frá einhverjum sem þeir greinilega þekkja ekki hver hafa verið, hefði sagt: Já, þetta líst okkur vel á, við erum til í þetta. Við skulum halda aftur fund í kvöld. Komið og ræðið breytingartillögur ykkar við okkur og við skulum athuga hvort við náum saman.

Nei, það var ekki gert. Því var algjörlega hafnað.

Satt best að segja hélt ég að þegar fyrir lá að taka ætti mál út úr nefnd kæmi eins og ein breytingartillaga frá meiri hlutanum í þeim tilgangi að kanna hvort hægt væri að ná samkomulagi við minni hluta nefndarinnar, þótt ekki væri nema eitthvert eitt mál, að ná samkomulagi um eitthvað í þessu stóra máli. En það var ekki neitt. Það var ekki boðið upp á það heldur.

Niðurstaðan af þessu sem ég hef rakið hérna getur ekki orðið önnur en sú að aldrei hafi verið ætlunin að gera nokkrar breytingar á þessu frumvarpi, taka nokkurt tillit til umsagnaraðila, gera hina minnstu tilraun til að ná sáttum eða samkomulagi við þingmenn utan stjórnarflokkanna um þetta mál. Það bendir ekkert til þess að það hafi verið ætlunin.

Það hefði verið sómi að því núna ef við værum í þingsalnum í dag að ræða um eitthvað sem við værum sam-mála um, reyna að nálgast enn frekar í þessu máli en við höfum gert. Við sem höfum talað lengi um þetta mál, við sem höfum starfað lengi í þessari grein, vitum að aldrei áður hefur verið jafn stutt í það að ná samkomulagi um þetta

mál á milli hagsmunaaðila í greininni, almennings í landinu og stjórnvalda. Það hefur aldrei verið jafn stutt og einmitt núna, aldrei í sögunni. Það fullyrði ég.

Við erum komin yfir svo marga hjalla á leiðinni. Við erum til dæmis hætt að tala um hvort borga eigi gjald. Það tók okkur langan tíma, það tók okkur óratíma að ræða um hvort borga ætti gjald í þessari grein. Við erum komin yfir það. Við erum komin yfir það að gjaldtakan eigi að taka mið af arðsemi auðlindarinnar. Það er ekki deilumál lengur. Hugsid ykkur. Á þessum árum höfum við þó komist yfir þetta. Það er ekki deilumál lengur. Deilumálið er hversu mikið eigi að taka. Við erum að tala um það í dag hvort á að taka 1, 5, 10, 15 eða 50% af einhverjum arði. Stjórnarliðar gerðu ekki minnstu tilraun til að kanna það hjá stjórnarandstöðunni hvort hægt væri að ná samkomulagi eða eitthvað slíkt. Aldrei. Stjórnarliðar báðust undan því að ræða slíkar tillögur.

Þetta finnst mér leitt. Ég veit alveg hvað gerist í kjölfar þess ef svona frumvarp verður samþykkt. Við skjótum málinu nokkur ár aftur í tímann þar sem deilan var hvað hörðust og hún mun harðna. Hún getur ekki annað en harðnað og versnað. Þjóðin verður aftur klofin í herðar niður um stjórn fiskveiða, veidigjöld og afgjald af auðlindinni sinni. Það er það sem mun gerast verði þetta frumvarp samþykkt. Það vitum við, ekki bara þau sem hafa starfað í þessari grein, það vitum við öll sem höfum fylgst með samfélags-umræðunni um sjávarútveg í áratugi.

Til hvers er þá leikurinn gerður? Af hverju er lagt upp með þetta? Af hverju er lagt fram frumvarp á sumarþingi sem hefur þessar afleiðingar? Og það er ekki boðið upp á neitt annað. Af hverju var í nefndinni á þessum þó 17 eða 18 fundum sem voru haldnir á þessum fáu dögum aldrei efnisleg umræða um málið? Í nefndinni var aldrei efnisleg umræða um málið. Nefndin ræddi þetta mál aldrei efnislega sín á milli. Það var rætt um form. Það var rætt um eitthvað sem gerðist á síðasta kjörtímabili. Í þessari níu eða tíu manna nefnd að meðöldum áheyrnarfulltrúum var aldrei tekin efnislega umræða um málið vegna þess að það var aldrei ætlunin. Menn ætluðu sér aldrei að gera það.

Eins og ég sagði áðan hefur lengi verið rætt um þetta mál. Þetta á sér langan aðdraganda í sögunni. Ætli það hafi ekki verið árið 1999 sem fyrsta stóra skýrslan um auðlindamál og auðlindagjald var lögð fram. Þverpólítísk nefnd skipuð af Alþingi skilaði þá skýrslu um auðlindamál. Svo var önnur árið 2000 ef ég man rétt, eða 2001, þrjár á stuttum tíma, svo árið 2010 ein enn þverpólítísk nefnd sem skipuð var af hálfu síðustu ríkisstjórnar. Það taldist ekki til heimssögulegra viðburða eins og var talið að hefði gerst á Alþingi í morgun þegar Alþingi ákvað að verða við beiðni ríkisstjórnarinnar um að hún skipaði í nefndir. Það var talið einn af heimsviðburðunum, slíkt hefði aldrei gerst áður í heiminum.

Það kom niðurstaða út úr þessu öllu. Það bar allt að sama brunni. Smám saman hertist umræðan og varð skarpari í því að það ætti að innheimta auðlindagjald. Auðlindagjaldið tæki mið af arðinum og rentunni úr greininni, þ.e. umframhagnaðinum. Þegar búið er að greiða allan kostnað, laun, rekstur og annað slíkt, situr eitthvað eftir sem aðilar sammælast um að eigi að skipta á milli af sanngirni. Hver

er nú sanngjarni hátturinn sem við notum til að skipta hér á milli okkar? Um 20%, kannski 22%, af arðseminni, umframhagnaðinum, eiga að renna til þjóðarinnar en hitt verða eftir hjá hinum sem nýta hann. Er það sanngjarnt? Einhver kynni að segja: Nei, það er ósanngjarnt, þetta er ójafnt skipt.

Það er hægt að færa rök fyrir því. Það er líka hægt að færa rök fyrir því að segja: Ókei, þetta er sanngjarnt, við verðum að stíga þessi fyrstu skref inn í þetta með sjávarútveginn og það er sanngjarnt að byrja á þessum stað.

Ég hef ekki heyrð nein rök fyrir því að það sé ósanngjarnt að eigandi auðlindarinnar fái 20% af umframhagnaðinum í sinn vasa. Ég hef bara ekki heyrð nein haldbær rök fyrir því, ekki nokkur. Þau eru ekki færð fram í þessu frumvarpi. Það eru engin rök færð í þessu frumvarpi fyrir því að það eigi að þurrka út sérstakt veidigjald í botnfiski sem dæmi. Þau hafa ekki komið fram hjá umsagnaraðilum. Þau hafa ekki komið fram hjá ráðuneytinu. Þau komu ekki fram hjá veidigjaldsnefndinni. Þau komu ekki fram hjá sérfræðingnum sem ráðuneytið leitaði til til að leggja mat á frumvarpið, heldur þveröfugt. Það var alveg þveröfug niðurstaða sem menn komust að þar.

Af hverju er þá ekki tekið tillit til þess? Er það vegna þess að menn sammæltust um það þegar þeir rápuðu á milli sumarbústaðanna í vor að þetta yrði gert svona, að veidigjaldið yrði lækkað hvað sem hver segði, hver sem mótrök-in yrðu, hvaða rök sem væru færð gegn því að svona skyldi þetta vera, nákvæmlega svona og ekki öðruvísi út af einhverri hugmyndafræði sem menn teldu sig þurfa að uppfylla í því sambandi? Það skyldi þó aldrei vera að þetta hafi verið ákveðið í upphafi og svo laggó með það inn í nýtt þing til nýrra þingmanna og sagt: Gjörðið svo vel, þið gerið þetta fyrir okkur.

Ég veit ekki hversu ítarlega svona mál hafa til dæmis verið rædd í þingflokki Framsóknarflokksins, en hafi það verið gert hljóta menn að hafa verið þínu hugsuð hafi þeir haft stefnu Framsóknarflokksins til hliðsjónar, t.d. landsfundarályktanir Framsóknarflokksins sem tala ekki í þessa átt, sem benda ekki í þessa átt sem hér er verið að tala um að eigi að gera. Þar segir hins vegar blákalt að það eigi að fylgja þeim tillögum sem komu úr niðurstöðu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem skilað var árið 2010. Ég kann þá skýrslu ágætlega. Ég er einn af þeim sem sömdu hana. Ég er einn af þeim sem sátu í þessum starfshóp. Ég er einn af þeim sem lásu hana spjaldanna á milli á sínum tíma, þetta ár sem sá hópur starfaði. Það voru auðvitað fleiri, ég var ekki sá eini sem gerði það, og ég veit að það segir ekki í þessari skýrslu að það eigi ekki að taka sanngjarnt rentugjald úr sjávarútvegi. Það voru allir sammála um það nema kannski fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna sem töluðu gegn því eða í það minnsta að ekki yrði farið fram með neinum látum þar.

Það var reyndar ágætishópur og skilaði mikilli skýrslu. Það var þverpólítískur hópur, hátt í 20 manns sátu í honum sem var valinn af öllum þingfloknum á Alþingi, hagsmunasamtökum í samfélaginu, sveitarfélögum, sjómönnum, vélstjórum, skipstjórum og öllum þeim [Hurðarskellur.] — ég bið hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra að ganga hægt um gleðinnar dyr — sem sátu í þessum hópi. Þetta var

þverpólitískur hópur. Það voru allir kallaðir að verkinu. Þáverandi ríkisstjórn hefði verið í lófa lagið, hefði hún viljað vinna þannig, að leggja fram svona frumvarp og segja við þingliðið sitt: Hér er frumvarp. Berjið það í gegnum þingið. Það er pólitískt markmið þessarar ríkisstjórnar að ná þessu fram. Við hlustum ekki á nein rök.

Við gerðum það ekki. Við gerðum það nefnilega ekki, við kölluðum alla að borðinu. Í hvaða tilgangi? Í þeim tilgangi að reyna að ná hvað mestri sátt um stjórn fiskveiða, þar á meðal hvernig á að vinna stjórnkerfið sjálft og hvort og þá hvernig eigi að taka gjald af auðlindinni.

Það hefur stundum verið sagt við mig: Þetta voru mistök hjá ykkur vegna þess að þið náðuð ekki pólitískum markmiðum ykkar fram. Það má færa rök fyrir því. Það má líka færa rök gegn því vegna þess að eitt af okkar pólitísku markmiðum var að reyna að ná samkomulagi við alla aðila um það hvað ætti að gera. Það er af þessu plaggi sem Framsóknarflokkurinn ályktar að hann ætli að vinna í sínum sjávarútvegsmálum, það er á grundvelli þessarar skýrslu, niðurstöðu þessa hóps. Svo bara gerir hann það ekki. Hann gerir það ekki af því að menn ákváðu að gera eitthvað annað.

Það var fjallað í þessum hóp um nýtingu sjávarauðlinda og annarra náttúruauðlinda, að hafa samræmi þar á milli. Þegar farið yrði að taka rentugjald af nýtingu sjávarauðlinda skuldi það færast yfir í aðrar auðlindir, jarðvarmann, fallvötnin og annað slíkt. Auðvitað er sanngjarnt að gera það.

Í þessum hóp var sérstaklega rætt um þjóðareign á náttúruauðlindum með það í huga að það væri hafið yfir allan vafa hver ætti auðlindina. Það átti að vera hafið yfir allan vafa hver gæti krafist arðsemi af auðlindinni. Vita þingmenn hver stýrði þeim hóp?

Það segir, með leyfi forseta, í þessari skýrslu:

„Þá ræddi starfshópurinn um að skýrt ákvæði um eignarhald náttúruauðlinda kæmi inn í stjórnarskrá og var í því sambandi skipaður undirhópur undir forustu Einars K. Guðfinnssonar, alþingismanns og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.“

Í niðurstöðu þessarar skýrslu er kveðið fast á um að það eigi að vísa þessu máli inn til stjórnlagabings sem þá var að störfum og að þetta ætti að vera ótvírætt í stjórnarskrá Íslands. Svo koma menn í þennan sal og þá var heldur betur ekki stuðin á þeim að uppfylla þetta loforð. Þeir töluðu gegn því alveg fram á síðasta dag og drápu það mál niður hægt og bitandi.

Í þessari skýrslu var útdráttur á öllum þeim nefndum sem hafa fjallað sérstaklega um auðlindir, nýtingu þeirra og afrakstur af þeim, hvert hann á að fara. Þar er fjallað sérstaklega um auðlindanefndina frá árinu 2000. Það er getið um hana í nefndaráli minni hlutans, þ.e. starfshópur sem kosinn var af Alþingi, fulltrúum allra flokka, það var alltaf verið að reyna að kalla alla að borðinu til að ræða þetta mál. Það er líklegast að þannig náist eitthvert samkomulag, ekki satt? Menn ná ekki samkomulagi eingöngu við sjálfa sig, það þarf að ná einhverju samkomulagi um þetta mál.

Þar var fjallað um auðlindir í þjóðareign og það var sérkafli í skýrslunni um fiskveiðiauðlindirnar, atvinnurétt í stjórnarskrá og hvernig ætti að nýta arðsemina.

„Nefndin er þeirrar skoðunar,“ segir, með leyfi forseta, „að rétt sé að stefna að greiðslu fyrir afnotarétt af öllum auðlindum sem eru í eigu ríkis eða þjóðar af tvennum ástæðum: annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind, hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframardi (auðlindarentu) sem nýting hennar skapar.“

Það er að verða aldarfjórðungur síðan menn fóru að berja þetta áfram og koma því í gegn og það hefur tekist.

Í skýrslu auðlindanefndar segir áfram, með leyfi forseta: „Auðlindanefnd skoðaði tvær mögulegar leiðir varðandi gjaldtöku fyrir afnot af auðlindinni. Fyrri leiðin sem nefndin skoðaði, þ.e. fyrningarleiðin, byggðist á því að allar aflahlutdeildir yrðu skertar árlega um fast hlutfall sem síðan yrði endurselt á markaði eða uppboði. Hin leiðin sem nefndin fjallaði um, þ.e. veiðigjaldsleiðin, fólst í beinni gjaldtöku og ákvæði um að breytingar á aflahlutdeildum krefðust lágmarksaðdraganda. Í skýrslu auðlindanefndar eru leiðirnar tvær bornar ítarlega saman, sem og líkleg áhrif á aflahlutdeildir og tekjur ríkissjóðs af hvorri leið fyrir sig. Nefndin skiptist í afstöðu til þess hvora leiðina ætti að velja ...“

Nefndin komst hins vegar að ágætri niðurstöðu á þessum tíma fyrir bráðum aldarfjórðungi og segir:

„Nefndin telur brýnt að mótuð verði samræmd stefna um stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem skapi heilsteypant lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Reynt verði eftir föngum að beita hagrænum stjórnátækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbotum þar sem það á við. ...“

Nefndin fjallaði um afnotarétt af auðlindinni og gjaldtökur fyrir hann. Meiri hlutinn taldi æskilegt að skýra betur þau réttindi — þetta er endurskoðunarnefnd frá árinu 2001, með leyfi forseta — „sem veiðiheimeildirnar fælu í sér. Nefndin skoðaði ítarlega þá leið að gerðir yrðu nýtingarsamningar við réthafa, sem og veiðigjaldsleiðina og fyrningarleiðina sem áður hefur verið lýst. Niðurstaða meiri hlutans var að leggja til að niðurstöðum auðlindanefndar“ — sem ég fjallaði um áðan — „yrði fylgt og að mörkuð yrði stefna fyrir greiðslu fyrir afnotaréttinn með hliðsjón af afkomu fiskveiða.“ — Ekki fyrirtækja, heldur afkomu fiskveiða.

„Nefndin lagði til að veiðigjaldið yrði tvískipt, annars vegar fastur hluti sem tæki mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem réðist af afkomu greinarinnar og er þetta ítarlega útfært í skýrslu nefndarinnar,“ þ.e. tvískipt fast gjald og rentugjald, nákvæmlega það sem fjallað er um í veiðigjaldalögunum og kveðið á um að sé gert sem hlutdeild af arðsemi í greininni en ekki einstakra fyrirtækja.

Um hvað fjallar þetta frumvarp og hver er afleiðing þess verði það að lögum óbreytt eins og stjórnarmeirihlutinn virðist ætla að keyra hér í gegn án þess að gera hina minnstu tilraun til að ræða við stjórnarandstöðuna eða taka tillit til umsagnaradila? Ég ítreka að ekki ein einasta hugmynd af þessum 17 eða 18 fundum sem menn segjast hafa setið um þetta mál, og ég efast ekki um að þeir hafi allir

verið yndislegir og skemmtilegir, sem þangað barst virðist hafa verið það verðug að hún verðskuldaði umfjöllun eða að vera tekin upp í þinginu. Mikið vita menn ef þeir eru svo óskekulir að þeir geti lagt fram frumvarp af þessari stærðargráðu og þessu umfangi og hunsað allar ábendingar eins og þær leggja sig.

Pólitískur hroki einkennir þá sem slíkt gera. Það er kannski einkennandi fyrir það sem er að gerast í þinginu núna, það er pólitískur hroki í mörgum þeirra mála sem hér eru lögð fram, voru meðal annars til umræðu í morgun varðandi Ríkisútvarpið og hafa verið í umræðu varðandi önnur mál. Hlutirnir skulu bara gerðir samkvæmt annaðhvort fyrir fram ákveðinni hugmyndafræði, fyrir fram ákveðnum markmiðum, kannski af greiðasemi við einhverja sem ætluðust til að þeim væri gerður greiði. Hvaða hvatar sem það eru á ekki að taka tillit til umsagna eða umfjöllunar í nefndum þar sem ekki einu sinni er boðið upp á umræðu í þessu máli.

Þetta frumvarp felur það í sér að sérstakt veidigjald, þ.e. renta af botnfisksveiðum, er þurrkað út. Það er tekið af. Það sem ég segi hérna segi ég ekki án þess að færa fyrir því einhver rök. Þau rök er meðal annars að finna í gögnum atvinnuveganefndar frá sérfræðingi sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið réð í vinnu til sín til að kanna afleiðingar af sínu eigin frumvarpi og áhrif þess. Þetta er niðurstaða sérfræðingsins. Hann segir gjaldið á botnfiski vera svo lágt að það þurrkist út, það hverfi, verði ekkert. Það þýðir að ekki er verið að borga neitt sérstakt veidigjald af botnfisksveiðum, þ.e. fastgjaldi sem var upp á 9,50. Menn hafa jafnvel haldið því fram að það væri líka of hátt af því að menn sjá færi á því að geta farið með þetta neðar. Þá koma menn og segja: Þetta er líka of hátt.

Þeir athuga hvort ekki sé hægt að kveikja í einhverjum með það. Hver veit nema það gerist í umræðunni hér að menn falli í freistni og lækki það líka?

Það gjald er sem sagt algjörlega þurrkað út. Þetta er ekki eingöngu skoðun þessa sérfræðings sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið réð til að rýna sitt eigið frumvarp. Þetta kemur líka fram í gögnum veidigjaldsnefndar sem hún lagði fyrir atvinnuveganefnd. Þar kemur þetta fram líka. Það kemur fram í fleiri umsögnum að þetta er afleiðingin. Þetta kostar 3,2 eða 3,4 milljarða á yfirstandandi ári og 6,2 á því næsta. Þetta eru áhrifin af því hvernig verið er að breyta gjaldinu og hverjar tekjurnar af því verða.

Það er ekki gerð minnsta tilraun til að skoða hvort sé möguleiki á að ræða einhverjar breytingar á þessu, hvort það sé rétt að gera þetta, hvort taka eigi tillit til umsagna, hvort ástæða sé til að ræða þetta eitthvað frekar. Það er heldur ekkert boðið upp á það.

Breytingartillögur minni hlutans miða að því að bregðast við þrem deilumálum sem hafa staðið um þetta veidigjaldafrumvarp, um athugasemdir sem hafa komið um gildandi lög og athugasemdir sem hafa komið frá þeim sem var ætlað að reikna út veidigjaldið, þ.e. veidigjaldsnefndinni.

Breytingartillögur minni hlutans eru í þrem liðum. Í fyrsta lagi að tekjuskattslögum verði breytt í þá veru að veidigjaldsnefndin hafi aðgang — og það sé hafið yfir allan vafa — að öllum þeim gögnum sem nefndin telur sig þurfa á að halda hjá ríkisskattstjóra til að geta reiknað út veiði-

gjöld. Þá væri búið að eyða því máli. Það var ekki mjög flókið. Það þarf að gera lagabreytingu í tekjuskattslögum til að eyða þessu máli.

Nú skulum við gefa okkur að þetta sé orðið of seint fyrst ekki var búið að opna á þessa heimild og veidigjaldsnefndin hafi hreinlega ekki tíma til að bregðast við, kalla eftir gögnunum, vinna úr þeim og reikna út gjaldið því að það þarf að gerast eftir ekki marga daga. Ég tel líklegt að það sé staðreyndin.

Þá gerir minni hlutinn breytingartillögu til að koma til móts við þá gagnrýni á veidigjöldin að þau leggist af meiri þunga á tiltekna stærðir af bátum og tiltekna tegund af útgerðarflokkum, að veidigjaldið leggist þar á af of mikilli hörku. Þessar tilteknu útgerðir eiga í mestum erfiðleikum með að greiða veidigjald, litlar og meðalstórar útgerðir í botnfisksveiðum með tiltölulega fáar fisktegundir í heimildir og geta ekki dreift veiðunum með sama hætti og stærri útgerðir sem hafa yfir fjölbreyttari heimildum að ráða. Hvernig gerum við það? Við hækkuð það sem kallað er frímark, þ.e. þau tonn sem menn þurfa ekki að greiða sérstakt veidigjald af, við hækkuð þann hluta og meira en tvöföldum líka þann hluta sem menn geta greitt hálf gjald af. Við verðum með frímark upp í 50 þús. þorskígildi og af næstu 200 þús. þorskígildum borga menn bara helminginn af ætluðu sérstöku veidigjaldi. Með þessu náum við til allra litlu og meðalstóru fyrirtækjanna sem talið er að hafi átt í erfiðleikum með að greiða veidigjaldið.

Þetta sýna gögn sem fylgja nefndarálitinu okkar, útreikningar og töflur, þetta verður niðurstaðan verði breytingartillögur okkar samþykktar. Þetta er það sem við vildum kynna meiri hluta nefndarinnar en hann vildi ekki heyra.

Í þriðja lagi leggjum við til að sú lækkan í frumvarpinu á sérstöku botnfisksgjaldi sem var skotið niður í 7,38 kr. verði tekin til baka og gjaldið aftur fært upp í 23,20. Við teljum ekki bara að sú tala sé flott og fin til að hafa og eigi bara að vera svoleiðis — hún er reyndar í núgildandi lögum — heldur hafa umsagnaraðilar sagt okkur nákvæmlega þetta. Þetta er það sem þarf að gera. Það þarf að koma til móts við litlar og meðalstórar útgerðir og fara með gjaldið aftur upp í 23,20. Þetta er ekkert mjög flókið.

Að öðru leyti getum við stutt þetta frumvarp og önnur ákvæði sem í því eru vegna þess að við erum tilbúin að skoða það. Við skoðuðum það og fórum yfir þau mál, m.a. gjaldið af uppsjávarfiski og sérstöku þorskígildin, af því að við erum tilbúin að ræða þau mál sem hingað koma í þeim tilgangi að ná utan um þau með einhverri sátt og samkomulagi um að afgreiða þau, ólíkt stjórnarmeirihlutunum sem baðst undan því að fá að sjá breytingartillögur minni hlutans, hvað þá að ræða þær með þetta í huga.

Með þessum hætti náum við utan um þær ábendingar sem okkur hafa borist frá því að veidigjöldin komu á til dagsins í dag. Við náum utan um það, leysum málin, bæði tæknilega séð og að öðru leyti. Um þetta finnst mér að eigi að geta verið ágætissátt og samkomulag. Hugsid ykkur lætin sem voru fyrir rúmu ári í samfélaginu þegar flotinn sigldi í land og menn fóru í land niðri á Austurvelli til að mót-mæla því að hér færi allt á hausinn eina ferðina enn ef eitt-hvað yrði gert. Þetta eru þá einu athugasemdirnar sem

standa eftir. Það er ekki verið að afnema lögin. Nei, nei, þetta er það sem stendur eftir, lagfæringin sem þarf að gera er að opna fyrir veiðigjaldsnefndina til að ná í upplýsingarnar sínar og koma til móts við litlar og meðalstórar útgerðir með því að auka frímarkið hjá þeim. Þetta er þá allt og sumt en var kallað að ætti að setja allt á hausinn fyrir rúmu ári. En menn eru ekki tilbúnir í þetta.

Hvers vegna það er veit ég ekki. Það eru engin rök fyrir því, engin slík gögn hafa borist atvinnuveganefnd. Það hefur ekki fengist rætt við stjórnarmeirihlutann, hvorki í atvinnuveganefnd né hér (Forseti hringir.) hvers vegna í ósköpunum þetta er. Af hverju taka menn ekki rökum og tillit til umsagna fyrst verið er að kalla eftir þeim?

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:26.

---

## 17. FUNDUR

mánudaginn 1. júlí,  
kl. 12 á hádegis.

### Dagskrá:

*Til iðnaðar- og viðskiptaráðherra:*

1. Stofnun og tilgangur ríkisoliufélags, fsp. ÖS, 10. mál, þskj. 10.

*Til mennta- og menningarmálaráðherra:*

2. Verðtrygging námslán, fsp. SII, 13. mál, þskj. 13.  
3. Framtíð Fisktækniskóla Íslands, fsp. PVB, 23. mál, þskj. 31.

### Aðalmenn taka sæti á ný:

Árni Þór Sigurðsson, 8. þm. Reykv. n. (1.7.)  
Guðlaugur Þór Þórðarson, 7. þm. Reykv. s. (1.7.)  
Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest. (1.7.)

### Vísun skýrslna til nefndar.

[12:02]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Forseti vill tilkynna að með bréfi dagsettu 28. júní síðastliðinn hefur forseti óskað eftir því við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sbr. ákvæði 8. tölulíðar 1 mgr. 13. gr. þingskapa, að hún fjalli um skýrslu um ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna og skýrslu um viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja.

### Varamaður tekur þingsæti.

[12:02]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Borist hefur bréf frá formanni þingflokks Bjartrar framfjarar um að 11. þm. Reykv. s., Óttarr Proppé, geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Bjartrar framfjarar í kjördæminu, Brynhildur S. Björnsdóttir. Kjörbréf Brynhildar hefur verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Brynhildur S. Björnsdóttir, 11. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[12:03]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Brynhildur S. Björnsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

### Stofnun og tilgangur ríkisoliufélags.

Fsp. ÖS, 10. mál. — Þskj. 10.

[12:04]

#### Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra veit er ég áhugaður um olíu, um Drekasvæðið og líka um að við notfærum okkur þann rétt sem við höfum til hlutdeildar Noregsmegin við Jan Mayen-miðlínuna. Þess vegna er ég líka áhugaður um hvernig og með hvaða hætti við setjum upp ríkisoliufyrirtæki.

Eins og hæstv. ráðherra man örugglega mælti ég fyrir tillögu, þegar ég var iðnaðarráðherra á sínum tíma, um að setja á stofn slíkt félag. Þá var það algerlega í gadda slegið samkvæmt þeirri tillögu, greinargerð og framsögu að félagið ætti að vera alfarið í eigu íslenska ríkisins, ekki mætti selja hlutina og sömuleiðis var sagt algerlega skýrt að félagið mætti ekki standa að vinnslu olíu. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að halda utan um hagsmuni íslenska ríkisins, og eins og ég sagði þá í framsöguræðu — ekki síst með tilliti til þess að á sínum tíma gerðu íslenskir sendimenn besta samning sem ég held að nokkru sinni hafi verið gerður fyrir hönd íslenska ríkisins árið 1981 þegar þeir öfluðu Íslandi fjórðungshlutdeildar Jan Mayen-megin miðlínunnar. Ísland mátti jafnframt bíða með ákvörðun þangað til byrjað væri að draga upp olíu þar á meðan Norðmenn þurfa hins vegar að taka ákvörðun um samsvarandi hlutdeild um leið og leit hefist okkar megin.

Á þeim tíma sagði ég einnig að rétt væri að bíða þangað til ljóst væri hver yrðu áform Noregs. Á síðasta ári tel ég að orðið hafi kaflaskipti. Þá lýsti norski olíumálaráðherrann því yfir að hann hygðist færa út norskar kvíar til þessa svæðis og einnig kom þá út fyrsta olíuskýrsla Norðmanna síðustu sjö árin og þar var allur fókus á því svæði. Þessi tímamót tel ég að leiði til þess að nú er tímabært að ráðast í þetta. Ég vil segja það alveg skýrt að ég er giska sáttur við stefnu nýju ríkisstjórnarinnar varðandi olíu- og Drekasvæðið, tek undir það sem þar segir að flestu leyti í stefnuyfirlýsingunni. Það er mjög í anda þeirra síðustu þriggja ríkisstjórna sem hafa starfað að þessum málum. Ég var iðnaðarráðherra í tveimur. Þess vegna vil ég brýna ráðherra til dáða og meginspurning mín er hvernig ríkisstjórnin hyggst setja þetta á stofn.

Einnig tel ég að miðað við orðanna hljóðan í stefnuyfirlýsingunni megi skilja hana þannig að ríkið ætli einnig að ráðast sjálft í olíuvinnslu. Það kemur mér á óvart. Ég tel að það sé óheimilt samkvæmt lögum nr. 166/2008 og þær aðrar spurningar varða ósk um skýringar hæstv. ráðherra á þeim orðum sem þar standa.

[12:07]

#### Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina og deili áhuga hans á þessu viðfangsefni og þeim málaflokki sem ég er að koma tiltölulega ný að í mínu nýja embætti. Ég get strax í upphafi róað hv. þingmann um að ekki er að verða stefnubreyting hér á frá því sem hann rakti vel í fyrirspurn sinni.

Eins og fram kemur í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar mun ríkisstjórnin stuðla að aukinni þekkingu á sviði leitar og vinnslu á olíu og gasi hjá íslenskum aðilum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með ýmsis konar undirbúningsvinnu og yfirferð á regluverki í kjölfar nýlegrar útgáfu rannsóknar- og vinnsluleyfa á Drekasvæðinu. Í öðru lagi með auknu samstarfi við nágrannalönd og í þriðja lagi, sem hv. þingmaður spyr um, með stofnun sérstaks ríkisólufélags.

Stofnun ríkisólufélags til að gæta íslenskra hagsmuna er því einn liður í því að stuðla að aukinni þekkingu innlendra aðila á þessu sviði. Eins og hv. þingmaður nefndi er sérstök heimild þegar til staðar í lögum til að stofna ríkisólufélag um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þetta eru lög nr. 13/2001, með breytingum sem hv. þingmaður nefndi frá árinu 2008. Þar kemur skýrt fram í athugasemdum við lagafrumvarpið, með leyfi forseta:

„Þess ber þó að gæta að ekki er lagt til að íslenska ríkið taki beint þátt í vinnslu á kolvetni heldur er um að ræða að gæta hagsmuna íslenska ríkisins er varða auðlindina sjálfa sem og fjárhagslega hagsmunir ríkisins af vinnslu kolvetnis.“

Ég vil því svara því hreint út að ekki stendur til að slíkt ríkisólufélag starfi sem vinnslufyrirtæki og því er ekki að verða nein breyting á þeim lögum enda er í fyrrnefndum lögum kveðið á um að það sé óheimilt. Ég ítreka að það stendur ekki til á þessu stigi að minnsta kosti að víkja frá því. Hvað seinna gerist í framtíðinni er annarra að taka ákvörðun um, en hér er ekki verið að víkja frá þeirri stefnu.

Ríkisólufélagið mundi hafa með höndum gæslu íslenskra hagsmuna vegna olúvinnslunnar til dæmis á þeim hluta Jan Mayen-hryggjarins sem tilheyrir norskri efnahagslögsögu samanber samkomulagið sem hv. þingmaður nefndi og ég get tekið undir að sé einn af bestu samningum sem íslenska ríkið hefur gert frá árinu 1981. Í grunninn gæti fyrirmyndin að hinu íslenska ríkisólufélagi verið hið norska ríkisólufélag Petoro en það félag er í eigu norskra stjórnvalda og heldur utan um þau sérleyfi til leitar og vinnslu á olíu og gasi sem er í eigu norskra stjórnvalda og gætir þannig hagsmuna Noregs. Þannig fer Petoro með 25% hlut í þeim tveimur sérleyfum sem veitt var í byrjun árs af Orkustofnun til rannsókna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu.

Ekki liggur fyrir nákvæm tímasetning um hvenær ráðherra hyggist notfæra sér áðurnefnda heimild í kolvetnislögum til að stofna ríkishlutafélag. Það þarf að skoða þá þætti vel, alla þætti málsins innan stjórnvísunnar og er vinna þegar hafin á því innan hennar. Í því skyni ber að hafa í huga, og sérstaklega í ljósi orða hv. þingmanns um kaflaskiptin, að ekki er ráðgert að norsk stjórnvöld hefji útboð á sérleyfum innan norska hlutans á Jan Mayen-svæðinu fyrr en árið 2015 í fyrsta lagi.

Íslensk stjórnvöld ættu í því útboði rétt á 25% þátttöku í veittum leyfum með vísan til Jan Mayen-samkomulagsins fyrrnefnda. Hins vegar ber að geta að Íslendingar, og það er kannski það sem gerir þetta samkomulag svo hagstætt fyrir okkur, þurfa ekki samkvæmt samkomulaginu að nýta rétt sinn fyrr en boranir hafa gefið upplýsingar um að olía sé fundin í vinnanlegu marki. Með vísan til þessa má því segja

að nægur tími sé til að stofna ríkisólufélagið ef horft er til gæslu íslenskra hagsmuna á Jan Mayen-svæðinu.

Ég tel hins vegar farsælast að fá skýrar línur í þessi mál fljótlega og vísa í stjórnarsáttmálann með það að markmiði. Það er ætlan mín að kynna fyrir lok komandi löggjafarþings með hvaða hætti slíkt ríkisólufélag eða olúfúfélag í eigu ríkisins verði stofnsett og formgert og er undirbúningur þess þegar hafinn innan stjórnvísunnar. Við höfum sem sagt tímamót fyrir okkur og ég sé fyrir mér að þetta væri dæmi um mál sem hægt væri að hefja vinnu við, að skrifa frumvarp í ráðuneytinu, leggja það jafnvel fram til kynningar og leita umsagna áður en það verður lagt fram á þinginu til endanlegrar afgreiðslu.

[12:12]

#### **Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson) (Sf):**

Herra forseti. Ég var ekkert órólegur yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli en hins vegar get ég viðurkennt að það róar allmjög sál mína að vita að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að ekki sé um að ræða neina stefnubreytingu frá því sem mótað var af fyrri ríkisstjórnnum í þessum efnum.

Ég er fullkomlega sáttur við þessi svör hæstv. ráðherra. Það er kannski dálftil frónía í því að ég, gamall radfíkal og kommi, skuli vera mjög sammála ráðherra Sjálfstæðisflokks um það að ein af forsendum þess að við getum nýtt íslenska olíu sé að stofna ríkiseinokunarfélag. En við áttum þá eftir að fallast í faðma af hugmyndafræðilegum ástæðum eftir allt saman.

Það sem ég vil brýna fyrir ráðherranum og það sem ég tel að sé mikilvægast í málinu núna er að halda áfram þeim viðræðum sem hafa verið við nágrannaríkin, Noreg og Grænland, um að miðstöð þjónustu við öll olúsvæði norðan Íslands verði á Íslandi. Það er ekki hægt að veita neina þjónustu við leit við fyrirhuguð svæði út af Norðaustur-Grænlandi og hægt er að færa sterk náttúruverndarrök fyrir því að miklu heppilegra væri, ef unnin verður olía á miðlínunni, að sinna þjónustunni frá Íslandi en annars staðar frá. Ég tel að fyrstu verðmætin sem Íslendingar munu öðlast af leitinni verði í krafti þjónustunnar. Við sjáum í Færeyjum hvernig þar, án þess að nokkur dropi af olíu hafi fundist, hefur sprottið upp margvíslegur iðnaður sem hefur sótt út fyrir Færeyjar sem þjónustar olúsvæði og veitir Færeyjum fast að 10 milljörðum árlega í tekjur. Á Íslandi ef þrjú leitarvæði yrðu, Noregsmegin, á Drekasvæðinu og út af Norðaustur-Grænlandi, er alveg klárt að í kringum þau gæti sprottið iðnaður sem gæti veitt kannski tugmilljarða á hverju ári inn í íslenskt samfélag, þó að ekki sé nein olía.

[12:14]

#### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Það er gott að hv. þingmaður er rólegur yfir þessu öllu saman. Það þarf svo sem ekki að koma honum svo mikið á óvart að við skulum vera sammála um þetta. Ég minni á, Samfylkingin virðist nú stundum gleyma því, að við vorum saman í ríkisstjórn árið 2008 þegar hv. þingmaður, þáverandi hæstv. ráðherra, flutti umrætt frumvarp. Það hefur væntanlega farið í gegnum báða stjórnarflokkana á þeim tíma þannig að hv. þingmaður þarf ekki að



undrast að sú sem hér stendur sé sammála þeirri stefnu sem þar var mörkuð.

Að öllu þessu sögðu er ánægjulegt að heyra að við séum sammála um það, að minnsta kosti við tvö sem hér eigum orðaskipti, að málið sé þannig vaxið að við þurfum að gæta íslenskra hagsmuna og það eru þeir sem ég tel að við þurfum öll að sameinast um að fara fyrir og það er ánægjulegt að við höfum tíma fyrir okkur eins og ég rakti áðan í ræðu minni. Við getum og það er ætlan ríkisstjórnarinnar að standa þannig að málum að við viðum að okkur þekkingu, við byggjum upp reynslu og getu innan stjórnvísunna til að takast á við þetta gríðarlega mikilvæga verkefni sem er að vísu dálítið inni í framtíðinni enn þá. Þetta tekur allt sinn tíma en það er líka ágætt. Þá getum við vandað okkur og gert þetta þannig úr garði að þegar til þess kemur að fara að taka ákvarðanir um vinnsluna og hvernig henni verður hátt að erum við búin að undirbyggja málið vel. Ég fagna því að svo virðist vera að samstaða sé milli mín og hv. þingmanns um það mál.

Umræðu lokið.

### **Verðtryggt námslán.**

Fsp. SII, 13. mál. — Pskj. 13.

[12:16]

#### **Fyrirspyrjandi (Sigríður Ingibjörg Ingadóttir) (Sf):**

Hæstv. forseti. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Sigmondar Davíðs Gunnlaugssonar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun með markvissum aðgerðum taka á skuldavanda íslenskra heimila sem er til kominn vegna hinnar ófyrirsjáanlegu höfuðstólshækkunar verðtryggðra lána sem leiddi af hrúni fjármálakerfisins. Grunnviðmiðið er að ná fram leiðréttingu vegna verðbóluskots árána 2007–2010 en í því augnamiði má beita bæði beinni niðurfærslu höfuðstóls og skattalegum aðgerðum. Um verður að ræða almenna aðgerð óháð lántökutíma með áherslu á jafnræði.“

Í stefnuýfirlýsinguinni er mikil áhersla lögð á jafnræði niðurfellingar skulda. Í nýsamþykktu þingsályktun um skuldamál heimila er fjallað sérstaklega um forsendubrest vegna verðbólgu á árunum 2007–2010. Námslán eru hluti af skuldum heimilanna. Þau eru verðtryggt og hækkuðu gríðarlega á árunum 2007–2010. Í árslok 2006 voru námslán 76 milljarðar en voru árið 2010 um 129 milljarðar kr. Skuldir vegna námslána jukust því um 70% á fjórum árum eða um 53 milljarða. Námslán hafa hækkað gríðarlega og langt umfram kaupmátt. Það hefur þau áhrif að þeir sem tóku námslán eru mun lengur að greiða slík lán til baka en gera mátti ráð fyrir.

Taka má dæmi af láni grunnskólakennara með eitt barn og meistarágráðu. Lán kennarans hefur hækkað um 60% frá árinu 2005 þegar námi lauk þrátt fyrir afborganir í sjö ár. Telja má fullvíst að kennaranum endist ekki ævin til að greiða lánið til baka. Hefði verðlag verið stöðugt frá því að kennarinn hóf nám hefði honum að líkindum tekist að greiða lánið á starfsævi sinni við um það bil 70 ára eða 71

árs aldur. Til að upprunalegu forsendur um endurgreiðslu standist þurfa laun grunnskólakennarans að hækka um 50% frá árinu 2013.

Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra: Mun menntamálaráðherra á haustþingi leggja fram frumvarp um niðurfærslu höfuðstóls verðtryggðra lána, t.d. um 20%? Mun menntamálaráðherra leggja fram frumvarp um afnám verðtryggingar á nýjum námslánum í samræmi við aðrar hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar um afnám verðtryggingar? Mun menntamálaráðherra leggja fram frumvarp um að námslán sem í dag eru verðtryggt verði færð yfir í óverðtryggt lán eins og fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um önnur lán, verðtryggt lán bendir til?

[12:19]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, fyrir fyrirspurnina. Ég vil segja í upphafi að ég hef ekki í hyggju að leggja fram frumvarp á haustþingi um þau mál sem spurt er um í fyrirspurn hv. þingmanns. Það hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar á Alþingi um aðgerðir gegn skuldavanda heimilanna á Íslandi.

Ég geri ráð fyrir því að mál er varða höfuðstólshækkun námslána og verðtryggingu slíkra lána muni koma til skoðunar þegar annars vegar niðurstaða sérfræðingahóps sem leiðir til þess að leiðrétta höfuðstólshækkun verðtryggðra húsnaðislána liggur fyrir og hins vegar niðurstaða sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar á neytendalánum.

Það er gert ráð fyrir að sérfræðingahópur sem fjallar um leiðir til að ná fram höfuðstólshækkun verðtryggðra húsnaðislána skili tillögu sinni í nóvember 2013 og að sérfræðingahópurinn sem fjallar um afnám verðtryggingar á neytendalánum skili niðurstöðu sinni í árslok 2013.

Í framhaldi af niðurstöðu sérfræðinganevndanna mun ég fela stjórn lánasjóðsins að fara yfir málið.

[12:21]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég ætla að blanda mér aðeins í umræðuna og gera stutta athugasemd sem heimilt er samkvæmt þingsköpum.

Það kemur mér satt að segja á óvart að hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra skuli í raun og veru ætla að kasta því máli sem hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur gert að umtalsfni inn í framtíðina með þeim hætti sem hann gerir í svari sínu. Auðvitað urðu það mikil vonbrigði fyrir marga, kom okkur í núverandi stjórnarandstöðu kannski ekki mikið á óvart en það urðu örugglega vonbrigði fyrir marga úti í samfélaginu að í þeirri þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir þingið, þar sem ríkisstjórnin fór fram á að þingið fæli ríkisstjórninni að undirbúa alls konar aðgerðir í þágu heimilanna, skuli ekki vera tekið á því máli sem hér er vakið máls á.

Ef jafnræðisreglan á að vera í heiðri höfð þá verða námsmenn að vera í þessum hópi og þess vegna er ekki um annað að ræða en að brýna hæstv. ráðherra og spyrja hvort hann muni í öllu falli ekki beita sér fyrir því að mál þeirra

verði tekin sömu tókum og önnur mál sem varða leiðréttingu á verðtrygðum lánnum.

[12:22]

**Fyrirsprjandi (Sigríður Ingibjörg Ingadóttir) (SF):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmanni fyrir umræðurnar. Ég þakka svörin frá hæstv. ráðherra en ég harma það að hann sé ekki afdráttarlausari í því að sama gildi um verðtrygð námslán heimilanna og húsnæðislán heimilanna. Í ljósi jafnræðis er fráleitt að ráðherrann gangi ekki fram fyrir skjöldu til að verja umbjóðendur sína eða þá sem eru með námslán og heyra undir ráðuneyti hans til að tryggja að engin mismunun verði þar á ferðinni en dálítið óljós skilaboð hafa komið varðandi námslánin og hlaupið í og úr. Það er mikilvægt að þetta liggja fyrir.

Fjöldi stétta er með margra ára háskólanám að baki en með meðaltekjur, til dæmis hjúkrunarfræðingar og kennarar. Svo ber líka að líta til þess að námslán vegna skólagjalda á Íslandi hófust á þessari öld og það er því fjöldi íslenskra heimila sem greiðir niður rekstur háskóla með tekjum sínum út starfsævina. Ég vil vinsamlegast benda ráðherra á að það verður aldrei fallist á að hægt verði að færa niður sum verðtrygð lán og önnur ekki.

Ég er ánægð með að hann ætlað að ræða við stjórn lána-sjóðsins varðandi útfærslur á þessu og tel að hann eigi að gera það nú þegar sé ríkisstjórninni í raun og veru alvara með fyrirætlunum sínum gagnvart skuldugum heimilum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að hafa fullt samráð við hagsmunasamtök sem að þessu máli koma varðandi slíka niðurfærslu.

[12:24]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það var rétt sem hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir nefndi áðan, eða kom fram í máli hennar öllu heldur, að hér er ekki um að ræða námsmenn. Hér er um að ræða þá sem hafa nú þegar tekið námslán sem tóku þessum breytingum á þeim verðbólguútíma sem verið er að vísa til, og verið er að skoða slík lán. Aftur á móti nefndi hv. þingmaður eitt í fyrirspurn sinni, sem ég hef kannski ekki gert alveg nægilega grein fyrir, þ.e. spurningin um hvort breyta eigi námslánnum sem nú eru verðtrygð í óverðtrygð lán. Ég vildi kannski nefna það sérstaklega vegna þess að það er ekki alveg sjálfgefið að það henti öllum að gera slíkt. Það að breyta yfir í óverðtrygð lán hangir þá á því að lítill verðbólga sé og menn haldi henni í skefjum (Gripíð fram í.) — Það sem ég er að nefna er bara það að almennt er ég ekki viss um að það borgi sig að setja einhver lög sem algerlega loki á slíkt, það er bara mín skoðun og ég gerði mjög vel grein fyrir henni fyrir kosningar og er enn þeirrar skoðunar að það gæti verið óskynsamlegt að banna mönnum slíkt.

Það sem skiptir mestu máli í þessari umræðu er að fyrir liggur þingsályktunartillaga um hvernig skuli staðið að þeim málum. Það er undir forustu hæstv. forsætisráðherra. Ég tel að skynsamlegt sé og eðlilegt að þetta fljóti allt saman þannig að niðurstöður þeirrar vinnu liggja þá fyrir. Ég tel að þessi fyrirspurn sé ágætlega til þess fallin að vekja at-

hygli á einmitt þessum lánnum. (**Gripíð fram í:** Þú er þá ósammála stefnunni.) Hér er kallað fram í að ég sé ósammála stefnunni. Nei, það er langt í frá. Ég er mjög sammála því að grípa þurfi til aðgerða og ég er sammála því verklagi sem lagt er upp með, þ.e. að skipa sérfræðinefndir til að tryggja að þetta verði einmitt heildræn og heildstæð nálgun til að taka á vandanum öllum í heild en ekki í einhverjum bitum. Þess vegna svara ég með þessum hætti. Ég tel að þessi lán eins og önnur sem um er verið að fjalla eigi að fara saman í þessari vinnu, menn eigi ekki að taka og rífa það úr einhverju samhengi.

Umræðu lokið.

**Framtíð Fisktækniskóla Íslands.**

Fsp. PVB, 23. mál. — Þskj. 31.

[12:26]

**Fyrirsprjandi (Páll Valur Björnsson) (Bf):**

Hæstv. forseti. Mig langar að gera stutta grein fyrir fyrirspurn minni til hæstv. menntamálaráðherra.

Fisktækniskóli Íslands var stofnaður af fyrirtækjum og stéttarfélagum í sjávarútvegi, fræðsluaðilum, Grindavíkurbæ og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum árið 2009. Markmiðið með stofnun skólans var að efla grunnmenntun á sviði veiða, vinnslu og fiskeldi á framhaldsskólastigi og leita nýrra leiða í starfstengdu námi en ekkert heildstætt nám hefur verið í boði á þessu stigi frá því að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði var lagður af.

Skólinn fékk formlega viðurkenningu sem sjálfstæður skóli á framhaldsskólastigi og útgefið starfsleyfi með samningi haustið 2011 en sá samningur rann út núna í lok júní, í gær nánar tiltekið, og hefur ekki verið endurnýjaður.

Í vor luku 12 nemendur námi í dagskóla á fyrstu önn og með þeim 18 nýnemum sem sótt hafa um fyrir haustið er útlit fyrir að yfir 30 nemendur stundi grunnám á fyrsta ári næsta vetur í Grindavík. Mikill áhugi er víða um land að koma upp svipuðu námsframboði í samstarfi við skólann í Grindavík og áform eru uppi um dreifnám einstakra áfanga sérgreina í haust en markmið skólans er að námið verði boðið sem víðast.

Þá hefur skólinn staðið fyrir og/eða komið að námskeiðum á síðasta ári fyrir hátt í 1.200 starfsmenn í sjávarútvegi um land allt og þar af 300 bara í Grindavík. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir undir liðnum sjávarútvegsmál, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin vill efla fræðslu og menntun í sjávarútvegi, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu og ekki síst til þess að takast á við ný verkefni samfara vöruþróun, nýsköpun og markaðs- og sölustarfi.“

Eitt meginmarkmiðið með samningi sem menntamálaráðherra gerði við skólann 2011 var að þróa samstarf um kennslu í fisktækni í framhaldsskólum á Íslandi, vera leiðandi í mótun vinnustaðanáms í fisktækni á landsvísu, þar með gerð ferilbóka og eftirlit með gæðum náms, þróa raunfærnimat og nám í fisktækni fyrir fullorðna í samstarfi við framhaldsfræðsluaðila, kynna nám í fisktækni fyrir nemendum í grunnskólum á Suðurnesjum og á landsvísu, sjá

um kennslu í fisktækni samkvæmt samningum við framhaldsskóla og framhaldsfræðsluáðila.

Í ljósi yfirlýsingar í stjórnarsáttmálanum og þess að skólinn hefur nú þegar áunnið sér sess og stuðning allra helstu hagsmunaaðila, þar með talið starfsgreinaráði sjávarútvegsgreina sem er ráðherra til ráðgjafar í menntamálum á þessu sviði, leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hver er stefna núverandi menntamálaráðherra í mál-efnum Fisktækniskóla Íslands? Ætlar hæstv. menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að skólinn fái sinn sess sem sjálfstæður skóli á framhaldsskólastigi og hann fái framlög á fjárlögum eins og aðrir skólar?

[12:29]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikilvægt mál. Menntun í sjávarútvegi hlýtur að vera ekki bara forgangsmál heldur eðli máls samkvæmt mikilvæg, því að um er að ræða grunn- og undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Afraksturinn af því menntastarfi sem þar er unnið — eftir því sem menntun þeirra sem þar starfa er meiri, því meiri vonir getum við gert okkur um arðsamari sjávarútveg. Þess vegna er það mikilvæg fyrirspurn sem hér er borin fram og ég vil því þakka hv. þm. Páli Vali Björnssyni fyrir fyrirspurnina og að vekja athygli á þessu máli.

Ég vil segja eitt áður en ég sný mér að hinni formlegu hlið svarsins að mér eru að nokkru kunn málefni fiskvinnsluskóla. Þannig var að fyrsta starf sem ég hafði með hendi í ráðuneyti eitt sumarið var að vinna einmitt að endurskipulagningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, þ.e. námskrár og breytinga þar á. Mér eru þessi mál því nokkuð kunn og hef fylgst þokkalega með þróuninni. Ég vil segja að á þessu stigi hef ég ekki mótað neina sérstaka stefnu um málefni Fisktækniskóla Íslands. Ég vona að þingmaðurinn hafi umburðarlyndi gagnvart því. Ekki er langt síðan ríkisstjórnin tók við völdum og ég við mínu embætti. Ég hef því ekki sett algjörlega niður fyrir mér hvernig þetta verður.

Það er rétt sem hér hefur verið sagt að gerður var samningur í september árið 2011 á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og Fisktækniskóla Íslands ehf. hins vegar um tilraunakennslu skólaárið 2011–2012 og 2012–2013. Eins og réttilega kom fram er samningurinn nú runninn út.

Fisktækniskólinn fékk viðurkenningu samkvæmt reglugerð nr. 426/2010 sem einkaskóli á framhaldsskólastigi og nær sú viðurkenning til sama tíma og fyrirnefndur samningur. Á fjárlögum fyrir 2013 er 8 millj. kr. fjárheimild til Fisktækniskólans en auk þess hefur skólinn fengið greitt fyrir kennslu nemenda af tímabundnum fjárheimildum verkefnisins *Nám er vinmandi vegur*. Í forsendum þess samnings, sem var nú að renna út, var gert ráð fyrir kennslu allt að 30 nemenda. Reynslan hefur verið sú að fjöldi nemenda hefur verið mun minni og á vorönn 2013 voru þeir 12.

Síðastliðinn vetur áttu sér stað viðræður milli ráðuneytisins og Fisktækniskólans um möguleika á framlengingu samnings við skólann. Ráðuneytið taldi sig ekki hafa fjárheimildir til að koma til móts við óskir Fisktækniskólans um fjárframlög og því náðist ekki samkomulag um nýjan

samning. Það er staða málsins og sú staða sem ég fæ íarf að samningaviðræður síðastliðinn vetur báru ekki árangur.

Ég er líka mjög meðvitaður um að það er vandi fyrir skóla að afla og fá til sín nemendur ef menn geta ekki verið vissir um framtíðina. Ég tel það því ekki mjög afgerandi rök, þ.e. nemendafjöldinn, ef á sama tíma skóli getur borið fyrir sig að meiri fyrirsjáanleika vanti og öryggi í rekstur stofnunarinnar. Rétt er að hafa það í huga.

Síðan er spurt að því sérstaklega hvort menntamálaráðherra vilji „beita sér fyrir því að skólinn öðlist fastan sess sem sjálfstæður skóli á framhaldsskólastigi“. Þá vil ég segja í því samhengi að ekki er ljóst á þessu stigi hvort Fisktækniskólinn uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu sem sjálfstæður skóli á framhaldsskólastigi. Kannaðir hafa verið möguleikar, skilst mér, á samstarfi Fisktækniskólans um nám í fisktækni við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum sem og annars staðar á landinu. Mögulegt er að það geti skapað forsendur fyrir rekstri sem sjálfstæðar einingar eða sem hluti af annarri stofnun. En enn og aftur, ég vil ítreka að ég hef ekki mótað afgerandi eða sérstaka stefnu í mál-efnum þessa sérstaka skóla og því get ég einungis sagt: Ég geri mér grein fyrir að þessi samningur er runninn út. Samningar náðust ekki á liðnum vetri og það er því ekki mikill tími til stefnu til að bregðast við. Ég mun setjast yfir það í framhaldinu með embættismönnum mínum að fara nákvæmlega í gegnum það hvaða möguleika við höfum til að bregðast við þeirri stöðu sem er þar af leiðandi komin upp.

[12:34]

**Vilhjálmur Árnason (S):**

Virðulegur forseti. Ég vil koma hér og þakka fyrir og fagna því að umræðan sé komin hingað og að málið sé komið á borð hæstv. menntamálaráðherra. Ég er ánægður að heyra að hann skilur mikilvægi verkefnisins því að verkefnið er mjög mikilvægt. Ég veit að stjórnendur Fisktækniskólans í dag leggja mikla áherslu á sjálfstæði sitt til þess að geta tryggt eðlilega framþróun og að hafa þetta sem öfl-ugast.

Það ánægjulegasta er að þarna kemur atvinnuvegurinn að þessu líka. Hann kemur að því með mjög mikinn bæði fjárstuðning og faglegan stuðning og hjálpar verkefninu áfram. Það sýnir hversu mikilvægt verkefnið er og hvað það getur skilað miklum árangri. Ég vil segja að lokum að það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með Fisktækniskól- anum þann tíma sem hann hefur starfað og þá sér maður al-veg hversu mikilvægt verkefnið er og við skulum sameinast um að tryggja því framgang.

[12:36]

**Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu um Fisk- tækniskóla Íslands, en ég minni á að sporin hræða. Við höfðum Fiskvinnsluskóla sem staðsettur var í Hafnarfirði, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Fiskvinnsluskólinn rann inn í Flensborg, hann rann inn í Fjölbrautaskóla Hafn- arfjarðar og þar dó hann drottinn sínum. Við skulum forðast að láta það endurtaka sig.

Þetta er tilvalið tækifæri til þess að tengja skóla við at-

vinnulífið, tækifæri til að minnka brottfall úr skólum hér á landi. Takk fyrir.

[12:37]

**Össur Skarphéðinsson (Sf):**

Herra forseti. Ég er algjörlega sammála þeim tveimur hv. þingmönnum sem hafa tekið til máls undir þessari fyrirspurn hv. þm. Páls Vals Björnssonar. Ég tel að þörf sé á þessum skóla og mér sýnist að uppleggið sé akkúrat það sem menn eins og ég og hæstv. menntamálaráðherra hafa verið að kalla eftir, að atvinnulífið komi með nokkuð drjúgu-um krafti að þessu máli.

Ég skil fullkomlega að hæstv. ráðherra hafi ekki á örskömmum tíma sínum í embætti mótað stefnu í þeim málum en verð að segja að mér finnast svör hans ekki lofa góðu. Hæstv. ráðherra tekur skýrt fram að hann sé fullur efasemaður um að hægt sé að lyfta þessum skóla upp á stig framhaldsskólans. Sömuleiðis sýnist mér á hæstv. ráðherra að ólíklegt sé að ráðuneytið telji það fararinnar virði að gera samkomulag um áframhaldandi stuðning við skólann.

Þess vegna langar mig til þess að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann telji ekki þörf á því að leggja fram (Forseti hringir.) þingsályktunartillögu um menntun á sviði fiskvinnslunnar. Ég tel brýnt að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) hreinsi loftið með því að skýra framhaldið þegar við komum aftur saman í haust.

[12:38]

**Fyrirspyrjandi (Páll Valur Björnsson) (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og svör hæstv. menntamálaráðherra. Ég er alveg sammála, ég hefði viljað hafa þau afráttarlausari þannig að skólinn fengi örugglega framgang og yrði á fjárlögum á næsta ári. Það er gríðarlega mikilvægt. Skólinn hefur sannað gildi sitt, sérstaklega í vetur. Hann nefndi að það hefur gengið illa að fá nemendur inn í skólann en það var vegna þess að starfsleyfin komu svo seint að búið var að missa nemendur þess árs sem voru að sækja um í skólanum, það var búið að missa þá í aðra skóla. Það var ástæðan fyrir því að þetta gekk svona brösuglega og hefur gengið mjög illa. Það er í rauninni allt vegna þeirrar miklu óvissu sem hefur ríkt um skólann. Það er sú óvissa sem er alls staðar í þjóðfélaginu, ég er ekkert að segja það, sem þarf að eyða. Eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna úr Grindavík og hjá hv. þm. Össuri ... (Gripið fram í.) Já, er þetta gríðarlega mikilvægur skóli, ekki síst í ljósi þess að þetta er ein mikilvægasta atvinnugrein okkar Íslendinga og líka í ljósi þess að við erum með tvo landbúnaðarháskóla. Það er í rauninni alveg ótrúlegt að þessum skóla hafi ekki verið komið á laggirnar fyrir löngu því að það hefur átt sér stað mikil nýsköpun og þróun í sjávarútvegi á undanförunum árum. Ég get nefnt Codland og Sjávarklasann og sem til dæmis leggja mikla áherslu á að þessi skóli vinni saman með þessu verkefni sem er ótrúlega spennandi og í því er fólgið að auka virði fiskafla á Íslandi.

Við stöndum framfarir öðrum þjóðum í því. Við erum „stórstær“ í því. Það eru samsvarandi skólar til dæmis á Norðurlöndum — (ÖS: Íslenska er þingmálið.) Já, við erum stærstir, herra forseti, í því. Þeir eru myndarlega styrktir og eru jafnvel með skip og kvóta og eru mjög eftirsóttir

skólar, bæði í Danmörku og Noregi. Nýlega fékk Fisktækniskóli Íslands 13 millj. kr. frá norrænu ráðherranefndinni til að auka samstarf milli þessara skóla undir stjórn íslenska skólans.

[12:41]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hvað varðar ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá verð ég að segja eins og er að nær hefði verið að hv. þingmaður hefði sýnt þessu máli áhuga meðan samningaviðræður stóðu yfir síðastliðinn vetur. (ÖS: Ég vissi ekki af þeim.) Það er reyndar þekkt núna — ég get alveg skilið það með hv. þingmann Samfylkingarinnar, sem nú hafa áhyggjur af stöðu sinni í skoðanakönnunum, að þeir vilji undir rós ráðast þínulítið gegn þingmönnum Vinstri grænna og ráðherratíð þeirra af því að vandinn liggur í því að ekki var tekið á málinu síðasta vetur, þegar það var uppi og var verið að ganga frá þessum samningum. Það er svolítið viðurhlutamikið, að mínu mati, að koma svo og segja núna, þegar við höfum haft þennan skamma tíma: Hér er allt í kaldakoli. Þá er miklu nær fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson að fara bara beint í málið og vera ekki að hafa mig sem millilið í þessu. Það er miklu árangursríkara að fara bara beint í Vinstri græna.

En svarið við þessu er þetta: Ég mun að sjálfsögðu setjast yfir þetta mál. Ég hef farið yfir það að ég tek algerlega undir það sem sagt hefur verið varðandi mikilvægi þessa skóla og mikilvægi þessa náms. Auðvitað er það námið sjálft sem skiptir mestu máli, ekki endilega fyrirkomulagið eða hvað það heitir heldur innihald námsins, að það sé í boði og sé aðgengilegt.

Þess vegna er svolítið vont, það verður bara að segja það eins og er, að við skulum ekki hafa haft betri tíma fyrir þetta, að ekki skuli hafa verið tekið betur á málinu síðastliðinn vetur þegar menn höfðu meiri tíma til þess. Það leysir okkur ekki undan því að bregðast við og ég ítreka að ég mun setjast yfir það með embættismönnum mínum og ég mun líka kalla til mín forustumenn skólans til að ræða við þá um hvernig best verður að þessu staðið.

Enn og aftur: Þarna er mjög gott tækifæri til að búa til mjög gott samstarf á milli hins opinbera og atvinnulífsins og þessarar mikilvægu atvinnugreinar um menntamál innan greinarinnar. Við eigum að reyna að nýta það og ekkert annað að gera en fara í þá vinnu nú á næstu dögum.

Umræðu lokið.

Fundi slitið kl. 12:43.

## 18. FUNDUR

mánudaginn 1. júlí,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Neytendalán, frv., 26. mál, þskj. 46. — 3. umr.
3. Veidigjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60. — Frh. 2. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.  
Eygló Harðardóttir fél.- og húsnrh., 2. þm. Suðvest.  
Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.

[15:02]

### Útbýting:

Seðlabanki Íslands, 20. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 61.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[15:02]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Til svara eru fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra.

#### Ályktun Evrópuráðsins og landsdómur.

[15:03]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Í síðustu viku ályktaði Evrópuráðsþingið um mál er varða aðskilnað stjórnmalalegrar og refsiréttarlegrar ábyrgðar stjórnmalamanna. Í framhaldi af því hefur hæstv. fjármálaráðherra réttilega, og ég vil hrósa honum fyrir það, mælt fyrir því að lög um landsdóm verði felld úr gildi og að sú stofnun verði lögð niður. Ég held að sú reynsla sem við gengum í gegnum á síðasta kjörtímabili í landsdómsmálinu hafi hvorki verið okkur til sérstaks ávinnings né virðingarauka eða skilað okkur miklum almennum ávinningi í íslenskrí stjórnmalaumræðu.

Ég tel líka að okkur beri skylda til þess að taka alvarlega ábendingar Evrópuráðsþingsins. Evrópuráðið skiptir miklu máli. Það er grundvallarstofnun í því stjórnkerfi sem komið var á í Vestur-Evrópu í kjölfar seinni heimsstyrjaldar og hefur verið burðarás í þróun lýðræðis og mannréttinda og eðlilegra stjórnarháttar.

Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að það skipti miklu máli að grípa ekki til einhvers hálfkaks nú heldur taka raunverulega af skarið og leggja af ákvæði um landsdóm í stjórnarskránni. Nú búum við svo vel að fyrir þessu þingi liggur frumvarp mitt og tveggja annarra þingmanna til staðfestingar á frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna frá síðasta þingi sem gerir okkur kleift

að ráðast í slíka stjórnarskrárbreytingu án tafar og við þurfum ekki að bíða til loka kjörtímabils í því efni. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra (Forseti hringir.) hvort það sé ekki ágætisupphaf á sameiginlegri vegferð okkar til að brjóta nýja leið og bregðast við ályktun þings Evrópuráðsins ef við mundum sameinast um (Forseti hringir.) að veita brautargengi því frumvarpi til breytinga á stjórnarskipunarlagum sem liggur fyrir þinginu og sameinast um að (Forseti hringir.) leggja af landsdóm við fyrstu hentugleika.

[15:05]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Spurningin um hvort staðfesta beri frumvarp sem samþykkt var á síðasta þingi til breytinga á stjórnarskránni getur staðið og ætti ávallt að standa alveg sjálfstætt óháð öðrum álitafnum, en það er hægt að taka undir það með hv. þingmanni að það mundi þá skapast tækifæri til að gera þá breytingu. En við erum svo sem rétt að hefja umræðuna um það hvað taka ætti við. Ég sé það fyrir mér að við getum verið án landsdóms jafnvel þó að við ætlum að hafa skýr ákvæði í ráðherraábyrgðarlögum um að gerist menn brotlegir við lög sem gegnt hafa æðstu embættum, eins og ráðherrar, þurfi þeir að sæta ábyrgð vegna þess. Við erum svo sem komin langt á veg í þessari umræðu. Við munum þurfa að ræða það t.d. hvar vista eigi ákærvaldið, hvort eða með hvaða hætti þingið ætti mögulega að hafa aðkomu að því, hvort menn ættu að treysta á það fyrirkomulag sem við erum með núna almennt í refsímálum eða hvort það ætti að koma upp einhverju sérstöku fyrirkomulagi vegna ráðherraábyrgðarlaganna. Það er umræða sem við eigum eftir að taka, en það er hárrétt hjá hv. þingmanni að stjórnarskrárbreytingin er liður í því og það er hugsandi að við getum hrint þeirri breytingu í framkvæmd strax á þessu kjörtímabili.

Hitt er síðan algert aðalatriði, af því að við ræðum ályktun Evrópuráðsins, að það heyrir hátt og snjallt hingað til þingsins að (Forseti hringir.) menn eru í raun og veru að fordæma það sem gerðist hér á síðasta þingi.

[15:07]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan setjast yfir það með þingmönnum úr öðrum flokkum að finna fyrirkomulag ráðherraábyrgðar sem við getum öll verið sátt við til framtíðar. En það hefur verið stefna jafnaðarmanna lengi að það eigi að vera eitt réttarkerfi í þessu landi fyrir alla, alveg eins og það á eitt að gilda um starfskjör alþingismanna og annarra í samfélaginu. Þess vegna höfum við ítrekað það, og hv. fyrirverandi þingmaður og hæstv. fyrirverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lagði fram frumvörp og tillögur um það árum saman að landsdómur yrði lagður af.

Vandinn var að þær tillögur voru aldrei teknar til efnislegrar afgreiðslu vegna þess að það er svo flókið og snúið að breyta stjórnarskránni. Það var aldrei hægt að finna farveg fyrir breytinguna eða að mönnum fannst önnur mál brýnni. Þess vegna ítreka ég að tækifærið er núna. Það er tækifæri fyrir okkur að grípa núna þann möguleika að hægt sé að breyta stjórnarskránni með fulltingi þjóðarinnar á

þessu kjörtímabili og að við getum gert það strax og ýtum því ekki á undan okkur. Ég held að það skipti miklu máli.

[15:09]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það mun gefast nægur tími til að fara yfir tæknilegar hliðar þessa máls; hvernig stjórnarskrárákvæðið á að taka breytingum, hvernig við eigum að breyta öðrum lagaákvæðum sem um þetta fjalla. Á þessum tímapunkti, eftir ályktun Evrópuráðsins, er hins vegar aðalatriðið fyrir okkur í þinginu að heyrja skilaboðin um að Evrópuráðinu þyki eitthvað hafa farið úrskeiðis, að menn hlusti eftir því að fólk finnst það fyrirkomulag sem menn störfuðu eftir á síðasta kjörtímabili, sem leiddu á endanum til útgáfu ákæru og síðan til meðferðar málsins fyrir landsdómi, vera algjörlega á skjön við nútímamannréttindi. Það líki því við dæmi í öðrum löndum sem við mundum meira að segja sjálf í þessum sal horfa til sem einungis fjarlægis möguleika á Íslandi á þessari öld. Það er mikið meginatriði og við eigum að ræða um hvernig við eigum að taka (Forseti hringir.) þau skilaboð til okkar og vinna með þau.

*Njósnið Bandaríkjamanna í Evrópu.*

[15:10]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Fréttir hafa verið að berast hingað í fjölmiðlum um njósnamál og hafa verið gerðar athugasemdir við það að bandarísk yfirvöld hafi staðið fyrir njósnum í ýmsum Evrópuríkjum. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna lætur hafa það eftir sér nú nýlega að slíkar njósnir og njósnastarfsemi um bandamenn séu ekki óvenjulegar eða óeðlilegar í alþjóðasamskiptum.

Ég tel að það sé mikið alvörumál ef þetta er rétt, sem það væntanlega er, vegna þess að enginn forsvarsmáður bandarískra stjórnvalda hefur í raun haldið öðru fram og mér finnst mikilvægt að við tökum þetta líka til umfjöllunar hér á landi. Þetta tengist meðal annars málefni Edwards Snowden sem hefur komið til umræðu hér á Alþingi nýlega. Mér finnst mikilvægt að við ræðum þetta líka að því er varðar samskipti okkar við þau ríki sem hér eiga hlut að máli.

Ég vil þess vegna inna hæstv. utanríkisráðherra eftir því hvort honum sé kunnugt um að bandarísk stjórnvöld hafi njósnað um íslenska aðila, þar með talið stjórnvöld og stjórnmalamenn hér á landi. Og hvort utanríkisráðherra sé reiðubúinn til að krefja bandarísk stjórnvöld um upplýsingar um hugsanlegar njósnir sem beinst hafa að Íslandi. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort hann sé sammála því mati bandaríksk starfsfélaga síns að njósnir um bandamenn séu ekki óeðlilegar í alþjóðasamskiptum og hvort hæstv. utanríkisráðherra sé reiðubúinn að láta fara fram rannsókn á hugsanlegum njósnum gagnvart íslenskum aðilum.

[15:12]

**Utánríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Ég held að það sé í upphafi mikilvægt að gera

sér grein fyrir því að væntanlega — nú er kannski ekki allt alveg staðfest og á hreinu með þetta mál allt saman, en það ætti ekki að koma okkur á óvart að öflugustu og stærstu ríki heims stundi einhverja njósnastarfsemi enda hefur komið í ljós að bresk stjórnvöld eru með eitthvert svona batterí á sínum snærum.

Það er hins vegar alvarlegt ef satt reynist að stjórnvöld, hverju nafni sem þau heita, séu að njósna um sína helstu bandamenn og ég held að það kalli að sjálfsögðu á skýringar, í það minnsta að það sé þá upplýst hvort það hafi átt sér stað. Það er ekki ljóst að mínu viti hvað er algerlega satt og rétt í þessum fréttaflutningi en svo virðist vera að einhvers konar starfsemi hafi verið gagnvart bandamönnum innan Evrópu og Evrópusambandsins og höfum við að sjálfsögðu áhyggjur af því.

Frankvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur krafist Bandaríkjamenn svara og við fylgjumst grannt með hvernig það mál mun þróast. En við höfum nú þegar, svo að það sé sagt, gert athugasemdir við bandarísk stjórnvöld hér á Íslandi, þ.e. við höfum haft samband við sendiráðið í Reykjavík og í gegnum sendiráð okkar í Washington og komið athugasemdum okkar á framfæri og spurt þeirrar spurningar eða sagt að það hljóti að vera óheppilegt og jafnvel óhugsandi að bandarísk stjórnvöld hafi stundað slíka starfsemi á Íslandi og það sé þá þeirra að svara því. Það er sá bolti sem við sendum í rauninni til þeirra. En við eigum að sjálfsögðu ekki að vera það barnaleg að halda, séu einhver erlend ríki að njósna um önnur ríki í Evrópu eða annars staðar, að við séum eitthvað undanskilin þar.

[15:14]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir hreinskiptin svör hvað þetta snertir. Mér finnst mikilvægt að fram komi hjá ráðherranum að þegar hafi verið haft samband, utanríkisþjónustan hafi verið notuð til að hafa samband við bandarísk stjórnvöld. Mér finnst hins vegar árið-andi að menn tali enga tæpitungu í því efni og bandarísk stjórnvöld séu krafín skýrra svara um hvort slík njósnastarfsemi gagnvart íslenskum aðilum hafi átt sér stað. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að gera það.

Ég heyri líka að hæstv. utanríkisráðherra er ekki sammála leiðarahöfundi *Morgunblaðsins* í dag sem finnst það bara gott á njósnarana að hafa þurft að hlusta á það sem talið er í höfuðstöðvum Evrópusambandsins. Hæstv. utanríkisráðherra lítur það greinilega alvarlegum augum og það er ágætt. Ég vil líka að lokum spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvaða áhrif hann telur, ef þetta reynist nú rétt sem ég tel að sé talsverður fótur fyrir, að slíkar njósnir kynnu að hafa á samskipti ríkjanna.

[15:15]

**Utánríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég er ekki búinn að lesa leiðara *Morgunblaðsins* í dag en heyri á hv. þingmanni að hann hafi verið áhugaverður.

Ég vil segja við hv. þingmann að við munum að sjálfsögðu fylgjast mjög grannt með framvindu þessa máls. Ég hef trú á því að þetta geti undið upp á sig að því leyti til að

það munu eðlilega vakna spurningar hjá fleiri ríkjum en bara hjá Evrópusambandinu, t.d. Bretlandi, Bandaríkjamenn og fleirum. Við þurfum að fylgjast náið með því. Ef ástæða er til að krefjast einhverra frekari upplýsinga eða svara hjá bandarískum stjórnvöldum eða öðrum stjórnvöldum sem eru grunuð um eitthvað slíkt þá munum við að sjálfsögðu fylgja því eftir og gera það.

Ég ætla ekki að segja til um að svona uppákoma þurfi að hafa alvarlegar afleiðingar á samskipti ríkja. Það er nú einu sinni þannig að samskipti ríkja, hvort sem það eru Bandaríkin eða aðrir, eiga sér stað á margvíslegum nótum. Það eru alls konar mál í gangi en ég ætla ekki að standa hér og segja að þetta komi til með að hafa einhverjar alvarlegar afleiðingar. Það er hins vegar mjög slæmt ef við teljum að vinir okkar séu að hlera eða njósna um okkur, þá er það aldrei þægilegt.

### *Breytingar á útlánareglum LÍN.*

[15:17]

#### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að vera hér í dag og fá tækifæri til að ávarpa þingið í fyrsta sinn með fyrirspurn til hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra um fyrirhugaðar breytingar hjá LÍN. Ég vil byrja á að útskýra málið að eins.

Vegna kröfu á Lánasjóð íslenskra námsmanna um niðurskurð hefur stjórn hans ákveðið að hækka einingafjölda með þeim hætti að háskólanemar verði að ljúka 22 einingum á önn í stað 18 til að vera taldir lánshæfir. Ef skoðað er undanþáguákvæði í reglugerð LÍN er ljóst að ákveðnir hópar sem geta átt í miklum erfiðleikum með að ljúka þessum einingafjölda falla ekki undir þetta undanþáguákvæði.

Hóparnir sem áhyggjur mínar beinast helst að eru einstæðir foreldrar barna sem eru eldri en 12 mánaða, einkum mæður, sem þurfa auk þess að stunda nám og sinna barnauppeldi, að vinna með skóla til að ná endum saman. Jafnframt beinast áhyggjur mínar að foreldrum langveikra og/ eða fatlaðra barna en foreldragreiðslur til þeirra vegna umönnunar barnanna falla niður við upphaf náms.

Einn annar hópur sem ég lít svo á að þessi breyting geti komið illa við er fatlað fólk sem ekki flokkast sem 75% öryrkjar en á í erfiðleikum með að ljúka fjölda eininga, oft vegna skorts á einstaklingsmiðuðu námi og viðeigandi aðstoð. Ef umræddar breytingar LÍN taka gildi munu þessir nemendur þurfa að bæta við sig umtalsverðum fjölda af einingum þar sem fjórðungur af námskeiðum, t.d. í Háskóla Íslands, er til 10 eininga. Getur það haft þær afleiðingar að sumir nemendur munu eiga í frekari hættu vegna álags á að falla og uppfylla þar með ekki skilyrði til námslána eða geta ekki stundað nám yfir höfuð.

Við ég því spyrja hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra, í ljósi áherslu ríkisstjórnarinnar á að efla menntakerfið með fjölbreyttum hætti, með hagsmunum nemenda og þjófðarinnar að leiðarljósi, hvornig hann telji að hægt sé að koma í veg fyrir mismunum þessara hópa hvað varðar tækifæri til háskólanáms, ef þessi breyting LÍN á fram að ganga.

[15:19]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Nú síðar í dag mun ég funda með fulltrúum námsmannahreyfinganna til að ræða þær athugasemdir sem hafa komið fram í kjölfar þeirrar ákvörðunar sem var tekin á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Ég tel rétt að ítreka í upphafi máls míns að með því að taka upp kröfuna um 75% námsframvindu er í raun og veru verið að taka upp sömu kröfu og var hér fyrir örfáum árum síðan. Öll þau mál og allar þær athugasemdir sem er verið að benda á hér og hefur verið bent á í umræðunni voru að sjálfsögðu líka til staðar þá.

Ég vil einnig benda á að almenna krafan á Norðurlöndum varðandi námsframvindu er 75%. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það verða uppi ýmsar aðstæður í þessu kerfi hjá okkur sem nauðsynlegt getur verið að bregðast við, sérstaklega t.d. eins og var bent á í fyrirspurninni sem snýr m.a. að fötludum, foreldrum langveikra barna og einstæðum foreldrum. Það eru allt atriði sem ég mun alveg örugglega ræða við talsmenn stúdenta í dag. Ég bendi á að nú þegar eru úrræði inni í reglum lánasjóðsins sem snúa að þeim hópum og það er sjálfsagt mál og nauðsynlegt að fara nákvæmlega yfir það, m.a. á þessum fundi í dag, hvort þar séu atriði sem hægt er að bregðast við sérstaklega og er nauðsynlegt að taka til skoðunar.

En ég ítreka þetta: Verið er að taka upp sama kerfi og var hér fyrir örfáum árum síðan, sama fyrirkomulag og er á Norðurlöndunum. Ég bendi líka á, og það hefur svolítið gleymst í þessari umræðu, að um leið og verið er að gera þetta er verið að ganga frá því og leggja það til að námslánin hækki um 3%, sem er mjög mikilvægt til að halda nokkurn veginn í við aukna verðbólgu. Samantekið er í sjálfu sér í engu verið að slá af kröfu um félagslega aðstoð í námslánakerfinu og það er alveg sjálfsagt mál og nauðsynlegt að bregðast við öllum þeim athugasemdum sem koma upp um þá hópa sem hv. fyrirspyrjandi nefndi í fyrirspurn sinni.

[15:21]

#### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra fyrir góð svör. Það vekur ánægju mína að þessi fundur skuli fara fram á eftir og ég bind vonir við að þetta verði rætt þar.

Ég vil hins vegar bregðast við því sem kom fram í máli hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Þrátt fyrir að verið sé að gera breytingar, færa frá því sem er núna og yfir í það sem var áður, eru það ekki endilega rök í sjálfu sér. Væntanlega breyttum við úr því sem var áður í eitthvað annað af því að það var ekki gott.

Annað sem ég vil benda á er að mér finnst ekki heldur vera mikil rök í málinu að segja að þetta sé sambærilegt á Norðurlöndum, bæði vegna þess að þar er yfirleitt um að ræða styrk en ekki lán og vegna þess að þar eru aðstæður til dæmis fatlaðs fólks mun betri hvað varðar aðstoð. Þar hefur verið náð lengra í einstaklingsmiðuðu námi og auk þess er betur staðið að greiðslum til foreldra fatlaðra barna eða

langveikra barna sem þurfa að vera mikið heima til að sinna þeim. Þarna eru ekki sambærilegar aðstæður fyrir hendi.

[15:23]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það er miklu meira en sjálfsgagt, það er nauðsynlegt að fara vel yfir þá þætti sem hv. fyrirspyrjandi vakti máls á.

Það er tvennt sem ég vil gera athugasemd við. Annars vegar varðar það lán Lánasjóðs Íslenskra námsmanna en því er oft haldið fram í umræðunni að ekki sé um neina styrki að ræða og þetta sé því ekki samanburðarhæft við það sem gerist á Norðurlöndunum. Það er rangt, virðulegi forseti. Það er gríðarlega mikill styrkur fölginn í til dæmis vaxtaniðurgreiðslunni sem er á lánum frá lánasjóðnum. Í því er fölginn töluvert mikill styrkur og það er ekki rétt að líta fram hjá því.

Í öðru lagi er alveg rétt, og ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að það eru ekki rök í sjálfu sér að benda á fyrra ástand, en þegar saman er virt, það sem við bjuggum við hér og fyrirkomulagið sem er almennt á Norðurlöndunum, tel ég að þetta sé skynsamleg ákvörðun vegna þess að krafan um 60% námsframvindu er bara krafa um að í sjálfu sér sé í lagi að vera á rétt rúmlega hálfum hraða. Ég vil benda á, virðulegi forseti, að við þurfum að skoða menntakerfi okkar, (Forseti hringir.) kröfurnar sem við gerum. Enn og aftur ítreka ég að þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. þingmanni eru mjög mikilvægar og verða teknar til alvarlegrar skoðunar.

*Ferðamálaáætlun 2011–2020.*

[15:24]

**Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegi forseti. Í dag, 1. júlí, eru 168 ár síðan endurleist Alþingi kom fyrst saman í Reykjavík. Ég vil óska hv. þingmönnum, hæstv. ráðherrum og virðulegum forseta til hamingju með það og daginn.

Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ráðherra ferðamála, varðandi eftirfylgd ferðamálaáætlunar 2011–2020, en Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um hana 7. júní 2011 með atkvæðum allra viðstaddra þingmanna, 52 talsins.

Hið opinbera hefur sett 300 milljónir á ári í markaðsátak og markaðsherferðir síðan 2010 og ég veit að hagsmunaaðilar vilja meira frá hinu opinbera í þeim efnum. Hið opinbera hefur einnig sett á fót Framkvæmdasjóð ferðamanna- staða sem þegar er byrjað að veita fé úr, nú síðast um 150 milljónum á vordögum. Þetta er vel þó að ég vilji auðvitað minna á mikilvægi hönnunar og gæða þegar kemur að framkvæmdum á einstaka ferðamannastöðum, enda gæði upplifunar undirstaða arðsemi af greininni.

Þegar hins vegar kemur að áherslum ferðamálaáætlunar hefur hvorki Ferðamálastofa né aðrir fengið fé til að fylgja eftir markmiðum hennar. Markmið hennar eru fjögur. Í fyrsta lagi að auka arðsemi atvinnugreinarinnar. Í öðru lagi að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörupróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að

lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíða- sveiflur og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið. Í þriðja lagi að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðapjónustunnar. Í fjórða lagi að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna meðal annars með öflugum greiningar- og rannsóknastarfi.

Ég vil því spyrja ráðherra hvort til standi að vinna að þeim meginmarkmiðum og hvernig? Og jafnframt því hvernig hæstv. ráðherra hyggst tryggja tekjur til að standa að skipulagi og markvissri uppbyggingu ferðamála og ferðapjónustu í landinu?

[15:26]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna- dóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Hún er mjög víðeigandi nú á tímum þar sem þessi mál eru mikið til umræðu og við horfum upp á stöðuga aukningu ferðamanna.

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að ýmislegt vantar í að fylgja eftir þeirri ferðamálaáætlun sem unnið er eftir. Ég get fullvissað hv. þingmann um það að gott samstarf er á milli þeirra aðila sem bera ábyrgð á einstökum þáttum þess svo sem Ferðamálastofu og Íslandsstofu sem heldur utan um mikið af markaðssetningarmálum og sérstöku átaki þar sem snertir sérstaklega að dreifa ferðamannastraumnum allt árið.

Frumvarp um ný ferðamálaálög dagaði uppi á síðasta þingi. Verið er að vinna að undirbúningi nýs frumvarps sem ég mun væntanlega leggja fram í haust á nýju þingi. Þar sem sú frumvarpssmið er að fara af stað mun verða farið vel yfir þau atriði sem hv. þingmaður nefndi.

Varðandi tekjurnar og úthlutunina úr sjóðnum varðandi fjölsóttu ferðamannastaðina vil ég aðeins nefna í lokin að það er rétt sem hv. þingmaður segir að úthlutað hefur verið úr honum. Það sem er merkilegt við það er að til ráðstöfunar voru í kringum 500 milljónir, en þær hafa ekki allar verið sóttar, ef svo mætti að orði komast. Styrkjunum hefur verið ráðstafað eftir þeim fjárheimildum sem þar um ræðir, en síðan hafa þeir ekki verið sóttir. Það kemur kannski að því sem hv. þingmaður nefndi líka að undirbúningstímum er lengri. Það þarf því að skoða (Forseti hringir.) hvernig hægt er best að nýta þær fjárveitingar sem eru til staðar til að byggja upp þessa staði.

[15:28]

**Edward H. Huijbens (Vg):**

Forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýr og góð svör og augljósan metnað fyrir málaflökknum. Það sem fyrir mér vakir er — samhliða fjölgun ferðamanna til landsins sem er gríðarmikil, sérstaklega á undanförunum tveimur árum, allt upp í 20% milli ára sem þeim fjölgar, að mjög mikilvægt er að efla opinberar valdastofnanir eins og Ferðamálastofu og Umhverfisstofnun samhliða fjölgun gestanna til að halda utan um þá uppbyggingu sem er.

Ég fagna því að ný ferðamálaálög líti dagsins ljós á haustþingi væntanlega og treysti því að gott samráð verði haft við gerð þeirra eins og ævinlega er og hvet til þess endilega að hafa háskólasamfélagið með í því samráði,



hönnuði og arkitekta — við eigum mikið af góðu fólki í þeim greinum — vegna þess einmitt að varðandi arðsemi af greininni er undirstaða hennar gæði upplifunar. Okkar góðu hönnuðir og arkitektar geta komið þar að og þekking háskólasamfélagsins. Þá verða kannski líkur til þess að fleiri styrkir verði sóttir ef vandað yrði til meira þar.

[15:29]

**Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni ábendingarnar og get fullvissað hann um að það er einmitt ætlun þeirrar sem hér stendur að viðhafa gott samstarf, ekki bara við aðila innan opinbera geirans heldur einnig innan greinarinnar sjálfar við þær ákvörðunartökur sem fram undan eru í málaflöknum.

Eitt af því sem hv. þingmaður nefndi og ég get rætt frekar hér er sú gagnrýni sem hefur lengi verið innan greinarinnar að á skorti rannsóknir um hvers konar ferðamenn koma hingað, hverju þeir sækjast eftir, hvaða fjármunum þeir verja hér og hversu miklar tekjurnar eru sem við höfum af greininni. Við höfum rætt þetta upp á síðkastið og ég get upplýst að ætlunin er að styrkja slíkar rannsóknir sem eru jú svo aftur grundvöllur þess að við getum tekið skynsamlegar og góðar ákvarðanir í framtíðinni.

*Aflandsreikningar og skatteftirlit.*

[15:31]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Æ meiri áhersla er lögð á skattskil og hert skatteftirlit bæði hér og erlendis. Þannig hafa helstu leiðtogar heims skorið upp herðir gegn skattsvikum á svokölluðum aflandseyjum og nýlega hefur hópur erlendra rannsóknarblaðamanna komist yfir gríðarlegt magn af upplýsingum um bankareikninga og félög á svokölluðum aflandseyjum sem við höfum lesið um í fréttum síðustu vikur og mánuði.

Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji ástæðu til þess að ætla að í þeim upplýsingum sé eitthvað að finna um íslenska aðila og hvort hann hafi gert ráðstafanir til þess að við Íslendingar fáum aðgang að þessum upplýsingum. Ég geng út frá því að það sé forgangsráði hjá ríkisstjórninni að taka fast á skattsvikum í gegnum aflandseyjafélög og aflandseyjareikninga og vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin muni halda áfram að efla skatteftirlit og setja aukna fjármuni til þess á næsta ári. Það geri ég vegna þess að ég veit að hæstv. fjármálaráðherra situr við erfiða forgangsröðun í fjárlagagerðinni einmitt um þessar mundir og vil bara minna á að hver króna sem við verjum í hert skatteftirlit er ekki útgjöld. Hver króna skilar margfalt fleiri krónum í tekjur því að svo árangursríkt er það að verja meiri fjármunum í skatteftirlit að alþjóðlegar rannsóknir sýna ítrekað að það er fjárfesting sem borgar sig hratt, vel og örugglega. Ég vil inna hæstv. fjármálaráðherra um leið eftir því hvort hann ætli ekki að halda áfram að efla skatteftirlitið og setja meiri fjármuni til ráðstöfunar þar.

[15:33]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að aukið skatteftirlit hefur skilað talsvert miklum árangri og framlög hafa verið aukin til þeirra embætta sem þessum málum sinna á undanförmum árum. Á næsta fjárlagaári er ekki gert ráð fyrir öðru en að þessar stofnanir haldi sínum framlögum og verði auk þess undanskildar þeirri hagræðingarkröfu sem almennt er þó verið að gera í ríkisrekstrinum. Það má því segja að með þeim hætti hafi þegar verið tekin ákvörðun um það í mínu ráðuneyti að forgangsraða þegar kemur að hagræðingarkröfum.

Varðandi aflandsfélög og önnur skattaskjól skiptir auðvitað mjög miklu máli að gera mun á því þegar menn eru með löglega starfsemi sem gefin er upp á slíkum stöðum og svo hins vegar starfsemi sem skotið er fram hjá öllum skattskýrslum og skattyfirvöldum og hennar nota hreinlega slíkar aflandseyjar til þess að komast hjá skattgreiðslum. Í því efni hafa ekki verið gerðar neinar ráðstafanir í sjálfu sér í fjármálaráðuneytinu til þess að komast yfir upplýsingar sem kunna að vera á boðstólum í alþjóðlegu samstarfi heldur er fyrst og fremst treyst á að þær stofnanir sem gegna helstu skyldum í þessum efnun láti vita ef þörf er á því að fá auknar heimildir eða eftir atvikum frekari fjárveitingar til þess að komast yfir slík gögn eða einhvers konar milli-göngu stjórnvalda. En að öðru leyti þá eru mál af þessum toga í höndum ríkisskattstjóra.

[15:35]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég vil hvetja hæstv. fjármálaráðherra til þess að íhuga það að halda áfram að efla skatteftirlitið og leggja meiri fjármuni í það á næsta ári því að það er alveg augljóst að við megum þar enn taka betur á. Það er alveg klárt að hver króna sem varið er í það skilar sér margfalt til baka og hér hafa ágætissjórnariðar vakið athygli á þeim málstað á þessu sumarþingi.

Ég hvet líka hæstv. ráðherra til þess að kanna það hvort við Íslendingar getum fengið aðgang að þessum gríðarlega miklu upplýsingum vegna þess að þetta eru náttúrulega meiri upplýsingar en heimurinn hefur nokkurn tímann séð um þessar svikamyllur sem settar hafa verið upp á aflandseyjum, bæði í reikningum og félögum, til að svikja undan skatti. Það er rétt hjá ráðherranum, auðvitað erum við að tala um þá sem gera það í þeim tilgangi sem svo allt of oft er. Ég hvet ráðherrann til að gera ráðstafanir til þess að skattyfirvöld fái (Forseti hringir.) þessar upplýsingar til þess að geta kannað og gengið úr skugga um hvort þeir íslensku aðilar sem þarna kunna að vera blandaðir (Forseti hringir.) inn í hafi talið þetta fé fram hér heima.

[15:36]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Já, ég get svo sem ekki annað sagt við þessu en að mér finnst sjálfsagt að gerðar verði ráðstafanir til þess að fá þær upplýsingar sem kunna að standa okkur til boða. Við eigum að taka mjög alvarlega öllum tilraunum,

allri viðleitni til þess að sporna við skattsvikum, við því að svíkjust undan því að leggja samfélaginu til á jafnræðis- og sanngirnigrundvelli. Vegna þess að hv. þingmaður spurði að því áðan hvort ekki væri ástæða til að ætla að einhverjir íslenskir aðilar ættu þarna einhvers staðar hlut að máli held ég að við hljótum alltaf að gera ráð fyrir því að það sé eins hér og annars staðar að það kunni að vera gerðar tilraunir til að komast undan lögboðnum skattgreiðslum og af þeirri ástæðu þurfum við að fylgjast vel með. Á undanföllum árum hefur verið mjög að aukast samstarf ríkja til að komast í kringum allar slíkar tilraunir. Því ber að taka (Forseti hringir.) fagnandi og við Íslendingar höfum ekki efni á öðru en að nýta okkur það eins og hægt er.

### *Neytendalán, 3. umr.*

Frv. efn.- og viðskn., 26. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 46.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### *Veidigjöld, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60.

[15:38]

#### **Haraldur Benediktsson (S):**

Viðulegi forseti. Við höldum hér áfram umræðum um breytingu á veiðigjöldum sem hófust fyrir helgi. Í þeim umræðum er fram fóru á föstudaginn, sem ég kem nú jöfnum höndum til með að vísa í, kom margt ágætt fram sem við skulum ekkert gera annað með en taka sem mjög málefnalegt innlegg inn í þessa umræðu — á þeim nótum vildum við gjarnan geta rætt um sjávarútveg og framtíð hans.

Í upphafi vil ég segja að það er merkilegt og mikilvægt að við munum og áréttum það að við eigum útgerð og fiskvinnslu í samfélagi okkar sem er burðug, stöndug og skapar þjóðinni gríðarleg verðmæti og er í raun undirstaða undir lífskjörum okkar.

Við erum sem þjóð í þeirri öfundsverðu stöðu að geta rætt um útgerð á þann hátt sem við gerum hér, hvað við ætlum sem samfélag að taka út úr útgerðinni, en margar aðrar þjóðir ræða miklu frekar um útgerð út frá því hvernig þær geti komið henni til aðstoðar til að halda henni áfram. Á þessu er grundvallarmunur er varðar okkar íslensku útgerð. Það skulum við alltaf hafa í huga og við skulum þakka fyrir það. Þetta er gríðarlega mikilvægt og mér finnst að við eigum á hverjum tíma að vera upptekin af því að hlúa að þessari stöðu íslensku útgerðarinnar og vinna þannig með hana áfram, hvaða sjónarmið sem við höfum um málefni útgerðar að öðru leyti.

Ég vil vísa í ræðu sem hv. þm. Vilhjálmur Árnason flutti undir dagskrárliðnum um störf þingsins fyrir nokkrum dögum þar sem hann gerði að umræðuefni orðræðu um útgerðarmenn og sjómenn. Ég vil taka undir margt af því sem hann flutti hér yfir þingheimi. Bara í því sambandi sem ég

ræddi áðan, að við þyrftum líka að temja okkur annað umræðulag um útgerðina og útgerðarmenn en hefur kannski verið áberandi í opinberri þjóðfélagsumræðu á undanföllum árum. Ég ætla ekki að dvelja langdvölum við það, en því miður hefur útgerð verið hlutgerð sem birtingarmynd neikvæðni og jafnvel öfundar og hagsmunum útgerðarinnar stíllt upp gegn hagsmunum þjóðfélagsins og þjóðfélagsþegnanna. Í umræðum um veiðigjaldið nú, sem hefur verið mikil, og meðal annars á þessum vettvangi hér, vil ég aðeins segja það að sama hvaða stjórn málaflökki við tilheyrum eða lífsskoðum við aðhyllumst viljum við öll aðeins það eitt að treysta og efla útgerðina, þessa mikilvægu atvinnugrein okkar.

Í raun og veru er ekki himinn og haf á milli þeirra sjónarmiða sem koma fram í þessari umræðu. Þess vegna geng ég til hennar tiltölulega hjartsýnn og jákvæður á að við munum á næstu vikum og mánuðum geta náð frekari framförum, ef við getum orðað það þannig, um hina ytri umgjörð þessarar mikilvægu atvinnugreinar.

Ég hef í starfi nefndarinnar þælt í gegnum margar umsagnir um fiskveiðistjórnarfrumvörp, bæði gömul og ný. Í einni af þeim umsögnum sem þar liggja inni segir, með leyfi forseta:

„Útgerðarmenn hafa í yfir 30 ár farið eftir þeim leikreglum sem hafa verið settar af stjórnvöldum. Þeir eru því ekki þjófar eða lögbrjótar, heldur hafa þrátt fyrir allt gengið vel um þá auðlind sem þeim hefur verið treyst fyrir.“

Það kemur mjög skýrt fram í þeirri umfangsmiklu umsögn, sem ég er að vitna í, að í öllum þeim gríðarlegu breytingum sem orðið hafa á undanföllum 30 árum megi segja að lagðir hafi verið gríðarlega miklir skattar á útgerðina. Öll hagræðing undanfarinna ára, sem við erum nú að uppskera ríkulega af, hefur verið sársaukamikil og hún hefur verið erfið mörgum byggðarlögum og mörgum útgerðum, en hún hefur skilað þjóð okkar gríðarlega miklum og mikilvægum ávinningi. Það er kannski einmitt þess vegna sem við stöndum og ræðum hvernig við getum skattlagt mikla og góða arðsemi í þessari atvinnugrein.

Undanfarna áratugi hefur margt verið gert sem orkar tvímælis. Ég ætla ekki að dvelja við mörg þeirra atriða. En við höfum, svo að dæmi sé tekið, skert veiðiheimildir til verndar og uppbyggingar fiskstofna og um það erum við almennt sammála. Í ofanálag höfum við skert veiðiheimildir ákveðins útgerðarflokks hér á landi um næstum þriðjung — útgerðarflokk sem ég vil kalla grunnútgerð eða burðarásinn í okkar útgerðarfélögum. Sú útgerð hefur á hverjum tíma mætt þeim skerðingum með því að kaupa veiðiheimildir af öðrum útgerðaraðilum sem annaðhvort hafa minnkað við sig, breytt áherslum eða hætt. Þannig hefur útgerðin í sjálfu sér fjármagnað þá gríðarlega miklu hagræðingu sem orðið hefur.

Við höfum líka notað veiðiheimildir til að bregðast við neikvæðum áhrifum, þeim breytingum sem orðið hafa á samfélagsmynstrinu allt í kringum landið, breytingum sem stjórn fiskveiða hefur valdið á undanföllum árum. Þannig höfum við með ákveðnum hætti litið á aflaheimildir sem nokkurs konar fjármunaprentvél til að setja í þau verkefni sem talin hafa verið rétt og mikilvæg samstaða hefur oft á tíðum myndast um, meðal annars hér á Alþingi, til að sníða

þá galla af athöfnum og afleiðingum ríkjandi fiskveiðistjórnarstefnu.

Ég vil draga þetta fram hér til að minna á þá staðreynd að með þessum aðgerðum höfum við lagt, eins og ég hef sagt áður, miklar álögur á útgerðina. Þannig höfum við, og ég segi það aftur, skattlagt hagnað hennar með ákveðnum hætti til að standa undir öðrum þáttum.

Við höfum til að mynda fært til heilmikið af veiðiheimildum til að dempa áföll er hrun hefur orðið í öðrum fiskstofnum til að bregðast við erfiðleikum sem hafa orðið svæðisbundin í nokkrum byggðarlögum kringum landið o.s.frv.; til að dempa þau áföll höfum við verið að færa til heilmiklar veiðiheimildir.

Margar þessar aðgerðir, hvort sem við nefnum þær sér-tækar aðgerðir eða pottaaðgerðir, hafa ekki gengið til baka til upphaflegra handhafa veiðiheimilda. Þannig séð höfum við bætt stöðu margra útgerða og byggðarlaga, en á móti skekk myndina hjá þeim sem af var tekið. Allt þetta verðum við að viðurkenna og meta þegar við ræðum um mismunandi hagsmuni og afleiðingar þeirra háu veiðigjalda sem við fjöllum um hér.

Ég vil líka draga fram að vegna þessara aðgerða, sem ég er ekki að lýsa mig andvígan, verðum við að átta okkur á því hve þol atvinnugreinarinnar til skattgreiðslu er takmarkað. Það sjónarmið er þekkt, það á sér vafalaust sterk rök, að taka mætti mun hærri fjárhæðir í arðgreiðslur eða skattgreiðslur á útgerð. Það kom meðal annars fram í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur hér á föstudaginn var, að taka mætti miklu hærri fjárhæðir út úr útgerðinni í auðlindagjöld. Á sama tíma verðum við þá að viðurkenna að sú hugsun kallar á meiri samþjöppun veiða og vinnslu, sem aftur kallar fram enn meiri breytingar á byggðamynstri allt í kringum landið.

Sjónarmið um að taka út 40–50 milljarða í veiðigjöld á ári hafa komið fram. Ef þangað á að stefna getum við líka alveg gleymt allri hugsun um fjölbreytt útgerðarmynstur, hagsmuni einstakra byggða o.s.frv.

Það má örugglega rökstyðja að hægt sé að taka tugi milljarða í skatt af útgerðinni en þá hefur það þær neikvæðu afleiðingar að gríðarleg samþjöppun hefst með tilheyrandi röskun á byggðamynstri allt í kringum landið. Ekki aðeins að hún skapi óvissu um rekstrarumhverfi útgerðar og byggðarlaga til lengri eða skemmri tíma heldur er engum greiði gerður með slíkrí ofurskattlagningu.

Ríkissjóður þarf tekjustofna sem eru endurnýjanlegir eins og fiskstofnarnir. Það eru ekki hagsmunir okkar til lengri tíma að taka í fáein skipti út miklar skatttekjur ef það leiðir til stöðunar, til þess að tæki og búnaður úreldest og framþróun stöðvist. Þá er ótalinn sá þáttur sem er gríðarlega mikilvægur sem er nýting og tilraunaveiðar á ýmsum stofnum í hafinu sem eru vegna breyttra aðstæðna, vegna þess að komin er til aukin veiðiteknir, rannsóknir, menn hafa uppötvað nýja nytjastofna og oft og tíðum hefur þurft heilmikla fjármuni til að plægja þann akur að gera þá arðbæra til veiða og vinnslu.

Ofurskattlagning virkar nefnilega neikvætt á slíka hvata, að við sækjum fram með það að markmiði að finna fleiri nytjastofna, gera úr þeim markaðsvöru og breyta þeim í verðmæti.

Við höfum með öðrum orðum verið að nota sjávarútveg og útgerð og stjórn fiskveiða jöfnum höndum sem nýtingarstefnu auðlinda og líka til byggðaaðgerða á sama tíma og við ætlum að hámarka hagnað okkar af sömu auðlind. Þetta hefur gengið bærilega upp að mínu viti á undanförmum árum.

Á fundum nefndarinnar mátti glögglega heyra, og það má lesa í gömlum og nýjum umsögnum, hve alvarlega óbreytt gjaldtaka mundi fara með mörg fyrirtæki. Líkt og fram kom á fundum atvinnuveganefndar hafa endurskoðendur og rekstrarráðgjafar metið og reiknað framtíðarrekstrarhorfur fyrir einstakar útgerðir. Glöggt kom þar í ljós að í allmörgum tilfellum mátti jafnvel binda skipin eða selja þau strax og hætta útgerð, enda hefur það verið í umræðunni að litlar og meðalstórar útgerðir hafi leitað eftir möguleikum á að stærri útgerðarfélög mundu kaupa þau minni. Það er staðreynd, það er afleiðing af mjög háum álögðum veiðigjöldum.

Þess vegna meðal annars stöndum við í því á þessu samræpingi að breyta álögðum veiðigjöldum til að koma í veg fyrir kollsteypu.

Verkefni okkar hér er öðrum þræði að lappa upp á löggjöf sem þegar hefur verið sett. Á fundi atvinnuveganefndar kom fram að þau verkfæri sem ætluð voru til að reikna út veiðigjöldin dygðu ekki til. Umræðan hefur síðan nokkuð snúist um það hvort mögulegt hefði verið að fíffa þau verkfæri til. Því er til að svara, eins og fram kom á fundum atvinnuveganefndar, að kannski dygði ekki að opna heimildir á milli einstakra stofnana, heldur væri einnig óljóst um gæði þeirra gagna sem sækja þyrfti til að geta lagt á þau gjöld; og tíminn að renna frá okkur. Þessir útreikningar þurfa að liggja fyrir á næstu dögum.

Mínna hefur farið fyrir umræðunni um atriði er kemur fram í umsögn fjármálaskrifstofunnar sem fylgir frumvarpinu. Ég vil, með leyfi forseta, vitna beint í hana. Þar segir:

„Í þessu sambandi þarf þó einnig að líta til þess að efasemdir hafa verið um að sjávarútvegsfyrirtæki fengju risið undir því að greiða nógildandi veiðigjöld að fullu án þess að rekstrargrundvöllur a.m.k. sumra þeirra teldist vera orðinn brostinn.“

Þetta kemur fram í umsögn fjármálaskrifstofunnar um það frumvarp sem við höfum hér til umræðu.

Við þurfum ekkert að deila um það að þegar við lækkum fjárhæðirnar muni krónutalan lækka sem komi inn í ríkissjóð. Það er augljóst. Sú áætlun er líka háð mörgum öðrum óvissuþáttum eins og gengd fiskstofna og hvernig gengur að veiða og nýta o.s.frv. Ég vísa aftur í ofangreinda tilvitnun úr umsögn fjármálaskrifstofunnar, um að efasemdir hafi verið um að sjávarútvegsfyrirtæki fengju risið undir því að greiða nógildandi veiðigjöld að fullu, og mér fyndist það mikill ábyrgðarhluti ef við tækjum ekki slíka aðvörun mjög alvarlega.

Þetta er í umsögn um gildandi lög, lög sem eru nú þegar í gildi, þannig að ekki ætti nokkur maður að velkjast í vafa um að tilefni til breytinganna er ærið og verkefni okkar að koma í veg fyrir kollsteypu, eins og ég rakti hér ádan.

Í annan stað vildi ég vitna í atriði er komu fram í skýrslu OECD sem hefur verið gerð að umtalsefni hér á undanförmum dögum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Draga þarf úr áætlaðri hækkun á sérstöku auðlinda-gjaldi á sjávarútveginn sérstaklega á botnfisksveiðar, þannig að atvinnugreinin standi undir því.“

Ég hef nú vitnað í tvö álit sem komið hafa fram um mikilvægi þess að við leiðrétum þessa gjaldtöku og fyrirhuguðu álagningu á veiðigjöldum.

Við yfirferð og greiningu á málinu hefur komið skýrt fram að gildandi lög, og miklu frekar þróun afurðaverðs frá setningu þeirra á sínum tíma, mismuna veiðigreinum. Í þessu frumvarpi er því leitast við að leiðrétta þann mun sem þar hefur orðið og hér er verið að stórhækka veiðigjöld á uppsjárveiðar. Minna fer fyrir umræðunni um verulega hækkun á veiðigjöldum fyrir uppsjárveiðifyrirtækin. Miklu meira er talað um lækkunina sem gera þarf á botnfisksveiðunum, en við þeim blasti sú hryllilega staða, sem ég hef áður rakið, að mörg fyrirtæki risu ekki undir því.

Tekjustofnar ríkisins þurfa að vera sjálfbærir rétt eins og fiskstofnarnir og grasvöxturinn og hvað sem við höfum. Í sjálfu sér er hægt að taka í eitt, tvö eða þrjú skipti mjög mikla skatta út úr atvinnugreinum en skilja þær síðan eftir sem rjúkandi rústir. Ég held að það sé ekki ætlan nokkurs manns sem situr á Alþingi að gera slíkt.

Það eru fleiri atriði sem maður kemst varla í gegnum og þarf að ræða þegar fjallað er um veiðigjöld. Það er sú arfavitlaus aðferð að skattleggja óskylda aðila eða óskyldan rekstur. Langstærsti hluti þeirra fjármuna sem á að innheimta í gegnum veiðigjaldið er tekinn af vinnsluhlutanum en ekki eru allar útgerðir með vinnslu.

Ég sé ekki hvernig við getum leyft okkur til lengri tíma að skattleggja hjá einum aðila fyrir hagnað einhvers óskylds aðila. Það og afleiðingar af háu veiðigjaldi og afleiðingar af þeim lögum sem við ætlum að breyta, erum að ræða um að breyta, segja okkur að þetta kerfi allt saman og þessa hugsun alla verður að endurskoða.

Fram kom í umsögnum um fiskveiðistjórnarfrumvarp, sem lagt var fram á síðasta kjörtímabili, að endurnýjun fiskiskipa hefur verið sáralítill. Þegar við setjumst yfir það og náum saman um þetta mikilvæga mál, stjórn fiskveiða og rentu til íslensku þjóðarinnar af auðlindinni, vil ég að við reynum að horfa til þess hversu mikilvægt er fyrir útgerðina að geta endurnýjað fiskiskip. Þó ekki væri nema fyrir þá einu staðreynd að skip sem nýkomið er til landsins eyðir 40% minni olíu en sambærilegt skip í sömu útgerð gerði áður. Við getum líka tínt til bætta vinnuáðstöðu um borð, bætt meðferð afli o.s.frv.

Ég vil líka draga eflingu íslenskrar skipasmíði fram við þessa umræðu. Gríðarleg fjárfesting þarf að eiga sér stað við endurnýjun skipakostsins og í mínum huga er ekkert sjálfgefið að hún renni öll úr landi. Með því gætum við að sjálfsögðu horft til fleiri þátta og iðnaðar sem undirstöðuatvinnugreinar eða frumatvinnugreinar í þessu landi með sín afleiddu störf og þau miklu áhrif sem það getur haft á fjölmörg önnur fyrirtæki, lítil og stór, að beita skynsamlegri innheimtu á auðlindagjaldi sem jafnframt er hvetjandi til þess að byggja hér upp hagkvæman skipastól að nýju.

Framtíð fiskveiða er gríðarlega björt. Framtíð Íslands er að sama skapi óskaplega merkileg. Fáar auðlindir í heiminum eru jafn verðmætar og matarauðlindir. Af þeim erum við mjög rík. Ekki þarf að fara lengra en á vef FAO, og

fletta aðeins í gegnum heimasíðu þeirra, til að sjá að þar er meðal annars verið að spá 15–18% raunhækkun á fiskverði í heiminum til ársins 2021. Í íslenska efnahagslögsögu munu gríðarleg verðmæti verða sótt á næstu árum og verðmæti auðlindarinnar mun aðeins halda áfram að hækka. Ekki síst þess vegna er okkur gríðarlega mikilvægt að standa í stafni með skýra sýn á það hvernig við viljum stjórna fiskveiðum og hvernig við viljum nýta afrakstur af þeim fyrir samfélag okkar.

Frumvarp það sem við ræðum nú er til eins árs og er nokkurs konar bráðabirgðaáðgerð, er ekki ætluð til að standa lengur. Þannig að við getum öðrum þræði lagt þann skilning í þetta frumvarp til breytinga á lögum nr. 74/2012 að það sé bráðabirgðaráðstöfun en jafnframt mikilvæg tekjuöflunaraðferð fyrir ríkissjóð.

Grundvallaratriðið er þetta: Við getum ekki gengið fram með óbreytt veiðigjöld. Við verðum að horfa til þess að afurðaverð hefur breyst. Við verðum að horfa til þeirra varúðarorða sem að okkur hefur verið beint. Við getum að sjálf-sögðu áfram verið fullkomlega ósammála um hvort lækkunin sé mikil eða lítil eða hækkunin sé eðlileg. Grundvallaratriðið er það að til lengri tíma litíð er framtíð Íslands sem matvælaauðlindalands gríðarlega björt.

[15:59]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu hans. Það var kannski ályktunin sem var nokkuð erfitt að átta sig á. Nú er það þannig að í íslenskum sjávarútvegi er meiri hagnaður í ár en nokkru sinni fyrir Íslandssögunni. Framlegðin í greininni nálgast það að vera 100.000 milljónir. Hér kemur hv. þingmaður og vekur athygli á því sem ég vissi ekki, og er ákaflega góð ábending í þessa umræðu, að FAO sé að spá því að á næstu átta árum verði 15–18% raunhækkun á verðinu á fiskinum án þess að kostnaður við að sækja muni hækka að sama skapi. Gangi þær spár eftir er allar líkur á því að á næstu átta árum muni hagnaðurinn í sjávarútvegi enn aukast og verða enn meiri og þá er það ályktun stjórnarmeirihlutans að rétt sé að lækka gjaldið. Hvernig hangir þetta saman, virðulegur forseti? Þegar hagnaðurinn er meiri en nokkru sinni fyrir í sögunni, þegar bullandi verðhækkanir virðast vera fram undan næstu átta árin til hagsbóta fyrir greinina þá á ekki að hækka gjaldið heldur lækka það. Það er nokkuð skrytín rökfræði fyrir mér. Mér sýnist að verið sé að lækka gjaldið úr 34 kr. á kíló niður í 17 kr.

Ég spyrr hv. þingmann: Heldur hann að það sé einhver aðili í heiminum sem væri ekki tilbúinn til þess að veiða þorsk á Íslandsmiðum ef hann þyrfti ekki að borga nema 34 kr. fyrir hvert kíló sem hann veiddi?

[16:01]

#### **Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil nú spyrja á móti hvort það teljist endilega vera rétt vinnubrögð að reikna út framlegð einnar atvinnugreinar og blanda saman ólíkum þáttum bæði veiða og vinnslu og sækja það með þessum hætti til annars aðilans sem er útgerðin.

Ég segi sem betur fer er ágæt afkoma — og ég rakti það

í upphafi ræðu minnar — það er ágæt afkoma í útgerð og fiskvinnslu. Aðferð til gjaldtöku með þeim hætti sem við ræðum hér er hins vegar hættuleg. Ég bið þingmanninn sem hér spyr hvort hann hafi ekki kynnt sér þá þessa úmsögn fjármálaráðuneytisins sem ég vitnaði til um að óbreytt gjald gæti stofnað mörgum fyrirtækjum í hættu.

Hitt er að framtíð matvælaauðlindanna er geysilega björt. En deilan stendur í sjálfu sér um það hvað sé mikill eða lítil hagnaður, er eðlilegt að taka af miklum hagnaði.

Þannig að ég spyr á móti: Nú voru um það fréttir fyrir nokkrum dögum að tiltekið verslunarfyrirtæki hér á Íslandi greiddi 40% í arð til sinna eigenda. Er það eðlilegt?

[16:03]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það er mikilvægt að það sé góð rekstrarafkoma í sjávarútvegi og hún er það, hefur aldrei verið betri. Það er einfaldlega þannig.

Það er auðvitað ýmislegt í veiðigjaldinu sem má lagfæra, samanber þær breytingartillögur sem minni hlutinn í nefndinni flytur hér við 2. umr. Auðvitað má taka tillit til sérstakra aðstæðna í tilteknum útgerðarflokkum eða tilteknum stærðum, flytja til gjöldin innan greinarinnar, létta hjá einum og auka hjá öðrum. Um það snýst deilan ekki. Deilan snýst um það hvort skynsamlegt sé þegar við eigum ekki nægilega fjármuni til þess að bæta til að mynda þær skerðingar á ellilífeyri og örorkulífeyri sem hafa orðið, þegar við eigum varla fyrir því að reka landspítalann okkar, þegar ríkissjóður er rekinn með verulegum halla, hvort þá eigi að skrifa 10 milljarða gjafabréf handa útgerðarmönnum í landinu. Þegar hv. þingmaður kemur svo og upplýsir til viðbótar, sem ég vissi ekki áður en þessi umræða hófst, að spád sé 15–18% raunhækkun á fiskverði á næstu átta árum, sem þýðir enn þá meiri hagnað í greininni, og þá sé ályktunin sú að lækka eigi gjaldið er það ákaflega einkennilegt. Þegar við skoðum það er þetta mjög íþyngjandi gjald.

Ég nefndi tölurnar hér áðan, 34 kr. fyrir kíló af þorski. Ég fullyrði að útgerðarmenn um víða veröld væru tilbúnir til þess að sækja á þeim grundvelli. Ef við settum upp 34 króna gjald fyrir að sækja kíló af þorski yrðu slagsmál um það innan lands af hálfu útgerðarmanna hver fengi að sækja það vegna þess að það er einfaldlega mjög sanngjarnt gjald. Hér er stjórnarmeirihlutinn að lækka það niður í 17 kr. Fyrir vikið verður ekki hægt að efla aftur velferðarþjónustuna, bæta aftur í lífeyriskerfið og ná niður (Forseti hringir.) hallarekstrinum á ríkissjóði. Virðulegi forseti. Það er vond pólitík.

[16:05]

#### **Haraldur Benediktsson (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er sem betur fer þannig, og ég vil enn og aftur vekja athygli á því, að þjóð okkar á geysilega framtíðarmöguleika vegna matarauðlinda sinna. Það eru auðlindir sem hækka í verði samkvæmt áliti alþjóðastofnana. Það er ekki bara sjávarútvegsauðlindin, það er líka grasið okkar, lambakjötið, smjörin eða hvað svo sem það er. Það eru stóru tækifæri Íslands. Þetta er það sem mun í framtíðinni standa undir því að við getum sótt enn betri lífskjör hér en áður, sem betur fer.

Ég vil að sama skapi að við tökum mjög alvarlega, og ég rakti það í ræðu minni, fyrirtæki sem hafa fengið þær greiningar á rekstri sínum að betra sé fyrir þau að loka en halda áfram veiðum, binda skipin. Þær útgerðir eru ekki að skapa verðmæti og tekjur til þess að standa undir velferðarsamfélaginu sem við viljum byggja. Það skulum við alveg taka alvarlega.

Enn og aftur vil ég ræða um þetta sem stóru tækifærin okkar og ítreka það sem hefur endurtekið komið fram í umræðum allra þeirra sem taka þátt í umræðunni um þetta frumvarp, að ekki er mjög langt á milli okkar í að skapa samstöðu um það hvernig við eigum að haga skattheimtu, hvernig við eigum að sækja til samfélagsins þá fjármuni sem við viljum taka út úr þessari atvinnugrein. Við verðum að gera það með sjálfbærum hætti. Það er þungavigtarpunkturinn.

[16:07]

#### **Edward H. Huijbens (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóds í þessari umræðu þar sem nauðsynlegt er að halda til haga bæði áliti minni hlutans í umræðunni allri og auðvitað markmiði og tilgangi þeirra lagabreytinga sem fyrir liggja í áliti meiri hlutans. Ég vil samt byrja á því að undirstrika og ítreka mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslands, mikilvægi sjávarútvegs í uppbyggingu landsins á 20. öldinni og þeirri 21. Við eigum sjávarútveginum nánast allt að þakka. Við eigum sjómönnum og útgerðarmönnum ansi margt að þakka við uppbyggingu þessa lands og í sókn þeirra til sjávar til að ná í mat og auðvitað arð og auð fyrir landið sem stóð undir uppbyggingu og nútímavæðingu þessa lands, við skulum ekki gleyma því. Það er enginn í þessum þingsal — ég fullyrði: enginn, ekki nokkur þingmaður sem vill sjávarútveginum illt, sem vill vinna sjávarútveginum mein, sem sér útvegsmenn sem einhvers konar djöfla eða púka, sem sér sjómenn sem einhverja djöfla eða púka. Því fer fjarri. Þetta eru hetjur hafssins, útgerðarmenn hafa byggt þetta land að mörgu leyti. Spurningin er einungis um á hvers forsjá byggja eigi landið til framtíðar. Á það að vera á forsjá þeirra sem taka til sín arðinn eða á forsjá þeirra sem enduríthluta honum með lýðræðislegu aðhaldi? Í því liggur pólitíkin í fiskveiðum sem ég vil víðra.

Frumvarp nr. 74/2012, um veiðigjald, sem samþykkt var á síðasta þingi er svar við kröfu kjósenda um breytingar á kerfi sem flestir telja ósanngjarnt og þurfi að breyta. Þjóðin krafðist þess að fá raunverulegan arð af auðlind sinni og að eignarhald hennar á þessari auðlind sé tryggt. Viðbrögð margra útgerðarmanna við þessum tillögum voru fyrirsjáanleg enda eru þeir margir að fara að missa spón úr aski sínum með þessum lögum. Um það snýst hins vegar pólitík, þ.e. að færa til gæði í samfélaginu. Spurningin núna er: Hvað er verið að færa til? Hið sérstaka veiðigjald er beintengt arði sjávarútvegsfyrirtækjanna eins og er í núverandi lögum. Það virkar einfaldlega þannig að þegar búíð er að draga rekstrarkostnað frá tekjum verður eftir höfuðstóll. Að auki kemur til frádráttar 8–10% ávöxtunarkrafa á svokölluðum fastafjármunum og af því sem þá stendur eftir mun ríkið taka 70% eftir þriggja ára aðlögunartíma. Fyrsta árið 60%, svo 65% og svo 70% eftir þriggja ára aðlögunartíma.

Hvað þýðir það á mannamáli? Það þýðir einfaldlega að ef útgerð gerir út skip með mannskap sem veiðir fisk fyrir eigin vinnslu í landi þá dregst allur kostnaður við veiðar og vinnslu frá sölutækjum útgerðarinnar af fiskinum. Þar að auki getur útgerðin dregið frá 8% af metnu virði allra veiðitækja og 10% af metnu virði allra vinnslutækja. Þessar prósentur eru það sem áætlað er að kosti fyrirtæki að endurnýja tæki og búnað og má geta þess að Hagstofa Íslands stýðst við 6% fyrir fyrirtæki almennt í landinu. Með öðrum orðum; veiðigjald er ekki reiknað út nema af hreinum hagnaði af rekstri útgerðanna — svokölluðum umframariði eða rentu og er rétt að halda því til haga. Vel rekin útgerðarfyrirtæki geta meira að segja lagt fyrir þessi 8% af metnu virði veiðitækja og 10% af metnu virði vinnslutækja í afskriftasjóð til þess að endurnýja tæki. Í raun er hvati inni í þessu kerfi að vera með sem nýjust og best tæki til vinnslu og veiða vegna þess að þau verða þá metin hæst og þá verður prósentan hæst og mest kemur til frádráttar af sérstaka veiðigjaldinu.

Það sem er mikilvægt að vita er að ofangreindir reikningar snúa sem sagt aðeins að rekstri fyrirtækisins. Það þýðir að ef fyrirtæki er ákaflega skuldugt og borgar mikið í vexti af lánum sínum þá verður að taka það af hinum hreina hagnaði sem áður var nefndur, sem fyrirtækin eiga eftir, eftir að þau hafa greitt sérstaka veiðigjaldið. Það þýðir þá einfaldlega og gefur augaleið að mörg af hinum skuldsettari fyrirtækjum munu ekki ráða við sérstaka veiðigjaldið og það eru fyrirtækin sem hv. þm. Haraldur Benediktsson vísaði til áðan að muni ekki ráða við sérstaka veiðigjaldið. Það eru þau sem eru of skuldsett. Þar með fara þau á hausinn. Og með frumvarpinu er í raun ekki hægt að stofna til mjög skuldugs rekstrar í sjávarútvegi og það skiptir líka máli. Fyrirtæki sem þegar eru of skuldug munu ekki ráða við sérstaka veiðigjaldið, þau munu fara á hausinn. Ekki verður hægt að stofna til nýrra fyrirtækja í sjávarútvegi sem verða mjög skuldug. Það verður ekki hægt með sérstaka veiðigjaldinu eins og þau eru í núverandi lögum. Þá verður gerð bragarbót á því sem við höfum séð til þessa þar sem mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa vissulega skuldsett sig fram úr hófi og því er það jákvætt ef auðlindagjaldið mundi takmarka möguleikann á frekari skuldsetningu og ýta undir hagræðingu að þessu leyti.

Þau útgerðarfyrirtæki sem standa vel eru allmörg og þau hafa gott svigrúm til fjárfestingar. Að auki hvetur kerfið þau til fjárfestinga í eigin tækjum og búnaði þar sem þær prósentur sem ég nefndi áðan koma til frádráttar stofninum þannig að sjávarútvegsfyrirtæki eru í raun hövtt til að veiða á sem bestum og nýjustum skipum og vinna aflu með nýjustu tækjum. Að auki, og það skulum við athuga vel, eru laun fiskverkafólks og sjómanna hluti rekstrarkostnaðar og þar með frádráttarbær frá sérstaka veiðigjaldinu. Með öðrum orðum; það er líka kominn hvati til þess að hækka laun sjómanna og fiskverkafólks. Það er í gegnum laun þeirra og útsvarsgreiðslur innan sveitarfélaga sem arðurinn mun skila sér til samfélagsins og samfélagslegrar uppbyggingar. Þannig er einmitt hægt að skila þessum skatti í gegnum útsvarstekjur fiskvinnslufólks og sjómanna vegna hækkaðra launa þeirra. Það hlýtur að vera gott.

Staðan er sú að vel stöndug sjávarútvegsfyrirtæki fjár-

festa nú víða af hagnaði sínum. Þau kaupa upp alla eigin virðisikeðu auk þess sem þau fjárfesta mörg að í alls kyns óskyldum rekstri; með fjárfestingum erlendis, fjárfestingum innan lands, olufélögum, jarðborunum, bönkum — nefnið það bara. Þau fjárfesta í óskyldum rekstri auk þess að kaupa upp eigin virðisikeðu. Sum þeirra eru meira að segja í því að niðurgreiða óarðbærar veiðar t.d. eins og hvalveiðar. Þau nýta hagnað sinn til þess að niðurgreiða hvalveiðar, sem er umdeilt mál, en nóg virðast þau eiga til að dreifa.

En því meira sem fólk eignast því meiri völd hefur það og það birtist akkúrat í því að þegar hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja er mikill, methagnaður upp á 100 milljarða — þá er verið að fjárfesta í samfélagi okkar, kaupa upp fyrirtæki, kaupa upp virðisikeðu síns eigin fyrirtækis og fjárfesta í alls kyns óskyldum rekstri — þá færast völdin á hendur þessara einstaklinga sem ráðstafa svo hagnaði sínum. Völdin eru að færast í hendur útgerðarmanna og útgerðarfyrirtækja. Völdin eru sem sagt að safnast á hendur þeirra, safnast á fárra hendur. Handhafar veiðiheimilda lúta í engu aðhaldi kjósenda, en það gerir ríkisreksturinn sannarlega. Sú hugmynd að við tökum þarna til okkar 70% af hreinum hagnaði í gegnum umframrentuna, eins og núverandi lög gera ráð fyrir, snýst þannig í raun um að færa völdin í hendur fólksins í landinu, að taka völdin og færa til gæði og færa völd í hendur fólksins í landinu. Það er það sem hugmyndin snýst um og skiptir máli. Það er pólitíkin í fiskveiðum.

Mig undrar þá auðvitað ekki að þeir sem eru að missa frá sér völdin kvarti yfir því. Mikill vill vissulega meira. Það sem fólk verður að gera upp við sig er spurningin um hvort það sé ekki lýðræðisleg nauðsyn. Í því samhengi er vert að minna á að fiskurinn verður áfram í sjónum og sá mannaúður og þekking sem skapast hefur í landinu við veiðar og vinnslu hverfur ekki heldur. Og eins og hv. þm. Helgi Hjörvar benti á þá verða örugglega margir til þess að berjast um það ef boðið verður upp þorskkílóið á Íslandsmiðum fyrir 34 krónur, eins og núverandi lög gera ráð fyrir að sérstaka veiðigjaldið verði.

Núna leggur hins vegar meiri hluti atvinnuveganefndar til breytingar á núgildandi lögum nr. 74/2012, um veiðigjald. Hverjar eru þær breytingar? Jú, þær felast fyrst og fremst í því að lækka sérstaka veiðigjaldið á botnfiskstegundum úr rúmum 23 kr. í rúmar 7 kr. Þá skulum við gera skýran greinarmun á hinu almenna veiðigjaldi, sem eru þá 10 kr. á kíló, og svo aftur hinu sérstaka veiðigjaldi sem lagt er til í núgildandi lögum að sé rúmar 23 kr. Sérstaka veiðigjaldið er, eins og ég lýsti nákvæmlega áðan, tekið af umframariði fyrirtækjanna, eftir hagnað og eftir afskriftir og rekstrarkostnað — tekið af umframariði. Sérstaka veiðigjaldið á botnfiskstegundum á að lækka. Það skal hins vegar hækka veiðigjaldið á uppsjávarveiði samkvæmt núgildandi lögum og skal því halda vel til haga. Jú, vissulega mun það hækka sérstaka veiðigjaldið fyrir uppsjávartegundir, enda hefur nú heyrst í þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga.

Það sem minni hlutinn bendir hins vegar á í áliti sínu og skiptir miklu máli er að veiðigjöld eru fyrst og fremst auðlindagjöld til að tryggja þjóðinni arð af auðlind sem er í hennar eigu. Minni hlutinn undirstrikar að meiri hluti þjóðarinnar, og meira að segja yfirgnæfandi meiri hluti þjóðar-

innar, hefur lýst sig fylgjandi sterkum stjórnarskrárákvæðum um sameignina, sameign þjóðarinnar á auðlindinni. Slíkt ákvæði er harla innihaldslítið ef því fylgir ekki tilkall til sannaðs hluta auðlindarentunnar eða umframðsins af náttúruauðlindum. Veidigjöldin almennt og sérstaka veidigjaldið þarf að ákveða með hlutlægum og gagnsæjum hætti og til þess voru sett inn ákvæði um hvernig þau skyldu reiknuð og það sem Hagstofan á að standa skil á. Það hefur einnig sýnt sig að sú gjaldtaka sem lögð var til í lögum nr. 74/2012, um veidigjöld, er hófleg og þrengir ekki óeðlilega að rekstrarskilyrðum sjávarútvegsfyrirtækja. Þvert á það sem hv. þm. Haraldur Benediktsson lét hér í veðri vaka þegar hann flutti ræðu sína þá þrengir þetta ekki óeðlilega að rekstrarskilyrðum sjávarútvegsfyrirtækja. Það þrengir að sumum. Hv. þm. Haraldur Benediktsson vildi meina að það þrengdi að mörgum. Nei, það þrengir að sumum. Hver eru sum fyrirtæki? Jú, það eru þau sem eru skuldssett eða þau sem eru lítil, smá. Þess vegna kemur minni hlutinn í atvinnuveganefnd með breytingartillögu sem lýtur að því að hækka aflamarkið þannig að í raun falla ekki smæstu útgerðirnar undir hið sérstaka veidigjald fyrr en á seinni stigum. Það skiptir miklu máli.

Umsagnaraðilar hafa vissulega lýst því og rökstutt það að fyrirtæki ráði vel við gjaldtökuna. Umsagnaraðilar sem fjallað hafa um breytingar meiri hlutans sem nú eru lagðar til, hafa bent á að nýja sérstaka veidigjaldið upp á rúmar 7 kr. þýði í raun að ekkert sérstakt veidigjald verði greitt af botnfiskstegundum vegna þess að í núgildandi lögum, nr. 74/2012, eru ýmis ákvæði um afslátt, ýmis ákvæði eru þar tilgreind um afslátt af sérstaka veidigjaldinu og þegar þau eru öll tiltekin á botnfisksveiðarnar mun þetta sjö komma eitthvað krónu gjald þurrkast út. Það mun einfaldlega ekki vera fyrir hendi. Það verður með öðrum orðum ekki greitt neitt sérstakt veidigjald ef til kemur. Vissulega munu einhver fyrirtæki gera það en ekki öll.

Það sem skiptir máli í umræðunni, sem er merkilegt og er haldið til haga í áliti minni hlutans, og það var rætt á þingi fyrr í dag, er að þegar við ræðum um olú- og gasvinnslu og ríkisólúfélag í kringum olú- og gasvinnslu hugsanlega á Drekasveðinu þá er engin spurning um ríkisfyrirtæki sem eigi að útteila sérleyfum og hirða af því arð og umframarð og auðlindarentu. Þar er engin spurning um það, allir eru sammála um það. Sæju menn mögulega fyrir sér einhvers konar ríkisfyrirtæki í kringum sjávarútveg? Einhvers konar Icefish sem héldi utan um sérleyfi til veiða og tæki af því ákveðið gjald, segjum til dæmis 34 kr. fyrir hvert kíló á botnfisksveidum, af þorskígildistoni? Gætum við séð það fyrir okkur? Af hverju ekki? Ekki stendur á mönnum að þetta sé hægt varðandi olú- og gasvinnslu. Af hverju er það ekki hægt með fiskveiðar? Nei, það er ekki hægt af því að um fiskveiðar standa gríðarmiklir hagsmunir.

Það eru gríðaröflug hagsmunasamtök sem heita Landsamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, sem standa vörð um þann tilflutning gæða og tilflutning auðs í samfélaginu sem birtist okkur í núverandi fiskveiðistjórnkerfi, sem stóð sem sagt til að breyta með núgildandi lögum nr. 74/2012. LÍÚ stendur vörð um þá hagsmuni. Það eru engin samsvarandi samtök hagsmunaaðila í olú- og gasvinnslu enda ekki

skrytið, hún hefur aldrei verið hér á landi. Þess vegna er ekkert mál að koma þar á auðlindagjaldi og koma upp ríkisfyrirtæki í kringum útgáfu sérleyfa.

Kjarni málsins er einfaldlega sá að íslenska þjóðin á auðlindina og veitir með lögum einkaaðilum tímabundið sérleyfi til nýtingar hennar og á því rétt á hluta af auðlindarentunni. Það er réttlætiskrafa, eins og ég nefndi áðan. Það er lýðræðiskrafa, eins og ég nefndi áðan. Þetta er spurning um völd í samfélaginu. Þetta er einfaldlega spurning um hver ræður. Hins vegar má alveg halda því vel til haga, og meiri hlutinn í atvinnuveganefnd gerir það og réttlætir breytingartillögur sínar á núgildandi lögum þannig, að vandkvæði hafa komið upp með framkvæmd laga um veidigjöld. Það er rétt. Minni hlutinn leggur þess vegna fram tillögur til breytingar á lögnum. Vandkvæðin sem meiri hlutinn bendir á lúta til að mynda að upplýsingaöfluninni og hefur meiri hlutinn haldið því helst á lofti að það sé upplýsingaöflunin sem skipti máli. Auðvitað eiga viðbrögðin við því þá ekki að vera þau að lækka veidigjaldið. Það skiptir engu máli varðandi galla eða annmarka á upplýsingaöfluninni. Það er hægt að laga það og í tillögu minni hlutans er gert ráð fyrir að bregðast við framangreindum vanda, að ríkisskattstjóra verði gert skylt að afhenda Hagstofu Íslands og veidigjaldsnefnd rekstrarframtöl og aðrar upplýsingar úr skattframtölum sem þýðingu hafa fyrir ákvörðun veidigjalda. Það er mikilvæg breyting, mikilvæg bragarbót í áliti minni hlutans og væri hæglega hægt að bæta inn í lög nr. 74/2012, til þess að laga þann annmarka um gjaldstofn og reiknigetu eða upplýsingar til að reikna hið sérstaka veidigjald.

Minni hluti leggur einnig til breytingar á lögum um tekjuskatt þannig að skýrt verði að Hagstofu Íslands sé skylt að vinna úr upplýsingum til samræmis við lög um veidigjald, þ.e. að segja horfa til tekjuskattsins og horfa til ríkisskattstjóra varðandi það hvernig reikna skuli hið sérstaka veidigjald. Það er bragarbót á því sem var ambaga og meinbugur á núgildandi lögum nr. 74/2012. Því er einmitt ætlað að koma til móts við þá gagnrýni meiri hluta atvinnuveganefndar, sem er réttmæt, að erfitt hafi verið að reikna út hið sérstaka veidigjald og að það hafi byggt á of gömlum upplýsingum, nánar tiltekið að sérstaka veidigjaldið í ár þyrfti að reikna út frá upplýsingum frá árinu 2011. Það er hægt að laga með þeirri tillögu sem minni hlutinn leggur hér til og með því að gera ríkisskattstjóra skylt að afhenda Hagstofu Íslands upplýsingar um skattframtöl og rekstrarframtöl sem þýðingu hafa.

Hinn gallinn sem meiri hlutinn hefur bent á og kom fram mjög snemma er sá að lítil fyrirtæki sem veiða lítið eiga erfitt með að standa undir hinu sérstaka veidigjaldi, fyrirtæki sem eru með lítinn rekstur, lítil umsvif og litla veltu eiga erfitt með þetta. Til að koma til móts við þau, í því skyni að minnka álögur á minni og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki þá leggur minni hluti til breytingar sem felur í sér að sérstakt veidigjald verði ekki greitt af fyrstu 50 þús. þorskígildiskílólumum í stað fyrstu 30 þús., eins og kveðið er á um í a-lið greinarinnar, og í framhaldinu verði hálf gjald af næstu 200 þús. þorskígildiskílólum í stað 70 þús. áður. Það er hugsað til að koma til móts við lítil og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki og skiptir gríðarlega miklu máli

vegna þess að það léttir undir með þeim en rýrir ekki tekjumöguleika ríkisins af hinu sérstaka veiðigjaldi nema um mun minna en annars hefði verið. Það skiptir máli, það er mjög mikilvægt og gerir þá smærri útgerðum kleift að komast betur af, ekki hins vegar hinum skuldsettu. Hin skuldsettu sem hafa skuldsett sig um of, jafnvel tekið út hagnað sinn og arð og notað í eitthvað allt annað án þess að fjárfesta í eigin fyrirtæki. Þau fyrirtæki mega kannski bara fara á hausinn eða hvað?

Með breytingartillögum minni hluta atvinnuveganefndar á núgildandi lögum, nr. 74/2012, er brugðist við þeirri gagnrýni sem beinst hefur að lögum um veiðigjöld samhliða því að styrkari stöðum er skotið undir starfsemi veiðigjaldsnefndar og lagagrundvöll veiðigjaldanna. Því miður fékkst ekki mikil efnisleg umræða í atvinnuveganefnd, ef þá nokkur, um frumvarp og tillögur minni hlutans sem sneru að því að laga til lög nr. 74/2012, um veiðigjöld. Þær sneru að því að laga til þá galla sem bent hafði verið á og sem komið höfðu í ljós við framkvæmd laganna. Það er óhjákvæmilegt að einhverjir annmarkar finnast þegar lög koma til framkvæmda. Við þeim er hægt að bregðast og þá er hægt laga. Hvað gerir meiri hlutinn hins vegar? Hann fer engu að síður fram með breytingartillögu sína á lögum nr. 74/2012. Hann breytir aðeins hinu sérstaka veiðigjaldi, færir það til þannig að það verði nánast hverfandi í tilfelli botnfisks, hækkar verulega í tilfelli uppsjávarfisks, en þegar öllu er á botninn hvolft, rýrir það mjög það sem hið opinbera mun hafa út úr hinu sérstaka veiðigjaldi, svo mikið að stjórnarmeirihlutinn á í stökustu vandræðum, að hluta til þess vegna, með að móta nýtt fjárlagafrumvarp. Enn er ekki neitt komið fram í þeim efnunum og jafnvel er rætt um að fresta þingi í haust til þess að gefa þeim meira andrými til þess að skapa fjárlagafrumvarp sitt.

Auðvitað eru menn í vandræðum með fjárlagafrumvarp þegar verið er að rýra og veikja tekjustofnana eins og raun ber vitni. Þegar öllu er á botninn hvolft þá snýr frumvarp meiri hlutans í atvinnuveganefnd um breytingar á lögum um veiðigjaldið að því að veikja tekjustofna almannaþjónustunnar og það er miður. Stjórnarflokkarnir eru nú tveir, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, en stefna Sjálfstæðisflokksins hefur alltaf verið skýr; hann hefur ævinlega verið á móti hinu sérstaka veiðigjaldi enda ganga sjálfstæðismenn erinda útgerðanna og það hefur engum dulist. Þeir hafa heldur ekki farið leynt með það. Þeir standa stoltir með því sem málsvarar útgerðarmanna og er það bara vel. Það er gott að þeir eiga sér pólitíska málsvara. Hins vegar eru ansi mörg samtök í þessu landi sem eiga sér enga pólitíska málsvara. Það er nefnilega þannig að pólitískir málsvarar almennings, sem er auðvitað mjög óljós hópur, eru frekar fáir.

Hvað varðar hinn stjórnarflokkinn, Framsóknarflokkinn, þá hefur hann ævinlega viljað vinna á grunni skýrslu sátta- nefndar frá 2010. Framsóknarmenn hafa ævinlega viljað vinna á grunni þeirrar sáttanefndar og ég kalla eftir því núna: Hvar er sú vinna? Af hverju nýta menn sér ekki vinnu sáttanefndar frá árinu 2010? Og af hverju fylgir Framsókn því ekki eftir, eins og stefna þeirra var og eins og mátti lesa út úr kosningabaráttu þeirra? Þar var verið að leggja grunn að sátt um veiðigjöld, sátt um kvótakerfið og

það skiptir gríðarlegu máli vegna þess að sú vinna var þverpólitísk með aðkomu allra flokka, allra hagsmunaaðila. Eins og allir vita sem þeirri vinnu tengdust og komu henni nálægt þá var ansi nærri því að sátt næðist. Það var mjög nærri, það ber alls ekki mikið í milli. Sú breyting sem meiri hluti atvinnuveganefndar stendur fyrir er mjög róttæk. Verið er að klippa niður um rúmlega helming hið sérstaka veiðigjald, a.m.k. á botnfiskstegundir og í raun af engum sjáanlegum ástæðum. Ég endurtek það sem komið hefur ítreakað fram hér að árið í ár er metár í hagnaði sjávarútvegsfyrirtækja. Og það hefur einnig komið fram, m.a. í máli hv. þm. Haraldar Benediktssonar, að matvælasamtök Sameinuðu þjóðanna, FAO, spá 15–18% raunvirðishækkun á matvælum í heiminum, þar á meðal fiskstofnum.

Fátt bendir til annars en að það sé gósentíð fram undan hjá íslenskum sjávarútvegi — gósentíð. Eigum við þá ekki að tryggja það að endurúthlutun umframarsins sé í höndum lýðræðislega kjörinna fulltrúa en ekki útgerðarmanna einna? Útgerðarmenn hafa góð tækifæri samkvæmt gildandi lögum um veiðigjöld til þess að byggja upp sterk og öflug fyrirtæki. Þeir hafa ríflegar afskriftaprósentur samkvæmt núgildandi lögum umfram það sem fyrirtæki almennt í landinu hafa. Það er því ekkert sem ætti að standa í vegi fyrir því að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki geti haldið áfram að byggjast upp með öflugum hætti og verði áfram þær styrku stöðir, styrku undirstöður í íslensku efnahagslífi og hjá íslenskri þjóð sem þær hafa verið um áratugaskeið. Það er ekkert sem bendir til þess að svo geti ekki orðið. Heimurinn allur leggst á sveif með íslenskum sjávarútvegi, en það sem meira er, af einhverjum dularfullum ástæðum — ja, þær eru kannski ekki endilega svo dularfullar — þá kys stjórnarmeirihlutinn að leggjast á sveif með heiminum öllum og íslenskum sjávarútvegi.

Mér finnst það undarlegt. Mér finnst skrytið að ekki megri reyna að taka hluta umframrentunnar með eðlilegum hætti af sjávarútveginum. Mér finnst það skrytið forgangsröðun hjá núverandi stjórn. Ekki það að hún komi á óvart, því var svo sem lofað og það eru fleiri þættir, lækkun virðisaukaskatts af ferðaþjónustu og ýmislegt annað sem er tekið. Verið er að veikja mjög tekjustofna almannaþjónustunnar á fyrstu dögum þingsins eins og komið hefur fram í ræðu og máli margra hv. þingmanna, verið er að veikja tekjustofna almannaþjónustunnar mjög markvisst á þessum fyrstu dögum þingsins og það slær mjög tóninn fyrir það sem fram undan er.

Ég veit að hér höfum við hægri stjórn, það er engin spurning um það jafnvel þó að hæstv. forsætisráðherra kalli það einhvers konar, ja, hvað kallaði hann það? Hann lýsti því sem einhvers konar samsæri á *Rauða þræði* samfylkingarmanna, einhvers konar spjallþræði þeirra sem kallast víst *Rauði þrædurinn*. Hæstv. ráðherra sagði að það að kalla stjórnina hægri stjórn væri samsæri þar. Ég vil meina að stjórn dæmist af verkum sínum og ef við horfum til þeirra verka sem unnin hafa verið hér á fyrstu dögum þessa þings, sem snúa fyrst og fremst að því að veikja tekjustofna almannaþjónustunnar og í annan stað að veikja möguleika á andsvari með því að herða að fjölmiðlum í þessu landi, þá með frumvarpinu um RÚV, þá munum við sjá í framkvæmd harðsvíraða hægri stefnu sem ég tel að við munum



sjá enn meira af á næstu missirum. Og hvernig mun hún birtast? Jú, með því að veikja tekjustofna almannaþjónustunnar og skapa þannig svigrúm, eins og þeir kalla það, svigrúm til einkavæðingar, svigrúm til þess að selja út hluta almannaþjónustunnar til einkaaðila og svo framvegis.

Ég get ekki trúað því að þeir góðu og gegnu framsóknarmenn sem ég þekki víða um héruð og sérstaklega í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, þeir félagshyggjumenn sem þar er að finna, samvinnumenn sem er að finna í öllum kjördæmum og tilheyra Framsóknarflokki, geti sætt sig við og lifað með þessari forgangsröðun núverandi stjórnar. Ég get ekki ímyndað mér það. Ég held að þeim mundi frekar hugnast samvinnuform á útgerðina, að endurvekja slíkt. Það væri áhugavert að sjá. Af hverju er ekki talað fyrir því? Af hverju er ekki Framsóknarflokkurinn, stærstur flokka á þessu landi, að tala fyrir samvinnu í útgerð, samvinnufyrirtækjum í útgerðum? Það þætti mér meiri og skemmtilegri forgangsröðun og það lofaði betur fyrir okkur og framtíð þessa lands ef við sæjum Framsókn, hæstv. forsætisráðherra jafnvel tala fyrir því að útgerð þessa lands væri rekin á grundvelli samvinnuhugsjónarinnar. Það væri áhugaverð nálgun og þá mundi ég ekki standa hér og fullyrða að í framkvæmd væri hægri stefna og að í landinu væri hægri stjórn. Langt í frá, ég mundi aldrei þora að fullyrða það, ég mundi einlegu ekki vita hvað ég ætti að kalla það. Blöndu af samvinnuhugsjón og sjálfstæðismönnum? Ég mundi reyna það en ég gæti alla vega ekki kallað það hægri stefnu.

Til eru mýmörg fordæmi fyrir auðlindagjaldi eins og því sem er í gildi í lögum nr. 74/2012. Nærtækasta dæmið er frá Noregi og er mjög mikilvægt að horfa til fordæmanna sem eru við lýði víða um heim. Auðvitað verður alltaf deilt um nákvæma krónutölu og nákvæma útfærslu á því gjaldi. Auðvitað verða alltaf einhverjir sem líða fyrir þetta gjald, en staðan eins og hún er í dag er sú að tekjustofnar almannaþjónustunnar verða látnir líða fyrir það. Það kemur nú í ljós, sennilega á haustþingi þegar forgangur í niðurskurði verður tilkynntur, að tekjustofnar almannaþjónustunnar verða látnir líða fyrir auðlindagjaldið ef þessi breyting meiri hlutans verður samþykkt.

Ég legg áherslu á að það eru fjölmargar umsagnir um frumvarp meiri hlutans í atvinnuveganefnd, um breytingar í veiðigjaldi aftur til þessara 7 kr., sem mæla ekkert sérstaklega mikið með því. Hv. þm. Haraldur Benediktsson tiltók álit í fyrri ræðu sinni sem sögðu að þetta væri hið besta mál, en önnur álit, aðrar umsagnir segja að þetta sé hið versta mál, að þarna sé ekki vel að verki staðið. Það er mikilvægt að við horfum til beggja sjónarmiða. Með breytingum á veiðigjöldum, eins og í núgildandi lögum nr. 74/2012, þá munu auðvitað einhverjir líða fyrir álagningu þeirra en það er hægt að stilla það af og það er hægt að laga það með ýmsum öðrum hætti en bara með því að slátra veiðigjaldinu nánast eins og það leggur sig, eins og meiri hlutinn leggur til. Meiri hlutinn leggur í raun til að sérstaka veiðigjaldinu, sérstaklega á botnfisk, sé slátrað og það er slæmt.

Það er hægt með ýmsum öðrum hætti og það birtist einmitt í áliti minni hlutans frá atvinnuveganefnd, þ.e. með því að stilla til kvótamarkið og með því að auka valdheimildir Hagstofunnar til þess að kalla eftir upplýsingum til þess að reikna hið sérstaka veiðigjald. Það eru leiðirnar sem

er hægt að nota til að stilla það af. Það þarf ekki að slá gjaldið af, langt í frá. Það er hægt að stilla af innheimtuna á því þannig að menn líði ekki óhóflega og að þeir sem síst skyldi líði ekki vegna þess. Þetta eru allt mögulega, en var það til umræðu? Var hægt að ræða það í atvinnuveganefnd? Nei, það var ekki tími til þess. Það lá mikið á að koma þessu í gegn á sumarþingi. Það var aðalatriðið á sumarþingi. Þetta þurfti að keyra í gegn vegna þess auðvitað að búið var að lofa útgerðinni því. Og Sjálfstæðisflokkurinn er sá flokkur sem er pólitískur málsvari útgerðarinnar, hann hefur aldrei leynt því og er bara stoltur af því og má vera það. Eins og ég lagði áherslu á í upphafi ræðu minnar er full ástæða til að vera stoltur af íslenskri útgerð og ég get staðið hvar sem er á erlendri grund og sagt stoltur frá því að ég sé Íslendingur og hvernig íslenskri útgerð tókst að ganga um auðlindina, íslenskan fisk og sjávarútveg, sem eru eiginlega fá fordæmi fyrir annars staðar í heiminum. Sjálfur hef ég unnið í Kanada, í Noregi og víðar. Ég nefni Kanada sérstaklega og ef ég horfi aftur til 1991 og Grand Banks þá var það nú ekki fögur sjón.

Hér hefur tekist með einstökum og undraverðum hætti að byggja upp auðlindina og rækta til vaxtar þessa auðlind sem mun vaxa um 15–18% að raunvirði að mati FAO. Það skiptir gríðarlegu máli, það er alveg glæsilegt. Við getum verið stolt af íslenskri útgerð öll sem eitt og hvernig hún hefur undirbyggt íslenskt samfélag og hvernig hún gefur okkur möguleika á því. En við verðum auðvitað að tryggja að útgerðin geti áfram verið burðarásinn í íslensku samfélagi og það gerum við ekki með því að gefa henni frispil með allan sinn umframagnað. Það er leiðir ekki til góðs. Það leiðir til þess að völd hafa safnast á fárra hendur, eins og ég rakti í upphafi máls míns. Það leiðir til þess að keypt er á ýmsum stöðum, sem er oft miður kræsilegt, eins og útgerð við strendur Vestur-Afríku, eða hvað við getum kallað það. Það er margt sem mælir með því að umframardi auðlindarinnar íslenskum sjávarútvegi sé endurútdelt með lýðræðislegum hætti, með lýðræðislegum og gegnsæjum hætti, með aðhaldi kjósenda. Það er það sem við þurfum að tryggja og það er það sem við þurfum að standa vörð um.

Ég mæli sérstaklega með því að atvinnuveganefnd taki frumvarpið aftur til umfjöllunar, taki til efnislegrar umfjöllunar álit og tillögur minni hlutans um breytingar á útfærslu veiðigjaldsins og þar af leiðandi lögum nr. 74/2012. Það mundi vera metið mikils vegna þess að það er alveg ljóst að útgerðin getur getur staðið undir þessu gjaldi og ætti að geta það vegna þess að ekki er þetta nú hátt gjald, 34 krónur á kílóíð, að frádregnum rekstrarkostnaði, að frádregnum afskriftareikningi.

Það er gaman að segja frá því að ég sat og hlustaði á erindi Arngríms Jóhannssonar sem stofnaði Flugfélagið Atlantanta. Hann lýsti því sem meginuppistöðu árangurs í uppbyggingu stórfyrirtækis síns, sem hann á náttúrlega ekki lengur, þessu merka fyrirtæki, Flugfélaginu Atlanta, hversu vandlega var haldið utan um afskriftareikning, þ.e. það hlutfall sem ganga átti til afskrifta var lagt inn á sérstaka bók. Það var afskriftareikningur sem vextir voru síðan auðvitað hirtir af og nýttust vel. Sjávarútvegurinn ætti væntanlega að geta gert það sama vegna þess að hann fær frádregið af sérstöku veiðigjaldi 8% af metnu virði allra veiðitækja

og 10% af metnu virði allra vinnslutækja. Það skiptir máli.

Ég legg því til að í stað þess að ráðist sé í að lækka hið sérstaka veidigjald, lækka það bara beint vegna þess að útgerðin hefur krafist þess, sérstaklega á botnfisk, verði það óbreytt eins og fram kemur í álitu minni hlutans sem ég styð. Ég legg til að það verði óbreytt. Ég legg til að við nýtum okkur umræðu og ræðum efnislega um tillögur um lagfæringar á lögum nr. 74/2012, hvornig við getum lagað þau og sniðið þau til eftir því sem reynsla kemur á þau við útfærslu, útreikninga og innheimtu á sérstöku veidigjaldi, vegna þess að þetta sérstaka veidigjald hefur lagt grunninn að til að mynda fjárfestingaráætlun fyrir ríkisstjórnar sem í voru meðal annars Norðfjarðargöng og ýmsar aðrar framkvæmdir, uppbygging rannsókna í samfélaginu, uppbygging skóla og fleira. Þetta var meðal annars það sem hið sérstaka veidigjald átti að standa undir og meðal annarra gjaldstofna. Ég legg þess vegna til að það sé óbreytt og að við nýtum það í þær framkvæmdir sem tillögur hafa þegar komið fram um og að við ræðum efnislega á þessu þingi, sérstaklega á haustþingi, hvornig við eigum að ráðstafa þessu sérstaka veidigjaldi frekar en við séum að ræða hér hvort við eigum að hafa það yfirhöfuð eða ekki.

Þetta er óumdeilanlega krafa þjóðarinnar; 34 þúsund manns hafa skrifað undir undirskriftalista þess efnis að ekki eigi að breyta veidigjaldinu. Þjóðin vill halda sérstöku veidigjaldi, þjóðin vill fá sanngjarnan og raunverulegan arð af auðlind sinni, sem er vissulega sameign þjóðarinnar og enginn hefur deilt um þó að það reynist raunar mjög erfitt að setja aðráttarlaus ákvæði þar um í stjórnarskrá. Það er alveg merkilegt hversu mikið staðið er í vegi fyrir því að hafa aðráttarlaus ákvæði um það í stjórnarskrá á meðan dómstólar dæma þannig að kvótinn erfist, sem er nánast eins og að breyta því í eignarrétt, þannig að málið er vandmeðfarið. En þjóðin á þessa auðlind, hún vill og á að fá af henni arð. Það er útfærslan á því sem við eigum að vera að ræða. Ég frábið mér með öllu þann málflutning sem bar á í ræðu hv. þm. Haraldar Benediktssonar hér áðan að um væri að ræða ofurskattlagningu þar sem teknir væru tugmilljarðar út úr greininni.

Það eru fráleitar fullyrðingar. Það er enginn — enginn að tala um tugi milljarða sem taka á með sérstöku veidigjaldi, það er enginn sem talar um ofurskattlagningu í því samhengi. Það skiptir máli að halda því til haga vegna þess að verið er að undirbyggja einhvers konar goðsögn um að það eina sem vaki fyrir þeim sem vilja sérstakt veidigjald sé einhver skattamanía. Að við viljum bara skattleggja allt sem við sjáum, skattleggja það til dauða, þína það þannig að ekkert verði eftir. Hirða út úr því tugi milljarða og skilja eftir rjúkandi rústir eftir tvö til þrjú ár. Það er bull. Það hefur aldrei staðið til. Og eins og ég hef rakið ítarlega í máli mínu þá er íslenskur sjávarútvegur og íslenskt útgerð ein af undirstöðum þessa samfélags. Hún er orðin ein af þremur undirstöðum efnahagslífsins í dag ásamt áli og ferðapjónustu. Það færi enginn heilvita maður að svipta einni af þremur stöðum efnahagsins undan íslensku samfélagi bara sisvona, á tveimur til þremur árum. Það er bara bull og það er óþolandi að menn tali þannig. Það er óþarfi, það er enginn að ræða það á þeim nótum og ég minni á hversu nærri samkomulagi sáttanefndin var árið 2010. Það ber ekki mik-

ið í milli og það vita allir sem til þekkja. Þetta snýst um útfærsluna og í álitu minni hluta atvinnuveganefndar eru vandlega útfærðar tillögur að því hvornig laga má útfærsluna á lögum nr. 74/2012, um veidigjöld, sem fela áfram í sér að hið opinbera fái af þeim eðlilegan arð. Ég tala um eðlilegan arð, ekki ofurskattlagningu heldur eðlilegan arð. Það er mikilvægt að halda því til haga.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra um þetta, ég tel þetta vera komið. Þetta frumvarp, breyting á lögum um veidigjöld, sem fram er komið hjá stjórninni, er eitt nokkurra sem lögð eru fram nú á sumarþingi. Öll ber að sama brunni; málið snýst um að veikja tekjustofna almannapjónustunnar, veikja tekjustofna okkar til að halda úti almannapjónustu og velferðarkerfinu og önnur frumvörp snúast í ofanálág um að passa upp á að þessi mál verði ekki rædd á öðrum nótum í þjóðfélaginu — að þeim verði alla vega haldið vel við hælina sem ætla að ræða málin á einhverjum öðrum nótum. Tónninn var gefinn í alveg fádæma ávarpi forsætisráðherra í blaðagrein í síðustu viku þar sem hann talaði um loftárásir stjórnarandstöðu og fjölmiðla. Þar var auðvitað gefinn tónninn fyrir hvornig farið verður með þá sem leyfa sér að andæfa þeirri hægri stjórn og hægri stefnu sem hér er í framkvæmd.

[16:44]

#### **Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem hin frjálslynda miðjóstjórn sem ríkir hér hefur lagt fram er ekki lagt fram til einskis. Það er lagt fram til þess að leiðrétta það sem hv. þm. Edward H. Huijbens kallaði áðan annmarka eða vandkvæði við lög sem samþykkt voru á þingi í fyrra. Að kalla það vandkvæði að ekki sé hægt að innheimta gjald samkvæmt lögnum, það er ekki hægt að innheimta gjald samkvæmt efni þeirra, er líkt og að segja að opið fótbrot sé minni háttar áverkki.

Ég vil hins vegar benda á að það var ákveðinn misskilningur í máli hv. þingmanns sem ég vil gjarnan eiga við hann orðast að um. Í fyrsta lagi: Hvaðan fær hann þessa 100 milljarða króna tölu um hagnað í greininni? Í öðru lagi vil ég vekja athygli hans á því að samkvæmt þeim breytingum sem meiri hluti atvinnuveganefndar hefur gert á þessu frumvarpi munu stærstu fyrirtæki landsins greiða 75% af sérstöku veidigjaldi, með öðrum orðum LÍÚ. Eru það þau samtök sem hv. þingmaður er að berjast fyrir? Það sem þetta frumvarp gerir hins vegar er að eftirstöðvar af því gjaldi sem verður innheimt, þ.e. eftir þessi 75% sem stærstu fyrirtækin greiða, þetta er sett á til þess að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Frítekjumarkíð sem var talað um áðan dugar þeim ekki, þau eru samt stærri en það, en þetta verður til þess að tryggja betur til framtíðar meðalstór og lítil fyrirtæki í sjávarútvegi.

Hverjir borga? Þeir sem hafa bolmagn til þess. Stærstu fyrirtæki Íslands borga 75% af sérstöku veidigjaldi.

[16:46]

#### **Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Þorsteini Sæmundssyni fyrir athugasemdirnar. Það er rétt, þetta eru vandkvæði. Ég kalla þetta vandkvæði, ég vona að ekki sé um opið beinbrot að

ræða heldur einungis vandkvæði sem einmitt hægt er að laga. Og það eru tillögur fyrirleggjandi um hvernig á að laga þetta. Hv. Þingmaður segir að ekki hafi verið hægt að innheimta samkvæmt lögnum. Það væri hægt ef þetta yrði lagað eins og lagt er til í álitni minni hlutans og ekki er vandamál með það. Opín beinbrot má græða eins og hver önnur beinbrot. Þannig er það nú bara.

Hvað varðar 100 milljarðana greip ég það nú einungis úr ræðu hv. þm. Helga Hjörvars sem talaði um 100 þús. milljónir sem ég geri ráð fyrir að séu þá 100 milljarðar. Hann nefndi þá tölu og ég greip hana á lofti, hef hana því ekki dýrari en ég keypti hana frá hv. þm. Helga Hjörvari.

75% fyrirtækja munu standa undir veidigjaldinu, hinu sérstaka veidigjaldi. Hv. þm. Þorsteinn Sæmundsson nefnir að breytingin á álagningunni muni ekki duga hinum smæstu. Það er gott að heyra það og gott þá að heyra rök fyrir því vegna þess að það tilheyrir efnislegri umræðu um málið sem hefur ekki farið fram. Tillaga minni hlutans snýr einmitt að því að leggja fram eitthvað um það hvernig má laga hið opna beinbrot sem hv. þm. Þorsteinn Sæmundsson talar um og ef hv. Þingmaður metur það sem svo að þetta dugi ekki til þá má einmitt ræða það að hve miklu leyti, hvernig og hvað hann hefur fyrir sér í því, í staðinn fyrir að slá af veidigjaldið.

[16:48]

#### **Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Forseti. Já, enn um þetta sem kom fram áðan að þetta dugi ekki litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hv. þm. Edward Huijbens sagði áðan að lítil fyrirtæki mundu einfaldlega fara á hausinn. Það er alveg rétt hjá honum. Og hverjir eru þá líklegir til þess að taka til sín þær veiðiheilmildir sem hin litlu og meðalstóru fyrirtæki höfðu áður? Það eru stærri fyrirtæki. Það að fara fram með óbreytt veidigjald eins og það var fyrirhugað, ef hægt hefði verið að innheimta það, hefði að óbreyttu valdið samþjöppun í greininni. Er það það sem við viljum? Nei, það viljum við ekki.

Það frumvarp sem fyrir liggur er ekki gallalaust eins og ég sagði áðan. Það er til eins árs, það er bráðabirgðaráráðstöfun. Við höfum tímamót fram á næsta þing til að vinna hér sjávarútvegs- og fiskveiðistefnu til framtíðar vonandi í sem mestum friði og sem mestri sátt en sú sátt verður ekki gerð með því að þjappa enn saman veiðiheilmildum til örfárra risastórra fyrirtækja. Það sem fyrirleggjandi frumvarp gerir líka er að það kemur til góða þeim fyrirtækjum sem eru á þeim landsvæðum þar sem erfiðast hefur verið að halda úti sjávarútvegi undanfarið, þ.e. Suðurland, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, þannig að um leið og þetta frumvarp veitir auknið rekstraröryggi litlum og meðalstórum fyrirtækjum þá er það líka byggðaaðgerð í sjálfu sér.

Vonandi getum við nýtt tímamót vel í framtíðinni til að setja okkur alvörustefnu til framtíðar, að því ári liðnu sem við erum að nota núna í þessa bráðabirgðaráráðstöfun og tökum saman höndum um að finna lausn á málinu til framtíðar sem allir eða flestir geti unað við.

[16:50]

#### **Edward H. Huijbens (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Þorsteini Sæ-

mundssyni aftur fyrir athugasemdir hans. Ég er honum hjartanlega sammála, ekki viljum við sjá frekari samþjöppun í greininni, fjarri því.

Hvað varðar hina frjálslyndu miðjustjórn sem hann talar um og nefndi í upphafi þá er það auðvitað ekki svo að hægt sé að kalla hana það miðað við það sem fyrir liggur af frumvörpum og tillögum. En af verkum verður hver dæmdur, eins og ég segi, og það sjáum við bara til með í haust. En það er rétt, við viljum ekki sjá frekari samþjöppun í greininni. Það að breyta hér markinu, og það sem við erum þá farnir í raun að ræða efnislega, ég og hv. Þingmaður, er einmitt að hve miklu leyti hægt er að breyta því marki, það er einmitt spurningin.

Ég sagði ekki að lítil fyrirtæki færu á hausinn, ég talaði fyrst og fremst um að þau skuldsettu mundu ekki ráða við þetta gjald. Svo nefndi ég að lítil fyrirtæki mundu mögulega ekki ráða við þetta — mögulega ekki ráða við þetta — og til þess eru breytingar minni hluta atvinnuveganefndar fallnar, einmitt til að laga það með því að hækka frítækjumarðið. Hv. þm. Þorsteinn Sæmundsson telur það ekki duga til. Nú verð ég að bera við fávisku að því leyti að verið getur að það dugi ekki til, en ég tel að þetta sé skref í rétta átt, álit minni hlutans, og það megi þá ræða efnislega að hve miklu leyti það dugi til eða dugi ekki til, frekar en að slá af veidigjaldið. Það er alveg klárt mál að það mun ekki laga þá meinbugi sem eru á lögum nr. 74/2012 að lækka einfaldlega veidigjaldið. En það er hins vegar það sem vakir fyrst og fremst fyrir stjórnvöldum, það er að lækka einfaldlega veidigjaldið til að umframárðurinn haldi áfram að renna í þeim mæli sem hann hefur gert í vasa þeirra sem gera út skipin.

Ég vil breyta þessu, ég legg áherslu á það. Ég vil halda því sem lög nr. 74/2012 lögðu áherslu á, að veidigjöldin væru óbreytt, það vil ég sjá áfram. En ég vil þá geta lagað það til þannig að ekki líði þeir sem síst skyldu fyrir þessi veidigjöld og útfærslu gjaldanna.

[16:52]

#### **Forseti (Silja Dögg Gunnarsdóttir):**

Forseti vill minna hv. Þingmenn á að nefna aðra hv. Þingmenn fullu nafni í máli sínu.

[16:52]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Hér fer fram mjög ítarleg og efnismikil umræða um efni frumvarpsins og er ýmislegt sem kemur fram þar mjög fróðlegt. Reyndar væri hægt að endurtaka meira eða minna allt sem svokallaður meiri hluti hefur sagt og það sem svokallaður meiri hluti hefur sagt aftur og aftur. Það sem er kannski áhugaverðast við alla umræðuna er að hún á sér stað í ákveðnu lýðræðislegu tómarúmi. Hún fer fram án tillits til þess hvað það er sem þjóðinni sjálfri finnst.

Það er nefnilega ekki svo að kvótamál og veidigjaldamál séu ný af nálinni. Þetta er margra áratuga gamalt bit-bein íslensku þjóðarinnar og það lítur ekki út fyrir að það lagist mikið í brád ef vinnubrögðin halda áfram að vera eins og þau hafa verið síðastliðna áratugi eða jafnvel lengur. Dæmi hver fyrir sig. En það er lýðræðisleg umræða í gangi í samfélaginu á meðal þjóðarinnar, ekki bara í netheiminum

heldur líka í kaffistofunum og heima í stofunni hjá fólki, við eldhúsbörðið, og þessi umræða hefur átt sér stað áratugum saman. Það er ekkert nýtt, það er alls ekkert nýtt.

Eins og staðan er í dag eru 34 þúsund Íslendingar búnir að skrifa undir mótmæli gegn þessu frumvarpi. Það er meira en var skrifað undir gegn hinu svokallaða fjölmiðla-frumvarpi eða fjölmiðlalögum sem forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að skrifa undir, sem í þá daga hefði í kenningunni knúíð fram þjóðaratkvæðagreiðslu en gerði ekki vegna þess að ríkisstjórnin tók frumvarpið til baka. Það áhugaverða við þá tíma, þegar það leit út fyrir það í nokkra daga eða vikur, eða hvað það var, að þjóðin fengi í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins að ákveða sjálf framvindu laga sem hefðu verið samþykkt á Alþingi var að það átti sér stað ítarlegri, og ég segi betri, umræða en nokkru sinni fyrir um þau lög. Þar áður einkenndist umræðan fyrst og fremst af upphrópunum og ásökunum hingað og þangað og óljósam fréttatilkynningum frá hinum og þessum um hvernig þetta væri, árás á lýðræðið eða til að bjarga lýðræðinu eða hvaðeina.

Þegar fólk, venjulegt ókjörið fólk sem lifir sínu venjulega lífi fékk skyndilega þá hugmynd í kollinn, klikkaða nýstárlega hugmynd, að það sjálft hefði meira en einn bókstaf á fjögurra ára fresti að segja um gang mála þá fór það skyndilega að hugsa miklu meira, það fór að lesa meira, taka þátt í mun skipulagðari, þroskaðri, og eins og ég segi ítrekað, betri umræðu. Þannig verða lýðræðisumbætur til. Þótt núverandi ríkisstjórnarflokkar, og kannski ríkisstjórnarflokkar almennt, treysti þjóðinni allra síst fyrir eigin ákvörðunum eru talsvert góðar ástæður fyrir því að það lítur oft svo út að þjóðin hafi ekki vit á neinu. Það er vegna þess að hún ber ekki beina ábyrgð á neinu sem er gert af Alþingi okkar nema með þessum eina bókstaf á fjögurra ára fresti.

Með þeim eina bókstaf á fjögurra ára fresti finnst ríkisstjórnarflokkum gjarnan gaman að nefna að þau hafi heimild, þau hafi umboð þjóðarinnar og geti þar af leiðandi gert, að því er virðist, meira eða minna það sem þeim sýnist. En ég er kominn með annað umboð. Það hefur nefnilega margsinnis verið spurt í þjóðfélaginu hvað þjóðinni finnst sjálfri, ekki bara um þessa ríkisstjórn og ekki bara um þessa svokölluðu stjórnarandstöðu heldur þetta mál, þetta frumvarp. Samkvæmt fjölmiðlum eru 70% þjóðarinnar, ég sel það ekki dýrara en ég keypti það, á móti þessu tiltekna frumvarpi.

Ef hv. þingmenn hafa góð rök, og sumir hafa allt í lagi rök, alla vega rök sem eru þess virði að íhuga og tala ítarlega og lengi um, ættu þeir sömu hv. þingmenn ekki að veigra sér við því að taka þátt í þeirri umræðu í fjölmiðlum með það að leiðarljósi að þeir þurfi ekki að sannfæra þá þingmenn sem sitja hér inni, og hvað þá þingmenn sem sitja ekki hér inni, heldur þjóðina sjálfa sem á þetta land og náttúruauðlindir þess.

Það er ekki þannig með okkur píratu að við séum endilega með sterka efnislega stöðu í þessu tiltekna frumvarpi en við stöndum ótvírætt með sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar og frá okkar bæjardryum séð snýst þetta aðallega um það. Auðvitað er óþægilegt þegar það er um 30–40 milljarða kr. halli eða hvað það er. Hvernig svo sem það er

reiknað út og á hvaða grundvelli er mjög greinilega um tekjumissi að ræða, um það virðist ekki vera mjög hart deilt. Mér finnst það persónulega svolítið eins og að fá lán fyrir fjárfestingum, mér finnst það tiltölulega óábyrgt svo ekki sé meira sagt, en því miður tiltölulega dæmigert líka. Eins og ég segi er það eitt af þeim efnislegu atriðum sem væri alveg þess virði að ræða.

Þegar sagt er við mig að einhver lög virki ekki þá hlusta ég nokkuð vel vegna þess að það er til ofboðslega mikið af lögum sem virka ekki. Sum lög eru sett fram í góðum tilgangi en hafa jafnvel þveröfug áhrif. Að mínu mati er eitt fullkomnasta dæmið um það fikniefnastefnan sem er ætlað að draga úr neyslu, draga úr misnotkun og draga úr mannglegri þjáningu en gerir lítið annað en þveröfugt. Sem betur fer eru önnur úrræði í þjóðfélaginu til þess að taka á þeim tiltekna vanda, en meira um það á haustþingi.

Afsökunin fyrir þessu frumvarpi — og ég ætla að nota orðið afsökun — er tvíþætt, virðist vera tvíþætt, sem mér finnst svolítið sérstakt. Það er annars vegar það að ekki sé hægt að framfylgja þessum lögum eða að meta gjöldin rétt. Eins og svokallaður minni hluti hefur margfítrekað bent á, og jafnvel sett fram hugmyndir um hvernig megi laga þetta, er hægt að laga það. Það hefði verið aðeins trúverðugra ef ríkisstjórnin hefði sett fram frumvarp sem miðaði að því að laga það tiltekna vandamál. Enn sem komið er hef ég ekki heyrð hvernig það á að vera svo ófyrstíganlegt að ekki sé hægt að klára það frekar hratt á sumarþingi.

Hin afsökunin sem er notuð er sú að við megum ekki leggja of mikið á útgerðina. Á sama tíma er algjörlega óumdeilt að útgerðin stendur sig vel og mun hafa það jafnvel enn þá betra í framtíðinni. Þetta minnir mann óneitanlega á blessað virðisaukaskattsmálið þegar kom að gistiþjónustu í ferðamannaíðnaðinum, mjög undarleg forgangsröðun, eins og er svo oft sagt í þessu ágæta háttvirta plúti.

Ef við tökum ekki tillit til lýðræðisins þegar við tökum þessar ákvarðanir getum við ekki sagt að við höfum einhvers konar umboð. Við höfum umboð til þess að þjóna vilja þjóðarinnar. Það er eins með börn og með þjóðir að ef þær fá ekki að læra af mistökum sínum munu þær aldrei læra af mistökum sínum. Ef það að fella þetta frumvarp í þjóðaratkvæðagreiðslu eru mistök sem munu leiða af sér engin gjöld eða sérstök gjöld, látum það bara vera þannig, hefur þjóðin kannski lært eitthvað. Næst þegar við spyrjum þjóðina um hennar eigin málefni, það sem henni kemur helst við, hennar eignarrétt, hefur ef til vill myndast betri umræða eins og gerist, ég vil meina undantekningarlaust, þegar þjóðinni er gefið leyfi til að taka eigin ákvarðanir á eigin forsendum. Það stendur alltaf eftir að stjórnarflokkunum virðist finnast gjörsamlega óhugsandi að rökstyðja mál sitt fyrir þjóðinni.

Ímyndum okkur í smástund að þetta færi í þjóðaratkvæðagreiðslu, að forseti lýðveldisins væri á landinu, sem við höfum því miður ekki fengið tæmandi upplýsingar um enn þá með tilheyrandi afleiðingum, og hann neitaði að skrifa undir lög, ímyndum okkur þær aðstæður í smástund. Hvað væri það fyrsta sem mundi gerast? Ég get sagt ykkur að háttvirtur Egill Helgason mundi kalla til sín sérfræðinga, það kæmu fram gróf í litum og alls konar kökurit og þælingar og hugmyndir o.s.frv. Fólk mundi tala miklu

meira um þetta í staðinn fyrir að kenna einfaldlega okkur hv. þingmönnum um allt sem miður fer og gleyma að þakka okkur fyrir nokkurn skapaðan hlut, eins og er eðlilegt undir þessum tilteknu lýðræðislegu kringumstæðum, þ.e. þessum vöndu lýðræðislegu kringumstæðum.

Það er nefnilega þannig með lýðræði Íslands að þótt hér sé meiri hluti kjörinn til ríkisstjórnar hefur meiri hlutinn líka forseta Alþingis, hæstv. virðulegan forseta Alþingis, og hefur því 60% þings í reynd 100% valdsins. Því er afskaplega kaldhæðnislegt að hlusta á stjórnarliða hverju sinni tala um að það verði að setja lýðræðinu mörk vegna þess að annars sé hætt á kúgun meiri hlutans yfir minni hlutanum. Þau rök endurspeglast hvergi betur en í nákvæmlega því fyrirkomulagi sem við höfum hér. Til þess að laga það mætti kannski gefa hinum svokallaða minni hluta aðeins meiri völd, þ.e. að breyta frá því fyrirkomulagi að 60% þingmanna hafi í reynd 100% valdsins. Minni hlutinn hefur afskaplega lítið að segja og þessi 60% gera það sem þeim sýnist gagnvart þessum 40% og jafnvel gagnvart 70% þjóðarinnar ef út í það er farið, eins og hefur komið fram í fjölmörgum þegar kemur að þessu frumvarpi.

Þær aðferðir sem minni hlutinn neyðist — og ég vil undirstrika neyðist — til að nota til þess að tryggja framgang lýðræðisins, ættu ekki að heita lýðræðisleg vinnubrögð. Það sorglega, það virkilega sorglega við fyrirskipunina eins og hún er í dag er að nauðsyn er á þeim og það hryggir þann sem hér stendur meira en ég get í raun og veru lýst. Mér er illa við að nota orðið sem við vitum öll að ég er að tala um vegna þess að mér finnst það ljótt orð, mér finnst það leiðinlegt tól og mér finnst ömurlegast við þetta allt að það sé það eina sem við höfum til þess að reyna að gera hlutina aðeins lýðræðislegri hér, kaldhæðnislegt nokk.

Um leið og það væri á hreinu að forseti lýðveldisins væri hér á landi til þess að annaðhvort að skrifa undir þetta frumvarp eða skrifa ekki undir það, væri mun auðveldara fyrir þann sem hér stendur að þegja, leyfa málinu að ganga sinn gang og væntanlega, ef marka má orð hæstv. forseta lýðveldisins, færi þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu og þá væri ekkert að tala um hér, ekki lengur. Við höfum sagt margsinnis, ítrekað, æ ofan í æ, allt sem segja þarf um málið. Það er búið að tala um samþjöppun á markaðnum. Persónulega finnst mér það allt í lagi rök, það er eitthvað sem ég mundi vilja eiga við ekki bara aðra þingmenn heldur við aðra borgara á kaffihúsum, í matarhléinu, í skólanum, í vinnunni, í lýðræðislegri umræðu, í sjónvarpinu, á Facebook og svo framar og svo víðar. En það er ekki hægt, það er víst ekki hægt nema auðvitað með þeim aðferðum sem mig langar helst ekki að nefna á nafn.

Yfirvöld ættu ekkert að vera hissa á því að frumvarpið sé mjög umdeilt. Jafnvel þótt yfirvöld telji sig hafa mjög góð rök, svo sem samþjöppun á markaðnum eða að þeir sem verst standa muni ekki þola þessar hækkanir — þótt mér skiljist reyndar að það séu helst þeir sem eru of skulsettir, sem eru þá væntanlega ekki í það góðri stöðu hvort eð er, það munar litlu um að fara á hausinn einu sinni og tvisvar á sama tíma — verður ekki hjá því lítið að þetta er margra áratuga deila. Það hefði alveg verið hægt að gera þetta með aðeins siðmenntaðri hætti. Það hefði til dæmis verið hægt að bjóða fram lagfæringar, eins og hefur ítrekað

verið bent á, á upplýsingasöfnun þannig að þær upplýsingar lægju fyrir sem þarf til þess að ákvarða gjöldin. Það hefði verið hægt að gera en það var ekki gert. Það hefði líka verið hægt að búa þannig um, væntanlega tímabundið eins og það á víst allt að vera, og tryggja með einhverjum hætti að ríkissjóður yrði ekki af þessum tekjum með því að taka hærri gjöld af öðrum aðilum eða eitthvað í þeim dúr.

Sjáið til, hv. þingmenn. Það eru ekki breytingarnar á aðferðunum sem fólk, sem 34 þúsund manns hafa skrifað undir gegn, sem 70% þjóðarinnar telja sig vera á móti, er að mótmæla. Fólk er að mótmæla því að það vanti 6,4 milljarða í fjárlög 2014 samkvæmt rekstrargrundvelli og 3,2 milljarða núna í ár. Því er fólk að mótmæla. Ef það hefði verið komið til móts við það við gerð frumvarpsins þyrftum við ekki að standa hér, að því er virðist dögnum saman, að rífast um eitthvað sem á hvort sem er heima í dómi þjóðarinnar. Þess í stað þurfum við að vera hér og rífast um þetta fram og til baka, alla vega nokkur okkar, þegar það eina sem þurfti var í raun og veru að höfundar frumvarpsins hefðu hugsað með sér, háttvirtir höfundar frumvarpsins — eða hæstv. virðir, hver veit — að hugsanlega gæti það þurft að fara fyrir dóm þjóðarinnar.

Hvað ef yfirvöld þyrftu í hvert sinn sem þau semdu frumvarp, að hugsa með sér: Hvað ef forsetinn segir nei? Hvað ef við þurfum að rökstyðja það fyrir alþýðunni? Ég get skilið að það sé kannski svolítið erfitt með þetta frumvarp með hliðsjón af því að þetta er lækkun í reynd, í leynd, ef við tölum tæpitungulaust er þetta lækkun á veiðigjöldum. En kannski hefði það verið hannað betur, kannski hefði einhver á þessum fundi eða fundum hugsað með sér: Er ef til vill leið til þess að laga vandamálin, að reyna að ná einhverri sátt án þess að 70% þjóðarinnar séu á móti því, án þess að 34 þúsund manns skrifi undir sem andvíg því? Ég held nefnilega að það hefði alveg verið hægt. Sum þessi rök — ég vil ekki vera of vondur við hæstv. ríkisstjórn — sum þeirra finnst mér persónulega þínulítið sannfærandi. Ég vil ekki samþjöppun á markaðnum, það virðist vera samhugur um það, enginn virðist vilja það og það er gott vegna þess að samþjöppun á markaðnum er slæm. Sömuleiðis eru skuldsettu fyrirtækin eitthvað sem væri gaman að skoða betur o.s.frv. Það er ekki það sem þjóðin er á móti því að skoða, það er ekki það sem þjóðin mundi vera að rífast um heldur þessi lækkun vegna þess, enn og aftur, að þetta er margra áratuga deila og hún fer ekki neitt með þessu áframhaldi, hún verður áfram hérna.

Það er títtnefnt á meðal sumra hv. þingmanna að hér sé talað um veiðimenn sem glæpamenn og lögbrota en það þarf auðvitað ekki að brjóta lögin ef lögin eru ekki til staðar til að byrja með, fyrir utan það að ég hef ekki heyrt hv. þingmenn tala svona. Kannski er ég ekki að fylgjast með, það getur verið. Sum þessara raka sem koma með öðrum hluta réttlætningarinnar, nefnilega þeim að við verðum að passa að setja ekki of mikið á útgerðina, standast ekki. Það er allt í blóma í útgerðinni og með réttu, það er frábært og allir eru rosalega ánægðir með það. Það þýðir að á sama tíma er ekki hægt að segja: Við erum að skattleggja allt of mikið, þóssum okkur því að annars fer allt á annan endann. Það er samhugur um að það fer ekkert allt á annan endann, þessi grein ræður vel við þetta, sem er gott, það er frábært.

Ég er sammála hv. þingmönnum um að því beri vissulega að fagna. Við skulum þó ekki gleyma þessu margra áratuga bitbeini, við skulum ekki gleyma því að við þurfum einhvern veginn að ná sátt.

Það að lækka veidigjöld, sem hluta af sumarþingi í þokkabót, er ekki leið í átt að sátt, það er bara ekki þannig. Það sama gildir um fiskverðið, það virðist enginn ágreiningur vera um að fiskverð mun hækka í framtíðinni, sem er frábært og gott, alla vega fyrir okkur núna, við sjáum að vísu til hvort það verður til frambúðar. Það eru einfaldlega ekki þau teikn á lofti að þessi gjöld muni verða útgerðinni um of, það er einfaldlega ekki svo.

Það var nefnt í fyrri ræðu hv. þm. Þorsteins Sæmundsonar að ekki þurfi endilega að vera himinn og haf á milli fólks í þessu sem ég tek heils hugar undir, það þarf ekki. Ef höfundar frumvarpsins hefðu hugsað með sér að þetta gæti endað í þjóðaratkvæðagreiðslu og þau gætu þurft að sitja fyrir framan Egil Helgason og útskýra það þannig að þjóðin tæki mark á hefðu þau kannski skrifað annað frumvarp sem væri snyrtilegra og ekki jafn auðvelt að vera á móti. Það er mjög auðvelt að vera á móti þessu frumvarpi, sérstaklega með hliðsjón af fjárlagahallanum sem er umtalsverður og ætti eiginlega að vera forgangsatríði. Það skiptir svolítið miklu máli í því sambandi að þungamiðja deilunnar er lækkaði tekjur ríkisins sem afleiðing af þessu frumvarpi. Það er það sem fólk er svona óánægð með.

Undir þeim kringumstæðum þegar kvartað er með réttu, aftur og aftur, yfir því að ríkissjóður standi ekki undir sjálfum sér — sem er að því er virðist, og eftir því sem sá sem hér stendur fær best séð, bara vegna skulda því að við erum stöðugt að fá lánað meira og meira, það er það sem halli þýðir, þegar við fáum lánað á hverju einasta ári einungis til þess að standa undir skuldbindingum okkar og öðru því sem ríkið þarf að leggja út peninga fyrir — er ekki mjög snjallt, hvað þá ábyrgt, að lækka tekjurnar og auka útgjöldin. Það er ekki það sem sá sem hér stendur gerir þegar hann þarf meiri peninga og sér fram á að hafa ekki efni á því sem hann þarf að borga fyrir. Ég fer ekki að eyða meiru. Ég fer ekki og bið um launalækkun, það er vitfíring. Fyrirgefði orðbragðið, virðulegi forseti, en það er vitfíring, ábyrgðarlaut er kannski skárri orð í pólitísku samhengi.

Ef við ætlum að sýna einhverja ábyrgð, jafnvel þótt það sé stundum erfitt fyrir sumar greinar, þá verður, fyrirgefði, bara að hafa það. Við skulum fáránlegt magn af peningum, við eyðum um 75–90 milljörðum kr. á ári einungis í vexti. Ef ekki væri fyrir skuldir ríkisins væri ríkið, að því er virðist, næstum því í hagnaði ef það væri ekki hreinlega í hagnaði. Ég hef tölur frá mínus 4 milljörðum upp í plús 18 milljarða, það væri allt í lagi ef ekki væri fyrir skuldirnar. Þess vegna er sérstaklega slæmt að stanslaust sé verið að auka skuldirnar því að í hvert sinn sem við setjum lög sem minnka tekjurnar eða auka útgjöld skulum við gera okkur grein fyrir því hvaðan peningarnir koma.

Þingmenn koma hingað upp í pontu og spyrja aftur og aftur: Hvaðan eiga þessar 6,4 milljarðar hérna að koma, hvar annars staðar á að skera niður, hvar á að hækka skatta á móti? Svörin eru auðvitað eins og þau eru en ég skal segja ykkur það. Það er engin ráðgáta hvaðan þessir peningar koma, við fáum þá lánaða. Hér er verið að fá lán fyrir 6,4

milljarða kr. tekjulækkun á næsta ári og 3,2 milljarða á yfirstandandi ári á rekstrargrundvelli. Við erum að fá þetta lán að þegar ein ástæðan fyrir því að hér er ríkishalli halli er sú að við höfum þegar fengið of mikið lánað. Spurningin er ekki hvort iðnaðurinn hafi efni á þessu, þeim tölum, eða hvort við höfum efni á því sem skattgreiðendur heldur hvort börnin okkar og barnabörn hafi efni á því, því að þetta verður borgað, þessir peningar verða borgaðir. Eina spurningin er hver borgar og með hversu miklum vöxtum.

Með áframhaldandi stefnu, sem virðist snúa að því að minnka tekjuleiðir á iðnaði sem er í blóma, munu þessar skuldir aukast og þessi vaxtabyrði mun aukast. Þá munum við einn daginn horfa fram á enn eina kynslóðina sem freistast til þess að bölvá forfeðrum sínum. Ég panta að vera ekki í þeim hópi sjálfur enda get ég ekki stutt þetta frumvarp einfaldlega vegna þess að mér finnst það óábyrgt. Burt séð frá réttlætissjónarmiðum, burt séð frá því hvað mér finnst um útgerðarmenn, og hvað þá hævst. sjómenn, er þetta óábyrgt, alveg sama hvernig maður lítur á það. Jafnvel þótt ég væri harðasti hægri maður, sem ég á til að kalla sjálfan mig stundum, af og til, þegar ég er í vondu skapi, er þetta óábyrgt. Það er ekki ábyrgt samkvæmt neinni skilgreiningu sem ég veit um. Það vantar ekki að auka fjárfestingu í þessum bransa, það vantar ekki að passa upp á að hann græði meira, hann mun græða meira, það er óumdeilt.

Hann ræður við þessi gjöld og ef hann ræður ekki við þau má spyrja hvers vegna, ekki að það sé mikið um svör við því. Þessi fyrirsláttur að ekki sé hægt að rukka þetta vegna skorts á upplýsingum, við finnum þá bara upplýsingarnar. Það veit ég úr allsherjarnefnd að þessi ríkissjórn á ekki í neinum vandræðum með að heimita upplýsingar, jafnvel ef það gengur ansri næri friðhelgi einkalífsins. Ég hef ekki skoðað nákvæmlega útfærslurnar á því hvernig á að verða við því þegar kemur að þessu tiltekna málefni en það virtist ekki vera neitt mál fyrir höfunda Hagstofufrumvarpsins að heimita allar fjárhagsupplýsingar um alla landsmenn að því er virðist án mikils tillits til stjórnarskrárrinnar og mannréttinda almennt eða borgararéttinda. Ég velti því fyrir mér hvers vegna þessi ríkissjórn mundi hugsa með sér: Engar upplýsingar, við skulum paka saman og minnka veiðigjaldið ellegar ekki rukka það inn. Mér finnst það ekki alveg í samræmi við það sem ég þekki af Hagstofumálum.

Þegar allt kemur til alls ættum við að ræða þessi mál í lýðræðislegu samhengi og það hefur okkur greinilega mistekist. Það sannast á því að það eru 34 þúsund undirskriftir gegn þessu frumvarpi. Það hefði ekki gerst ef frumvarpið hefði verið unnið og kynnt með viðunandi hætti. Þegar um er að ræða svo umdeilt mál sem þetta væri það ekki svoléiðis en það er svoléiðis vegna þess að það var ekki unnið og kynnt nógu vel með hliðsjón af kringumstæðum og lýðræðislegum vinnubrögðum. Sömuleiðis væru 70% þjóðarinnar ekki á móti því ef það hefði verið kynnt og unnið nógu vel. Af hverju er þetta svona mikið mál? Það er það sem ég skil ekki.

Mig langar aftur að freista þess að fá þau sem standa að frumvarpinu til að hugsa með sér hverjum þjóðin geti kennt um fari þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef þjóðin fellir það, væntanlega eftir tiltölulega langa, ítarlega og sjálfsgagt mjög

þreytandi umræðu á köflum, hverjum gæti þjóðin kennt um að ekki væri hægt að rukka neitt veidigjald þegar upp væri staðið? Hvernig væri það sem sátt við útgerðina? Eigum við ekki bara að hafa það þannig að þetta fari í þjóðaratkvæðagreiðslu og að sennilega segi þjóðin nei, ef við ætlum að vera svo hrokafull að ákveða fyrir fram hvernig það fer eftir lýðræðislega umræðu. Ef þjóðin segir nei er ekki hægt að rukka þessi gjöld, þjóðin verður brjáluð út í sjálfa sig og þá getur ríkisstjórnin sagt: Við sögðum ykkur það. Við sögðum ykkur það, vitlausa, vitlausa þjóð. Þið hefðuð átt að samþykkja frumvarpið. Kannski lærir þjóðin eitthvað af því. Það gæti gerst en gerist auðvitað ekki ef þjóðin fær aldrei tækifæri til þess að læra af mistökum sínum. Það er að sjálfsögðu að því gefnu að þjóðin samþykki þetta eftir viðamikla umræðu því að það er það sem vantar alltaf, það vantar alltaf umræðuna um þessi mál þar til þau komast í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Áður en forseti Lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, neitaði að skrifa undir fjölmiðlalöggin höfðu verið núll þjóðaratkvæðagreiðslur í sögu Lýðveldisins, fimm þar áður. Færa mætti rök fyrir því að við hefðum í reynd verið lýðræðislegri á ákveðinn hátt áður en við urðum lýðveldi, kaldhæðnin í því væri auðvitað yfirþyrmandi. En nú höfum við einhverja reynslu af þjóðaratkvæðagreiðslum.

Fjölmiðlafrumvarpið var dregið til baka þannig að ríkisstjórnin þurfti ekki að hafa frekari áhyggjur af því. Síðan var neitað í Icesave I og svo í Icesave II og þjóðin kaus, þvert á við ýmsa spekulanta og sérfræðinga og vissulega þann sem hér stendur viðurkenni ég hér og nú, ítrekað og aftur. Það fór ekki allt til fjandans. Það virðist ekki vera sem of mikið lýðræði hafi komið Íslandi í einhver vandræði, þvert á móti ef eitthvað er, merkilegt nokk. Það er ekkert sem bendir til þess að of mikið lýðræði mundi valda því að hér væri ekki hægt að hafa stefnu um sjávarútveg sem sátt væri um þegar allt kæmi til alls eftir lýðræðislega umræðu, eftir að búið væri að vinna þetta frumvarp með hliðsjón af lýðræðinu, með hliðsjón af því að kjörnir fulltrúar, jafnvel þótt þeir hafi umboð, geti varið gjörðir sínar frammi fyrir alþjóð þannig að hún sannfærðist.

Hér stöndum við og tölum auðvitað með tilliti til þess að það eru fjögur ár í að góðir landsmenn hafi einn bókstaf til að meta gjörðir okkar, einn bókstaf eftir fjögur ár til að segja okkur hvað þeim fannst um þetta frumvarp. Er það lýðræðislegt? Er það sanngjart? Ég get ekki sagt að það sé það. Ég veit ekki um betri mál til þess að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég get ekki ímyndað mér hvaða mál væri betur til þess fallið því að það felur allt í sér. Það felur í sér ítarlega lýðræðislega umræðu, það felur vissulega í sér góð rök gegn frumvarpinu en líka, ég skal viðurkenna það, einhver rök með því. Þá tókum við það í lýðræðislegri umræðu í fréttum og í gröfum og þegar spekulantarnir fara að útskýra innviði þess fyrir almenningi. Þetta varðar einnig auðlindir landsins, þjóðarinnar, það varðar margra áratuga bitbein, almenningur hefur áhuga á málinu, sem ætti að tryggja að hann taki þátt í því. Hann hefur sýnt þann áhuga á málinu með 34 þúsund undirskriftum, hann hefur sýnt það í könnunum við fréttamenn. Eins og ég segi get ég ekki ímyndað mér frumvarp sem ætti betur heima í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að lokum langar mig að nefna eitt sem mér fannst svolítið merkilegt við réttarhöldin fyrir EFTA-dómstólnum og það var þegar við unnum. Þá hafði ég rætt það fram og til baka við marga vini og fjölskyldumeðlimi hvað þetta væri allt hallærislegt og forseti Lýðveldisins væri í einhverjum pólitískum leik o.s.frv. Persónulega hafði ég miklar áhyggjur af því að við mundum tapa málinu og að afleiðingarnar yrðu talsvert verri en ella. Það merkilega gerðist að við unnum, þrátt fyrir að ég tryði fólkinu sem ég var að tala við, sem hafði sannfært mig privat og persónulega um ákveðna afstöðu vegna þess að það voru sérfræðingar, það var lögfrótt fólk, það var fólk í ríkisstjórn sem ég ber mikið traust til. Ég trúði því að það hefði lög að mæla og að við ættum að semja en samt unnum við málið.

Það má kalla það heppni, enda sannast enn og aftur að við vantroystum þjóðinni stundum aðeins of mikið, jafnvel allt of mikið, sérstaklega þegar það er bara einn bókstafur á fjögurra ára fresti til að segja til um hlutina. Við eigum að láta þjóðina um að meta svona stór mál, frekar of mikið en of lítið, frekar of oft en of sjaldan, frekar of snemma en of seint.

[17:24]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarsyni fyrir mjög áhugaverða ræðu um það málefni sem hér er til umfjöllunar. Ég tók eftir því að í ræðu sinni ræddi hann talsvert mikið um aðkomu þjóðarinnar að ákvörðunum, bæði í þessu máli og ýmsum öðrum, og ég veit að þingmaðurinn og sú stjórnmalahreyfing sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu ræddi mjög mikið einmitt um aukna möguleika á beinu lýðræði og hefur barist fyrir því. Ég fagna því.

Í umræðunni um þetta mál hafa komið upp ýmis sjónarmið. Við höfum heyrt einstaka ráðherra, ég held bæði hæstsv. forsætisráðherra og hæstsv. sjávarútvegsráðherra, tala um að það gæti vel komið til álita að það frumvarp sem við erum hér að fjalla um færi í þjóðaratkvæðagreiðslu en á hinn bóginn tala þeir um að þetta mál henti ekki mjög vel til þjóðaratkvæðis. Við könnumst við það að forseti Lýðveldisins, sem eftir okkar stjórnskipun í dag hefur möguleika á að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og dæmin sanna, hafði í umfjöllun um þetta mál á síðasta ári lýst þeirri skoðun sinni að það hentaði vel til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mig langar að inna hv. þingmann eftir afstöðu hans til þess hvort þetta mál sé vel til þess fallið að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki út frá efni þess og út frá því að auðvitað eru hér á ferðinni ákveðnar tæknilegar útfærslur. Mig langar að heyra sem sagt sjónarmið þingmannsins til þess hvort það gæti verið bæði heppilegt, málið sjálft, og æskilegt að þetta mál færi í þjóðaratkvæðagreiðslu með hvaða hætti svo sem því yrði komið þangað.

[17:26]

#### Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna. Það má spyrja 34 þús. undirskrifara hvort þetta eigi heima í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki. Fyrir mig persónulega er það í reynd nóg en úr því að hv. þingmaður vikur að

tæknilegu atriðunum er í raun og veru lítið að segja um tæknilegu útfærsluna fyrr en fólk hefur fundið með sér að það hafi eitthvað að segja um málið.

Segjum að forseti Lýðveldisins mundi neita að skrifa undir, þá yrði fréttin sú að þetta færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá fyrst mundi myndast sá þrýstingur sem þyrfti til til að umræðan næði því stigi að hægt væri að tala um það sem er kallað tæknileg atriði með viðunandi hætti. Að því sögðu skal ég viðurkenna að eins og það er núna er það ekki mjög heppilegt til umræðu vegna þess að enginn hefur séð sér neinn hag í því að kynna sér þessi tæknilegu atriði. Það er vegna þess að fólk hefur ekkert val, það hefur ekkert um málið að segja. Það hefur bara þennan eina bókstaf eftir fjögur ár — og til hvers? Til hvers ætti venjulegur maður úti í bæ núna að fara að kynna sér muninn á botnsjárvarfiskum og uppsjárvarfiskum og öllu þessu? Hann hefur enga ástæðu til þess.

Það er ekki fyrr en ákvörðunin er lögð í hendur þjóðarinnar sem þjóðin fær raunverulega ástæðu til að kynna sér málin þannig að lýðræðið verði virkara og umræðan að öllu leyti betri.

[17:27]

#### **Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir þessi viðbrögð sem mér finnst fela í sér athyglisverða nálgun. Ég get alveg viðurkennt sjálfur að afstaða mín til þess hvaða mál henta og hver ekki hefur breyst dálítið á nokkuð löngum tíma. Í kjölfar mikillar umræðu um þessi mál í samfélaginu og ekki bara fyrir þessar kosningar heldur almennt á undanförunum missirum og árum, bæði hér og annars staðar, hef ég í ríkari mæli aðhyllt það að menn ættu að nýta sér beina lýðræðið í meira mæli en gert hefur verið. Ég er sammála hv. þingmanni um að það að gefa það út að það verði þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið álítaefni knýr fólk til að setja sig betur inn í það. Það knýr líka þá aðila sem vilja hafa áhrif og hafa hagsmuna að gæta til þess að setja sín mál fram skýrt og skilmerkilega gagnvart þjóðinni og draga fram kjarnann og aðalatriðin í því máli sem um er að ræða.

Hér held ég að í raun sé mjög auðvelt að halda því fram að kjarninn í þessu máli sé einfaldur. Þó að það kunní að vera alls konar tæknilegar útfærslur sem menn geta deilt um og haft alls konar skoðanir á held ég að kjarninn í málinu sé tiltölulega einfaldur þannig að ég fagna þessu.

Ég vil líka velta því upp við þingmanninn hvort hann sjái möguleika á öðrum leiðum til að koma málum í þjóðaratkvæðagreiðslu en þá að forsetinn beiti 26. gr. stjórnarskránnar til að synja málinu staðfestingar. Þess eru dæmi í þinginu, og það tiltölulega nýleg, að það hafa verið lagðar fram breytingartillögur við frumvörp um að lögin öðlist ekki gildi fyrr en að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er dæmi um það að menn hafi lagt það til hér þó að það hafi að visu ekki fengist samþykkt. Telur hv. þingmaður að það gæti komið til greina í þessu máli að leggja fram breytingartillögu í þessa veru?

[17:30]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi góðu viðbrögð. Það er ekki bara það sem hv. þingmaður

nefnir réttilega, að þegar þrýstingurinn á það að sýna gögnin og frumvarpið og rökstyðja það með viðundandi hætti er til staðar myndist betri umræða, það er líka ágætt að yfirvöld hafi það alltaf á bak við eyrað að hlutirnir geti endað í þjóðaratkvæðagreiðslu í óþökk þeirra. Það er hollt vegna þess að þá einmitt undirbúa þau málin kannski með þeim hætti að þau séu skýrari fyrir almenningi eins og hv. þingmaður minntist á.

Sú leið sem við neyðumst til að fara undir núverandi stjórnarskrá er afleitt. Við höfum í raun bara eina leið til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu og hún er að treysta á forseta Lýðveldisins til að hafna því að skrifa undir lög. Þetta þykir mér og okkar flokki mjög óeðlilegt fyrirkomulag en því miður það eina sem við höfum. Allar leiðir til að koma svona málum í þjóðaratkvæðagreiðslu með skilvirkari hætti, svo sem við mótmæli einhverrar prósentu kjósenda gegn lögum til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu, eru akkúrat það sem við mundum helst vilja og það væri mun eðlilegri farvegur.

Með hliðsjón af því að nú hafa borist 34 þús. undirskriftir gegn þessu frumvarpi af einni eða annarri ástæðu liggur í augum uppi að þetta frumvarp hefði farið í þjóðaratkvæðagreiðslu undir slíkum kringumstæðum. Með það í huga kemur alveg til greina að ræða breytingartillögur að því að lýðræðisvæða þetta frumvarp, að sjálfsögðu, með þetta frumvarp og öll frumvörp, það má vera alveg skýrt. Ef þjóðaratkvæðagreiðsla hefði einhver meint neikvæð áhrif, að góð lög yrðu felld, er samt mikilvægt að sá þrýstingur sé til staðar fyrir yfirvöld svo þau hugsí sinn gang þegar þau semja frumvörp.

[17:32]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um svokallað veiðileyfagjald við 2. umr. og þær tillögur sem þar hafa komið, bæði frá meiri hluta og minni hluta atvinnuveganefndar. Það hefur réttilega komið fram í þessari umræðu að við erum hér að ræða um eina mikilvægustu atvinnugrein landsins, sjávarútveginn, sem gegnir gríðarlega miklu hlutverki fyrir allt landið, ekki hvað síst hinar dreifðu byggðir. Það hefur hins vegar alltaf verið notað sem skjól þegar eitthvað hefur átt að ræða um hvernig ágóðanum af þessari auðlind er skipt eða með hvaða hætti menn haga veiðum, þá hafa menn dregið það fram að hér sé verið að ráðast á hinar dreifðu byggðir. Þá gleymist gjarnan að þegar kvótakerfið var sett á á sínum tíma, þá til þess að hagræða í sjávarútvegi, urðu auðvitað gríðarleg áföll og miklar breytingar á mörgum svæðum.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því að margt af því var óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að þar færi fram ákveðin hagræðing og breytingar, en allt frá þeim tíma og alveg fram á daginn í dag hafa alltaf verið notuð sömu rök, að hver einasta lítil breyting sem gerð yrði mundi setja sjávarútveginn á hausinn. Víst er að um langan tíma bjó sjávarútvegurinn við það að vera nánast eins og gengistrygging í landinu, þ.e. afkoma sjávarútvegsins var núllstíllt þannig að útgerðin fékk ekki leyfi til þess að hafa hagnað heldur var þess gætt að afkoman væri nokkurn veginn á núlli og þannig stýrðu menn efnahagslífi landsins.

Á þessu hafa orðið breytingar. Núna þegar við lentum í



hinum miklu áföllum vegna hrunsins breyttist gengið á íslensku krónunni mjög hratt og staða útflutningsgreinanna batnaði verulega. Á þessum tíma, þó skömmu áður, árið 2007, greip þáverandi sjávarútvegsráðherra, og ríkisstjórnin sem þá var ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, til þess ráðs að skera niður þorskvóta um allt að 30% vegna þess hvernig þorsstofninn hafði þróast. Miðað við allar þær fullyrðingar sem menn höfðu haft í frammi um hvað útgerðin þyldi hefði sjálf sagt allt átt að fara samstundis á hausinn. Sem betur fer var það ekki þannig heldur lifðu menn þetta af. Þeir sem höfðu fjárfest í aflaheimildum skömmu fyrir hrun, skömmu fyrir þessa breytingu þegar kvótinn var skertur árið 2007, ættu réttilega að eiga einhvern forgang á að fá hann til baka þegar betur áraði.

Á þessu hefur verið skilningur þótt það sé auðvitað misjafnt hvaða skoðanir menn í landinu hafa á málinu. Engu að síður held ég að menn hafi haft á þessu ákveðinn skilning. Á þessum tíma, fyrir hrun, í því æði sem greip um sig þar sem menn fjárfestu gríðarlega, bjuggu til verðmæti með því að kaupa hlutabréf, fjárfesta í hlutum til þess að halda uppi verði, var útgerðin auðvitað einn af þeim aðilum sem tók þátt í því að töluverðu marki þó að það væri mjög ólíkt eftir fyrirtækjum og svæðum. Það þýddi að greinin skuldsætti sig verulega. Þó að þeir hafi réttilega bent á að hún hafi ekki skuldsætt sig meira en aðrar greinar hefur hún auðvitað verið íþyngjandi fyrir þessa grein eins og allt atvinnulíf á Íslandi, sú skuldsetning sem þarna átti sér stað. Sem betur fer hefur átt sér stað veruleg hreinsun á þessum skuldum og lækkun og eignamyndun er byrjuð að nýju.

Ég hef þennan inngang vegna þess að það er ávallt sett þannig fram að við sem höfum verið stuðningsmenn þess að breyta ákveðnum þáttum við útgerð og veiðar séum andstæðingar útgerðarmanna, sjómanna og landsbyggðar. Það er allt saman óttalegt bull og ómálefnaleg rökræða og eiginlega dæmigerð fyrir það þegar menn vilja ekki fara í rökræðuna heldur vilja gjarnan slá um sig með fyrirsögnum til að eyðileggja hana.

Við 1. umr. rakti ég aðeins söguna. Það kemur ágætlega fram í skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða – álitamálum, greiningum, skýrslum og valkostum við breytingar á stjórn fiskveiða, eins og skýrslan heitir. Hún kom út í september 2010 og þar kemur mjög vel fram, og ég rakti það þá og ætla að gera það að hluta til aftur núna, hversu lengi þessi umræða hefur staðið. Allt frá því að hér var sett nefnd sem kölluð var tvíhöfðanefndin 1993, þegar kvótakerfið var að byrja, eru menn að glíma við þetta verkefni og strax um ágreininginn hver eigi auðlindina og hvernig eigi að ráðstafa arðinum af henni. Þetta er löngu fyrir tíma þeirra flokka sem hafa svo gagnrýnt kerfið hvað harðast, þ.e. þeir héldu þá uppi harðri gagnrýni undir öðrum heitum. Samfylkingin var ekki stofnuð fyrr en árið 2000.

Það er forvitnilegt að lesa í þessari skýrslu sem ég vitnaði í á bls. 8 þar sem fjallað er um tvíhöfðanefndina í stuttu máli. Þar er einmitt tekið fram að nefndin var skipuð af sjávarútvegsráðherra í ágúst 1991 og skilaði tillögum í apríl 1993. Það er forvitnilegt að athuga hverjir voru þá við stjórnvölinn.

Í skýrslu nefndarinnar segir að nefndin hafi meðal ann-

ars sett sér þau leiðarljós við gerð tillagna að mótnum sjávarútvegsstefnu að tryggja uppbyggingu fiskstofna, hámarksafkrastur, hámarksarð af auðlindinni í hafinu og um leið rekstraröryggi sjávarútvegsins, að starfsfólki í greininni yrðu boðin eftirsóknarverð kjör og, sem er athyglisverðast, að sátt næðist meðal þjóðarinnar um meginstefnuna í sjávarútvegs málum.

Þetta markmið hefur verið í umræðu alveg frá því 1993, ég þekki söguna ekki aftan en það, að reyna að ná einhverri sátt, ekki eingöngu við útgerðaraðila, ekki við þá, hvort menn voru smábátæigendur eða í stóruþgerð, ekki farið eftir því hvar þeir bjuggu á landinu, heldur líka við þjóðina sem taldi sig eiga þessa auðlind, telur sig eiga hana og á að eiga hana.

Þrátt fyrir þessa nefnd 1993 og síðan kvótakerfið í framhaldi og verulegar breytingar í sjávarútvegi er sett á stofn árið 2000 auðlindanefnd sem var falið það hlutverk að skoða með hvaða hætti ætti að fara með auðlindir landsins og skipta arðinum af þeim. Sú nefnd var kosin 1998 og fyrsti fundur hennar var þá en síðan skilaði hún áfanga-skýrslu 1999 og lokaskýrslu í september 2000. Þá var nefndinni falið að fjalla um auðlindir sem voru eða kynnu að verða í þjóðareign.

Það var sérkafl í skýrslu nefndarinnar um fiskveiðiauðlindir sem svo er fjallað um á bls. 9 í þeirri skýrslu sem ég vitnaði í áðan. Þar er fjallað nokkuð ítarlega um fiskveiðiauðlindir, atvinnurétt, eignarétt, stjórnarskrána sem er þó ekki rakin sérstaklega í skýrslu sáttanefndarinnar sem ég sat í, en þetta er allt saman dregið fram á þessum tíma. Nefndin kemur með þá skoðun, með leyfi forseta, „að rétt sé að stefna að greiðslu fyrir afnotarétt af öllum auðlindum sem eru í eigu ríkis eða þjóðar af tveimur ástæðum: annars vegar til að greiða kostnað ríkisins af stjórn og eftirliti með viðkomandi auðlind, hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild sýnilega hlutdeild í þeim umframardi“ — takið eftir að það orð er notað — „(auðlindarentu) sem nýting hennar skapar“.

Þetta var árið 2000.

Síðan er áfram fjallað um þetta. Þarna var tekist á um það hvaða form ætti að vera á gjalddóku. Þá var rætt um fyrningarleið eða hvort fara ætti í veiðileyfagjald. Það gekk ekki vel að ná niðurstöðu, en endaði þó með því að menn sögðu í lokin, með leyfi forseta:

„Nefndin telur brýnt að mótuð verði samræmd stefna um stjórn á nýtingu náttúruauðlinda á Íslandi sem skapi heilsteypant lagaramma um hlutverk og ábyrgð ríkisins á ráðstöfun og nýtingu náttúruauðlinda. Reynt verði eftir föngum að beita hagrænum stjórnáttækjum á grundvelli vel skilgreinds eignar- eða afnotaréttar þar sem því verður við komið ásamt leiðréttandi sköttum og uppbotum þar sem það á við.“

Þetta er á bls. 10 í þessari skýrslu. Það er mikilvægt að skoða að þarna er strax mótuð þessi stefna. Síðasta ríkisstjórn, sú sem er nýfarin frá, var einmitt að glíma við þetta sama viðfangsefni, að búa til samræmda auðlindastefnu, og skilaði um það skýrslu nú fyrir kosningarnar.

Þetta leiddi ekki til niðurstöðu á þessum tíma. Þess vegna var skipuð endurskoðunarnefnd árið 1999 sem skilaði svo tillögu 2001. Þar var aftur fjallað um afnotarétt af

auðlindinni og gjaldtöku fyrir þann afnotarétt og í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn taldi æskilegt að skýra betur þau réttindi sem veiðheimildirnar fælu í sér. Nefndin skoðaði ítarlega þá leið að gerðir yrðu nýtingarsamningar við réthafa, sem og veiðigjaldsleiðina og fyrningarleiðina sem áður hefur verið lýst. Niðurstaða meiri hlutans var að leggja til að niðurstöðum auðlindanefndar yrði fylgt og að mörkuð yrði stefna fyrir greiðslu fyrir afnotaréttinn með hliðsjón af afkomu fiskveiða. Nefndin lagði til að veiðigjaldsleiðin yrði farin og jafnframt yrðu önnur gjöld á útgerðir felld niður. Nefndin lagði til að veiðigjaldið yrði tvískipt, annars vegar fastur hluti sem tæki mið af kostnaði ríkisins vegna stjórnar fiskveiða og hins vegar breytilegur hluti sem réðist af afkomu greinarinnar og er þetta ítarlega útfært í skýrslu nefndarinnar.“

Þarna er strax komin sú hugmynd að vera með einhvern ákveðinn grunn sem er greitt eftir næstum óháð afkomu og síðan viðbótargjald sem miðast við afkomu greinarinnar. Ef maður setur þetta í það samhengi að afkomuna er nánast hægt að leika sér með, ég segi það ekki fullum fetum en það eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á hana, hafa menn yfirleitt verið að tala um að taka heildarafkomu í greininni eða að minnsta kosti afkomu ákveðinna fyrirtækja eða sviða innan útgerðarinnar og jafnvel fiskvinnslunnar til að meta hvað væri hóflegt eða sanngjarnt gjald fyrir auðlindanotkunina.

Það er einmitt þetta sem við höfum glímt við á undanförunum árum og alltaf endað með upphrópunum um að þetta sé ekki hægt, þetta sé ósanngjarnt og drepi þessi fyrirtæki og hin. Svo hafa menn hrökklast frá borðinu á hverjum tíma.

Nefndin árið 2001 fjallaði mjög mikið um byggðamál og hvernig menn gætu tryggt að sjávarbyggðirnar nytu góðs af þessum gjöldum og hvernig hægt væri að tryggja að menn þjöppuðu ekki saman útgerðinni þannig að hún flyttist öll inn á stærri staðina. Við þekkjum öll hvernig það hefur gengið í sjálfu sér.

Ég rifja þetta upp hér enn einu sinni vegna þess að mér finnst þetta skipta miklu máli. Síðan var lagt á þetta veiðileyfagjald upp úr árinu 2000 og fylgdu því ákveðnar reglur hvað ætti að draga frá í kostnaði áður en veiðileyfagjald yrði lagt á. Síðan byrjuðu undanþágurnar frá þessu veiðileyfagjaldi. Afkoman var ekki betri en svo að menn aumkuðu sig yfir útgerðina og treystu sér ekki til að leggja á gjaldið að fullu, það átti að koma til í áföngum sem var síðan frestað. Þannig var það til dæmis þegar menn fóru í 30% niðurskurð árið 2007 á þorskheimildum, þá var veiðileyfagjaldið dregið niður í nánast núll, það var lækkað verulega. Við þetta hafa menn búið alla tíð þannig að útgerðin hefur komist hjá því að greiða veiðileyfagjald.

Á undanförunum nokkrum árum hefur afkoma sjávarútvegs verið með albesta móti. Eftir gengisbreytingarnar hefur afurðaverð haldist gott. Það hefur verið aukning í aflaheimildum og menn hafa greitt niður skuldir og haft mjög góða afkomu.

Þetta er hægt að sjá og skoða. Það kom vel fram í þessari vinnu sem við vorum í þótt því miður birtist upplýsingar gjarnan seint. Sérstaklega var Hagstofan þá töluvert á eftir,

en ef við skoðum skýrsluna frá Hagstofunni frá árinu 2011 sést að afkoman hefur batnað verulega og er orðin mjög góð á þeim tíma.

Síðan þegar á að fara að ræða um að leggja á gjöld sem vegna seinni upplýsinga eru oft lögð á miðað við raunveruleika sem er aðeins orðinn eldri, sem er galli og auðvitað ættum við með nútímatekni að geta verið með upplýsingarnar miklu nær í tíma og þurfum að vinna að því, segja menn: Ja, nú er markaðsverð farið að lækka. Og allar kvartanirnar koma aftur.

Það er erfitt að ná sátt í svona grein ef við eigum alltaf að búa við þá aðferðafræði að menn komi ekki hreint að borðinu. Menn eru í rauninni meira eða minna alltaf að reyna að koma sér hjá því að borga gjöld. Að vísu verður að taka það fram að það er mjög misjafnt eftir fyrirtækjum og þeim sem um þetta fjalla hvernig menn bera sig, en það var til dæmis mjög táknað í þessum vinnuhópi yfir 20 manna úr öllum stjórnmalaflokkunum og stéttarfélögum og víðar sem unnu í þessari svokölluðu sáttanefnd sem skipuð var á sínum tíma og ég hef áður rífað upp ítrekað að strax haustið 2010, þegar nýbúið var að skipa nefndina, hljóp LÍÚ frá borðinu, sem allir aðrir sátu við, út af því að það var komið inn eitthvað sem hét skötuselsfrumvarp sem þýddi úthlutun á skötusel. Sá fiskur var farinn að dreifa sér öðruvísi, það var magnaukning í honum og þá var honum úthlutað með öðrum hætti en beint í gegnum kvótakerfið.

Það er kómískt að það ákvæði var svo framlengt af nýrri ríkisstjórn með nýlegum lögum sem hér voru samþykkt á sumarþingi. Það hefur enginn hrökklast frá borði út af því. Þetta var dæmigert fyrir umræðuna á þessum tíma.

Ég vil líka rifja upp að allur hópurinn ákvað, eins og ég segi, að halda áfram þrátt fyrir að LÍÚ færi frá borði. Í desembermánuði eftir að við erum bara rétt komin inn í þriggja mánaða vinnu er búið að samþykkja í stjórn Landsambands íslenskra útvegsmanna að sigla flotanum í land, efna til fundaherferðar og koma með hótanir um það að flotinn muni ekki fara á veiðar aftur fyrr en við hættum þessari vinnu. Hvernig í veröldinni ætlum við að ná sátt í sjávarútvegi með þessum aðferðum? Sáttin er svo mikilvæg vegna þess að það er útilokað að búa við það að ein atvinnugrein skuli vera í kosningum á fjögurra ára fresti, það skuli endalaust vera deila um það með hvaða hætti við rekum fyrirtæki í sjávarútvegi. Það er fullkomlega óþolandi og líka fyrir greinina sem líka.

Það kemur ágætlega fram í niðurstöðum frá þessum hópi að allir verða að leggjast á eitt til að niðurstaða náist. Það var það sem við reyndum á þessum tíma. Flokkur eins og Samfylkingin sem hafði ákveðnar hugmyndir um útfærslur og lét vinna þær fyrir sig og færði rök fyrir því að það væri góð og skynsamleg leið vék frá þeim tillögum til að reyna að ná sátt og fór út í svokallaða samningaleið sem var ein af tillögnum sem komu út úr vinnu svokallaðrar sáttanefndar.

Það sem hefur þróast á undanförunum árum allt frá auðlindavinnunni á sínum tíma, auðlindastefnunni núna, og síðan sem kristallaðist í umræðunni um nýja stjórnarskrá og ákvæði sem þar fór í þjóðaratkvæðagreiðslu voru fjögur grundvallaratriði varðandi auðlindirnar ekki hvað síst og sérstaklega tekið fram varðandi auðlindir sjávar.

Það var í fyrsta lagi að auðlindir sjávar skyldu vera alveg óyggjandi í eigu þjóðarinnar og óheimilt að framselja þær, fényta með nokkrum hætti og undir engum kringsmæðum gæti myndast eignarhlutur í þessari auðlind.

Það var tekið fram í öðru lagi að þessari auðlind mætti ráðstafa með afnotarétti til tilgreinds tíma þar sem viðkomandi aðilar gátu fengið leyfi til þess að nýta auðlindina. Það fylgdi ekki akkúrat í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu en fylgdi mjög í vinnu starfshópsins að það ætti að vera með. Það var líka í eldri starfshópum að það ætti að vera með tilgreindum skilyrðum um hvernig menn færu með afla og menn gætu misst þennan rétt ef þeir uppfylltu ekki ákvæðið. Hjá okkur var oft tilgreint til dæmis að menn færu eftir kjarasamningum, væru ekki að svindla á vigtunarreglum o.s.frv. Það voru tilgreind fjöldamörg atriði sem skiptu auðvitað máli því að það er engin ástæða til að láta menn veiða sem eru afbrotamenn í greininni. Þar hafa að vísu verið refsíákvæði og margir verið sektaðir, en almennt fylgja menn þessum reglum þannig að þetta átti ekki að vera íþyngjandi á neinn hátt.

Í þriðja lagi var grundvallaratriði að þessu væri úthlutað til tilgreinds tíma, var númer tvö, en það yrði gegn gjaldi. Menn töluðu um hóflegt gjald og menn töluðu um sanngjarnt gjald. Það voru skilgreiningar í því í stjórnarskrárvinnunni að það ætti að vera gjald sem miðaðist við markaðsvirði á hverjum tíma og spurningin var svo hvernig átti að finna það og allt þetta, en það er klárt að við viljum fá gjald fyrir auðlindina sem nýttist almennt þjóðinni og er hluti af kostnaði við að gera út.

Í fjórða lagi var svo talað um jafnræði sem yrði gætt við úthlutunina sem menn hafa svo sem túlkað á mismunandi vegu, en þegar kvótakerfið var sett á var miðað við aflareynslu þriggja undangenginna ára. Hefur komið mikil gagnrýni á að það hafi verið viðmiðið og spurning hvort veiðireynsla sem var jafnvel sjálfsköpuð ætti að ráða hvaða aflaeimildir menn fengju til dæmis í nýjum tegundum. Þar kom upp með makríllinn, þegar hann kom inn í íslenska lögsögu og menn fóru að veiða hann í meira mæli var spurningin hvernig ætti að deila honum út. Átti að kvótasetja hann? Hverjir áttu að fá þær heimildir?

Þessi umræða hefur svo sem ekki verið klárud og skiptir mjög miklu máli hvernig farið verður með slíka hluti. Ég held að þeir sem þekkja til hefðu ekki viljað missa af því. Ég held að 200 smábátar séu núna að veiða makríl til viðbótar við stórúterðimar sem taka auðvitað stærsta hlutann og hafa til þess búnað, tækni og þekkingu.

Þetta voru grundvallaratriðin. Þetta er það sem þjóðin er að biðja um, það sem hún samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu í umræðunni um stjórnarskrána. Yfir 80% þjóðarinnar töldu að þetta ætti að vera með þessum hætti, þetta væri þjóðareign, við ættum að úthluta þessu til tilgreinds tíma gegn gjaldi og gæta jafnræðis.

Nýleg könnun sýnir svo líka að yfir 70% vilja óbreytt veiðigjald. Hæstv. ríkisstjórn sem er að vinna í anda sáttar og ætlað að hlusta á þjóðina hlýtur að verða að hlusta á þetta. Við erum síðan komin með undirskriftir yfir 35 þús. aðila, sjálfsprottna undirskriftasöfnun, þar sem aðilar sem hafa fylgst með umræðunni og hafa ríka réttlætiskennnd kalla eftir því að þessu máli verði fylgt eftir. Ákallið sneri fyrst og fremst að þinginu, um að þessu verði breytt þannig

að sanngjarnt verði og ekki gefið eftir með upphæðir. Meiri hluti atvinnuveganefndar hefur ekki orðið við því sem kemur í tillöguformi milli umræðna, en þá hafa menn sagt að hinn öryggisventillinn sé forseti Íslands. Þarna eru held ég komin nálægt 15% atkvæðisbærra aðila sem óska eftir því að þetta fari til forsetans og hann synji lögnum.

Ég held að ekki verði hjá því komist að hlusta á þetta. Ef við ætlum að reyna að ná þessari varanlegu sátt í sjávarútvegi held ég að menn verði að hlusta á þessar raddir, taka sér tak og vinna útfærslu sem er sanngjörn. Það er tilraun sem minni hlutinn gerir hér með sínu nefndarálitum. Hvað var það sem menn kvörtuðu yfir? Menn segja: Það er ekki hægt að leggja veiðileyfagjaldið á vegna þess að við höfum ekki nægar upplýsingar. Svarið við því er: Veitum heimildir til að afla þeirra upplýsinga. Menn segja: Ja, það er kannski erfitt.

En það var ekki erfitt þegar við vorum að tala um hagstofufurumvarp sem veitir ótrúlega víðtækar heimildir í sambandi við söfnun upplýsinga um skuldastöðu heimilanna. Ég líki þessu saman vegna þess að ég held að hið sama gildi um hvort tveggja. Þarna eru ríkir hagsmunir um að sækja þessar upplýsingar og reyna að leggja á sanngjörn gjöld miðað við bestu upplýsingar.

Þegar við ræðum um þetta veiðileyfagjald og þennan ágreining, sem er líka verið að glíma við í þessu nefndarálitum minni hlutans, erum við að tala um tvennt. Við erum að tala um réttlæti, við erum að tala um réttlátan arð af auðlindinni sem við viljum að þjóðin fái sjálf og fái tækifæri til að deila út í gegnum Alþingi, gegnum fjárveitingavaldið, til fólksins í landinu í þá þætti sem við teljum mikilvæga í rekstri samneyslu okkar.

Í því felst um leið að það er ekki nægjanlegt að afkoman sé svo góð í útgerðinni að hún geti keypt sér einhver önnur fyrirtæki og skapað huganlega atvinnu með þeim hætti. Það er ekki sú aðferðafræði sem menn geta notað um allt. Þeir eiga að hafa sinn arð og sína afkomu, og sinn arð af sínum peningum. Þeir eiga að hafa þá möguleika að reka hagkvæma útgerð. Það er alls staðar í öllum þessum skýrslum og alls staðar í öllum nefndarálitum, líka frá minni hluta atvinnuveganefndar í þessari 2. umr., þá er talað um að allir vilji sjá arðbæra, hagkvæma og sjálfbæra útgerð. Þannig á það að vera.

Menn vilja ekki eingöngu fá aðila sem geta deilt og drottnað og skammtað af sínum hagnaði, heldur viljum við að þessir peningar nýttist í samneysluna og í velferðarkerfið okkar, þá mikilvægu þætti sem við viljum hafa hér sem góða þjónustu.

Það er líka sérstaklega áhugavert að skoða þessar gjaldtökur sem við höfum í samanburði við til dæmis að sum af fyrirtækjum okkar eru að kaupa aðgang að sjávarauðlindum annars staðar býsna háu verði. Þau hafa líka framleigt veiðiheimildir frá sér innan ársins til minni aðila. Þá er ekki spurt um 10, 20 eða 30 kr. Þar eru menn að tala um 100, 200 eða 300 kr. Þessar litlu útgerðir verða þannig leiguliðar hjá þeim stóru. Þetta er einn af þeim þáttum sem hafa vakið óánægju og er meðal þess sem þarf að taka á í sambandi við útgerð í landinu til lengri tíma.

Ég vitna aftur í sáttanefndina af því að það er vitnað í hana í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar. Ég fagna því, það er hægt að sækja heilmikið þangað þó að því miður

hafi menn skilað sínum eigin textum í lokin með ýmsum fyrirvörum um hvernig þetta ætti að útfærast og fóru varlega inn í þetta. Það er margt mjög athyglisvert í þeim niðurstöðum, t.d. að það eigi áfram að vera aflamarkskerfi. Það var sameiginleg niðurstaða alls hópsins. Sameiginleg niðurstaða obbans af hópnum var að það ætti að vinna þetta út frá samningum til tilgreinds tíma. Það var deila um til hversu langs tíma. Það varð líka samkomulag um að það væri óhjákvæmilegt að skipta á milli þessara samninga og síðan svokallaðrar pottaleiðar, þar sem menn voru með byggðavilnanir til þess að mæta ákveðnum sérþörfum ákveðinna hópa.

Einn af þeim þáttum kemur fram í gagnrýninni á veiðileyfagjaldinu, þ.e. að það fari bysna illa með ákveðna tegund af útgerðarflokkum, minni og meðalstóra báta. Rökin fyrir því eru að þarna eru felld niður eða lækkuð verulega gjöld á bolfisksútgerðum. Menn hafa af ríkinu tekjur upp á jafnvel 3,2 milljarða, er áætlað á þessu ári, 6,4 milljarða á ársgrundvelli. Það munar um minna, þetta eru gríðarlega háar upphæðir. Þeir sem einmitt unnu skýrslur fyrir sáttanefndina á sínum tíma, Akureyringarnir, hafa svo komið með yfirlýsingar um að það sé engin ástæða til þess að hlífa bolfisksútgerðinni með þessum hætti.

Í nefndaráli minni hlutans er einmitt gert ráð fyrir að breyta mörkum á því hverjir munu ekki borga veiðileyfagjald og breyta hlutunum þannig að það verði komið til móts við þessar smærri og meðalstóru útgerðir, þessar skuldfestu útgerðir, það var í frumvarpinu í fyrra, og þannig komið til móts við þá gagnrýni sem lögð hefur verið fram.

Minni hlutinn leggur hér fram lausnir á þeim vanda sem hefur verið meginrökstuðningur fyrir því að ekki væri hægt að leggja á veiðileyfagjald, með því að skaffa upplýsingarnar, með því að koma til móts við litlu og meðalstóru fyrirtækin þannig að við höldum fjölbreytni í útgerðinni. Við styðjum þá breytingu sem ný ríkisstjórn gerði um það eða gerum enga athugasemd við það að hækkuð verði gjöldin á uppsjávarfyrirtækin sem hafa skilað hvað bestum arði en haldið þá óbreyttu gjaldi á þá sem hafa ekki einhverja sérstaka afslætti hvað varðar bolfiskinn.

Alveg eins og hér hefur komið fram, m.a. í andsvörum frá hv. þingmönnum stjórnarmeirihlutans, er þetta ekki fullkomið. Þetta er ekki gallalaus leið að öllu leyti. Þegar menn fara að leita að lausnum byrja þeir ekki á að lækka þessi gjöld, heldur dreifa þeim öðruvísi. Óánægjan sem hefur brotist út bæði hjá minni hlutanum og eins líka í landinu öllu er meðal annars vegna þess að í erfiðu árferði, þegar við komum út úr fordæmalausum erfiðleikum eftir hrunið, þar sem ríkissjóður tapaði gríðarlega miklum tekjum og er þar að auki enn þá að borga um 90 milljarða í vaxtakostnað, þurfum við á öllum þeim tekjum að halda sem við getum fengið með eðlilegum hætti án þess að leggja atvinnulífið í dróma. Við þurfum að fara þannig fram að við getum haldið úti velferðarkerfinu. Það var draumur flestra, að því er menn segja. Við börðumst að minnsta kosti fyrir því að núna þegar aðeins betur áraði gæti maður farið að skila til baka inn í heilbrigðiskerfið, menntakerfið og löggæsluna, komið til móts við þær þrengingar sem hafa verið varðandi kjarasamninga, sérstaklega hvað varðar kynbundinn launamun, og komið til móts við lífeyrisþega.

Við sjáum að nú er búið að leggja fram frumvarp þar sem lífeyrisþegar eiga að fá 1,6 milljarða fram að næstu áramótum, þeir 45.000 aðilar. Að vísu deilist það bara á 7.000 og raunar fá ekki nema 4.500 af þeim greiðslur núna. Þetta er helmingurinn af því sem við erum að afsala okkur með breytingu á veiðileyfagjaldinu.

Þetta er það sem sviður líka, þ.e. hvernig menn forgangsraða hjá nýrri ríkisstjórn. Hún hefur valdið vonbrigðum miðað við yfirlýsingar sem voru látnar falla fyrir kosningum um það hverjir ættu að hafa forgang.

Það út af fyrir sig segir manni að við verðum að gera betur, við verðum að reyna að ná þessum peningum með eðlilegum hætti. Það er ekkert verið að hrfisa það af neinum. Það er ekki verið að taka af fyrirtækjum sem fara á hausinn við þetta. Afkoman er gríðarlega góð. Hún á líka að vera góð og hún á að vera þannig að viðkomandi fyrirtæki njóti arðsins af því að fara vel með auðlind og nýta fiskinn vel. Þar hafa menn fundið sífellt betri og tæknigri aðferðir þannig að það er farið að fullnýta fiskinn miklu betur en nokkurn tímann áður. Það er vel vegna þess að þarna erum við í matvælaframleiðslu fyrir heiminn sem skiptir líka mjög miklu máli.

Það þýðir ekki að menn geti alltaf grátíð sig frá því að taka eðlilegan þátt í að borga arðinn til samfélagsins. Þessir aðilar verða að koma að borðinu til að leita sátta þannig að við getum til framtíðar fundið lausn á þessu. Vonandi verður það þannig í haust að menn geti svo útfært þetta betur, en þá ekki með því að gefa endalaus afslætti. Það eru engin rök fyrir því. Það þarf að færa til eins og hefur verið ákveðið, en það ætti að duga.

Það hefur oft vakið kátínu hjá mér þegar við heyrum frá einstökum sveitarfélögum úti á landi, sem mörg hver eru í erfiðleikum vegna skuldsetningar og hafa það ekki allt of gott, að veiðigjöldin muni beinlínis fara úr bæjarsjóðnum. Ég hef stundum sagt: Bíddu, ókei, við getum þá látið þetta veiðileyfagjald falla niður og þá fá staðir eins og Bolungarvík 400–500 milljónir frá útgerðinni.

En þessir peningar hafa aldrei skilað sér með þessum hætti, því miður. Þetta samhengi er ekki svona einfalt. Ég held að það sé frekar hægt að treysta því að við reynum að nýta veiðigjaldið til að byggja upp atvinnu úti á landsbyggðinni, skila peningunum inn á þau svæði, hjálpa fólki að komast úr sínum skuldafjötrum þar plús að byggja upp velferðarkerfið eins og ég ræddi hér áðan.

Helstu niðurstöður þessa sáttahóps, starfshópsins, eru í 1. kafla á bls. 12 í umræddri skýrslu. Þar eru í fyrsta lagi tilgreind einstök atriði núgildandi laga og þau álitamál sem þar voru uppi. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þann inngang:

„Í skýrslunni er fjallað um helstu álitæfni við stjórn fiskveiða og gerðar tillögur til úrbóta á þeim flestum. Starfshópurinn mælir með því að áfram verði stuðst við aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða,“ eins og ég nefndi áður. „Meiri hluti hópsins er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að takmarka hámarkshandhöfn aflaheimilda eins og gert hefur verið.“ — Þetta er til dæmis mjög forvitnilegt atriði þar sem menn halda 12%-reglunni eða 11%, hver sem hún er nákvæmlega í prósentum.

Áfram, með leyfi forseta:

„Hann telur að gera beri frekari úttekt á tengslum fyrir-tækja í sjávarútvegi og setja skýrar reglur um innbyrðis tengsl fyrir-tækja.“ — Þetta er einmitt ákvæði sem menn höfðu miklar áhyggjur af í þessum starfshópi, að menn gætu falið hagnað, fært á milli aðila, komið honum frá ein-um aðila til annars til að fela hann. Það er gríðarlega mikið vandamál, ekki vegna þess að menn séu endilega að brjóta lögin, heldur hafa lögin verið með svo víðtækar heimildir í sambandi við þetta og skilgreiningin á því hverjir væru skyldir aðilar hefur ekki verið nógu nákvæm. Þarna hafa menn talað um að fara inn á hlutabréfamarkaði sem ég held að hafi verið mjög góð aðferð þar sem eru miklu strangari reglur um það hverjir teljast skyldir aðilar. Það er til dæmis með ólíkindum ef Samherji á Akureyri telst ekki aðaleigandi að Sildarvinnslunni þótt hann hafi um 50% eignarhlut-deild, að þetta sé ekki tekið sem eitt fyrirtæki þegar menn meta handhafa aflaheimilda.

Ég les áfram, með leyfi forseta:

„Það er og álit meiri hluta hópsins að þau viðskipti sem leyfð verða með aflaheimildir skuli fara fram í gegnum op-inberan markað og gjald af nýtingu á auðlindum sjávar renni í sameiginlegan sjóð landsmanna. Þá er það mat hópsins að rétt sé að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að vinna frekari greiningu á málefnum eigenda sjávar-jarða.“

Það var sérsmål.

Fyrsti hlutinn er um auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Nið-urstaða hópsins á þeim tíma er að það eigi að ganga frá því og raunar senda bréf frá hópnum til stjórnarskrárnefndar um að þetta eigi að vera með þessum hætti. Takið eftir inn-ganginum í kaflinum á bls. 12, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn, að undanskildum fulltrúum LÍÚ, telur nauðsynlegt að skýrt ákvæði um þjóðareign á náttúruauð-lindum, þar með talið auðlindum sjávar, komi í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Hópurinn leggur til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sendi erindi þar að lútandi til ný-skipaðrar stjórnlaganefndar sem er að undirbúa þjóðfund og stjórnlagaping.“ — Það var svo gert.

Annar kaflinn í þessum niðurstöðum, þetta eru bara stuttir kaflar með samantekt um heila skýrslu, er um úthlut-un aflaheimilda. Þar er alveg skýrt markmið, eins og var líka hjá fyrrverandi ríkisstjórn, að við úthlutun aflaheimilda skuli, með leyfi forseta, „gæta þjóðhagslegrar hagkvæmni, langtímasjónarmiða til að tryggja afkomu sjávarútvegsins, að hámarka afrakstur auðlindarinnar og tryggja sjálfbæra nýtingu fiskstofna við landið. Þá skal að mati hópsins gæta jafnræðis við úthlutun veiðiheimilda og atvinnufrelsis ...“

Þá er vitnað í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, en það álit var töluvert mikið rætt í hópnum á þeim tíma.

Síðan er ákvæði um að auðvitað þurfi aðlögun að mikl-um breytingum. Þess vegna töluðu menn í stjórnarsáttmála síðustu stjórnar um aðlögun þar sem var talað um innköllun á endurúthlutun á 20 ára tímabili.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að vitna öllu meira í þessa skýrslu. Mér þykir vænt um að menn skuli ætla að nýta úr henni meginhugmyndirnar, en þá verða menn einmitt að horfa á þessi atriði. Við verðum að ná sátt um það hver á auðlindina, hvernig við nýtum við hana og hvernig arðurinn er greiddur. Með þessi atriði öll í huga ætlum við að sjá til

þess að hér verði rekinn hagkvæmur, arðbær sjávarútvegur sem gengur ekki á auðlindina, enda er hagur allra að menn nýti hana vel en varðveiti hana um leið þannig að hún gefi af sér til langs tíma.

Það skiptir miklu máli að við fetum þessa leið. Þar er viðurkenning á því að jafnvel þótt menn geti með einhverri sanngirmi sagt að það sé ekki ýtrasta hagkvæmni í því að vera með þessa litlu báta sem eru að veiða við landið, sam-anborið við stóru bátana sem er nú mjög umdeilanlegt engu að síður, sumir fullyrða að þetta sé þannig, er mikill vilji og skilningur á því að við ætlum að reyna að halda fjölbreytt-um útgerðarformum þannig að menn geti stundað smábáta-veiðar við landið og veiðar á millistórum bátum. Þess vegna koma strandveiðarnar inn. Þess vegna koma byggða-sjónarmiðin inn. Þess vegna er líka verið að reyna að koma í veg fyrir að menn geti farið í burtu með kvótann öðruvísi en að sveitarfélögin eigi að minnsta kosti möguleika á að stöðva það, samanber það sem var reynt í Vestmannaeyjum en tókst ekki, að búa til þannig lagaumhverfi að enginn geti lagt heilt byggðarlag í rúst með breytingum á sínum rekstri.

Við erum sem sagt hér að tala um frumvarp sem snýst um prinsipp og réttlæti en um leið tekjuöflun ríkisins. Ég vona að menn sjái að sér og reyni að ná sátt um þetta, hindri það að hér þurfi tilstilli forsetans til að berja þetta í gegn með þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrsta ákall þess hóps sem þar (Forseti hringir.) safnar undirskriftum er að Al-þingi geri breytingarnar.

[18:13]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir yfirgripsmikla ræðu. Ég held að það sé tvennt sem ég mundi vilja spyrja hv. þingmann út í. Í fyrsta lagi var hann á sínum tíma formaður í svokallaðri sáttanefnd sem var fengið það verkefni að smíða frumvarp um stjórn fiskveiða og reyna að ná sem víðtækastri sátt. Í málflytningu í þinginu hefur komið fram og kom reyndar fram af hálfu fulltrúa Framsóknarflokksins, flokks sjávarútvegsráðherra, fyrir kosningar að þeir lögðu mikið kapp á að nýta sér vinnu sáttanefndarinnar og að ný-skipan í þeim málum tæki mið af því sem þar var lagt upp með — við getum auðvitað haft ýmsar skoðanir á því — en ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort hann telji að verið sé að gera það í því frumvarpi sem hér liggur fyrir og í hverju þá frávikin frá því liggja.

Svo mundi ég líka vilja spyrja hv. þingmann — því að hann nefndi í lok ræðu sinnar undirskriftasöfnun þar sem hvatt er til þess að forseti lýðveldisins synji þessum lögum staðfestingar og í umræðunni hafa komið fram álitaeini um það hvort þetta mál sé þess eðlis að það henti vel í þjóðaratkvæðagreiðslu — sem þekkir þennan málaflokk býsna vel hvaða afstöðu hann hefur til þess, hvort hann telji að eitt-hvað væri því til fyrirstöðu að þjóðin greiddi atkvæði um málið, hvort sem það yrði gert með því að forseti synji máli- nu staðfestingar á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar eða með því að það yrði hreinlega sett inn í gildistökuákvæði frumvarpsins ákvæði um að lögin öðluðust ekki gildi nema meiri hluti þjóðarinnar samþykkti það í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu.

[18:15]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Varðandi það hvort veidigjaldið sé akkúrat í anda sáttanefndarinnar þá er í sjálfu sér — grundvallarhugmyndin að leggja á gjald er í anda sáttanefndarinnar, þ.e. menn voru allir sammála um það. Menn voru líka sammála um að það þyrfti að vera á tvískiptan hátt en nánar varðandi upphæðir og annað þá var það ekki útfært í smáatriðum. Það er því ekki hægt að feðra það beint á sáttanefndina svo að við séum alveg einlæg.

Aftur á móti, eins og ég gerði grein fyrir í ítarlegu máli, tel ég að það að leggja á auðlindagjald eða taka auðlindarentu en ekki að fara í gegnum tekjuskatt sé í anda sáttanefndarinnar og þeirra fyrri nefnda sem hafa starfað. Ég held að mikilvægt sé að menn haldi sig við þá aðferð og reyni að bæta upplýsingaöflun frekar og forsendur þess sem þar er lagt til grundvallar. Það er auðvitað svo að þegar menn taka einhverja meðaltalsafkomu mun það vera sumum til gagns en öðrum ekki, það verði hvatning til þess að þeir geri betur til að þeir ráði betur við að borga það og það er bara hið besta mál.

Aftur á móti varðandi þjóðaratkvæðagreiðsluna þá er ég mjög hlyntur því að menn noti þjóðaratkvæðagreiðslur. En forsenda þess að þær virki þannig að við notum þær er að gera það hóflega. Ég hef verið þeirrar skoðunar að ekki hefði þurft að spyrja þjóðina aftur, það er búið að spyrja um grundvallaratriðin þar sem 80% segja að menn vilji fara inn í stjórnarskrána með ákvæði um auðlindir og vilji hafa gjaldtöku. Það ætti því ekki að þurfa að spyrja aftur. En eins og málið er núna komið finnst mér ekkert óeðlilegt við að forsetinn vísi þessu til þjóðarinnar og fái þá frekari staðfestingu á því hver sé vilji þjóðarinnar hvað þetta varðar. Því að þetta varðar verulega hagsmunum, þetta er réttlætismál en þetta er líka tekjuspursmál fyrir ríkissjóð.

[18:17]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Já, það er einmitt mikilvægt sem hv. þingmaður benti á, þ.e. spurningin um auðlindarentuna annars vegar og hins vegar um almenna skattlagningu. Þarna þarf að sjálfsgöðu að gera greinarmun. Þegar hv. þingmaður segir að í sáttanefndinni hafi — ja, ég skildi hv. þingmann þannig að í sáttanefndinni hafi verið samstaða um að fara auðlindarentuleiðina. Ber þá að skilja hv. þingmann þannig að hann líti svo á að með þeirri leið sem lögð er til í því frumvarpi sem liggur fyrir sé verið að hverfa í raun frá henni og frekar yfir í annað form af gjaldtöku en auðlindarentu?

Mér finnst mikilvægt að þetta komi skýrt fram vegna þess að í umræðunni er þessu stundum svoltið blandað saman, menn horfa kannski á þetta í einhvers konar einni púllu og gera ekki alveg greinarmun á auðlindarentunni annars vegar og hinni hagfræðilegu nálgun á hana sem fyrirbæri og hins vegar einhvers konar almennri skattlagningu, tekjuskattlagningu eða eitthvað í þá veru.

Hins vegar aftur um þjóðaratkvæðagreiðsluna þá minnti þingmaðurinn á að í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október í fyrra var spurt sérstaklega um auðlindir í þjóðareigu og þar með talið fiskstofnana og afdráttarlaus studningur var við

það. Telur þingmaðurinn að í ljósi þess að málið kemur inn í þingið með þeim hætti sem það gerir sé verið að gera lítið úr niðurstöðu þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu? Og þess vegna sé tilefni til þess að gera kröfu um að málið gangi til þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti, eins og sagt væri á sumum bæjum? Þannig að það komi þá skýrt fram, afstaða þjóðarinnar, hvort sem það er með tilstuðlan forsetans á grundvelli 26. gr. stjórnarskrárinnar eða bara með einfaldri ákvörðun Alþingis í gildistökuákvæði frumvarpsins.

[18:19]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Forseti vill minna þingmenn á að ávarpa eða nefna þingmenn fullu nafni.

[18:19]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni hér áðan þurfum við til langs tíma að koma á auðlindarentu eða greiðslu fyrir allar auðlindir. Annaðhvort þurfum við að gera það í gegnum arð af ríkisreknum fyrirtækjum, sem eru rekin og nýta auðlindirnar, þannig að aðföngin, sem eru auðlindin, kalli á að menn greiði ákveðið gjald. Ég held að það sé mikilvægt að þetta sé auðlindarenta frekar en skattlagning því að skattlagning lýtur ákveðnum lögmálum er varða frádrátt og kostnað og annað slíkt sem ekki er með sama hætti.

Það er svolítið merkilegt að sú tillaga sem lögð var fram í fyrra og var samþykkt var í raunveruleikanum niðurstaða stjórnar og stjórnarandstöðu á þeim tíma, hvað varðaði upphæðina. Hugmyndir voru uppi um miklu hærri upphæðir í byrjun, síðan lempuðu menn þetta sameiginlega og komust að niðurstöðu. Þess vegna kom það mjög á óvart að menn skyldu svo vika frá því, engar nýjar upplýsingar komu fram um afkomu sjávarútvegs sem réttlætir það.

Af hverju gripu menn tækifærið? Var það það sem þjóðin var að kjósa, að veidigjöld yrðu lækkuð, þegar hún kaus stjórnarflokkana? Ég held ekki, ég held að það hafi hvergi komið fram í umræðu eða stefnumótun að þeir ætluðu að lækka þetta með einhverjum ósköpum nema kannski á einhverjum svæðum, en það er alla vegna ekki meginástæðan fyrir fylgi þessara flokka.

Varðandi það hvort menn hafi verið að gera lítið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrána — já, ég held að segja megi að með því að fara svona hart í þetta og forgangsraða með þessum hætti séu menn að gefa niðurstöðu þeirrar vinnu langt nef og það finnst mér miður. Þetta lýsir ákveðinni forgangsröðun sem ekki öllum líkar. Ég ætla að vona að menn snúi af þessari leið og bæti ráð sitt og að við finnum leið til að leggja eðlilega og sjálfsagða auðlindarentu á sjávarútveginn.

[18:21]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ekki er svo ýkja langt síðan ég stóð í þessum ræðustól, nánar tiltekið fyrir fjórum sumrum, og ræddi um mjög svipaðan hlut. Ég ræddi um það hve mikilvægt væri að við fengjum að fara með Icesave-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ástæðan fyrir því að mér þótti það svo mikilvægt og lagði svo mikla áherslu á það — ég svaf nánast

ekkert það sumarið, út af því að maður þurfti að vera hér æði oft í ræðustólunum til að tryggja að almenningur og þingmenn fengu allar þær upplýsingar sem lágu fyrir og voru að koma fram, til að geta tekið upplýsta ákvörðun.

Manni er sagt að þetta mál sé svo flókið — þó er þetta mál sem forseti lýðveldisins hefur sagt að sé vel til þess fallið að fara í þjóðaratkvæði — og þá gildir einu hvaða ríkisstjórn er við völd, manni er bara sagt að málið sé of flókið. Almennigur er greinilega of vitlaus til að geta sett sig inn í málið samkvæmt því sem ædstu ráðamenn þjóðar hald fram.

Ekki nóg með það heldur er því einn haldið fram að ef við tökum svona mál eins og Icesave eða þetta tiltekna mál þá sé almenningur svo einfaldur að hann greiði atkvæði á þann veg að það leiði okkur út í ómældar hörmungar. Ég man svo vel að okkur var sagt — og það setti nú að mér pínulítinn ugg þó að ég teldi mig hafa aðrar forsendur út frá upplýsingum sem ég hafði víðað að mér — að Ísland mundi breytast í Kúbu norðursins, að mat á okkur hjá þeim fyrirtækjum sem leggja mat á lánshæfni landa mundi fara í rusl.

Mótrókin hjá okkur voru á þeim tíma einmitt þau að ef við tækjum á okkur skuldir sem við mundum ekki ráða við, eins og var í því tilfalli, þá færum við í ruslflokk. Síðan kemur í ljós að með því að hafna því að taka á okkur skuldir sem við vorum ekki borgunarmenn fyrir þá vorum við skyndilega færð upp. Það er því ekki alltaf alveg að marka það sem kemur frá ædstu embættismönnum þjóðarinnar og ég hef það að leiðarljósi hér.

Það sem mér þótti svo rosalega mikilvægt við Icesave-ákvörðunina var þetta: Á sínum tíma, þegar við fengum þetta risastóra verkefni í fangið og þessa risastóru ákvörðun, vorum við enn ekki farin að sjá til lands, við vorum enn niðri og höfðum ekki getað reist okkur á fætur eftir það gríðarlega mikla áfall sem hrundi var. Ef þessu hefði verið velt á okkur af ytri öflum hefðum við verið enn bognari. Þegar við því tökum þessa ákvörðun sameiginlega sem þjóð tókum við ákvörðun, sem var eins upplýst og mögulegt var, um að gera þetta á þann veg ef svo bæri undir — það var einmitt ákall í þessari umræðu að við vildum fá þetta fyrir dómstóla út af því að við vorum sannfærð um að við værum í rétti.

Þegar þetta svo fór dómstólaleiðina var ég eins og margir aðrir sannfærð um — þó að maður viti aldrei — að við mundum hafa betur. Það var einmitt út af því að allir þjöppuðu sér saman þegar ytri váin var virkilega til staðar. Þetta var ekki lengur flokkspólitískt heldur nauðvörn þjóðar.

Segjum sem svo að við hefðum tapað málinu fyrir dómstólum að þá var ákveðinn styrkur í því að við sem sögðum nei, sem vorum mörg, hefðum þá borið ábyrgðina saman. Í staðinn fyrir að hægt væri að benda á einhverja einstaklinga var það fjöldinn sem tók þessa mikilvægu ákvörðun saman. Það er einmitt það sem heillar mig við beint lýðræði. Það sem heillar mig svo mikið við beint lýðræði er ekki bara það að gera sér grein fyrir því að það að búa í lýðræði þýðir að maður þurfi að leggja pínulítið á sig til að rehta skyldur sínar í lýðræðissamfélaginu. Þá tekur maður sameiginlega ábyrgð og maður stendur og maður fellur þar, ekki einn heldur með mörgum. Það er einmitt það sem vantar svo í samfélagið okkar að við gerum hluti sem styrkja okkur mörg saman. Það

er allt of mikið um að fólk sé einangrað í samfélögum þar sem sífellt fleiri sækja inn í stóra byggðakjarna.

Í tengslum við þetta dæmi, veidigjaldið, auðlindarentuna svokölluðu, erum við ekki bara að tala um fiskinn, þetta er bara einn liður í því sem þjóðin tók svo eindregna afstöðu með þegar boðað var til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort við vildum tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá eða ekki, spurt var sérstaklega hvort almenningur vildi að auðlindir þjóðarinnar væru í þjóðareign og undir þjóðarforsjá. Svárið var afgerandi, 83% þeirra sem komu á kjörstað sögðu já. Því vekur það óneitanlega mikla furðu, og kom mér satt best að segja verulega á óvart, að það væri í forgangi hjá þessari nýju ríkisstjórn að afnema vilja þjóðarinnar, afnema vilja þjóðarinnar á þennan hátt. Ég varð satt best að segja svolítið móðguð fyrir hönd þess vilja sem svo eindregið hafði verið settur fram.

Síðan vill svo ánægjulega til að einstaklingar úti í samfélaginu setja af stað undirskriftasöfnun til þess að skapa eindreginn og skýran hátt vettvang fyrir þjóðina til að sýna hver hennar vilji er og til að sýna að við höfum ekki gleymt neinu. Við höfum nefnilega fengið að bragða á beina lýðræðinu og nú verður ekkert aftur snúið. Við, almenningur í landinu, viljum fá að taka þátt í ákvarðanatöku hér, því að þessi vinnustaður á ekkert að vera aftengdur samfélaginu. Við erum hér í samfélagsþjónustu, því megum við aldrei gleyma, við erum hér sem millistykki til þjóðarinnar.

Nú erum við að fá ofboðslega skýr skilaboð frá almenningi, á milli 34 og 35 þúsund hafa sett nafn sitt við undirskriftasöfnun um að þessum lögum verði ekki breytt. Það sem fólk er að segja okkur er: Við viljum þessa 6 milljarða í okkar sameiginlegu sjóði. Það er það sem verið er að segja, við skulum ekkert flækja málið.

Fólk er að segja: Við viljum fá hlut af arðinum til að setja í okkar sameiginlegu sjóði. Það er ekki eins og fólk sé að biðja um þessa aura til að kaupa sér fjórthjól eða hjólhýsi. Nei, við erum nefnilega með þannig ástand í samfélaginu að heilbrigðiskerfið þolir ekki meiri niðurskurð og það þolir ekki að ekki sé gefið í. Það er orðið svo veikbyggt, því að alveg sama hvað fólk segir, hér varð gríðarlega mikið hrun. Það varð svo rosalega mikið hrun hérna að um var að ræða þriðja mesta hrun í heimssögunni og sumir vilja bara kalla það „svokallað“. Þess vegna eru innviðir samfélags okkar svo veikir að þeir þurfa enn frekar en nokkru sinni — og þetta ætti að vera einfalt mál, þetta er ekkert flókið fyrir þessa ríkisstjórn að skilja, að með því að setja 6 milljarða kr. gat í fjárlögin hlýtur eitthvað að bresta. Það er það sem almenningur er að segja. Það er það sem þessi 70% þjóðarinnar sögðu: Við viljum að þessir 6 milljarðar komi í ríkiskassann. Það er ekki svo að þessir 6 milljarðar séu einhvers staðar annars staðar til. Við erum mjög skuldug. Við erum til dæmis að borga ofboðslega mikið úr okkar sameiginlegu sjóðum í vexti af erlendum lánum.

Þó að ég sé ekki mikill aðdáandi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vill svo til að ég fæ tækifæri til að hitta fólknið sem er í íslensku sendinefndinni reglulega þegar það kemur hingað. Ég hef átt því láni að fagna að vera alltaf hlutlaus aðilinn út af því að ég skilgreini mig ekki beint sem andstöðuþingmann heldur miklu frekar sem samstöðuþingmann með málefnum sem skipta máli og andstöðuþing-

mann þegar mér finnst að verið sé að brjóta gegn því sem mér finnst skýr vilji vera fyrir hjá þjóðinni. Ekki það að ég er enginn sérstakur talsmaður þjóðarinnar, hún er ekkert á bak við mig, ég er bara að reyna að endurspeglja það sem hún kallar eftir eins og í þessu máli.

Nú, ég hef setið dálítið marga fundi með Alþjóðagjald-eyrissjóðnum og þeir hafa verið athyglisverðir og það fólk hefur stundum þurft að þola mikið harðræði af minni hendi þegar ég minni þau á Grikkland þegar þau tala um Ísland sem óskabarn sitt. Það var svolítið sérstakt að heyra Alþjóðagjaldseyrissjóðinn lýsa yfir gríðarlega miklum áhyggjum af stefnu þessarar ríkisstjórnar. Alþjóðagjaldseyrissjóðurinn hefur áhyggjur af því að þarna sé verið að setja rosalega stórt gat í áætluð fjárlög og á sama tíma á að leiðrétta skuldir húseigenda um 20% á línuna. Ég held að það hljóti bara að vera einhverjir galdramenn í þessari ríkisstjórn.

Ég horfði einu sinni á mjög pólitíska mynd sem hét Galdrakarlinn frá Oz. Þar kom fram að hinn gríðarlega mikli og svakalega öflugi galdrakar var bara lífill karl inni í einhverjum brelluklefa, og ég vona að það verði ekki veruleikinn með þau mál sem við glímum við í dag.

Ég og minn ágæti þingflokkur, Pírataflokkurinn, höfum verið að elta við einn þjóðhöfðingja núna í viku til að fá að vita hvenær hann ætlar að vera á landinu. Þetta er hinn ágæti forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson. Það hvílir mikil leynd yfir því hvenær hann er á landinu vegna öryggissjónarmiða og því fæst ekki svar við því hvort hann verði á landinu þegar honum ber að undirrita umrætt frumvarp. Mér finnst það svolítið merkilegt, ég hefði talið eðlilegt fyrir okkar ástkæra forseta að upplýsa bæði þjóðina og þingmenn um það hvenær hann er á landinu til að gegna skyldum sínum. Hann er jú forseti lýðveldisins Íslands og skyldur hans hljóta fyrst og fremst að vera gagnvart okkur.

Nú hefur borist ákall til forsetans og hann hefur verið mjög duglegur að hlusta á þjóðina þegar hann skynjar að gjá er orðin á milli þings og þjóðar. Honum væri í löfa lagið, okkar ágæta forseta, að sýna þinginu og þjóðinni þann virðingartott að upplýsa okkur um það hvenær hann verður hér og hvort hann verði fjarstaddur þegar þessi lög þarfnast undirritunar. En samkvæmt upplýsingum frá hans ágæta aðstoðarmanni kveða starfsreglu á um að enginn megi vita hvenær forsetinn er á landinu, mjög sérstakt. Ég heyrði þetta símtal í dag og varð mjög hissa. Það er því ágætt að þingheimur og fleiri viti að þegar forsetinn ferðast þá má enginn vita hvar hann verður á næstu dögum, það þykir mér eiginlega ótækt.

Mig langaði líka að nefna þessa auðlindarentu sem við erum að tala um. Sumir kalla þetta skatt, en ég mundi ekki vilja tala um þetta sem skatt, ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem hafa talað á þann veg. Þetta eru peningar sem koma af hreinum arði, það er ekki eins og verið sé að kreista og blóðmjólka fólk. Ef verið er að blóðmjólka einhverja útgerðarmenn þá þarf að sjálfsögðu að laga það. En gleymum því ekki hvað það var sem þjóðin var að kalla eftir, svo að ég endurtaki það: Þjóðin var að kalla eftir því að fá þessa 6 milljarða í notkun í okkar sameiginlegu sjóði, það er ekkert öðruvísi. Ef illa gengur að fá upplýsingar frá einni stofnun til annarrar þá leysum við það bara. Til þess erum við hér, til þess að leysa málin.

Það eru líka fleiri fyrirtæki sem mætti skoða, fyrirtæki sem nýta okkar góðu auðlindir eins og til dæmis orkuna. Það vantar töluvert mikið upp á að þjóðin fái að njóta þess arðs sem þau fyrirtæki fá í sinn hlut og dálítið merkilegt hve lítið hefur farið fyrir því að ræða um það hér og hvernig við gætum lært af mistökum fyrri tíma með það, samningarnir sem voru gerðir við þessi risastóru alþjóðlegu álfyrirtæki eru að sjálfsögðu hneisa. Lengi vel var því haldið leyndu hvernig þeim samningum var háttað en sem betur fer búum við svo vel að til eru aðilar hérlendis sem þora að upplýsa almenning um það sem hann á rétt á að vita.

Þá hefur jafnframt verið talað töluvert um að mikið skorti á gagnsæi í þessum málum og líka á umræðu um þessi mál á mannamáli. Ég held — og ég held það ekki, ég er sannfærð um það — að með því að taka þetta mál í þjóðaratkvæðagreiðslu munum við fá nákvæmlega þá umræðu sem okkur skortir svo mjög og þær upplýsingar og þá orðræðu til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvernig þessum málum er best háttað.

Ég er svolítið skrýtin og fylgdist oft með þinginu áður en ég ákvað að gerast þingmaður eða fara í samfélagsþjónustu um stund. Ég man að þegar farið var að tala um kvótamál og slíkt þá bara sofnaði eitthvað inni í mér, þetta var svo ömurlega leiðinleg umræða, ég verð bara að segja það. Hún var einhvern veginn á þannig tungumáli að ef maður ætlaði að reyna að ræða um þetta við vini sína þá var eins og maður væri að tala um sjálfsvíg, það var nú bara þannig. Ég hvet því þingmenn, út af því að við tölum svo mikið um þessi mál hér í þingsölum, til að fara og finna lýsingar og myndlíkingar sem stuðla að því að almenningur geti skilið þetta og tekið þetta til sín — þetta eru eiginlega alltaf karlar sem tala um þetta, af alveg gríðarlega mikilli þekkingu um botnfisk og uppsjávarfisk og allt þetta. En við þyrftum að reyna að setja þetta í, það kannski hljómar dálítið asnalega, aðeins skáldlegri búning þannig að þetta verði umræða sem fólk getur sett sig inn í.

Ég lenti oft í því þegar ég var að ræða um málefni er varða netið og allt það sem þar fer fram — fyrst þegar ég var að tala um þetta, þegar ég var að byrja að vinna á netinu í gamla daga, 1995, fyrst íslenskra kvenna, og talaði svona norðfsku — að fólk bara slökkti alveg eins og ég geri þegar farið er að tala um kvótamálin, fiskveiðistjórnarkerfið o.s.frv. Það var ekki fyrr en ég fór að geta sett þetta í samhengi við hið daglega líf og það sem snertir við fólk að fólk fór að hlusta. Þetta skiptir mjög miklu máli út af því að þetta er burðarbitinn í samfélagi okkar.

Mér finnst líka dálítið óþægilegt þegar þingmenn hafa stigið í þessa pontu og haldið því fram að þeir sem gagnrýna þetta fyrirkomulag séu hatursmenn sjómanna. Hvers konar — ég er bara svo móðuguð yfir þessu. Ég er alin upp í sjávarplássi og faðir minn heitinn var skipstjóri. Það vildi svo til að hann var útgerðarmaður áður en kvótakerfið kom á. Ég er alin upp í samfélagi sjómanna og fiskverkenda. Ég ber mikla virðingu fyrir og hef mikinn skilning á þeim veruleika sem þetta fólk býr við, því að þetta fólk er ég. Faðir minn heitinn var meira að segja aflakóngur og fékk bikar, svona aflakónsbikar, þegar ég var krakki. Hann hefði örugglega ekki orðið það undir kvótakerfinu, í þá daga voru skipin og bátarnir þannig að þau rétt náðu í land,



það var svo mikill afli í þeim. Það var á þeim tíma. Ég er sannfærð um að ef faðir minn hefði vitað hvernig trollin fóru með sjávarbotninn hefði hann ekki gerst sekur um þau skemmdarverk sem súst þegar farið var að mynda sjávarbotninn — skemmdarverkin sem faðir minn var meðal annarra ábyrgur fyrir, þó að hann hefði ekki stóra útgerð, það var bara eitt skip.

Mér finnst ekki hægt að við drögum þessa umræðu út í það að búa til einhverja gjá á milli fólks. Það er svo dæmigert í þessum þingsal að alltaf er verið að reyna að búa til einhverjar fylkingar, sem eru hvor á móti annarri, landsbyggðin og 101, Hveragerði og Selfoss. Þingmenn sem vilja breytingar á veiðigjaldinu, kvótakerfinu og fiskveiðistjórnarkerfinu eru allt í einu á móti útgerðarfólki og sjómönnum. Það er bara ekki þannig.

Mér finnst vænt um sjávarbyggðir. Þó að mér hafi ekki þótt rosalega gaman að alast upp í Þorlákshöfn finnst mér vænt um þennan hluta menningar okkar og mér hefur fundist vont að sjá hvernig farið hefur verið með þessi þorp þegar kvótinn hverfur úr þorpunum. Það er ekki fallegt. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (KLM): Forseti vill spyrja hv. ræðumann — og þykir leitt að þurfa að trufla hana í ræðu, ég sé að 15 mínútur eru eftir af ræðutímanum — hvort hún eigi mikið eftir. Boðuð hefur verið atkvæðagreiðsla og ég mundi vilja mælast til þess við hv. þingmann að hún gerði hlé á ræðu sinni.)

Hæstv. forseti. Hvenær er atkvæðagreiðslan?

(**Forseti** (KLM): Hún hefur verið boðuð núna kl. 18.45.)

Það er alveg sjálfsagt að ég geri hlé á ræðu minni. Ég var reyndar svo ánægð með hve margir voru í þingsalnum að ég á svoltitíð bágt með það, en ég skal verða við ósk forseta og gera hlé á máli mínu.

(**Forseti** (KLM): Forseti þakkar fyrir það. Nú verður hringt til atkvæðagreiðslu og þingmaðurinn getur haldið áfram ræðu sinni þegar þingfundur hefst á ný.)

Umræðu frestað.

### *Neytendalán, frh. 3. umr.*

Frv. efh.- og viðskn., 26. mál (frestun gildistöku). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]

Frv. samþ. með 44 hlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EdH, EIH, FrH, FSigurj, GuðbH, HBK, HarB, HE, HHG, HHj, JónG, KG, KJak, KPJ, KLM, LRM, LínS, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁsmD, ÁsF, EKG, ELA, EyH, GÞÞ, GBS, HöskÞ, IllG, JMS, Kafúl, OH, PVB, PHB, SII, SSV, VBj, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 62).

### *Lengd þingfundar.*

[18:50]

**Forseti (Kristján L. Möller):**

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 10. gr. þingskapa um lengd þingfunda er það tillaga forseta að þingfundur geti staðið lengur í dag en hvað þingsköp kveða á um. Er óskað eftir atkvæðagreiðslu um tillögu forseta? (**Gripið fram í:** Já.)

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:50]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Nú leitar forseti heimildar þingsins fyrir því að þingfundur geti staðið lengur en þingsköp kveða á um. Það er ekki svo óvenjulegt að það sé gert en við höfum hins vegar ekki mikla vitneskju um það hver hugsun ríkisstjórnarmeirihlutans í þingsalnum er um þinghald á næstunni. Það hafa að vísu verið einhverjir fundir og einhver samtöl en þetta liggur ekki alveg ljóst fyrir. — Herra forseti, hef ég 5 mínútur til að ræða þetta mál? [Hlátur í þingsal.] Er klukkan rétt? Ég var að hugsa um að vera sanngjarn og forseti geti þá byrjað upp á nýtt að telja.

Við vitum ekki nákvæmlega hvernig fyrirhugað er að halda þinghaldi áfram á næstu klukkutímum og næstu sólarhringum. En við vitum að í gangi eru samtöl á milli stjórnmalaflokkanna um það og í trausti þess að forseti muni ekki misfara með þá heimild sem hann leitar eftir og fær væntanlega í dag (Forseti hringir.) munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ekki leggja ast gegn þeirri beiðni en sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[18:52]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Mig langar að taka undir orð hv. þingmanns sem var hér á undan mér í pontu. Mér finnst mjög mikilvægt að við vitum hvort við ætlum að vera hér til miðnættis eða hvort við ætlum að vera til kl. 5 í nótt og óska eftir því að forseti upplýsi hve lengi stendur til að hafa þingfund í kvöld.

Mér skilst að mælendaskráin sé nokkuð löng í málinu og langar að fá að vita þetta, bara upp á að geta skipulagt sig, hvort maður þurfi að fá sér kaffi eða ekki. [Hlátur í þingsal.] Ég legg til að við höfum þingfund til kl. 12, en mundi vilja fá upplýsingar um hvort fundurinn eigi að standa lengur.

[18:53]

**Forseti (Kristján L. Möller):**

Forseti vill geta þess að hann hefur í hyggju að halda þessum fundi áfram til miðnættis.

Afbrigði um 4. mgr. 10. gr. þingskapa, um lengd þingfundar, samþ. með 34 hlj. atkv. og sögðu

**já:** BÁ, BirgJ, BjarnB, BP, BN, EIH, FrH, FSigurj, HBK, HarB, HE, HHG, HöskÞ, JónG, JÞÓ, KG, KPJ, KLM, LínS, PJP, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE.

11 þm. (ÁPÁ, ÁPS, BjG, BjÓ, EdH, GuðbH, HHj, KJak, LRM, RM, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁsmD, ÁsF, BSB, EKG, ELA, EyH, GÞÞ,

GBS, IIG, JMS, KaJúl, OH, PVB, PHB, SII, SSv, VBj, ÖS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 18:53]

### *Veidigjöld, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 15. mál (innheimta veidigjalda, sérstakt veidigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60.

[20:01]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P)** (frh.):

Forseti. Mér finnst ákaflega mikilvægt að forseti Lýðveldisins láti þingmenn vita hvenær hann hyggst dvelja á landinu. Ástæðan fyrir því að mér finnst það mikilvægt er sú að 70% þjóðarinnar hafa sagst vilja hafa þetta frumvarp óbreytt, eða það sem kjarni málsins snýst um, að þeir 6 milljarðar sem átti að nota í okkar sameiginlegu sjóði verði notaðir í þá. Mér finnst það vera mikið tilefni fyrir forsetann sem hefur verið mikill maður beins lýðræðis og viljað hlusta á þjóðina. Og þegar gjáin er orðin þetta mikil finnst mér að honum beri að upplýsa hvenær hann hyggst vera á landinu. Valdið á Íslandi liggur þannig að ef forseti er ekki á landinu þá er það hjá aðilum sem tilheyra þeim sama meiri hluta og vill koma þessum lögum í gegn. Það væri mjög gagnlegt að fá hreinskiptin svör um það hvort forseti Lýðveldisins ætlar sér að hlusta á þetta mikla ákall þjóðarinnar.

Í máli mínu hefur komið fram að ég er mikill talsmaður beins lýðræðis og ástæðan fyrir því er sú að við höfum búið um mjög langa hríð við þetta stjórnarfar lýðræðisríkja, þar sem kjörnir fulltrúar eru og fjöldi þeirra vex ekki í sama hlutfalli og umbjóðendur þeirra. Fyrir vikið hefur skapast einhvers konar pólitísk, það sem stundum er kallað yfirstétt, mér finnst það kannski ekki rétta orðið en það hefur orðið einhvers konar gjá á milli þinganna, þjóðþinganna og þjóðanna.

Fólk upplifir líka mjög sterkt að kerfin sem voru hönnuð fyrir allt önnur samfélög virka ekki lengur. Þess vegna er fólk á torgum úti um allan heim að kalla eftir betra aðgengi að lýðræði því að fólk almennt séð gerir sér grein fyrir því hvað það er dýrmætt að fá að hafa einhvers konar aðkomu að ákvörðunarferli fulltrúa sinna. Nú er það miklu erfiðara fyrir almenning að komast að hverjum fulltrúa og að hafa áhrif á stjórn málaflökkana.

Stjórn málaflokkar nú til dags eru farnir að minna mig æðimikið á — þeir eru mjög svipað uppbyggðir og trúarsamtök. Það passar ekki við þá lýðræðislegu vakningu sem hefur átt sér stað. Þess vegna er mér mjög mikið í mun að við höldum áfram á þeirri merkilegu vegferð sem við höfum verið hér á Íslandi. Sú merkilega vegferð hefur fært okkur fleiri þjóðaratkvæðagreiðslur en ég hafði nokkurn tíma tekið þátt í fyrir hrun og mér finnst það vera ein af jákvæðu hliðum hrunsins. Þó að margir eigi erfitt með að sjá hvað hefur margt merkilegt gerst á Íslandi þá höfum við náð því að fara ansi langt í þeim tilraunum með lýðræðið, hvernig við getum látið lýðræðið virka betur. Ég verð að segja fyrir mig sem fulltrúi fólks að mér finnst mjög gott að fá aðhald utan frá. Hérna erum við að fá mjög gott aðhald frá samfélaginu. Við erum að fá mjög skýr skilaboð og ein-

læga ósk. Mér finnst einhvern veginn að þingið eigi að bregðast við þeirri ósk út af því að ég upplifði það mjög sterkt á hinu kjörtímabilinu mínu að ríkisstjórnin sem þá var við völd varð oft ekki við slíku ákalli. Þeir sem eru núna í meiri hlutanum höfðu ekki orðið við því ákalli þegar þeir voru við völd en ég vonast til að við getum fundið einhverja leið. Kannski þurfum við ekki það millistykki sem forseti vor er, forseti Lýðveldisins. Kannski getur þingið tekið þá ákvörðun að þetta sé þannig mál og þannig ákall — það skýrar leiðbeiningar hafa komið, við höfum fengið lánaða það skýra dómgreind frá almenningi — að við getum hreinlega sett þetta beint í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ákveðið að verða við óskum almennings.

Mér finnst það eiginlega vera svolítið skylda okkar og ég vonaðist til þess að nýja stjórnin mundi verða svolítið í takt við það sem hún lagði ríka áherslu á þegar hin ríkisstjórnin var við völd. Mér finnst það vera svolítið sorglegt að þegar fólk er komið með tækifærin til að sýna í verki að það meini það sem það segir þegar það er í minni hluta eða svokallaðri stjórnarandstöðu, þá geri fólk það ekki. Ég skora því á ríkisstjórnina að sýna þjóðinni þá virðingu. 70% er mjög stór hluti þjóðarinnar og eru líka kjósendur þessara flokka fyrir utan það að ríkisstjórn kennir sig jafnan við það að vinna í þágu allra landsmanna.

Meðan kvöldmatarhlé var þurfti ég að rjúka af bæ og fara með son minn í annan bæjarhluta, hljóp inn til mín og fann ljóð. Þegar ég er spurð á erlendri grundu hvað ég geri kalla ég mig einatt „poetician“ en ekki „politician“. Mér finnst ljóð oft segja miklu meira en mörg orð. Fyrsta ljóðið sem ég datt inn á eftir Örn Arnarson finnst mér passa býsna vel við þessa umræðu. Það heitir, með leyfi forseta, Legg í lófa.

Herðalotinn, hæruskotinn  
húkir undir vegg,  
starir blindum bænaraugum  
blæs í úfið skegg,  
terrir elliterða hendi  
töturdúðum frá:  
Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá.

Ör af kæti, fim á fæti  
flýtir æskan sér,  
ætlar að grípa geislabrot,  
sem glampa þar og hér.  
Ellin hrum og yndissnaud  
er aðeins sinuátrá.  
Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá.

Tízkulóa og tildurrófa  
tífa um borgarstig.  
Skraut-Oddi og Glæsi-Gísl  
í gluggum spegla sig.  
Aldrei munu örðug lífskjör  
af þeim skartið má.  
Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá.

Bumbufeitur, búlduleitur  
bурgeis stígur gleitt.  
Hann á skip og skrautbygging  
og skuldar engum neitt.  
Aldrei verður hann einstæðingur,  
auðnumaðurinn sá.  
Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá.

Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá,  
að þeir gefa manna minnst,  
sem mikið berast á.  
Fátækur af fátækt sinni  
fórnar því, sem má.  
Legg í lófa karls, karls,  
karl skal ekki sjá.

Það er merkilegt hvað lítið hefur breyst í samfélagi okkar. Þeir sem eiga mest gefa oft og einatt minnst og það finnst mér sorglegt.

Við vitum að það sem við erum að kalla eftir hér og umræðan sem við höfum frammi, þau okkar sem viljum að eitthvað komi af arðinum af sameiginlegri auðlind okkar í ríkiskassann, við erum ekki að fara fram á mikið. Ég verð að segja að það hljómar kannski kaldhæðnislega eða kaldlynt réttara sagt að ef maður rekur fyrirtæki ekki nægilega vel til að geta haft arð af því þá er eitthvað að. Faðir minn heitinn, skipstjórinn og útgerðarmaðurinn frá Þorlákshöfn hafði þann sið á að hann tók aldrei lán, aldrei. Hann byggði húsið sitt fyrir sparifé og það var stærsta húsið í Þorlákshöfn. Hann staðgreiddi alltaf og borgaði alltaf sjómönnunum sínum áður en hann borgaði sér. Ég ber mikla virðingu fyrir slíkum útgerðarmönnum. Þetta er eitthvað sem ég hef sem betur fer fengið sem grunn í líf mitt. En kannski er það einstrengingslegt að ætlast til þess að þeir sem fá mikinn arð af auðlind sem er sameiginleg okkur taki þátt í því.

Við vitum öll að það er mjög misjafnt hvernig ástandið hefur verið hjá fyrirtækjum og mörg hafa verið rekin mjög vel. En það er engin lína af fyrirtækjum á landinu sem er þannig að þau séu öll rekin vel. Mikið er um að fólk eyði meiru en það á en það er ekki gert endilega út af því að það viti ekki hvað það er að gera. Miklir ævintýramenn eru í öllum starfsstéttum og það á líka við um útgerðarmenn og þeir eru misjafnir eins og í öðrum starfsstéttum, alveg eins og hér á þingi. Það er mjög misjafnt fé hér inni en fólk hefur sem betur fer ólíka hæfileika og ólíka þekkingu og það er vel á stofnun sem á einhvern veginn að endurspeglar samfélagið. Sem betur fer eru ekki bara lögfræðingar á Alþingi, bara kennarar eða bara skáld. Það er gott að hér sé fjölbreyttur hópur.

Að lokum vil ég minna á að hér varð alvörurhun. Það varð alvörurhun, þriðja stærsta fjármálahun heimsins og það má líkja því við kraftaverk að við erum ekki í verri stöðu. Það má þakka fyrrverandi ríkisstjórn fyrir að hafa staðið vörð um þá sem minnst mega sín í samfélaginu. En núna er það svo að þau loford um að rétta til dæmis hlut ellilífeyrisþega og öryrkja eru ansi rýr. Ég hef talað við fólk sem fær 2–3 þús. kr. aukningu á tekjum sínum. Er það leið-

réttingin? Er það þannig að ríkiskassinn getur ekki staðið við lofordaflauminn af því að 6 milljarða kr. gat er í fjárlögum? Ætlum við að setta okkur við þetta? Nei.

Ég skora á forseta lýðveldisins að gera okkur það ljóst, lýðnum sínum, hvenær hann verður á landinu þannig að hann geti haldið áfram að vera talsmaður beins lýðræðis og talsmaður þess að þegar þjóðin kallar eftir því að fá að taka þátt í ákvarðanatöku er hana varðar fái kost á því. Ég sé mig knúna til að ræða mikið um þessi mál í þingsalnum þar til ég veit hvenær forseti lýðveldisins ákveður að sýna okkur þá virðingu, bæði þjóðinni og þinginu, að upplýsa hvort hann verði á landinu þegar á að skrifa undir þessi lög því að það er þannig í okkar pólitíska strúktur að meirihlutavaldið sér um undirskriftirnar ef forseti landsins er ekki hér.

Að lokum langar mig að minna á að ekkert mál er svo flókið að þjóðin geti ekki sett sig inn í það, ekki neitt. Þetta mál er, eins og forseti lýðveldisins sagði, einstaklega vel til þess fallið að þjóðin fái að kjósa um það.

[20:16]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir ræðu hennar og umfjöllun um þetta mál og ekki síst áhrifamikinn kafla undir lok ræðunnar þar sem hún fjallaði um réttlætið, jafnréttið og hvernig menn legðu sitt af mörkum til samfélagsins. Ég þakka henni fyrir það. Ég held að það sé þörf ádrepa sem kom fram hjá hv. þingmanni.

Þingmaðurinn ræddi líka í lokin um hugsanlega aðkomu þjóðarinnar að afdrifum þessa máls og það hefur komið fram í ræðum fleiri hv. þingmanna í umræðunni í dag.

Nú er það svo að það fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október síðastliðinn þar sem leitað var álits þjóðarinnar á ýmsum álitamálum, sérstaklega er varða stjórnarskrána og þar var meðal annars fjallað um auðlindir í þjóðareigu þar sem um 80% þeirra sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni lýstu sig fylgjandi því að auðlindir, þar með talið fiskstofnarnir, væru lýstar þjóðareign í stjórnarskrá.

Það sem mig langar að spyrja hv. þingmann um er hvernig hún sér samhengið á milli þjóðaratkvæðagreiðslunnar um það efni og svo frumvarpsins sem er til umfjöllunar. Lítur hv. þingmaður svo á að í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu hafi í raun verið tekin afstaða til þeirra grundvallaratriða sem eru undir í því máli sem við erum að ræða í dag og þá er ég ekki að tala um einstakar útfærslur á því hvort veiðigjaldið á að vera 10 kr., 20 kr. eða 30 kr. á þorskígildiskiló eða eitthvað slíkt heldur þá grundvallarþætti sem við erum að fjalla um í frumvarpinu? Ég vil gjarnan heyra viðhorf hv. þm. Birgittu Jónsdóttur til þess, hvort hún líti svo á að í raun sé buið að taka afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu um þau álítaefni sem eru undir hér.

[20:18]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka þessa spurningu. Þetta hefur verið mér afar hugleikið af því að ég var svo einstaklega stolt þegar ég sá niðurstöðurnar eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október, mér fannst skilaboðin eindregin og skýr.

Ég verð að segja að það að leggja fram þessa breytingar-

tillögu er eins og blaut tuska í andlitid á mér sem tók þátt í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu og öllum þeim 83% sem sýndu eindreginn vilja í þveröfuga átt við það sem liggur hér á borðum. Það hryggir mig. Ég verð að segja að í raun og veru er viljinn svo skýr að það þarf nánast ekki aðra þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta ætti að vera nægilegur dómur fyrir þessa ríkisstjórn frá þjóðinni um það hvað hún vill. Það er bara þannig.

Það var fleira sem var spurt um og var afgerandi meiri hluti og það hlaut líka þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin er miklu upplýstari og meðvitaðri um hvað hún vill en valdhafar vilja horfast í augu við. Kannski verður það svo að við þurfum að eiga þessa umræðu í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að það fari ekkert á milli mála að almenningur veit hvað er best fyrir hann. Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur tekið þá ákvörðun að hunsu eindreginn vilja sem kom fram í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012.

[20:20]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir þetta svar. Eins og þingmaðurinn gat um má kannski segja að í grundvallaratriðum hafi þjóðin sagt skoðun sína í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október um þau grundvallarálitamála sem það frumvarp sem er til umræðu fjallar í raun og veru um eða tekur á. Þingmaðurinn vísaði enn fremur til þess og hvatti í raun forseta lýðveldisins til að beita ákvæðum 26. gr. stjórnarskrárinnar og synja frumvarpinu staðfestingar til að tryggja að verði það að lögum hér í þingsal gangi það til þjóðarinnar. Hún vakti máls á því eða óskaði eftir því að forsetinn gerði þjóð og þingi grein fyrir ferðum sínum, ef svo má segja. Í sumum löndum tíðkast að birta alltaf sérstakar fréttatilkynningar um það þegar þjóðhöfðingjar fara úr landi og koma úr landi, hverjir fylgja þeim á flugvöllinn, taka á móti þeim o.s.frv. Kannski þyrftum við að taka upp þann sið hér. Í öllu falli má líka velja fyrir sér hvort hægt sé að fara aðra leið til að tryggja að þetta mál færi í þjóðaratkvæðagreiðslu og það er einfaldlega sú leið sem stundum hefur verið gerð tillaga um á Alþingi, að binda gildistöku laganna við að meiri hluti þjóðarinnar eða meiri hluti gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu samþykki þau, sem hægt væri að efna til á grundvelli laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún hafi skoðun á því að sú leið yrði hugsanlega farin. Það kemur ekki í veg fyrir að 26. gr. stjórnarskrárinnar sé nýtt í sjálfu sér, en mundi þingmanninum hugnast að binda gildistökuákvæði þess frumvarps sem er til umfjöllunar við eitthvert slíkt ferli?

[20:22]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Sem mikill talsmaður lýðræðislegrar tilraunar þætti mér ekkert úr vegi að kanna þá leið og mundi gjarnan vilja sjá hana útfærða áður en ég gef eindregið svar. Ég hef oft brennt mig á því að vera aðeins of ljótfær, samanber tillögu Péturs H. Blöndals um 50% þröskuld sem ég hélt að snerist um eitthvað allt annað en að 50% þyrftu að segja já, en ég áttaði mig á villu míns vegar þegar það var útskýrt fyrir mér.

Mér finnst líka gróðarlega mikilvægt í þessu máli að við gerum okkur grein fyrir því að við búum í samfélagi sem er að breytast þar sem fólk vill hafa meiri aðkomu að málum. Eitt það besta sem kom út úr þessu hrúni var rík meðvitund og þær leiðir sem almenningur fann sér til að hafa áhrif. Ég vona að við hverfum ekki af þeirri leið. Nú erum við með sama forseta lýðveldis þannig að mér þykir þetta líka vera ákveðinn prófstein á einlægni hans varðandi þjóðaratkvæðagreiðslur. Það á ekki að skipta máli frá hvaða ríkisstjórn lögin eru sem er synjað eða eru samþykkt ef það er ríkur þjóðarvilji um að fá að hafa aðkomu að málinu. Mér finnst mjög mikilvægt að hafa það í huga en er tilbúin til að skoða fleiri leiðir, svo sannarlega. Þessi leið hefur væntanlega ekki verið farin áður þannig að ég væri jafnframt tilbúin til að leggja blessun mína yfir tilraun til að fá Alþingi til að fara þá leið.

[20:24]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður lesa ljóðið vel og segi að þó að oft hafi ég heyrt menn fara með ljóð úr ræðustól Alþingis þá hef ég fáa heyrt fara jafn vel með ljóð og hv. þingmann sem væntanlega er ljóðskáld. Hún ætti eiginlega að gera það miklu oftari að gleðja okkur hér á síðkvöldi með því að lesa ljóð sín og annarra.

Ég ætla að renna töluvert sömu slóð og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson. Mér finnst dálítið merkilegt hvað píratar festa sig í það hvort herra forseti, þ.e. forseti lýðveldisins, sé hér á landinu eða ekki. Ég held að hægt sé að fá mjög grandgóðar upplýsingar um ferðir hans með því að lesa heimasíðu hans. Mér finnst liggja í þessu eins og forseti Íslands sé ekki ærlegur gagnvart þjóðinni í þessu máli.

Margt má um forseta Íslands segja og ekki hef ég alltaf verið honum sammála, en eitt hljóta þó allir sem fylgst hafa með ferli hans að geta verið sammála um; að hann er ekki deigur, hann flýr ekki undan áraun. Ég held að það sé algerlega fjarstæðukennt að láta að því liggja, eins og mér fannst hv. þingmaður gera, að hann væri á flóttu undan þessu máli. Ég get fullvissað hana um að forseti Íslands mun ekki skirrast við að taka sína ákvörðun ef það er sannfæring hans. Um það get ég hins vegar ekkert sagt.

En ég vil hins vegar taka undir með hv. þingmanni, sem undir lok ræðu sinnar og í andsvörum hér áðan reifaði það, sem er auðvitað mjög í anda okkar anarkista og pírata, að fara þá leið að þingið samþykki einfaldlega tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvers vegna ekki? Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður segir, að það er vaxandi byr í samfélaginu, ekki bara á Bessastöðum heldur annars staðar í samfélaginu líka, til að fara þá leið. Eitt af því sem við vorum að slást um varðandi stjórnarskrána var akkúrat það að búa til farveg þar sem fólk gæti krafist slíkrar atburðarásar. Og hvers vegna ekki að samþykka það og fara þá leið? Þá er alltaf eftir (Forseti hringir.) sá neyðarhemill sem 26. gr. stjórnarskrárinnar er.

[20:27]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Til að svara fyrri spurningu eða yfirlýsingu fyrri verandi utanríkisráðherra, hv. þm. Össurar Skarphéðinsson-

ar, þá vill svo til að við píratar höfum ítrekað reynt að fá svör frá skrifstofu forseta Íslands og síðast nú í dag. Þá var okkur sagt að ekki væri hægt að láta okkur vita hvort hann væri kominn, í gar eða í dag, og það lægi ekki fyrir hvort hann yrði á landinu þegar löginn yrðu undirrituð. Mér fannst það vera dónaskapur hvernig talað var við þann sem spurði, ég heyrði það bara út undan mér þegar hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni var svarað. Ég get fullvissað embættismenn hér um að við mundum ekki fara að rjúfa trúnað. Við þurfum bara að vita hvort — og ég er ekki að segja að forsetinn sé ekki tilbúinn að standa með þjóðinni, þvert á móti. Mér finnst það vera prófsteinn fyrir hvern þann sem er í embætti, hvort sem það er hann eða einhver annar, á það hvort ekki sé full ástæða — og það sem ég upplifi og ég er alveg sammála, mér finnst að við eigum að taka þinglegu leiðina, að sjálfsögðu. En ég vil sjá það útfært þannig að ég sé ekki enn og aftur að hlaupa fram með yfirlýsingar sem ég get síðan ekki staðið við. Ég þarf að sjá þetta útfært og sjá hvort þetta er mögulegt.

Það þarf væntanlega meiri hluta þings. Kannski er hv. þingmaður betur meðvitaður um framsetningu á þessu því að hann hefur nú töluvert meiri þingreynslu en sá þingmaður sem hér talar.

[20:29]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andvar):

Frú forseti. Ég ítreka það bara sem ég sagði áðan að forseti Íslands mun aldrei hlaupa undan slíkri áskorun eins og þeirri sem kynni að felast í þeim 35 þúsund undirskriftum sem safnast hafa til að mótmæla þessu frumvarpi. Hann mun gera það sem honum finnst rétt. Þannig þekki ég nú þann karl sem þar hefur setið mjög lengi.

Ég hef hins vegar velt því fyrir mér með hvaða hætti hægt væri að fara þá leið sem hv. þingmaður reifaði í ræðu sinni og við höfum spjallað örlítið um. Ástæðan er sú að ég hef mörgum sinnum — í fyrsta sinn skömmu eftir að ég settist á þing árið 1991 flutti ég tillögu um að þjóðaratkvæðagreiðslur yrðu teknar upp sem ákvæði í stjórnarskrá. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar. Menn þurfa ekki að vera píratar til þess að telja að fólkíð eigi að hafa farveg til að geta hrundið svona atburðarás af stað sem leiðir til þess að vilji þess er staðfestur.

Í þessu tilviki er það hins vegar dálítið erfitt og ég skal viðurkenna það fyrir hv. þingmanni að ég hef velt þessu fyrir mér. Það er fullkomlega eðlilegt að stjórnarandstaðan leggi fram slíkar tillögur til að undirstrika vilja sinn, þ.e. það sé þjóðin sem ákveði það. Í þessu tilviki er það erfiðara en oft áður. Ástæðan er sú að ef lögnum er ekki breytt, vegna þess að það eru ákveðnir annmarkar á þeim þá verður mjög erfitt að leggja á veiðigjald á næsta ári. Það er ástæðan fyrir því að stjórnarandstaðan, með stuðningi Pírata, hefur lagt fram tiltölulega einfaldar breytingartillögur þar sem fyrsta breytingartillagan gerir það kleift að vinna bug á þeim annmörkum sem er að finna á núverandi lögum, því að þeir eru vissulega til staðar. Þau lög eru ekki fullkomin. Ég vil líka segja að það frumvarp sem hér liggur fyrir er ekki alvont. Það er ýmislegt gott í því líka, eins og t.d. hækkunin á sérstaka veiðigjaldinu gagnvart uppsjávargerðunum.

Niðurlag ræðu minnar verður þá að skora á hina góðu hausa píratanna að leggja sig í bleyti og koma fram með tæknilega lausn á málinu. Ég mun styðja (Forseti hringir.) góða tillögu.

[20:31]

#### Birgitta Jónsdóttir (P) (andvar):

Forseti. Ég vil að það sé alveg skýrt að ég er ekki að væna núverandi forseta lýðveldisins um eitt eða neitt, ekki frekar en ég hafði ekki hugmynd um hvað mundi koma fram þegar hann tók ákvörðunina varðandi Icesave I og II. Ég verð að segja að ég fagnaði henni mjög þó að ég viti að sumir hér inni gerðu það ekki.

Við píratar munum svo sannarlega leggjast yfir það hvort við getum fundið einhvern kerfisgalla í lögnum og hakka okkur í gegnum þau en við óskum þá eftir góðu samstarfi við restina af minni hlutanum. En nú er ég farin að skilja þessar spurningar; hv. þingmenn í restinni af minni hlutanum vilja sem sagt að við förum að hakka okkur í gegnum löginn til að finna einhverja mögulega lausn. Við bregðumst við því að sjálfsögðu og tökum þeirri áskorun og munum reyna að nota okkar gríðarlega fjölbreyttu heila sem eru víðs vegar um bæ sem elska einmitt svona laganörðisma. Við tökum því áskoruninni. En mér finnst samt mjög mikilvægt að við höldum okkur líka við — því að það er ekkert víst að við finnum lausn á því, því að stundum er maður bundinn í klafa laga sem eru mjög stíf. Við búum í landi (Gripið fram í.) þar sem túlkun laga er bókstafleg, við búum í bókstafstrúarlandi þegar kemur að lagatextum en förum ekki millivegin ein og margar þjóðir sem við berum okkur saman við. En við væntum þess að fá aðstoð hins ágæta heilabús hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til að finna lagalegt hakk í þetta. (ÖS: Ef þið Helgi biðjið um þá fer ég í málið.)

[20:33]

#### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Íslenska fiskveiðistjórnarkerfið er komið til ára sinna. Það var að uppistöðu til sett á lagginnar á fyrri hluta 9. áratugarins, árið 1984, en ýmsar breytingar, stórar og smáar, hafa síðan verið gerðar á útfærslu kerfisins, veigamesta og sú umdeildasta árið 1991 þegar heimilað var framsal.

Menn hafa í þessum sal ekki deilt svo ýkjamið um grundvöll kerfisins eins og hann er skilgreindur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða en þar segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Ég man í rauninni ekki eftir því að nokkur deildi um þessa lagagrein í umræðum um fiskveiðistjórnarkerfið í þessum sal svo lengi sem ég hef verið hér. Menn hafa hins vegar deilt um hvort hún væri í framkvæmd samkvæmt orðanna hljóðan, hvort í framkvæmd það væri svo að nytjastofnar á Íslandsmiðum væru sameign þjóðarinnar og hvort það væri svo að úthlutun veiðiheimilda mynduðu ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila á veiði-

heimildum. Um þetta hafa menn deilt. Ég hygg að það séu fá efni sem hafa valdið eins miklum deilum í íslensku samfélagi, utan og innan veggja þessa húss, og fiskveiðistjórnarkerfið.

Menn hafa deilt um það annars vegar hvernig eigi að skipuleggja kerfið og hins vegar hvernig eigi að veita arð af þessari mikilvægustu auðlind íslensku þjóðarinnar til hennar þannig að það gagnist samfélaginu sem best.

Hvað varðar skipulag kerfisins hafa verið uppi ýmis sjónarmið. Í fyrsta lagi eru þeir sem hafa viljað að uppi-stöðu til halda óbreyttu kerfi. Aðrir hafa viljað gera á því róttækan uppskurð, setja veiðiheimildirnar á markað. Sumir hafa viljað ganga alla leið í því efni, setja allar veiðiheimildir á markað. Samfylkingin hefur verið merkisberi þeirra sjónarmiða. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum viljað fara aðra leið, setja hluta veiðiheimilda á markað og annar hluti verði fenginn í hendur sveitarfélögum um við sjávarsíðuna til ráðstöfunar og það mætti síðan standa að úthlutun veiðiheimildanna á því svæði eftir ýmsum reglum. Þegar við settum upphaflega fram tillögur okkar vildum við gefa okkur 20 ár til að koma því fyrirkomulagi á. Við töluðum um þriðjunginn á markað, þriðjunginn til sveitarfélaganna og þriðjunginn hjá þeim útgerðum sem eru nú við lýði en þá gegn ákveðnu gjaldi.

Síðan er það sú lausn sem varð ofan á á síðasta kjörtímabili um að ráðstafa, úthluta veiðiheimildum til útgerðanna til tiltekins tíma en tryggja með því eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni á traustari hátt en nú er gert þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

En hvernig á að tryggja að arðurinn af auðlindinni renni til þjóðarinnar? Þar eru líka mismunandi sjónarmið uppi. Annars vegar að tryggja að fyrirtæki í sjávarútvegi séu í íslenskerfi eigu og treysta síðan á að arðurinn af vinnslunni renni endanlega til þjóðarinnar í gegnum skattkerfi, bæði af útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslufyrirtækjum og einnig frá þeim sem við greinina starfa, þá í formi tekjuskatts, og að samfélagið njóti þannig góðs af arðinum sem kemur frá sjávarauðlindinni. Þetta er sú hugsun sem hefur verið æðisterk í langan tíma. En síðan er það hitt sjónarmiðið sem við höfum verið að færa okkur nær í seinni tíð, þ.e. að taka sérstakt gjald af aðgengi að auðlindinni og þangað erum við komin núna, nema hvað menn deila síðan um hve hátt það gjald eigi að vera. Hvað er sanngjarnt í því efni, hverju rís útgerðin undir og hvernig við eigum að haga þeim málum? Við þekkjum það þegar við breyttum fiskveiðistjórnarkerfinu og settum auðlindagjaldið á í annarri mynd en áður hafði verið þá urðu um það verulegar umræður í þjóðfélaginu og í þessum sal í langan, langan tíma. Það ætti enginn að furða sig á því núna, þegar farið er að vinna ofan af því sem við töldum vera grundvallaratriði í skattlagningu og nýtingu auðlindarinnar, fyrirkomulaginu á því, að við viljum gefa okkur tíma til að skoða málið og ígrunda það. Ég ætla að gera grein fyrir því á eftir hvers vegna svo er.

Aðeins varðandi skipulag kerfisins aftur. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið á síðustu missirum þrátt fyrir það sem ég sagði áðan að í þessum sal hefði ég ekki minnst þess að menn vefengdu 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem kveða á um eignarréttinn í sameign þjóðarinnar, þá var nú annað upp á teningnum í þjóðfélaginu í umræðunum um

málið á sínum tíma. Ég held að ég geti nafngreint ágætan fyrirverandi prófessor í lögum við Háskóla Íslands, Sigurð Línal, sem staðhæfði að frumvarpið, eins og við lögðum það fram, stríddi gegn einkaeignarrétti. Við værum að taka einkaeignarrétt af mönnum, skerða þennan einkaeignarrétt. Þetta var staðhæft á síðum Morgunblaðsins man ég og margir urðu til að taka undir það. Það var í fyrsta skipti, hæstv. forseti, að ég minnst þess að farið var að vefengja opinberlega 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna og segja fullum fetum að þjóðin ætti ekki auðlindina. Það væri búíð að ráðstafa henni til útgerðarmanna eða útgerðarfyrirtækja á óafturkræfan hátt því að ef við þessu yrði haggð þá væri það í stríði við einkaeignarrétt stjórnarskrárinna. Þarna erum við komin inn í nýjar lendur vil ég meina.

Varðandi hitt atriðið, þ.e. hversu hátt þetta gjald eigi að vera, fengum við að heyra það ótæplega frá ýmsum útgerðarfyrirtækjum að verið væri að stefna afkomu þeirra í mikið óefni með þeim breytingum og voru höfð uppi stór orð um það af hálfu ýmissa talsmanna útgerðarinnar. Á hinn bóginn hafa komið fram aðilar sem hafa viljað ganga í gagnstæða átt. Mig langar til að vitna í grein eftir Kristín H. Gunnarsson, fyrirverandi alþingismaðmann, sem birtist í *Bæjarins besta* 20. júní síðastliðinn, þar sem hann fjallar um það frumvarp sem nú er til umræðu í þinginu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Fyrirhuguð lækkun veiðigjaldsins á útgerðarfyrirtæki mælist frámunalega illa fyrir meðal almennings eins og undirskriftasöfnunin sýnir. Fyrir því er einföld ástæða, sjávarútvegsfyrirtækin greiða ekki sanngjarman hlut af hagnaði sínum til samfélagsins. Þegar lítið er til mjög góðrar afkomu undanfarin ár væri eðlilegra að hækka gjaldtökuna en að lækka hana. Handhafar kvótans borga of lítið fyrir aðganginn að arðvænlegri auðlind. Þeir hafa komist upp með það að koma sér undan því að taka þátt í erfiðleikum þjóðfélagsins eftir hrún. Þeir hafa frá þeim tíma grætt sem aldrei fyrr og greitt smánarlega lítið af gróðanum til hins opinbera.“

Þetta segir Kristinn H. Gunnarsson. Hér alhæfir hann um útgerðina, sem hugsanlega getur verið varasamt að gera, en á sama tíma skulum við ekki gleyma því að málsvavar útgerðarinnar hafa leyft sér að alhæfa æðimikið. Það er því ekki undarlegt að Kristinn setji málið fram með þessum hætti. Hann segir áfram, með leyfi forseta:

„Hreinn hagnaður ársins 2009 varð 46 milljarðar kr. Þá var greiddur 1 milljarður í veiðigjald og 1,5 í tekjuskatt af hagnaðinum. Árið 2010 varð hreinn hagnaður 44 milljarðar kr. og veiðigjaldið og tekjuskatturinn samtals aðeins 5 milljarðar kr. Í hittíðfyrra varð metár. Þá varð hreinn hagnaður 60 milljarðar kr. samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Greiðslur í formi veiðigjalds og tekjuskatts af hagnaði urðu samtals aðeins 9 milljarðar kr. Síðasta ár, 2012, mun hafa orðið enn betra en 2011 en lokatölur liggja ekki fyrir.“

Kristinn H. Gunnarsson, fyrirverandi alþingismaður, heldur áfram í grein sinni, með leyfi forseta:

„Almenningur hefur fengið yfir sig mikla kjaraskerðingu og skattahækkun og spyr í grundran hvað þessir ör-lætisgerningar eiga að þýða. Hvers vegna er þessi atvinnugrein meðhöndluð eins og örsnaður hreppsómagar? Auðvitað er fólki nóg boðið þegar fyrsta raunverulega aðgerð



ég las um það í fjölmiðlum að gera ætti að meðaltali það sem kallað var hálftrúprósent hagræðingarkröfu, eins og það hét, á stofnanir hjá hinu opinbera. Hvað þýðir þetta, hagræðingarkrafa? Það hljómar óskaplega flott á máli hagspékinganna. Þetta þýðir niðurskurður.

Við gengum í gegnum eitthvert mesta hrun ekki bara Íslandssögunnar heldur sem flestar þjóðir hafa fengið að kynna. Það varð hrun í tekjum ríkissjóðs og sveitarfélaga með þeim skelfilegu afleiðingum að við vorum nauðbeygð til að draga verulega úr ústreymi úr ríkissjóði og hjá sveitarfélögum. Í því ráðuneyti sem ég þekki best til nam sá niðurskurður á milli 20–25% að raungildi. Það eru miklir peningar. Það var gagnrýnt iðulega í þessum sal og í samfélaginu að við værum að ganga of langt. Ég held að nokkuð sé til í þeirri gagnrýni, hún hafi víða átt við rök að styðjast, í heilbrigðiskerfinu, í löggæslunni, skólunum og víða, en þetta var nokkuð sem menn töldu að þyrfti að gera. Auðvitað er það vandrataður vegur hversu langt eigi að ganga í niðurskurði og hversu langur eigi þá á hinn bóginn að ganga í því að safna skuldum. En það er náttúrulega hinn kosturinn í stöðunni. Það er spurning um að finna hinn vandrataða gullna meðalveg í þessum efnum. Við vorum öll sammála um þetta, hélt ég.

Við tókum til umræðu skýrslu sem þverpólitísk nefnd gerði um stöðu löggæslunnar á Íslandi. Hún komst sameiginlega að þeirri niðurstöðu að á ársgrundvelli þyrfti að bæta í 3,5 milljörðum til að löggæslan væri í viðunandi horfi. Allir sem tóku þátt í því nefndarstarfi voru á einu máli um þetta. Ég sagði og ég segi enn að að sjálfsögðu yrðum við þegar til kastanna kæmi að horfa til stöðu ríkissjóðs um hversu hratt við gætum farið í það að bæta stöðu löggæslunnar. Ég var ekkert að gefa því undir fóttinn að við gerðum það í einu veffangi og á einu ári, en þetta var engu að síður sameiginlegt markmið okkar allra. Núna heyrum við það án þess að því sé mótmælt af nokkrum manni af hálfu stjórnmálameirihlutans að skera eigi niður áfram. Á það við um lögregluna líka? Ég bara spyr. Á það við um heilbrigðisþjónustuna? Á það við um menntakerfið? Á að skera niður um 1,5% í Landhelgisgæslunni? Á að gera það? Ég spyr: Getur verið að ganga þurfi enn lengra eftir þann skattafslátt sem ríkisstjórnin er að spila hér út í hverju málinu á fætur öðru? Finnst mér óskaplega gaman að borga skatta? Ég vil gjarnan borga til samfélagsins. Ég held að við viljum það öll en þetta er spurning um að finna meðalhófið í því eins og öllu öðru. Þetta er spurning um að finna meðalhófið.

Eru menn að gera það með þessu frumvarpi? Eru menn að gera það með hliðsjón af þeim tölum sem liggja á borðinu og eru framreiddar af opinberum aðila? Ég endurtek að að sjálfsögðu er ekki hægt að alhæfa um öll fyrirtæki. Alhæfing er alhæfing. Alhæfing er meðaltal. Sumum gengur betur, sumum gengur lakar þannig að við þurfum að horfa á myndina af raunsæi að þessu leyti. En þetta eru engu að síður stóru tölurnar í þessari atvinnugrein landsmanna og í öðrum atvinnugreinum, ég hef vikið að sjávarútveginum og líka að ferðaþjónustunni, þeim tveimur frumvörpum sem fela í sér að ríkið afsalar fjármunum til almannaþjónustunnar og sem við erum að fá staðfest í fjölmiðlum að eigi að birta okkur með þessum hætti.

Nú heyrir ég að áhugi manna standi til þess að ljúka

þinginu sem fyrst og það vilja að sjálfsögðu allir. Að sjálfsögðu vilja allir ljúka þinginu sem fyrst og veita starfsfólki þingsins tækifæri til að fá sitt sumarfrí. Samkvæmt þingskapalögum ber því að fá sitt frí í júlímánuði og fram í miðjan ágúst, eða fram til 10. ágúst alla vega, við erum því að ganga á rétt þess. En ríkisstjórnin ætlar hins vegar að svína á þeim rétti til að fá fram þessar ívilnanir í garð sinna manna. Það er málið. Það er búið að klára þetta með ferðaþjónustuna og nú þarf að taka útgerðina, svara loforðunum þar. Hver voru þau? Að lækka veiðigjaldið verulega. Stærðarmunurinn á afstöðu fyrrverandi ríkisstjórnar og núverandi ríkisstjórnar í krónum talið ef veiðigjaldið er annars vegar er um helmingur, það er helmingur sem skilur þar á milli. Þegar við tölum um 10 milljarða sem gefnir eru eftir með þessum hætti þá fara ýmsar spurningar að vakna.

Ég hef rifjað það upp áður þegar við afgreiddum fjárlög fyrir þetta fjárlagaár og mönnum þótti við hafa skorið of mikið niður við löggæsluna — og ég var sammála því, þá vorum við að tala þar um 1,25% eða þar um bil og var ákveðið að bæta í um 200 millj. kr. og það þótti skipta mjög miklu máli í lögregluumdæmum landsins.

En hvað segja menn núna? Hvað segja menn núna þegar þeir horfa upp á það að á 14–15 mánaða tímabili verður ríkissjóður af 12 milljörðum kr. Hvað segja menn þá? Hvað segja menn í framhaldsskólunum? Hvað segja menn á Landspítalanum? Fylgjast menn ekki með því sem er að gerast þar? Hvað segja menn í öðrum skólum landsins? Ég held að ríkisstjórnin þurfi að hugsa sinn gang áður en hún tekur ákvörðun um að halda þessum málum til streitu.

Að lokum langar mig til að víkja að því að það er sitt-hvað sem veður óhug í upphafi þessa kjörtímabils. Að sjálfsögðu er alvarlegast að ríkisstjórnin skuli ganga fram fyrir skjöldu með stuðningi stjórnmálameirihlutans á þingi að afsala almannaþjónustunni þessum miklu peningum. Það er alvarlegast. En síðan veður hitt að sjálfsögðu einnig spurningar, ég óttast að verið sé að þrengja og skerða lýðræðisvíddina í þjóðfélaginu þegar menn gerast mjög flokkspólitískir í vali í stjórnir. Auðvitað á það rétt á sér að ríkisstjórn vilji setja sitt mark á stjórnýsluna við framkvæmd stefnu sinnar. En menn þurfa að fara varlega í þeim efnum tel ég vera. Menn eiga ekki að búa til stjórnir sem eru einsleitir, sem eru alveg eins á litinn eins og við sjáum gerast í Lánasjóði íslenskra námsmanna, svo að dæmi sé tekið. Lýðræðisvíddin er líka að þrengjast þegar kemur að Ríkisútvarpinu. Það mál er enn óafgreitt í þinginu og hæstv. menntamálaráðherra hefur haft á orði að við séum að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags þegar Alþingi skipaði útvarpsráð og vissulega er nokkuð til í því. Og það er líka nokkuð til í því að það er í sjálfu sér lýðræðislegt að fulltrúasamkunda eins og Alþingi Íslendinga skipi stjórnir. Það er að sjálfsögðu lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég er ekki að segja að svo sé ekki. En þá þarf að hafa líka til hliðsjónar aðrar breytingar sem hafa verið gerðar á fyrirkomulagi þeirrar stofnunar með breyttum lögum sem samþykkt voru síðasta vor þar sem útvarpsráð eða stjórn útvarpsins er fengið annars konar vald eða víðfedmara vald en gamla útvarpsráðið hafði, sem skipað var eingöngu af Alþingi, þ.e. beinni afskipti og beinni aðkomu að dagskrárstefnunni. Gamla útvarpsráðið gat haft putтана í ráðningarmálum, það er alveg rétt, og menn voru



að fíkra sig frá þeirri hugsun, þeirri stefnu, en síðan gera menn þessar breytingar aðrar á útvarpinu sem valda því að kerfisbreytingin nú tekur á sig aðra mynd og varhugaverðari.

Hvað kemur það þessu frumvarpi við sem er til umræðu núna? Að sjálfsögðu ekki neitt annað en það að við erum að tala um hið stóra samhengi hlutanna. Við erum að tala um hvernig ríkisstjórnin forgangsraðar málum, annars vegar fjárhagslega og hins vegar hvernig hún forgangsraðar pólitískt, hvernig hún fer að því að forgangsraða pólitískt. Þegar við heyrum að fara eigi að breyta þingskapalögum í einu vefangi á fáeinum dögum, er það þá fyrir alla framtíð, eða hvað? Ég veit það ekki. Ríkisstjórnin telur sig ekki hafa tíma til að vinna vinnuna sína en hún hefur tíma til að veita útgerðinni afslátt upp á 6,2 milljarða. Hún hefur tíma til að veita ferðaþjónustunni afslátt upp á hálfan annan milljarð á næsta ári og rúmlega 500 millj. kr. á þessu ári. Ég veit ekki hversu viljugir menn eru almennt til að taka þátt í vinnubrögðum af þessu tagi. Ég á afskaplega erfitt með að gera það.

Hv. þingmaður fyrir framan mig hristir höfuðið. Ég hef áður séð hv. þingmann hrista höfuðið, hann gerði það stundum á síðasta kjörtímabili og ég man ekki betur en vandlætningartóns gætti hjá ýmsum þingmönnum, ekki þessum þingmanni neitt sérstaklega, en hjá stjórnarandstöðunni yfir höfuð. Ég man ekki betur þegar við ræddum nákvæmlega þetta frumvarp, fiskveiðistjórnarmálin og veiðigjaldið; þá lék hér allt á reiðiskjálfi. Útgerðarýrirtækin smöluðu fullan Austurvöll og hér innan þingsins var haldið uppi langri umræðu. Mér fannst það í sjálfu sér ekki óeðlilegt. Þegar snert er við hjartanu í fólk, innstu hugsjónum um að verja útgerðarauðvaldið rísa menn auðvitað upp og reyna að passa upp á sína. Þar fór fram að mínum dómi ein augljósasta hagsmunabarátta í íslensku samfélagi sem við höfum lengi séð með fulltrúa einkaeignarréttarins í pistlum sínum á síðum Morgunblaðsins að verja einkaeignarréttinn, það mætti ekki hrófla við honum þrátt fyrir lögin, 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sem kveður á um sameign þjóðarinnar. Og þegar átti að fara að nýta þessa sameign til að bjarga þjóðfélagi sem var á hnjúnum upp á fæturna þannig að við gætum rekið spítalana okkar, heilbrigðiskerfið, skólana, löggæsluna á sómasamlegan hátt — nei, nei. Hingað og ekki lengra sögðu menn. Núna þegar þeir flokkar eru komnir til valda þá byrja þeir á því — fyrsta verkið er að skipa nefndir til að ræða það með hvaða hætti þeir geti hugsanlega framkvæmt kosningaloforð sín. Það er fyrsta verkið. Síðan númer tvö var að setja dómsmál í flýtimeðferð meðan á réttarhléi stendur og dómstólarnir ekki starfandi, það var forgangsmál númer tvö fyrir fólk. En síðan kemur að hinu fólkinu sem hefur peningana handa á milli, þá þarf að drífa sig. Þá skiptir ekki máli þótt verið sé að afsala ríkissjóði og almannaþjónustunni um 12 milljörðum kr. á næstu 14–15 mánuðum. Því mótmæli ég.

[21:13]

#### **Ragnheiður Ríkharrsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem sat í stjórnarmeirihluta á síðasta kjörtímabili, sem sat í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, hvort

þau áminningaratriði hafi verið rædd í ríkisstjórninni sem komu frá svokallaðri veiðigjaldsnefnd í desember og aftur í mars, þ.e. að þau lög sem við samþykktum hér á Alþingi hvarð þetta varðar væru af okkar hálfu svo illa úr garði gerð að ekki væri hægt að leggja á veiðileyfagjald frá og með næsta fiskveiðistjórnarári 1. september næstkomandi.

Í öðru lagi þykir mér harla skrytið að þingmaðurinn skuli fara hér mikinn og tala eins og ríkissjóður hafi engar aðrar tekjur en virðisaukaskatt á gistináttþjónustu og veiðileyfagjöld til að standa undir almannaþjónustu, eins og það sé brúin í því sem við höfum verið að gera undanfarin ár. Mér þótti hins vegar ekkert skrytið orðfæri hv. þingmanns sem stendur nú sem stjórnarandstöðþingmaður og tekur upp að nýju orðfærið „auðvald versus alþýða“.

[21:15]

#### **Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mér finnst orðið auðvald fallett orð. Mér finns það lýsandi um að hafa vald í krafti auðs. Þannig er það á Íslandi í allt of ríkum mæli. Þannig er það í heiminum í allt of ríkum mæli. Það var kannski á síðustu árum, þetta féll svolítið úr tísku á sínum tíma, menn voru feimnir að nota þetta orð, en mér finnst þetta gott orð af því þetta lýsir veruleika, hverjir ráða í krafti fjármuna og auðs.

Ég hef aldrei gengið að því grufandi að menn afla ríkissjóði og sveitarsjóðum tekna á annan hátt en með veiðigjöldum einum eða skatti á ferðaþjónustu. Við erum að tala um skatt á mig og þig, skatt á hátekjufólk og miðlungstekjufólk og lágtekjufólk. Síðast þegar þessir flokkar voru í ríkisstjórn sneru þeir áherslum þannig að álögur voru auknar á tekjulægsta fólk og þeim var létt af tekjuhæsta fólkinu. Þetta voru áherslur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem réðu ríkjum á Íslandi á árunum 1995–2007. Við erum að tala um það með hvaða hætti stjórnarmálin koma að tekjuöflun ríkissjóðs og sveitarsjóðanna.

Hvort tæknileg vandkvæði hafa verið til umræðu í ríkisstjórninni? Já, þessi mál komu oft til umræðu. Það eru fá mál sem komu eins mikið til umræðu í ríkisstjórninni og hér í þinginu á þessum tíma.

Það sem máli skiptir er þetta. Hvaða markmið eru það sem menn setja sér? Þar er munurinn á núverandi stjórn og fyrrverandi stjórn afgerandi vegna þess að núverandi stjórn vill skattleggja útgerðina, eða taka til þjóðarinnar, helmingi minna (Forseti hringir.) en við vildum gera til að láta renna inn í Landspítalann og til skólanna í landinu.

[21:17]

#### **Ragnheiður Ríkharrsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, segir: Jú, það var margoft rætt að lögin væru ekki í lagi, lögin sem átti að fara eftir við álagningu veiðigjalds. Ef það var margrætt í fráfaramáli ríkisstjórn, af hverju í ósköpunum var þessum lögum þá ekki breytt? Af hverju standa menn hér á öndinni ef þeir höfðu tækifæri til að breyta þessum lögum þannig að hægt væri að leggja veiðigjaldið á frá og með 1. september, á því fiskveiðiári sem þá hefst, ef það hafði verið margrætt í ríkisstjórn?

Virðulegur forseti. Það er harla sérkennilegt af ríkisstjórn, hafi hún vitað að hún gæti ekki framfylgt þeirri ósk sem hún átti og því sem hún vildi gera samkvæmt gildandi lögum, að hún skuli ekkert hafa gert í því að lagfæra það.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að innheimta veiðigjald. Ég er þeirrar skoðunar að auðlindir eigi að vera í umsjá ríkisins og eigu þjóðar — það er reyndar sérstakt að segja að eitthvað sé í eigu þjóðar vegna þess að ríkisstjórnin og ríkið er þá umboðsaðilinn. Ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verið.

Virðulegur forseti. Ég vil koma að öðru atriði. Það er leiðigjarnt að heyra sagt að maður gangi erinda og hugi að hagsmunum einhverra annarra en þeirra sem maður er kosinn af, í mínu tilviki kjósenda í Suðvesturkjördæmi, og síðan þjóðarinnar í heild. Að vera sífellt vændur um að ganga erinda annarra frekar en að maður hafi trú og traust á því sem maður er að gera er álíka hvimleitt og andstæðurnar sem hv. þingmaður dró alltaf upp (Forseti hringir.) í fyrri tíð, gerði aldrei á meðan hann var ráðherra en gerir aftur nú af því að hann er óbreyttur þingmaður.

[21:20]

#### Ögmundur Jónasson (Vg) (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann. Ég heyrir ekki betur en hv. þingmaður sé að gera mér upp orð. Ég kannast ekki við að ég sé að tala á annan veg núna en ég hef gert áður. Ég skal alveg trúna hv. þingmanni fyrir því að mig langar til þess að ganga erinda hagsmuna ákveðins hóps í þjóðfélaginu. Það er lágtekjufólk, sjúklingar, það eru þeir sem eiga við einhvers konar erfiðleika að stríða. Ég vil frekar ganga erinda þeirra en hinna sem eru aflögufærir.

Það er misskilningur ef hv. þingmaður hefur skilið orð mín þannig að ég hafi litið svo á eða að ríkisstjórnin hafi litið svo á að lögin sem við erum með til umfjöllunar hafi verið óframkvæmanleg. Ég sagði að tæknilegar útfærslur, eða það var það sem ég vildi segja og tel mig hafa sagt, hafi margoft verið á borði ríkisstjórnarinnar til umræðu hér. Ég hef aldrei sagt að ríkisstjórnin hafi verið á því máli eða ég hafi verið á því máli að lögin væru óframkvæmanleg. Það var alla vegna ekki meining mín að segja það og ég skal skoða það í þingtíðindum þegar þar að kemur. Hugsunin er ekki sú, heldur að útfærslur þessa gjalds hafi iðulega verið á borðum ríkisstjórnarinnar, á borðum þingflokka og hér í Alþingi.

[21:22]

#### Birgitta Jónsdóttir (P) (*andsvar*):

Forseti. Ég þakka ræðuna. Mig langaði aðeins að innna hv. þm. Ögmundur Jónasson eftir lýðræðisvinklinum. Hann fór yfir hann í ræðu sinni og gerði það vel.

Mig langaði að vita hvað þingmanninum finnst um þann yfirgnæfandi meiri hluta almennings sem kallar eftir því að fá að hafa áhrif á samfélag sitt og í þessu tilfelli erum við að tala um að yfir 35 þúsund manns hafa sett nafn sitt á undirskriftarlista sem kallar eftir því að þessum lögum verði ekki breytt. Ég geri mér grein fyrir því að þessi lög eru ekki alslæm, en það sem fólk er að kalla eftir er að þeir 6 milljarðar sem áttu að fara að renna inn í ríkissjóð, sem

þarf svo mjög á að halda, verði ekki að engu fyrir almannaheill.

Mig langaði að spyrja þingmanninn hvort honum finnst tilefni til þess að reyna að finna leið til að þingið beiti sér fyrir því að þjóðin hafi einhver áhrif á lögfestingu á málinu eða hvort réttara sé að kalla eftir því að forseti lýðveldisins vísi málinu til þjóðarinnar.

Nú hefur komið fram að 70% þjóðarinnar vilja að þetta sé óbreytt. Hver finnst þingmanninum vera réttasta leiðin til þess að ná að framfylgja þeirri ítrekuðu ósk landsmanna?

[21:24]

#### Ögmundur Jónasson (Vg) (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Í þjóðaratkvæðagreiðslu um ýmsa þætti stjórnarskrárdraga kom fram yfirgnæfandi vilji þjóðarinnar til að auðlindir eigi að vera í þjóðareign. Eins og ég gat um hér áðan, og vitnaði fiskveiðistjórnarlögin, er kveðið á um það í 1. gr. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta hefur ekki verið veruleiki.

Ég er því almennt fylgjandi að þjóðin komi beint að ákvarðanatöku og að virða eigi rétt þjóðarinnar. Hér erum við að fjalla um grundvallarmálefni. Ég hef fullan skilning og stuðning við þá hreyfingu sem er að verða til í landinu um að hvetja til þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta grundvallarmál. Ég tek heilshugar undir það.

Síðan hafa ýmsir komið fram og hvatt til þess að reynt verði að finna einhverjar millilendingar í þessu. Ég vísa til dæmis í grein eftir fyrrverandi þingmann, Jóhann Ársæsson, sem var þingmaður Samfylkingarinnar, hann var með eina tiltekna útfærslu um að hluti af kvótanum færi á markað. Ég er ekki að taka undir það, en ég er að benda á að menn eru að reyna að hugsa út úr boxinu. Þá væri hugsunin sú að hverfa frá þessari ráðstöfun og leita slíkra leiða, líka lausna. Mér heyrir ekki vera nokkur einasti áhugi á því hér í stjórnarmeirihlutunum eða ríkisstjórninni að reyna að opna málið með þeim hætti.

Ég hef fullan skilning á þessum mikla stuðningi við undirskriftasöfnunina, ég tala nú ekki um ef ríkisstjórnin neitar að reyna að finna einhverjar leiðir til málamiðlunar.

[21:26]

#### Birgitta Jónsdóttir (P) (*andsvar*):

Forseti. Væri það kannski heillavænlegasta leiðin fyrir meiri hlutann og fyrir þjóðarbúið ef orðið yrði við breytingartillögum minni hlutans á þessum lögum, þessum breytingum?

Mig langaði jafnframt að spyrja hv. þm. Ögmundur Jónasson — ég man eftir því þegar við vorum í þessu mikla karpí um Icesave að það var áberandi utan frá, en innan frá var unnin mikil og góð þverpólítísk vinna í að finna bestu mögulegu lausnina. Telur þingmaðurinn það vera gott aðhald að fá svona skýr skilaboð úr samfélaginu, hvort sem möguleiki er á að framfylgja því eða ekki? Á þetta ekki að hjálpa til þess að við vinnum vandaðri vinnu hér innan húss, í nefndum til dæmis, og finnum þverpólítíska sátt? Hefur þingmaðurinn fundið fyrir þessum vilja hjá meiri hlutanum?

Við náðum ótrúlega góðum árangri, sérstaklega með Icesave I, með þessu þverpólítíska starfi þar sem allir lögð-

ust á eitt við að laga það sem var ónýtt alveg eins og þessi lög birtast manni, það er of mikið af göllum í þeim til að hægt sé að sanna sig við að bjóða þjóðinni upp á það, sem er að kalla eftir því að fá arð af auðlindinni sinni, fá hluta af honum, brotabrot — og það er ekki eins og verið sé að skattleggja fólk sem nýtur þess að fá að sýsla með okkar burðarbita sem er undirstaða alls samfélagsins.

[21:28]

### Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):

Forseti vill minna þingmenn á að kenna þingmenn við kjördæmi eða nefna þá fullu nafni.

[21:28]

### Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég tek hjartanlega undir það sem fram kom í máli hv. þingmanns — nú verður maður svo nervös að hafa þetta ekki allt rétt — hv. þingmanns Birgittu Jónsdóttur, varðandi þau tvö meginatriði sem hún nefnir; í fyrsta lagi að tillaga minni hlutans er tilraun til málamíðunar, sem ég teldi heppilegt að samþykkja. Í annan stað tel ég að samstarf undir lýðræðislegum þrýstingi og vökulu auga þjóðarinnar sé bara til góðs og geti ekki orðið til annars en góðs.

Ég skal játta það að þegar ég var að rekja aðdragandann í umræðunni var ég upphaflega aldrei á því máli að stóra málið væri auðindarentan af fiskveiðistjórnarkerfinu, heldur hitt að tryggja aðkomu að kerfinu, að tryggja að það væri ekki markaðsvætt, að heimildin gengi ekki kaupum og sölum. Og ég vil að sjálfsgöðu, eins og við viljum öll, að sjávarútvegsfyrirtækjum vegni sem allra best.

Síðan erum við bara komin þar til sögunnar að við þurfum að reyna að tryggja meira flæði upp úr þessari mikilvægustu auðlind íslensku þjóðarinnar inn í samfélagshirslurnar til að geta rekið þá grunnþjónustu sem ég hygg að við flest viljum hafa. Þá þarf bara að velja og hafna. Hvar ætlum við að skattleggja? Hvar ætlum við að ná í fjármunina? Ætlum við að ná í þá í gegnum sameiginlega sjóði eða ætlum við að láta fólk fara að borga beint, t.d. aðgangseyri að Landspítalanum eða í skólana? Ég hef ekki áhuga á því. Við munum fljótlega standa frammi fyrir spurningum af því tagi.

[21:31]

### Páll Jóhann Pálsson (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir mikið talnaflóð. Það er ekki að sökum að spyrja, hann er mjög talnaglöggur, sem lýsir sér best í því þegar hann vitnar í fyrrverandi alþingismenn og finnur út að eðlilegt kvótaverð sé 180 kr. á hvert kíló af þorski. Sem segir mér (ÖJ: Ég sagði það aldrei.) að ef þorskverð er 300 kr. þá eru 180 kr. af því 60% og við vitum að 40% fara í mannalaun þannig að þá er ekki króna eftir af því dæminu. Ekki þarf því skarpan mann til að sjá að leiga á þorskkíló upp á 180 kr. hlýtur að vera einhver jaðarleiga. Það geta verið alls konar mál, menn geta verið í vandræðum, menn geta veitt þetta sem aukategund, þeir eru að veiða eitthvað annað, þeir geta verið komnir fram yfir og til þess að missa ekki veiðileyfið, en það byggir enginn afkomu veiða á svona út-reiðingum.

Það er líka hugarfarið hjá fyrrverandi ráðherra sem stingur mig svolítið. Ég er reyndar aðeins farinn að venjast því. Hann talar um útgerðarauðvaldið og ekki er langt síðan ég heyrði í öðrum fyrrverandi ráðherra sem talaði um útgerðarliðið. Þetta sýnir viðhorf sumra til þessarar atvinnugreinar. Við erum að ganga hagsmuna einhverra úti í samfélaginu, einhverra vina eða jafnvel okkar sjálfra, það glymur hér oft.

Hvað erum við að gera, þessir stjórnarflokkar? Jú, við erum að standa við loforð. Þessir tveir flokkar lofuðu báðir að lækka veiðigjald, sögðu að veiðileyfagjaldið væri of hátt. Það þarf ekki að koma neinum á óvart, það er ekki langt síðan voru kosningar þannig að það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að við lækkuðum veiðigjaldið. Svo má deila um það hvort verið sé að lækka það. Það heyrðist hér í síðustu ræðu að útgerðarvinirnir væru að fá afslátt upp 6 eða 10 milljarða eða hvað menn kjósa að kalla það eða hvaða tölur menn nefna. Hvað segir það ef afslátturinn er upp á 10 milljarða, hve hátt átti gjaldið að vera þá? Hvaða tölur eru menn að tala um? Ef þú hættir við að hækka einhverja vöru er ég þá að lækka hana? Þetta eru svo afstæð hugtök og það má æsa fólk upp í það að verið sé að lækka og lækka en það eru svo margar breytur í þessu, hvað ætlum við að veiða mikið o.s.frv. Við erum með arðsemi frá 2011, heimfærum hana upp á árið 2013 eða 2014 en samt erum við ekki alveg með sömu magntölur í afla.

Ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem telja að aldrei hafi borið jafnlítið á milli ólíkra sjónarmiða varðandi stjórn fiskveiða. Allir eru sammála um að útgerðin eigi að greiða eðlilegt veiðileyfagjald, aðeins er deilt um útfærslu þess og hversu hátt gjald útgerðin þoli, um það snýst málið. Það er verið að vitna í Framsóknarflokkinn, að bera það upp á hann að hann hafi verið að vísa í sáttanefnd margumtalaða. Það er alveg rétt. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson, formaður þeirrar nefndar, staðfesti það í ræðu hér fyrr í kvöld að þessi breytingartillaga, þetta frumvarp, væri alveg í anda þessarar sáttanefndar, í niðurstöðum sáttanefndar. Það er bara þannig.

Ég tel að vinnubrögðin í atvinnuveganefnd hafi verið málefnaleg og upplýsandi fyrir alla nefndarmenn og mat meiri hlutans var að flestir gestir töldu þær breytingar sem frumvarpið felur í sér vera mjög til bóta þótt sumir vildu nálgast sömu markmið á annan hátt og aðrir vildu gera enn meiri breytingar á gildandi lögum. Það var nú bara þannig.

Sá einlægí sáttavilji sem birtist hjá minni hluta nefndarinnar í lok síðasta fundar fólst í því að hækka gjaldið umtalsvert eins og sést í breytingartillögu þeirra. Það var öllum ljóst, það þurfti ekki að eyða miklum tíma í að ræða það. En minni hlutinn er ekki að leggja til aðra aðferðafræði. Þeir leggja til að breyta handvirkt þeim tölum sem þeim ekki þóknast. Þeir taka tölur sem þeim finnst lágar og hækka þær handvirkt, tölur sem þeim persónulega finnst lágar. Til hvers er þá verið að reikna, til hvers er þá verið með einhverjar formúlur? Við erum að reikna út arðsemi, við erum að reikna út þennan margumtalaða umframhagnad. Eigum við þá ekki að nota einhverja formúlu? Eigum við að nota hana bara þegar það hentar, bara ef gjaldið hækkar?

Þessi útreikningur á auðindarentunni — það er ekki

gallalaust að reikna sameiginlegan hagnað út frá stóri atvinnugrein. En við erum sammála um að borga sérstakt veiðileyfagjald sem hlutfall af reiknaðri rentu, um það er ekki deilt. Endalaust er hægt að deila um aðferðafræði við arðsemisútreikningana, að ég tali nú ekki um svo stóra og flókna atvinnugrein. En það er ekki verið að stinga upp á því.

Hvers vegna hækkar sérstakt gjald á uppsjávarfisk en lækkar á botnfisk? Ástæðurnar eru tvær. Annars vegar hefur verðvísitala uppsjávarafla hækkað um 25% á meðan verðvísitala botnfisksafla hefur lækkað um 6,2%. Hins vegar er verið að koma til móts við þá gagnrýni að útgerð án vinnslu sé að greiða gjald af arði sem verður til við vinnslu aflans. Útgerðin greiðir í sumum tilfellum hlutfall af rentu sem verður til í óskyldum rekstri, hvaða sanngirni er í því? Deila má um það hve hátt hlutfall af reiknaðri rentu í fiskvinnslu á að reiknast inn í veiðileyfagjald til útgerðar. Ef við hækkm hins vegar handvirkt gjald á botnfiski, eins og minni hluti atvinnuveganefndar leggur til, af því að einhverjum finnst það of lágt, þá er ekki til neins að hafa nefnd og nota flókna útreikninga frá mörgum stofnunum til að reikna út ímyndaðan umframhagnað. Annaðhvort notum við þessa reiknireglu eða ekki.

Útgerð án fiskvinnslu greiðir hagnað sem verður til í fiskvinnslu. Í gögnum veiðigjaldsnefndar og atvinnuvegaráðuneytis kemur fram að útgerð án fiskvinnslu stendur ekki undir veiðigjöldum þar sem 80% af reiknaðri rentu úr fiskvinnslu reiknast með. Því leggur hún til að 20% af reiknaðri rentu í fiskvinnslu reiknist inn í gjaldið. Áfram þurfa útgerðir án fiskvinnslu að greiða hluta af arði ótengdar vinnslu. Meiri hluti atvinnuveganefndar notast við þessar reikniáðferðir.

Mönnum verður tíðrætt um gjá á milli þings og þjóðar. Það má vera en ég skynja frekar gjá á milli höfuðborgar og landsbyggðar. Höfuðborgarbúar verða að gera sér grein fyrir því að þeir þurfa á landsbyggðinni að halda og landsbyggðin á höfuðborginni. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að skattleggja landsbyggðina. Tökum sem dæmi sveitarfélagið Fjarðabyggð. Hvað borgar sjávarútvegurinn í Fjarðabyggð? (Gripið fram í.) Ég er með töflu hérna og eins og sést á henni greiða félögin rúmlega 2,2 milljarða í tekjuskatt vegna ársins 2012. Áætlanir eru um að heildar tekjuskattsgreiðslur í sjávarútvegi árið 2012 nemi 9 milljörðum. Þannig greiða sjávarútvegsfélögin þrjú í Fjarðabyggð tæp 25% af tekjuskattsgreiðslum sem koma úr sjávarútvegi. Beinarn tekjur hins opinbera og sveitarfélaga í Fjarðabyggð nema rúmlega 4,6 milljörðum af þeim félögum þremur.

Mönnum verður tíðrætt um kvótakerfið og misskiptinguna og að þetta sé að þjappast á færri hendur, en staðreyndin er að 2011 gerðu 20 stærstu fyrirtækin í aflamarkinu út 126 skip, veiddu 84% kvótans, voru með 4.350 manns í vinnu. Aðeins tvö þeirra voru yngri en 30 ára. Þau eru á sama stað, þau hafa verið á sama stað í gegnum tíðina. Starfsfólk í íslenskum sjávarútvegi, þá tala ég um tækni-geirann og þjónustu tengda sjávarútvegi — árið 2012 eru það 25 þúsund plús sem vinna í þessum geirum, einum eða tveimur, hvernig sem við orðum það. Starfsfólk í sjávarútvegi og fiskvinnslu var um 9 þúsund, þannig að það eru þá

um 16 þúsund í þessum tæknigeirum sem þjónustar sjávarútveginn.

Hvar eru þau störf? Þau eru hérna í Reykjavík, þannig að virðisaukinn frá þessum sjávarplássum skilar sér inn í Reykjavík. Þessi tæknigeiri er í Reykjavík. Við erum að framleiða flökunarvélur, við erum að framleiða ýmsan tæknibúnað sem fækkar störfum í sjávarútvegnum, í frumgreinum, sem þýðir að fólk fækkar frekar í frumgreinum á meðan störfum fjölgar hér í Reykjavík. En það dugar ekki til, það er ekki nóg, við þurfum að ná meiru af landsbyggðinni. Við þurfum að skattleggja hana meira. Er ekki mál að linni?

Úti á landsbyggðinni þar sem ég þekki til, í Grindavík, er verið að mynda klasastarf sem snýst um að vera hluti af neti eða klasa og hafa þannig aðgang að utanaðkomandi þekkingu, viðskiptatengslum og hráefni, vera staðsettur í hringiðu upplýsingaflæðis. Ég held að menn geri sér ekki alveg grein fyrir því hvað er að gerast í sjávarútvegnum, ég held að menn ættu að fara oftar og kynna sér málið.

Við þurfum þannig samvinnu á landsbyggðinni, tengjast fyrirtækjum böndum og eiga þess kost að byggja á styrkleikum hver annars. Þetta er það sem þessi samfélög eru að gera víða úti á landi. Virðisdeyja fullvinnslu — við höfum nánast verið hráefnisþjóð. Við framleiðum dýrafóður, matvæli, við erum byrjuð að framleiða fæðubótaefni, aðeins byrjuð að fitla við snyrtivörur og heilsufæði, en við eigum lyfin eftir. Mörg þessi fyrirtæki úti á landi eru lögð af stað í þá vegferð og nota hluta af umframhagnaðinum, eða hvað menn kjósa að kalla hagnaðinn, í þá starfsemi, nota hluta í þessa starfsemi. Er ekki hreinlega að leyfa þeim að gera það, þurfum við endilega að skattleggja þessi fyrirtæki og úthluta þeim svo einhverjum nýsköpunarstyrkjum? Eigum við ekki að veita þeim einhvern afslátt og peppa þau upp frekar en að vera að skattleggja þau til þess að geta svo veitt þeim nýsköpunarstyrki við hátíðlega athöfn? Ég bara spyr.

Höfuðborgin — hérna er margmennið og fjölbreytnin, menning og afþreying, samgöngumiðstöðvar, flutningstæki. Hérna er þjónusta tæknifyrirtækjanna, sölustarfsemin, hið opinbera, læknar og spítalar og flugvöllurinn hér í miðjunni. Nú heyrast háværar raddir um að færa þurfi flugvöllinn. Það er ekkert spurt um hvað það kostar marga milljarða að færa flugvöllinn af því að það vantar pláss til að byggja á, það vantar land hér á Íslandi. Okkur vantar hektara eða einhverja fermetra til að byggja á. Erum við ekki á einhverri vitlausri leið?

Við þurfum að fara að sættast, landsbyggðin og höfuðborgin. Við þurfum að brúa þessa gjá á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Það er bara þannig. Við þurfum að fara að sættast. Landsbyggðin er mjög sátta við að fá að hafa sinn sjávarútveg og landbúnað, orkuíðnað, að einhverju leyti, og ferðaþjónustu, þó að ferðaþjónustan sé mörgum sinnum öflugri hér í Reykjavík eðli málsins samkvæmt. En eins og tölurnar sýna, að fara að skattleggja grunntatvinnuvegin, það er ekki verið að tala um þeir borgir ekki neitt. Þetta snýst um að borga sanngjarnt auðlindagjald, sanngjarna rentu, um það snýst málið. Við erum ekki að deila um hvort það eigi að borga það eða ekki, við erum ekki að deila um fiskveiðikerfið. Það eru allir sammála um að við erum með

fullkomnasta og arðbærasta fiskveiðikerfi í heimi. Menn hafa verið að vitna í Noreg, hvernig menn hafa auðlindagjöldin í Noregi. Það hefur komið fram að það er enginn arður út úr sjávarútveginn í Noregi þó að þeir veiði miklu meira en við. Hann ætti að vera miklu hagkvæmari, sjávarútvegurinn þar.

Við viljum hafa þjónustuna hér í Reykjavík, þetta er höfuðborgin. Þetta er höfuðborg okkar landsmanna og opinbera þjónustan, fyrir mig persónulega á hún bara að vera hér. Ég vil bara að fólk hvar sem það er á landinu geti flogið til Reykjavíkur og þar er spítalinn og hin opinbera þjónusta, þar er þetta allt saman. Mér finnst þetta alveg briliant tækifæri.

Við eigum að geta haft það mjög gott hérna ef við bara hættum þessu þrasi, hættum að þrasa um kvótakerfið — nú erum við að tala um auðlindarentuna, það er ekki einu sinni verið að rífast um hvernig eigi að reikna hana. Það eru einhverjir sem vilja grípa handvirkt inn í og hækka einhverja tölu af því að hún er of lág. Ég segi bara: Annaðhvort notum við þessa tölu eða ekki, annaðhvort notum við þessa reikniáferð eða ekki.

Við í atvinnuveganefnd fengum flottar töflur frá veiðigjaldsnefndinni með öllum þessum útreikningum og ýmsa möguleika: Viljum við hafa 80% rentu af vinnslunni, að útgerðin borgi það, 60%, 40%, 20%? Við förum í 20% af því að þetta geta í mörgum tilfellum verið óskyldir aðilar. Þar er uppsjávarfiskurinn með 38 kr. á meðan botnfiskurinn er 7,38 kr. Af hverju er það? Af því að það bara reiknast þannig, það er sama reikniregla á báða flokka. Þetta lítur ekki vel út á pappír en ef við ætlum að nota þessa reikniáferð skulum við fara eftir henni. Við förum ekki að hækka þetta og lækka hitt. Þá gætum við eins sett puttann upp í loftið og ákveðið þetta þannig.

Við þurfum að hætta þessu þrasi, við þurfum að ná þessu unga og menntaða fólki sem við eigum inn í sjávarútveginn. Það gerum við með þessari klasastarfsemi, það gerum við með því að reyna að komast upp í lyfjageirann. Við erum byrjuð að framleiða plástra og ýmis smyrsl. Menn eru að opna augun fyrir því hversu gífurleg verðmæti eru í þessum fiski okkar þannig að við skulum frekar sameinast um að gera sem mest úr þeim verðmætum.

Menn hafa misjafna pólitíska sýn á hlutina. Sumir vilja skattleggja og skammta það svo í formi einhverra nýsköpunarstyrkja. Aðrir vilja leyfa þessu að koma af sjálfu sér og umbuna mönnum á einhvern annan hátt. En þetta argaþras og þessar gömlu lummur sem maður hefur verið að hlusta á hér í kvöld, litlu útgerðirnar að leigja kvóta af þeim stóru, þessu er alltaf stillt upp litlu gegn stóru, endalaust verið að því. Þá kemur alltaf einhver meðaumkun með þeim litlu.

Stórútgerðir, ég er búinn að spyrja nokkra aðila sem tala mest um þessar stórútgerðir hvar mörkin séu. Hvað er stórútgerð? Fyrir mér er smábátatúterð, það eru þessi 30 tonn þar sem frítekjumarkið er. Venjulegur trillukarl, það kom í ljós þegar afflaheimildum var úthlutað eftir reynslu að það voru ekkert margir yfir 30 tonnum af þessum einyrkjum sem voru einir á báti, þannig að 30 tonninn eru, finnst mér, eðlileg ef við viljum á annað borð umbuna þessum hópi, ef við viljum umbuna þessum fiskimönnum á sama tíma. Og svo koma forsvarsmenn þeirra og ítreka hvað þetta sé hag-

stæður veiðimáti, hvað þetta sé hagstæð útgerð, hvað það kosti lítið fyrir samfélagið að veiða á þessar trillur, að hitt séu bara olúhákar og ég veit ekki hvað og hvað. Samt ætlum við ekki að láta þá boga neitt sem eru með hagstæðasta og að margra mati skemmtilegasta veiðiskapinn, 30 tonn, einhverjar 6–10 tonna trillur. Við vitum að þessi sjávarpláss byggja ekki afkomu sína, þau halda ekki uppi vinnslu í fiskhúsum sínum, út á svona smábáta. Það vita allir sem það vilja vita.

80% þjóðarinnar vilja hafa gjaldtöku, það er alveg rétt, það vilja allir hafa gjaldtöku, það vilja útgerðarmenn líka. Það vilja allir borga, það vilja meira að segja allir borga sérstakt veiðileyfagjald, sé það bara hóflegt. Svo getum við þrasað um það eða deilt um það hvað er hóflegt, hve mikið af reiknaðri rentu á að ganga til útgerðar og hve mikið til þjóðarinnar. Menn eru enn að tala eins og deilt sé um það hvort þetta sé sameign þjóðarinnar. Ég hélt að það væri bara ekki deilt um það, það væru allir sammála um að þessi auðlind er sameign þjóðarinnar.

Ég hvet menn til að ræða þetta á málefnalegum nótum, fara ekki í gömlu sporin og voðalega þætti mér vænt um ef menn hættu nú að tala svona niður til útgerðarinnar, þetta útgerðarlið og útgerðarauðvald og hvað það er, það væri hægt að skrifa heila bók. Í guðanna bænum förum að tala á jafnréttisgrundvelli.

[21:56]

#### Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):

Hæstv. forseti. Hættum þessu þrasi og verum bara öll sammála, látum menn njóta sannmælis. Ég hélt að hv. þingmaður ætlaði að haga máli sínu þannig þegar ég misskildi hann í upphafi um hve talnaglöggur ég væri, auðvitað var það háð. Hann gerði því skóna að ég liti svo á að 180 kr. fyrir þorskveiðikíló væri eðlilegt gjald. Ég var að vitna í blaðagrein sem vísaði síðan aftur í upplýsingar frá Fiskistofu um útleiguverð á þorskílóinu. Það var það sem ég var að gera. Ég var ekki að segja að það væri mín skoðun að það væri eðlilegt, þvert móti hef ég margoft bent á að það væri óhóflegt verð.

Vardandi skatta almennt má náttúrulega færa þá umræðu inn á aðrar brautir vegna þess að við stöndum alls staðar frammi fyrir þessari spurningu: Hvað á að skattleggja mikið? Telur þingmaðurinn að við skattleggjum almenning, launafólk, of mikið og að við verjum of miklu af þessum sömu sköttum í greiðslur á borð við barnabætur eða almannatryggingar eða eitthvað af því tagi? Sú umræða á að sjálfsgöðu við alls staðar.

Síðan er það hitt, um hagsmunatengslin. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi lýsti því yfir að hann ætli ekki að greiða atkvæði í þessari umræðu vegna þess að hann sé hagsmunatengdur. Ég vil hvetja þingmanninn til þess að greiða atkvæði, alla vega tel ég að menn sem koma hreint fram, eins og hann hefur gert hvað það snertir, eigi miklu frekar að greiða atkvæði en þeir þingmenn sem gera það ekki. Vísa ég þá í þá styrki sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið (Forseti hringir.) og upplýst hefur verið um í fréttum frá sjávarútvegsfyrirtækjum, væntanlega til að (Forseti hringir.) reka hagsmuni þeirra fyrirtækja.

[21:58]

**Páll Jóhann Pálsson (F)** (*andsvar*):

Pakka þér fyrir það, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Varðandi styrkina sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk frá hagsmunaaðilum og eins Framsóknarflokkurinn þá vísa ég til ræðu minnar áðan. Þjóst fyrrverandi ríkisstjórn — þjóst hv. þm. Ögmundur Jónasson við því að þegar hann kæmi inn í útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að menn færu að moka í hann einhverjum styrkjum eins og hann var búinn að koma fram? Ég er ekkert hissa á því að það hafi ekki verið gert miðað við hvernig hann er búinn að tala í kvöld. Datt honum virkilega í hug að hann gæti farið inn í þessa atvinnugrein og fyllt hjá sér bækur innan kvóta? Ég er ekkert hissa á því ef það gengur ekki. (**APS**: Ef hann ætla að kaupa sér atkvæði.)

Varðandi mig og hagsmunatengslin þá hef ég talið mig vera fulltrúa útgerðarinnar og hef ekkert farið leynt með það. Ég er smábátasjómáður og þær tillögur sem minni hlutinn leggur til eru miklu hagstæðari fyrir mig persónulega, ég get alveg lýst því yfir. Hver veit nema ég hlusti bara á hv. þingmann einu sinni og greiði atkvæði. Ég þakka honum góð ráð.

[22:00]

**Ögmundur Jónasson (Vg)** (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Ég hvet þingmanninn eindregið til að gera það. Menn eiga að koma hreint fram. Það hefur hv. þingmaður gert. Hins vegar finnst mér skorta mikið á að upplýst sé nánar um styrki sem gengið hafa til flokkanna, stjórnarflokkanna, frá öflugum útgerðarfyrirtækjum til að fjármagna kosningabaráttu þeirra og styðja hugsanlega einstaka þingmenn. Ég fráiði mér þá skínhelgi sem fram kemur þegar rætt er um hagsmunatengsl.

Hagsmunatengslin eru þessi og hv. þingmaður var að benda þinginu á það að þau væru fyrir hendi, að hann ræki hagsmuni útgerðarinnar. Það er bara skýrt á sama hátt og við önnur reynum að reka aðra hagsmuni, en við látum ekki greiða okkur til þess. Þegar stórfyrirtæki í landinu eru farin að stjórna stjórnámálum á Alþingi er hægt að nota það orð sem ég viðhafði fyrr í kvöld, auðvald. Þá hefur auðurinn vald inn í þennan sal og það er ekki gott.

[22:02]

**Páll Jóhann Pálsson (F)** (*andsvar*):

Það má túlka mín orð eins og hver vill. Það sem ég hef sagt er að ég bauð mig fram hérna sem útgerðarmaður og sem talsmaður sjávarbyggða og útgerðar. Mér fannst það ekkert af mikið þó að það væri einn af 63 þingmönnum úr útgerð. Mér sýnist nú á þessari umræðu og nefndarstarfi að það hafi ekkert veitt af því.

Varðandi hagsmunatengslin. Við lýstum því yfir á öllum fundum að veiðigjaldið væri of hátt. Ég er í bæjarstjórn Grindavíkur. Ég skilaði inn umsögn ásamt allri bæjarstjórninni í fyrra um að veiðigjaldið væri allt of hátt. Það voru fleiri í þeirri bæjarstjórn. Einn af þeim er kominn inn á þing. Núna hentar það bara ekki að vera á þeirri skoðun að lækka veiðigjald. Ég spyr bara: Hvernig geta menn snúist svona á innan við ári? Sem bæjarstjórnarmaður var ég að verja hagsmuni sveitarfélagsins og benda á arðsemi eða

benda á samfélagið í heild. Ég er enn þá á þeirri skoðun. Það er ekkert nýtt. Ég var ekki keyptur til þess. Það eru alls konar fyrirtæki sem styrkja þessa flokka. Það er ekki eins og það séu bara sjávarútvegsfyrirtæki. Ég veit að sjávarútvegsfyrirtæki hafa verið að styrkja hina flokkana. Ég veit það bara að það hefur verið gert þar sem ég þekki til. (Forseti hringir.) Þau hafa styrkt þessa flokka líka þó að þeir séu ekki í ríkisstjórn í dag.

[22:04]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Það er svolítið gaman að fylgjast með þessum umræðum. Það er alltaf gaman að sjá þegar gegnsæið fær að ráða. Ég vil bara minna á að gegnsæið eitt og sér réttlætir ekki allt sem sést, en ég ætla ekki að segja meira um það að svo stöddu.

Mig langar til þess að minna hv. þm. Pál Jóhann Pálsson á þegar hann segir að hér sé aðeins deilt um útfærslu og hversu mikið útgerðin þoli að það er í raun og veru enginn sérstakur ágreiningur um það í þjóðfélaginu. Ágreiningurinn í þjóðfélaginu er út af þeim 6,4 milljörðum sem vantar inn í næsta ár við kringumstæður þar sem þarf að skera niður vegna þess að við fáum ríkisreksturinn að láni á hverju einasta ári. Núna þurfum við að fá meira að láni í nafni sanngirni.

Við búum við þær kringumstæður núna að engin skattlagning er í reynd sanngjörn. Hvað með virðisaukaskatt á mat, er sanngjarnt að vera með skatt á mat sem við notum til þess að lifa, til þess að halda áfram að anda? Það er ekki sanngjarnt. Það er ekki endilega sanngjarnt að taka 36–46% af tekjum fólks, en við búum við þann ríkisrekstur að þurfa peninga. Þá peninga sem við fáum ekki fáum við sjálfkrafa að láni. Við erum að fá sanngirni fyrir útgerðarmann að láni. Það er það sem fólk er ósátt við.

Ef ríkisstjórnin hefði komið með tillögur þar sem ekki hefði verið þetta tekjutap fyrir ríkið, hvort sem við köllum það lækkun eða frestun eða afbókun á hækkun eða hvað sem við köllum það, ef eitthvað hefði komið til móts við það, jafnvel þótt það hefði verið tímabundið, hefðu viðbrögðin í samfélaginu ekki verið þau sömu. Þá væru ekki 34 þúsund undirskriftir gegn þessu. Það væru ekki 70% aðspurðra á móti því. Það væri mun skárri, það hefði verið hægt að gera það með meiri sátt, en það var einfaldlega ekki gert.

[22:06]

**Páll Jóhann Pálsson (F)** (*andsvar*):

Hvernig ætlum við að reikna veiðileyfagjöld? Ætlum við að hafa þau hlutfall af rentu úr veiðunum, jafnvel rentu úr veiðum og vinnslu, eða ætlum við að hafa þau eftir því hvað okkur vantar í ríkissjóð? Ef okkur vantar 6 milljarða í ríkissjóð, eigum við að reikna okkur niður á ígildi? Ég er frekar á því að við eigum að reikna okkur á það sem reksturinn þolir og á hvert ígildi. Þannig förum við í þá útreikninga, ekki eftir því hvað vantar í ríkissjóð. Mér finnst það vera að byrja á öfugum enda.

Varðandi meiri hluta þjóðarinnar skil ég að auðvitað er best að skattleggja útgerðina sem mest ef það vantar í kassann. Það gefur augaleið.

[22:08]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mér skilst að vitað sé hvaða upplýsingar þarf til að reikna þessi gjöld. Mér skilst að vitað sé hvað vantar upp á. Mér skilst að það hafi verið hægt úr nefndinni, án þess að ég sé í þeirri nefnd sjálfur, að vega upp á móti þessu í gegnum tekjuskattinn. Hv. þingmaður má endilega leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál.

Ef við ætlum að miða við hvað reksturinn þolir held ég ekki að hv. þingmaður vilji endilega fara þá leið vegna þess að mér skilst líka að hægt sé að ganga nokkuð lengra. Við skulum ekki tala um það í bili heldur um hvernig þetta mál hefur verið sett á dagskrá án tillits til vilja þjóðarinnar og til dæmis þess hvað reksturinn þolir.

Það sem ég vildi ekki stinga upp á við hv. þm. Pál Jóhann Pálsson er að við miðum þetta einfaldlega við hvað ríkissjóður þolir. Það sem ég var að minnst á, það sem ég meinti er að ekkert okkar býr við sanngjarna skattlagningu núna, en það er engu sanngjarnara að börn og barnabörn okkar borgi fyrir það sem við höfum eytt, ýmist með því að minnka tekjur, auka útgjöld, með hruninu eða hvaða útgjaldaliðir það svo sem eru sem bera ábyrgð á núverandi fjárrekstri ríkisins. Við stöndum frammi fyrir því að annaðhvort munum við borga þetta, og með okkur á ég við þessa kynslóð, okkar kynslóð, þá sem eru lifandi núna, eða þeir sem koma næst. Það eru bara þeir tveir valmöguleikar í boði.

Akkúrat núna er ekkert hægt að lækka skatta eða gjöld á sjávarútvegi út frá þeim forsendum að reksturinn þoli það ekki eða þetta sé ekki nógu sanngjarnt. Auðvitað er það ekkert sanngjarnt. Núverandi kringumstæður bjóða ekki upp á það. Við þurfum að borga skuldir okkar. Við þurfum að laga fjárhag ríkisins áður en við förum að hygla sjávarútveginum vegna þess að hann þolir meira. Hann þolir meira, er það ekki?

[22:10]

**Páll Jóhann Pálsson (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í gögnum veiðigjaldsnefndar eða frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu að útgerð án fiskvinnslu þolir ekki þau gjöld sem voru. Það hefur komið fram í gögnum málsins.

Það kom einnig fram á nefndarfundum að það dugði ekki til að sækja gögn til skattstjórans, setja einföld lög til þess að ná þeim. Það þurfti að setja lög á Hagstofuna. Ef við hefðum sett lög á Hagstofuna til þess að fá þau gögn sem eru trúnaðargögn hjá þeim og þeir mega ekki afhenda hefðum við verið að brjóta einhverja Evrópusáttmála eða sáttmála sem við erum aðilar að. Þetta hefur allt saman komið fram á þeim mörgu fundum sem við höfum haldið. Sú leið var ekki fær. Þau gögn sem vantar aðallega eru varðandi þessa fjárfestingu, fjárfestinguna í greininni, rekstrarfjármuni, nákvæmar tölur um rekstrarfjármuni. Að öðru leyti gaf þetta nokkuð glögga mynd.

Ef við setjum lög til að sækja þetta erum við farin að brjóta Evrópusáttmála þannig að það var ekki inni í myndinni, ekki af minni hálfu.

[22:12]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það hefur verið áhugavert að hlýða á

þá umræðu sem farið hefur fram í dag og hófst á föstudaginn um þetta stóra mál sem liggur fyrir þinginu. Mig langar að gera tvennt að umræðuefni í ræðu minni: Það er annars vegar fjárlagahlíð málsins og hvaða áhrif það hefur að leggja hér fram frumvarp á miðju ári sem hefur veruleg áhrif á fjárlög þessa árs og kallar að sjálfsögðu á aðgerðir til að mæta þeirri tekjuskerðingu sem ríkissjóður verður fyrir sem og fjárlagavinnu næsta árs og ríkisfjármálaáætlun til lengri tíma. Hins vegar langar mig að gera að umtalsefni þá hugmyndafræði sem liggur að baki auðlindarentunni og þá hugmyndafræði sem liggur að baki tekjuöflun á borð við þessa, sem er kannski sá hugmyndafræðilegi ágreiningur sem hefur staðið yfir um tekjuöflun af þessu tagi. En mig langar fyrst að beina sjónum að því sem er praktískt viðfangsefni þingmanna sem horfa framan í fjárlagagerð fyrir árið 2014 og sem horfa framan í gerð fjárlagalaða fyrir árið 2013, hreinlega með því að ræða hér aðeins um umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis þar sem farið er yfir þau áhrif sem þetta frumvarp, verði það að lögum, hefur á stöðu ríkissjóðs.

Ég held að allir hv. þingmenn hljóti að vera sammála um að meginverkefni undanfarinna ára allt frá hrúni frá því að við horfðum framan í gjaldþrot Seðlabankans, frá því að við horfðum framan í risavaxinn halla á ríkissjóði og frá því að við horfðum framan í öll þau áhrif sem efnahagshrunið hér hefur haft. Hv. þm. Birgitta Jónsdóttir ræddi einmitt stærðargráðu hrunsins áðan og við skulum ekki gleyma því að gjaldþrot þeirra þriggja banka sem hér urðu gjaldþrota rötudu inn á topp 10 lista yfir stærstu gjaldþrot mannkynsögunnar, ekki Íslandssögunnar, mannkynssögunnar. Hér varð auðvitað risavaxið hrun sem haft hefur áhrif á kjör alls almennings í landinu og má eiginlega segja að við höfum fát gert annað, að minnsta kosti hefur þetta verið langtum fyrirferðarmesta viðfangsefni okkar hv. þingmanna hér í þessum sal, en að ræða það hvernig við eigum að koma Íslandi upp úr kreppunni í gegnum efnahagsþrengingarnar, hvernig við eigum að ná hér jöfnuði í ríkisfjármálum og hvernig við eigum í raun að koma landinu út úr stórfelldustu efnahagsþrengingum sem það hefur gengið í gegnum á lýðveldistímanum.

Eins og hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson kom inn á í andsvari sínu áðan þá skýtur það alveg stórkostlega skökku við að á þeim tíma sem við erum enn að reyna að sauma saman fjárlög, á þeim tímamarki þar sem við erum enn að horfa framan í það að vera að greiða 90 milljarða í vaxtagjöld af skuldum hins opinbera, séu fyrstu verk nýrrar ríkisstjórnar frumvörp sem miða að því að draga úr tekjum ríkissjóðs. Ef við lítum bara á álit fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis sem hér er lagt fram með frumvarpinu þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum fyrir aflaheimildir verði 3,2 milljörðum kr. lægri á árinu 2013“ — við erum ekki að tala um næsta ár, við erum ekki að tala um þarnaesta ár, við erum að tala um þetta ár — „og að tekjurnar geti orðið 6,4 milljörðum kr. lægri á árinu 2014 en áætlað var.“

Því er skellt hér fram og enn hefur ekki verið skýrt hvernig mæta á þessari tekjuskerðingu í fjárlögum. Við vitum að búíð er að senda út bréf og boða 1,5% niðurskurð á

rekstri og stofnunum hins opinbera og ég ætla að leyfa mér að segja það hér í ræðustól Alþingis að ég hélt hreinlega að komin væri ákveðin sátt um það í þessum sal þegar við afgreiddum síðustu fjárlög að svo stórum hluti rekstrar hins opinbera væri kominn að þölmörkum að ekki yrði gengið lengra í niðurskurði. Ég get nú bara nefnt nærtækt dæmi, ég get nefnt framhaldsskóla landsins þar sem búið er að skera niður nánast hvern einasta lið, þar sem við horfum framan í það að alls staðar er búið að draga úr öllu og skera allt sem einhver gat hugsanlega kallað fitu. Við erum löngu komin inn að beini í rekstri framhaldsskóla landsins. Síðast horfðum við framan í það hreinlega að framhaldsskólarnir fengu viðbót fyrir fjárlög ársins 2013 því að annars hefði þurft að vísa frá nemendum. Annars hefðu íslensku framhaldsskólarnir ekki getað tekið við öllum þeim nemendum sem þangað vilja sækja í samfélagi sem vill efla menntunarstig. Allir stjórnmalaflokkar tala um að þeir vilji efla menntunarstig, að þeir vilji fjölga þeim sem ljúka framhaldsskólaprófi og við horfum framan í það að nú á að fara að skera meira niður í þessum stofnunum sem eru löngu komnar inn að beini.

Framhaldsskólinn á Íslandi er ekki dýr, ekki í alþjóðlegum samanburði, og hvað þá háskólarnir. Kostnaður Íslendinga við háskólastigið er langt undir alþjóðlegu meðaltali ef við miðum við OECD. Heildarkostnaðurinn er 23 milljarðar kr. Það er sem sagt fjórðungur af öllum heildarkostnaði við íslenska háskólakerfið sem nú er ætlunin að skerða tekjur ríkisins um. Háskólarnir eiga væntanlega að taka sinn skerf af því með þessum 1,5% niðurskurði sem boðaður hefur verið og er væntanlega líka boðaður í heilbrigðiskerfi. Og það er nú eitt af því sem hvað mest hefur verið rætt í þessum sal í þeim erfiðu aðgerðum sem við höfum þurft að grípa til, til að mæta því hruni sem varð og þeim risagjaldþrotum sem hér urðu. Þá var farið í niðurskurð á heilbrigðiskerfinu og ég er nokkuð viss um að allir þeir hv. þingmenn sem tóku þátt í afgreiðslu síðustu fjárlaga voru nokkurn veginn sammála um að heldur yrði ekki lengra gengið í þeim efnum.

Hvort sem lítið er til Landspítalans, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, heilbrigðisstofnana um landið eða heilsugæslunnar þá held ég að allir hv. þingmenn hafi verið sammála um að þarna var búið að ganga hart fram og að ekki yrði gengið lengra fram. En aftur er boðaður niðurskurður af því að við horfum nú framan í tekjuskerðingu hjá ríkinu upp á 6,4 milljarða króna á ársgrundvelli og ekki aðeins það, heldur þarf að bregðast við því á miðju ári. Verið er að hrófla við fjárlögum ársins 2013 og ekki liggur neitt fyrir um það hvernig mæta eigi tekjuskerðingunni. Það liggur ekkert fyrir um hvernig standa eigi við áætlanir um að ná fram jöfnuði í ríkisfjármálum á árinu 2013 en eigi að síður er verið að leggja til tekjuskerðingu á miðju ári.

Þegar við ræðum þetta mál t.d. við nágrennaþjóðir okkar og vinnuþjóðir sem einnig hafa staðið í efnahagsþrengingum og niðurskurði þá furða þær sig á því að við sem höfum einmitt verið á leið út úr kreppunni og höfum séð fram á að geta hreinlega náð hér jöfnuði á næsta ári séum enn að auka á kreppuna með því að skerða tekjur ríkisins á miðju ári 2013.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur verið talsvert til umræðu hér. Þar þarf að skera niður. Hér var fyrirspurn frá

hv. þm. Freyju Haraldsdóttur í dag um hvernig nákvæmlega eigi að koma til móts við þá sem af einhverjum ástæðum geta ekki verið í svo háu námsshlutfalli eins og gert er ráð fyrir í tillögum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það á að skera lánasjóðinn niður um 1,5% en framlag ríkissjóðs til hans eru rúmir 9 milljarðar þannig að þetta er um það bil 2/3 af því framlagi — 2/3 af því framlagi, ef við setjum það í samhengi.

Ég gæti haldið hér lengi áfram og farið yfir ýmsa liði í rekstri ríkisins. Ég var til að mynda að fletta upp hér áðan heildartölunni sem rennur til heilsugæslunnar í landinu. Jú, það eru einir 8,5 milljarðar kr. Þetta er dágóður skerfur af því. Um þetta ætlum við að skerða tekjur ríkisins. Ég ítreka að við höfum ekki fengið svör um hvernig á að mæta því og ég hef nefnt hér rekstrarþætti sem búið er að boða niðurskurð á. Það er líka hægur vandi fyrir ríkisstjórnina að ráðast þá frekar í að skerða tímabundin verkefni og það er eitt af því sem áhugavert væri að fá svör hv. ríkisstjórnar við. Nokkrir hv. þingmenn í þessum sal, sem áður voru miklir áhugamenn um að hér yrði opnað náttúruminjasafn, hafa nefnt það sem hugsanlega leið til sparnaðar að ekki verði ráðist í stofnkostnað við að setja hér upp náttúruminjasýningu á vegum Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni, náttúruminjasafn sem við erum margoft búin að ræða í þessum sal. Hv. þingmenn hafa haft uppi málflokkning um að enginn sömi sé að því eftir að ný lög voru samþykkt um þetta höfuðsöfn á sviði íslenskra náttúruminja að þetta safn sé hvergi með sýningu. Því var unnið að því hér á undanförunum árum hvernig koma mætti því í kring, án þess að ráðast í gríðarháan stofnkostnað eða reisa hér nýbyggingu, mætti gera Náttúruminjasafninu, einu af höfuðsöfnum Íslendinga, kleift að opna sýningu á sínum vegum þannig að íslensk börn og ungmenni, til að mynda hér á höfuðborgarsvæðinu hafi aðgang að sýningu um náttúruminjar, þannig að ferðamenn sem hingað til lands koma, ekki síst vegna náttúrunnar, hafi viðkomustað hér á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir vilja kynna sér náttúru og umhverfi landsins. Ráðist var í þetta en þetta er eitt af því sem er nefnt að skera megi niður.

Fjárfestingaráætlun sú sem síðasta ríkisstjórn kom á laggirnar snerist einmitt um að efla hér fjárfestingu á vegum hins opinbera, sem fór að sjálfsögðu í sögulegt lágmark eftir hrúnið sem ég lýsti hér áðan, eftir þau gjaldþrot sem íslensku bankarnir fóru í og höfðu ómælanleg áhrif bæði á stöðu ríkissjóðs og stöðu almennings í þessu landi. Þá fór fjárfesting að sjálfsögðu í sögulegt lágmark og hv. þingmenn núverandi stjórnarflokka hafa gert það að tíðu umtalsefni hér, þ.e. skort á fjárfestingum. Hvert reikjum við þann skort? Að sjálfsögðu til hrunsins. Að sjálfsögðu hefur dregið úr fjárfestingu einkaaðila en ekki síst úr opinberri fjárfestingu og til þess að glæða þetta kynnti ríkisstjórnin áætlun um aukna fjárfestingu á vegum hins opinbera.

Það sem er merkilegt við þá áætlun er að þar er vissulega ráðist í framkvæmdir, þar er ráðist til að mynda í byggingu Húss íslenskra ferða. Þar er ráðist í samgöngubætur, til að mynda Norðfjarðargöng. Þar er líka ráðist í annars konar fjárfestingu; fjárfestingu í hugviti með því að efla Rannsóknarsjóð um helming, um 700 milljónir króna — það er bara brotabrot af þeirri fjárhæð sem nú á að skerða



tekjur ríkisins um — með því að efla Tækniþróunarsjóð, með því að efla Verkefnasjóð skapandi greina og Kvikmyndasjóð. Hér töluðu margir hv. þingmenn úr stjórnarflokkunum um að þeir væru sammála þeirri forgangsróðun að efla Kvikmyndasjóð sem þurfti að mæta niðurskurði vegna hrunsins. Í kjölfarið fór fram mikil umræða bæði hér í sölum þingsins en líka út um samfélagið allt um verðmætasköpun hinna skapandi greina. Í samvinnu nokkurra ráðuneyta við samráðsvettvang skapandi greina var ráðist í mikla vinnu við það að greina hagræn áhrif hinna skapandi greina.

Niðurstaðan varð sú að hinar skapandi greinar velta 189 milljörðum króna á ári og fólk sagði: Það er kostur að fjárfesta í einhverju öðru en bara byggingarframkvæmdum, að fjárfesta líka í hugvitinu því að við sjáum það að hver króna sem þangað er lögð skilar sér margfalt til baka. Það kom á daginn að hinar skapandi greinar veltu 189 milljörðum króna, svona álíka miklu og áliðnaðurinn sem er sérstakt áhugaefni nokkurra hæstv. ráðherra. Margir töldu að það væri vegna þess að ríkisframlagið væri hátt og sögðu: Bíddu, eru þetta nú ekki framlög ríkisins sem velta þarna? Nei, það voru um það bil 24 milljarðar af þessum 189 en grunnurinn sem allt hitt hvílir á.

Við viljum byggja hér fjölbreytt atvinnulíf eins og fulltrúar allra stjórnmalaflokka boðuðu fyrir síðustu kosningar. Allir töldu um hugvit, allir töldu um nýsköpun, allir töldu um fjölbreytni. Fólk kepptist við að ræða um nýsköpun og skapandi greinar. Að sjálfsögðu viljum við þannig atvinnustefnu. Og hvert er fyrsta verkið? Það er að lækka hér veiðigjald á sjávarútveg, skerða þannig tekjur ríkisins og því hefur ekki verið svarað. En hver verður framtíð allra þessara tímabundnu framlaga sem ætlað var að glæða fjárfestingu í landinu og efla hér fjárfestingarstig, sem skiptir alveg gríðarlegu máli fyrir efnahagslega stöðu Íslands til að halda áfram á réttri leið út úr kreppu? Það sem mér finnst verulega athugasvert við að leggja þetta mál fram á miðju ári, sumarþingi, og hleypa þannig fjárlögum ársins 2013 í algjört uppnám er að engu hefur verið svarað um það hvaða tekjur á að skerða á móti.

Engu hefur verið svarað um það hvernig ná eigi markmiðum um jöfnuði í ríkisfjármálum. Þar er bara autt blað.

Svo ég vitni aftur í álit fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Á þessu stigi liggja ekki fyrir aðrar ráðstafanir til að vega upp á móti þessari lækku á áformaðri tekjuöflun ríkissjóð. Því verður að gera ráð fyrir að staða ríkissjóðs muni versna sem nemur þessari umtalsverðu tekjulækku frá því sem áformað var og að þar með verði til muna lengri leið að jöfnuði í heildarafkomunni en gert hafði verið ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun sem fylgdi með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013.“

— Til muna lengri leið að jöfnuði en gert var ráð fyrir í ríkisfjármálaáætlun 2013.

Það er það sem boðið er upp á í ríkisfjármálum. Verið er að lengja leiðina að jöfnuði, gæta að hagsmunum útgerðarinnar á kostnað þess að ná hér jöfnuði í ríkisfjármálum á sama tíma og fyrir liggur að gefinn verður út aukinn kvóti og útgerðin getur vænst þess að fá auknar tekjur, þá er það forgangsaþriði að lækka veiðigjaldið til hagsbóta fyrir út-

gerðina. Á móti mun væntanlega koma niðurskurður í ríkisrekstri, hvort sem það verður á kostnað fjárfestingar í landinu, hvort sem það verður á kostnað menningar og mennta í landinu eða hvort sem það verður á kostnað heilsgæslunnar. Við erum þegar farin að sjá fyrstu áhrifin í skerðingu á Lánasjóði íslenskra námsmanna og við eigum eftir að sjá frekari áhrif. Það væri auðvitað lágmark í anda þess sem rætt hefur verið um ríkisfjármál að hér legðu menn þá fram hugmyndir um hvernig mæta eigi tekjuskerðingu en það er þögn um það. Það er algjör þögn um það. Einstaka hv. þingmenn velta hér upp einstaka hugmyndum í þeim efnum en sá pakki kemur seinna. Hann er ekki sama forgangsaþriði og að lækka hér álögur á útgerðina. Þá kemur kannski að því sem ég vildi gera hér að umræðuefni, þó að þetta sé í raun og veru nægt umræðuefni fyrir þann stutta ræðutíma sem hér er til þess að ræða þetta mikilvæga mál og ég gæti rætt það alla mína ræðu. Það er samt mikilvægt að ég komist aðeins í það að ræða þennan tekjustofn sérstaklega og af hverju ég tel að hæstv. ríkisstjórn leggi svo mikla áherslu á að skerða einmitt þennan tekjustofn.

Eins og við munum sem vorum hér á Alþingi, hv. þingmenn, þegar lögin um veiðigjöldin voru samþykkt þann 26. júní 2012 þá voru þau auðvitað mjög umdeild. Ef við veltum því fyrir okkur af hverju þau voru umdeild má segja að með þeirri löggiöf birtist í verki sá skilningur að þjóðin eigi að njóta ávaxtanna af auðlindinni. Skilningur sem byggir á þeirri hugmynd að auðlindin sé sameign þjóðarinnar, nokkuð sem stjórnmalamaður úr öllum flokkum hafa talað um að sé skilningur þeirra; að sjálfsögðu er auðlindin sameign þjóðarinnar. Hér fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um nokkur ákvæði úr tillögum stjórnlagaráðs auk þess sem spurt var um stuðning almennings við það að tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá yrðu nýttar sem grundvöllur að nýrri stjórnarskrá. Þar sem þeirri spurningu var svarað játandi var líka spurt um einstök atriði og þar lýsti yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem tóku þátt, yfir 80%, sig fylgjandi sterku stjórnarskrárákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins.

Þegar við ræðum þessi mál segja allir: Að sjálfsögðu erum við sammála um þetta. En hvað þýðir það í raun að segja að við séum fylgjandi sameign þjóðarinnar á auðlindum? Hvað þýðir það að við, almennigur í landinu, eigum saman vatnið, fiskinn í sjónum, jarðhitann, fallorkuna? Hvað þýðir það í raun og veru? Hvernig finnum við fyrir því? Jú, ákvæðið er nefnilega innihaldslítið ef það skilar sér ekki með einhverjum hætti inn í samneysluna, inn í sameign þjóðarinnar.

Í ágætu nefndaráli minni hluta atvinnuveganefndar stendur einmitt, með leyfi forseta:

„Slíkt ákvæði er innihaldslítið form ef því fylgir ekki tilkall til sanngjarns hluta auðlindarentunnar eða umframárðsins af náttúruauðlindunum.“

Við þökkjum auðvitað dæmi um innheimtu slíkrar auðlindarentu hvaðanæva að úr heiminum og má segja að lögin um veiðigjaldið feli í sér í verki þann skilning á auðlindunum að þær séu einmitt sameign þjóðarinnar og þarna er það útfært hvernig sú sameign birtist. Jú, það er með þeim hætti að í gegnum ríkissjóð, sem er auðvitað hinn sameiginlegi sjóður almennings í landinu, innheimtum við tiltekið gjald

af hagnaði þeirra sem nýta auðlindina. Það er auðvitað stóra grundvallaratriðið. Þeir sem hafa sagt: Er ekki eðlilegra að sjávarútvegsfyrirtækin greiði bara tekjuskatt eins og önnur fyrirtæki? Þeir kjósa að líta bara hjá þessari hugmyndafræðilegu spurningu sem er auðvitað grundvallaratriði og snýst um það hvernig við förum með auðlindirnar. Ég vil minna á það í þessu samhengi þó að það sé ekki til umræðu hér að um það hefur auðvitað stóra deilan snúist þegar við höfum verið að ræða sjávarútvegsmálin í hinu stóra samhengi og kvótakerfið, þ.e. hvort sá skilningur sé réttmætur að nýting á sjávarauðlindinni geti skapað óbeinan eignarrétt eins og haldið hefur verið fram hér af einhverjum aðilum. Aðrir, og þeirra á meðal ég, hafa bent á að það geti aldrei myndað óbeinan eignarrétt að nýta auðlind sem við köllum sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Um það hefur deilan snúist, þ.e. hvort þeir sem nýta fiskinn í sjónum eigi kvóta eða hvort þeir hafi leyfi til þess að nýta hann og taki því að sjálfsögðu arð og reki fyrirtæki sín og greiði sínu fólki laun. En er þá ekki eðlilegt að þeir sem fá leyfi til að nýta þessa eign sem við eigum öll saman láti eitthvað af hendi rakna til okkar allra?

Það er hin hugmyndafræðilegi ágreiningur. Ég vil nefna hér sérstaklega umsögn sem borist hefur við málið frá Jóni Steinssyni, hagfræðingi við Columbia-háskóla. Ég tek það fram að Jón setur þetta hreinlega upp og segir, með leyfi forseta:

„Með nokkurri einföldun má segja að hægri menn hafi í gegnum tíðina barist fyrir tvennu í sjávarútvegsmálum:

1. Hagkvæmu markaðskerfi framseljanlegra veiðiheimilda.
2. Að auðlindaarðurinn (rentan) renni til eigenda útgerðarfyrtækja.

Og vinstri menn hafi í gegnum tíðina einnig barist fyrir tvennu:

1. Að auðlindaarðurinn (rentan) renni til þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar.

2. Boðum, bönnum og pottum sem myndu grafa undan hagkvæmni í greininni.“

Jón segir svo í framhaldinu að hann vilji að við náum sátt um það að annars vegar verði tekið upp hagkvæmt markaðskerfi og hins vegar að auðlindaarðurinn renni til þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar.

Þó að auðvitað sé þetta allnokkur einföldun má segja að þarna birtist að einhverju leyti hugmyndafræðilegur ágreiningur sem snýst um stóra málið sem er sameign auðlindarinnar og á ekki bara við um sjávarútvegssauðlindina. Það á auðvitað líka við um fallvötnin okkar, vatnið okkar, jarðvarmann og hvað annað sem við skilgreinum sem auðlindir. Það er umræða sem átt hefur sér stað um allan heim. Hvað er að gerast til að mynda í ríkjum Afríku, svo dæmi sé tekið? Ef við horfum bara á það sem verið hefur að gerast þar er þar alltaf baráttan um auðlindir landsins sem sett hefur svip sinn á alla stjórnmálaumræðu þar alla síðustu öld og þótt lengra væri leitað aftur. Það snýst auðvitað um baráttu um yfirráð yfir auðlindum og þessi umræða er að sjálfsögðu líka talsverð hér, ekki síst í auðlindaauðugu landi eins og Íslandi þar sem miklu skiptir hvernig við förum með þær, þannig að þetta er háþólitískt mál.

En af því að hæstv. ríkisstjórn hefur líka orðið afskap-

lega tðrætt um skynsemi er það einnig mikilvægt sem segir í umsögn téðs Jóns Steinssonar, hagfræðings við Columbia-háskóla. Það er atriði sem mér finnst merkilegt að meiri hlutinn virðist hafa kosið að hlusta hreinlega ekki á, að taka ekki til frekari umræðu.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Einn mikilvægur kostur við veiðigjald er að það er sérstaklega hagkvæm leið til þess að afla tekna fyrir ríkið.“

Jón heldur áfram og segir að flestir skattar séu vinnuletjandi, dragi þrótt úr hagkerfinu, en veiðigjaldið hefur ekki þann ókost svo fremi sem gjaldið er lægra en auðlindaarðurinn í sjávarútvegi.

Jón segir, með leyfi forseta:

„Ef gjaldið er lægra en auðlindaarðurinn tryggir það blómlegan rekstrargrundvöll sjávarútvegsfyrirtækja og veitir þeim næga hvata til þess að fjárfesta. Arður sem er umfram það er hreinn hagnaður sem leiðir einungis til hærri arðgreiðslna til eigenda.“

Og í ljósi þess að forsvarsmenn ríkisstjórnar hafa einmitt lagt áherslu á að skattar séu hvetjandi fyrir atvinnulífið, að þeir skapi störf, samkvæmt því sem hér er sett fram — ég er algjörlega sammála enda var það stefna okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir síðustu kosningar. Okkar stefna var sú að með því að halda áfram á þeirri vegferð sem við höfum verið á þurfi ekki að ráðast í frekari niðurskurð, hægt sé að fara að leggja línurnar til þess að skoða hvernig við getum farið að byggja upp samfélagið, byggja upp heilbrigðiskerfið, byggja upp skólakerfið og velferðarkerfið með því að lækka ekki skatta og skoða frekari grundvöll fyrir innheimtu auðlindarentu á fleiri auðlindum en bara í sjávarútvegi.

Þetta er annars vegar staðfesting á þeirri hugmyndafræði sem allir flokkar segjast vera sammála um, að auðlindirnar eigi að vera sameign þjóðarinnar. Þar af leiðandi hlýtur að vera eðlilegt að þeir sem fá að nýta auðlindirnar greiði af þeim eðlilega rentu til þjóðarinnar. Hins vegar er þetta gjald tekið af hagnaði og á þar af leiðandi ekki að hafa þau letjandi áhrif sem stundum eru talin skapast af skattheimtu í kerfinu.

En ekki hefur verið hlustað á að veiðigjaldið sé hagkvæm tekjulind. Ráðist er í þetta án þess að gengið sé frá því hvernig mæta eigi tekjuskerðingunni og ekki er heldur hlustað á þær breytingartillögur sem minni hlutinn hefur lagt fram sem miða að því að sníða þá agnúa af veiðigjaldinu sem vissulega hafa einhverjir verið fyrir hendi. Það er kannski það undarlega við þetta mál allt saman að skömmu eftir að það var samþykkt sem lög þá var lögð fram laga-breyting og í og með var það gert með þeim rökstuðningi að talsverðir agnúar hafi verið á framkvæmd og því sé langtum best að fara þessa leið. Minni hlutinn í hv. atvinnuveganefnd leggur hér fram breytingartillögur sem miða einmitt að því að koma til móts við þá gagnrýni sem uppi hefur verið á framkvæmd laganna um veiðigjaldið þannig að unnt sé að sníða þá agnúa af framkvæmd laganna án þess að ríkið verði fyrir svo gríðarlegri tekjuskerðingu sem hér er boðuð. Tillögur minni hlutans eru hér kostnaðar-metnar upp á það að þær lækki tekjur ríkissjóðs á ársgrundvelli um 310 milljónir, ekki 6,4 milljarða.

Hér eru því lagðar fram breytingartillögur við frumvarp-

ið sem snúast um það að ríkisskattstjóra verði gert að afhenda Hagstofu Íslands og veidigjaldsnefnd rekstrarframtöl og aðrar upplýsingar úr skattframtölum sem þýðingu hafa fyrir ákvörðun veidigjaldanna og snýst fyrst og fremst um heimildir stofnana til þess að geta aflað sér réttra upplýsinga. Hér er enn fremur verið að leggja til aukið frítekjumark og síðan er gert ráð fyrir að sérstaka veidigjaldið á botnfisk verði fært aftur úr 7,38 krónum í 23,20 krónur í ljósi umsagna sem komið hafa fram en líka í ljósi áætlaðrar afkomu í sjávarútvegi.

En eftir því sem mér heyrir á þeirri umræðu sem hér hefur verið er ekki ætlunin að hlýða á þessar breytingartillögur þó að þær bregðist að miklu leyti við þeirri gagnrýni sem beinst hefur að lögnum um veidigjöld um leið og skotið er mun styrkari stöðum undir starfsemi veidigjaldsnefndar og undir lagagrundvöll veidigjalda.

Mér þykir það leitt í ljósi þess að mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um samræðustjórnmal og ný stjórnmal og nýjar umræðuhæðir að hér sé bara haldið áfram óháð umsögnum, óháð þeim tillögum sem lagðar eru fram í nefndum. Ég reikna með því að málið hljóti að fara aftur til nefndar milli 2. og 3. umr. og vonast ég til þess að einhver breyting verði á störfum hv. atvinnuveganefndar.

Ég vil nú aðeins nefna það hér af því að það kom ekki fram þegar ég ræddi um hugmyndafræðina, að það er ekki eins og við höfum verið að finna þessa hugmyndafræði upp í fyrra, árið 2012, þegar við samþykktum lög um veidigjald. Auðlindarentan er auðvitað málefni sem lengi hefur verið rætt í íslensku samfélagi, það var eitt af viðfangsefnum auðlindanefndarinnar sem skilaði af sér árið 2000. Síðan var sett á laggirnar auðlindastefnunefnd í tíð síðustu ríkisstjórnar sem gerði auðlindarentuna líka að umtalsefni. Að sjálfsögðu er þetta ekki sérsléskuggi uppfinning heldur er hér verið að nýta fordæmi til að mynda frá Noregi sem hefur notað þessa hugmyndafræði t.d. varðandi nýtingu á olíu-auðlindunum þar sem Norðmenn taka rentu af þeim sem nýta þá auðlind.

Það er líka mikilvægt að horfa til þess, eins og fram kom í umsögn Jóns Steinssonar hagfræðings, að þessi gjaldheimta er talin hafa minni neikvæð áhrif á rekstur en hefðbundin skattheimta eða önnur gjaldtaka. Og af því að það var nú hæstv. forsætisráðherra sem gerði það að umtalsefni að hann vildi nú ekki hlusta um of á skammstafanir þá ætla ég að nefna nokkrar skammstafanir sem hafa einmitt sett fram þessa skoðun, til að mynda hinn fræga Alþjóðagjaldeyrissjóð, AGS, einnig OECD og fleiri sem mæla einmitt með gjaldheimtu á borð við þessa. Ég held því að hæstv. forsætisráðherra og hans ágæta ríkisstjórn ætti nú kannski frekar að hlusta á það sem skammstafanirnar hafa að segja en að hafna öllu sem þar kemur fram.

Ég vitna til þess sem fram kemur í áliti minni hluta atvinnuveganefndar í hinu ágæta nefndarálitinu þeirra þar sem kemur fram að í stöðuskýrslu OECD um Ísland frá því í júní 2011 segi orðrétt, með leyfi forseta:

„Frá sjónarhóli efnahagslegrar hagkvæmni er auðlindarentuskattur í grundvallaratriðum besta skattlagningin því hann skekkir ekki efnahagslegar ákvarðanir og leggur þar af leiðandi ekki á neinar auka byrðar (þ.e. engan kostnað umfram þær tekjur sem aflað er með skattinum).“

Ég hef enn þá ekki heyrt í þessari umræðu frá hv. þingmönnum þeim sem styðja það að frumvarpið fari óbreytt í gegn, ég hef enn þá ekki heyrt rök sem þeir tefla fram gegn þessu. Ég hef ekki enn þá heyrt þá umræðu tekna sem ég hefði viljað heyra sem svarar þessum sjónarmiðum, sjónarmiðum um að þetta sé tiltölulega hagkvæm tekjuöflun fyrir ríki sem enn hefur ekki getað lokað gatínu á ríkissjóði. Nú stefnir í að það gat stækki með þeim ráðstöfunum sem hv. ríkisstjórn hefur lagt fram á þessu sumarþingi.

Ég hef vísað hér til fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis sem gerir ráð fyrir 10 milljarða tekjuskærðingu á 18 mánuðum, þ.e. 3,2 milljörðum í minni tekjur á yfirstandandi ári og 6,4 milljörðum á því næsta og raunar, miðað við nýjustu fregnir af afkomu í sjávarútvegi og væntanlegri aflaukningu sem búið er að boða, má gera ráð fyrir að þarna séum við að missa 3–4 milljarða til viðbótar á ársgrunni, bara svo við höfum heildarmyndina undir.

Það vekur líka athygli mína að þegar veidigjöldin voru rædd hér á sínum tíma var farið í talsverða rannsóknarvinnu og teiknaðar upp ýmsar sviðsmyndir, en þegar þetta frumvarp var lagt fram núna var ekkert samráð haft við hagsmunaaðila eða farið út í neinar sviðsmyndateikningar af því hvaða ólíku útfærslur það gæti haft í för með sér. Staða útgerðarinnar hefur farið batnandi, við heyrum fréttir af aukinni fjárfestingu í útgerðinni og ég veit ekki betur en að hér hafi útgerðir keypt ný skip, nýja togara og að farið hafi verið í miklar fjárfestingar þvert á það sem hér var boðað um að öll fjárfesting mundi stoppa, að það mundi allt frjósa við samþykkt veidigjaldafrumvarpsins á sínum tíma. Ég sé ekki betur en að greinin hér hafi fjárfest fyrir einhverja tugi milljarða frá miðju síðasta ári.

Fjárfestingar hafa því sannarlega ekki staðið í stað og við sjáum fram á aflaukningu. Ég held því að efnahagslega séð sé þetta feigðarflan. Þarna er verið að skerða tekjulind sem er efnahagslega hagkvæm. Þetta er pólitískt feigðarflan. Meiri hluti hv. atvinnuveganefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og hlýðir ekki á þær breytingartillögur sem ég nefndi áðan sem minni hluti hv. atvinnuveganefndar leggur fram í von um að hægt sé að sníða þá agnúa af framkvæmd laganna sem orðið hefur vart við frá því að löggin voru samþykkt. Minni hluti hv. atvinnuveganefndar leggur fram skynsamlegar breytingartillögur sem ekki er hlýtt á. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og ég held að það þýði að sama skapi pólitískt feigðarflan því að við færumst fjær nokkurri sátt um sjávarútveginn og við þekkjum það öll sem hér er um. Kannski er það óvinnandi vegur að ná sátt um sjávarútveginn, en ég held að verði þetta frumvarp að lögum óbreytt færumst við fjær þeirri sátt. Segja má að samþykkt laganna um veidigjaldið hafi staðfest þann skilning að auðlindin sé sameign þjóðarinnar og að eðlilegt sé að þjóðin njóti þeirrar sameignar.

Ég tel þetta því vera efnahagslegt feigðarflan, pólitískt feigðarflan og auðvitað hleypir það fjárlögum ársins 2013 í uppnám, það hleypir ríkisfjármálaáætluninni til lengri tíma í uppnám og að því leytnu til er þetta líka feigðarflan í þeim efnum.

Ég vil að lokum koma aftur að því sem ég hóf ræðu mína hér á. Ég kalla eftir því að hæstv. ríkisstjórn svari því

hvaðan hún ætlar að taka þessa 3,2 milljarða í samþykktum fjárlögum ársins 2013. Ætlar hún bara að fara þá leið að auka hér hallann á ríkissjóði af því að tekjurnar skila sér ekki eða á að fara hér í niðurskurð í september, október? Á þá að fara að gera stofnunum það að skila inn 3 milljörðum til þess að halda plani? Ef niðurstaðan verður sú að hér eigi bara að auka hallann á ríkissjóði sem tekjuskerðingin hefur í för með sér þá er það vægast sagt slóðaskapur af verstu gerð í ríkisfjármálum og boðar ekki gott eftir þá þrotlausu vinnu sem allar stofnanir hins opinbera hafa lagt á sig hér undanfarin ár. Þar hafa allir tekið höndum saman um það, eins og hv. þm. Valgerður Gunnarsdóttir sem var að ganga í salinn, þekkir mæta vel. Hver einasti framhaldsskóli er búinn að draga saman í rekstri þannig að allt er komið inn að beini. Ég veit að hv. þingmaður hlýtur að vera mér sammála um að það er ekki hægt að ganga lengra í niðurskurði í rekstri framhaldsskóla. Þá er boðaður 1,5% niðurskurður á framhaldsskólana, það er boðað á allar stofnanir ríkisins til þess að hægt sé að ívilna útgerðinni og lækka gjöldin á útgerðina eftir alla þá vinnu sem allar opinberar stofnanir hafa lagt á sig, sem allur almenningur hefur lagt á sig. Þegar við ræðum um forsendubrestinn víðfræga í hruninu má segja að hver einasti íslenski ríkisborgari, hver einasti skattgreiðandi í landinu hafi orðið fyrir forsendubresti og það þurfti að endurskoða hér allar áætlanir því að skyndilega var bara ekki hægt að gera allt það sem allir vildu gera. Það hafa allir lagt sitt af mörkum og það vitum við, ég og hv. þm. Valgerður Gunnarsdóttir, við vitum allt um það hvað framhaldsskólarnir eru búnir að leggja á sig; skólameistarar, kennarar, nemendur, hvað allir eru búnir að leggja á sig til að taka á því, til þess að koma ríkissjóði á réttan kjöl, til þess að Ísland geti haldið áfram og til þess að Ísland geti farið að greiða niður skuldir sínar og komast út úr því efnahagslega svartnætti sem hér hefur staðið. En þá er fyrsta verk hæstv. ríkisstjórnar að skerða tekjur og boða meiri niðurskurð og eins og ég segi þá verður sá niðurskurður tekinn út annaðhvort í rekstri, í rekstrinum á heilbrigðisstofnunum og heilsugæslunni og framhaldsskólunum og lánasjóðnum, eða með því að draga úr fjárfestingum á vegum hins opinbera. Hvað er verið að tala um þar? Byggingarframkvæmdir í byggingariðnaðinum sem hrundi hérna 2008? Langmesta atvinnuleysið hefur verið þar. Eða erum við að tala um að skerða hinar skapandi greinar sem velta jafnmiklu og áliðnaðurinn? Ætlum við kannski að skerða rannsóknir og nýsköpun sem allir töluðu um fyrir kosningar að íslenskt atvinnulíf ætti að hvíla á?

Virðulegi forseti. Tími minn er því miður á þrotum en svo sannarlega er mjög mörgum spurningum ósvarað í þessu máli. Ég hefði talið það eðlilegt ef við ætlum að ganga frá þessu sumarþingi með einhverri reisu að við vissum hvernig mæta á þessari tekjuskerðingu eða hvort ætlunin er virkilega sú að hafa hér meiri halla á ríkissjóði (Forseti hringir.) og reyna að brúa þetta bil með því annaðhvort að draga úr fjárfestingu (Forseti hringir.) eða skerða rekstur aðþrengdra ríkisstofnana.

[22:52]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir skilur

ekki margt eftir til að spyrja að í raun og veru en mig langaði bara — vegna þess að þingmenn hinna svokölluðu vinstri flokka spyrja aftur og aftur, hvaðan þessir peningar koma, hvað verði skorid niður.

Ég vil bara ítreka að það þarf ekkert að skera niður, það er ekkert mál að gefa öllum ókeypis peninga ef maður fær þá einfaldlega lánaða. Þá er eina spurningin hversu mikið meira munu komandi kynslóðir fá að borga fyrir það. Það er svo sem enginn ágreiningur um það, þetta er bara eitt-hvað sem mér finnst mikilvægt að rifja upp aftur. Þetta er ekki spurning um hægrið, að lækka skatta, eða vinstrið, að auka útgjöld. Í stærra samhengi snýst þetta líka um að halda jafnvægi í ríkissjóði til lengri tíma, burtséð frá því hvort við erum til hægri eða vinstri og hvort sem við erum að hækka skatta eða auka útgjöld eða hvað það er.

Einnig hefur verið vikið að því í þessum umræðum áður að svokallaður hugmyndafræðilegur ágreiningur — aftur varðandi þetta vinstri hægri dæmi allt saman, sem á sér kannski einhverja réttlætungu, þó að mínu mati frekar mikið ýkta — vegna þess að þegar kemur að eignarrétti, sem ég held að allir hérna trúu á, þá er gamla spurningin um kvóta-kerfið einmitt spurning um eignarrétt einstaklingsins á móti eignarrétti þjóðar. Það er sama spurningin og á milli einstaklingsfrelsis og lýðræðis, eignarréttur yfir náttúruauðlindum er í raun bara eignarréttur á öðrum skala á öðrum stað.

Mig langaði að spyrja hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur að-eins meira út í þetta þar sem þetta er kallað veidigjald. Nú vitum við öll að þetta er viðurkenning á því að þjóðin eigi auðlindina. En mætti þetta ekki alveg eins heita auðlindagjald ef markmiðið er að setja þetta gjald á fleiri auðlindir?

[22:55]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Fyrst aðeins um það sem hv. þingmaður gerir hér að umtalsefni, um muninn á vinstri pólitík og hægri pólitík sem hv. þingmaður vill ekki gera of mikið úr en ég held að skipti samt mjög miklu máli þegar við skoðum sögu umræðunnar um auðlindamálin, ekki bara hér á Íslandi heldur miklu víðar í heiminum. Við horfum auðvitað á átök um hvort við erum að tala um samfélag eða bara einstaklinga. Eins og Margrét Thatcher orðaði það einhvern tíma að ekki væri til samfélag heldur bara einstaklingar og fjölskyldur þeirra. Að sjálfsögðu hefur það verið ákveðin hugmyndafræði sem hefur birst í hægriinu að ekki sé til samfélag heldur bara einstaklingar og fjölskyldur þeirra. Þar hefur orðið gríðarlegur ágreiningur við þá sem telja sig til vinstri flokkanna og vinstri stefunnar sem leggja áherslu á að til sé samfélag og að vissa hluti eigi að reka á samfélagslegum forsendum, dæmi heilbrigðiskerfi og menntakerfi.

Um þetta hefur verið gríðarlegur ágreiningur í öllum hinum vestræna heimi á undanförmum árum þó að við höfum auðvitað séð markaðsvæðinguna fara inn á æ fleiri svið samfélagsins sem áður var talið eðlilegt að væru í samfélagslegum rekstri. Þar nægir að nefna heilbrigðisþjónustuna en við getum líka nefnt fleiri dæmi þar sem við erum að tala um — og ég nefni sem dæmi, af því að það hefur verið í fréttum, staðgöngumæðrun á Indlandi, þar sem staðgöngu-

mæðrun er rekin á markaðslegum forsendum, sem er mjög nýtt fyrirbæri. Umhugsunarefnið hlýtur að vera hvað við teljum samfélagslegt mál og hvað markaðslegt mál.

Hv. þingmaður spyr: Er ekki eðlilegra að tala bara um auðlindagjald í víðfeðmum skilningi? Svo að ég svari spurningu hv. þingmanns: Jú, það tel ég vera. Það hefur verið stefna minnar hreyfingar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það sé eðlilegt að þessi hugmyndafræði á bak við veiðigjaldið (Forseti hringir.) eigi við um allar auðlindir.

[22:57]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki mikið eftir að ræða í sjálfu sér hvað viðkemur þessu tiltekna máli. Við erum í raun og veru sammála um niðurstöðuna þegar kemur að veiðigjöldunum. Mér finnst umræðan um hægri og vinstri áhugaverð vegna þess að ég sé það aðeins öðruvísi en hv. þingmaður. Það er klassískt séð togstreitan milli samfélags og einstaklings þegar samfélagið er í raun og veru, eins og margir hægri menn eiga til að segja, lítið annað en samansafn af einstaklingum og sömuleiðis mætti saka hið klassíska vinstri um að átta sig ekki alveg á því að hægt sé að segja einstaklingar í fleirtölu. Það er kannski eitthvað sem við ættum að ræða betur yfir kaffibolla eða eitthvað svoleiðis.

Mér finnst veiðigjaldið og auðlindagjaldið og munurinn þar á svolítið mikilvægt vegna þess að þegar við segjum veiðigjald er eins og við séum að tala um einhverja sérstaka sátt þegar kemur að kvótakerfinu eða öllu heldur veiðheimildum. Ég tel að við ættum að líta á þjóðareignir í sama skilningi og við lítum á eignarrétt einstaklings, í gegnum sama stækkunargler og við sjáum lýðræðið þegar kemur að sjálfsákvörðunarrétti einstaklings. Eins og lýðræðið er sjálfsákvörðunarréttur á stórum skala er einstaklingsfrelsið sjálfsákvörðunarréttur á litlum skala. Það sem ég meina með því — og ég þakka undirtektir hv. þingmanns um að frekar beri að kalla þetta auðlindagjald en veiðigjald — er að mér finnst að það ætti kannski að endurspeglast meira í nefndarstörfum og þegar við tölum um það almennt, vegna þess að eignarréttur hlýtur að eiga við þar og er enginn ágreiningur um það eftir því sem ég best fæ séð. Svo lengi sem við tölum um það á réttum skala ætti það heita auðlindagjald en ekki veiðigjald.

[22:59]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé ágreiningur milli mín og hv. þingmanns um þetta, kannski snýst umræðan frekar um orðanotkun og hvort við kjósum að nota orðið auðlindagjald, eins og hv. þingmaður gerir, eða veiðigjald. En af því að hann gerði það að umtalsefni að ég hefði tengt þetta við almenna umræðu hér á landi um kvótakerfið og um sáttina um sjávarútveginn þá held ég að sú tenging sé eðlileg. Það má kannski segja að sú umræða hafi náð langmestum hæðum í hinni pólitísku umræðu hér á landi langt aftur í tímann. Og eiginlega má segja að á síðari árum fari aðrar auðlindir og umræða um annars konar auðlindanýtingu að bætast í þann flokk, til að mynda þegar kom til

einkarekstrar í orkugeiranum, sem áður var allur á samfélagslegri hendi.

Því má segja að þarna hafi umræðan þróast lengst, allt frá því í rauninni að núverandi kvótakerfi var tekið upp og sú umræða hófst hvort nýtingin á auðlind geti skapað óbeinan eignarrétt eða ekki. En að sjálfsögðu á sú umræða sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni áðan auðvitað heima þegar kemur að nýtingu á jarðvarma, þegar kemur að nýtingu fallvatnanna, þegar kemur að nýtingu vatnsauðlindarinnar sem er orðin ein eftirsóttasta auðlind heims. Og svo ég vitni aftur til annarra ríkja er þetta kannski stóri slagurinn þar sem vatnsauðlindin hefur verið einkavædd upp að einhverju marki, og þá erum við með nákvæmlega sömu umræðu.

Ég held að við hv. þingmaður séum sammála um að þetta sé regla sem eigi að gilda almennt um auðlindanýtingu og eðlilegt að ræða því bara um auðlindagjald.

[23:01]

**Össur Skarphéðinsson (Sf)** (*andsvar*):

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir lagði út af hinum frægu orðum Margrétar Thatcher sem sumir hafa sagt að næði því að greypa í eina setningu kjarna frjáls-hyggunnar. Það mætti kannski segja miðað við þær áherslur sem hafa birst í umræðunni og þessu frumvarpi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að í hennar útgáfu væri ekkert samfélag, bara útgerðarmenn. Þannig eru áherslurnar sem birtast hér.

Mér fannst hv. þingmaður tala af skyggnu mannviti um sjávarútveg og veiðigjöld og greinilegt að hún fiðrast vel í þeim málaflokki. Ég var henni algjörlega sammála nema þegar hún kom að afleiðingum frumvarpsins. Hv. þingmaður sagði að það væri alveg ljóst að í haust mundum við standa frammi fyrir því að ríkisstjórnin þyrfti að reyna að bæta upp það tekjufall sem hún er að skapa hér í kvöld og þessa daga og enginn vissi hvað yrði. Það er rangt.

Frú forseti. Námsmenn vita það. Það kom skýrt fram í dag að hæstv. ráðherrarnir eru þegar byrjaðir að kroppa af þeim sem aumastir standa og minnst skjólið hafa. Það var reifað mjög ítarlega í jómfrúarræðu hv. þm. Freyju Haraldsdóttur í dag.

Það kom fram í fréttum í kvöld að formenn stjórnarflokkanna fara nú fram á það við stjórnarandstöðuna að hún fallist á að samkomudegi þings verði frestað í haust. Af hverju? Vegna þess að þeir hafa sjálfir búið sér til þá stöðu á þessum dögum að alveg ljóst er að með því að tapa töluvert miklum tekjum úr ríkissjóði með þeim frumvörpum sem þeir hafa lagt fram komast þeir ekki til þess í tíma að búa til fjárlagafrumvarp. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann, sem er formaður stjórnarmálaflokks, telur hún að það eigi að verðlauna þá fyrir þetta með því að verða við því?

[23:03]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvar. Ég fyllist alltaf andakt þegar ég hlýði á hv. þm. Össur Skarphéðinsson tala og þakka honum fögur orð um fjaðrir mínar. Það er hárrétt sem hv. þingmaður benti á að við er-

um auðvitað farin að sjá fyrstu merki afleiðinga þessara frumvarpa og það sést í þeirri niðurskurðarkröfu sem ég nefndi áðan sem er búíð að gera á opinberar stofnanir. Það er búíð að senda út bréf og námsmenn eru þeir fyrstu sem finna fyrir niðurskurðinum. Að því leyttinu til held ég einmitt að við sjáum þarna endurspeglun á vinstri og hægri pólitík. Af því að hv. þingmaður gerði orð mín um Margrétu Thatcher að umtalsefni má kannski segja að hennar pólitíska barátta hafi snúist um að draga pólitíkina úr stéttabaráttunni og breski Íhaldsflokkurinn hafi í raun og veru háð mestu stéttabaráttuna í Bretlandi, þ.e. gegn verkalyðsstéttinni fyrir yfirstéttina og fyrir það sem við getum kallað efri miðstéttina með því að halda þeim málfutningi á lofti að allir ættu möguleika á að tilheyra miðstéttinni ef þeir hefðu nægilega hæfileika til.

Það má kannski segja að að einhverju leyti hafi það tekist með því að setja verkalyðsstéttina niður í breskri orðræðu þannig að nú höfum við séð hvernig yfirstéttin og efri millistéttin hafa náð öllum völdum þar og er afar áhugavert að sjá arfleifð Margrétar Thatcher. Hvað varðar fréttina sem var á Stöð 2 er það svo að umræða hefur verið af hálfu formanna stjórnarflokkanna um þingsetningardag og hugsanlega frestun hans. Ég held hins vegar að það sé rétt að formenn stjórnmalaflokkanna ljúki þeim samræðum áður en þær fara fram í þingsal.

[23:05]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Enn á ný kemur hv. þm. Katrín Jakobsdóttir mér á óvart með orðsnilld sinni. Hún skilgreinir auðvitað stöðu þessa máls með hárréttum hætti. Hún er að segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið upp stéttabaráttu fyrir hönd stórutgerðarinnar. Ég er henni algjörlega sammála um það. Að öðru leyti vildi ég að ég gæti komið hér til þess að þakka henni kærlega fyrir skýr svör en oft hefur hv. þingmaður þó tekið skýrar til orða en einmitt núna. Það er hins vegar algjörlega klárt að minn formaður, og reyndar aðrir þeir sem stýra liði stjórnarandstöðunnar, munu þurfa að aka þungu hlassi á mig til þess að ég fallist á málið. Ég er nefnilega algjörlega sammála því sem hv. þm. Katrín Jakobsdóttir sagði áðan að þetta væri ekki efnahagslegt feigðarflan sem ríkisstjórnin hefur att sjálfri sér út í með framlagningu þessa frumvarps. Það sviptir burt hálfum fjórða milljarði króna á þessu ári, úr heldur naumt skömmtuðum fjármunum ríkisins, og sex og hálfum á næsta ári. Það er auðvitað algjörlega ljóst að þetta skapar ríkisstjórninni mikla erfiðleika. Hún veit ekki hvernig í ósköpunum hún á að koma saman fjárlögum og hún veit ekki hvernig hún á að ná saman tekjufrumvörpum til að vega upp á móti þessu.

Ég mundi telja fyrir mína hönd og pólitískra venlasmanna minna að það væri að bíta höfuðið af skömminni og kóróna hana síðan að fallast á að við rífum þessa herra menn og hefðarfrýr upp úr því diki sem þau hafa sjálf komið sér ofan í, að samþykka sérstakt ákvæði í þingskapalög til bráðabirgða til þess að koma þeim undan því hlassi sem þau hafa sjálf steypt yfir sig. Ég segi það enn og aftur að það mun þurfa að beita mig tiltölulega miklu harðræði til þess að ég fallist á það.

[23:07]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að við krefjum formenn stjórnarflokkanna svara. (Gripid fram í.) Mér finnst eðlilegt að þeir verði krafðir svara hér í þingsalnum því að alveg ljóst er að þetta er mál sem þarf að ræða á þinginu ef fara á að breyta þingskapalögum til að fresta þingsetningu til þess að geta lagt fram fjárlög síðar. Ég á því von á að málið verði til umræðu í kjölfar þeirra fregna sem voru í fjölmiðlum í kvöld um þau mál og það er bara fullkomlega eðlilegt. (Gripid fram í.) Og upplýst úr ræðustóli af hv. þm. Ógmundi Jónassyni, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson hér úr sal.

Af því að hv. þingmaður nefndi þær tölur sem eru gefnar upp í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis vil ég líka benda á, sem kom raunar fram í ræðu minni og mér finnst full ástæða til að endurtaka, að bara miðað við aflaaukningu og afkomu útgerðarinnar eins og hún lítur út núna getum við jafnvel átt von á því að þær tölur séu í hærri. Það eru því í raun og veru meiri fjármunir sem samfélagið er að missa yfir í hagnað útgerðarmanna sem rennur til úgerðarmanna verði þetta frumvarp að lögum.

Ég er sammála ágættri greiningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að segja megum að þetta sé liður í stéttabaráttu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst með hvaða stétt ríkisstjórnin stendur, það sést á þessu frumvarpi. Stétt útgerðarmanna er þar fremst í flokki þannig að þeir eiga sér væntanlega einhverja bandamenn í breska Íhaldsflokknum sem hefur háð grimma stéttabaráttu í öllum aðgerðum sínum til að takast á við krepuna og hafa allar aðgerðir þeirra miðast nákvæmlega við að gæta að vissum stéttum umfram aðrar.

[23:10]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (um fundarstjórn):**

Virðulegur forseti. Það er nokkuð liðið á þessa umræðu en ég vildi inna hæstv. forseta eftir því hvort hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, sem málaflokkurinn heyrir undir, sé hér við umræðuna. Getur forseti upplýst um það hvort hæstv. ráðherra er hér við umræðuna?

(Forseti (ValG): Forseti getur upplýst um það að hæstv. landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra er ekki í húsi.)

Hefur forseti í hyggju að gera boð fyrir ráðherrann um að vera viðstaddur umræðuna?

Að minnsta kosti þætti mér tilhlýðilegt, og ég held að segja megum að það hafi verið venja við 2. umr. um frumvörp sem afgreidd eru út úr nefnd, að nefndarformaðurinn sjálfur væri viðstaddur. Hv. þm. Jón Gunnarsson er formaður atvinnuveganefndar, er hann í húsi? Ég held að það sé bysna löng hefð fyrir því að formaður eða a.m.k. staðgengill formanns eða fagnefndar (Forseti hringir.) sem málið flytur sé við umræðuna og sé til svara og viðbragða og geti brugðist við spurningum eftir því sem umræðan gefur tilefni til.

[23:11]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg) (um fundarstjórn):**

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Helga Hjörv-

ar. Þessi umræða hefur staðið í allan dag en reyndar er rétt að geta þess að 2. umr. um veiðigjaldið hefur í sjálfu sér ekki tekið langan tíma miðað við hversu umfangsmikið mál þetta er og stórt, ég held að hún sé á öðrum degi eða svo. En það er rétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar gat um að það er a.m.k. hefð fyrir því að þeir sem bera ábyrgð á umfjöllun máls í þinginu, forusta viðkomandi þingnefndar, séu viðstaddir umræðuna, taki þátt í henni og svari spurningum og þess háttar. Oft er líka óskað eftir viðveru ráðherra.

Rétt er að geta þess að þetta er mál sem væntanlega mun ganga til nefndarinnar að nýju eftir 2. umr. og fyrir 3. umr. Þannig að það er eðlileg ósk og krafa að þeir sem munu halda utan um málið í nefndinni séu viðstaddir umræðuna. Mér finnst að nú þegar klukkan er farin að slaga í miðnætti, (Forseti hringir.) frá forseti, hafi það engan tilgang að halda umræðunni áfram lengur í kvöld ef nefndarformaður og ráðherra geta ekki verið viðstaddir.

[23:12]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf)** (*um fundarstjórn*):

Frú forseti. Eins mikið og ég dáí minn ágæta þingflokksformann, hv. þm. Helga Hjörvar, verð ég að leyfa mér þann munað að vera honum ósammála. Ég tel alls ekki að það mundi greiða fyrir störfum þingsins í kvöld ef hæstv. sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra kæmi hingað til þessarar umræðu. Ef mín orð vega eitthvað í því máli mundi ég óska eftir því að hann héldi sig heima. Eins og hv. þingmaður sem hóf máls á þessu veit, er Framsóknarflokkurinn nú þegar búinn að líma þykkann heftiplástur fyrir munninn á þeim ágæta manni sem hefur skandalíserað nánast í hvert einasta skipti sem hann hefur talað við fjölmiðla hingað til og ég held að það bjargi engu þótt hann komi hingað.

Hins vegar leyfi ég mér að taka undir með hv. þingmanni að það er eiginlega vinnuþefið á hinu háa Alþingi að formenn viðkomandi fagnefnda séu staddir við umræðuna. Það er algert lágmark. Ég ítreka hins vegar, og þetta er svo sem ekkert persónulegt gegn þessum ágæta ráðherra, að ég er almennt ekki þeirrar skoðunar að hæstv. ráðherrar eigi að vera dregnir til umræðunnar þegar málið er komið í hendur þingsins eins og núna. Þá er það úr þeirra höndum.

[23:14]

#### **Arni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um fundarstjórn*):

Frú forseti. Nú bregður svo við að ég er ekki alveg sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um hversu gagnlegt það væri að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra væri viðstaddur umræðuna og tæki jafnvel þátt í henni. Ég held að það gæti einmitt orðið fóður í góða umræðu ef hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kæmi hingað og tæki þátt í umræðunni á köflum. Ég held að það gæti verið gagnlegt.

Varðandi það að það sé ekki endilega góður siður að óska eftir því að ráðherrar séu viðstaddir þegar mál er komið inn í þing eru auðvitað ýmsar hliðar á því. Það er ekkert endilega sjálfgefið að þeir þurfi að vera það, þegar þeir eru í raun búnir að leggja málið inn í þing og það er komið hingað til meðferðar, en á meðan við búum enn þá við það kerfi að ráðherrar eru líka þingmenn og hafa atkvæðisrétt

hér finnst mér ekki útilokað að hægt sé að æskja þess að ráðherrar séu viðstaddir umræðuna, a.m.k. hlýði á þann málflutning sem hér fer fram vegna þess að hann getur verið (Forseti hringir.) fóður fyrir þá ágætu ráðherra í áframhaldandi vinnu þeirra.

[23:15]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf)** (*um fundarstjórn*):

Frú forseti. Þetta var auðvitað sjónarmið út af fyrir sig hjá hv. þingmanni. En almennt er ég á móti því að þegar mál er komið til þings og komið til umfjöllunar fagnefnda að verið sé að draga ráðherra til að svara fyrir það, það er ekki lengur í þeirra höndum. Það er partur af þeirri glöggu skiptingu sem á að vera milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins að við einmitt undirstrikum það með því að draga einungis til ábyrgðar fyrir málsins hönd á því stigi þá eða þann sem leiðir viðkomandi fagnefnd. Ráðherra má þess vegna vera víðs fjarri og stundum er það betra fyrir málið.

Ég held líka að hv. þingmaður hafi ekki sterka trú á sínum eigin málstað í umræðunni ef hann telur að það sé fallið til að styrkja málstað hans að fá hingað ráðherra beinlínis til að honum verði fótaskortur í öðru hverju spori og hægt sé að notfæra sér það. Við erum í málefnalegri umræðu sem hefur að ýmsu leyti verið ákaflega málefnaleg. Ég tek því alls ekki undir þetta.

[23:16]

#### **Helgi Hjörvar (Sf)** (*um fundarstjórn*):

Virðulegur forseti. Eins og forseti tók eftir krafðist ég þess ekki að hæstv. ráðherra væri við umræðuna, vakti einfaldlega athygli á þeirri staðreynd að hann er ekki einasta fjarri úr þingsalnum heldur er hann ekki einu sinni í Alþingishúsinu að fylgjast með umræðunni eins og þó oft er um ráðherra.

Hinu kallaði ég eftir að nefndarformaðurinn, Jón Gunnarsson, sem ég hygg að til séu nokkrar ræður eftir héðan úr stólnum síðustu fjögur árin eða svo um mikilvægi þess að menn séu við umræður, að sá ágæti þingmaður sé við umræðuna enda fer hann fyrir nefndinni og fyrir þeim tillögum sem eru til umfjöllunar. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann hygdist gera hlé á þingfundi þangað til nefndarformaðurinn er kominn hingað til fundar og auðvitað geta einhverjar skýringar verið á því. Það hefur hent alla nefndarformenn kannski einu sinni eða tvisvar að þeir hafa þurft að vera fjarri umræðu, en að vera klukkutímum saman fjarri umræðuna án þess að vera hér til að svara spurningum eða bregðast við er náttúrlega algerlega óviðunandi, virðulegur forseti.

[23:18]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S)** (*um fundarstjórn*):

Virðulegur forseti. Ég hyggst gera athugasemd við fundarstjórn forseta. Mér hefði þótt það við hæfi að þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi um hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra með þeim hætti sem hann gerði hér í tvígang þá hefði forseti slegið í bjöllu og beðið hv. þingmann um að gæta orða sinna. (**Gripíð fram í:** Ögmundur Jónasson?)

Ég biðst afsökunar, virðulegur forseti, ég átti við hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

[23:19]

**Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fá loksins færi til að (Gripið fram í.) tjá mig í þessari umræðu. Ég heyrir að einhver vafi leikur á, svo líkir eru þeir orðnir fóstræður, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson, hvor er hvað og hvurs er hvað. En ég fagna því að fá að taka til máls í umræðunni því að málið sem við ræðum snýst um mikið grundvallaratriði.

Sú staðreynd að það skuli vera fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar, sem lofaði mörgum miklu og líklega meiru en dæmi eru um í Íslandssögunni til að komast til valda, segir mikla og dapurlega sögu um forgangsroðun í starfi ríkisstjórnarmeirihlutans. Það er grundvallarhugmynd í skynsamlegri hagstjórn að leggja gjöld á ókeypis aðgang að sameiginlegum auðlindum vegna þess að ef svo er ekki gert búum við til skekkjur í hagkerfinu og við höfum af því áratuga reynslu, og reyndar árhundraða reynslu, hvaða áhrif það hefur. Ef menn fá ókeypis aðgang í atvinnurekstri að sameiginlegum gæðum þjóðar skekkir það innbyrðis samkeppnisstöðu atvinnugreina og það dregur úr almennri vel-sæld því að þjóðin fær ekki arð af sameiginlegri auðlind sinni.

Þess vegna hefur það lengi verið grundvallarstefna jafnaðarmanna að sameiginlegar auðlindir séu í sameiginlegri eigu og þjóðin fái afgjald af sameiginlegum auðlindum sínum. Það hefur verið grundvallarviðmið í allri efnahagslegri málafylgju jafnaðarmanna í áratugi og má alveg fara aftur til, ef ég man rétt, 1930 til að sjá fyrstu frumvörpin um eignarhald almennings á auðlindum í jörðu og virkjunarrétti fallvatna, sem voru síðan lögð fram á Alþingi áratugum saman og voru merkismál jafnaðarmanna alla tíð.

Þegar menn ákveða að fyrsta mál nýrrar ríkisstjórnar sé ákvörðun um að draga úr gjaldtöku fyrir not af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar eru menn þar af leiðandi að segja mikla sögu um forgangsroðun og viðhorf til réttlætis í hinu efnahagslega umhverfi. Í grunninn snýst þetta um spurninguna hvort menn telji mikilvægara að leggja skatta og álögur á fólk eða láta þá sem njóta aðgang að sameiginlegum auðlindum borga fyrir þann aðgang og létta á móti skattbyrðar venjulegs fólks og venjulegra fyrirtækja. Það er sú skakka forgangsroðun sem birtist í frumvarpinu hér sem vekur þess vegna miklar efasemdir og vangaveltur um þá stefnu sem ríkisstjórnin er að taka.

Það er auðvitað hægt að færa ýmis rök fyrir lækkun þess veiðileyfagjalds sem var lagt á í fyriravor. Það er alveg hægt að rökstyðja til dæmis að gjaldið eigi að leggja á með öðrum hætti og það er fræðilega séð hægt að rökstyðja lækkun þess með ýmsum hætti. Það er til dæmis hægt að segja að gjaldtakan sé of mikil, að þanþol greinarinnar sé ekki slíkt að hún standi undir greiðslum gjaldsins, gjaldið sé með öðrum orðum of mikið og taki til sín of mikinn hluta af hagnaði greinarinnar og meira en réttlætlegt er.

Þá kemur að spurningunni hvort við getum prófað þá staðreynd. Er það kannski þannig? Ég vitna til skrifra hagfræðinganna Jóns Steinssonar og Gauta B. Eggertssonar, sem hafa fært fyrir því rík rök að gjaldtakan sé ekki um-

fram þanþol greinarinnar. Þvert á móti þyldi greinin meiri gjaldtöku og á móti væri hægt að létta sköttum af fólk. Þetta segja doktorar í hagfræði við merkustu háskóla í Bandaríkjunum, Princeton og Colombia, og færa fyrir því gild efnahagsleg rök.

Ég nefni líka Alþjóðagjaldeyrissjóðinn — eina af þeim víðfrægu erlendu skammstöfunum sem hafa svo mjög truflað að svefn hæstv. forsætisráðherra síðustu daga — sem hefur gert athugasemdir við þá hugmynd að rétt sé að setja lækkuð veiðigjalds í forgang. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gengið lengra, hann hefur sagt að þeir hafi kannað gjaldið sérstaklega og komist að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegt og hagkvæmt. Það má nefna líka athugasemdir frá OECD. Með öðrum orðum komast greiningaraðilar sem horfa á hið íslenska hagkerfi utan frá ekki að þeirri niðurstöðu að gjaldið sé meira en svo að greinin ráði við það, þ.e. að gjaldið sé ekki umfram þanþol greinarinnar.

Þá má auðvitað gagnrýna gjaldið og vekja upp efasemdir um það vegna þess að það leggist með óréttmætum og ósanngjörnum hætti á ólíka hluta sjávarútvegsins og þá sérstaklega að það leggist þyngra á bolfisksveiðar en réttlætlegt er. Ég hef samúð með því sjónarmiði. Ég hef farið mikið um landið síðasta árið og hitt útgerðarmenn og fiskvinnslufólk um allt land og auðvitað hefur sitt sýnst hverjum um áhrif gjaldsins á rekstur á hverjum stað.

Síðan má horfa á ummæli Stefáns B. Gunnlaugssonar, lektors við Háskólann á Akureyri, sem ég held að sé virtur í sjávarútveginum og virtur í samfélaginu almennt séð sem mjög skynsamur og hógvær greinandi á þessu sviði. Hann er eini maðurinn sem ég veit til þess að hafi lesið alla rekstrarreikninga allra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í nokkur ár og starfaði hann til dæmis fyrir sáttanefndina margfrægu. Ég fékk hann til verka þegar ég var efnahags- og viðskiptaráðherra til að leggja mat á gjaldþol sjávarútvegsins og hann skilaði mjög mikilvægri skýrslu sem síðan nýttist í frekari vinnu við mótun fiskveiðistjórnarkerfis og gjaldtöku.

Þegar Stefán B. Gunnlaugsson kemst að þeirri niðurstöðu að það hafi verið rúm til hækkunar gjaldsins á upp-sjávarfisk, eins og gert er ráð fyrir í tillögum hæstv. sjávarútvegsráðherra, en kemst líka að þeirri niðurstöðu að gjaldið á bolfiskinn sé að lækka of mikið finnst mér að okkur beri einnig að taka mark á því. Í fyrsta lagi er hin almenna hagfræðilega greining á því hvort heildargeta greinarinnar til að standa undir gjaldtöku sé í lagi. Við erum með fræga hagfræðinga, sérfræðinga sem segja: Það er ekki þannig að þar sé verið að leggja á of mikið. Svo horfir maður á einstaka hluta greinarinnar og þá leggja líka fyrir álit þeirra innlendu sérfræðinga sem hafa hvað mest kafað í þessa stöðu, horft á rekstrarreikning ólíkra sjávarútvegsfyrirtækja út frá samsetningu afla í hverju og einu tilviki. Stefán B. Gunnlaugsson kemst að þeirri niðurstöðu að verið sé að lækka bolfiskinn um of og bendir á að vegna fjölbreyttra frádráttarreglna í lögunum sem komu veiðigjaldinu á séu svo margar leiðir til þess að telja fram og frá afslátt vegna kvótakaupa að það sé undir hælinn lagt hvort mörg bolfisksfyrirtæki borgi nokkuð sérstakt veiðigjald ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Hann segir þar af leiðandi að þetta sé ekki skynsamleg leið.



Í þriðja lagi er hægt að gagnrýna álagninguna út frá því að hún mismuni útgerðum eftir stærð, hún leggist þyngra á minni útgerðirnar en þær stærri og þá einkanlega í bolfiski. Þar segi ég aftur: Já, það er rétt, það eru sjónarmið sem eru gild. En aðferðin sem er lögð til af hálfu ríkisstjórnarinnar, og meiri hluti nefndarinnar treystir sér einhvern veginn ekki til þess að gera neina breytingu á, felur ekki í sér að koma með neina eðlilega lausn á því vandamáli, sem er í hlutfalli við vandamálið sem verið er að leysa. Þvert á móti er gripið til groddalegri almennrar lækkunar á veiðigjaldinu á bolfisk en ástæða er til þegar skynsamlegri leið er að fara fram með þeim hætti sem minni hluti nefndarinnar leggur til, að koma á rýmra frítekjumarki sem nýtist auðvitað minni útgerðunum og mætir þörfum þeirra.

Þannig er það í þessum þremur grundvallaratriðum sem lúta að veiðigjaldinu og mögulegum ágöllum við álagningu þess: Í fyrsta lagi að meira sé lagt á en greinin í heild þólar, í annan stað að lagt sé meira á bolfiskinn en hann þólar og í þriðja lagi að lagt sé meira á minni útgerðirnar en þær þóla. Í öllum tilvikum er niðurstaðan sem lögð er til í frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra ekki sú sem er skynsamlegust, ekki sú sem fellur best að almannahagsmunum heldur þveröfugt.

Ég vil í því samhengi ræða aðeins aðrar leiðir. Það er auðvitað gagnrýnivert að við séum alltaf að reyna að finna leiðir til að leggja veiðigjald á með einhverjum viðmiðum sem eru umdeilanleg. Það er óhjákvæmileg afleiðing þess að við erum að reyna að ná utan um það sem heitir umframrenta, auðlindarenta, sem er umfram eðlilega arðsemi í greininni en er erfitt að skilgreina nákvæmlega og það leiðir af eðli greinarinnar og sveiflum í sjávarútvegi að rentan sveiflast eftir gengi greinarinnar. Ef menn gætu sagt að hér væri fitulagið í sjávarútveginum og þeir ætluðu bara að taka það væri það einhver fasti og þá værum við náttúrliga í voðalega þægilegri stöðu til að gera þessa hluti. En það er ekki þannig vegna þess að rentan verður meiri á uppgangstímum og hún verður minni og getur jafnvel horfið á samdráttartímum í sjávarútvegi.

Það er því ákveðið vandamál að fara þá leið að leggja með almennum hætti á þetta gjald. Ég hef alltaf aðhyllt þá leið sem Samfylkingin hefur talað fyrir árum saman, að auðlindarentan sé ákvörðuð í frjálsum viðskiptum á markaði, að það sé ekki stjórnvaldsákvörðun að úrskurða að borga eigi þetta og þetta, heldur sé það þannig að nægjanlegt magn veiðheimilda sé á markaði á hverjum tíma til þess að það myndist raunverulegt verð með þær heimildir í frjálsum viðskiptum manna á milli til þess að ákvarða í reynd verðið sem greinin er að leggja á veiðheimildirnar. Þannig að frekar en að allar veiðheimildir séu alltaf að skipta um hendur sé nægilega mikill hluti á markaði á hverjum tíma til þess að raunhæft úrtak sé til að prófa afrakstursgetu greinarinnar á hverjum tíma.

Sú leið hefur það í för með sér að þegar vel gengur í sjávarútvegi, aðstæður eru góðar, borga fyrirtækin mikið fyrir viðbótaraflaheimildir. Með sama hætti borga þau lítið þegar kreppir að. Þannig væri það tryggt í kerfi sem þessu, án nokkurra vandkvæða og án þess að við þyrftum eitthvað að velta því fyrir okkur hversu hátt krónuhlutfallið ætti að vera á bolfisks- eða uppsjárveiði, að afgangið réðist ein-

faldlega í frjálsum viðskiptum manna á milli. Þjóðin mundi þannig deila kjörum með sjávarútveginum, sem er grundvallaratriði, að þjóðin og sjávarútvegurinn séu bandamenn, vegna þess að þegar vel gengi í sjávarútveginum nyti þjóðin ríkulega og þegar á bjátaði, því að vitum öll að sjávarútvegur er sveiflukenndur rekstur og það er ekkert gefið í því hvernig afkoma í honum er frá einu ári til annars eða einu árabili til annarra, væri þessi grundvallarhlekkur tryggður áfram sem bindur saman þjóðina og sjávarútvegin um sameiginleg örlög.

Ég hef alltaf verið talsmaður þess að við fyndum betri leið til að leggja gjald sem þetta á og að það gjald væri lagt á, eins og ég segi, á grundvelli frjálstra viðskipta. Auðvitað er hægt að segja: Þetta er ósanngjarnt gagnvart fyrirtækjum sem eiga allar sínar heimildir og hafa átt þær lengi og eiga ekki nein viðskipti með heimildir. En á móti kemur að ef magnið er meira en agnarlitill pottur myndast það sterkur grunnur að það ætti að geta myndast raunveruleg verðmyndun með veiðheimildir í svona potti og þar með ætti hann að geta ráðið afgangi fyrir greinina í heild.

Því er ég að rekja þetta? Því að ég tel að sú niðurstaða sem við erum að leggja upp með í áliti minni hlutans í þessu máli hér setji fram viðunandi málamiðlun meðan við erum ekki með betra kerfi en það að leggja gjaldið á í rauninni með almennum stjórnvaldsákvörðunum. Besta leiðin væri að mínu viti án efa að búa til umgjörð með því að tryggja að fullnægjandi hluti veiðheimilda væri á markaði til þess að afgangið réðist á markaði á hverjum tíma og þar af leiðandi þyrfti minni þrætur um hver væri raunveruleg afrakstursgeta sjávarútvegsins á hverjum tíma.

Eitt langar mig líka að nefna hér sem er hugmyndin um sjávarútvegin vegna þess að okkur talsmönnum hraustlegs veiðigjalds, hraustlegs afgangis fyrir aðgang að sameiginlegum auðlindum, hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að vera óvinir sjávarútvegsins. Ekkert er fjær mér í hugsun. Ég held að það sé grundvallaratriði fyrir íslenska þjóð að við höfum áfram öflugan sjávarútveg og að við höfum áfram samkeppnishæfan sjávarútveg. Sjávarútvegurinn er í dag burðarstoð íslensks efnahagslífs og verður það um ókomna tíð. Hann hefur getið af sér gríðarlegan ávinning fyrir íslenskt samfélag umfram það sem hefur orðið til í greininni sjálfri. Umgjörð greinarinnar, stærð hennar, kraftur og fjárfestingargeta hefur valdið því að myndast hefur öflugur þekkingariðnaður til hliðar við sjávarútvegin á Íslandi, sem aldrei hefði myndast nema af því að greinin var svona sterk og öflug og hafði mikla fjárfestingargetu.

Eldurnýjunarhæfni íslensks sjávarútvegs er mjög merkilegt fyrirbæri. Það er ótrúlegt að horfast í augu við það að þessi grein skuli á árunum í kringum 1990 hafa tapað meiru en helmingnum af þorskaflanum en komist í gegnum þær hremmingar með gríðarlegri eldurnyjunarhæfni, mikilli fjárfestingu í nýrri tækni og nýrri þekkingu. Menn gerðu einfaldlega meiri verðmæti úr minna magni, sífellt meira verðmæti úr minna magni. Ég þori ekki að fara með tölurnar hér því að þær enda í þingtíðindum, ekki hverjar þær eru nákvæmlega, en það er ólíku saman að jafna hvað við erum að nýta af hverjum þorski nú eða árið 1990. Mig minnir að hlutfallið hafi verið ekki nema um 40% af hverjum þorski sem við nýtum 1990 og við erum

komin langt, langt, langt upp fyrir það núna. Ég þekki ekki einu sinni hlutfallið en það eru dæmi um þorska sem menn eru að vinna í einstökum fyrirtækjum og ná alveg upp í 97%, þannig að það er nokkur veginn ekki nokkur skapaður hlutur sem út af stendur.

Til að til dæmis þetta kraftaverk hafi verið mögulegt þurfti greinin að búa við tvennt. Hún þurfti að búa við frjálst framsal veiðheimilda og hún þurfti að geta fjárfest, hún þurfti að búa við arðsamar forsendur. Ég held að það skipti óskaplega miklu fyrir okkur sem þjóð að þetta verði áfram umgjörð íslensks sjávarútvegs, að hann geti áfram verið þessi burðargrein því að alveg eins og hann með fjárfestingargetu sinni upp úr 1990 varð stöð fyrir fjöldamörg þekkingarfyrirtæki sem þá voru að slíta barnsskónum og voru að þróa lausnir fyrir sjávarútveginn, hvort sem það voru hátæknilausnir eins og Marel eða lausnir sem voru meira í almennri þjónustu í veiðarfærum og slíku, getur hann í dag orðið burðarás fyrir svo margt annað, fyrir fyrirtæki sem eru að vinna í líftækni o.s.frv. Tækifærin eru svo óendanlega víða.

Kvótakerfið og frjálst framsal innan þess er að mínu viti grundvallarþáttur í árangri sjávarútvegsins og velsæld íslensks samfélags og ég er fylgjandi hvors tveggja. Ég vil frjálst framsal veiðheimilda og það er mikilvægt að kvótum sé úthlutað til fyrirsjáanlegs tíma þannig að fyrirtæki geti fjárfest. Það fjárfestir auðvitað enginn í dýrum tækjum ef fullkomin óvissa er um það hversu lengi fólk heldur veiðheimildunum eða jafnvel ef fólk þarf að sækja sér veiðheimildirnar á ársfresti á opinn markað og borga óvíst verð frá einum tíma til annars. Það er einmitt grunnurinn sem er fólgin í kvótum, framseljanlegum kvótum sem fyrirtækin vissu að þau höfðu um fyrirsjáanlega framtíð, sem hefur auðvitað valdið því að fyrirtæki hafa getað tekist á við ný tækifæri í greininni og nýtt þau með tæknilausnum sem eru ófundaðar úti um allan heim. Það er alveg sama hvort það er í uppsjávarfisknum á síðustu árum, hvort það er í rekjavinnslunni eða hvort það er í þeirri þróun í bol-fisksvinnslu sem ég var að rekja áðan samhliða minni þorskafli, í öllum þeim greinum hefur orðið tæknistökk sem hefur verið knúð áfram af nánú sambandi innlendra framleiðenda, þ.e. innlendra þjónustufyrirtækja og framleiðenda vélbúnaðar, og svo sjávarútvegsfyrirtækjanna sjálfra.

Greiddsla hóflegs auðlindagjalds, hraustlegs auðlindagjalds, er engin andstaða við arðbæran sjávarútveg. Það er mjög mikilvægt að greitt sé hraustlegt auðlindagjald af greininni. Grein sem leggur ekki meira af mörkum en felst raunverulega í umframrentunni í þröngum skilningi verður ekki fyrir neinu tjóni. Um það hafa verið skrifaðar margar fræðigreinar og hugmyndin að baki skilgreiningunni á auðlindarentu felst akkúrat í því að menn gangi ekki of langt í að taka af fyrirtækjunum hinn raunverulega arð af reglulegri starfsemi og taki hann satt að segja alls ekki heldur bara umframhagnaðinn, rentuna sem er umfram það sem starfsemi sjálf byggir upp. Ef þarna tekst rétt til í skilgreiningunni á auðlindarentunni og hún er réttilega tekin og ekki oftekið þá skaðar það ekki uppbyggingu fyrirtækjanna, nema síður sé.

Þarna kemur aftur að því sem ég var að rekja áðan, það

þarf að taka rétt, það þarf að ná að ákvarða auðlindarentuna með réttum hætti þannig að ekki sé tekið of mikið. Þess vegna skiptir umræðan sem við eigum hér um fjárhæð veiðigjaldsins og eðli þess auðvitað miklu máli því að það hefur afleiðingar ef menn taka of mikið af í veiðigjöldum og skaða samkeppnishæfni fyrirtækjanna og rekstrarforsendur þeirra.

Ég vil í framhaldi af því vekja aftur máls á og koma aftur að hugmyndinni um forgangsörðunina sem felst í þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Ég held reyndar að í aðdraganda síðustu kosninga hafi menn almennst ekki gert ráð fyrir því miðað við málflutning stjórnarflokkanna sem þá var hafður í frammi að fyrsta forgangsmál á nýju sumarþingi væri að lækka fjárhæð veiðigjalds eins ríkulega og raun ber vitni, og jafnvel gengið lengra en hógværustu sérfræðingar telja eðlilegt, heldur að fyrstu verk ríkisstjórnarinnar væru líklega að efna eitthvað af þeim digru fyrirheitum sem gefin voru, hin hugumstóru skattalækkunarloforð sjálfstæðismanna eða fyrirheit framsóknarmanna um tafarlausu skuldalækkun strax í sumar, heimilin í forgang, framsókn fyrir heimilin. Alla vega er þetta frumvarp ekki í nokkru samræmi við fyrirheitið um framsókn fyrir heimilin.

Ég held því að fólki hafi brugðið nokkuð í brún þegar það sá frumvarpið og að þetta skyldi vera fyrsta forgangsmál nýrrar ríkisstjórnar. Við erum í þeirri stöðu að erfitt er að ná jöfnuði í ríkissjóðarmálum og við þurfum að treysta tekjuöflunargrunn ríkissjóðs.

Þegar síðasta ríkisstjórn tók við blasti við að með innstæðulausum skattalækkunum á árunum fram að hrúni var búið að veikja svo tekjuöflunargrunn ríkissjóðs að ekki var hægt að reka ríkissjóð í einu einasta meðalári, hvað þá þegar kom að hrúni. Þegar kom að hrúni voru tekjurnar sem menn höfðu byggt á frá bankakerfinu náttúrulega horfnar og það þurfti að byggja upp tekjuöflunargrunninn. Það er mjög erfitt að byggja upp tekjuöflunargrunn í kreppu. Ætlarðu að leggja skatt á hagnað fyrirtækjanna frá því í fyrra? Það er löngu búið að eyða honum, það er eins og að virkja vatnið sem rann til ósa í Þjórsá í fyrra. Það er ekki hægt, það er hægt að virkja vatnið sem rennur í dag. Ekki geturðu lagt þunga skatta á almennar launatekjur í miðri kreppu þegar fólk upplifði það vegna þess snilldarfyrirbæris sem íslenska krónan er að kaupmáttur launa rýrnaði um tugi prósentu í einu vetfangi.

Okkur var því mikill vandi á höndum við að byggja upp tekjuöflunarkerfið. Það var búið að rýra það svo skipulega árum saman að meira að segja í efnahagsspám fjármálaráðuneytisins sjálfs árið 2006 er gert ráð fyrir því að þegar framkvæmdum ljúki á Kárahnjúkum árið 2008 verði halli á ríkissjóði. Með öðrum orðum var búið að veikja svoleiðis tekjuöflunargrunn ríkissjóðs að ekki var hægt að reka ríkissjóð hallalausn í meðalári. Það þurfti viðvarandi ofpenslu, botnlaust innflæði erlends lánsfjár og stöðutökur erlendra spekulanta til þess að halda hinu götótta fleyi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks á floti á kjörtímabilinu 2003–2007.

Þegar við tókum síðan við ríkissjóði, sem hefur ekki bara orðið fyrir miklum heimatilbúnum búisfjum vegna ófjármagnanlegra skattalækkana sem engin innstæða var fyrir heldur líka vegna þess að stórir gjaldendur opinberra gjalda eins og bankarnir voru komnir í þrot og borguðu þá

náttúrulega engin opinber gjöld, var okkur vandi á höndum, eins og fyrr segir. Eitt af fyrstu verkefnum sem við horfðum á til að styrkja tekjuöflunargrunn ríkissjóðs var að efla tekjurnar sem við gætum fengið af nýtingu auðlinda. Það var ekki einungis efnahagslega skynsamlegt að leggja gjöld á til dæmis nýtingu orkuauðlinda og nýtingu sjávarauðlindarinnar heldur var það einfaldlega líka rökrétt út frá eignatilfærslunni sem hafði orðið í hrúninu þar sem heimilin áttu í vök að verjast, efnahagsreikningur þeirra hafði versnað mjög vegna skuldsetningar þeirra sem hafði hækkad upp úr öllu valdi á sama tíma og blessuð krónan varð verðminni og verðminni. Á sama tíma fólust auðvitað í gengisfellingunni og þessum hamförum öllum — sem Framsóknarflokkurinn kallar reyndar í stjórnarsáttmálanum verðbólguþekkt og þykir mér það hófleg nafngift — gríðarlegar tilfærslur á verðmætum frá heimilageiranum í samfélaginu til samkeppnis- og útflutningsgreina. Það voru því ekki bara hagræn rök fyrir því að auka arð okkar af sameiginlegum auðlindum, orkuauðlindum, sjávarauðlindum og öllum öðrum auðlindum, heldur var það líka réttlátur tilflutningur á byrðum innan samfélagsins að reyna sem kostur var að létta byrðum af heimilum og fella byrðarnar frekar á útflutnings- og samkeppnisgreinar sem voru í miklu, miklu betri færum til að standa undir þeim.

Þetta sést náttúrulega afskaplega vel þegar maður ber saman afkomu einstakra atvinnugreina í atvinnugreina- greiningum Hagstofunnar hversu verslunin hefur átt undir högg að sækja frá hrúni og hversu framlegðin í sjávarútvegi hefur verið gríðarlega góð. En það er eins og annað í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að það rekur sig hvert á annars horn. Ríkisstjórnin er sammála þeirri stefnumörkun sem við réðumst í 2009, að létta heimilunum byrðarnar sem kostur er og vill meira að segja ganga lengra og leiðréttu með almennum hætti verðbólguþekkt frá 2008 og afleiðingar þess, en hún er alls ekki tilbúin að ætla samfélaginu neinn hlut af þeim gríðarlega ávinningi af gengisfellingunni sem sumir aðilar í samfélaginu höfðu. Þvert á móti kemur ríkisstjórnin fyrst hér inn og lækkar fyrirhugaðar skattahækkanir á ferðaþjónustu sem þó var búin að gefa árs fyrirvara á og væntanlega flest fyrirtæki búin að fella þá hóflegu hækkun úr 7% virðisaukaskatti upp í 14% inn í sína katalóga og verð sitt gagnvart kaupendum. Ríkisstjórnin kom ekki einungis með það inn heldur kemur hún síðan líka með þennan sérkennilega gjafapakka í veiðigjaldinu.

Ég vil segja að það er ómögulegt að átta sig á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Ef það er þannig að tjónið af verðbólguþekktu er samfélagslegt tjón mundi ég halda að gróði af verðbólguþekktu ætti að vera samfélagsleg eign. Fyrir því eru mörg dæmi í íslenski hagsögu. Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar voru settir á sérstakir dýrtíðarskattar, dýrtíðargjöld, með ýmsum hætti til þess að ná utan um hagnað þeirra sem voru að græða á verðbólgunni, þannig að það eru meira að segja fordæmi fyrir slíku. En ríkisstjórnin kemur hér á sama tíma og hún segist ætla að hjálpa heimilum sem urðu fyrir tjóni vegna verðbólgu, hún setti það reyndar í nefnd og allt óvíst um efndir þeirra fyrirheita, með gullbróðeradað gjafapakka handa þeim sem græddu á sömu verðbólgu.

Af hverju í ósköpunum ætlar ríkisstjórnin að ríkisvæða

tjónið af verðbólgunni en gefa þeim sem græddu á verðbólgunni aukagjafir úr ríkissjóði? Hver á að borga fyrir þessa veislu til handa vildarvinum sem ríkisstjórnin er að eigna til? Það er greinilega engin heildarsýn sem heldur í þessum tillögum. Ég mundi segja að það að hvika núna — meðan menn eru ekki enn þá búnir að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og eru satt að segja að færast fjær því markmiði vegna þeirra miklu lausataka sem nú eru í stjórn ríkisfjármála og þess að ráðherrar eru uppteknari við að afsala ríkinu tekjum en að reyna að afla tekna eða skera niður útgjöld — ég hefði haldið að menn ættu að passa sérstaklega fordæmisgildi þess að hræra að óþörfu í nýjum tekjustofnum fyrir almenning eins og álagning gjalda fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum er sannarlega.

Það fylgja því hagræn rök að byggja upp slíka tekjustofna. Við sjáum til dæmis hverju ný stefna Landsvirkjunar um aukinn arð af orkusölu skilar í sjálfu sér varðandi framtíðarhorfur um hag þjóðarinnar af þessu fyrirtæki. Ef okkur tekst að forðast að éta útsæðið, forðast að gefa aðganginn að auðlindum okkar.

Ég hef stundum sagt að stærsti ávinningur þeirrar ríkisstjórnar sem sat á síðasta kjörtímabili var að við skyldum ná þeim mikla árangri sem við náðum í glímunni við ríkisfjármálin án þess að fara þá leið sem allar aðrar þjóðir sem hafa náð skjótum árangri við slíkar aðstæður hafa beitt, sem er að gefa aðgang að auðlindum þjóðarinnar. Við gerðum það ekki, þvert á móti höfum við verið að auka arðinn af auðlindum þjóðarinnar og ætlað þjóðinni ríkara afgjald af auðlindunum en áður. Það er þess vegna sem ég hef áhyggjur af því ef verið er að hverfa frá þeirri stefnu. Hún er nefnilega ekki bara efnahagslega mikilvæg, hún er mikilvæg forsenda réttar og góðrar hagrænnar þróunar. Hún er forsenda jafna samkeppnisáðstæðna milli atvinnugreina en hún er líka forsenda fyrir félagslegt réttlæti í landinu, að þjóðin viti að við fáum arð af auðlindum okkar og hún mun auðvitað styðja við tilraunir til að loka fjárlagagatinu.

Ríkisstjórnin verður náttúrulega að átta sig á því, þó að hún hafi ekki sýnt mikinn áhuga á því að loka þessu fjárlagagati enn þá, að ríkisstjórnin sem ætlar að mæta þörfum íslenskrar þjóðar á svona óvissutímum verður að sýna aga í ríkisfjármálum. Það mun þessi ríkisstjórn þurfa að læra fyrir eða seinna ef ekki á að fara illa fyrir henni.

[23:59]

#### **Páll Jóhann Pálsson (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Árna Pál Árnason, sem titlar sig talsmann hraustlegs veiðileyfagjalds — hingað til hafa nú flestir talað um hóflegt veiðileyfagjald, þannig að ég hef ekki heyrt þetta fyrr, enda ætlarðu bara að taka umframhagnaðinn.

Ég spyr: Hvernig rökstyðurðu það að þú viljir aðra arðsemi af uppsjávarveiðum en bolfskveiðum? Af hverju ekki bara eina auðlindarentu, af hverju viltu ekki fá sömu auðlindarentu af uppsjávartegundum og botnfiski? Hvaða rök eru fyrir því að vera ekki með sömu arðsemiskröfuna í báðum þessum tegundum?

[00:00]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Ég vil minna þingmenn á að kenna þingmann við kjördæmi eða nefna hann fullu nafni.

[00:00]

**Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni spurninguna. Fyrst ætla ég nú bara að segja hv. þingmanni til fróðleiks að ég hef alltaf talað fyrir hraustlegu auðlindagjaldi. Ástæðan fyrir því að ég segi hraustlegt en ekki hóflegt er að sumir mistúlka hugtakið hóflegt auðlindagjald á þann veg að það eigi að vera samkvæmt óskum þess sem gjaldið leggst á. Mér finnst ég kenna nokkurn keim af þeirri afstöðu í því frumvarpi sem hér er til umræðu.

Hraustlegt auðlindagjald er auðvitað þannig að allir þeir sem það er lagt á eru þökkalega ósáttir við það en það er hins vegar rétt. Þeir sem þurfa að greiða það bölvva því eðlilega og telja það alveg í hæsta lagi en það er rétt, fyrir mér er það skilgreiningin á hraustlegu auðlindagjaldi.

Ég ætla nú ekki, af því að ég er ekki hagfræðingur og ekki sérfræðingur í auðlindarentu og skilgreiningu á henni, að útskýra það í of miklum smáatriðum. En það er auðvitað ekki þannig að auðlindarenta sé fasti, eins og ég sagði áðan í ræðunni, og sé þar af leiðandi sú sama í öllum greinum. Hún getur verið ólík í ólíkum greinum vegna þess einfaldlega að arðsemin er ólík í ólíkum greinum. Þá er arðurinn af aðganginum að auðlindinni mismikill. Það þýðir á móti að verðmætið af nytjum hennar er mismikið og þess vegna er eðlilegt að gjaldið sem innheimt er sé mismikið.

[00:02]

**Páll Jóhann Pálsson (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hv. Árni Páll Árnason, þú ert nú samt búinn að tala hérna í 40 mínútur eins og sérfræðingur í auðlindarentu (Gripið fram í.) þannig að mér finnst nú svolítið skondið ef þú þykist allt í einu ekkert kunna með það að fara. Auðlindarenta — ég hélt að það vissu það nú allir hér í sal að verið er að tala um prósentu af hagnaði. Það er reiknuð renta af umframhagnaði. Menn ættu að vera búnir að tala oftar um þennan umframhagnað. Það er verið að tala um hann í prósentum. Ef þú getur reikað út einhvern hagnað í prósentum af einhverjum tegundum sé ég ekki hvaða máli það skiptir hvað fiskurinn heitir. Rentu af einhverju, auðlindarenta, það er hluti af framlegðinni, framlegðinni af útgerðinni.

Að ætla að fara að ákveða það eins og tillaga minni hlutans er — hún er sú að hækka bara af því að þeim finnst auðlindarentan of lág á bolfisk, þá á bara að hækka hana. Þeir eru alveg sáttir við að útreikningar passi við uppsjávarfiskinn af því að hann hækkaði en hitt lækkaði og þá á bara að breyta því svona eins og einhverjum dettur í hug.

[00:04]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Ég vil enn og aftur minna þingmenn á að kenna þingmann við kjördæmi eða nefna fullt nafn hans, ekki að ávarpa í 2. persónu.

[00:04]

**Árni Páll Árnason (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Aftur til áréttingar; á bls. 2 í álitu minni hlutans, sem er afskaplega gott plagg og ég hvet hv. þingmann til að lesa vandlega vegna þess að þar er vitnað í auðlindastefnunefndina frá 2012 í september, segir, með leyfi forseta:

„Auðlindarenta myndast m.a. í atvinnugrein sem byggir á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Hún er sá umframhagnaður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt allan rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst.“

Með öðrum orðum, auðlindarentan getur verið mjög misjöfn. Hún getur verið misjöfn milli greina, hún getur verið misjöfn milli fyrirtækja eftir því hvernig aflasamsetningin er og á hvaða veiðum menn byggja fyrst og fremst. Hún getur verið misjöfn frá einum tíma til annars og það getur verið ólík áhætta af ólíkum tegundum.

Þess vegna finnst mér besta leiðin til að ákvarða auðlindarentuna sú sem ég rakti í ræðu minni, sem er að það sé gert í frjálsum viðskiptum á markaði. Þá þarf nefnilega ekkert að þrasa um hvort hún sé of hraustleg eða of léttvæg. Þá er það bara þannig að fyrirtæki borga það verð sem þau sjá sér hag í að borga fyrir viðbótarveiðiheimumild. Það er besti mælikvarðinn að frjálssar útgerðir í frjálssu samkeppnisumhverfi leggi með frjálsum hætti mat á hvað þær eru tilbúnar að borga á hverjum tíma og það ráði skilgreiningunni á auðlindarentunni.

Ég hlakka nú bara til að vinna með hv. þingmanni að því að koma þessu mikla baráttumáli Samfylkingarinnar lengra en það hefur þegar komist.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 00:07.

## 19. FUNDUR

Þriðjudaginn 2. júlí,  
kl. 1.30 miðdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Veidiðgjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60. — Frh. 2. umr.
3. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, brtt. 53, 54 og 58. — Frh. 3. umr.
4. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 61. — 2. umr.

### Aðalmaður tekur sæti á ný:

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust. (2.7.)

### Fjarvistarleyfi:

Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.  
Eygló Harðardóttir fél.- og húsnrh., 2. þm. Suðvest.  
Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.  
Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Suðurk.

### Vísun skýrslu nefndar um rannsókn á Íbúðalánasjóði til nefndar.

[13:31]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Fyrir stundu barst forseta Alþingis skýrsla nefndar um rannsókn á Íbúðalánasjóði. Af því tilefni ritaði forseti Alþingis svofellt bréf til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar:

„Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Hr. Brynjar Nielsson, 1. varaformaður.

Reykjavík, 2. júlí 2013.

Nefnd um rannsókn á Íbúðalánasjóði sem til var stofnað í kjölfar þingsályktunar Alþingis 17. desember 2010 hefur lokið störfum sínum og afhent forseta Alþingis skýrslu nefndarinnar. Eins og 13. gr. laga um rannsóknarnefndir Alþingis kveður á um ber stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis að taka skýrsluna til umfjöllunar. Jafnframt er það tillaga forseta að á morgun, miðvikudaginn 3. júlí, fari fram sérstök umræða á Alþingi um skýrslu nefndarinnar.“

Undir þetta ritar 1. varaforseti Alþingis, Kristján L. Möller.

### Tilkynning um skriflegt svar.

[13:32]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Forseti vill tilkynna að borist hefur bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem óskað er frests við því að veita skriflegt svar við fyrirspurn á þskj. 16, um málefni sparisjóða, frá Össuri Skarphéðinssyni. Er þess farið á leit við forseta að hann veiti ráðuneytinu lengri frest þar sem ekki næst að afla nauðsynlegra upplýsinga innan 15 virkra daga.

### Störf þingsins.

[13:32]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að forustumenn ríkisstjórnarflokkanna hafi óskað eftir því við stjórnarandstöðuna að leggja fyrir þingið tillögu um breytingu á þingsköpum Alþingis að því er varðar samkomudag Alþingis og að heimild verði veitt til að fresta þingsetningu að hausti til 1. október á kosningaári.

Ég vil af því tilefni greina frá því að í vinnu þingskapanefndar á síðasta kjörtímabili, sem ég veitti forustu, varð talsverð umræða um þetta málefni, þ.e. þingsetningu, og einkum og sér í lagi það ákvæði þingskapananna, sem er nýmæli, að samhliða fjárlagafrumvarpi að hausti skuli einnig leggja fram frumvarp um tekjuöflun ríkisins sem tengist fjárlagafrumvarpi. Ég tel mikilvægt að þessi frumvörp komi fram samtímis til að þingið geti fjallað um þau í samhengi. Um þetta var ágæt samstaða en ég verð þó að segja að gildistöku þessa ákvæðis, um að tekjuöflunarfrumvörpin kæmu fram samhliða fjárlagafrumvarpi, var frestað um eitt ár að beiðni fjármálaráðuneytisins því að það taldi sig þurfa lengri aðlögunartíma til að bregðast við nýjum starfsháttum. Þess vegna var ákveðið að gildistaka þessa ákvæðis yrði 1. september 2013.

Það kemur mér því spánst fyrir sjónir að leggja það til núna að þingsetningunni sé frestað vegna þess að lengri aðlögunartíma þurfi. Kjarninn í þessari breytingu var meðal annars sá að gefa þinginu lengri tíma til að fjalla um fjárlagafrumvarpið en verið hefur vegna þess að fjárlagafrumvarpið hefur verið í undirbúningi í ráðuneytum um langt skeið og síðan hefur þingið aðeins haft tvo mánuði til að fjalla um það. Mér finnst þessi hugmynd ekki góð frá forustumönnum stjórnarinnar. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki tilbúin til að ljá máls á þessu en vilji ríkisstjórnin leggja fram breytingu í þessa veru hvetjum við til þess að hún hlusti á þau sjónarmið sem við höfum haft uppi í þessu máli og komi til móts við þau en leggi ekki til þá breytingu sem heyrst hefur að stjórnarforustan hafi í hyggju.

[13:35]

#### Brynhildur S. Björnsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Það er mér sönn ánægja að fá að ávarpa þingið í fyrsta sinn. Nú nýverið gerðu þingmenn Evrópuráðsins alvarlegar athugasemdir við skipan Íslandsdeildar á sumarþingi ráðsins sem fram fór í liðinni viku, reyndar svo alvarlegar að þingskapa- og stofnananefnd ráðsins setti fram tillögu um refsiaðgerðir sem fela í sér að taka eigi atkvæðarétt deildarinnar á næsta þingi ef ekki verður búið að laga samsetningu nefndarinnar í haust.

Við vorum réttilega sökuð um að hafa brotið reglur um kynjakvóta sem kveða á um að sendinefndir einstakra þjóðþinga skuli vera skipaðar konum í a.m.k. sama hlutfalli og viðkomandi þjóðþing eða a.m.k. einni konu. En eins og við vitum þá eru þrír karlar í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og það vekur heimsathygli að engin kona sé aðalmaður í nefndinni.

Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann og formann Íslandsdeildar Evrópuráðs, Karl Garðarsson, eftirtalinnna spurninga:

Var hv. þingmanni ljóst að verið væri að brjóta reglur Evrópuráðs um kynjakvóta í nefndinni áður en lagt var af stað?

Eins langar mig að spyrja: Hvað olli því að sú ákvörðun var tekin þrátt fyrir að vitað væri að það væri alvarlegt brot á reglum ráðsins?

Enn fremur langar mig að vita hvort hv. þingmaður hafi í hyggju að leiðrétta þetta fyrir haustþingið og þá hvaða vinna sé í gangi í þeim efnum nú þegar, eða megum við eiga von á því að verða okkur aftur til skammar í þessum efnum á alþjóðlegum grundvelli og jafnvel að tapa atkvæðarétti á jafn mikilvægum vettvangi og þing Evrópuráðsins er?

[13:37]

#### **Karl Garðarsson (F):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Brynhildi S. Björnsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Það kom í ljós, þegar kosið var í nefndir í byrjun sumars, að kynjaskipting í nefndum var býsna ójöfn. Eftir að það kom í ljós var farið í það innan þingsins að breyta þessu og hafa stjórnarflokkarnir, bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, gengið mjög langt í því, hafa verið að flytja fólk á milli nefnda til að jafna þetta bil.

Eins og fram kom hjá hv. þingmanni þá eru í Íslandsdeild Evrópuráðs þingsins þrír karlar og ástæðan fyrir því að því var ekki breytt áður en við fórum út er einfaldlega sú að ekki náðist samkomulag milli þeirra þriggja flokka sem eiga fulltrúa í nefndinni, þ.e. Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrí grænna, um hver þeirra ætti að víkja sínum manni frá og koma konu í nefndina í staðinn. Þetta er mikilvæg nefnd. Flokkarnir þrír leggja mikla áherslu á að ákveðnir aðilar séu í þessari nefnd og er ekkert við það að athuga í sjálfu sér.

Auðvitað hefðum við átt að ná samkomulagi um þetta mál áður en farið var út. Við vissum af þessari reglu rétt áður en við fórum út en hins vegar náðist ekki samkomulag. Það vantar aðila innan þingsins sem tekur á málum af þessu tagi og hefur vald til að taka ákvörðun. Enginn slíkur aðili er til staðar í dag sem þýðir að flokkarnir, þrír í þessu tilfelli, verða sjálfir að ná samkomulagi. Sjálfur lagði ég, áður en við fórum út, mikla áherslu á að slíkt samkomulag næðist en það tókst því miður ekki.

Við sögðum þarna úti að við mundum breyta þessu fyrir septemberlok og það stendur, þessu verður breytt, þannig að það sé alveg á hreinu. — Ég ætla reyndar líka að benda á að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist hjá Evrópuráðsþinginu. Þetta gerðist síðast fyrir tveimur árum og hefur gerst nokkrum sinnum áður.

Að lokum vil ég bara benda á að stjórnarflokkarnir hafa verið duglegir við að færa sitt fólk til. Stjórnarandstaðan hefur ekki verið jafn dugleg við að færa sitt fólk til í nefndum. Sem dæmi má nefna að í alþjóðanefndunum er stjórnarandstaðan með sjö karlmenn sem aðalmenn en aðeins fjórar konur. Þeir ættu kannski aðeins að líta í eigin barm í þessu máli.

[13:39]

#### **Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Kirkjan er ein af grunnstoðum samfélagsins. Tæplega 80% Íslendinga tilheyra þjóðkirkjunni. Í áfangaskýrslu starfshóps sem innanríkisráðherra skipaði haustið 2011 til að meta áhrif niðurskurðar sóknargjalda á starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar kom í ljós að niðurskurður á tekjum safnaðanna frá árinu 2008 var á þeim tíma rúmlega helmingi meiri en meðalniðurskurður hjá þeim stofnunum sem heyra undir innanríkisráðuneytið. Niðurstaðan er því sú að sóknargjald sem í ár er skilað til trúfélaganna fyrir hvern einstakling nemur 728 kr. á mánuði en árið 2006 var sóknargjaldið sem skilað var 720 kr.

Á þessu tímabili hefur vísitala neysluverðs hækkað um 61,5%. Það þýðir að trúfélögunum er í ár ætlað að reka starfsemi sína á um það bil 1/3 þeirra rauntekna sem þau höfðu árið 2006. Þessi mikli niðurskurður á sóknargjaldinu hefur leitt til þess, samkvæmt gögnum frá Ríkisendurskoðun, að árið 2010 náðu 92 sóknir ekki endum saman í rekstri sínum og þeim fer fjölgandi.

Starfshópurinn taldi því ljóst að þjóðkirkjan mundi með sama áframhaldi neyðast til að leggja niður mikilvægan hlut af kjarnastarfsemi sinni á allra næstu árum til að forða því að söfnuðirnir í heild kæmst í þrot. Staðan er grafalvarleg og enn þá alvarlegri verður hún þegar að því er gætt að innheimta sóknargjalda í ríkissjóð hefur ekkert lækkað á þessu tímabili heldur þvert á móti hækkað með verðlagi á skatttekjum. Innheimta sóknargjalds var þannig samkvæmt lögum um sóknargjöld 1.005 kr. á mánuði á hvern einstakling á árinu 2012 eða 277 kr. hærra en sú upphæð sem skilað var til trúfélaganna. Það liggur fyrir að ríkið heldur nú eftir tæplega þriðjungi innheimtra sóknargjalda í stað þess að skila þeim til trúfélaganna.

Virðulegi forseti. Það er einlæg von mín að samstaða (Forseti hringir.) verði á Alþingi um að sóknargjaldinu verði skilað óskiptu til safnaðanna og rekstur þeirra tryggður til framtíðar.

[13:42]

#### **Elín Hirst (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir að forseti skyldi gefa mér leyfi til að stíga í ræðustól þrátt fyrir að ég klæðist buxum sem gætu talist gallabuxur. Ég mun að sjálf-sögðu góðfúslega hlíta þeim tilmælum sem til mín hefur verið beint um að fara heim og skipta um og mun gera það strax að þessari ræðu lokinni, enda er mér ekkert eins hugleikið og virðing hins háa Alþingis.

Íslenska skólakerfið hefur lengi valdið mér áhyggjum. Skólakerfið er lykhillinn að því að fólkið okkar og þjóðin séu samkeppnisfær, og menntun er grundvöllur þess að velgengni Íslands megi ná í samfélagi þjóðanna. Nýlega var kynnt ný skýrsla frá OECD sem ýtir enn undir áhyggjur þessar en íslenskir nemendur útskrifast elstir úr háskóla og næstelstir úr menntaskóla innan OECD-ríkjanna. Ísland er eina OECD-ríkið sem ver meiri fjármunum á hvern grunn-skólanema en hvern háskólanema.

Hæstv. menntamálaráðherra Illugi Gunnarsson hefur sýnt eftir að hann tók við embætti að hann hefur mikinn metnað fyrir hönd íslenska menntakerfisins og er opin fyrir

ir nýrri hugsun. Ég er ánægð með það og tel að nú sé lag. Að mínum dómi er allt undir, grunnskólinn, framhaldsskólinn og öll æðri menntun, ekki bara í dæmigerðum háskólagreinum heldur tel ég æðri menntun ekki síður vera í iðnskólum, sjómannaskólum og fiskvinnsluskólum.

Að lokum langar mig að vitna í grein eftir ungan námsmann, Ísak Rúnarsson, sem hann skrifaði á visir.is árið 2012, með leyfi forseta:

„Á löngum skóládögum undanfarin ár hef ég hugleitt hvað ég sé eiginlega að gera í skóla. Ég hef íhugað að hætta; íslenskutímar eru andlausir, samt hef ég gaman af bókmenntum; raungreinatímar eru vélrænir, samt finnst mér gaman að vita meira um verkan hluta í heiminum; erlend tungumál staglið uppmálað, samt finnst mér fátt skemmtilegra en að tala við útlendinga. Ég er heldur ekki sá eini sem líður svona því rannsóknir sýna að árið 2010 fannst um 30% drengja og 17% stúlkna (Forseti hringir.) leiðinlegt í skólanum.“

[13:44]

### Brynhildur Pétursdóttir (Bf):

Herra forseti. Í fréttum RÚV hefur verið fjallað um eftirlit með eldhúsáhöldum og öðrum vörum sem komast í snertingu við mat og ég vil vekja athygli þingsins á þessu máli.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, gaf nýlega út skýrslu um eftirlitsheimsókn sína hingað til lands og er meginniðurstaðan að eftirlit með þessum vörum þurfi að bæta og samræma. Þá er einnig bent á í skýrslunni að Ísland hafi ekki innleitt reglugerð Evrópusambandsins um eftirlit með eldhúsáhöldum úr plasti frá Hong Kong og Kína og ef Ísland bæti ekki úr snarlega gætum við átt á hættu að verða dregin fyrir dóm.

Mér finnst þetta alvarlegt. Skaðleg efni í neysluvörum eru raunverulegt vandamál og það er líka aragrúi efna í umferð sem ekki hafa verið áhættumetin til hlítar.

Í Danmörku hafa þessi mál verið tekin nokkuð föstum tókum. Mig langar að segja frá því að gerð var rannsókn árið 2005 sem leiddi í ljós að 63% svartra plasteldhúsáhalda innihéldu krabbameinsvaldandi efni. Í framhaldinu var farið í mikið átak og kom í ljós að stór hluti danskra fyrirtækja og innflytjenda hafði ekki ásætlanlegt innra eftirlit með vörum. Yfirvöld fóru í mikið átak og var neytendum meðal annars ráðlagt að henda gömlum svörtum plastáhöldum.

Hér á landi hafa aldrei verið gerðar stikkprufur á umbúðum, áhöldum eða öðrum vörum sem komast í snertingu við mat og það er eitt af því sem ESA gagnrýnir í skýrslunni. Slíkt eftirlit er að mínu mati nauðsynlegt en það kostar vissulega sitt. Neytendur ættu auðvitað ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að skaðleg efni séu í neysluvörum, hvaða nafni sem þær nefnast.

Við höfum innleitt efnalöggjöf Evrópusambandsins og það var stórt skref í rétta átt þótt vissulega hafi efnaframleiðendur með mikilli hagsmunagæslu náð að þynna út löggjöfina. Löggjöfin þyrfti að vera betri út frá hagsmunum neytenda, en á meðan svo er ekki er að minnsta kosti lágmark að þeirri löggjöf sem þó hefur verið sett í Evrópusambandinu sé fylgt og að íslensk stjórnvöld trassi ekki (Forseti hringir.) að innleiða reglur sem miða að því að vernda öryggi og heilsu fólks.

[13:46]

### Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég sat eins og fleiri og hlustaði á umræður í gær um veiðigjöldin. Er óhætt að segja að ýmislegt sem þar kom fram hafi vakið athygli. Í dag vil ég gera það að umtalsefni sem hv. þm. Páll Jóhann Pálsson lét frá sér fara. Hann sagði um hagsmunatengsl þingmanna við ákveðin útgerðarfyrirtæki og styrki þeirra til stjórnmalaflokka og alþingismanna, með leyfi forseta:

„Varðandi mig og hagsmunatengslin þá hef ég talið mig vera fulltrúa útgerðarinnar og hef ekkert farið leynt með það.“

Hann sagði einnig:

„Þjóst fyrrverandi ríkisstjórn — þjóst hv. þm. Ögmundur Jónasson við því að þegar hann kæmi inn í útgerðarfyrirtæki [...] að menn færu að moka í hann einhverjum styrkjum eins og hann var búinn að koma fram? Ég er ekkert hissa á því að það hafi ekki verið gert miðað við hvernig hann er búinn að tala í kvöld. Datt honum virkilega í hug að hann gæti farið inn í þessa atvinnugrein og fyllt hjá sér bækur innan kvóta?“

Hv. þingmaður segir sem sagt að hann hafi boðið sig fram sem útgerðarmaður og sé talsmaður útgerðarinnar og telur ekki vanþörf á í þessari umræðu og í nefndarstörfum.

Á dögnum óskaði hv. þm. Ragnheiður Ríkhardsdóttir eftir því að ég yrði ávít, þar sem ég teldi að fundir atvinnuveganefndar ættu að vera opnir þannig að ljóst væri að fólk væri ekki að ganga erinda einhverra. Hv. þingmaður berar sig hér algjörlega með það, hann segist vera að ganga erinda ákveðinna aðila og það er fleira sem hægt er að tala um í ræðunni.

Ég hélt nú í einfaldni minni að þegar við færum í framboð til setu á Alþingi værum við að gera það til að vinna að almannahagsmunum og láta gott af okkur leiða en ekki til að vinna að sérhagsmunum. Þingmannastarfið er í raun bara samfélagsþjónusta þar sem almannahagsmunir eiga jú alltaf að vera í forgrunni.

[13:48]

### Freyja Haraldsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Á fundi með Ban Ki-moon í morgun bar ég upp áhyggjur mínar á því að liðin séu sex ár frá því að Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og valfrjálsa bókun hans en hefur ekki fullgilt hann. Ég geri mér grein fyrir því að ákveðin vinna hefur farið fram í því skyni að fullgilda samninginn en hún hefur verið hæg og enn er mikil vinna fyrir höndum. Á námskeiði á Írlandi sem ég sat nú á dögnum um þennan tiltekna samning og innleiðingu hans kom bersýnilega í ljós hve skammt á veg við erum komin í fullgildingarmálum.

Ef horft er til íslenskra rannsókna benda þær til þess að fatlað fólk búi við mikla félagslega einangrun, fátækt, hvers kyns ofbeldi og aðgreiningu. Rannsóknir sýna jafnframt að fatlað fólk er hrætt við að gera kröfur um breytingar eða kvarta af ótta við að vera refsað innan þjónustukerfisins. Það þarf jafnframt að berjast fyrir því að hafa aðkomu að ákvarðanatöku í málum sem varða líf þess.

Ég vil skora á hv. þingmenn sem eru fulltrúar í velferðarnefnd, allsherjar- og menntamálanefnd og utanríkismála-

nefnd að hefjast handa af krafti við fullgildingu samningsins og ljúka því starfi sem fyrst. Jafnframt legg ég áherslu á að í þeirri vinnu verði haft náð samráð við fatlað fólk sjálft. Í starfi mínu hef ég orðið vör við alvarlega bresti í samráði en með því að bæta úr því tryggjum við betur að þær ákvarðanir sem þingið tekur og þær lagabreytingar sem eiga sér stað séu í samræmi við samninginn og uppfylli frekar skilyrði fyrir fatlað fólk til að geta tekið þátt í samfélaginu, haft áhrif á það og lifað sjálfstæðu lífi.

Við höfum náð langt í mannréttindaverum margra minnihlutahópa á Íslandi sem þýðir að við erum fullfær um að færa okkur til nútímans þegar kemur að réttarstöðu fatlaðs fólks og að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

[13:50]

### Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegur forseti. Í þessum lið, störf þingsins, var rætt um þá hneykslun sem nefnd skipuð körlum olli á Evrópuráðsþinginu. Mig langar að ræða það hneyksli að þing Evrópuráðsins hafi þurft að sýna í orði hneykslun á Alþingi Íslendinga þegar það sama þing samþykkir ályktun þar sem sagt er að lýðræði og réttarríkið krefjist þess að stjórnálmenn séu verndaðir fyrir því að vera ákærðir vegna pólitískra ákvarðana — og er hér verið að vísa til landsdóms.

Virðulegur forseti. Alþingi Íslendinga hlýtur með einhverjum hætti að þurfa að taka á og velta fyrir sér þessari ályktun Evrópuráðsins og bregðast við henni formlega.

Það hefur líka komið fram, í umræðu um þessa ályktun, að enginn er að velta því upp að ráðherraábyrgð eigi ekki að vera rík og að ráðherra sé ekki hægt að sækja til saka fremji þeir afgangur í starfi eða refsivert athæfi. En það eiga ekki að vera þingmenn sem ákæra pólitíska samherja eða pólitíska andstæðinga vegna gjörða þeirra.

Virðulegur forseti. Nú heyrir að lagaleg stöð hafi verið fyrir ákærinni, lagaleg stöð Alþingis fyrir ákærinni. Ef svo hefur verið, að lagastöð hafi verið fyrir ákærinni, hljóta þeir þingmenn sem ekki greiddu atkvæði með því að ákært yrði (Forseti hringir.) að hafa brotið lög. Ég held að þessa umræðu, um að lagastöð hafi verið fyrir ákærinni, (Forseti hringir.) þurfi Alþingi Íslendinga líka að taka. Það er heldur ekki hægt að sitja undir því að hafa brotið lög af því að (Forseti hringir.) menn voru ekki sammála ákæru á hendur pólitískum samherjum og andstæðingum.

[13:53]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég vil segja vegna síðustu orða hv. þm. Ragnheiðar Ríkharðsdóttur að Alþingi hefur haft ágæt tækifæri til að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi. Við börðumst hér allt síðasta kjörtímabil fyrir því að setja nýja stjórnarskrá sem gerði ráð fyrir því að leggja landsdóm niður. Ég held að það færi best á því að menn ljúki þeim leiðangri því að þessi verkefni eiga auðvitað heima hjá almennum dómstólum. En um leið verða menn að hafa í huga að fjórir af fimm hæstaréttardómurum eða meiri hluti þeirra hæstaréttardómara sem sat í landsdómi komst að þeirri niðurstöðu að dæma skyldi fyrir brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Það er hin efnislega niðurstaða sem málið fékk fyrir dómi.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs vegna þess sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson tók upp hér í upphafi umræðunnar og varðar þingsetningardag í september og fregnir sem voru í umræðu í gærkvöldi um að stjórnarmeirihlutinn treysti sér ekki til að leggja fram fjárlög á tilsettum tíma, á þeim degi sem tilskilið er í þingskapalögum.

Ég held að þetta valdi ákveðnum áhyggjum. Það hefur skipt okkur gríðarlega miklu máli að leitast við að eyða sem mestri óvissu um ríkisfjármál og efnahagsmál hér á Íslandi, halda sem best utan um þau og hafa reglufestu í þeim efnu og ég held að oft hefði mátt gera betur. Ég held að við eigum ekki að gera þetta að flokkspólítískum atriðum en ég held að það sé áhyggjuefni að stjórnarmeirihlutinn skuli ekki treysta sér til að fara að þingskapalögum og koma hér inn með fjárlög á réttum tíma.

Þetta vekur líka áhyggjur um að ýmsar ákvarðanir sem hafa verið teknar nú á sumarþingi um að falla frá miklum tekjum og stofna til nýrra útgjalda, án þess að hafa hugmynd um hvað eigi að koma í staðinn, séu að koma aftan að stjórnarmeirihlutunum. Nú sé hann búinn að koma sér (Forseti hringir.) í þá stöðu að hann geti ekki lokað fjárlögum af því að hann hefur farið (Forseti hringir.) svo geyst fram að hann hugsaði ekki (Forseti hringir.) fyrir tekjum eða niðurskurði á móti þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið.

[13:55]

### Frosti Sigurjónsson (F):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir beindi til formanns efnahags- og viðskiptanefndar þeirri spurningu hér í þingsal 26. júní hvort eitthvað væri hægt að gera til að hjálpa þeim lántakendum sem eiga í viðskiptum við Dróma.

Svo virðist sem Drómi hafi reiknað niður gengistryggð lán tiltekna hóps viðskiptavina sinna með fyrirvara. Fyrirvarinn setur þennan hóp einstaklinga í verulega óvissu um fjárhagslega framtíð sína. Ekki er vitað til þess að önnur fjármálafyrirtæki hafi gert samsvarandi fyrirvara við endurútreikning gengislána í samræmi við lög nr. 151/2010.

Viðskiptavinir Dróma eru því að þessu leyti í allt annarri og verri stöðu en viðskiptavinir annarra fjármála- stofnana. Reynist þetta rétt er tilefni til að kanna hvort slitastjórn Dróma hafi þar með brotið lög, einkum 101. gr. a í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki í slitameðferð. Í þeirri grein kemur efnislega fram að Fjármálaeftirlitinu beri að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækja eins og Dróma. Enn fremur stendur í 1. mgr. téðrar greinar, með leyfi forseta:

„Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta þess sem felur meðal annars í sér að framganga þess gagnvart viðskiptavinum skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá fjármálafyrirtækjum með gilt starfsleyfi.“

Um viðurlögin segir:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að víkja skuli slitastjórn ...“

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fundað með bæði Fjármálaeftirlitinu og Dróma og í framhaldi sent Fjármálaeftirlitinu bréf með spurningum um þetta mál þar sem þess er óskað að svarað verði eigi síðar en á morgun, 3. júlí.



[13:57]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg):**

Frú forseti. Ég vil fjalla aðeins um það mál sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir gerði að umtalsefni og er ályktun frá Evrópuráðsþinginu vegna landsdómsmálsins og ásakanir sem hafa komið fram í fjölmiðlum í kjölfar þess á hendur fyrrverandi hv. þm. Þuríði Backman sem ég tel afar ómaklegar.

Mér finnst rétt að því sé haldið til haga að hér erum við í raun að ræða um tvö aðskilin mál. Annars vegar um það fyrirkomulag sem hér hefur verið í lögum um langt skeið og má kalla barn síns tíma og er um landsdóm og hvernig hann er skipaður. Ég get tekið heils hugar undir að það er löngu tímabært og hefði átt að vera búið að gera fyrir mörgum árum að fella niður það fyrirkomulag. Ég tek undir með hv. þm. Helga Hjörvar að það var tilefni til þess meðal annars í stjórnarskrárvinnunni á síðasta kjörtímabili, sem því miður náði ekki fram að ganga.

Hins vegar er spurningin um hvort rétt hafi verið staðið að málum í samræmi við þau lög sem eru í gildi í landinu þegar þetta mál var til umfjöllunar í þinginu í kjölfar ítarlegrar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Sú nefnd komst að tiltekinni niðurstöðu um ábyrgð ákveðinna ráðherra gagnvart ráðherraábyrgðarlögum. Til viðbótar eru niðurstöður þingmannanefndar sem kosin var á þinginu til að fjalla um það mál og síðan að sjálfsögðu niðurstöður landsdóms sjálfs sem féllst ekki á frávisunarkröfu í málinu og sakfelldi í einu ákæruatriðinu.

Landsdómur, sem starfar samkvæmt gildandi lögum, komst að því að ákæran af hálfu Alþingis væri tæk fyrir landsdómi og tók efnislega afstöðu til hennar. Ég skil mætavel að ef málinu hefði verið vísað frá landsdómi eða sýknað hefði verið í öllum atriðum gætu menn haft uppi þá gagnrýni sem þeir hafa haft á málsmeðferð Alþingis, en ég tel hana ekki maklega miðað við þá niðurstöðu sem landsdómur (Forseti hringir.) sjálfur komst að að gildandi lögum í landinu.

[14:00]

**Róbert Marshall (BF):**

Virðulegur forseti. Hafa verður í huga að ályktun Evrópuráðsþingsins er ekki um landsdómsmálið og var ekki um landsdómsmálið. Hún er einfaldlega um það að stjórn-málamañn skuli ekki sæta ákærum frá öðrum stjórn-málamañnum. Það er meginprinsippið og því er ég sammála. Það má auðvitað draga ályktanir af þessari ályktun um landsdómsmálið en það rifjast upp fyrir mér, þegar ég geri það, hversu átakanlegur tími þetta var hér í þinginu og hversu slæm hugmynd þetta var þegar upp var staðið — ekki bara hvort ákærunar hefðu staðist eða lagatæknilega hefði verið rétt að málum staðið heldur hvaða áhrif þetta hafði á starfsandann hér í þinginu og þau sár sem eftir eru í okkar pólitíska samfélagi vegna þessa máls. Það er verkefni þessa þings að lagfæra. Það minnir okkur á að í gangi eru endurbætur og breytingar á stjórnarskránni sem við verðum að halda áfram. Þetta ákvæði er bara eitt af mörgum sem stenst ekki skoðun og þarfnast endurnýjunar við.

Ég hnaut um það í orðalagi hæstv. fjármálaráðherra, og formanns Sjálfstæðisflokksins, á dögum, þegar hann

fjallaði um þetta mál, að sjálfstæðismönnum hefði ekki þótt rétt að þeir sem vildu beita lögum mundu taka þátt í að breyta þeim. Ég tel þetta varhugavert sjónarmið. Ég held að þetta hljóti að vera samstarfsverkefni allra þingmanna hér á Alþingi og það sé ótækt að láta þann ákæruanda sem vofði yfir þessu máli öllu halda áfram að yfirskyggja það í framhaldinu. Þetta sýnir að verkefnið er brýnt og minnir okkur á að við þurfum að halda áfram með stjórnarskrárbæturnar og reyna að gera það í eins mikilli sátt og mögulegt er. Og við þurfum líka að haga störfum hér á þingi þannig að til sáttar horfi.

[14:02]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Virðulegur forseti. Það stendur einfaldlega í þessari ályktun, óháð því hvort landsdómur, Ísland eða Úkraína eru nefnd, að lýðræðið og réttarríki krefjist þess að stjórn-málamañn séu verndaðir fyrir því að vera ákærðir vegna pólitískra ákvarðana. Þetta er það sem stendur þar og það mun standa. Hvort Ísland er nefnt á nafn eða Úkraína, þetta stendur þarna klárt og kvitt og er sending til okkar þingmanna um að sá leiðangur sem hófst hér 2010 var rangur. Menn geta með ýmsum hætti reynt að skjóta sér undan því en leiðangurinn var rangur og það er það sem Evrópuráðs-samþykktin segir. Lýðræðið og réttarríki krefjast þess, um það snýst málið sem ég gerði að umtalsefni í upphafi. Menn geta svo haft sínar skoðanir á því, bæði þeir sem ákærðu og hinir sem ekki gerðu það.

Virðulegur forseti. Menn hafa rætt um þingskapalögin, þau sem áttu að taka gildi í september á síðasta ári þegar fráfarandi fjármálaráðherra átti að leggja fram fjárlögin og tekjufrumvörpin samhliða. Því var frestað, ákvæðinu var frestað til ársins í ár, vegna þess að fjármálaráðuneytið treysti sér ekki til að leggja þetta fram á sama tíma. Þess vegna var ákvæðinu frestað. Nú, þegar beðið er um frestun vegna þess að kosningar eru nýafstaðnar, nýir flokkar teknir við — það tók mánuð að mynda ríkisstjórn — nú, þegar farið er fram á að þetta sé skoðað, verður uppi fótur og fit og þá þarf að halda þingsköpin. Hæstv. forseti. Fyrirgefjið þið, þegar menn segja svo að ekki eigi að gera þetta (Forseti hringir.) pólitískt þá segi ég bara: Amen.

Umræðu lokið.

**Veidigjöld, frh. 2. umr.**

Stjfrv., 15. mál (innheimta veidigjalda, sérstakt veidigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60.

[14:05]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um veidigjöld. Þessi umræða stóð hér gær og á föstudaginn og sitt sýndist hverjum. Ég hitti úti á Austurvelli áðan góða vinkonu mína frá Flateyri. Hún spurði hvað verið væri að ræða núna inni á Alþingi, það eru kannski ekki allir sem fylgjast mjög vel með störfum Alþingis í sumarblíðunni. Ég sagði henni að við værum að ræða lækkan veidigjalda. Þá sagði hún og sló sér á lær:

Jæja, eiga þeir nú ekki salt í grautinn, blessaðir útgerðarmennirnir, það er kannski ekkert nýtt. En það er í lagi að þeir greiði af sínum auði þegar við sem erum ekki eins auðug þurfum að standa skil á okkar af okkar lágu tekjum.

Það finnst mér í stóra samhenginu vera kjarni þessa máls að verið er að horfa til þess að útgerðir í landinu greiði af umframhagnaði sínum eðlilega auðlindarentu til þjóðarinnar sem á auðlindina, sem ekki er deilt um. Það hefur verið sagt að í dag hafi stærstur hluti útgerðarmanna keypt sig inn í greinina og það er líka rétt en upphaflega fengu menn þessa auðlind án þess að greiða nokkuð fyrir og þannig byrjaði boltinn að rúlla. Það er enginn annar en þjóðin sjálf sem hefur skapað stærstan hluta af þeirri uppbyggingu og þeim arði og hagnaði sem er í greininni í dag. Ef það er ekki sanngjarnt núna, eftir allan þennan tíma, að menn fari að borga eðlilegri rentu af þessari sameiginlegu auðlind en verið hefur, nú þegar ríkissjóður hefur mjög mikla þörf fyrir að fá þessar tekjur, þá veit ég ekki hvenær sá tími kemur.

Það er kannski þessi réttlætiskennd almennings í landinu, og sem betur fer margra þingmanna hér inni, sem rekur á eftir. Það er með ólíkindum að það skuli vera fyrsta verk ríkisstjórnarinnar að hlaupa til og skerða tekjur ríkissjóðs um allt að 10 milljarða, eða um rúma 6 milljarða á ársgrundvelli — menn vita ekki hvað þetta hefði orðið í auknum tekjum miðað við aukinn hagnað útgerðarinnar — og koma svo hingað og segja okkur að menn geti ekki hafið þing á réttum tíma vegna þess að menn séu ekki tilbúnir með tekjuöflunarfrumvörp. Þetta er svo mótsagnakennt að manni finnst maður stundum vera staddur í leikhúsi fáránleikans.

Hjá venjulegu meðalskynsömu fólki gengur þetta ekki upp; og nú eigum við eftir að fá að vita hvar menn ætla að skera niður. Það eru örugglega margir í þjóðfélaginu sem bera fyrir því kvíðboga hvar það verður því að ekki virðist mega hrófla neitt við þeim í þjóðfélaginu sem eiga einhverja peninga eða eignir. Það virðist blasa við að leggja eigi af auðlegðarskatt, sem var settur á, og að taka eigi til endurskoðunar skattkerfið, sem breytingar urðu á á kjörtímabilinu til jöfnuðar með þrepaskiptu skattkerfi. Breytingarnar urðu í þá átt að þeir sem höfðu lægri tekjur og meðaltekjur lækkuðu hlutfallslega en hinir hækkuðu, þveröfugt við það sem var hér áður þegar þeir sem höfðu lægstu tekjurnar borguðu hlutfallslega herra og þeir sem voru með hærri tekjur borguðu minna. En þessi hægri stjórn kemur til dyranna eins og hún er klædd. Það þarf ekkert að fara í neinar grafgötur um það fyrir hvað hún stendur. Það er kannski bara ágætt að það sé líka þannig.

Manni finnst oft að úti í þjóðfélaginu vilji menn ekki skilja hver er munur á hægri og vinstri, þetta sé allt orðið eins og enginn munur þar á. Það eigi bara að kjósa persónur og það séu engar stefnur til, það séu bara einhver gamaldags hugtök að tala um stefnur. En vinstri stjórnin brást við hrúni frjálshyggjunnar á síðasta kjörtímabili á þann veg að hún lagði sig alla fram um að verja þá sem minna máttu sín og byggja þjóðfélagið aftur upp á þeim grunni að þeir sem hefðu úr meiru að spila greiddu meira til samfélagsins.

Þannig vinna menn sem telja sig vinstri menn og félagshyggjumenn, á þeim grunni, með jöfnuð í huga og réttlæti, en hægri menn telja að allt eigi að vera sem frjálsast og eru

þá ekki endilega að spá í það hvort frelsið sé á kostnað einhverra, menn eiga bara að troða sér fram fyrir í röðinni og reyna að ná bita af kökunni, að skattar séu af hinu illa og að allt eigi að gera til að hafa skatta sem lægsta, frelsi sem mest og eftirlit sem minnst og þá muni þjóðfélagið blómstra og alltaf muni hrynja brauðmolar af borði þeirra ríku til þeirra sem minna hafa í þjóðfélaginu. Þetta er brauðmolakenningin sem Framsóknarflokkurinn virðist nú taka undir.

Manni þykir það sorglegt. Ég hef alltaf titið á Framsóknarflokkinn — kannski frá fyrri tíð — sem félagshyggjuflokk og góðan samstarfsaðila fyrir vinstri menn. Því að vinstri menn hér á Íslandi hafa kannski ekki alltaf og sjaldnast haft burði til að mynda ríkisstjórnir sem höfðu hreinan meiri hluta eins og gerðist í fyrsta skiptið á síðasta kjörtímabili og hafa reitt sig á Framsóknarflokkinn til að starfa með á félagslegum grunni og með samvinnuhugsjón að leiðarljósi. En Framsóknarflokkurinn virðist í seinni tíð vera genginn af þeirri trú að félagslegt réttlæti og jöfnuð sé eitthvað sem þurfi að halda á lofti. Völdin skipta hann meira máli og það að koma sínu fólki fyrir á réttum stöðum og beita sér þannig í gegnum peninga og völd.

Og hver er þá bestur til að vinna með þegar hugsjónirnar eru orðnar á þann veg frekar en að hugsa um jöfnuð og samvinnuhugsjónir og réttlæti? Jú, auðvitað er það Sjálfstæðisflokkurinn. Mér finnst það dapurt og ekki bara fyrir þá þingmenn sem hafa vilja til að vinna vel fyrir land og þjóð heldur fyrir kjósendur sem kusu Framsóknarflokkinn á allt öðrum forsendum, kusu hann vegna þess að þeir eru félagslega þenkjandi og vegna þess að þeir eru svo tryggir. Það hefur stundum verið sagt að það skipti ekki máli hver væri í framboði fyrir þá sem hafa kosið Framsóknarflokkinn í gegnum tíðina, að menn gangi alltaf inn og krossi við sinn Framsóknarflokk. Tryggðin er svo mikil og mér finnst það sorglegt fyrir þessa kjósendur.

Auðvitað verða kynslóðaskipti og menn geta ekki endalaust reitt sig á slíka kjósendur sem vaða eld og brennistein fyrir sinn flokk og kjósa hann sama hvað á gengur. En mér finnst Framsóknarflokkurinn hafa gjörbreyst og kannski verður það bara að vera svo. Ekki er lengur hægt að reikna með að hann vilji yfir höfuð starfa til vinstri. Það virðist vera orðið eitur í beinum flestra framsóknarmanna hér á þingi, það sem heitir vinstri og félagshyggja og réttlæti. Menn vilja kenna sig við aðra hluti en það og verja einkahagsmuni, einkaeignarrétt og fjármagnið, standa með því frekar en að standa með fólkinu í landinu. En aftur á móti hentaði það fyrir kosningar að gefa sig út fyrir að lofa fólkinu í landinu því að nú skyldi Framsóknarflokkurinn beita sér fyrir því að lækka skuldir heimilanna. Út á það fyrst og fremst, þó að það væri auðvitað mjög óábyrgt, var Framsóknarflokkurinn kosinn til valda.

Hann var ekki kosinn til valda af þessu sama fólki til að lækka veiðigjöld af útgerðum í landinu sem mala gull. Hann var ekki kosinn til þess, enda hvað er að gerast núna? Á undanförunum dögum hafa skoðanakannanir verið birtar og í þeim hefur Framsóknarflokkurinn verið að missa fylgi, síðast allt að fimm þingmenn, og mér finnst það bara vera mjög eðlilegt miðað við að hann hefur ekki risið undir þeim væntingum sem hann vakti fyrir kosningar.

Varðandi veidigjöld þá segi ég það enn og aftur að mér finnst með ólíkindum að menn hafi kjark til að ganga hér fram og skera svo niður framtíðartekjur ríkissjóðs á þennan hátt án þess að nokkuð liggja fyrir um það hvernig mæta eigi þessum miklu tekjulækkunum hjá ríkissjóði. Menn hafa áhyggjur af þessu, líka þeir sérfræðingar sem komið hafa að þessari vinnu og telja að botnfisksútgerðin og bolfisksgeirinn greiði nær ekkert sérstakt veidigjald með frumvarpinu en hafi vel burði til að greiða slíkt gjald, jafnvel herra veidigjald en áætlað er í dag. Uppsjáargeirinn er í bullandi gróða, eins og allir vita, og menn leggja til hækkun á þeim geira. Hann mun örugglega rísa undir því þó að eðlilega kveinki menn sér undan því innan sjávarútvegsins að það dragi á milli þessara útgerðarforma, uppsjávarveiði og bolfisksveiði. Ég tel það líka vera alveg eðlilegt að menn séu ekki alveg sáttir við það og held það hljóti að vera krafa frá uppsjávargeiranum að bolfisksgeirinn, sem hefur verið að skila miklum hagnaði heilt yfir, greiði eðlilega rentu.

Fyrir atvinnuveganefnd hafa komið ýmsir umsagnaráðilar og gestir og það hefur vissulega vakið athygli mína hve sveitarstjórnarmenn leggjast hart gegn veidigjaldi og að þeir telji að verið sé að taka fjármagn úr samfélögunum og fara með það til höfuðborgarinnar. Ég spyr mig hvernig hægt sé að finna það út. Hafa þessi stóru útgerðarfélög, sem eru um land allt, verið að nýta hagnað sinn til uppbyggingar samfélaganna? Það er ekkert endilega þannig. Hvernig geta menn þá sett samasemmerki þarna á milli, að það sé sjálfgefið að menn séu að reikna út veidigjaldið, sem lagt er á af ríkissjóði, á þann veg að deila því niður á íbúa viðkomandi sveitarfélaga og gefa í skyn að hver og einn íbúi þurfi að greiða þetta extra úr sínum vasa í ríkissjóð en ekki aðrir?

Mundu þessir sömu íbúar fá þessar tekjur sem veidigjaldið væri ef útgerðirnar greiddu það ekki til ríkisins? Nei, auðvitað ekki og það hefur aldrei verið. Þessi þróun sem hefur verið víða á landsbyggðinni þar sem spila saman auður og völd — það er kannski gamaldags orðalag að tala um auðvald. En þegar maður hugsar það, og ég heyrði það í góðri ræðu í gær, að hugsunin á bak við auðvald, auður og vald, — það er ekkert skrytið að menn hafi hér áður fyrr talað um auðvaldið, að það hefði þrúgandi áhrif og héldi hinum niðri sem ekki væru vel stæðir og minna mættu sín. Stór fyrirtæki, hvort sem er í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum, eru þannig sett að þau geta í raun beitt heilu samfélögunum fyrir sig og stjórnað heilu samfélögunum á bak við tjöldin; í krafti auðsins fá þau það vald.

Ég held að margir íbúar vítt og breitt um landsbyggðina þekki þetta mætavel. Ég er ekki að segja að fyrirtæki, hvort sem þau eru í sjávarútvegi eða öðrum greinum, eigi ekki að vaxa og dafna og hafa eðlilega rentu af vinnu sinni og uppbyggingu heldur vil ég að þau greiði með auðmjúkum hætti til baka til samfélagsins það sem þeim ber. Það á ekki að vera þannig að þau láti falla af manngæsku sinni til samfélagsins við hátíðlegar athafnir, hvort sem það heita íþróttamannvirki, hljóðfæri eða hjartastuðtæki — að þau séu ekki í þessum gir og telji sig þannig vera búna að greiða sitt til samfélagsins og vilji ekki greiða neitt í sameiginlega sjóði eða sem minnst og leita allra leiða til að komast hjá því. Það á ekki að vera eitru í þeirra beinum að greiða auðlindarentu af sameiginlegri auðlind.

Ég gæti skilið þetta kvart og kvein ef útgerðin hefði ekki borð fyrir báru, ef hún væri í miklu basli eins og hún hefur oft og tíðum verið. Ég kem úr sjávarplássi sem er lítið þorp vestur í Súgandafirði og ég hef munað tímana tvenna þar. Þar hef ég upplifað mikla og öfluga útgerð, togaraútgerð og fjölda línubáta, og ég hef upplifað að fyrirtæki fóru á hausinn og ný komu í staðinn og alls konar tilfæringar. Menn voru í basli og réttu svo úr kútnum og fóru svo aftur á hausinn. Þetta hefur oft verið sagan vítt og breitt um landið hjá útgerðarfélögum, hvort sem um má kenna vitlausri gengiskráningu, lélegum stjórnendum, lágu fiskverði, háu fiskverði eða aflabresti. Það má alltaf finna einhverjar orsakir í þeim efnum en allur gangur hefur verið á útgerð í landinu eins og með aðrar atvinnugreinar. En í dag þegar þessi grein hefur allt með sér, hefur haft gengið með sér undanfarin ár, hefur haft hátt verð á mörkuðum, hefur á síðasta ári fengið aflaaukningu upp á 20 þús. tonn í þorski og sama blasir við núna, án þess að greiða krónu fyrir þessa aflaaukningu, ekki krónu til samfélagsins þó að þetta sé sameiginleg auðlind — ég segi það sem dæmi, vegna þess að mér finnst ekkert allir skilja út á hvað þetta gengur, að menn eru alltaf að segja: Ja, við borgum nú fyrir aflaheimildir í dag, við erum ekki af þeirri kynslóð sem fékk þetta frítt upp í hendurnar. Gott og vel en hvað kostar varanlegt kíló af þorski í dag? 3.500 kr., eða þar um bil. Ef við reiknum þetta þannig að þeir sem fá þessa aflaaukningu upp á 20 þús. tonn, allir þeir aðilar, mundu selja það frá sér daginn eftir þá geta þetta verið, í verðmæti á þessu fasta verði eða meðalverði á varanlegu kíló af þorski, 3.500 krónur, á milli 60 og 70 milljarðar.

Menn verða aðeins að hugsa hlutina í þessu samhengi. Menn geta ekki bara tekið fyrir augun og sagt: Við eigum þetta og við ráðum hvað við gerum við þetta af því að við höfum einhvern tímann keypt okkur inn í kerfið. Þetta er endurnýjanleg auðlind sem þú borgar þá bara einu sinni fyrir en getur ár eftir ár gengið að henni vísri og dregið afla úr sjó. Og þú ert ekki lengi að afskrifa þann útlagða kostnað sem fylgir því að kaupa aflaheimildir í upphafi. Það tekur ekki mörg ár. Og þá ertu að ganga að þessari auðlind og veiða og hafa af henni miklar tekjur án þess að greiða fyrir nema hið sanngjarna veidigjald sem ég tel vera.

Þegar ég kom inn á þing fyrir fjórum árum var það eitt af baráttumálum mínum að gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Efst á óskalistanum var ekki að setja á veidigjöld, það var að gera kerfisbreytingu í stjórnkerfi fiskveiða. En veidigjöldin eru meðfram mikið og stórt sanngirnismál fyrir þetta þjóðfélag, fyrir þá hugsun og fyrir það sjálfsagða mál að auðlindir þjóðarinnar séu sameign þjóðarinnar. Ég hef því ekkert dregið úr því að miðað við stöðu útgerðarinnar og miðað við þá hugmyndafræði sem liggur að baki auðlindarentu eigi þeir útgerðaraðilar sem hafa aflaheimildir að greiða eðlilega auðlindarentu, út frá þeirri formúlu sem auðlindarenta er hugsuð, af hagnaði viðkomandi greinar.

Í mínum huga er kerfisbreytingin öll eftir. Það segir kannski sitt, að ekki hafi tekist á síðustu fjórum árum að gera nema litlar kerfisbreytingar, samt góðar, um það hvers konar skjaldborg er í kringum útgerðir í landinu, stórútgerðir í landinu. Ég ætla ekki að fella allar útgerðir í land-

inu í sama flokk, það er ekki sanngjarnt. Þar er munur á. En stórúterðir í landinu eru orðnar ríki í ríkinu. Þær virðast hafa hér á þingi sína menn sem stíga fram grímulaust og segja svo vera. Það er líka gott ef menn tala hreint út með það. Ég tel það vera orðið hættulegt lýðræðinu þegar fyrir-tæki ráða orðið ferðinni, þegar þau ráða því hvernig gjald-taka ríkisins er við þær gifurlegu erfiðu aðstæður sem þjóð-félagið er í. Menn geta bara slegið á puttann og sagt: Þetta komist þið ekki upp með. Þið lofuðuð fyrir kosningar að lækka á okkur veiðigjöldin og þið skuluð standa við það, sama hvort ríkissjóði muni blæða og skera þurfi niður í vel-ferðarkerfinu, skera þurfi niður vítt og breitt um land varð-andi samgöngur, menntamál og í öllum þeim póstum sem við viljum sjá að haldi áfram að byggjast upp eftir það áfall sem þjóðin varð fyrir af völdum frjálshyggu og mark-aðsafla fyrir rúmum fimm árum.

Nei, nú getur útgerðareltan ekki meir, hún vill nýta um-framarðinn sinn í eitthvað annað. Hvað er eitthvað annað? Ég var spurð að því um dagin, þegar ég var í ræðustól, hvað umframarður væri. Það virðist vera erfitt fyrir suma að skilgreina umframarð. Mér var sagt, eftir þá ræðu, af manni sem fylgst hafði með umræðunni að umframarðurinn væri til dæmis í verslunarhöllum hér í Reykjavík, Kríngl-unni, Smáralindinni. Þar hafa útgerðarmenn í gegnum árin verið að fjárfesta sínum umframarði í greininni. Þeir hafa ekki endilega verið að leggja það í sín samfélög eða hjálpa sveitarsjóði við að malbika götur eða eitthvað slíkt. Nei, þeir fóru margir í áhættufjárfestingar, í hlutabréfakaup í bönkum, fóru með fjármagnið utan í áhættufjárfestingar þar eða í verslunarmiðstöðvar hérna, tískuvörverslanir og ým-islegt fleira.

Umframarðurinn — og menn hafa verið að tala um þetta sem landsbyggðarskatt — hvert hefur hann verið að renna undanfarin ár? Við sem byggjum landsbyggðina höfum séð á eftir því fjármagni hingað á höfuðborgarsvæðið og þurfti ekki veiðigjöld til. Ég held að menn þurfi nú aðeins að finna kjarnann í sjálfum sér og hugsa um þessi mál af réttlæti og sanngirni, burt séð frá pólitískum línunum. Ég held að Íslendingar vilji í hjarta sínu að þeir sem afla vel og þéna vel og hafa tekjur af auðlindum þjóðarinnar greiði til sinna samfélaga. Greiði eftir álagningu en ekki eftir geðþótta hvers og eins, ekki eftir því hvort menn vilji gefa eitthvað rétt áður en skattaárið lokast til að fá afslátt á tekjuskatti eða eitthvað því um líkt. Svoleiðis góðsemi er mér ekki að skapi.

Og út af hverju ættum við ekki að treysta ríkissjóði fyrir því að deila þeim fjármunum sem veiðigjaldid skilar út til samfélagsins? Erum við þá að segja að við treystum yfir höfuð ekki ríkissjóði eða þeim stjórnvöldum hverju sinni sem eru við völd fyrir því að fara með skattfé almennings? Við vitum að það er mismunandi hvernig þingið er samsett hverju sinni og hvar áherslur liggja varðandi uppbyggingu í fjárlögum. En það er fólkið í landinu sem kys fulltrúa hér inn á þing, það er fulltrúalýðræði, og það er fólkið sem á endanum ræður því hvaða flokka það kys og hvernig stjórn-málamaenn það fær inn á þing og í hvað þeir lofa að nýta skattfé almennings. Er það til að byggja upp gott samfélag eða er það til að lækka skatta á þá ríku og efnameiri eða til að bæta kjör þeirra sem verr eru settir? Þessu þarf fólk að

spyrja sig að fyrir hverjar kosningar því að það er það sem ræður því að lokum, með þessu fulltrúalýðræði, hvernig fjármunum ríkisins er varið, hvort sem um er að ræða veiði-gjöld eða aðrar tekjur. Þegar upp er staðið þá berum við sjálf ábyrgð á því hvernig skatttekjum ríkisins er varið og hvert þær renna.

Á síðasta kjörtímabili var sett í gang fjárfestingaráætlun ríkisins og veiðigjaldið átti að rísa undir framkvæmdum, jarðgöngum, samgöngubótum og uppbyggingu ferða-mannastaða. Það átti að fara í nýsköpun, í rannsókn- og tæknisjóði svo að eitthvað sé nefnt. Það var líka gott að fá þetta fram því að þessi mýta að allar skatttekjur, sérstaklega ef talað er um eitthvað sem tekið er af þeim sem eru vel settir, renni til höfuðborgarinnar. Það er ekki sjálfgefið en það er heldur ekkert slæmt við það að hingað renni fjár-magn til uppbyggingar stofnana, náttúrufræðistofnana eða eitthvað því um líkt, í eitthvað sem við öll sem þjóð eigum saman. Við eigum þessa höfuðborg saman. Þetta er borgin okkar, höfuðborgin okkar. Mér leiðist óskaplega þegar farið er í þær skotgrafir að etja saman landsbyggð og höfuðborg. Út af hverju er það? Hverjum gagnast það? Hvað eru menn að sækja með því að etja saman landsbyggð og höfuðborg? Stundum held ég að það sé til þess að spila á lægstu hvatir manna. Auðvitað eigum við öll að gera réttláta kröfu fyrir okkar samfélög hvar sem þau eru á landinu, það er bara eðlilegt, en við eigum ekki alltaf að stilla fólki upp sem andstæðingum í öllum málum.

Í þessu máli eru landsbyggð og höfuðborg ekki and-stæðingar heldur samherjar — já, já, minnst á samherja — en landsbyggð og höfuðborg eiga sameiginlega hagsmuni af því að fá veiðigjöld, fá þær tekjur sem gert var ráð fyrir í öllum áætlunum, í þeim veiðigjöldum sem samþykkt voru síðastliðið sumar, til að byggja upp gott samfélag í öllu landinu. Það verðum við að gera. Við verðum að standa saman. Þess vegna var það líka mjög gott að af stað fór rétt-lætisbylgja og undirskriftalistar í þessu máli. Eins og ég skil það þá eru það hátt í 34–35 þúsund manns, 34 þúsund held ég að hafi verið síðasta talan, sem mótmæla lækkun veiði-gjalda. Verða menn ekki að hlusta á þær raddir? Ætla menn að loka eyrunum fyrir þeim röddum og hugsa: Það er svo langt til næstu kosninga að þetta verður orðið fyrnt og við komumst vel upp með þetta?

Nei, ég held að menn ættu aðeins að staldra við því að þetta hefur afleiðingar og fólk lætur ekki bjóða sér vinnu-brögð af þessu tagi. Almennur hefur þurft að herða sultarólina vegna hrunsins allt þetta kjörtímabil en það fyrsta sem ríkisstjórninni dettur í hug að gera er að ganga fram með þessum hætti, vegna loforða sem gefin höfðu verið stórúterðum í landinu, um að veiðigjöldin skyldu lækkuð og það ekkert smávegis. Þetta eru engir smápeningar. Menn fara ekki fram af neinni högværð í þessum málum. Nei, menn taka bara allan þakkann og gera þetta grímu-laust. Svo eru menn hissa á því að fólk sé að tala um hags-munatengsl, bæði úti í þjóðfélaginu og líka hér á þingi. Menn eru óttaslegnir vegna hugsanlegra hagsmunatengsla þegar þau eru orðin svo alvarleg að þau geta haft áhrif á af-komu ríkissjóðs til eða frá.

Það hefur komið fram, í greiningu hjá fræðimanni í há-skólanum, að útgerðirnar hafa verið að borga þeim flokkum

sem nú eru við völd háar fjárhæðir fyrir kosningar. Þetta er grafalvarlegt mál sem mér finnst að Ríkisendurskoðun eigi að fara ofan í saumana á. Þetta er hættulegt lýðræðinu og okkur sjálfum, sjálfstæði okkar hér á þingi. Það er hættulegt sjálfstæði okkar sem þingmanna að vera undir þeirri miklu pressu að stór fyrirtæki geti beitt þessum mikla þrýstingi til að verja sérhagsmunum sína.

Ég held að það sé enn ferskt í minni fólks þegar Austurvöllur fylltist af sjómönnum. Og út af hverju? Það var línan hjá útgerðarfélagum: Sjómenn, farið þið út á Austurvöll, standið með okkur í kjarabaráttunni og mótmælið veiðigjöldum. Og menn voru reknir hingað í réttirnar, þorðu ekki öðru. Hvað hefði gerst ef menn hefðu látið heyra í sér? Ég hef heyrt að mönnum hafi blöskrað en menn höfðu ekki í margt að hverfa ef þeir hefðu misst pláss sín um borð. Er þetta í lagi? Nei, þetta er ekki í lagi. Svona þjóðfélag vill maður ekki sjá, þjóðfélag þar sem menn eru beittir óbeinum þvingunum og þeim beitt fyrir vagninn til að verja sérhagsmunum, þjóðfélag þar sem menn vilja ekki greiða til samfélagsins eðlilega auðlindarentu af nýtingu náttúruauðlindar allra landsmanna.

Ég vona að menn taki til greina þann stóra og ríka vilja sem kemur fram hjá því fólki sem hefur skrifað undir mótmæli við þessum breytingum og lækkunum. Ég vona að ríkisstjórnin sjái að sér og að henni verði ljóst að ef hún ætlar að byggja upp gott samfélag þarf hún á þessum tekjum að halda.

[14:45]

#### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem farið hefur fram hér um þetta mikilvæga mál, frumvarp um breyting á lögum um veiðigjöld, sem er mikið prinsippmál og þarfnast þess vegna eðlilegra nokkurrar umræðu í þinginu.

Fram kom við umræðuna í gærkvöldi að nú sé staðan orðin sú að hæstv. fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson og stjórnarmeirihlutinn hér í þinginu treysta sér ekki til að leggja fram fjárlög á haustdögum þann 10. september næstkomandi, eins og gert er ráð fyrir í þingskapalögum. Það séu uppi óskir um að fresta því að Alþingi komi saman í haust vegna þess að stjórnarmeirihlutinn getur ekki lagt fram fjárlagafrumvarp. Það bendir til þess að nokkuð sé til í því sem menn hafa haft áhyggjur af við umfjöllun þessa máls og raunar nokkurra annarra á þessu stutta sumarþingi að hér sé verið að taka ákvarðanir um að gefa eftir tekjur ríkissjóðs sem er í þröngri stöðu og er að koma úr mikilvægu uppbyggingarstarfi eftir efnahagslegt hrun landsins, um að falla frá umtalsverðum tekjum og stofna til ýmissa útgjalda án þess að stjórnarmeirihlutinn hafi nokkra hugmynd um hvað hann ætli að láta koma í staðinn. Eftir að hafa meira af kappi en forsjá farið fram með þessi mál í því að gefa eftir við 5 þúsund efnuðustu fjölskyldurnar í landinu þá eignarskatta sem þær fjölskyldur hafa þurft að standa skil á meðan við erum inni í gjaldyrishöftum og með því að gefa núna þessari 10 milljarða eftir til útgerðarinnar og ýmsum öðrum ákvörðunum þá sé stjórnarmeirihlutinn búinn að skapa sér vanda af þeirri stærðargráðu að hann hafi satt að segja ekki hugmynd um hvernig hann ætli að leysa

hann vegna þess að peningarnir vaxa ekki á trjánum. Þeir falla ekki af himnum ofan, sérstaklega ekki á tímum alþjóðlegra erfiðleika á fjármálamörkuðum.

30 milljarða gat hefur verið nefnt af einum af ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Það blasir við núna eftir að þessar ákvarðanir hafa verið teknar, til viðbótar við þá stöðu sem fyrir var, að þess fjár verður að afla, það er ósköp einfalt, því að ekki er hægt að halda áfram að reka ríkissjóð með halla og safna skuldum á komandi kynslóðir því að skuldaþyrði ríkissjóðs er við þölmörk. Þess vegna verður annaðhvort að skatta einhverja aðra en útgerðina til að afla þeirra tekna sem hér er verið að leggja til að falla frá og þar er nú ekki um sérlega auðugan garð að gresja. Það er þá fyrst og fremst spurningin um hvort stjórnarmeirihlutinn ætlar að ráðast í frekari skattlagningu á almenning í landinu. Hins vegar er hægt að skera niður til þess að mæta þessu en það yrði sannarlega mjög tilfínnalegur niðurskurður að skera niður á jafnskómmum tíma og hér um ræðir, á þessum tveimur árum, um 10 milljarða kr. í velferðarþjónustu á Íslandi. Það er algerlega óhjákvæmilegt að sá niðurskurður mundi bitna á grunnþjónustu, mikilvægri þjónustu. Það kemur mér satt að segja ekkert á óvart þó að hæstv. fjármálaráðherra, sem er því miður nú ekki við þessa umræðu, sé í nokkrum vandræðum með þessar fyrirætlanir og sjái ekki á þessu augnabliki þegar þó er verið að ætlast til þess að þessi gjafabréf séu samþykkt til útgerðarinnar, með hvaða hætti eigi að loka dæminu og sé þess vegna farinn að biðja um frest á því að leggja fram fjárlög.

Ég held að almennt sé það ágæt regla fyrir stjórnarmeirihluta þegar hann tekur ákvarðanir um umtalsverðar fjárhæðir í opinberum rekstri að gerð sé grein fyrir því hvaðan féð eigi að koma um leið og menn taka þær ákvarðanir, annars er mjög fljótt í óefni komið. Það er ekki þannig að veiðigjöld annars vegar og auðlegðarskatturinn hins vegar séu skattar sem leiði til þess með því að þeir lækki til sérstakra umsvifa í efnahagslífinu að heitið geti eða þá að það hvetji umfram annað til sérstakra nýfjárfestinga í atvinnulífi og leiði þannig til aukinnar verðmætasköpunar og geti þar með skilað meiri skatttekjum eins og þó eru dæmi um. Auðvitað er hægt að grípa til ráðstafana í skattamálum sem geta haft slík áhrif að nokkru marki en því er ekki að heilsa. Ef vilji manna stæði til þess að örva efnahagslífið með skattalegum ráðstöfunum eru um það bil allar aðrar skattalegar ráðstafanir í bókinni betri en þessar tvær til að örva efnahagslífið, fjölga störfum, auka veltuna í samfélaginu og verðmætasköpunina. Allt ber þetta því að sama brúnni, að hér sé fyrst og fremst á ferðinni sérhagsmunapólitik fyrir þá aðila sem hafa sterk ítök í stjórnarmeirihlutunum og njóta þess að vera fremstir í forgangsröðuninni þegar úthluta á fjármunum og að vera þeir hópar sem hægt er að úthluta til miklum fjármunum alveg vandræðalaust á meðan ýmsar ástæður eru taldar fyrir því að ekki er með sama hætti hægt að efna loforð við aðra hópa í samfélaginu.

Það er auðvitað bara pólitik. Pólitik er bara spurningin um forgangsröðun. Ekki síst er hún spurningin um forgangsröðun á opinberu fé, á endurdreifingu teknanna í samfélaginu. Þetta er alveg skýr forgangsröðun. Það eru einfaldlega 5.000 efnuðustu heimilin í landinu sem eru í fyrsta

forgangi og í öðrum forgangi koma síðan útgerðarmennirnir með þetta 10 milljarða gjafabréf. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að það er í mínum huga vond forgangsröðun af því að ég held að ríkissjóður þurfi sannarlega á þessum tekjum að halda og að allt þetta fjármagn sé betur komið hjá öðrum hópum í samfélaginu, hjá öðrum heimilum en þeim sem eiga kvótann í landinu en sem verið er að gera hér. Miklu skynsamlega væri horfa á málið út frá efnahagspólitík, atvinnusköpun og öðrum hlutum og grípa til annarra ráðstafana en hér er gert.

Þetta er vond ákvörðun, vond pólitík af mörgum öðrum ástæðum, ekki bara af því að þetta er forgangsröðun í þágu forréttindahópanna í samfélaginu, grímulaus sérhagsmunagæsla og forréttindapólitík. Ein er sú að það að koma á hinu sérstaka veiðigjaldi á síðasta kjörtímabili var að mínu viti býsna farsælt skref. Hvers vegna segi ég það? Ég segi það vegna þess að allt of lengi höfum við Íslendingar blandað saman ólíkum sjónarmiðum um fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt og hins vegar þeirri eðlilegu sanngirniskröfu að almenningur njóti tekna af auðlindinni sem við eigum saman og að komandi kynslóðum Íslendinga, börnum okkar og barnabörnum sé líka tryggður hlutur í arðinum af þessari auðlind sem við eigum saman. Allt of lengi blönduðust þessar tvær óskyldu umræður saman og ósættid vegna þess að almenningur naut ekki arðs af auðlindinni varð til þess að uppi voru ýmsar hugmyndir um breytingar á sjálfu fiskveiðistjórnarkerfinu sem ég held að hefðu ekki verið skynsamlegar.

Það er einfaldlega þannig að fiskveiðistjórnarkerfið hefur skilað okkur umtalsverðum efnahagslegum árangri, kannski ekki síst á 10. áratugnum, aukinni framleiðni, hagræðingu, betri arðsemi og hefur leitt til þess að í þessari grunnatvinnugrein okkar er meira til skiptanna. Það tókst að aðskilja annars vegar umræðuna um fiskveiðistjórnarkerfið, sem enn er í meginatriðum hið sama, og hins vegar að hefja töku arðs, auðlindarentu úr greininni, sem er alger forsenda fyrir því að það geti verið sæmilegur friður um þessa grundvallaratvinnugrein okkar Íslendinga. Það er mikilvægt að sæmilega breið sátt geti tekist um greinina og að þar geti menn búið við fyrrisjáanleika og öryggi í rekstrarumhverfinu til nokkuð langrar framtíðar, sem er sannarlega mikilvægt fyrir atvinnugreinina.

Þess vegna var það framför að í staðinn fyrir að greiða það klink sem hér var haft að málamyndagjaldi á árunum upp úr síðustu aldamótum hefur greinin nú í ár sannarlega lagt umtalsvert til til samneyslnnar. Sem betur fer er gjaldinu þannig hagað að greinin gerir það þegar vel árar. Þegar illa árar lækka gjöldin eða hverfa því sem næst.

Það er líka ákaflega mikilvægt því að það er brýnt að afkoma í sjávarútvegi sé góð, að þar sé hagnaður sem getur verið undirstaða frekari fjárfestinga og aukinnar framsóknar í þessari mikilvægu atvinnugrein okkar. En þegar framlegðin er eins og hún er á árinu í ár, kannski hátt í 100 þúsund millj. kr., eða sem nemur um milljón kr. á hvert heimili í landinu, er það ósköp eðlileg sanngirniskrafa að einhver hluti af því renni í sameiginlega sjóði. Ekki á það síst við núna eftir þau miklu efnahagslegu áföll sem við Íslendingar urðum fyrir og þær miklu og þungu byrðar sem allur almenningur í landinu þarf að bera og hefur þurft að bera síð-

an bæði í skuldum og sköttum og skertri þjónustu, þegar horft er á þær álögur sem allt almennt atvinnulíf í landinu hefur þurft að taka á sig sem hefur þó búið við miklu lakari afkomu nú undanfarin ár en sjávarútvegurinn nokkurn tíma. Sá hluti sem gert er ráð fyrir að greinin skili í auðlindagjaldi er aðeins pínulítil hluti af þessari gríðarlega miklu framlegð — ætli það séu ekki um 13 milljarðar á ársgrundvelli.

Þá er spurningin: Er það sanngjarnt? Er það eðlileg gjaldtaka? Og um það á umræðan hér auðvitað að snúast. Svarið við því er býsna augljóst: Já, það er sanngjarnt. Allir, sem stendur það til boða, hafa þegið að veiða fisk við Íslandsstrendur upp á það að greiða þetta auðlindagjald. Hér er lagt til að gjaldið fyrir það að veiða kíló af þorski lækki úr 35 kr. á kílóid niður í 17. Allir sem eitthvað þekja til mála vita að hvaða útgerðarmaður sem er á Íslandi mundi, af einhverjum öðrum aðila en ríkinu, vera á hvaða degi vikunnar sem vera skal tilbúinn til að leigja til sín aflaheimildir á 35 kr. fyrir kílóid.

Það er þannig algerlega augljóst og þarf ekki mikla stærðfræðikunnáttu til eða nána þekkingu á þessu umhverfi að átta sig á því að það gjald sem hér er verið að lækka er býsna sanngjarnt fyrir, það er sannarlega ekki ýkja íþyngjandi fyrir. Þó hafa verið færð nokkur rök fyrir því að gjaldið geti lagst þungt á einstaka útgerðarflokka, á smærri útgerðir eða útgerðir sem sækja tilteknar tegundir, og þá kannski heldur of létt á einhverja aðra útgerðarflokka. Það geta verið málefnaleg sjónarmið að baki slíku og er ekkert sjálfsagðara en hafa gjald sem þetta í stöðugri endurskoðun og gera á því tilfærslur og breytingar. Það er ekkert tilefni til að lækka auðlindagjald af sjávarútvegi á Íslandi einmitt á því ári þegar ríkissjóður þarf sannarlega á tekjunum að halda og þegar hagnaðurinn í íslenskum sjávarútvegi er meiri en hann hefur nokkur sinni verið í Íslandssögunni. Það hefur aldrei verið annar eins hagnaður í íslenskum sjávarútvegi og nú. Við það bætist að hér við umræðuna, og það sýnir nú hvað umræðan í þingsal getur verið gagnleg, upplýsti sá ágæti hv. þm. Haraldur Benediktsson okkur um að það sé ekki bara þannig að afkoma í greininni núna sé svona gríðarlega góð heldur sé það líka þannig að matvæla- stofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, spái því, og það megi sjá á vef þeirra, að á næstu átta árum verði 15–18% raunhækkun á fiskverði í heiminum, sem bendir til þess að horfurnar fyrir greinina séu jafnvel enn glæsilegri en afkoman í ár. Hvers vegna er óskynsamlegt að lækka gjaldið? Jú, það er vegna þess að ríkissjóður þarf á tekjunum að halda. Við þurfum að fara í Landspítalann og skólana okkar til að halda sköttum á almenningi í skefjum. Í öðru lagi vegna þess að gjaldið eins og það hefur verið undanfarin er bara ósköp sanngjarnt. En í þriðja lagi vegna þess að með því að lækka gjaldið skapa stjórnarflokkarnir á ný þær hörðu deilur sem einkenndu alla stjórn málaumræðu um sjávarútveg ár eftir ár, allt frá því að kvótakerfið var innleitt. Þeir rífa upp þá tilraun til sáttar sem gerð hefur verið, taka eðlilegan og sanngjarnan hlut almennings í arðinum af sinni eigin auðlind og lækka hann óhóflega án þess að fyrir því sé nokkur haldbær rökstuðningur. Þar með rífa þeir upp sáttina um sjávarútveginn og þar með er öll umræðan komin af stað aftur, líka um fiskveiðistjórnarkerfið, sem ég hefði haldið að skipti okkur sem þjóð miklu máli að halda frið um.

Hvers vegna er þessi sterka krafa um að hafa arð af auðlindinni sinni? Það er einfaldlega þannig að það er munurinn á því að vera þróað lýðræðisríki eða bananalýðveldi hvort þjóðin hefur arð af auðlindum sínum eða hvort hún lætur litla hópa eignarmanna ræna sig þeim arði. Fyrir land eins og Ísland sem er ríkt að auðlindum er það gríðarlega mikilvægt að við á löggjafarsamkomunni tryggjum að ekki bara ríkissjóður í dag heldur börnin okkar og barnabörnin um alla framtíð njóti arðsins af auðlindinni, ekki bara af fiskinum í sjónum heldur líka af olíunni, líka af vatnsréttindunum, líka af jarðhitanum o.s.frv. Ef það hendir okkur að missa úr höndunum þessar auðlindir til einkaaðila, alþjóðlegra aðila þá getur auðvitað farið svo yfir lengri tíma að hér sitji almennigur og horfi á aðra hagnýta sér auðlindir landsins án þess að það komi þessu samfélagi sérlega til góða. Það er gildra sem margar þjóðir hafa fallið í, einkum þær sem lent hafa í fjárhagsferðileikum og það er nokkuð sem við Íslendingar þurfum sérstaklega að varast. Í auðlindalöggjöf í þinginu var unnið stórmærkilegt starf snemma á síðustu öld, t.d. við setningu vatnalaganna sem alþingismenn þess tíma vönduðu sig sérstaklega við og tóku mörg ár í smíðum. Þau dugðu í hátt í heila öld til að leysa úr hinum flóknustu álitæfnum, m.a. um efni og þróun í tækni og öðrum slíkum hlutum sem enginn gat séð fyrir í kringum árið 1920. Þar var sú grundvallarhugsun að skilja til að mynda ekki réttindin frá vatnsbakkanum þannig að bóndinn mundi ekki horfa á menn hagnýta sér veiðiréttinn í ánni án þess að hafa af því nokkrar tekjur sjálfur vegna þess að einhvern tíma á leiðinni fyrir einhver skammtímasjónarmið höfðu þau verið skilin frá jörðinni sjálfri. Það eru þessi langtímasjónarmið um auðlindir okkar sem við þurfum að standa vörð um sem alþingismenn.

Hér hefur stundum verið reynt að draga í dilka landsbyggð og höfuðborg. Það er leikur sem oft er leikinn þegar reyna á að hlýja reykhagsmunagæslu. Ég hlýt að minna þar á í fyrsta lagi að héðan frá Reykjavík er nú býsna mikið gert út og býsna mikill hluti af auðlindagjaldinu greiddur, en einnig eru ýmsar aðrar útgerðir staðsettar hér. Fyrst og síðast er gjaldið á þá sem eru handhafar kvótans og ég hygg að býsna margir af þeim búi þara hér uppi í Þingholti eða úti í Vesturbæ í fremur veglegum húsum, ef ég veit rétt. Það er þess vegna býsna mikil einföldun að halda því fram að þetta sé sérstakur landsbyggðarskattur því að mikið af þeirri atvinnu- og fjárfestingarstarfsemi sem hefur þá minna úr að spila eftir að það gjald er til komið er náttúrulega bara staðsett hér í Reykjavík, í 101 í aðalatriðum, hvort sem það er úti á Granda eða uppi á horninu á Öldugötu og Bræðraborgarstíg.

Hins vegar er þetta auðvitað ekki eina auðlindin sem við eigum saman. Ég hef margfítreað í umræðunni lagt á það ríka áherslu að við þurfum með sama hætti að búa um hin. Við höfum sem betur fer gert það varðandi olíuna með þeirri lagasetningu sem við beittum okkur fyrir á síðasta kjörtímabili, en við eigum líka að gera það með orkuauðlindir. Með því að gera það er hægt að mæta þeim sjónarmiðum, að svo miklu leyti sem þau eru yfir höfuð gild, að þetta leggist meira á landsbyggðina en höfuðborgina þó að gjaldið leggist auðvitað á bæði höfuðborg og landsbyggð. Það er auðvitað þannig að orkuauðlindir eru mikið til

nyttar hér á suðvesturhorninu og til starfsemi sem er á suðvesturhorninu og auðvitað mundi auðlindagjald í orkuauðlindum leggjast þyngra á suðvesturhornið en á hinar dreifðu byggðir. Það gæti þá komið til móts við þau sannaþingmissjónarmið sem ég held að hljóti að búa að baki því að það að taka auðlindagjöld megi ekki skekkja stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborginni. Ég held að við eigum að vinna okkur í það verkefni á þessu kjörtímabili að tryggja að í sameiginlega sjóði renni eðlileg auðlindagjöld af bæði jarðhitanum og vatnsaflinu því að þetta eru líka mikilvægar auðlindir og þetta eru líka auðlindir sem við eigum saman. Þetta eru auðlindir sem skiptir máli að við tryggjum réttarstöðuna um til langrar framtíðar og tryggjum komandi kynslóðum arð til langrar framtíðar. Það færi auðvitað best á því að við gerðum það með því að gera þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á stjórnarskrá lýðveldisins til að það sé sem best tryggt í löggjöf, eins vel og við getum yfir höfuð tryggt það, að auðlindirnar séu eign almennings og að almennigur eigi að njóta arðs af þeim. Það sé fest í stjórnarskrá og þá staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu ef stjórnarmeirihlutinn lætur það frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskrá ná fram að ganga sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna þriggja fluttu á síðasta þingi og samþykkt var fyrir alþingiskosningarnar eins og menn þekkjá.

Ég held að það sé eitt af brýnustu verkefnum íslenskra stjórnamála. Ég tel að verið sé að spilla því verkefni með því órókstudda og þarflausu gjafabréfi til útgerðarinnar sem verið er að henda inn í alla þessa umræðu og alla þessa vinnu. Verkefnið á svo miklu fremur að vera það að koma t.d. á fót auðlindasjóði með svipuðum hætti og Norðmenn hafa komið sínum auðlindamálum fyrir, þar sem tryggt væri að í rynni arðurinn af vatnsaflinu, í jarðhitanum, auðlindarentan í sjávarútvegnum og þær tekjur af sama eðli sem við megum vænta að hafa af olíuvinnslu í einhverri framtíð. Einnig mundu fara þangað tekjur af öðrum þeim auðlindum sem hagnýta má með þeim hætti að í sé umframárður eða auðlindarenta eða sérstök gæði sem sú atvinnustarfsemi sem hana nýtir hefur frá samfélaginu og eðlilegt er að komi gjald fyrir.

Kanski væri þó farsælast að þróa auðlindagjaldið með þeim hætti að það réðist sem allra mest á markaði, af hlutlægum mælikvörðum sem þyrfti ekki pólitískar deilur um hér á þingi frá einu kjörtímabili til annars, frá einum meiri hluta til annars vegna þess að það sem skiptir atvinnugrein eins og sjávarútveginn svo miklu máli er að það sé festa, stöðugleiki og býsna víðtæk sátt um gjald fyrirkomulag sem þar er, um þær reglur sem þar eru í gildi og þá sýn sem við höfum til framtíðar fyrir þá atvinnugrein. Sífelldar deilur, ósætti og átök um atvinnugrein þar sem skiptir á milli frá einu kjörtímabili til annars eftir því hvort vinstri menn eru í forustu eða hægri menn, er ekki gott fyrir atvinnugreinina sjálfa og við eigum ekki að búa henni þau skilyrði. Það er einfaldlega skammssýni af hálfu stjórnarmeirihlutans að byrja nýtt kjörtímabil á því að rífa upp þessi sár með því að ætla að láta það verða sitt fyrsta verk að gefa útgerðarmönnum 10 milljarða sem engin þörf er fyrir að gera en mikil þörf er fyrir að nota til mikilvægra samfélagsmála. Stjórnarmeirihlutinn ætti miklu fremur að kappkosta að ná

sem víðtækastri sátt um framtíðarfyrirkomulag í sjávarútvegi, framtíðarfyrirkomulagið um þessa auðlind. Við vitum öll að það verður aldrei bærliga víðtæk sátt um það umhverfi allt nema tryggður sé eðlilegur arður til þjóðarinnar fyrir afnotin af auðlindinni. Ef hann er tryggður eru auðvitað margir tilbúnir til að ganga býsna langt til að tryggja sem best starfsskilyrði og arðsamasta starfsemi í þessari grein. En alger forsenda fyrir því að víðtæk sátt geti náðst er að almenningur fái þetta eðlilega endurgjald sem ég hygg að allir menn geti fallist á að 35 kr. fyrir hvert kíló er.

Ég held að það viti það allir í þessum sal að það er ekki mikil gjald. Trúlega væru þeir allnokkrir útgerðarmennirnir sem væru tilbúnir til að veiða ekki bara upp á 35 kr. heldur upp á umtalsvert hærrí fjárhæðir fyrir hvert kíló en það, en ég held ekki að það eigi að vera rök fyrir því að hækka gjaldið upp úr öllu valdi. Ég held að það sé mikilvægt að hér á þjóðþinginu leggi menn áherslu á að það sé ábatasamt að vera í sjávarútvegi. Það á að vera ábatasamt. Það er áhættusöm atvinnugrein. Hún býr auðvitað við miklar sveiflur í gæftum, kostnaði, þróun á mörkuðum, verði og öðru slíku og það á að vera ábatasamt að stunda sjávarútveg. Það er mikilvægt að grundvallaratvinnugrein þjóðarinnar búi við sterkan efnahag og góða afkomu en hún mun nú gera það þó að hún borgi 35 kr. fyrir kíló. Hún hefur verið að gera það þó að hún hafi greitt veiðigjald núna undanfarið.

Þó kunna að vera rök fyrir því að gera þurfi einhverjar breytingar innan gjaldsins sem létta af einhverjum tilteknum flokki útgerða en þungja á öðrum eftir atvikum. En ég vara líka við því að menn tali um sjávarútveginn og gjaldtöku í honum með þeim hætti að þar eigi að friða umhverfið eins og það er í dag, að það megi engar frekari kröfur gera um arðsemi í greininni af því að þá gætu verið einhver fyrirtæki sem ekki réðu við það. Það er óheppilegt sjónarmið þegar grundvallaratvinnuvegurinn er annars vegar vegna þess að það er mikilvægt að fyrirtæki í sjávarútvegi haldi áfram að hagræða og að þau fyrirtæki sem skila mestri framleiðni, bestum hagnaði og eru í færum til að skila bæði eigendum og þjóðinni mestri arðsemi eiga að vaxa og dafna og fyrirtæki sem ekki eru eins hagkvæm, eiga annaðhvort að sameinast öðrum fyrirtækjum eða víkja. Það er grundvöllurinn fyrir efnahagslegum framförum í hverju landi að atvinnugreinarnar haldi áfram að þróast og batna og gera auknar arðsemiskröfur og þeir sem ekki standa sig í samkeppni geta orðið undir. Þannig er það. Við ætlum ekki að hafa eins sjávarútveg eftir 20 ár og við erum með í dag, ekki sömu fyrirtækin, ekki sömu skiptinguna á milli flokka og greina. Við viljum að atvinnugreinin breytist og arðsemiskrafa af hálfu eigenda auðlindarinnar, þjóðarinnar til þeirra sem sækja sjóinn, þrýstir sannarlega á um að staðið sé þannig að rekstri að hann sé sem hagkvæmastur, að framleiðni sé sem mest, að sóun sé sem minnst og að greinin sé í færum til þess að bera sem allra mestan arð bæði til þeirra sem eiga hlutaðeigandi fyrirtæki og eins í sjóði okkar almennings.

Ég held að áhyggjur manna af þessu frumvarpi núna séu kannski ekki af sömu stærðargráðu og af því frumvarpi sem við væntum þess að fá í vetur því að þrátt fyrir allt er þetta tímabundið ráðstöfun, 10 milljarða gjafabréf sem gildir

bara í afmarkaðan tíma. En menn boða frekari breytingar á veiðigjaldinu. Ég hef áhyggjur af því að eins og lagt er af stað í þá vegferð með þessu frumvarpi sé ástæða til að ætla að sá leiðangur um endurskoðun á veiðigjaldakerfinu til framtíðar verði ekki farinn til að auka sátt um sjávarútvegin í landinu eða efla samstöðu um þessa grundvallaratvinnugrein, heldur sé ætlunin að hafa ekkert samráð, eins og í þessu máli, að taka ekkert tillit til sjónarmiða og keyra málin áfram í fullkomnu ósætti. Það hefur kallað á umtalsvert viðbrögð hjá almenningi þegar á örfáum dögum. Ég hygg að það hafi verið 35 þúsund manns sem mótmæltu þessari vondu forgangsröðun Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þinginu sem kölluðu eftir því að veiðigjöldin yrðu óbreytt, enda er hún hverjum manni augljós. Sjávarútvegurinn hefur aldrei grætt eins mikið á Íslandi og í dag og ef það er einhver aðili á Íslandi sem þarf ekki á skattalækkunum að halda þá eru það kvótahafarnir á Íslandi því að gróðinn í sjávarútveginum hefur aldrei verið meiri. Það er einfaldlega þannig. Og ekki verður annað séð en að það haldi bara áfram að batna og batna ár frá ári, eins og hv. þm. Haraldur Benediktsson hefur bent okkur á í þeim spám sem fyrir liggja á alþjóðlegum vettvangi um þróun í þessari grein. Það er bara eðlilegt að fólk kalli eftir því að Alþingi endurskoði þessa ákvörðun. Ég man að á síðasta kjörtímabili sömdum við í stjórnarliðinu við minni hlutann um fjárhæðina á veiðigjaldinu. Við gengum til samninga við Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk um það hvað væri hóflegt að leggja á í þessu veiðigjaldi. Ég átti sjálfur þátt í þeim samningaviðræðum vegna þess að það var af ýmsum ástæðum talið nauðsynlegt að koma til móts við sjónarmið minni hlutans í þessu efni til að skapa meiri sátt um málið en þá var uppi.

Mér finnst eftirtektarvert að þessir sömu flokkar sem hafa reynsluna af því að stjórnarflokkar gengu til samninga við þá um málamiðlanir til að auka sátt og draga úr andstöðu við það frumvarp sem hafði fram komið, að nú þegar þeir mæta sterkri andstöðu bæði á þingi og hjá þjóðinni við þessum fyrirætlunum, þá örlar ekki á viðleitni. Það örlar ekki á viðleitni til að hugsa málið aftur, að endurskoða afstöðu sína, taka til athugunar hvort koma megi til móts við þessi sjónarmið, hvort miðla megi málum í því skyni að auka samstöðu í málinu. Það örlar ekki á viðleitni. Ekkert samráð er þar um og það er varla að tillögur og afgreiðsla málsins fengi efnislega umræðu í nefndinni. Það var bara rífið út.

Ég vona sannarlega að slík vinnubrögð séu ekki fyrirboði um það sem koma skal þegar kemur að heildarendurskoðun á veiðigjaldinu. Það er auðvitað alveg ljóst að ef stjórnarflokkarnir ætla bara að rífa í gegn einhverja sérhagsmunagæslusýn án tillits til annarra sjónarmiða mun það auðvitað vekja á ný þær hörðu deilur og miklu átök um íslenskan sjávarútveg sem við þekkjum frá fyrri árum og ég hélt að við vildum í lengstu lög forðast að lenda í aftur. Við þurfum að skapa víðtæka sátt um þessa grein og það að greiða 35 kr. fyrir kíló af þorski er sanngjamt endurgjald til almennings fyrir afnot af auðlindinni.



### Jón Þór Ólafsson (P):

[15:25]

Frú forseti. Þingmenn Pírata hafa í þessu máli skorað með yfir 34 þúsund landsmönnum á forsetann að hann synji lögum um lækkun veiðigjalda staðfestingar og skjóti málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrir helgi sendum við forseta Íslands bréf um að við mundum þæfa málið um að lækka veiðigjaldið þar til hann kæmi til landsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við þingmenn Pírata þurfum að vita hvort og þá hvernær við þurfum að nota þau verkfæri sem kjósendur okkar treystu okkur fyrir til að auka beint lýðræði, eins og málþófi, þar til þú kemur aftur til landsins til að beita því valdi sem þjóðin treysti þér fyrir, málskotsrétti forsetaembættisins, öryggisventli þjóðarinnar. Okkur þætti vænt um að vita hve lengi við þingmenn Pírata þurfum að þæfa málið þar til þú kemst til landsins til að taka við málskotsréttinum úr höndum stjórnarliða.“

Forsetaritari hefur staðfest við okkur í dag að forsetinn er kominn til landsins. Meginmarkmiði málþófs pírata er því náð.

Við höfum rætt um það hvort við ættum að koma með víðtækari kröfur og halda málþófinu áfram en okkur þykir það ekki góð regla og viljum frekar fylgja fordæmi ungs indversks lögræðings í Suður-Afríku sem fór af stað með borgaralega óhlýðni sem varðar fjöldahreyfingu. Þegar hreyfingin var komin í þá stöðu að ná fram kröfum sínum þótti lögræðingnum Mohandas Gandhi ekki rétt að bæta við þær kröfur.

Við píratar höfum í framhaldinu óskað eftir fundi með forsetanum til að ræða framgöngu beins lýðræðis á Íslandi og hvernig við getum best unnið að vegferð þess og brautargengi en eins og staðan er núna er forsetinn kominn til landsins, málskotsrétturinn er í höndum forseta. Málþófi pírata er lokið.

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

[15:29]

Frú forseti. Það sem ég vil fara aðeins fyrst yfir í tengslum við 2. umr. þessa frumvarps um breytingar á lögum um veiðigjöld er hugmyndafræðin sem að baki liggur og forsaga málsins í þeim skilningi að veiðigjöld sem hafa verið lögð á í nokkrum mæli, hafa takmörkun að vísu, um alllangt árabil studdust við eina grein í lögum um stjórn fiskveiða. Þegar ráðist var í heildarendurskoðun á fyrirkomulagi þessara mála á öndverðu ári 2012 varð niðurstaðan fljótlega að stefna að því að búa um þá gjaldtöku í sérstökum lögum, færa það út úr lögum um stjórn fiskveiða og til varð frumvarp til laga um veiðigjöld sem var svo lögfest á Alþingi á því ári.

Lögin eru í grunninn þannig uppbyggð að um er að ræða almennt gjald sem allir aðilar sem fá úthlutað veiðiréttindum greiða. Það er hóflegt og við það miðað að í öllu venjulegu árferði ráði öll sjávarútvegsfyrirtæki sem eru í rekstri og hafa aðgang að auðlindinni auðveldlega við það gjald. Það tekur líka vissst mið af því að tekjur af gjaldinu mæti þeim kostnaði sem þjónusta við atvinnugreinina, rannsóknir og ýmis stjórnýssla ber með sér. Þetta er hið almenna gjald og samkvæmt frumvarpinu stendur það óbreytt nú milli fiskveiðiára.

Hinn meginhluti laganna um veiðigjöld eru ákvæðin um sérstakt veiðigjald, viðbótargjald, sem er háð afkomu greinarrinnar og á með næmum hætti að lesa framlegðina eins og hún er á hverjum tíma og taka breytingum til lækkunar eða hækkunar eftir því hvernig árferðið er í sjávarútveginum. Og það byggir sérstaklega á þeirri hugmyndafræði að við vissar aðstæður myndast mikil umframframlegð eða auðlindarenta vegna hins verðmæta aðgangs sem fyrirtækjunum er veittur að takmarkaðri auðlind í sameign þjóðarinnar.

Í sjálfu sér bind ég vonir við og veit ekki til að djúpstæður ágreiningur sé um slíkt fyrirkomulag. Ég er algerlega sannfærður um það sjálfur að þetta er skynsamleg nálgun, að byggja á annars vegar almennu gjaldi sem eigi að geta haldist óbreytt í öllu venjulegu árferði. Það var að minnsta kosti við núverandi aðstæður langsótt að sjá það fyrir sér að greinin hafi ekki alltaf afkomu til að bera það og þá ekki óskynsamlegt að horfa kannski til upphæðarinnar með hliðsjón af þeim kostnaði sem þjónusta, rannsóknir og ýmis stjórnýssla sem tengist greininni hefur í för með sér og hið opinbera ber.

Sérstaka veiðigjaldið er síðan innleiðing þeirrar hugmyndafræði í löggjöf sem orðin er býsna þróuð og við þekkjum fordæmi fyrir víða að, í of litlum mæli að vísu enn á Íslandi, að þegar um takmarkaðar verðmætar náttúruauðlindir er að ræða þá myndar aðgangurinn að þeim oft forsendur til mikillar viðbótarframlegðar, auðlindarentu. Þetta er náttúrulega þekktast úr olíu- og/eða jarðefnaíðnaðinum þar sem kolvetni í jörðu gefa af sér mikinn arð. Yfirleitt eru þær auðlindir í sameiginlegri eigu, ég tala nú ekki um á landgrunni ríkja, og þá er held ég ekkert um það deilt að eðlilegt sé að eigandinn, þjóðin eða ríkið, láti ekki einkaaðila eina um að sópa upp þeim arði og hafa af því ótæpilegan gróða.

Þjóðir hafa auðvitað farið mismunandi leiðir í þessum efnum og gert sér mismikinn mat úr slíkum verðmætum náttúruauðlindum. Við þurfum ekki að fara lengra en yfir sundið til hinna Norðurlandanna til að sjá býsna ólíka nálgun þar sem annars vegar Noregur mótaði sér þá aðferðafræði, og hafði reyndar gert áður í sambandi við vatnsafl og fleiri slíkar verðmætar auðlindir, að norska þjóðin skyldi að sjálfsögðu hafa arðinn af olíu- og gasauðlindunum á norska landgrunninu. Þeir stofnuðu um landgrunnsréttindin sjálf sérstakt félag, olíugrunninn, og þeir stofnuðu ríkisólúfúfélag til að vera síðan þátttakandi í nýtingu auðlindarinnar og innleiddu í lög ákvæði um að stærstur hluti viðbótaraudlindarentunnar er í raun tekin árlega til norska ríkisins. Þegar olíuverð hefur farið upp úr öllum hæðum geri ég ekki ráð fyrir að menn ætlist til annars en ríkið taki þann viðbótargróða til sín. Það hefur norska ríkið sannarlega gert og hefur verið blómlegur búskapur þar á búinu undanfarin ár á tímum þegar olúfatíð er á 100–110 dollara, þarf ekki annað en kíkja aðeins á norska ríkisreikninginn eða norsku fjárlögin til að sjá það.

Hinum megin við Norðursjóinn fóru Danir dálítið aðra leið. Vissulega taka þeir skatta af leyfunum en þeir stofnuðu ekki opinbert félag, afhentu stórfyrirtækinu AP Möller réttindin sem hefur haft gott upp úr sér og var gerð á því rannsókn einhvern tíma að danska ríkið hefði orðið af ómældum fjárhæðum vegna þess að Danir fóru þá leið að

afhenda einkaaðila vinnsluréttindin borið saman við ef þeir hefðu farið hliðstæðar leiðir og Norðmenn.

Í raun erum við að gera það sama varðandi okkar eina stærstu og verðmætustu einstöku auðlind þar sem eru fiskimiðin við landið að innleiða þá skipan mála að þegar mikil umframrenta myndast, sem sprettur af því að menn fá aðgang að þessari verðmætu auðlind, eigi þjóðin hlutdeild í henni. Þá er eftir útfærslan og að finna hvar hófleg mörk liggja í þeim efnunum. Talað hefur verið mikið um ofurskattlagningu og allt of há veiðigjöld og um það allt saman mætti býsna margt segja. Afkoma sjávarútvegsins er sem betur fer mjög góð. Hún tók auðvitað stakkaskiptum hvað varðar tekjustreymið þegar gengi krónunnar féll um 40–50%. Vissulega voru mörg fyrirtækin með skuldir á móti í erlendri mynt þannig að efnahagsreikningur þeirra allra leit ekki glæsilega út. Þau voru allt of skuldbætt við hrúnið og sátu uppi með neikvæðan höfuðstól að meðaltali, fyrirtæki í sjávarútvegi upp á eina 60 milljarða kr. í árslok 2008. En þau voru fljót að rétta úr kútnum og sum þeirra fengu einhverja fyrirgreiðslu í formi fjárhagslegrar endurskipulagningar hjá lánardrottnum sínum en þó ekki mörg, enda reyndust þau ekki þurfa á því að halda. Í ótrúlega miklum mæli réðu fyrirtækin sjálf strax við afborganir af þeim skuldum, og það sem meira er þá borguðu þau mjög hratt niður. Því veldur að skilyrðin hafa verið afbrigðilega hagstæð að segja má lengst af þessa tíma. Gengi krónunnar var mjög lágt skráð, verð á mörkuðum héldust mjög há og gera sumpart enn eins og í uppsjávarveiðum, bæði á frystum afurðum, mjöli og lýsi. Það er fyrst nú á síðustu einu, tveimur missirum sem verð hafa farið að gefa eftir svo að marki sé einkum í tilteknum tegundum botnfisks á saltfisksmörkuðunum við Miðjarðarhafið, sérstaklega hvað varðar stóra fiskinn og einnig hefur þess gætt í nokkrum mæli á öðrum botnfisksmörkuðum. Það er þó ekki verra en það að verðvísitala sjávarútvegs fyrir bolfisk hefur lækkað um 5–6% frá 2011.

Í frumvarpinu eru rakin dæmi um þá batnandi stöðu sjávarútvegsins en þar er horft á skuldahlíðina og tafla er í greinargerð frumvarpsins um það hvernig skuldir sjávarútvegsins hafi lækkað byggt á upplýsingum frá Hagstofu úr 523 milljörðum í árslok 2008 í 443 milljarða í árslok 2011. En líka má horfa á hina hliðina þar sem er eigið fé sjávarútvegsins og þar lætur nærri að sveiflan sé um 250 milljarðar, úr 60 milljarða neikvæðum höfuðstól í að nálgast 200 milljarða í jákvæðan höfuðstól síðast þegar ég gáði að því, einnig byggt á gögnum Hagstofu og greiningum fleiri aðila.

Þetta er náttúrlega mjög gott og var kærkomið að sjávarútvegurinn styrkti svona stöðu sína. Hann þurfti á því að halda miðað við útlitið á honum í árslok 2008. Var hann þó ekki að borga veiðigjöldin fram að þeim tíma, ekki voru það þau sem íþyngdu honum en vissulega var gengisskráningin útlutningsstarfseminni óhagstæð. Það var hluti af ruglinu sem í gangi var á útrásarárunum að gengisskráningin tók ekki mið af þörfum okkar hefðbundnu útlutningsatvinnugreina, enda var það annað sem henni réði, innstreymi erlendis áhættufjármagns og bólan í hagkerfinu og allt það sem við þekkjum. En sveiflan er stór í hina áttina og framlegðartölur úr sjávarútveginum sem við sjáum núna þessi árin upp á um 80 milljarða kr. í fjármunamyndun í grein-

inni er auðvitað ævintýri. Það er Íslandsmet, það er engum blöðum um það að fletta að sjávarútvegurinn hefur núna ár eftir ár slegið Íslandsmet í framlegð. Það skýrir að sjálf-sögðu þá miklu sveiflu í sterkari stöðu hans efnahagslega.

Þetta eru miklu hærri framlegðartölur en menn gerðu ráð fyrir alveg svo seint sem á árunum 2009–2010 og 2010–2011, hinir vísustu spekingar sem svo telja sig vera, eins og Deloitte gerði ráð fyrir að framlegðin í sjávarútvegi yrði kannski 40–45 milljarðar á þeim árum en hún fór í 70, 75 og síðan 80 milljarða. Þó að við drögum frá þessum framlegðartölum 13 eða 15 milljarða í veiðigjöld þá stendur samt eftir meiri framlegð en eiginlega nokkurn tíma fyrir í sögunni. Það yrði eftir sem áður skilin eftir meiri fjármunamyndun í greininni en hún hefur eiginlega nokkurn tíma fyrir eða síðar búíð við. Þetta eru staðreyndir, það þarf nú ekkert að rífast um þetta, er það? Þetta er allt saman svo rækilega skjalfest að ekki þarf um að deila.

Þegar kemur hins vegar að því að rökstyðja efni frumvarpsins verður fátt um svör. Kannski ætti ég fyrst að nefna það að mikið hefur verið talað, sérstaklega af hálfu stjórnarliða, jafnvel hæstv. ráðherra, um vandkvæðin við að framkvæma gildandi lög um veiðigjöld og höfð voru uppi stór orð um það að þau séu algerlega ónothæf og það hafi legið fyrir síðan um áramót og guð má vita hvað. Ekkert af þessu er rétt. Í grunninn eru það ekki lögin um veiðigjöld sem eru vandamálið heldur girðingar milli opinberra stofnana sem neita að afhenda eða taka við gögnum hver frá annarri. Ég hef farið nokkuð rækilega yfir þetta. Ég prentaði út öll bréf og gögn sem mér sýndist að atvinnuveganefnd hefði fengið og las mig svolítið í gegnum þau og tel mig hafa komist sæmilega til botns í því hvar vandinn liggur. Mér var að sjálfsögðu vel kunnugt um það að um áramótin og á fyrstu mánuðum þessa árs var veiðigjaldsnefnd að leita eftir því að fá sundurgreindari upplýsingar um tiltekna hluti. Það var aðallega tvennt sem þar var á ferðinni. Það fyrri var og skiljanlega að til að hægt væri að aðgreina með réttum hætti og leggja á sérstök veiðigjöld annars vegar á uppsjávarveiðar og vinnslu og hins vegar botnfisksveiðar og vinnslu þurfti að greina þetta tvennt að. Þar vafðist fyrir mönnum að hluti uppsjávartegundanna er að sjálfsögðu unninn á sjó og það er augljóst að það hefði skekk niðurstöðurnar ef framlegðin úr þeirri vinnslu teldist óskipt til fiskvinnslu og lenti á bolfiskshlutanum sem andlag gjalds. Þess vegna þurfti að aðgreina þetta og það hefur verið gert. Hagstofan er búin að gera það og þau gögn liggja nú fyrir. Nú er til algerlega klár aðgreining á framlegðinni í uppsjávarveiðum, framlegðinni í uppsjávarvinnslu og framlegðinni í þeim hluta útvegsins sem er vinnsla uppsjávartegunda á sjó og hún blandast ekki lengur saman við hitt. En þetta þurfti að vinna, það er rétt, það liggur núna fyrir.

Hinn hnúturinn sneri að því að það þurfti að fá sundurliðaðar upplýsingar og aðgreiningu í sömu þá flokka á stofnverði rekstrarfjármuna og það þarf síðan að uppreikna, vegna þess að það er uppreiknað stofnverð rekstrarfjármunanna sem gengur inn í grunninn og dregst frá áður en andlag sérstaka veiðigjaldsins er fundið. Nú ber svo við að þau gögn liggja líka fyrir. Ríkisskattstjóri er búinn að vinna þau gögn enda hefur verið fundað linnulaust og bréfað milli þessara aðila alveg frá því upp úr áramótum til að koma

þessu öllu á koppinn. Þetta liggur fyrir, ég veit ekki annað. Ég vil þá að mér sé andmælt ef aðrir telja sig vita betur. En það strandar á því að ríkisskattstjóri segist ekki afhenda þessi gögn nema hann fái um það beiðni frá aðila sem er til þess bær að lögum að taka við þeim.

Að vísu er það svo að ríkisskattstjóri sendir Hagstofunni viðamikil gögn árlega sem Hagstofan notar í störfum sínum og til hagsýslugerðar o.s.frv. En hvað gerist þegar ráðuneytið og ríkisskattstjóri eru búin að bréfa þetta allt saman og ríkisskattstjóri skrifar Hagstofunni og biður Hagstofuna um að biðja sig um gögnin þannig að þetta verði nú leyst? Það bréf gengur á milli 28. maí. Þá svarar Hagstofan og segir einfaldlega nei. Við viljum ekki biðja um þau gögn. Við erum hagsýslustofnun og lítum ekki svo á að okkur sé skylt að standa í þessu. Og þar strandar málið, þannig liggur það og á þessu þarf að taka, það er alveg rétt. Það er miklu betra að fá gögnin sundurliðuð og greind frá skattinum heldur en þurfa að áætla það. Það er alveg augljóst, ég viðurkenni það. Þá er einfalt mál að taka á því. Þá er að setja það í lög að slík gögn skuli ganga á milli aðila. Það má búa um trúnað eftir því sem þarf, til dæmis hvað varðar nefndarmenn í veiðigjaldsnefnd. Það þarf að sjálfsgöðu ekki varðandi starfsmenn ríkisskattstjóra og Hagstofunnar því að þeir eru bundnir af trúnaði hvort sem er. Það þarf að ganga frá því skýrt og skilmerkilega að ríkisskattstjóri eða skatturinn vinni þau gögn sem hann er búinn að gera eða eftir atvikum önnur sem til þarf og að honum beri að senda það Hagstofunni og Hagstofunni beri að taka við þeim. Ef menn telja ekki hægt að hafa Hagstofuna inni í þessum málum verður að láta annan aðila annast um þessa framkvæmd. Þá verður það bara að vera ríkisskattstjóri og veiðigjaldsnefndin beint. En það eðlilega væri auðvitað að það væri Hagstofan einfaldlega vegna þess að hún fær hvort sem er nánast allar þær upplýsingar árlega frá skattinum, nema hvað, það eru mikilvæg gögn að fá raunveruleg framtöl fyrirtækjanna til hagsýslugerðar, og það er notað til að leiðrétta ýmislegt eftir á sem byggir á áætlunum þegar hin raunverulegu gögn koma en hún fær þau ekki svona sundurgreind, enda hefur þess ekki þurft vegna hinnar almennu hagsýslugerðar.

Þetta eru nú öll ósköpin sem strandar á eftir því sem ég kemst næst hafandi skoðað þetta eins vel og ég hef getað miðað við gögnin sem ég hef í höndunum. Það er allt og sumt, það eru öll ósköpin sem hafa verið gerð hér að stórkostlegu máli.

Varðandi frumvarp hæstv. ríkissjórnar sem ber svo við að er komið á borð okkar þingmanna, það ekki mikið að vöxtum hvað varðar pappír og mállengd en það er auðvitað mjög stórt því að það felur í sér umtalsvert tekjutap fyrir ríkið frá fyrirliggjandi áætlunum og verulega sveiflu í álagningu sérstakra veiðigjalda annars vegar á botnfisk og hins vegar á uppsjárveiðar. Og munar nú um minna en sem þarna er lagt til, þ.e. að sérstaka veiðigjaldið á botnfisk lækki í 7,38 kr. úr þeim 23,20 kr. sem það er á yfirstandandi ári, ef ég man rétt, en hækki hins vegar á uppsjárveiðum um tæpar 11 kr., í 38,25 kr. Ég var auðvitað spenntur að sjá útreikningana þegar ég fékk frumvarpið fyrst í hendur, ég var spenntur að sjá töflurnar, ég var spenntur að sjá nálgunina við það að þetta væri eitthvert tiltekið hlutfall

af umframrentunni eða fjármunamynduninni í greininni. Það hljóta að liggja að baki allviðamiklir útreikningar á því sem yrðu sýndir í frumvarpinu, að þetta væri þá hin rétta tala fyrir botnfiskinn og hitt fyrir uppsjárveifiskinn. Ég las síðan í gegnum greinargerðina og ég fann eina setningu. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Umtalsverð lækkun álagningar á botnfisksveiðar miðað við yfirstandandi fiskveiðiár speglar m.a. lækkun á verði þorsks á mörkuðum en hækkun á álagningu á uppsjárveiðar ræðst af bættri afkomu uppsjárveiðifyrirtækja.“

Hvað nákvæmlega átt er við með orðinu „speglar“ veit ég ekki. Er það einhver 100% speglun eða hvernig ber að skilja það? Ég veit það ekki. Þetta er ekki nákvæmt og ekki venjulegt hagfræðilegt orðalag, rekstrarlegt eða viðskiptalegt.

Ég beið þar af leiðandi mjög spenntur eftir nefndarálitni meiri hlutans og ég geri ráð fyrir að fleiri þingmenn hafi gert það sem höfðu ekki meira í höndunum en þessa eina fátæklegu setningu til rökstuðnings þessum tillögum, þessum niðurstöðum sem meiri hlutinn leggur til eða hæstv. ráðherra í frumvarpi sínu. Það hlyti þá að koma í nefndarálitni meiri hlutans mjög rækilegur rökstuðningur og útlitun á því að þarna hefðu menn höndlað sannleikann, það væri hið eina rétta. Skoðum það. Hvað kemur í nefndarálitinu sem er heldur ekki mikið að vöxtum? Þar fann ég setningu, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið“ — nefndarálitnið vísar í frumvarpið — „endurspeglar lækkun álagningar á botnfisksveiðar, miðað við álagningu yfirstandandi fiskveiðiárs, m.a. lækkun á verði þorsks á mörkuðum.“

Meðal annars. Þarna er að vísu sagt endurspeglar en ekki speglar. Hvort að það hefur beinlínis merkingarmun að tala um „speglar“ í öðru tilvikinu en „endurspeglar“ í hinu, það veit ég ekki. Hækkun á álagningu á uppsjárveiðum endurspeglar hins vegar bættu afkomu uppsjárifyrirtækja.

Síðar í álitinu kemst meiri hlutinn að þeirri niðurstöðu eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Mat meiri hlutans er að leið ráðherrans muni auka jafnræði milli uppsjárveiða og botnfisksveiða frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.“

Og í framhaldinu:

„Í ljósi allra kringumstæðna sér meiri hlutinn ekki betur en að sú leið sem lögð er til í frumvarpinu sé skynsamleg.“

Þar með endar þessi saga, þar með endar rökstuðningurinn. Engir útreikningar, engar töflur, ekkert sýnt á spilin hvað menn áætla til dæmis að hár hluti framlegðarinnar gangi í sérstök veiðigjöld í hvorri grein um sig. Nú getur verið að nefndin hafi einhvers staðar í bakskjöllum eitthvað slíkt í höndunum. En af hverju eru þá ekki birtir og sýndir einhverjir útreikningar? Af hverju reyna menn ekki að rökstyðja og undirbyggja mál sitt? Eigum við að taka það gilt að byggt sé einungis á huglægu mati? Það er erfitt að ætla annað þegar engir útreikningar eru fram færðir. Ég gef ekki mikið fyrir þetta vegna þess að engin leið er að fá þá útkomu af því að skoða breytingarnar á afkomu þessara tveggja greina sjávarútvegsins, ef við tökum það svo, að svona gríðarlegur munur eigi að vera á sérstöku veiðigjöldunum. Það er vissulega rétt að þróunin teiknar í þá átt að

verulega dragi í sundur. Því mótmælir enginn samanber það að verðið, sé talað í uppsjárveiðum, hefur hækkað um fjórðung eða svo frá 2011 en lækkad í botnfisksveiðum, en munurinn er ekki svona mikill.

Menn verða að átta sig á því að hér er lagður til miklu, miklu meiri munur en maður hefði getað ímyndað sér að yrði ef við horfum bara á hlutföllin eins og þau voru í ár og eins og þau þá verða núna, þá nær sérstaka veiðigjaldið á botnfiskinum því ekki einu sinni að vera 1/5 af sérstaka veiðigjaldinu á uppsjárveiðum. Getur það staðist? Það held ég ekki. Ég mótmæli þeim forsendum sem menn gefa sér að með þessu hafi menn fundið sanngjarnara jafnvægi milli álagningarinnar á uppsjárveiðarnar og botnfisksveiðarnar. Það eru engin rök fyrir því, ekki er reynt að rökstyðja það. Það er bara talið að leið ráðherrans sé skynsamleg og menn meta það svo að þetta endurspegli meðal annars eitthvað og búið. Þetta er ekki hægt, finnst mér. Ég er hræddur um að á síðasta kjörtímabili hefðu verið gerðar ríkari kröfur um útreikninga en þetta. Þá hneyksluðust menn nú á minna en því að ekki væri meira lagt í að reyna að undirbyggja ákvarðanatöku af þessari stærðargráðu.

Það ber annað við þegar kemur að nefndaráli minni hlutans sem er mjög rækilegt og vel unnið. Ítarlega er farið yfir það, birtir útreikningar og töflur og komist að niðurstöðum sem ég tel vera vel undirbyggðar, að botnfisksveiðarnar geti ágætlega við unað að vera með óbreytt veiðigjald, eða einhvers staðar mjög nálægt því að minnsta kosti, og ef afslættirnir eru rýmkaðir á móti eins og minni hlutinn leggur til þá held ég að menn séu mjög nálægt því jafnvægi sem mér sýnist vera miðað við áætlaða framlegð eða rentu, ef við tökum hana sem slíka, að hún sé upp 67–68 kr. á þorskígildi í botnfisksveiðum og vinnslu en 179 í uppsjárveiðum og vinnslu. Þá erum við búin að taka framlegðina sem eftir stendur frá rekstrinum, fjármunamyndunina, draga frá ávöxtun rekstrarfjármuna upp á 8% og ávöxtun miðað við váttryggingaverðmæti skipa og veiðarfæra. Og þá stendur eftir þetta hugtak, þessi renta, sem er þá upp á um það bil 47 milljarða í sjávarútveginum í heild og í krónum á þorskígildi skiptist hún þá þannig að um 67 kr. eru á botnfisksveiðar og vinnslu og 178 kr. á uppsjárveiðar og vinnslu. Þetta er ekki svona mikill munur. Þetta teiknar ekki til þess að botnfisksveiðarnar eiga að vera með 1/6 eða svo af sérstaka veiðigjaldinu á móti uppsjárveiðunum.

Ein röksemdin sem færð hefur verið fram fyrir lækkuninni önnur en sú sem við öll vitum, að verðvísitala botnfisks hefur lækkad, að það hefði að sjálfsgöngu leitt sjálfkrafa til lægra veiðigjalds en ella samkvæmt gildandi lögum, hefur verið sú að menn tala um að þeir hafi áhyggjur af afkomu minni og meðalstórra fyrirtækja.

En þetta er ekki skilvirk leið til að mæta því satt best að segja og það væri auðvitað mun nærtækara að fara þá leið sem minni hlutinn leggur til, að færa frítekjumarkid upp. Gerð er um það breytingartillaga sem þýðir samanber fylgigögn að býsna stór hluti minni og jafnvel það sem menn telja vera litlir eða meðalstórir aðilar eru þá annaðhvort alveg eða að mestu leyti undanþegnir veiðigjaldi. Auðvitað er það heilmikill stuðningur við slíka aðila ef sú leið væri farin að hafa hreint frítekjumark upp í 50 þúsund þorskígildi og hálf gjald á næstu 200 þúsund þorskígildi þar á eftir,

sem jafngildir því að menn greiði þá, ef við notum þá aðferð, hálf gjald fyrir fyrstu 350 tonn. Það munar nú um það sem stuðning og vegur auðvitað talsvert langt upp í fyrirtæki með 500–800 tonna heimildir. Það kostar hins vegar mun minna vegna þess að samþjöppun veiðiheimildanna og stærð stóru fyrirtækjanna gerir það að verkum að það kostar ekki mikla fjármuni að styðja við bakið á minni aðilunum með þeim hætti, rúmar 300 millj. kr. í viðbót, að auka frítekjumarkid á þann hátt. Af hverju fara menn ekki þá leið? Ef það er rétt að aðaláhýggjur manna hafi verið afkoma og hagar smærri fyrirtækjanna, minni og meðalstóru fyrirtækjanna, þá leita menn auðvitað leiða til að koma stuðningi til þeirra sem eru skilvirk, en það á ekki að þurfa að þýða, ef afkoman að öðru leyti býður upp á það, að stórfyrirtækin sem eru með miklar veiðiheimildir í botnfiski fái tugmilljóna og jafnvel hundruð milljóna króna lækkun og afkoma þeirra býður fyllilega upp á að þau greiði það. Mér er mjög til efs að í þessu sé fólgin meiri sanngimi innbyrðis milli fyrirtækjanna, þó að ég viðurkenni fúslega og styð það að sjálfsgöngu að hin afbrigðilega góða afkoma í uppsjárveiðunum sé andlag þess að þau greiði myndarlegt sérstakt veiðigjald á þessum árum. Það er algerlega rétt. (**Gripid fram í:** Það var of lágt í upphafi.) Það var meðal annars vegna þess að í samningabófi við þáverandi stjórnarandstöðu í þessu húsi var það ragað niður, var lækkad frá því sem ég lagði til, og verulega. Ég vissi vel að afkoman bauð upp á að það væri herra og gerir enn reyndar þó að síðan hafi dregið í sundur í þessum efnunum. Það ánægjulega er að uppsjárveiðarnar búa enn þá við alveg afbrigðilega góða afkomu, mikla fjármunamyndun.

Hér er ekki um sterkan málalíðnað að ræða, herra forseti, svo vægt sé til orða tekið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð undrandi, ég var eiginlega gáttaður á því hversu fátæklegar röksemdirnar eru sem hér eru fram færðar, að ekki skyldi hafa verið haft fyrir því að setja upp að minnsta kosti eins og eina töflu eða koma með einhverja útreikninga máli sínu til stuðnings þannig að maður sæi svolítið á spilin. Nei, það þarf stjórnarandstöðuna til til að skila til mikilla muna myndarlega og betur útbúna nefndaráli með útreikningum og rökstuðningi fyrir sínum tillögum en slíkt fáum við ekki frá hæstv. ríkisstjórn, hvorki frá ráðherrunum í frumvarpinu né nefndinni í nefndarálitinu.

Ég varð mest hissa á því að málið skyldi koma óbreytt úr nefnd af hálfu meiri hlutans. Ég er satt best að segja gáttaður á því að meiri hlutinn skyldi ekki reyna eitthvað að betrumbæta málið af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að röksemdirnar halda ekki. Í öðru lagi vegna þess að orðin er hér þung umræða um það mikla tekjutap sem ríkið verður fyrir og ef menn hafa það á tilfinningunni að engar sérstakar ástæður séu fyrir því að missa þær tekjur, eða að minnsta kosti ekki svona miklar, þá finnst mér menn býsna brattir að setja undir sig hausinn og leggja til afgreiðslu á frumvarpinu óbreyttu.

Það er að mínu mati þannig að ekki þarf að gera nema tiltölulega mjög einfaldar breytingar hvað varðar tekjuskattslögin til að leysa það mál sem eftir stendur og er óleyst milli stofnana sem þurfa að leggja í púkkið varðandi framkvæmd gildandi laga. Það er vissulega þannig að þegar kemur að útreikningum og birtingu á svokölluðum rentu-

grunni þá er það viðurkennt að sundurgreina þarf og afla tiltekinna upplýsinga til að það sé hægt. Út af fyrir sig væri skynsamlegt að yta því ákvæði til hliðar á þessu ári enda er það ekki nauðsynleg forsenda þess að útreikningar til grundvallarlagningu sérstaks veidigjalds fari fram. Það er annar þáttur og þar liggja öll gögn fyrir. Það er bara spurningin um að fá að nota þau eins og áður sagði.

En það sem eftir stendur er að hér er hæstv. ríkisstjórn í einu fyrsta máli sínu, númer eitt eða tvö held ég, að gera það að forgangsverkefni að afsala ríkissjóði samtals um 10 milljörðum kr. á tveimur árum, þessu og hinu næsta, í formi minni tekna af sérstöku veidigjaldi. Það er mjög athyglisvert. Annað frumvarp sem var svona svipað örlátt þó lægri fjárhæðir væru hefur nú þegar verið lögfest það ég best veit og það er afsláttur eða fráhrarf frá boðaðri hækkun á virðisaukaskatti ferðaþjónustunnar, hótलगistingar í 14%. Þar fjúka aðrir 2 milljarðar á þessu ári og hinu næsta. Þá erum við kominn í 12 milljarða á þessum tveimur árum. Síðan má nefna þriðja frumvarpið af því að ég er að tala um ríkisfjármálin sem ég kíkta aðeins í áðan, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, að vísu allt annars eðlis því að þar er verið að auka útgjöld og ég hygg að menn séu ekki að mótmæla því. Deila má mjög um þá útfærslu sem farin er og verður örugglega gert þegar það mál kemur til umræðu. Þar virðist líka stefna í að útgjöld aukist um 850 milljörðir á þessu ári og um 1,6 milljarða plús 3 milljarða á hinu næsta, þó að það tengist ekki efni þess frumvarps beint en ef ekki verður framlengt ákvæði um að tekjutengd skerðing tekjutryggingar haldist í 45% sem rennur út um áramótin þá er í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins metið að þar bætist 3 milljarðar í útgjöldum við.

Ef við lítum þá aðeins á þetta, virðulegur forseti, hvað varðar árið í ár eru útgjöldin í almannatryggingunum upp á 850 milljónir sem eru umfram fjárhæmildir ársins. Það eru minni tekjur af virðisaukaskatti vegna gistingar á þessu ári sem er upp á 535 milljónir og það eru minni tekjur af veidigjöldum upp á 3,2 milljarða. Þetta er gat í fjárlög yfirstandandi árs sem ríkisstjórnin sjálf er að leggja til án þess að segja eitt einasta orð um mótvægisáðgerðir eða aðra hluti upp á 4.585 milljarða þetta eru ekki neinir smáauurr. Var ekki verið að segja að ríkisstjórnin hefði sent út bréf þar sem hún boðar 1,5% aðhald á rekstur ríkisstofnana á næsta ári? Og ætlar að hafa upp úr því, hvað? Kannski um 6,5 milljarða giska ég á. Sennilega verður það eitthvað minna því að hæstv. fjármálaráðherra hefur gefið í skyn að því aðhaldi verði ekki beitt á alla, eins og skattinn og tollinn og einhverja fleiri. Sem sagt, við erum að tala um útgjöld og tekjutap af næstum svipaðri stærðargráðu á þessu ári, stærra gat í fjárlögin sem þessu nemur og ríkisstjórnin ætlar svo að reyna að krafla í á næsta ári með því að útteila flötum 1,5% niðurskurði. Það mun ekki ganga sársaukalaust fyrir sig, það verða þjáningar í því, eins og ég spái að hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans fái að kynnst. Og ættu menn þá ekki að hugsa sig um áður en þeir búa sér til vandamál af þessu tagi fyrir fram? Þetta verður auðvitað enn stórfelldara á næsta ári því að þá mundu þessi þrjú frumvörp ein sem við höfum hér í höndunum teikna til þess að það yrði erfiðara sem næmi um 12,5 milljörðum kr. að koma saman hallausum fjárlögum árið 2014, 12,5 milljörðum kr. Það verða

4,6 í almannatryggingaútgjöldum, 1,5 í virðisaukaskattinum og 6,4 í veidigjöldunum.

Hafandi barist við það fjögur ár í röð og eiginlega fimm að koma saman fjárlögum og velta fyrir mér hverri krónu, reyna að ná niður útgjöldum um 10 milljónir hér eða 50 milljónir þar, reyna að afla tekna fyrir þetta eða hitt upp á nokkrar milljónir, 100 milljónir eða milljarða, þá held ég að menn ættu að átta sig á því að þetta eru ekki auðveldir hlutir þegar til stykkisins kemur. Ég verð því að segja alveg eins og er að mér finnst það stórkostlega undarlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli leggja svona af stað í þessi mál. Menn bera fyrir sig tímaleysi og þeir hafi ekki haft tíma til að leggja niður fyrir sig nýja ríkisfjármálaáætlun og séu að hamast við að reyna að koma saman fjárlagafrumvarpi sem virðist ganga svo illa að ríkisstjórnin er farin að biðja um að þingið komi seinna saman. En af hverju þá ekki að bíða bara með þetta og reyna þá að taka þetta samræmt í einni heildarmynd? Er þetta virkilega svona ofboðslegt forgangsmál að þarna skuli fyrst borið niður óháð því hvaða erfiðleika það bakar svo viðkomandi aðilum sjálfum strax á haustmánuðum? Þetta er auðvitað sjálfskaparvíti, þetta er ekkert annað en sjálfskaparvíti. Mér finnst það algerlega undarlegt að stjórnarmeirihlutinn, til dæmis stjórnarmeirihlutinn hér inni í þinginu skuli þá ekki hafa vit fyrir ríkisstjórninni. Ef þeir hefðu tekið sig til meirihlutamennirnir í atvinnuveganefnd og komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri óþarflega rausnarlegt hjá ráðherranum, sem er augljóst mál, og lagt til að sérstaka veidigjaldi á botnfiskinn yrði alla vega um 15–18 kr., ekki 7,38 kr. hefði það þó verið til marks um einhverja meðvitund. Tekið upp tillögur minni hlutans, tekið því feginn hendi að fara í samstarf við minni hlutann um að færa upp afsláttinn, frítekjumarkið, þá hefði kannski verið hægt að finna út úr því niðurstöðu að hefði orðið miklu minna umdeild og að mínu mati staðið efnislega sterkar rök til en því sem meiri hlutinn þumbast áfram með hjá ráðherranum af því að hann virðist hafa trú á því að leið ráðherrans sé svo skynsamleg í þessum efnunum.

Það er mat meiri hlutans að leið ráðherrans muni auka jafnvægi í greininni. Mat, er til minnisblað um þetta mat meiri hlutans eða er það huglægt líka? Er þetta niðurstaðan af hugarstormum meirihlutamannanna einhvers staðar á sérfundum? Það hefði verið gaman að vera þar.

Nei, herra forseti. Þetta er mjög misráðið af hæstv. ríkisstjórn og ákaflega dapurlegt. Ég verð að segja alveg eins og er að ég fyrir mitt leyti hefði alveg verið tilbúinn til að eiga hér málefnalega rökræðu um það ef einhver vilji væri til að skoða þetta og mættast einhvers staðar í málinu eins og við sýndum á sínum tíma þegar við á endanum tókum heilmikið tillit til viðhorfa stjórnarandstöðunnar við afgreiðslu málsins á sumarmánuðum 2012. En það er ekkert slíkt uppi enn þá þó að málið eigi að vísu eftir að ganga væntanlega til nefndar aftur milli 2. og 3. umr.

[16:09]

#### **Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hans ágætu ræðu. Það eru ýmsir þættir sem komu mér spánkt fyrir sjónir. Um frumvarpið sjálft segir í athugasemdum, með leyfi forseta, örstutt:

„Og útséð er um að ekki er unnt að leggja á sérstakt veidigjald samkvæmt lögnum fyrir komandi fiskveiðir 2013–2014.“

Hvað er skýrara en þetta, hv. þingmaður? Það hefur komið fram í upplýsingum hagstofustjóra að fram komu athugasemdir af hálfu Hagstofunnar, um meinbugi á upplýsingaöflun út af frumvarpinu, í umsögnum um frumvarpið strax í maí í fyrra samkvæmt hans upplýsingum.

Það kemur líka fram í athugasemdum með frumvarpinu að þessar athugasemdir hafi komið fram um síðustu áramót og í mars. Hv. þingmaður segir að þetta sé vitleysa og ég vildi gjarnan fá að vita í hverju hún liggur.

En síðan er annað líka sem hefur valdið mér heilabrotum. Hv. þingmaður hélt ágæta ræðu við 1. umr. þessa máls þar sem hann sagði meðal annars, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarflokkarnir hafa sagt að þeir hafi áhyggjur af afkomu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bolfisksveiðunum. Ég deili þeim áhyggjum að hluta til. Ég hef sagt það opinberlega og sagði meðan ég var ráðherra að það er að sýna sig að þetta er hvað þungst og erfiðast fyrir lítil og kannski meðalstór bolfisksveiðifyrirtæki, sérstaklega þau sem eru eingöngu í veiðum og njóta ekki framlegðar af vinnslu með í sínum rekstri.“

Það held ég að sé ljóst. Ég er sammála því mati, það er líklega huglægt, að það er sá hluti útgerðarinnar í dag sem á hvað erfiðast með þetta.

Frekari fyrirspurnum ætla ég að beina til hv. þingmanns í seinna andsvari.

[16:11]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Það var unnið með þær athugasemdir sem Hagstofan og skattstjóri komu með á sínum tíma vormánuðina og sumarmánuðina 2012, af nefndinni sem fjallaði um málið. Menn gengu þá eins vel frá því máli og þeir töldu sig geta á því stigi málsins. Það er því ekki eins og ekkert hafi verið brugðist við þeim athugasemdum þegar þær komu. Síðan er það þannig að veidigjaldsnefndin vinnur að því að afla og byggja upp sinn gagnagrunn eins og henni ber samkvæmt lögum og það kom ekkert sérstaklega á óvart að í þeirri vinnu kæmi upp eitthvað sem þyrfti að leggja grunn að í formi sundurlíðunar upplýsinga o.s.frv. Fyrstu ábendingarnar um hvað til þurfi koma fyrir og eftir áramótin síðustu. Ráðuneytið tekur þær að sjálfsögðu allar til skoðunar og fer í vinnu með veidigjaldsnefnd og Fiskistofu og fer í viðtöl og viðræður við viðkomandi stofnanir, Hagstofuna og skattinn. Það starf stóð linnulaust fram í maí eins og menn sjá af bréfaskrifum, fram undir mailök. Skipuð var sérstök tækninefnd með fulltrúum frá þessum aðilum til að ganga í að leysa þetta og það var mat manna að það væri hægt.

Það er ekki fyrr en í mailök sem menn bréfa þetta með afgerandi hætti eins og Hagstofan gerir þegar hún svarar skattinum. Og ég stend við það sem ég sagði, upplýsingarnar eru til núna. Uppreiknað stofnverð rekstrarfjármuna liggur fyrir sundurlíðað hjá skattinum en Hagstofan vill ekki taka við því. Það er þar sem vandinn liggur núna. Það er þetta sem á vantar, að hægt sé að reikna út sérstaka veiðigjaldið, og ekki annað.

Varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki þá er allt rétt sem í mig var vitnað í þeim efnum. Þess vegna komum við með frítekjumarkið á sínum tíma, við gerðum okkur alveg grein fyrir því að það gæti verið hæpið að ætla mjög litlum einingum í greininni að greiða strax fullt sérstakt veidigjald og við sáum það, meðal annars á gögnum sem við vorum að rýna í varðandi afkomuna, að þetta var skynsamleg ráðstöfun. Kannski leiðir athugun í ljós að skynsamlegt sé að hækka þessi mörk (Forseti hringir.) og það er þess vegna sem ég styð það algjörlega að breytingartillaga minni hlutans nái fram að ganga. Hún mætir þessum sjónarmiðum.

[16:14]

#### Þorsteinn Sæmundsson (F) (andsvar):

Hæstv. forseti. Það kom nú líka fram hjá hagstofustjóra, og það er rétt hjá hv. þingmanni, að bréfaskipti áttu sér stað í maímánuði síðastliðnum. Að hans sögn voru það fyrstu bréfin sem Hagstofan fékk um þetta mál, ári síðar en Hagstofan kom með athugasemdir í umsögn um frumvarpið á sínum tíma.

Hv. þingmaður hefur líka talað um þann mikla mun sem er réttlæga á sérstöku veidigjaldi milli bolfisksútgerðar og uppsjávarfyrirtækja. Sá meðaltalsgrunnur sem er verið að vinna með í frumvarpinu er kannski erfiður út af fyrir sig, sem betur fer er þetta því bráðabirgðaráðstöfun til eins árs þannig að hægt er að bregðast við.

Það sagði í ágætri ræðu hv. þingmanns við 1. umr. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Hitt kemur líka til sögunnar, sem ætti nú ekki að þurfa vinstri manninn til að benda sumum hér í þingsal á, samkeppnissinnuðum þingmönnum, að þá færa menn þunga greiðslanna á best reknu fyrirtækin og hlífa lakast rekna hlutanum ef þeir láta afkomu hvers og eins fyrirtækis vera andlagið að fullu og öllu leyti. Þá bera best reknu fyrirtækin með mestu framlegðina, mesta hagnaðinn, þungann af gjöldunum og hinum er hlíft. Og hvaða áhrif hefur það til lengdar á atvinnugrein af þessu tagi, er það það sem við viljum?“

Þetta þykir mér furðulegasti sósíalismi sem ég hef nokkurn tímann heyrt vegna þess að ef tveir aðilar hafa mismunandi tekjur hlýtur væntanlega sá að greiða hærra sem hefur það betur, ekki satt? Það er einmitt mergurinn málsins með þessu frumvarpi að meiri hluti nefndarinnar leggur til og reynir að koma því þannig til að þeir sem geti borið byrðarnar geri það, hinum sé hlíft, en þetta er bráðabirgðaráðstöfun. Að ári liðnu kemur fram nýtt frumvarp, eða núna í haust, og þá geta menn væntanlega lagt grunn að farsælla kerfi til framtíðar og vonandi góðri sátt.

[16:16]

#### Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Nú hef ég ekki verið á þessum fundum eða rætt þetta við hagstofustjóra, en ég geri ekki ráð fyrir því að Hagstofan reyni að halda því fram að hún hafi ekkert af þessu vandamáli vitað fyrr en í maí, það kæmi mér afar spáskt fyrir sjónir. Ég hef auðvitað ekki tölu á þeim fundum ... (ÞorS: Fyrsta bréfið ...) Fyrsta bréfið, já. En lítur hv. þingmaður svo á að það sé ekkert að marka nema bréf? (Gripíð fram í.) Skipta þá formlægir fundir undir forustu

ráðuneytisstjóra atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og sú staðreynd að Hagstofan skipaði mann, einn af yfirmönnum sínum í tækninefnd til að vinna að lausn á þessum málum, skiptir það ekki máli? Getur Hagstofan sagt að hún hafi ekki fengið bréf fyrr en í maí? (**Gripið fram í:** Kom fram í maí ...) Ég gef nú lítið fyrir svona lagað. (Gripið fram í.) Það þýðir ekkert að halda því fram á nokkurn hátt.

Ráðuneytið vann að þessu af fullum krafti með veiðigjaldsnefnd og Fiskistofu. Það voru óteljandi fundir um þessi mál. Skipuð var sérstök tækninefnd og annar starfs hópur á grundvelli þess (**Gripið fram í:** ... margar vikur.) sem þingað var um, skýrslur afhentar o.s.frv., þannig að það er ekki eins og það skipti einhverju máli að Hagstofan (Gripið fram í.) svarar á endanum neitandi bréfi í máfmánuði síðastliðnum. Það skiptir ekki máli.

Þegar ég ræddi við 1. umr. um mismunun á tvenns konar grundvallaraðferðafræði í þessu, annars vegar því að horfa til afkomu hvers fyrirtækis og nota framlegðartölur þar og hins vegar þess að horfa til einhvers konar meðalafkomu innan tiltekinna greina, var ég fyrst og fremst að ræða um þann vanda sem það skapaði og allir þekkja eða eiga að þekkja sem grúskað hafa í þessi fræði, þá koma til sögunnar alls konar aðferðir til þess að færa upp kostnað í bókhaldinu eins og hægt er og sýna sem minnsta framlegð og svo framvegis eða minnstan endanlegan hagnað, það er kallað að gullhúða handriðin. Það er einn meginálgallinn á þeirri aðferð. En fleira mætti nefna.

Ég stend við það sem ég segi. Það er skrytið ef orðið hafa hér þau algjöru hlutverkaskipti að hv. þingmaður (Forseti hringir.) telji að það eigi sérstaklega að refsa vel reknum fyrirtækjum en verðlauna hin sem eru ekki eins vel rekin.

[16:18]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Hér er til umfjöllunar í 2. umr. frumvarp hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, um breyting á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld, fjallar um innheimtu veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl. Bæði í 2. umr. og eins í 1. umr. um málið má segja að hv. þingmenn hafi nálgast umræðuna frá ýmsu sjónarhorni og er fullt tilefni til þess. Þetta mál er þannig vaxið að hægt er að horfa á það frá ólíku sjónarhorni. Hér hafa sumir hv. þingmenn einkum fjallað um einstakar tæknilegar útfærslur í frumvarpinu að því er varðar veiðigjöldin, fjárhag útgerðarinnar, útreikning, umræður um auðlindarentuna, umframadrönn o.s.frv. Hér hafa ýmsir þingmenn fjallað um þetta út frá lýðræðissjónarmiðinu, ef svo má segja, afstöðu þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu til málsins, en í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 var sérstaklega spurt um afstöðu manna til auðlinda í þjóðareign þar með talið fiskstofnanna. Einnig hafa ýmsir nálgast þetta mál út frá áhrifum frumvarpsins á afkomu ríkissjóðs. Eins og ég segi þá er hægt að fara í þessa umræðu út frá ólíkum sjónarhornum og ég hyggst að einhverju leyti gera það í þessari ræðu minni, að koma inn á þessa þætti alla saman.

Ég ætla að byrja á því að ræða aðeins um lýðræðismál- ið, umræðuna um náttúruauðlindirnar og hverjir eigi þær. Á

undanförnum árum hefur verið mikil umræða um það í samfélaginu að tryggja þurfi þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá. Nú hafa ýmsir haldið því fram að með 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé tryggt að sjávarauðlindin sé í eigu þjóðarinnar og í raun þurfi ekki að gera meira í þeim efnum. Hinir eru þó miklu fleiri, hygg ég, sem aðhyllast það viðhorf að mikilvægt sé að tryggja eignarhaldið á auðlindunum, bæði sjávarauðlindinni sem hér er undir en í raun á auðlindum þjóðarinnar í heild sinni, í stjórnarskrá. Þetta er atriði sem var mikið til umræðu í vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar á síðasta kjörtímabili. Í tillögum stjórnlagaráðs til Alþingis er mjög afdráttarlaust tekið af skarið um það að í stjórnarskrána eigi að setja ákvæði um auðlindir í þjóðareigu. Í tillögum stjórnlagaráðs, sem voru sendar inn á hvert heimili í landinu í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október sl., er fjallað um náttúruauðlindir í 34. gr. þess frumvarps. Þar segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi. Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Þetta ákvæði kom að sjálfsögðu til umfjöllunar í þinginu á vettvangi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á síðasta kjörtímabili og í umræðum í þingsal þegar verið var að ræða stjórnskipunarfrumvarpið. Á grundvelli umsagna frá fjölmörgum aðilum, sem veittu stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd umsagnir um málið, gerði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd tilteknar breytingar á orðalagi í þessari grein sem varðar náttúruauðlindirnar. En grundvöllinum, kjarnanum í þeirri umfjöllun sem þarna er að finna, var eftir sem áður haldið til haga, það er að segja að leyfi til nýtingar auðlindar í þjóðareigu skyldi ávallt veita á jafnræðisgrundvelli og að þau mættu aldrei leiða til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Þetta er mikið meginatriði í þeirri hugsun sem hefur einkennt umræðuna og mjög margir hafa verið stuðningsmenn, meðal annars í mínum flokki, Vinstri hreyfingunni — grænu framboði, á bak við þá hugsun að binda í stjórnarskrá eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindunum. Ég tel mikilvægt að þessu sé haldið til haga í umræðunni sem hér á sér stað um þetta mál. Einhverjir kynnu að halda því fram að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar breyti engu sérstöku í þessu efni, hafi engin grundvallaráhrif á þá hugsun sem þarna er á bak við. Ég tel að færa megi rök fyrir því að það eigi ekki við rök að stöðjast, þetta tengist beint og það leiðir af þeirri hugsun sem er í þessu frumvarpi, um útreikningsaðferðirnar og upphæð veiðigjaldsins.

Ég held að sú hugsun sem verið hefur í umræðunni um náttúruauðlindirnar sé mjög mikilvæg. Það er mikilvægt að vinna áfram af því að ekki tókst að afgreiða stjórnarskráfrumvarpið fyrir vorið, einkum og sér í lagi, eins og menn muna, fyrir afstöðu þáverandi stjórnarandstöðuflokka, þeirra tveggja sem nú mynda ríkisstjórn í landinu. Þeir lögðust gegn því að þjóðareign á auðlindum yrði bundin í

stjórnarskrá með nægilega tryggilegum hætti, að mínu mati. Það voru að vísu hér uppi hugmyndir, einkum og sér í lagi frá Framsóknarflokknum, kannski ekki mikið handfast sem kom úr herbúðum sjálfstæðismanna, um hvernig ætti að orða ákvæði í stjórnarskrá um þjóðareign á auðlindum. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég tel að þær hugmyndir hafi gengið allt of skammt og í raun gefið færi á því að nýting auðlindanna gæti leitt til eignarréttar. Um þetta var deilt hér á þinginu, tekist var harkalega á um þetta en það er mín afstaða að þar hafi allt of skammt verið gengið í þá átt að tryggja þjóðinni óafturkallanlegt forræði yfir auðlindunum.

Herra forseti. Þessu finnst mér mikilvægt að halda til haga í þessari umræðu til að þetta mál, sem mörgum finnst kannski ekki stórt í sniðum, verði ekki tekið úr samhengi við hina stóru umræðu, kjarnann í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í samfélaginu og mun halda áfram á næstunni, um eignarhald þjóðarinnar og fullan yfirráðarétt yfir sínum eigin auðlindum.

Herra forseti. Ég ætla einnig að fjalla aðeins um þann þátt þessa máls sem snýr að tekjum ríkissjóðs, áhrifunum á tekjur ríkissjóðs. Það er eftirtektarvert að eitt af þeim forgangsmálum sem núverandi hæstv. ríkisstjórn leggur fram hér, á sumarþingi í kjölfar alþingiskosninga og í kjölfar þess að ríkisstjórnin var mynduð, skuli vera þetta frumvarp og ýmis önnur sem skerða tekjur ríkisins, bæði á yfirstandandi ári og næsta ári og, ef þessu er haldið til streitu, að sjálfsögðu áfram inn í framtíðina. Á sama tíma kvartar hæstv. ríkisstjórn yfir því að miklir erfiðleikar séu í rekstri ríkisins, hún kvartar yfir því að hún hafi tekið við erfiðu búi jafnvel þótt að engum dyljist sá árangur sem náðst hefur í stjórn ríkisfjármála á umliðnum fjórum árum, frá hruninu 2008, þar sem rekstri ríkissjóðs var snúid úr halla, sem var yfir 200 milljarðar, ef ég man rétt, og niður í það að verða nálægt jafnvægi.

Engum dylst þessi miklu árangur en engu að síður kvartar hæstv. núverandi ríkisstjórn yfir að hafa tekið við erfiðu búi. Hún óskar meira að segja eftir því hér í þinginu að lögum um samkomudag Alþingis verði breytt, honum frestað í því augnamiði að hún hafi lengri tíma til að undirbúa fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörp sem fylgja fjárlagafrumvarpi fyrir haustið. Þó hefur það nú legið fyrir í alllangan tíma að fjárlagafrumvarp er fyrsta mál hvers þings og er lagt fram við þingssetningu. Það hefur verið í þingskapalögum núna frá því, hygg ég, 2012 að frá og með árinu 2013 skyldu tekjuöflunarfrumvörp fylgja fjárlagafrumvarpi þegar það er lagt fram. Gildistöku á því ákvæði var reyndar frestað eða það var haft síðar en gildistaka þingskapalaganna að öðru leyti til þess einmitt að gefa fjármálaráðuneytinu og þá ríkisstjórninni svigrúm til að vinna þá vinnu.

Virðulegi forseti. Í þessu samhengi kemur ríkisstjórnin hér inn á fyrstu dögum þingsins með nokkur frumvörp sem skerða tekjur ríkissjóðs umtalsvert. Við höfum þegar fjallað um frumvarpið um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, þar sem hætt var við fyrri áform um að virðisaukaskattur á gistináttþjónustu færi úr 7% í 14%, eins og hann var reyndar áður. Þar voru sennilega einar 500 milljónir á þessu ári og 1,5 milljarðar á næsta ári. Síðan fáum við þetta frumvarp hér, um veiðigjaldið og sérstaka veiðigjaldið, þar sem

verið er að afsala ríkinu tekjum upp á um 10 milljarða kr. á þessu ári og næsta. Þetta eru auðvitað ekki litlar fjárhæðir sem hér eru undir og þær skipta verulega miklu máli í rekstri ríkissjóðs ef horft er til þess að við höfum í kjölfar hrunsins þurft að gæta mikils aðhalds í rekstri ríkisins, draga saman útgjöld og auka tekjur.

Auðvitað hefur margt af því verið þannig að það hefur ekkert verið óskastaða þeirra sem borið hafa ábyrgð á stjórn ríkisins hér undanfarin ár en óhjákvæmilegt. Stundum þarf að taka óhjákvæmilegar og sársaukafullar ákvarðanir. Staða ríkisins eftir hrun var einfaldlega sú að ekki var um annað að tefla en að fara í slíkar ráðstafanir, draga úr útgjöldum, auka tekjur, vegna þess að þriðji kosturinn sem ríkisvaldið stendur frammi fyrir, þriðji kosturinn sem ríkisvaldið á jafnan möguleika á, við aðstæður eins og þessar, er erlend lántaka. Sá kostur var ekki í boði við kjölfar hrunsins. Ísland var í þeirri stöðu að geta ekki aflað sér lánsfjár á erlendum mörkuðum þannig að sú leið var einfaldlega ekki fær. Þá varð að grípa til annarra ráðstafana ella hefði íslenska ríkið farið í þrot. Þetta er nú sá kaldri veruleiki sem við stóðum frammi fyrir og var unnið að hörðum höndum, vil ég segja, og með þýsna góðum árangri hér á landi, ef við berum okkur saman við það sem aðrar þjóðir þurftu að glíma við eftir hrunið, sem var að sjálfsögðu ekki bara á Íslandi heldur miklu víðar, en auðvitað alveg fordæmalaust hér á landi. Árangurinn hjá okkur í þessu efni hefur orðið aðdánunarefni í augum margra sem horfa utan frá, og oft er gestsaugað glögg, á þróun mála hér á landi.

Ég tel að ríkisstjórnin verði í fyrsta lagi að færa fram mjög sterk rök fyrir þeim ráðstöfunum sem hún grípur til þegar hún ákveður að lækka tekjur ríkissjóðs svona umtalsvert eins og hér er á ferðinni. Hún þarf að sýna fram á, með greinargerð, rökstudding, útreikningum, áhrifin til að undirbyggja tillögur sínar í málinu. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu þá skortir mjög á í þessu efni að það sé gert annars vegar í frumvarpinu sjálfu sem hér liggur fyrir og eins af hálfu meiri hlutans í atvinnuveganefnd sem hefur sent frá sér sitt nefndarálit, er hér á þingskjali 52. Ríkisstjórnin er með þessu frumvarpi að afsala sér tekjum upp á um 10 milljarða kr. á þessu ári og næsta. Fjármunum sem hljóta þá, við þær aðstæður sem við búum við, að verða teknir af samfélagslegum verkefnum sem við erum öll að glíma við og sem við leggjum mikla áherslu á. Hvort sem það er skólakerfið okkar, menntakerfið, heilbrigðiskerfið eða velferðarþjónustan almennt séð, löggæslan, innviðir í samfélaginu eins og samgöngur, uppbygging nýrra atvinnuvega eða stuðningur við nýsköpun og þróun, rannsóknir og vísindi o.s.frv.

En það er ekki gert hér. Það er ekki gert í þessu frumvarpi og það er ekki gert í málflutningi stjórnarliða og ekki liggja fyrir neinar tillögur, samhliða þessu frumvarpi og öðrum á móta, um það hvernig eigi að mæta þeim áhrifum sem samþykkt þessa frumvarps hefur á afkomu ríkisins. Það er auðvitað mjög á mælisvert, vil ég leyfa mér að segja, að það sé ekki gert. Menn hafa sagt í umræðunni hér að undanförmu að það sé geysilega þýðingarmikið, og ég deili því sjónarmiði, að samhliða fjárlagafrumvarpi liggja fyrir frumvörp um tekjuöflun ríkissjóðs þannig að menn sjái heildarmyndina fyrir sér strax í upphafi þegar fjárlagafrum-



varpið kemur fram; menn sjái útgjaldahlíðina, menn sjái tekjuhliðina og hvernig afla eigi ríkissjóði tekna fyrir þeim útgjöldum sem fylgja samneyslunni.

En í þessu frumvarpi og í þessu máli liggur ekkert slíkt fyrir. Það liggur ekkert fyrir hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að mæta því tekjutapi sem hér er á ferðinni og ég ítreka að ég tel það ámælisvert og það hljóti að verða kallað eftir því. Nú þykist ég viss um að þetta mál muni ganga til atvinnuveganefndar á milli 2. og 3. umr. og þá finnst mér eðlilegt að farið verði í það og leitað eftir því að fá frekari skýringar á því hvernig eigi að mæta áhrifum þessa frumvarps.

Herra forseti. Það er sérkennilegt að ný ríkisstjórn, sem var mynduð hér í kjölfar kosninga, af núverandi stjórnarflokkum sem gáfu mikil fyrirheit í kosningabaráttunni — einkum og sér í lagi að visu flokkur hæstv. sjávarútvegsráðherra, hann gaf mikil fyrirheit í kosningabaráttunni um hvað hann hygðist gera, kæmist hann til valda og áhrifa, í þágu heimilanna í landinu. En málin sem tengjast því loforði, hvar eru þau? Það var þingsályktunartillaga, sem hæstv. forsætisráðherra lagði hér fram, þar sem lagt var til að Alþingi fæli ríkisstjórninni að fara í tiltekna vinnu við að undirbúa eða móta hugmyndir um það hvernig koma mætti til móts við skuldbætt heimili í kjölfar efnahagsshrúnsins. Þessi þingsályktunartillaga hefur nú verið samþykkt hér á Alþingi. Hún er í 10 liðum og hún felur í sér að skipa eigi nefndir um ákveðna og afmarkaða þætti þess máls og gert er ráð fyrir því að því nefndastarfi geti lokið fyrri part vetrar eða fyrir áramót. Þá á eftir, á grundvelli slíkrar vinnu, að semja frumvörp sem eiga síðan að koma inn í þingið, kannski á vorþingi 2014, til umfjöllunar.

Þessum miklu loforðum er varpað inn í framtíðina með mjög óljósum hætti, kannski vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa áttad sig á því að þessi loforð voru óábyrg. Það var ekki hægt og er ekki hægt að framkvæma þau öll eins og þau voru sett fram og menn sjá að sér nokkrum dögum eftir kosningar. En það er nú ekki alveg hreinskiptin framkoma, finnst mér, af hálfu stjórnarmálahreyfinga gagnvart kjósendum í landinu.

Herra forseti. Það kann að vera önnur saga en á sama tíma og þessum stóru kosningamálum er ýtt inn í framtíðina koma hér inn mál sem hægt er að ganga í að mati hæstv. ríkisstjórnar einn, tveir og þrír og það er að lækka ýmsar álögur á þá sem eru í færum til að leggja sitt af mörkum í samræmi við gildandi lög í þágu samfélagsins alls. Það eru ákveðnir sérhópar sem ríkisstjórnin tekur upp á sína arma, mætir þeim í þeim frumvörpum sem við höfum séð og þá ekki síst í frumvarpinu sem hér er til umræðu.

Það er mjög mikið umhugsunarefni að þetta skuli vera það sem hæstv. ríkisstjórn leggur mest kapp á á þessu sumariþingi. Veidigjöldin sem hér eru til umræðu eru auðlindagjöld og tilgangur þeirra er að sjálfsögðu að tryggja þjóðinni sanngjarnan arð af þeirri auðlind sem er og á að vera í eigu þjóðarinnar sem er sjávarauðlindin. Eins og ég gat um áðan þá hefur það viðhorf komið mjög skýrt fram meðal þjóðarinnar að það er ríkur vilji til þess að í stjórnarskrá sé sterkt ákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindunum.

Þetta hefur bæði komið fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni í október 2012 og hefur komið fram í skoðanakönnunum

sem gerðar hafa verið í þessu efni líka. Það er þetta sem lögin um veidigjöld fela í sér að því er varðar sjávarauðlindina og það er mjög mikilvægt að arðurinn af nýtingu þessarar auðlindar verði ekki einhvers konar einkaeign fárra heldur sé hann réttmæt eign þjóðarinnar allrar. Þess vegna finnst mér þýðingarmikið að í þessari umræðu séu ekki slitin tengslin milli auðlindarentunnar og veidigjaldsins því að þetta er samtengt.

Það hefur verið gagnrýnt í þessari umræðu af talsmönnum stjórnarmeirihlutans að gallar á gildandi lögum um veidigjöld hafi gert að verkom að ekki hefði verið hægt að innheimta veidigjöldin samkvæmt gildandi lögum frá og með fiskveiðiarinu 1. september næstkomandi með þeim hætti sem lögin gera ráð fyrir. Um þetta hefur verið fjallað allmikið í þessari umræðu og þessu hefur verið svarað af hálfu fulltrúa okkar í stjórnarandstöðunni. Það sem mér finnst merkilegt í því samhengi er þetta: Ef það er þannig að ekki er hægt að innheimta veidigjöldin í samræmi við gildandi lög vegna þess að Hagstofuna skortir lagaheimildir, hvernig má það þá vera að lausnin á því vandamáli sé að lækka veidigjöldin um 10 milljarða?

Herra forseti. Ég fæ ekki séð hvernig þetta hangir saman. Hagstofan fær ekkert meiri heimildir til þess að vinna úr þessum upplýsingum eða afhenda þær veidigjaldsnefnd með því að veidigjaldidi á útgerðarnar í landinu sé lækkað um 10 milljarða. Hún gengur ekki upp, þessi röksenda-færsla. Lausnin á því vandamáli sem ýmsir fulltrúar stjórnarflokkanna hafa verið að ræða um í þessari umræðu hlýtur að vera fólgin í því að skapa nægilega tryggan lagagrundvöll til þess að veidigjaldsnefndin geti fengið upplýsingar, að Hagstofan geti unnið með upplýsingar og afhent þannig að hægt sé að reikna út veidigjaldidi.

Jafnvel þó að menn færu í einfaldari útgáfu af veidigjaldinu sem hefði kannski kallað á eitthvað minni gagnaflokkun af hálfu veidigjaldsnefndar eða Hagstofunnar eða ríkisskattstjóra o.s.frv. sem hefði líka verið hægt að ræða um þýðir það ekki heldur að niðurstaðan eigi að vera 10 milljarða kr. afsláttur af veidigjaldinu. Það er bara engin lógik, það eru engin rök í þessum málflutningi. Menn gætu auðvitað komið hér og sagt: Setjumst yfir það að laga þarf umgjörðina um útreikninginn á veidigjaldinu, að styrkja þarf lagaheimildir Hagstofu o.s.frv., en höfum það sem útgangspunkt að heildarveidigjaldidi, sem rennur í ríkissjóð, sé óbreytt. Þannig hefði að sjálfsögðu átt að nálgast þetta mál, að mínu viti. Göngum út frá því að útgerðin sé að skila því sem lög nr. 74/2012, um veidigjöld, gera ráð fyrir að útgerðarnar skili en gerum nauðsynlegar lagfæringar á lögunum til þess að með tryggilegum hætti sé hægt að framkvæma þau telji menn að eitthvað skorti upp á í því efni.

Þegar glöggert er skoðað fæ ég ekki séð að sú útfærsla sem finna má í frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og sem meiri hluti atvinnuveganefndar tekur algjörlega undir, taki á þessu vandamáli nema síður sé. Hins vegar hefur minni hluti atvinnuveganefndar, fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Bjartrar framtíðar, lagt fram breytingartillögur. Í fyrsta lagi hefur minni hlutinn lagt fram ítarlegt nefndarálit þar sem er að finna útreikninga sem skortir algjörlega í nefndarálit meiri hlutans — eins og fram kom í ræðu á undan minni

kunna þeir að vera til í fórum einstakra nefndarmanna, það er óljóst, en þá er alla vega ekki að finna í gögnum málsins sem liggja fyrir þinginu. En í álitu minni hluta nefndarinnar er að finna ítarlega umfjöllun um málið þar sem fjallað er almennt um auðlindamálið, þar sem fjallað er um auðlindarentuna og það réttlæti sem er fólgið í henni og fjallað um tillögur sem minni hlutinn leggur til um breytingar á lögum um til að koma til móts við helstu gagnrýni sem uppi hefur verið í málinu.

Á þskj. 60 í 1. tölulíð segir:

„Ríkisskattstjóri skal afhenda Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, og veiðigjaldsnefnd rekstrarframtöl og aðrar upplýsingar úr skattframtölum sem hafa þýðingu fyrir ákvörðun veiðigjalda samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. upplýsingar um verðmæti rekstrarfjármuna, sbr. 5. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Hagstofu Íslands ber að taka við gögnunum og vinna úr þeim í samræmi við ákvæði laga þessara. Um veiðigjaldsnefnd og starfsmenn hennar gilda jafnframt sömu ákvæði um þagnarskyldu og kveðið er á um í 1. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt.“

Hér er sem sagt gerð tilraun til að setja undir þennan leka sem segja má að hafi verið eitt af gagnrýnisatriðunum sem fram hafa komið í umræðunni, þ.e. að slíkar lagaheimildir skorti. Ég tek eftir því að í umsögn Hagstofunnar um málið skrifar hagstofustjóri meðal annars að þessar lagaheimildir skorti. Það þýðir ekki að ekki sé hægt að afla þeirra með breytingum á lögum því að það getur verið verkefni okkar hér á Alþingi að breyta lögum eins og kunnugt er. Hér er því reynt að setja undir þann leka.

Það hefur líka verið sagt í þessari umræðu að þær breytingar sem frumvarpið geri ráð fyrir séu til að koma til móts við minni og meðalstór fyrirtæki í sjávarútvegi af því að þeim sé íþyngt af mikil með gildandi lögum. Í tillögu minni hlutans er brugðist við þessu og í nefndarálitu hans segir, með leyfi forseta:

„Í því skyni að minnka álögur á minni og meðalstór sjávarútvegsfyrirtæki leggur minni hlutinn til breytingar sem fela í sér að sérstakt veiðigjald verði ekki greitt af fyrstu 50.000 þorskígildiskílónum í stað fyrstu 30.000 eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 9. gr. laganna. Þá verði aðeins greitt hálf gjald af næstu 200.000 þorskígildiskílónum, í stað 70.000 eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 9. gr. laganna, þannig að fullt gjald verði ekki lagt á fyrr en afli fer umfram 250.000 þorskígildiskíló. Með þessum hætti telur minni hlutinn komið til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki á mun hnitmiðaðri hátt en lagt er til í frumvarpinu.“

Hér er sem sagt rakin áhrifin af þessu á afkomu ríkissjóðs og í álitu minni hlutans segir um það, með leyfi forseta:

„Af tillögum minni hlutans um breytingar á frímarki og afsláttarþrepi leiðir að tekjur ríkissjóðs verða um 310 millj. kr. lægri en annars hefði orðið að óbreyttu.“

Það er langur vegur á milli áhrifanna á tekjur ríkissjóðs af þeim breytingartillögum sem minni hluti gerir hér annars vegar og því sem er að finna í frumvarpi hæstv. sjávarútvegsráðherra og meiri hluta atvinnuveganefndar tekur undir — 310 milljónir á móti 3,2 milljörðum á þessu ári og 6,4 milljörðum á því næsta. Ég tel því að minni hlutinn hafi

einmitt brugðist við þessu, með tillögum sínum, á mjög ábyrgan hátt. Meiri hlutinn ætti að íhuga mjög vandlega hvort ekki sé með viðhlítandi hætti komið til móts við gagnrýni á gildandi lög með þeim tillögum sem minni hluti atvinnuveganefndar leggur til.

Herra forseti. Að öðrum kosti verður maður að draga þá ályktun að það sé frummarkmið þessa frumvarps að lækka álögur á útgerðina, lækka veiðigjaldið, sem útgerðin á að greiða í sameiginlegan sjóð landsmanna, um 3,2 milljarða á þessu ári og 6,4 á því næsta. Það hlýtur þá að vera meginmarkmiðið en ekki það að ekki sé hægt að framkvæma lög-in vegna þess að einhverjar heimildir vanti til handa Hagstofunni. Ef það væri málið væru tillögur meiri hlutans hér og frumvarp ráðherrans öðruvísi útbúið.

Í framhaldi af þessu vil ég segja að þegar verið er að tala um að þessi lækkan á sérstaka veiðigjaldinu sé gerð til að bæta stöðu meðalstórra og lítilla sjávarútvegsfyrirtækja hafa í fyrsta lagi engin verið reidd fram sem styðja þá fullyrðingu. Þegar þessi mál eru skoðuð kemur fram að þær tillögur sem liggja fyrir, um lækkan sérstaka veiðigjaldsins á botnfisk, munu lækka veiðigjöldin af þessum afla um rúmlega 4,5 milljarða kr. Og hvernig skiptist sú lækkan, upp á 4,5 milljarða kr.? Hún skiptist þannig að þau sjö fyrirtæki sem hafa mestan kvóta fá lækkan sem nemur um 2 milljörðum og næstu 12 fyrirtæki að stærð munu fá um 1,2 milljarða kr. Sem sagt 19 stærstu fyrirtækin fá 3,2 milljarða kr. í lækkan eða yfir 70% af heildarlækkaninni sem um er að ræða.

Herra forseti. Hvernig má það þá vera að í þessu felist sérstök aðgerð til að bæta stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja þegar langstærsti hlutinn, yfir 70% af því sem ég er hér að tala um, fer til 19 stærstu fyrirtækjanna miðað við kvóta? Síðan er því einnig haldið fram að þessar aðgerðir séu sérstaklega komnar til í þágu landsbyggðarinnar. En er það svo? Það eru auðvitað eigendur fyrirtækjanna sem greiða veiðigjöldin og fá þar af leiðandi þennan afslátt og þessa lækkan. Og stóru fyrirtækin sem fá mestu lækkanina eru, kemur í ljós, einkum í eigu fárra aðila á suðvesturhorninu og á fáum öðrum stöðum. Það er því ekki aðgerð sem er sérstaklega í þágu landsbyggðarinnar. Eða er það, herra forseti? Að minnsta kosti finnst mér þá vanta ítarlegri rökstuðning til að styðja þær fullyrðingar. Þegar menn skoða málið kemur nefnilega allt annað í ljós. Og hverjir eru svo þessir stóru eigendur? Í hópi þeirra eru bankar, það eru lífeyrissjóðir, það eru tryggingafélög, það eru eignarhaldsfélög með eignarhald sem er óþekkt, að einhverju leyti að minnsta kosti, og það er þessum aðilum sem á að færa arðinn af fiskveiðiauðlindinni með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpi sjávarútvegsráðherra. Menn hljóta að spyrja sig: Bíddu, eru það þessir aðilar sem eiga auðlindina? Eru það þeir sem eiga þennan arð?

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst ekki vel til þessa máls vandað. Ég fæ ekki betur séð, af því sem ég hef hér verið að rekja og margir aðrir í þessari umræðu, en að megintilgangur frumvarpsins sé að flytja til fjármuni í samfélaginu, að flytja fjármuni til þeirra sem meira mega sín í samfélaginu frá hinum. Það er líka kjarninn í þeim tillögum sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú lagt fram, um breytingar á almannatryggingakerfinu, þ.e. þær nýttast best þeim sem

hæstar hafa tekjur og síst þeim sem hafa minna á milli handanna. Það er rauði þráðurinn í stefnu núverandi hægri stjórni í landinu að færa til fjármuni í samfélaginu og það er hún svo sannarlega að gera með því frumvarpi sem hér liggur fyrir um breytingar á veiðigjöldum.

[16:59]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir sköruglega ræðu. Þó að ég geti tekið undir nánast allar röksemdirnar sem hann flutti í sínu góða máli vil ég samt segja að þetta frumvarp, af hálfu ríkisstjórnarinnar, er ekki alvont. Í fyrsta lagi hefur komið fram alveg skýrt og er viðurkennt í sjálfu sér af hálfu minni hlutans í nefndaráli að í ljós komu ákveðnir agnár, tæknilegir, á útfærslu málsins af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er verið að setja undir það af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég er hins vegar sammála hv. þingmanni um að þær breytingartillögur, og sérstaklega fyrsta breytingartillagan sem hv. þingmaður gerði að umræðuefni snemma í sinni ræðu, og lögð er fram af minni hlutanum, bætir með miklu sterkari hætti úr þeim annmörkum sem voru á áframhaldandi framkvæmd fyrri laga.

En það sem er jákvætt í þessu frumvarpi frá ríkisstjórninni, sem gerir það að verkum að ég segi að það sé alls ekki alsælmt, er auðvitað sú staðreynd að ríkisstjórnin leggur til að hið sérstaka veiðigjald á uppsjávarútgerðina sé hækkað. Að því marki get ég ekki annað en tekið undir þann part frumvarpsins. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hann sé mér ekki sammála um það að þar er algjörlega farið miðað við þann mikla umframbagnað sem hefur komið fram vegna góðæris í þeim parti útgerðarinnar.

Ég vil einnig spyrja hv. þingmann hvort hann hafi einhverjar efasemdir um að þær breytingartillögur sem minni hlutinn gerir, varðandi hækkun frítekjumarksins sem á að vernda minni eða litlar og meðalstórar útgerðir — er hv. þingmaður algjörlega sannfærður um að það dekki allar útgerðirnar í þeim útgerðarflokki?

[17:01]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það má kannski segja að fátt sé svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og að það sé hægt að halda því fram að einstök atriði í sjálfu frumvarpinu séu ekki alsæl. Hv. þingmaður nefnir nokkur atriði þarna. Hann nefnir meðal annars þær athugasemdir sem komið hafa fram varðandi heimildir viðkomandi stofnana eins og Hagstofunnar, veiðigjaldsnefndar, til þess að vinna með upplýsingar eða afhenda og láta þær fara á milli. Komið hefur fram að þessi ágalli gerði það að verkum að erfitt væri að innheimta veiðigjaldið með þeim hætti sem gildiandi lög gera ráð fyrir.

Já, það er rétt að þær athugasemdir komið hafa fram, en eins og ég gat um í ræðu minni er ekki lausnin á því vandaamáli að Hagstofan geti ekki unnið með einhver gögn eða afhent gögn, að lækka veiðigjaldið um 10 milljarða. Hagstofan er ekkert betur sett með það. Hún þarf þá að fá undirbyggðar og styrkar lagaheimildir. Ég tel að sú útgáfa sem er að finna í breytingartillögu minni hlutans sé traust til

þess að setja undir þennan leka, hafi menn talið að hann væri til staðar.

Varðandi síðan hækkunina á veiðigjaldi á uppsjávarfiski kann það vel að vera rétt hjá hv. þingmanni að það sé eitt af því góða í frumvarpinu. En munurinn sem hér er búinn til á veiðigjaldinu í uppsjávarfiski annars vegar og botnfiskinum hins vegar er auðvitað orðinn miklu meiri samkvæmt þessu frumvarpi en sem rök eru fyrir, ef við horfum til dæmis á þróun verðvísitölunnar í uppsjávarfiski annars vegar og botnfiskinum hins vegar. Það réttlætir að mínu viti ekki þann gríðarlega mikla mun sem þarna er orðinn.

[17:03]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Herra forseti. Ég get nú verið hv. þingmanni sammála um það. Sömuleiðis þótti mér það áréttað í alveg þrýðilega málefnalegri ræðu sem hv. þm. Haraldur Benediktsson flutti í gær eða fyrradag þar sem hann lagði fyrir þingið upplýsingar sem hann hafði aflað sér frá FAO sem bentu til þess að á næstu átta árum mundu afurðir eins og sjávarafurðir, fiskfang, hækka í verði kannski um 15–20%. Þannig að miðað við það að bullandi afkoma er nú í ár hjá útgerðinni allri að heita má og meiri en nokkru sinni fyrr og mjög líklegt er að sú góða staða haldi áfram enn um sinn, er auðvitað algjörlega fráleitt að fara þá leið að lækka veiðigjaldið.

Með tilliti til þess að menn eru að reyna að ná saman hefði ég talið að það væri algjörlega upplagt, eins og hér hefur verið reifað af stjórnarandstöðunni, að taka hluta úr frumvarpi hæstv. ríkisstjórnar, einkum þann hluta sem lýtur að hækkun veiðigjalds á uppsjávarútgerðirnar, en halda áfram hinu sérstaka veiðigjaldi eins og það var lagt upp af fyrrverandi ríkisstjórn, þó með þeim breytingum að hækka frímarkið til þess að vernda litlar og meðalstórar útgerðir. Eins og ég hef skilið það mál þá sýnist mér að miðað við þær tillögur sem reifaðar hafa verið af minni hlutanum sé það nánast ljóst að hálf tölur fjórða hundrad útgerða, sem allar falla í flokkinn litlar og meðalstórar útgerðir, mundu njóta þeirra breytinga.

Ég tel því að það sé vel sett undir þá leka sem framkvæmdin sýndi að var á hinu fyrra frumvarpi sem við samþykktum og gerðum að lögum. Þegar upp er staðið held ég að ekki sé mjög langt á milli okkar, mín og hv. þingmanns. Getur hv. þingmaður upplýst mig um hvað veiðigjaldið yrði ef þeirri tölu yrði haldið sem nú er í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og síðan þeirri tölu sem minni hlutinn leggur til? Gæti það ekki verið 17–18 milljarðar? Ég tel að það sé það sanngjarnasta sem er að finna (Forseti hringir.) í þessari stöðu.

[17:06]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að mestu í því sem hann ræðir hér. Ég tel sem sagt að varðandi litlu og meðalstóru fyrirtækin séu tillögur minni hlutans í raun miklu hnitmiðaðri til þess að koma til móts við þau sjónarmið eða þá gagnrýni sem komið hefur fram hvað þau varðar en lagt er til í frumvarpinu. Það er ágætlega reifað í áli minni hlutans og þar er að finna töflur og útreikninga sem undirbyggja þessa niðurstöðu. Það er nú

meira en hægt er að segja um álit meiri hluta atvinnuveganefndar sem ekki leggur fram nein slík gögn máli sínu til stuðnings fyrir þingið, eins og ég gat um í ræðunni. Það kann að vera að einhverjir nefndarmenn úr meiri hlutanum hafi einhver gögn í förum sínum en þau eru ekki sjáanleg eða sýnileg í gögnum málsins við umræðuna á Alþingi.

Ég er því sammála hv. þingmanni um þetta. Að því er upphæðina varðar sem komið gæti út ef því yrði með einhverju móti blandað saman sem hv. þingmaður vísar til, þá skal ég ekki alveg fullyrða um hvort sú tala sem hann nefnir, sem eru kannski 17 milljarðar, sé nákvæm. Það kann vel að vera að hún fari nærri lagi. Um það skal ég ekki alveg fullyrða vegna þess að ég hef ekki tekið þátt í vinnunni í nefndinni, ég á ekki sæti í atvinnuveganefnd þannig að ég hef ekki tekið þátt í þeirri vinnu eða hef legið yfir einstökum útreikningum í því efni. En ég held að það sé samt nokkuð nærri lagi miðað við það sem hv. þingmaður ræddi hvað þetta snertir.

[17:08]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það mál sem við fjöllum um hér í dag er og hefur verið umdeilt í samfélaginu í langan tíma og kannski ekki nema eðlilegt. Ég er sjómansdóttir og ber mikla virðingu fyrir sjómönnum og ekki síst mökum þeirra og fjölskyldum sem búa alla jafna við mikla fjarveru sinna nánustu.

Sjávarútvegurinn er einn af undirstöðuatvinnuvegum landsins og hefur bein og óbein áhrif á flesta landsmenn. Stór hluti byggða landsins hefur móttast með einum eða öðrum hætti í gegnum sjávarútveginn og þá ekki síst hinn síðari tíma í gegnum kaup á kvóta. Fjársterkir aðilar hafa keypt upp kvóta sem hefur svo hægt og bitandi safnast á fárra hendur. Eftir hafa setið íbúar byggða sem áður höfðu lífsviðurværi sitt af sjávarútvegi og eru í áthagafjöðrum. Sem betur fer hafa margar þessara byggða spyrnt við fótum og hafist handa við ný verkefni til að tryggja áfram búsetu í heimabyggð sinni. Það breytir því þó ekki að almenningi í landinu þykir rétt og sanngjarnt að þeir aðilar sem nýta auðlinda greiði fyrir hana sanngjarnan arð. Það er einnig mín skoðun og ég tel að eitt stærsta framfaramál síðasta kjörtímabils hafi verið álagning hins nýja veiðileyfagjalds. Með því varð loksins tryggt að útvegsmenn greiddu sanngjarnt gjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Sú lækun sem er boðuð hér á veiðigjaldi hefur kallað á mikil viðbrögð sem birtast meðal annars í undirskriftasöfnunum tugþúsunda Íslendinga og miklum skrifum á samfélagsmiðlum.

Þessar boðuðu breytingar draga okkur aftur til fortíðar og minna á þá tíma sem ég rakti áðan þegar eigendum fárra stórutgerða var færður arður af fiskveiðiauðlindinni á silfurfati og margar byggðirnar blæddu fyrir.

Í umræðunni hefur aðeins verið rétt um sérhagsmuni og í mínum huga er afar mikilvægt að við fórnum ekki þeim sérhagsmunum á kostnað almennings með lækun veiðigjalda. Þær ástæður sem gefnar hafa verið sem rökstuðningur fyrir lækun eru ekki nægilegar að mínu mati því að lækunin er stórfelld eins og hér hefur komið fram, allt að 10 milljarðar.

Almenningur í landinu kaupir heldur ekki að veiðigjöld séu ósanngjörn skattheimta, að þau séu of há og verði til þess að útgerðir fari á hausinn, að þau íþyngi um of litlum og meðalstórum fyrirtækjum, leggist fyrst og fremst á landsbyggðina, skerði laun sjómanna, mismuni útgerðum eftir því hvaða veiði er stunduð, standi í vegi fyrir nýfjárfestingu og endurnýjun og að þau séu óframkvæmanleg af tæknilegum ástæðum. Tæknilegar ástæður má lagfæra og það er hlutverk okkar á Alþingi, en að afleggja þau að stórum hluta eins og hér á að gera er gerræðisleg ákvörðun.

Í nefndarálitni minni hlutans segir, með leyfi forseta, að mikilvægt sé „að gera greinarmun á hefðbundnum arði sem stafar af fjárfestingu, þekkingu, reynslu og útsjónarsemi í rekstri og auðlindarentu. Slíkur arður rennur beint til eigenda og/eða fjárfesta en skilar samfélaginu óbeinum arði með sköpun atvinnu, tekjum, eftirspurn, afleiddum störfum, sköttum og gjöldum. Þetta á við um allan atvinnurekstur. Auðlindarenta eða umframárður stafar af verðmætum auðlindar og kemur fram í rekstri vegna sérleyfa til nýtingar þeirra.“

Eins og komið hefur fram hefur Hagstofa Íslands árum saman unnið úr skattframtölum og öðrum gögnum og birt yfirlit yfir afkomu veiða og vinnslu. Fiskistofa tekur líka saman og birtir ítarlegar upplýsingar um aflabrogð og það er ekki margt annað sem þarf til að ákveða veiðigjöldin. Ef eitthvað annað er í veginum breytum við því.

Fram kemur í tillögu minni hlutans, með leyfi forseta:

„Það þarf ekki að koma á óvart að ófyrirséð vandkvæði hafi komið upp við framkvæmd laga um veiðigjöld. Þau fela í sér nýjung sem hefur ekki verið reynd hér áður. Samhliða nefndarálitni þessu leggur minni hlutinn fram tillögur til breytingar á lögum um veiðigjöld.“ — Það er nefnilega þannig að það má laga margt og engin ástæða til annars en að viðurkenna það. En það er eitt að laga og annað að fella niður. — „Fram hefur komið að vafi leiki á hvort veiðigjaldsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum um veiðigjöld, hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem hún þarf á að halda til að ákvarða sérstakt veiðigjald. Til að mögulegt verði að bregðast við framangreindum vanda leggur nefndin til að ríkisskattstjóra verði gert skylt að afhenda Hagstofu Íslands og veiðigjaldsnefnd rekstrarframtöl og aðrar upplýsingar úr skattframtölum sem hafa þýðingu fyrir ákvörðun veiðigjalda, þar með taldar upplýsingar um verðmæti rekstrarfjármuna.“

Almenna veiðigjaldinu er ætlað að standa undir þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af fiskveiðistjórn. Sérstaka veiðigjaldið er svo hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentunni, hluti af þeim arði sem eftir stendur þegar búið er að greiða allan tilkostnað, launin, orkuna, viðhaldið og allan þann útgerðarkostnað, kaup á skipum og fjármagnskostnað, þ.e. vextina af lánsfénu, og arð til eigenda. Útgerðir greiða því ekkert sérstakt veiðigjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind fyrr en allir hafa fengið sitt. Við getum varla ætlast til þess að aðrir greiði þennan kostnað, eða hvað?

Ef rekstrarskýrði versna, t.d. með lækun fiskverðs eða hækkun gengis, er það sérstaka veiðigjaldið sem lækkar og hverfur ef umframárðurinn dugar ekki til að greiða meira en kostnaðinn, þ.e. almenna gjaldið. Það að útgerðin hefur einkaleyfi til að nýta þessa sameiginlegu auðlind okkar eru

sterk rök fyrir því að hún greiði það. Það verður að líta á veidigjaldið sem afnotagjald þar sem nýtingaraðilar eru með því að skila auðlindarentunni til réttmæts eiganda hennar, þjóðarinnar, í sameiginlega sjóðinn okkar allra.

Það liggur nefnilega fyrir að tekjurnar af gjaldinu eiga meðal annars að renna til samgönguframkvæmda um land allt, m.a. boðaðra Norðfjarðarganga sem við höfðum áhyggjur af hér þegar boðaðar breytingar komu fram á þessu sumarþingi, þar sem tekjur ríkissjóðs eru skertar um marga milljarða. Þá er ekki nema eðlilegt að fólk láti sér detta í hug að eitthvað verði slegið af.

Þessar tekjur á líka að nota til nýsköpunar í atvinnulífi og í öll önnur framfaramál, t.d. til hækkunar barnabóta sem er afar mikilvæg fyrir fjölskyldurnar í landinu, ungu fjölskyldurnar.

Það má hins vegar velta því upp, og á að gera með þessi lög eins og önnur, hvort forsendur fyrir ákvörðun veidigjaldanna séu eðlilegar og gjöldin réttilega ákvörðuð.

Mig langar að vitna í dósent í viðskipta- og hagfræði, Stefán Björn Gunnlaugsson, sem hefur verið að rannsaka áhrif nýrra laga um veidigjöld, annars vegar á 25 stærstu útvegsfyrirtækjunum og hins vegar þeim minni þar sem haft er eftir honum:

„Ljóst er að staða íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er æðiolík innbyrðis. Sum þeirra eru vafin skuldum en önnur svo gott sem skuldlaus. Þegar málið er kannað betur kemur þó í ljós að aðeins fjögur af stærstu 25 fyrirtækjunum eiga í verulegum fjárhagsvanda. Hin fyrirtækin standa vel eða mjög vel ef marka má niðurstöður Stefáns, sem finna má í umsögn hans við veidigjaldafrumvarpið. Því kann slæm skuldastaða fárra fyrirtækja að skekkja heildarmyndina þegar reynt er að meta getu stóru útgerðanna til að standa undir veidigjaldinu.“

Hann tiltekur svo fyrirtækin sem standa misvel og hvet ég þá sem eru að ræða þessi mál hér sem og nefndina til að skoða það enn frekar því að það virðist ekki vera sem þeir hafi lesið það miðað við frumvarpið sem liggur fyrir.

Miðað við reikninga ársins 2010 voru um 34 fyrirtæki með veltu yfir milljarði. Þau höfðu yfir 80% heildarkvótans og hefðu greitt um 85% af sérstaka veidigjaldinu, þ.e. yfir 15 milljarða af þeim 18 sem hefðu verið til greiðslu.

Það er því afar sérstakt þegar því er haldið fram að veidigjöldin bitni mest á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og að þau séu sérstakur landsbyggðarskattur. Almenna veidigjaldið er jafn hátt á hvert kíló sama hver stærð fyrirtækisins er og sérstaka veidigjaldið er lægra á kíló hjá litlum fyrirtækjum en hjá stórum. Því er ekki hægt að segja að veidigjaldið sé litlum fyrirtækjum meiri byrði en stórum, þvert á móti, og enginn skynsamleg rök til að tengja það rekstrarlegum forsendum einstakra fyrirtækja.

Það kemur reyndar fram í tillögu minni hlutans sem var rædd rétt áðan að þar sem ójafnvægi hefur skapast í greininni er gerð tillaga til lagfæringar.

Mér finnst heldur ekki rétt í þessari umræðu um veidigjöldin að búa til togstreitu á milli höfuðborgar og landsbyggðar með því að tala um landsbyggðarskatt. Veidigjöld eru gjöld á eigendur útgerða. 34 stærstu fyrirtækin greiða um 85% veidigjaldanna, eins og ég sagði áðan. Þessi gjöld lenda á útgerðunum og engum öðrum.

Eitt af því sem einkennir veidigjöldin er að þau aðlaga sig afkomu útgerðanna. Sú afkoma ræðst að stórum hluta af fiskverði sem ræðst svo af gengi krónunnar. Ef krónan styrkist lækkar fiskverð og þar með lækkar sérstaka veidigjaldið.

Veidigjöldin hafa engin áhrif á það verð sem fæst fyrir afla á markaði og þar af leiðandi ekki á laun sjómanna, eins og mjög mikið hefur verið rætt. Laun sjómanna hafa hækkað með lægra gengi og hækkandi fiskverði, sem betur fer. Því er með ólíkindum þegar reynt er að halda því fram að veidigjöldin hvetji útgerði til að reyna að lækka laun sjómanna. Hverslags vitleysa er það? Launakostnaður kemur til frádráttar og ef launin eru hærri lækka veidigjöldin, ef launin eru lægri lækka veidigjöldin þannig að það stenst enga skoðun.

Svo er vert að hafa í huga að eftir því sem launin eru hærri skilar það sér í hærri útsvarstekjum til sveitarfélaganna. Því er það svolítið sérstakt þegar sveitarfélög hafa tekið sig saman, þar á meðal mitt sveitarfélag, og ég jata hér að ég studdi það ekki af því að mér finnst ekki eðlilegt í því ferli sem hefur átt sér stað í gegnum árin, með tilfærslu kvóta, að núverandi kvótahafar í byggðum landsins ætli að eigna sér hlutdeild í auðlindagjaldinu.

Hvað með byggðirnar sem eiga engan kvóta lengur? Hvers eiga þær að gjalda? Mér finnst það skynsamlegra sem fyrri ríkisstjórn lagði til og lögin kveða á um, að þetta renni í okkar sameiginlega sjóð og fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar ber þess merki að meðal annars átti að dreifa þeim tekjum um land allt þannig að þær yrðu sem best nýttar en ekki tilfallandi í nokkrum sveitarfélögum, útgerðarsveitarfélögum landsins.

Það er undarleg hagfræði þegar menn fullyrða að veidigjöldin verði til þess að ekki verði hægt að fjárfesta og endurnýja í sjávarútveginum. Tilgangurinn þegar maður er að fjárfesta hlýtur alltaf að vera sá að framleiðslan og það verðmæti sem verður til aukist umfram það sem kostar að fjárfesta.

Jón Steinsson segir í *DV* á dögunum þar sem hann talar um forgangsróðun ríkisstjórnarinnar, og ég tek undir það með honum, að forgangsróðun ríkisstjórnarinnar við lækkun skatta komi honum á óvart. Hann telur ekki að lækkunin sé til þess fallin að auka hagvöxt í sama mæli og lækkun annarra skatta. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég held að þetta hafi engin örvandi áhrif. Og sérstaklega er þetta náttúrulega athyglisvert í ljósi þess að skattar eru háir á Íslandi og það væri mjög gott að geta lækkað til dæmis virðisaukaskattinn eða tekjuskattinn. Ein leið til að gera það væri að vera með hátt auðlindagjald og þá miklu, miklu lægri virðisaukaskatt. Og það væri örvandi. Það væri virkilega örvandi.“

Það væri reyndar líka mjög gott ef við gætum lækkað skatta eins og er komið inn á hér, en inntakið er að þetta hafi ekki örvandi áhrif eins og sérstaklega sjálfstæðismenn hafa haldið fram.

Hann segir einnig um lækkun veidigjalda að hún stuðli síður að örvun hagkerfisins, með leyfi forseta:

„En auðlindagjöld — ef þau eru rétt útfærð og einungis gjöld á umframhagnað eins og gjaldið er núna — þau hafa engin vinnulejandi áhrif á útgerðina. Það verða jafn margir

fiskar dregnir úr sjó og jafn mikil verðmæti búin til úr þeim hvort sem að veiðigjaldið er 10 milljarðar eða 30 milljarðar.“

Það kemur einnig fram að hann telur að gjaldið sé lágt miðað við umframhagnað sjávarútvegsfyrirtækja og telur að langstærsti hluti hagnaðarins verði eftir hjá fyrirtækjunum.

Og hann segir, svo ég vitni aftur í hann, með leyfi forseta:

„Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu frumvarpi sem hlífir litlum eða meðalstórum útgerðum.“

Það er akkúrat það sem hefur svoltið verið inntakið í ræðum ríkisstjórnarflokkanna, að þetta eigi að hlífa þeim, en ég tel að minni hluti atvinnuveganefndar hafi sýnt fram á annað, vankanta sem verða betur lagaðir með þeim tillögum sem koma fram þar.

Hann segir einnig að ekkert bendi til þess að veiðigjaldið eins og það er núna dragi úr hvata til að sjávarútvegsfyrirtæki ráðist í fjárfestingar og svo ég vitni aftur í hann:

„Hagnaðurinn er svo mikill í þessum geira að það eru allir að fullnýta kvótann sinn hvort eð er. Þú veiðir ekkert meiri fisk þó veiðigjaldið sé lækkað. Hagnaðurinn er það mikill nú þegar að það er bara miklu meiri en nógur hvati til að ráðast í allar þær fjárfestingar sem sjávarútvegsfyrirtækin telja sig þurfa. Þau eru nú þegar að fá 8 prósentu arð af því fé sem lagt er í reksturinn og líka þorran af auðlindarentunni. [...]

Hvort sem við erum að tala um að gjaldið yrði 13,5 milljarðar eða 10 milljarðar, þá eru útgerðirnar hvort eð er að fá bróðurpartinn af þessu. Þær eru með svo miklu, miklu meira en nógan hvata til að gera allar þær fjárfestingar sem þörf krefur að það er algjörlega út í hött að tala um að það hafi einhver áhrif á fjárfestingu.“

Þar tekur hann undir sjónarmið okkar vinstri grænna og fleiri, að þetta sé ekki eitthvað sem setji fyrirtækin á kné eða verði til þess að ekki verði hægt að endurnýja nokkurn skapaðan hlut. Auðvitað má í því samhengi velta því fyrir sér af hverju flotinn hafi ekki verið endurnýjaður undanfarin ár, þ.e. í eins miklum mæli og nú virðist þurfa að gera. Það er ekki eins og ekki hafi átt sér stað einhverjar fjárfestingar í þessum geira.

Veidar eru háðar aflamagnstakmörkunum. Stækkun fiskveiðiflotans eða aukning veiðigetu skipa breytir ekki aflamagni eða verðmæti aflans og eru því ekki rök fyrir aukinni fjárfestingu. Það að stækka flotann hefur ekki aukið aflamagn í för með sér og því er augljóst að stækkunin getur ekki leitt til hækkunar á tekjum af veiðigjöldum eins og haldið hefur verið fram.

Þessi krafa um auknar fjárfestingar í sjávarútvegi vekur upp ýmsar spurningar. Eins og við vitum og það er kannski það sem almenningur er hvað sárreiðastur yfir í þessari umræðum og ég held að það megi segja að reiðin beinist fyrst og fremst, eða gagnrýnin, kannski ætti frekar að tala um gagnrýnina sem beinist fyrst og fremst að því að það liggur fyrir að það höfðu átt sér stað miklar afskriftir, fjárfestingin var vissulega í kvótakaupum, mikið í hlutabréfum, framlögum í fyrirtæki erlendis og mestmegnis var þetta fjármagnað með lánsfé.

Svo hafa menn verið að greiða sér stórkostlegan arð og

kvarta síðan undan því að geta ekki borgað auðlindagjald. Þá er ekki nema eðlilegt að fólk spyrji sig af hverju fyrstu skref þessarar ríkisstjórnar snúa að því að aðstoða þá sem best geta lagt til samfélagsins. Það má líka spyrja sig, eins og ég kom inn á áðan, af hverju ekki var fjárfest í skipum eða öðrum rekstrarfjárumnum sem virðist vera talin sár þörf á núna. Það má spyrja sig hvort við, þjóðin, eigum þá að afsala okkur þeim rétti eða tilkalli til arðs af auðlindinni okkar til að fjármagna þessa gjörninga sem áttu sér stað og hafa átt sér stað í gegnum árin.

Það segir í nefndaráliti minni hlutans, með leyfi forseta:

„Veiðigjöld á að ákveða með hlutlægum og gagnsæjum hætti. Með lögum um veiðigjöld var búin til hlutlæg tenging milli gjalda og auðlindaarðs. Hana má ekki rjúfa þannig að álagning veiðigjalda verði háð geðþótta ráðamanna og þrýstingi hagsmunasamtaka hverju sinni. Undir slíkum kringumstæðum missa veiðigjöld gildi sitt og raunverulegt eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni skerðist.“

Það er það sem er svo mikilvægt, að við vitum og sjáum með hvaða hætti þessir hlutir eru gerðir. Það á heldur ekki að breyta því að veiðigjöldin eða álagning þeirra samkvæmt núgildandi frumvarpi breytir því ekki að fjárfestingin í sjávarútvegi sé arðbær eins og hér hefur verið rakið.

Virðulegi forseti. Veiðigjaldslögin eru nú þegar komin í framkvæmd að öllu öðru leyti en því, eins og hefur verið rætt um hér, að útreikningi þessa sérstaka gjalds fyrir komandi fiskveiðiár hefur ekki verið lokið. Framkvæmd laganna er byggð á áralöngu fyrirkomulagi þar sem Fiskistofa leggur gjöldin á og sér um innheimtuna. Á því varð engin afgerandi breyting.

Ákvörðun veiðigjaldanna er sem sagt byggð á sömu aðferðafræði með nokkrum breytingum sem hafa mikla efnislega þýðingu en breyta framkvæmdinni ekki verulega. Vandamálið virðist vera tæknilegs eðlis, eins og ég hef áður sagt og komið hefur fram í ræðum margra þingmanna, þar sem Hagstofan og ríkisskattstjóri halda gögnunum hver hjá sér og virðast ekki vilja eða hafa ekki færi á því að láta þau gögn af hendi hver til annars til að hægt sé að framkvæma þetta.

Ég trúi því ekki að ríkisstjórnin sjái sér ekki fært eða skorti kjark til að leysa úr því vandamáli, þessu tæknilega vandamáli sem talið er að liggja í því að ein stofnun afhendi annarri upplýsingar þar sem báðar eru bundnar sams konar trúnaði og hafa skipst á upplýsingum áratugum saman. Þetta er ekkert nýtt í kerfinu. Að mínu viti, og ekkert bara mínu heldur margra annarra líka, er um að ræða einfaldar lagabreytingar og því veltir maður því fyrir sér hvort það sé hreinlega ekki vilji hjá núverandi ríkisstjórn til að innheimta auðlindagjald yfirleitt. Er það mergur málsins?

Fall krónunnar skapaði sjávarútveginum sterka stöðu og miklar tekjur en á sama tíma skertist hagr margra, allra heimila í landinu. Við vitum öll að vöruverð hækkaði, tekjurnar hjá ríkissjóði minnkuðu og það má í raun segja að orðið hafi gríðarleg tekjutilfærsla, tugmilljarðatekjutillfærsla frá almenningi til eigenda fárra stórúterða með þessu sterka gengi krónunnar sem skapar útgerðinni auknar tekjur en hækkar vöruverð til hins almenna borgara.

Ég lít svo á að það veiðigjald sem við búum við nú sé bæði sanngjarnt sem endurgjald fyrir notkun sameiginlegrar

auðlindar og það má segja að það sé líka vörn gegn því að kostnaðurinn af lækkun á gengi krónunnar lendi á almenningsi en ágóðinn hjá fáum útvöldum.

Það er líka mjög mikilvægt að hafa í huga að þótt vissulega hafi verið talað mikið um tekjutenginguna, þ.e. tekjubáttinn fyrir ríkissjóð — þetta eru engir smáaurar sem við erum að ræða og vert að minna á og hér hefur töluvert verið talað um það hvar menn ætla að skera niður og rætt um að ástæðan fyrir því að ekki verði hægt að koma fram með fjárlagafrumvarp í haust á réttum tíma sé meðal annars vegna þess að menn séu búinir að búa til mun stærra gat en hefði þurft að koma til. Í því sambandi má nefna að í álitinu minni hlutans kemur fram, með leyfi forseta:

„Breytingarnar sem minni hlutinn leggur til munu hafa lítils háttar áhrif á tekjur ríkissjóðs og hverfandi miðað við þau áhrif sem hljótast munu af breytingum sem meiri hlutinn leggur til að verði samþykktar óbreyttar frá frumvarpinu.“

Hér fylgja því ágætisútreikningar, góðar töflur eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson benti á áðan sem er heldur annað en kemur fram í álitinu meiri hlutans.

Eins og ég sagði voru þessi lög ekki einungis tekjuöflun því að í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar var þetta hluti af stefnumótun í auðlindamálum og það kom svo skýrt fram við stjórnarskrárvinnuna í fyrravör þar sem gert var ráð fyrir að auðlindir þjóðarinnar eigi raunverulega að vera í eigu þjóðarinnar. Það var mikið tekist á um akkúrat þetta og þeir sem leggja fram þessa breytingu á veidigjaldinu voru þeir sem stóðu hardest gegn því. Því miður gera þær breytingar sem hér eru boðaðar þessa vinnu að engu, að mér finnst, og veidigjöldin á ekki lengur að tengja við auðlindaarðinn.

Með leyfi forseta langar mig að lesa upp úr nefndarálitinu minni hlutans:

„Yfirgæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst sig fylgjandi sterku stjórnarskrárákvæði um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins. Slíkt ákvæði er innihaldslíftíð form ef því fylgir ekki tilkall til sanngjarns hluta auðlindarentunnar eða umframarsins af náttúruauðlindunum. Lög um veidigjöld fela einmitt í sér slíkt tilkall.“

Eins og ég sagði áðan er eðlilegt að fólk berji í tunnur eða safnist saman, hvort sem það er á netinu í formi undirskrifta eða annars staðar, og láti í sér heyra þegar um svo mikilvægt mál eins og náttúruauðlindir okkar er að ræða.

Mig langar líka, með leyfi forseta, að lesa upp úr skýrslu sem auðlindastefnufnd skilaði til forsætisráðherra um stefnumörkun í auðlindamálum í september 2012 þar sem þetta er kannski undirbyggt enn frekar og eru meginmarkmið auðlindastefnunnar:

„Varanlegur eignar- og yfirráðaréttur þjóðarinnar yfir sameiginlegum auðlindum sínum og arði af þeim verði tryggður“, í stjórnarskránni sem sagt.

„Auðlindaarður þjóðarinnar af nýtingu auðlinda sinna verði sýnilegur og honum ráðstafað með sýnilegum hætti.“

Búa þarf svo um hnútana að hvort tveggja sé tryggt til frambúðar svo sem frekast er unnt með almennum lögum, óháð breytingum sem verða kunna á eignarhaldi nýtingarfyrirtækjanna eða pólitískum áherslum frá ári til árs. [...]

Sýnileiki auðlindaarðsins er í sjálfu sér þýðingarmikill

til að tryggja varanleg yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum sínum og að þjóðin njóti auðlindaarðsins til frambúðar. Almenn vitund um vermæti auðlindanna og sýnilegt framlag þeirra til samfélagsins leiðir til þess að ákvarðanir um aðra ráðstöfun auðlindaarðsins þarf að rökstyðja vel og skýra fyrir þjóðinni.“

Það er kannski það sem við stöndum frammi fyrir í dag, þ.e. að skýra fyrir þjóðinni hvers vegna í ósköpunum ekki eigi að greiða sanngjarnan skatt eða öllu heldur auðlinda-gjald — það er eiginlega ekki hægt að tala um þetta sem skatt vegna þess að þetta er bara afnotagjald. Það er ekkert óeðlilegt við að við spyrjum okkur að því. Í rauninni á þetta á við um allar auðlindir, orkuna og hvað það nú er sem við eigum sameiginlega og þurfum að gæta þess að ganga ekki of mikið á. Þetta er til þess að viðhalda þeirri vinnu líka.

Virðulegi forseti. Ég held að í þessari umræðu eigum við að hafa það að leiðarljósi að lögin um veidigjöld eru tilkall þjóðarinnar til arðs af fiskveiðiauðlindinni. Arðurinn er réttmæt eign þjóðarinnar og má aldrei verða einkaeign fárra. Eins og ég sagði áðan eru veidigjöldin ekki skattheimta, þau eru afnotagjald af þessari sameiginlegu eign þjóðarinnar, fiskveiðiréttinum. Þau innheimtum við til að tryggja þjóðinni arð af eigin auðlind. Hér eigum við frekar að vera að ræða hvernig við ráðstöfum því fé sem innheimtist en ekki hvernig við lækkuð það, búum til stærra gat í fjárlögum, skerum niður í velferðarkerfinu því að það er það sem er búið að boða. Ef gjöldin væru látin standa óbreytt og þá með þeim breytingum sem minni hlutinn leggur til held ég að við ættum frekar von á því að fjárlagafrumvarpið gæti komið fram á réttum tíma. Það hlýtur að vera erfitt að sitja uppi með það, eins og hæstv. ríkisstjórn gerir núna, að skerða tekjurnar eins og hún getur, að manni virðist, geyma almenninginn í landinu, hann bíður haustsins, en stórtúgerðirnar og útgerðirnar yfirleitt.

Ferðaþjónustan er í blóma, sem betur fer, og sem betur fer gengur útgerðunum vel. Það er það sem við viljum og það er eiginlega svolítið sérstakt að í umræðunni sé því haldið fram að maður vilji sjávarútveginum eitthvað illt þannig að það sé af einhverri vonsku út í útgerðarmenn sem við ræðum áhyggjur okkar af þessari framkvæmd. Við höfum áhyggjur af þjóðarbúinu, við höfum áhyggjur af öllu því sem þjóðarbúið þarf að standa undir, af skólunum okkar sem eru komnir að þölmörkum vegna fyrri stefnu. Auðvitað hefur maður áhyggjur af því að við séum að fara þangað aftur, en ekki hvað, þegar byrjað er að gera það sama, þegar sama stefna er lögð fram aftur.

Þess vegna held ég að við, eins og ég sagði hér, ættum að ræða hvernig við nýtum þessa peninga, hverja við viljum láta hafa þá eða fá svör hjá ríkisstjórninni um það hvaða framkvæmdir hún ætli að slá af. Það hefur ekki komið fram. Það er margt undir þannig að ég held og vonast til þess að þegar þetta fer inn í nefndina aftur mætist menn og finni skynsamlega leið þar sem ríkissjóður verður ekki af öllum þessum tekjum og gjaldið verður áfram sanngjarnt.

[17:42]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir skörgulega ræðu. Á sínum tíma var ég sömu skoðunar og a.m.k. ýmsir

hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að bylta ætti fiskveiðistjórnarkerfinu með nokkuð róttækum hætti. Ég, eins og margir, var þeirrar skoðunar að til þess að unnt væri að þjóðin nyti með réttum hætti afgang af eign sinni í hafinu en að sama skapi líka jafnræðis varðandi aðgang að miðunum þá ætti að fara fyrningarleið. Ég taldi það bestu leiðina.

Mér gekk hins vegar, eins og mörgum öðrum, erfiðlega að finna hina réttu leið til þess að fyrna aflaheimildir án þess að það slægi stoðir undan útgerðinni að mestum hluta hennar. Ég féllst hins vegar á það þegar menn voru hér á síðasta kjörtímabili að ræða þann möguleika að útgerðirnar fengju tiltölulega langa nýtingarsamninga, að sú leið yrði farin, en þá aðeins gegn því að veiðigjaldið yrði hækkað allríflega. Það var það gjald sem útgerðin á þeim tíma var reiðubúin til þess að láta af höndum, mjög nálægt því sem raunin varð síðan.

Nú blasir það við að þessi ríkisstjórn ætla að taka þetta til baka. Þá er það mín skoðun að verið sé að slíta í sundur frið og það sé í reynd verið að hrinda mönnum eins og mér, sem vildu fara þessa samningaleið, aftur til baka. Ef við viljum ná fram réttlæti er engin leið nema taka aftur upp baráttu fyrir fyrningarleiðinni. Mig langar til þess að spyrja hv. þingmann hvort hún geti komist að sömu niðurstöðu og (Forseti hringir.) ég er að komast að undir þessari umræðu.

[17:44]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningu.

Ég get alveg tekið undir með honum að við lögðum auðvitað heilmikla vinnu á síðasta kjörtímabili í ný fiskveiðistjórnarlög sem við vilðum reyna að koma hér í gegn. Bylting á kerfum er alltaf erfið og þegar um slíkar fjárfestingar er að ræða eða veðsetningar eins og eru í þessu kerfi, er það vissulega rétt og ég tek undir það með þingmanninum að það hefði getað sett útgerðir á hliðina eins og upphaflega var áætlað að gera þetta. Langur tími í fyrningarleiðinni er möguleiki og það frumvarp sem fram kom á lokadögum þingsins var vissulega samkomulagsleið. Ekki er gengið eins langt og allir mundu vilja en það er nú einhvern veginn þannig að við þurfum að mætast á miðri leið.

Ég tek undir það að veiðigjaldið var hækkað m.a. til þess að mæta þessu sjónarmiði. Við töluðum um allt frá tíu árum og upp í — ég man ekki hvað það voru mörg ár, 50 eða 60 ár, þannig að það var langt á milli í fyrningarleiðinni hvað það varðaði, en niðurstaðan varð, minnir mig, að það voru 30 ár sem sett voru inn.

Það þarf að ríkja jafnræði í þessu kerfi, við viljum það öll. Það er enginn sem vill sjávarútveginum eitthvað illt. Við hljótum að vilja búa til kerfi sem gerir auðlindina nýtanlega en sjálfbæra, ég held að það sé niðurstaða málsins. Og auðvitað þarf það að vera þannig að fyrirtækin geti staðið undir þeim skuldbindingum sem þau hafa jú nú þegar komið sér í, en það verður líka að vera á (Forseti hringir.) þeirri forsendu að það sé eingöngu vegna sjávarútvegs mála.

[17:46]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mér finnst ágætt að heyra það svar sem hv. þingmaður veitti við spurningu minni. Ég tel sem sagt að eins og í pottinn er búið komi það vel til greina að flokkar eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin og hugsanlega fleiri í stjórnarandstöðu noti það tilefni sem gefið er af hálfu ríkisstjórnarinnar sem slítur sundur frið og sáttavíðleitni í þessu máli með því að gjörbylta því veiðigjaldsfyrirkomulagi sem búið var að koma á, til þess að taka bara upp gömlu fyrningarleiðina. Menn skoði hana rækilega og kanni hvort ekki sé hægt að setja fram dálítið kerfi um það hvernig veiðiheilmildirnar eru einfaldlega innkallaðar allar eins og þær leggja sig.

Við, sem féllumst á að skoða rækilega samningaleiðina annars vegar gegn því að taka upp rösklegt veiðigjaldakerfi eins og gert var, höfum ærna ástæðu til þess að ætla að verið sé að slíta í sundur þennan frið. Hingað koma menn sem segja beinlínis úr þessum ræðustöli að þeir sitji hér inni sem fulltrúar útgerðarinnar og til þess að ná fram hagsmunum hennar. Það er ljóst að þau sjónarmið hafa orðið ofan á innan ríkisstjórnarinnar. Alltaf þarf að bregðast við þegar koma upp nýjar aðstæður.

Þetta eru nýjar aðstæður. Ef það er þannig að útgerðin vilji senda hingað sína boðbera til þess að slíta sundur friðinn með þessum hætti þarf að svara því. Ef menn vilja frekar ófrið en frið, ja, þá verð ég bara að segja að það er samkvæmt mínu vestfirska eðli að taka slíku boði.

[17:49]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að við getum alla vega talað saman um það hvernig við mundum vilja sjá framtíðarfyrirkomulag í sjávarútvegi. Ég ætla ekki að lofa því hér og nú að ég vilji fara nákvæmlega sömu leið og hv. þm. Össur Skarphéðinsson en ég er nokkuð sannfærð um að bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin sem og ýmsir aðrir hér á þingi gætu eflaust fundið einhvern flöt á því.

Ég tek undir það að með því frumvarpi sem hér er lagt fram eða með þeirri breytingu á lögum sem gerð er sé klárlega verið að slíta í sundur friðinn og þær sættir sem voru komnar á. Það er mjög dapurlegt til þess að vita. Það átti nú að ávíta þá sem hér stendur, það var bedið um það um daginn þar sem ég sagði eitthvað í þá veru að ég teldi að það yrði að vera ljóst hvort fólk gengi hér erinda einhverra tiltekinnna aðila. Og það opinberaðist svo rækilega í gærkvöldi.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að við eigum að setjast yfir það nú á nýju þingi og það þarf að breyta kerfinu, það hefur ekkert breyst frá því á síðasta kjörtímabili. Við unnum að því allan tímann en það náðist ekki fram. Ég held að sú skoðun okkar hafi ekkert breyst. Við viljum breyta í grunninn þessu kerfi og ég fagna því tilboði sem hv. þingmaður leggur hér fram fyrir okkur.



[17:50]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég tek til máls í annað sinn enda hefur margt komið fram í þessari góðu umræðu í gær og í dag og ekki vanþörf á vegna þess að það eru margar hliðar á þessu máli, ekki bara fjárhagslegar fyrir ríkissjóð heldur snýst þetta líka um að auðlindarenta og sú hugmyndafræði verði almennilega innleidd hér á landi. Ég tel að sú leið sem fyrri ríkisstjórn fór, þ.e. að innleiða raunverulega auðlindarentu inn í okkar samfélag, ég hef alltaf talið að það væri líka leið til sátta um auðlindanýtingu okkar Íslendinga.

Við byggjum meira og minna allt okkar atvinnulíf á auðlindanýtingu, hvort sem litið er til orkugeirans eða ferðaþjónustunnar sem byggir starfsemi sína meira og minna á íslenskrí náttúru þannig að líta má á íslensku náttúruna sem auðlind þeirrar atvinnugreinar. Svo erum við með sjávarútveginn sem hefur verið okkar, hvað skulum við segja, undirstöðuatvinnugrein um töluvert langan tíma, áratugi og aldir. Þess vegna skiptir verulega miklu máli að það sé svo að greinar sem nýta og byggja afkomu sína að svona miklu leyti til og öllu leyti til á auðlindum þjóðarinnar greiði auðlindarentu.

Fjórða atvinnugreinin sem er til í íslenskrí löggjöf, þótt hún sé ekki endilega orðin að veruleika hér á landi, er síðan við leit, rannsóknir og vinnslu á olfu og gasi. Við áttum ekki í neinum vandræðum með það í þessum sal að ná samán um auðlindarentu inn í framtíðina á ófundna olíu. Hvers vegna var það? Hins vegar stöndum við hér og tökumst mjög hart á um auðlindarentu í sjávarútvegi, sem er atvinnugrein sem er stór hér á landi. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að það eru engir hagsmunaaðilar komnir til að verja stöðu sína í olíu- og gasvinnslu. Menn náðu ágætisniðurstöðu í þeim málum, í löggjöfinni hér, og ágætissamstaða var um það í þinginu hvernig ætti að sækja auðlindarentuna út úr því, án þess þó að ég ætli að gefa mér það hér og nú að þarna muni finnast olía. Engu að síður erum við tilbúin ef svo verður til þess að sækja þangað myndarlega auðlindarentu og sanngjarna og hóflega.

Þessar deilur sem hafa staðið áratugum saman snúast ekki um, eins og hv. þingmaður sem talaði á undan mér sagði, neina vonsku í garð sjávarútvegsins. Þetta snýst ekkert um að menn vilji knésetja einhverja atvinnugrein eða orkugeirann ef því er að skipta, því að sambærileg umræða hefur farið fram gagnvart orkugeiranum. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um að við sem byggjum landið finnum fyrir því að þau fyrirtæki sem nýta sameiginlegar auðlindir og eru með sérleyfi til að nýta sameiginlegar auðlindir, það er ekki eins og hver sem er komist í þetta til þess að afla sér viðurværis, greiði eðlilegt gjald fyrir afnot af þeim auðlindum. Við erum ekki að gera neinar stórkostlegar kröfur, við erum bara að óska eftir því að þessir aðilar greiði brot af umframardi sínum þegar búið er að draga frá allan rekstrar-kostnað, fjármagn sem þarf til eðlilegra áframhaldandi fjárfestinga og eðlilegan arð. Við erum að tala um hluta, auðlindarentan er það sem eftir stendur þegar allt framangreint hefur verið dregið frá, sem hvert einasta fyrirtæki á Íslandi gerir í raun og veru.

Það sem eftir stendur er það sem er sannanlega til komið

vegna sérleyfanna á nýtingu á auðlindum þjóðarinnar. Það er hlutdeild í því sem við erum að tala um þegar við tölum um auðlindarentu. Við erum ekki að tala um að fara og reyna að taka fé sem ella færi til þess að greiða laun sjómanna eða starfsmanna, við erum ekki að tala um það. Við erum að tala um umframardinn.

Ég tel að ekki verði sátt um atvinnugreinina eða stöðugleiki í hennar umhverfi fyrir en menn hafa náð saman um þessi mál hér. Þess vegna er þetta mál sem ríkisstjórnin ákveður að leggja fram sem eitt af sínum allra fyrstu málum til þess að reka fleyg, enn og aftur, í málið þannig að deilurnar eiga eftir að harðna að nýju.

Það er vegna þess að hugmyndin um að auðlindarenta sé greidd af nytjastofnum sjávar er réttlætismál. Við finnum öll til þess að eðlilegt sé að menn geri það, greiði hluta af umframardi. Þetta snýst því ekkert um neina vonsku og það sem er í núgildandi lögum, ákvæðin þar um hversu hátt gjaldið á að vera verða að teljast vægast sagt mjög hófleg. Það hefur komið fram í fjölda umsagna þeirra sem hafa sent atvinnuveganefnd umsögn, m.a. frá einum helsta sérfræðingi okkar hér á landi í þeim málum, Stefáni B. Gunnlaugs-syni, að sú upphæð sem menn ætla með þessu frumvarpi að setja á bolfiskinn þýði í raun og veru að menn muni ekki vera að greiða neitt gjald. Menn eru nánast að þurrka út veiðigjaldið á bolfisk. Teljum við það rétt? Er það sú leið sem við ætlum að fara?

Við segjum nei, allir stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi eins og heyrst hefur í þessari umræðu. Nei segja líka 15% þeirra kosningarbæru manna sem hafa skrifað undir áskorun á Alþingi um að draga þetta frumvarp til baka, þ.e. þann hluta þess sem snýr að því að lækka veiðigjaldið. Þess vegna skil ég ekki hvers vegna menn keyra málið svona hart fram, það á að keyra það óbreytt í gegnum þingið hér og nú. Það kemur út úr nefnd algjörlega óbreytt þrátt fyrir að þeir sem eiga að framkvæma það hafi sagt að þeir þurfi enn breytingar á lögnum eins og þau eru núna til þess að geta gert þetta. Engu má breyta, það var ekki hlustað á neinn umsagnaraðila, það á bara að keyra lækkunina áfram undir því yfirskini að menn séu að gera einhverja formbreytingu sem er bara alls ekki rétt, enda kemur það fram í umsögn fjárlagaskrifstofu að um er að ræða hvorki meira né minna en lækkun á gjaldinu upp á 6,5 milljarða á ársgrundvelli. Þetta er forgangsgröðun ríkisstjórnarinnar sem nú hefur tekið við.

Þegar við vorum í kosningabaráttunni gekk helst upp úr þessum flokkum að nú þyrfti engar nefndir, bara efndir og vaða átti beint í að koma til móts við skuldug heimili á Íslandi, það átti að vera fyrsta verkefnið, forgangsverkefni, eldri borgarar, öryrkjar, að mæta þeim.

Virðulegi forseti. Hvað gerist í raun og veru eftir kosningar? Þá er það orðið svo tæknilega flókið að það þarf fjöldann allan af nefndum og menn þurfa excel-skjölín sem talað hefur verið um og voru tilbúin fyrir kosningar en þau er hvergi að sjá. Nú eru nefndir úti um allt sem eiga að taka málefni fjölskyldnanna og heimilanna og skuldugra heimila í sínar hendur. En menn geta trukkað í gegn hér á mettíma lækku á veiðigjaldi þar sem menn eru að afsala sér, afsala þjóðinni tekjum upp á 6,5 milljarða á ársgrundvelli. Þá er ekki spurt hvort það sé lagatæknilega flókið eða hvort rétt

og vel sé staðið að málum. Það þarf engar nefndir í það, nei. Þetta er aðalatriði. Hér koma efndirnar, lækkun á veiðigjaldinu. Það er þar sem við sjáum forgangsröðina hjá þessari ríkisstjórn.

Ég er mjög ósátt við það vegna þess að ég taldi og hef talið að veiðigjaldaleiðin sé sú braut sem við eigum að fara inn á til þess að tryggja réttláta skiptingu auðlindarentunnar, vegna þess að fram að þessu hefur öll auðlindarentan farið til fyrirtækjanna sjálfra. Það er eðlilegt og það er eðlilegt meira og minna úti um allan heim og sýnt hefur verið fram á það í þeim umsögnum sem liggja fyrir í málinu að hlutur ríkisins, þ.e. sameiginlegra sjóða, sé stærri en hlutur fyrirtækjanna í auðlindarentunni.

Við erum ekki einu sinni að tala um það hér, við erum ekki einu sinni að biðja um það, stjórnarandstaðan, við erum einungis að tala um hóflegan hluta af auðlindarentunni, en samt á að lækka það, sem þýðir að við erum að fara aftur inn í sýndarmennsku þegar kemur að veiðigjöldum. Menn segja glaðbeittir: Jú, jú, hér eru veiðigjöld og við innleiddum þau, eins og ég hef heyrt þingmenn Sjálfstæðisflokksins segja. En í raun og sann eru þau til á pappír en tölurnar sýna okkur ekkert, þ.e. sýna okkur að þetta er eingöngu sýndarmennska.

Virðulegi forseti. Ég kom inn á það áðan að mér finnst undarlegt hver forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er sem birtist í þessu máli þegar kemur til dæmis að umfjöllun um ríkisfjármálin. Nýlega kemur hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fram og segir að ekki sé hægt að koma til móts við skuldug heimili með lánsveð út frá samkomulagi sem fráfarandi ríkisstjórn gerði við skuldug heimili vegna þess að ekki sé búið að fjármagna það samkomulag. Heyr á endemi. Það var einfaldlega þannig að samkomulagið gæti verið upp á 2–3 milljarða sem ríkið fengi að láni til þriggja ára frá lífeyrissjóðunum á hagstæðum kjörum og gæti þannig greitt til baka.

Virðulegi forseti. Það mál er þínulítil hneti í stórrí skál miðað við upphæðirnar hérna. En það er ekki hægt, það er ófjármagnað. Hvað er þetta? Eru 3,5 milljarðarnir hér fjármagnaðir sem menn ætla að afsala sér bara svona, [Þingmaður smellir fingrum.] keyra og trukka í gegnum þingið? Nei, þeir eru það ekki. Það getur því ekki annað verið, og það er ekkert skrytið þó að við drögum það fram, að ríkisstjórnin sé hér að sýna sitt rétta andlit. Það skiptir engu máli hvað þetta kostar, en það skiptir öllu máli hvað sá hópur, hver kostnaðurinn er við að koma til móts við þau skuldugu heimili sem hafa hingað til setið eftir og ekki fengið eina einustu krónu í niðurfærslu, þá spyrja menn um verðmiðann. En þetta skiptir engu máli, við ætlum bara að gera það, af því að í þeirra huga er réttlæti að lækka veiðigjaldið. Það er þar sem skilur á milli okkar í Samfylkingunni og þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Virðulegi forseti. Við höfum rætt þessi mál, auðlindarentumálin hafa verið til umfjöllunar aftur og aftur. Það hafa verið skipaðar þó nokkuð oft — og það er eðlilegt að þjóð eins og við Íslendingar séum með alvörustefnumörkun og okkar heildstæðu sýn á nýtingu auðlinda okkar. Það er eðlilegt og við eigum að gera það en við höfum ekki náð því hingað til. Á síðasta kjörtímabili settum við því mikla vinnu í að marka stefnu, heildstæða stefnu í auðlindamál-

um, lögðum af stað í þann leiðangur og ég vona að ný ríkisstjórn beri gæfu til að halda þeirri vinnu áfram af því að það er ekki áhlaupsverk, það er langtíma verkefni.

Ég veit nefna skýrslu sem var skilað til forsætisráðherra af auðlindastefnuefnd í september 2012 og hvet þingmenn og aðra áhugasama til að kynna sér skýrsluna, hún er á vef forsætisráðuneytisins. Þar er meðal annars fjallað um nýttastofna sjávar og mig langar að fara aðeins yfir það sem er sagt þar vegna þess að þar er komið inn á þær deilur sem hafa verið lengi um nýtingu sjávarstofnanna.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Allt frá því ríkið takmarkaði nýtingu þessarar auðlindar við handhafa sérleyfa til að nýta tiltekið hlutfall leyfilegs hámarksaflla úr hverri tegund, hefur fyrirkomulagið verið afar umdeilt [...] Deilurnar hafa ekki snúist mikið um aðgangstakmarkanirnar sem slíkar (kvótann), enda nokkuð almenn sátt um að tryggja verði að sjávarútvegurinn sé sjálfbær með tilliti til umgengni um nýttastofna. Fyrirkomulagið hefur einnig tryggt nokkuð vel tækifæri greinarinnar til hagræðingar og ásætlanlegrar arðsemi, enda þarf sjávarútvegur að vera sjálfbær með tilliti til efnahagslegra forsendna. En þegar kemur að hinni samfélagslegu vídd sjálfbærrar þróunar hafa frá upphafi staðið deilur sem einkum snúast um tvennt:

Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að handhafar upphaflegra sérleyfa séu í allt annarri og betri stöðu en þeir sem á eftir koma.

Í öðru lagi og tengt fyrra atriðinu er sú staða að ekki hefur með virkum hætti verið reynt að meta eða finna skilaleið fyrir þá auðlindarentu eða umframarið sem sérleyfi til nýtingar skapa handhöfum. Virkur eftirmarkaður hefur verið með sérleyfi til nýtingar sjávarútvegsauðlindarinnar og verð þeirra verið langt umfram það veidigjald sem innheimt hefur verið af hálfu ríkisins við úthlutun. Slíkt skapar aðstæður þar sem handhafar sérleyfanna, en ekki eigandi auðlindarinnar, geta ráðstafað auðlindaarðinum eða innheimt hann með framsali sérleyfa á eftirmarkaði. Slík fényting eða dæmi um innheimtu einkaaðila á auðlindarentu vegna sérleyfa til nýtingar hefur verið mörgum þynnir í augum.“

Þarna er rammað mjög vel inn það sem um er að ræða og í kjarnann um hvað deilurnar snúast. Það er nefnilega þannig að við hér á hinu háa Alþingi eigum líka að horfa til hinnar samfélagslegu víddar. Það er skylda okkar og það er þarna sem fólk svíður, það er undan því. Til að koma til móts við þau sjónarmið setja menn veiðigjald á umframariðinn, ekkert annað, ekki reksturinn, enginn aukaskattur, það er ekkert um það að ræða hér, og þó að andstæðingar veiðigjaldsins tali þannig er það beinlínis rangt hjá þeim. Þetta snýst ekki um það og er ekki það sem vakir fyrir þeirri sem hér stendur eða öðrum þeim sem hafa stutt veiðigjald, alls ekki, vegna þess að við viljum sterkan sjávarútveg. Við viljum hafa áfram öflugan atvinnuveg eins og sjávarútveginn, en sjávarútvegurinn, eins og orkugeirinn og hugsanlega einhvern tíma olú- og gasgeirinn, á að greiða eðlilega auðlindarentu, það er krafan. Hún er ekkert flókin, mér finnst hún heldur ekkert frekjuleg, bara eðlileg.

Virðulegi forseti. Í ágættri grein sem Gauti B. Eggertsson skrifaði og er að finna á *Eyjunni* fjallar hann einmitt um þetta og segir að honum sýnist að oft sé miðað við í

svokölluðu, eins og hann kallar það, „production sharing agreements“ að 80% þeirrar rentu sem ég hef verið að tala um, og þá er hann að tala um annars staðar en hér á landi, þ.e. erlendis, þar sem um þetta er að ræða, gangi til ríkisins og 20% til fyrirtækisins sem fær réttinn. Hann segir að oftast sé um olíu að ræða. Í íslensku löggjöfinni virðist þetta heldur hóflegra, „því að mér sýnist að þar sé gert ráð fyrir að útgerðin fái í kringum 40 prósent í sinn hlut“.

Annar fræðimaður sem skilaði okkur umsögn, Jón Steinsson, fer ágætlega yfir það í umsögn sinni að verði þetta frumvarp að lögum, þ.e. miðað við hans mat, geri frumvarpið ráð fyrir að útgerðin greiði einungis tæplega 18% af auðlindaarðinum í sjávarútvegi í veiðigjald en haldi sjálf eftir ríflega 82% arðsins. Þarna erum við ekki að tala um eðlilegan arð eins og hjá öllum öðrum fyrirtækjum, við erum að tala um arðinn sem eftir stendur þegar búið er að taka annan arð, almennan arð frá og allan rekstrarkostnað, alla eðlilega fjárfestingarfjármuni o.s.frv.

Virðulegi forseti. Eg er ósátt við það hvernig menn eru núna og þessi ríkisstjórn ákveður — ég held að þetta hljóti að vera einhvers konar fljótfærni, að hugurinn og sigurvím-an eftir kosningaúrslitin hafi kannski borið þá fullgeyst inn í þetta mál. Það var ákveðið að fara helst í þau mál sem voru hvað stærstu breytingarmálin sem fráfarandi ríkisstjórn skildi eftir sig og menn ætla að fara í að þurrka þau sem mest út til þess að nýlla stöðuna, koma gamla jafnvæginu á, jafnvæginu þar sem helmingaskiptaflokkarnir, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, höfðu þetta allt í hendi sér, skiptu milli sín samfélaginu. Menn eru að flýta sér svo mikið þangað aftur að þeir gleyma að samfélagið sjálft hér á Íslandi kallar eftir þessari auðlindarentu algjörlega óhád pólitík. Það sést á því hversu margir styðja að veiðileyfagjaldið standi óhaggað.

[18:11]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Eg þakka hv. þm. Katrín Júlíusdóttur fyrir ræðu hennar og vil sérstaklega gera hér að umtalsefni þann hluta í andsvari þar sem hún var að fjalla um áhrifin á tekjur ríkissjóðs og útgjöld, hvernig þetta kæmi niður á útgjöldum til ýmissa annarra málaflokka, af því að hv. þingmaður er fyrrverandi fjármálaráðherra. Það liggur ljóst fyrir í þeim gögnum sem fylgja þessu máli að tekjuáhrifin á ríkissjóð eru metin upp á 3,2 milljarða á þessu ári, 6,4 milljarða á næsta ári, þ.e. um 10 milljarða á þessu ári og því næsta, án þess að sérstaklega sé gerð grein fyrir því í gögnum málsins hvernig mæta á þessu tekjutapi ríkissjóðs með öðrum aðgerðum.

Mig langar að inna hv. þingmann eftir því hvernig hún telur að ríkisstjórnin muni þurfa og muni mæta þessu tekjutapi ríkissjóðs upp á um 10 milljarða kr. á þessu ári og næsta. Er ekki alveg ljóst að það mun hafa veruleg áhrif á útgjöld til málaflokka eins og mennta- og skólamála, til heilbrigðismála, velferðarmála, löggæslunnar og ýmissa innviða í samfélaginu eins og samgöngumála? Er ekki alveg ljóst að ef þetta frumvarp verður að lögum verði áhrifin umtalsverð á þessa málaflokka? Eða sér þingmaðurinn sem fyrrverandi fjármálaráðherra einhverjar aðrar leiðir til þess að mæta þessu tekjutapi? Er líklegt að menn fari þá í nýja

tekjuöflun? Hvar mundi hún þá bera niður? Mér þætti fróðlegt að heyra frá hv. þingmanni hvernig hún metur þessa þætti málsins.

[18:13]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Staðan er einfaldlega þessi: Ríkissjóður og ríkisfjármálin eru í járnnum. Það gekk gríðarlega vel á síðasta kjörtímabili að minnka gatið, rétta hallann, en því verki er ekki lokið og má segja, miðað við það sem við stóðum frammi fyrir fyrir fjórum árum, að nú vanti herslumuninn upp á. Það þýðir að menn þurfa að fara mjög varlega og það má ekki „gambla“ með nokkurn einasta hlut. Það er það sem menn eru að gera hér, menn taka ofboðslega áhættu hvað varðar ríkissjóð og ekki bara í þessu máli. Hér erum við með 3,5 milljarða á þessu ári. Síðan erum við með hálfan milljarð í virðisaukaskatti á ferðaþjónustu sem hefur verið lækkaður. Svo erum við líka með útgjaldafrumvörp af hálfu ríkisstjórnarinnar sem hafa verið að koma inn. Mér telst því til að við séum komin upp í 6–7 milljarða að minnsta kosti sem taka á út, bara á þessu þingi, í beinhörðum peningum á þessu ári, þar sem ekki koma tekjur á móti.

Það eru töluverðir peningar. Það hefur náttúrlega áhrif síðan inn á næsta ár vegna þess að menn afsala sér þarna tekjum fram í tímann. Hvaða leiðir fara menn þá? Þeir ætla að fara greinilega þá leið sem boðuð hefur verið hér og eins og boðuð hefur verið, að fara í 1,5% flatan niðurskurð. Það er það sem mér heyrir menn ætla að gera.

En hvað þýðir 1,5% flatur niðurskurður? Það þýðir að farið verður í stofnanir, í velferðarþjónustu, í heilbrigðiskerfi, í menntakerfi, sem nú þegar eru skornar algerlega inn að beini og þola ekki meir. Það getur því skilið eftir sig skaða hjá þessum stofnunum, í velferðarkerfinu og menntakerfinu, sem verður erfitt að laga. Eg hef áhyggjur af því vegna þess að þeir hafa ekki sýnt vilja til þess að hafa „kalt höfuð“ til að forgangsraða innan samfélags okkar.

[18:15]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Eg held að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafi rétt fyrir sér hvað þetta snertir. Það er alla vega alveg ljóst, eins og hún rakti í svari sínu, að bara með ráðstöfun á þessu sumarþingi er verið að búa til viðbótargat í rekstri ríkissjóðs upp á 6–7 milljarða og þá væntanlega enn þá meira á næsta ári. Er ekki alveg ljóst þó að við séum einungis að tala um þetta ár og næsta að ef þetta stendur, þær ráðstafanir sem er verið að grípa til hafa þær auðvitað áframhaldandi áhrif inn í framtíðina þannig að uppreiknað yfir einhvern tíma, t.d. eitt kjörtímabil eða lengri tíma, er um umtalsverðar fjárhæðir að tefla? Mér finnst að ríkisstjórnin hafi alls ekki svarað því í gögnum málsins, ekki kostnaðarmatinu, hvernig á að mæta áhrifunum af þessu frumvarpi alveg sérstaklega.

Ég mundi líka vilja spyrja þingmanninn hvernig hún lítur á þá forgangsröðun sem birtist hér, að koma inn með mál eins og þetta sem við erum með til umfjöllunar og fleiri þar sem verið er að létta byrðum af tilteknum hópum samfé-

lagsins. Deilir hún þeirri sýn að það sé dæmigerð hægristjórnapólitík að færa til fjármuni í samfélaginu til þeirra sem eru þrátt fyrir allt aflögufærir og geta lagt inn í sameiðsluna og frá hinum sem eru lakar settir? Þetta birtist mér þannig í hverju málinu á fætur öðru, að það sé nákvæmlega það sem er verið að gera og sé (Forseti hringir.) Þess vegna mjög skýr og dæmigerð hægristjórnapólitík.

[18:17]

**Frsm. minni hluta atvinnuvn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Svar mitt er já. Þessi ríkisstjórn, ég kom aðeins inn á það í ræðu minni, er að opinbera sig sem mjög hrein hægristjórn. Það er allt í lagi, svona er lýðræðið og 51% þjóðarinnar kaus þessa flokka. Þeir hafa svo sem aldrei sýnt okkur neitt annað þegar þeir hafa starfað saman en að þeir séu hægristjórnir í samstarfi.

Það sést mjög vel á þeim málum sem hafa komið hingað inn. Tökum sem dæmi málið um almannatryggingar, þar er þetta algjörlega skýrt. Ég óskaði eftir því í nefndinni að fá að sjá nákvæmlega í töflu hver áhrifin yrðu á ólíka tekjuhópa og þar er þetta algjörlega skýrt, það eru bara þeir allra hæstu sem fá eitthvað og jafnvel eru nýir hópar sem hafa áður haft of háar tekjur til að vera inni í almannatryggingakerfinu að koma inn í það. Þetta sýnir það algjörlega skýrt. Ég er ekkert að segja að það fólk sé endilega ofsælt af tekjum sínum, en það er engu að síður þannig að það eru stórir hópar þarna úti, og miklu stærri hópar, sem hafa miklu, miklu minna.

Rökin fyrir því af hálfu hægristjórnarinnar eru þau að horfa þurfi til þeirra hópa fyrst sem hæstar hafa tekjurnar vegna þess að vinstri stjórnin varði lægstu tekjurnar og þá sem eru með örorku. Gott og vel, en þetta er forgangsröðin og hún er alveg grímulaus. Það sjáum við líka í þessu máli. Þeim finnst sjálfsagt að segja við þá hópa sem eru með lánsveð: Nei, af því að fyrri ríkisstjórn var ekki búin að fjármagna hvernig ætti að koma til móts við ykkur þá getur þetta ekki orðið. En svo koma veidigjöldin hins vegar og þá er ekkert spurt um neinn verðmiða.

Virðulegi forseti. Ég ætla líka að nefna eitt hér sem ég hef þínulitlar áhyggjur af og það er, út af fyrra andsvari mínu: Ég hef áhyggjur af því að þessi ríkisstjórn ætli að grípa til þess í nafni einföldunar á skattkerfinu að fara að hækka 7% þrepið sem þýðir hækkan á matarskattinum svokallaða. Ég hef áhyggjur af því að menn ætli að fara þá leið þegar kemur að (Forseti hringir.) skattinum þannig að vaskurinn verði hækkaður á matvæli hér á landi. Ég vona þó að svo verði ekki.

[18:19]

### Útbýting:

Ferjusiglingar í Landeyjahöfn, 29. mál, fsp. VilÁ, þskj. 63.

[Fundarhlé. — 18:20]

[19:33]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég kem hér í seinni ræðu mína í 2. umr. um veiðileyfagjöldin. Í fyrri ræðu minni rakti ég söguna og vakti athygli á því að deilurnar sem eru um sjávarútveginn og einkum auðlindagjöld og greiðslur fyrir afnot af þessari sameiginlegu þjóðareign okkar hafa staðið í raun allt frá því að kvótakerfið kom á. Síðan hafa verið stofnaðar margar nefndir, m.a. auðlindanefndin í kringum 2000, síðan tvíhöfðanefnd og ég kann nú ekki nöfnin öll. Ég var búinn að fara yfir það. Síðasta nefndin sem starfaði var starfshópur um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Ég ætla aðeins að styðjast við gögn úr skýrslu þessa starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða, ýmis álitamál, greiningar, skýrslur og valkosti við breytingar á stjórn fiskveiða. Hún er frá september 2010.

Tónninn sem þá var sleginn enn einu sinni var um að leita sátta. Tónninn sem var sleginn núna þegar ný ríkisstjórn byrjaði var líka að það ætti að auka sáttt, samheldni og samvinnu í íslensku þjóðfélagi. Það er full ástæða til að taka undir mikilvægi þess að við reynum að stilla strengi og ná saman en þá verður að vera ljóst við hverja sátttin á að vera og milli hverra.

Þess vegna var mjög skrytið að sjá þessa breytingu á veiðileyfagjöldum. Það eru gerðar töluloverðar breytingar en fyrst og fremst er þar dregið verulega úr álagningu veiðileyfagjalda með þessu frumvarpi sem ríkisstjórnin flytur sem eitt af sínum forgangsmálum. Þetta er þeim mun illskiljanlegra þegar maður hugsar til hugmynda um að ná sáttt vegna þess að það hefur líka komið í ljós í framhaldinu að þjóðin er ekki tilbúin að gefa neinn afslátt af því að þjóðareignin skili af sér beinum arði eða greiðslum, auðlindarentu eða auðlindagjaldi til samfélagslegra nota. Það hefur orðið til þess að 35 þús. einstaklingar eða þar um kring hafa skrifað undir og skorað á Alþingi fyrst og fremst að hætta við áformin um lækkan á veiðileyfagjaldinu. Til vara er svo bent á að ef Alþingi samþykkir samt þessar breytingar grípi forsetinn inn í og setji málið í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég segi að þetta sé þeim mun merkilegra vegna þess að það orðu töluloverðar umræður um veiðileyfagjaldið í fyrravor, á síðasta þingi, þar sem menn voru að ræða hvað væru eðlilegar upphæðir og hvernig ætti að skipta þessu. Þar kom að lokum að menn sættust á nokkurn veginn hvaða upphæð ætti að vera á bak við þá lagasetningu. Nú er hins vegar hogað frá því og gefinn afsláttur strax á þessu ári um 3,2 milljarða, á ársgrundvelli 6,4. Það er erfitt að sjá hvernig það á að leiða til þess að hér aukist sáttt um sjávarútveginn, eins mikilvægt og það er að slík sáttt náist. Ég hef ítrekað sagt, allt frá því að ég var í þessum starfshópi, og þar áður raunar, að aðalatvinnugreinin okkar, stærsta útflutningsgreinin, ein mikilvægasta atvinnugreinin, á ekki að búa við það að stöðugt sé tekist á um starfsumhverfi hennar, það þarf að finna leiðir til að koma þessu í eðlilegt umhverfi til langs tíma þar sem menn geta vitað að hvaða leikreglum þeir ganga, hvaða lögmál gilda í sambandi við þennan atvinnurekstur eins og allan annan í landinu, bæði hvað varðar gjaldtöku og skattlagningu.

Allt frá því að kvótakerfið var sett hefur verið rætt um auðlindagjöld eða auðlindarentu. Síðasta ríkisstjórn barðist

fyrir því að hér yrði gjaldtaka, það yrði sett skýrt ákvæði inn í stjórnarskrá til að taka endanlega af allan vafa um að sjávarauðlindirnar væru þjóðareign og ættu að nýtast sem slíkar, að það ætti að koma til gjald og menn gætu fengið afnotarétt til tilgreinds tíma að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það ætti líka að gæta jafnræðis í sambandi við úthlutun á þessum auðlindum.

Það var í rauninni niðurstaða í þessum starfshópi á sínum tíma að mæla með tiltekinni leið. Af hverju? Vegna þess að allir væru sáttir við þá leið sem forgangsléið? Nei, vegna þess að menn vildu slá af til að gera tilraun til að ná sátt.

Árið 2000 var líka tekist á um tvær meginleiðir, hvort fara ætti fyrningarleið eða taka upp veiðigjald. Mér er sagt af þeim sem þá unnu að málum að deilan hefði verið býsna hörd og hefði í sjálfu sér getað fallið á hvorn veginn sem var á þeim tíma, en niðurstaðan varð engu að síður eftir töluvert mikla vinnu að taka upp veiðileyfagjald og fyrningarleiðin var sett til hliðar.

Þessi álitamál komu aftur upp í starfshópnum þar sem meðal annars Samfylkingin lagði fram hugmyndir um svokallaða tilboðsléið þar sem var lögð fram hugmyndin um að gjaldtaka í sjávarútvegi færi í gegnum markaði og menn kölluðu inn ákveðinn hluta af veiðiheimildum á hverju ári og seldu til baka réttinn til að nýta auðlindina í tilgreindan tíma og einhver ákveðinn hluti væri á markaði. Það var talið að um 5–8% á hverju ári og þeir sem vildu viðhalda sínum aflaheimildum yrðu þá að borga gjald í gegnum þennan markað, tilboðsmarkað, og þar með væri búið að ákveða gjaldtökuna sem sjávarútvegurinn treysti sér til þess að greiða á hverjum tíma. Væri þá miðað við samtímaafkomu vegna þess að þá byðu menn væntanlega í miðað við getu og hagkvæmni viðkomandi iðgerðar.

Það sjónarmið að fara þessa leið varð undir í hópnum og þá settu menn sér að skoða hvað væri næstbest. Þá kom upp á borðið þessi samningaleið sem var um það að gera samninga til tilgreinds tíma. Það var ekki samkomulag um tímalengdina og það var ágreiningur um hversu langt tímabilið ætti að vera, en menn töluðu um allt frá tíu árum og upp í 40 ár sem Landssamband íslenskra útvegsmanna vildi fá og vitnaði þar í aðra auðlindanýtingu.

Það var sem sagt ekki ágreiningur um það á þessum tíma. Menn voru á því að við skyldum prófa að fara þessa leið, en þá yrði auðvitað skipt þannig að hluti væri í samningum og hluti í öðrum úthlutunum. Þar var þá rétt um byggðafvilnanir, línuviltun o.s.frv., ýmis úrræði sem þjónuðu byggðatengdum aðstæðum. Þar var líka rétt um að skerpa það að þeim heimildum sem ekki væru nýttar, þeim heimildum sem féllu til ríkisins á hverjum tíma, yrði úthlutað að nýju í gegnum opinberan markað, ekki í gegnum útgerðina.

Þarna var í raunveruleikanum gerð alvarleg tilraun til þess að ná sáttum. Þeirri tilraun er ekki lokið því að ný ríkisstjórn hefur vitnað í greinargerð starfshópsins og vill byggja framhaldið á niðurstöðunum frá því. Ég tel að það sé í sjálfu sér góður grundvöllur en þá verða menn líka að vera tilbúnir að fylgja meginatriðunum í þeim tillögum og sætta sjónarmið en ekki að tala sig í sundur. Ég tel að ríkisstjórnin hafi með þessu veiðileyfagjaldafrumvarpi stigið

skref í ranga átt, í átt sem verði til þess að minnka sáttina í samfélaginu. Það er miður vegna þess að sjávarútvegurinn þarf á öðru að halda.

Það er enn þá merkilegra að skoða þetta hjá hæstv. ríkisstjórn með tilliti til þess sem er að gerast þessa dagana þegar menn eru að tapa verulegum tekjum og sjá fyrir sér útgjaldaaukningu á ýmsum sviðum, hafa metnað til þess að gera ákveðna hluti en hafa ekki fjármagn til þess. Þegar menn byrja á því, miðað við næstu 18 mánuðina, að lækka tekjustofna ríkisins um allt að 12 milljarða verður gatið sem því nemur stærra. Það er auðvitað full ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig menn ætla að standa við loforðin um að búa betur að lífeyrisþegum. Fyrsta skrefið varð afar lítið, miklu minna en maður átti von á miðað við gefin loforð. Menn eru þegar farnir að kveinka sér undan jafnlaunaátaki sem er til þess að eyða kynbundnum launamun sem hefur verið einn af veikustu hlekkjunum í jafnréttisbaráttu okkar. Við vitum öll að það þarf að gefa til baka og bæta fjármagni inn á heilbrigðisstofnanir, inn í löggæsluna o.s.frv. og þá spyr maður sig: Höfum við efni á þessu? Var þetta hópurinn sem þurfti að hjálpa, var þetta hópurinn sem hefur verið í mestum vanda? Við vitum hver afkoman hefur verið á undanförunum árum með gengisbreytingunni sem varð við hrúnið.

Það er svolítið forvitnilegt að skoða frá þessari svokölluðu sáttanefnd bókanir frá einstökum flokkum. Meðal annars er bókun frá þáverandi fulltrúa Framsóknarflokksins, núverandi hæstv. ráðherra Gunnari Braga Sveinssyni. Í þeirri bókun er talað um að á einfaldan hátt megi skipta deilum um auðlindina í þrennt og svo er bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„1. Hverjir mega nýta auðlindina. 2. Hvernig það er gert. 3. Hversu mikið á að nýta. Deilurnar eru vitanlega flóknari en þetta eru meginlíðurnar.“

Svo kemur kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú nefnd er nú lýkur störfum hefur reynt að finna leiðir til að jafna þessar deilur og hefur tekist að leggja fram hugmyndir sem nýtast munu til að ná sátt um stærstu deilumál-in.“

Svo er kafla um að fyrningarleiðinni hafi verið hafnað og menn hafi horft til samningaleiðarinnar og sæst á að reyna þá leið sem líklegustu leið til sátta.

Svo kemur áfram bein tilvitnun í bókun fulltrúa Framsóknarflokksins, hæstv. núverandi ráðherra Gunnars Braga Sveinssonar:

„Meginatriði samningaleiðarinnar felast því í samningi við réttþafa um afnotarétt af auðlindinni. Þá gerir samningaleiðin jafnframt ráð fyrir að með skýrari hætti sé kveðið á um að auðlindin er sameign þjóðarinnar og tel ég rétt að í stjórnarskrá eigi að setja skýrt ákvæði um þjóðareign.“

Þetta er sérstaklega tekið fram í bókun hæstv. núverandi ráðherra Gunnars Braga Sveinssonar. Við deilum þessari skoðun og það er mjög mikilvægt að við komum auðlindaákvæði inn í stjórnarskrá, högum þannig vinnunni núna að við fáum heimild til þess að ganga til breytinga á stjórnarskrá á þessu kjörtímabili og þetta verði eitt af forgangsmálunum enda ætti ekki að vera um það pólitískur ágreiningur miðað við þessa bókun.

Hv. þingmaður tekur enn fremur fram að hann styðji þá

hugmynd að innan aflamarkskerfisins verði tveir pottar, annars vegar innan samningaleiðarinnar og hins vegar byggðakvótar, línuviltun og fleira í þeim dúr.

Það má sem sagt segja að niðurstaðan hjá hæstv. ráðherra, þáverandi hv. þingmanni í starfshópnum, feli í sér þau þrjú meginatriði sem hann telur upp. Það fyrsta er að það eigi að koma ákvæði um þjóðareign á auðlindum inn í stjórnarskrána, í öðru lagi að það eigi að fara samningaleið um úthlutun nýtingarréttarins og hámarka afrakstur greinarnar svo hún geti sjálf fjárfest o.s.frv. Í þriðja lagi eiga að gilda svipaðar reglur um auðlindir Íslands, hvort sem um er að ræða sjó, land eða vatn. Hugmyndir sem hafa verið uppi og eru kannski ástæðan fyrir því að meðal annars sá sem hér stendur féllst á að skoða þessa samningaleið til enda eru að hún gæti á margan hátt samrýmt sambærilegum reglum í sambandi við nýtingu á vatni, hita og öðru slíku að svo miklu leyti sem þetta er sambærilegt. Margar af þessum auðlindum þjóðarinnar eru auðvitað eðlisóflíkar.

Ég held að við séum öll sammála. Að minnsta kosti tala menn eins og þeir vilji taka afgang og nýta auðlindina í þágu þjóðar og þess vegna skil ég ekki af hverju menn heykjast á því í þessu frumvarpi.

Meginatriðin eru kannski þau að þegar við horfum yfir þetta sumarþing, það sem við erum búin að vera að gera undanfarnar vikur, allt frá því að fyrstu málin komu inn, höfum við séð forgangsröð sem ég átti ekki von á, forgangsröð sem felst í að lækka skatta á ákveðnum aðilum, útgerðinni í þessu tilfelli og síðan á ferðaþjónustunni sem er okkar meginvaxtargrein og þá eingöngu í gegnum gjald sem átti að leggja fyrst og fremst á erlenda ferðamenn sem nýttu hér gistiaðstöðu.

Á sama tíma kveinka menn sér undan því að standa við loforðin á öðrum sviðum, hvort sem er varðandi skuldavandann, þar sem megnið af því er farið í nefnd, beinu aðgerðirnar sem voru þrjár af tíu, þar er þegar farið í gegn ákvæði um að hraða í gegnum dómkerfið afgreiðslu ágreiningsmála varðandi lánamálin. Ákvæði um heimildir til Hagstofu til að safna upplýsingum um skuldavandann virðist vera að daga uppi, ekki vegna þess að stjórnarandstaðan berjist gegn því eða þmælist á neinn hátt fyrir heldur einfaldlega vegna þess að umsagnir og umræður innan stjórnarflökkanna hafa leitt til þess að þetta mál er ekki jafn einfalt og hæstv. forsætisráðherra gerði ráð fyrir þegar hann lagði frumvarpið fram. Nú hef ég svo sem ekki séð endanlega niðurstöðuna, sit þó í hv. allsherjar- og menntamálanefnd, en það er margt sem bendir til að þetta mál fari ekki í gegn.

Við stöndum sem sagt frammi fyrir því að ljúka kannski þinginu í þessari viku þar sem fleiri spurningar hafa vaknað en svarað hefur verið. Ofan í þetta fáum við svo skýrslu, áfellingdóm yfir fyrrverandi stjórnvöldum fyrst og fremst varðandi stjórn Íbúðalánasjóðs, um mál sem verður rætt í þinginu á morgun og þá verður byrjað að kryfja með hvaða hætti við getum dregið lærdóm af því. Þar eru einmitt gagnrýnd mjög pólitísk afskipti og áhrif í stjórnkerfinu sem er svo eitt af málunum sem við erum að glíma við og kemur hér á dagskrá á eftir þessu máli, stjórn Ríkisútvarpsins. Þar er fullkomlega óskiljanlegt að stjórnarflökkarnir skuli reyna að fara í þá vegferð að auka völd síns flokks, pólitísk völd í stjórn á Ríkisútvarpinu, fjölmiðli í eigu almennings.

Þetta byrjar ekki vel en við skulum vona að fall sé fararheill hvað þetta varðar, að menn finni fjölinna sína og komi samfélaginu áfram, ekki veitir af, og þá eflist sáttin og samstaðan. En það verður ekki gert með þeim hætti sem hér hefur verið sýnt og alls ekki með svipuðum hætti og notaður er hér varðandi veiðileyfagjaldið. Við viljum ekki fá aftur gömlu fyrirgreiðslupólítíkuna þar sem menn hafa bókstaflega ávinning af því að ganga í ákveðna stjórnsmálaflokka til að koma sínum málum fram. Það eru ekki stjórnsmál sem við viljum hafa, það eru stjórnsmál fortíðarinnar og ég ætla að vona að við drögum þann lærdóm að vera eins fagleg og mögulegt er og draga úr flokkspólítísku valdi, hvort sem er í ákvarðanatöku í tengslum við sjávarútveg, íbúðalánin eða stjórn Ríkisútvarpsins.

[19:51]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil í seinni ræðu minni um lækku veiðigjalda koma inn á áhyggjur sjómanna af veiðigjöldum yfir höfuð. Það hefur mikið verið talað um það í þeirra röðum að veiðigjöldin komi í veg fyrir eðlilegar kjarabætur og hækkun launa og geti dregið úr því að þeir nái kjarasamningum þar sem höfðað sé til þess að útgerðirnar þurfi að greiða það há veiðigjöld að þær eigi erfiðara með að greiða sjómönnum sínum laun og gera við þá kjarasamninga.

Á þeim forsendum hafa samtök sjómanna lýst því yfir að þau séu á móti auðlindagjöldum, ekki samt öll samtök sjómanna en það hefur komið fram í umsögnum þeirra. Mér finnst sorglegt að því sé stillt þannig upp að sjómenn horfi á þetta með þeim gleaugum að það komi í veg fyrir eðlilegar launahækkunir og gerð kjarasamninga en sjái það ekki í stóra samhenginu þar sem um er að ræða auðlindarentu til þjóðarinnar sem nýtist öllum þjóðfélagsþegnum, þar á meðal sjómannastéttinni. En svona hefur því verið stillt upp gagnvart sjómönnum og eins og ég kom að í fyrri ræðu minni hefur sjómönnum verið beitt fyrir útgerðina í þeim tilgangi að berjast gegn breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu og veiðigjöldum og ég tel það vera mjög af hinu vonda að sjómenn séu hafðir í forsvari á röngum forsendum í þeirri baráttu.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein Indriða H. Þorlákssonar sem hann skrifar þar sem hann fjallar um sjómannslaun í tengslum við veiðigjöldin og segir:

„Laun sjómanna eru í kjarasamningum yfirleitt ákveðin á grundvelli hlutaskiptareglu, þ.e. sjómenn fá í laun ákveðið hlutfall af söluverðmæti aflans. Veiðigjöldin hafa engin áhrif á það verð sem fæst fyrir afla á markaði og þar af leiðandi ekki á laun sjómanna. Laun sjómanna hafa hækkað með lægra gengi og hækkað fiskverði. Því hefur verið haldið fram að veiðigjöldin hvetji útgerðir til að reyna að lækka laun sjómanna. Óskir þess efnis voru uppi löngu fyrir tilkomu núverandi veiðigjalda. Óflklegt er að þau ýti undir þær m.a. af því að ávinningur útgerða af lækku launahlutfallsins er minni en áður því launakostnaður kemur til frádráttar áður en veiðigjöldin eru reiknuð. Lækku launanna hækkar veiðigjöldin sem dregur úr ávinningi útgerðarinnar af lækkuinni.“

Þetta er ekki flóknara en svo að í raun og veru er það sjómönnum í hag eða útgerðinni, hún greiðir minna í veiðigjöld ef hún hækkar laun sjómanna sinna sem ætti að vera

hvati til að hækka laun sjómanna ef þeir vilja síður að stærri hluti rentunnar renni í ríkissjóð.

Svona áróður síast inn og undir, ég segi fólkskum forsendum er honum haldið á lofti alveg eins og áróðrinum um að veiðigjöld séu landsbyggðarskattur, verið sé að draga fé úr byggðum landsins og færa fjármuni yfir á höfuðborgarsvæðið. Ég tel þetta vera hráskinnaleik sem menn eiga ekki að stunda í þeim tilgangi að berjast gegn veiðigjöldum og breyttu fiskveiðistjórnkerfi.

Það hefur líka verið sagt að margar útgerðir séu svo illa staddir út af tilkomu veiðigjaldanna að þær muni ekki geta risið undir þeim og fari á hausinn. Ég hef reynt á fundum atvinnuveganefndar að kalla fram hjá endurskoðunarfyrirtækjum rökstuðning fyrir því og fá fram hvort veruleikinn sé sá að útgerðir séu komnar í þá stöðu, eins stutt og það er frá því að veiðigjöldin komu til, að það valdi því að fyrirtækin stefni í gjaldþrot. Ég fékk ekki neinn rökstuðning fyrir því yfir höfuð. Það var einungis nefnt sem dæmi umfjöllun, sem reyndar allir þekkja úr blöðunum, um stórt útgerðarfélag sem hefði hótad að segja upp 40 sjómönnum vegna tilkomu veiðigjalda, en það útgerðarfélag er reyndar skuldaust og fannst mér það ekki besta dæmið um að veiðigjöldin væru að setja sjávarútvegsfyrirtæki á hliðina, það hlýti að vera eitthvað annað sem ræki menn til þess að segja upp tugum sjómanna, 40 sjómönnum, þó að yfirskinið væri að veiðigjöldin væru að reka menn til þess.

Það hefur líka komið fram að mörg sjávarútvegsfyrirtæki voru mjög illa stödd fyrir hrun og skuldsett og þar voru líka lítil og meðalstór fyrirtæki sem menn hafa haft að yfirskini að þessi lækkun veiðigjalda eigi að bjarga. En mörg þeirra fyrirtækja voru komin í ógöngur vegna allt annarra hluta en snerti rekstur þeirra beint í sjálfu sér, ekki vegna kvótakaupa eða fjárfestingar í greininni sjálfri heldur höfðu mörg hver farið óvarlega í fjárfestingum í óskyldum rekstri. Veiðigjöldin og auðlindarentan sem slík getur aldrei miðast við fyrirtæki sem eru komin í þá stöðu frekar en almenn skattlagning getur miðast við illa rekin fyrirtæki. Það verður auðvitað hver og einn að bera ábyrgð á fyrirtæki sínu alveg eins og hann ber ábyrgð á sér og heimilisrekstri sínum. Það gengur ekki að hafa veiðigjöld að skálkaskjöldi og kenna þeim um þó að vissulega sé sú staða alltaf ömurleg þegar fyrirtæki sjá ekki fram úr að geta rétt sig af.

Útgerðarfyrirtæki landsins hafa í gegnum tíðina haft meiri aðgang að almannafé en kannski fyrirtæki í öðrum rekstri. Ég held að útgerðarfyrirtæki hafi oftast en ekki náð eyrum stjórnmaláttanna og fengið fyrirgreiðslu. Stundum hefur það verið lenging í hengingaról og ef til vill ekki neinum greiði gerður með því, en ég held að margir atvinnurekendur í öðrum greinum hafi verið svolítið ósáttir, kannski oftast en ekki, við að þegar basl er í útgerðinni hafa menn oft náð eyrum ýmissa aðila í stjórnkerfinu, svo sem Byggðastofnunar, sem hafa komið inn með aðstoð sem hefur jafnvel ekki alltaf átt rétt á sér þótt hún hafi oft átt rétt á sér. Það hlýtur að vera krafa á þá sem eru í rekstri að reka fyrirtæki sín vel og ef menn fá fyrirgreiðslu og aðstoð umfram það sem hinum almenna borgara býðst verður að rökstyðja með góðum hætti að eitthvert jafnræði sé á ferð en ekki að duttlungar hverju sinni í stjórnkerfinu eða í fjármálakerfinu ráði þar för.

Það er líka það sem fólki finnst núna þegar stórútgerðirnar í landinu hafa eins mikinn hagnað og liggur fyrir, og hefur ekkert verið deilt um það, og hafa jafnvel fengið mikið afskrifað í bankakerfinu, að þær geti þá ekki staðið undir eðlilegri auðlindarentu sem renni til samfélagsins en því fólki sem notar kannski síðustu krónurnar í útborgun hvers mánaðar til þess að greiða af húsnæðislánum sínum, bílalanum og eðlilegri framfærslu, sem reynir að standa skil á skuldum sínum, bjóðist ekki nein niðurskrift meðan það hefur einhverja greiðslugetu. Það er nú svo.

Ég vil nefna að mér finnst að atvinnuveganefnd eigi að taka upp þær tillögur sem minni hluti atvinnuveganefndar lagði fram og koma fram í nefndaráli okkar og breytingartillögum. Það eru góðar tillögur sem ég held að menn ættu að geta sameinast um ef þeir meina eitthvað með því að þeir vilji koma til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki. Ég hef alltaf talað fyrir því að við þurfum að gera það og ég bæt vonir við að veiðigjaldsnefndin sem var að störfum og er að störfum mundi gera góða úttekt á því hvernig staða þessara minni og meðalstóru fyrirtækja væri og koma með tillögur til úrbóta. Það var vilji okkar sem studdum síðustu ríkisstjórn að tekið yrði á akkúrat þeim hluta útgerðarinnar sem félli undir það. Tillögur okkar mæta vel þeim sjónarmiðum og ég teldi vera góðan brag á því að atvinnuveganefnd sammæltist um að rétta fram sáttarhönd og styðja tillögur okkar sem eru líka á hógværu nótonum varðandi lægri tekjur ríkissjóðs. Það mundi kosta rúmar 300 milljónir að hækka þetta frítekjumark en mundi skipta þá sem þar eiga í hlut miklu máli.

Ég tel að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að huga að þeim hópi sem á í hlut og hvort þetta séu ekki alvruaðgerðir ef menn meina eitthvað með því að þeir vilji hag þessara fyrirtækja sem bestan, vitandi það að oft eru þau lítil og meðalstór fyrirtæki sem halda uppi atvinnu í smærri byggðarlögum og skipta sköpum fyrir byggð þar, að þau geti haldið áfram að skapa vinnu og fólk geti áfram búið í sjávarbyggðum, það fólk sem vill búa þar og byggja sig upp þar. Það er auðveldara fyrir einstaklinga að fjárfesta í minni útgerðum og enginn möguleiki á að fara út í einhverja stórútgerð í þessum byggðarlögum sem standa mörg hver veik eftir þær afleiðingar sem kvótakerfið hefur haft smátt og smátt, brotið niður mörg minni samfélög. Mörg þeirra hafa getað byggt sig upp á öðrum forsendum meðfram því sem var aðal atvinnuvegurinn, sjávarútvegur, sem betur fer og þannig á það líka að vera. En útgerð, fiskvinnsla, sjósókn, þetta er auðvitað undirstaða þess að byggðirnar eigi tilveruett og hafi möguleika á að spjara sig.

Mig undrar því líka þessi mikla neikvæðni núverandi stjórnvalda gagnvart strandveiðum, sem hafa verið mikil og góð viðbót við þá flóru sem fyrir er. Þær eru vissulega ekki á ársgrundvelli en þær hafa verið mikil viðbót fyrir þær byggðir sem hafa verið með smærri útgerðir, ekki átt kvóta til þess að róa á ársgrundvelli, getað haft viðurværi af því yfir veturinn en farið inn í strandveiðikerfið um sumarið og þannig skapað sér atvinnu á ársgrundvelli. Þetta þekki ég í minni heimabyggð á Vestfjörðum og víðar og veit að það hefur skipt miklu máli. Ég held að það eigi eftir að heyrast hljóð úr horni ef þessi hægri ríkisstjórn ætla að fara að

reyna að brjóta niður strandveiðikerfið sem þó komst á á síðasta kjörtímabili, ef þeir hafa uppi sama áróður og þeir voru með á síðasta kjörtímabili, að þetta væri leikaraskapur og fyrir einhverja aðra, enginn alvóruatvinnuvegur og bara fyrir þá sem væru að leika sér og hefðu ekkert með sjávarútveg að gera.

Annað hefur nú komið í ljós og ég vil í lok ræðu minnar biðla til hæstv. ríkisstjórnar að sýna af sér röggsemi og draga þessar lækkanir til baka, efla strandveiðar og taka svo upp það frumvarp sem síðasta ríkisstjórn lagði fram á vordögum um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu (Forseti hringir.) og afgreiða það.

[20:11]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar að fara betur yfir sem mér vannst ekki tími til að gera í fyrri ræðu minni við þessa umræðu. Reyndar verð ég nú að viðurkenna að mér finnst svolítið tómlégt hér í salnum, mér finnst svolitill skortur á aðstandendum málsins. Hæstv. ráðherra hefur ekki sést í þessari umræðu í allan dag, það best ég veit, og formaður nefndarinnar er hér ekki heldur. Ég ætla svo sem ekki að elta ólar við að biðja um viðveru þeirra, en maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé til marks um að þetta frumvarp sé einhvern veginn orðið svolítið munaðarlaust, það vilji kannski bara eiginlega enginn kannast beinlínis við það.

Ég hef það svolítið á tilfinningunni að tvær grímur séu að renna á einn og einn stjórnarliða, eða ég eiginlega vona það því að ég hefði talið að stjórnarliðar gerðu nú rétt í því að velta því aðeins fyrir sér hvort þeir væru vissir um að þeir væru þarna á réttu braut. Það er ástæðulaust að ýkja upp ágreining um málið ef þess er ekki nein þörf. Ég er ekkert viss um að það hefði vakið mikla úlfúð ef stjórnarfrumvarpið hefði komið þannig fram að einhver minni háttar eða talsverð fínstilling hefði átt sér stað á veiðigjöldunum. Segjum að það hefði þess vegna leitt til einhvers minni háttar tekjutaps frá því sem veiðigjöldin hefðu gefið óbreytt á þessu fjárlagaári — það lá jú fyrir samkomulag um að ekki yrðu teknir í heildartekjur, nettó, í veiðigjöld meira en 13,8 milljarðar kr. á því fiskveiðiári sem er að líða. Yrði innheimtan meiri yrði því skilað með afslætti á fyrsta gjalddaga næsta fiskveiðiárs, af því að auðvitað var ekki hægt að áætla það nákvæmlega fyrir fram á síðastliðnu sumri hver heildartekjuöflunin yrði og það ræðst auðvitað dálítið af aflamagninu á hverjum tíma; þær tegundir sem ekki eru endanlega kvótasettar, eins og loðna, fyrr en á vetrarvertíð o.s.frv.

Auðvitað má segja að ef kvótinn vex sé eðlilegt að tekjurnar vaxi, en svona var nú frá þessu gengið. Og eins og fram kemur í hinni margrómuðu kostnaðarumsógn fjármálaráðuneytisins höfðu menn svo gert ráð fyrir nokkuð meiri tekjum á fiskveiðiárinu 2013/2014, sem bera auðvitað uppi tekjur fjárlagaársins 2014, en þannig háttar til að fyrstu þrjú mánuðir nýs fiskveiðiárs falla inn á hvert fjárlagaár og þar af leiðandi er ekki endilega fullt samræmi á milli tólf mánaða innheimtunnar á fiskveiðiárinu og tólf mánaða innheimtunnar á fjárlagaárinu.

Það er alveg ljóst að með þessum ráðstöfunum vantar verulega upp á að tekjur fjárlagaársins muni skila sér, áætl-

að að þar vanti 3,2 milljarða upp á. Það er dálítið athyglisvert í ljósi þess að núverandi stjórnarflokkar, þáverandi stjórnarandstöðuflokkar, stóðu einmitt í lok júnímánaðar 2012 að því, þó að þeir að sjálfsögðu samþykktu ekki frumvarp um veiðigjöld, að Alþingi fékk frið til að ljúka málinu á grundvelli þess að við teygðum okkur mjög til móts við þá og lækkuðum gjöldin umfram það sem endurskoðun og skoðun í nefnd hafði leitt til að yrði gert og allir voru sammála um að gera, vissar breytingar sem leiddu af ítarlegri skoðun málsins í nefndinni.

Þessu hnoði, eftir langvinnt málþóf hér vorið og fyrstu sumardagana 2012, lauk þannig að þáverandi stjórnarandstöðuflokkar létu það gott heita að veiðigjaldafrumvarpið gekk í gegn, gegn því líka að stóra frumvarpinu var frestað með tilteknum hætti. Þá töldu menn sig alla vega geta lifað með þessu, að tekjur af fiskveiðigjöldum yrðu 13,8 milljarðar á fiskveiðiárinu 2012/2013, og síðan nokkru meiri á fiskveiðiárinu 2013/2014 og út frá því er gengið í ríkissjórnarmálaáætluninni núna.

Ef frumvarpið gengi út á það, eða breytingartillögur meiri hlutans eftir athugun á málinu, að reyna að verja þessar tekjur svona að mestu leyti, þá hefði maður þó alla vega talið að það væri til marks um að viðkomandi aðilar væru með nokkra meðvitund um að það hlýtur að hafa eitt-hvert vægi í þessu að ríkið er þarna að verða af miklum tekjum. Jú, jú, menn geta að sjálfsögðu farið hér í ræðuhöldin um að þetta sé óþarflega mikið og fullmikið. En hver telur sig ekki vera að borga óþarflega mikla skatta og greiða óþarflega mikið? Ætli það séu nú ekki fleiri en sjávarútvegurinn á Íslandi sem þægju alveg að það væri aðeins létt af þeim gjöldum, því að auðvitað hefur þurft að gera miklar ráðstafanir til þess að afla ríkinu tekna á þessum erfiða tíma til þess einfaldlega að koma í veg fyrir að ríkissjóður Íslands fari á hausinn. Það er nú bara þannig að hefði það ekki verið gert væri ríkissjóður Íslands um það bil kominn á hausinn núna. Það er algerlega ljóst að ef hallinn á ríkissjóði væri af stærðargráðunni sem hann var 2008–2009, jafnvel 2010, mældur í um 100 milljörðum eða 100–200 milljörðum, væri skuldastaðan að verða um það bil ósjálfbær og óviðráðanleg núna. Það er bara svona hratt sem þetta gerist. Þetta ættu hva. þingmenn að sjá, meðal annars af því að núna fara tæpir 90 milljarðar kr. í greiðslu vaxta af skuldum ríkisins. Við höfum kannski 20 milljarða í vaxtatekjur á móti þannig að fjármagnsliðirnir eru óhagstæðir hjá ríkinu um um það bil 70 milljarða kr. og það tekur rosalega í.

Þess vegna verða menn að horfa á þetta í hinu stóra samhengi. Það var ekki út í loftið að menn fóru í þær aðgerðir sem farið var í og báru meðal annars niður hjá aðilum eins og sjávarútveginum í ljósi hans góðu afkomu eins og ferðaþjónustunni sem menn töldu að gæti þá aðeins greitt meira í virðisaukaskatt eins og auðgasta fólkið á Íslandi, eins og tekjuhæsta fólkið á Íslandi, eins og þeir sem hafa miklar fjármagnstekjur o.s.frv., því að einhvers staðar frá verða þessar tekjur að koma.

Hér sé ég að formaður nefndarinnar er kominn og það gleður mig mjög að hann skuli ætla að vakta þetta barn sitt hér svo að það sé ekki munaðarlaust, frumvarpið, eins og ég var farinn að hafa nokkrar áhyggjur af.



Hér er bara svo langur vegur á milli, þetta er svo mikið að það kemur mér mjög á óvart og ég hef ekki sannfærst enn. Þrátt fyrir það að velviljaðir þingmenn hafi verið að sýna með reikninga úti í þingsalnum hef ég ekki sannfærst enn um að þarna sé einfaldlega rétt stillt af. Ég hef það alls ekki, því að ég á eftir að sjá betri gögn fyrir því að ég kaupí að það sé réttlætlanlegt að hlutdeild botnfisksveiðanna í heild, veiða og vinnslu, í sérstöku veiðigjaldi sé ekki nema sjöttu partur eða fimmti partur af því sem uppsjávarveiðarnar eiga þó að greiða.

Tekjuáhrifin af þessu, eins og fram hefur komið, eru 3,2 milljarðar í aukinn halla ríkissjóðs á þessu ári. Ja, ekki hefur heyrst af neinum viðbrögðum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að afla tekna eða draga úr útgjöldum þar á móti, og um 6,4 milljarðar á næsta ári. Það sem við höfum á borðum okkar í þessari mynd ríkisfjármálanna — og ég vona að mér fyrirgefist, hæstv. forseti, þó að ég fari aðeins yfir í það samhengi mála, því að þetta er nú einn af stóru þáttunum í þessu frumvarpi — eru þá þessi tvö frumvörp, annað lögfest og hitt hér til 2. umr., sem afsalar ríkinu talsverðum tekjum á þessu ári og hinu næsta.

Viðisaukaskattur í gistingu kostar í lægri tekjur 535 milljónir á þessu ári, veiðigjöldin 3,2 milljarða, og síðan er það mat fjármálaráðuneytisins að breytingar á almanna-tryggingalögum þýði útgjöld upp á um 850 milljónir á þessu ári. Það er, eins og ég fór hér áður yfir, tæplega 4,6 milljarða aukinn halli ríkissjóðs á árinu 2013 vegna beinna aðgerða ríkisstjórnarinnar sjálfar. Það kemur inn í vaxtakostnað næsta árs vegna þess að ríkið er rekið með halla og þetta þýðir aukna skuldaféttun, aukna lántöku ríkisins á þessu ári. Engar töfrakúnstir í því, það eru engir útlendir kröfuhafar, held ég, sem ætla að borga þetta. Nei, það eru bara skattgreiðendur framtíðarinnar og velferðarþjónustan sem verður sem þessu nemur verr sett vegna þess að viðbótarskuldir lenda á ríkissjóði sem taka á sig vexti strax á síðustu mánuðum þessa árs og að fullu á næsta ári.

Staðan er enn alvarlegri á næsta ári og miðað við það sem við höfum þar í höndunum er með þessum tveimur frumvörpum sem afsala ríkissjóði tekna, og þá frumvarpinu með breytingu á almanna-tryggingalögum, samtals verið að auka vanda ríkissjóðs um 12,5 milljarða kr. á fjárlagaárinu 2014. Nú hefur sömuleiðis komið fram, og formaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra, hefur talað nokkuð skýrt, að ég held, í þeim efnum, að auðlegðarskattur falli niður um áramótin. Það er að vísu alveg rétt að hann var lagður á tímabundið eins og hann var upphaflega lagður á og síðan framlengdur tímabundið og það þarf að gera þá einföldu ráðstöfun í lögum að framlengja gildistíma hans. Þar fara, ja, hvað eigum við að segja, 8 milljarðar plús fyrir borð, 8 milljarðar plús sem um það bil 3.500 ríkustu fjölskyldurnar á Íslandi fá þá í lægri skatta.

Þá er gatið komið í 20 milljarða plús og er þó engan veginn víst að allt sé talið því að í lista með stefnuráðu forsætisráðherra, sem birtist hér í byrjun þings, voru boðuð fleiri frumvörp sem ekki var hægt að ráða annað af efnislýsingunni en væru líka ávísun á frekara tekjutap ríkisins, önnur frumvörp í skattamálum sem síðan hafa að vísu ekki komið fram — ríkisstjórnin hefur greinilega hætt við að leggja þau hér fram frá því að stefnuráðan var samin. Þar

var talað um jafnvel að fella niður orkuskattinn, lækka bensingjöld eða annað í þeim dúr. Við höfum því enga tryggingu fyrir því, við sem ekki höfum aðgang að öðrum upplýsingum en þessum, að þarna sé allt talið.

Ég verð að segja eins og er að manni bregður mjög í brún ef menn ætla að leggja upp með þessum hætti því að maður hefur nú staðið í því að reyna að koma saman einhverjum svona þökkum nokkrum sinnum þar sem reynt er að minnka gjána, brúa bilið og taka bæði niður útgjöld og að afla tekna. Oftast hefur það kostað býsna sársaukafullar og þjáningarfullar aðgerðir á báðar hliðar sem ekki hafa allar mælst vel fyrir og manni hefur kannski ekki verið beinlínis þakkað fyrir allt, alla vega ekki í fylgi ef út í það væri farið. En eitthvað varð að gera.

Éru hv. þingmenn vissir um að það verði svo bara eins og að veifa hendi að skutla einhverju upp í þetta 20 milljarða gat sem ríkisstjórnin er þá sjálf að búa til og setja fyrir framan sig á leiðinni, því að væntanlega ætla hún sér eitt-hvert líf, að minnsta kosti að lifa af að koma fram fjárlaga-frumvarpi næsta haust, þó að hún sé að vísu þegar búin að gefast upp á því að gera það á réttum tíma að sögn. Ég er svo sem ekkert hissa á því kannski úr því að menn eru að undirbúa það að koma því saman með þessum hætti. Ætli það létti nú róðurinn að stilla af frumvarpið, sem ég bind nú enn vonir við að menn hafi dögungu í sér til að gera þannig að það verði án halla á fjárlagaárinu 2014, þegar menn byrja á því að búa sér til svona 20 milljarða gat hið minnsta?

Þetta er líka að byrja á algerlega öfugum enda. Ég hefði frekar viljað að ríkisstjórnin hefði dregið það í mánuð í viðbót, eða hvað það var, að boða þetta þing og komið undirbúin til leiks. Fyrsta málið sem hefði átt að koma hér á borð þingmanna á nýju kjörtímabili var endurskoðuð ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma. Ég skil alveg að menn hefðu þurft einhvern tíma til að setja hana saman en það er á þeim grunni sem allt hitt hefði átt að byggja. Þá gátu menn í framhaldinu farið að velja því fyrir sér: Hvaða ráðrúm höfum við á því að afsala ríkissjóði tekna eða taka á hann ný útgjöld, þó þannig að við förum ekki út af sporinu?

Það hefur kostað miklar fórnir — og þá er ég ekki að tala um hinar pólitísku fórnir því að þær eru nú léttar í maga, skítt með það — hjá almenningi í þessu landi, það hefur kostað byrðar. Það hefur kostað það að þrengt hefur verið að rekstri opinberra stofnana, það hefur kostað það að fólk hefur þurft að hlaupa hraðar víðar og bagsað við að reka sínar stofnanir, sína starfsemi og veita þjónustu, með minni fjármuni milli handanna og menn hafa gert það af mikilli þegnskyldu almennt séð, vegna þess að menn höfðu skilning á nauðsyn þess að takast á við þetta, að minnsta kosti lengi vel framan af árinu eftir hrun, auðvitað í von um að svo færu betri tímar í hönd og það væri hægt að fara að búa betur að þessari starfsemi aftur.

Þess vegna á það eftir að verða svo sárgrætilegt ef menn glutra að einhverju leyti niður þeim árangri sem við höfum þó náð. Sleppum því að rifast um hvort hann er mikill eða lítill. Hann er alla vega talsverður, held ég. Flestir, alla vega utan landsteinanna, telja að það sé talsverður árangur að hafa náð halla ríkissjóðs niður úr 14,6% af vergri landsframléiðslu 2008 — látum það nú vera, það var mikið

vegna bókfærðra tapa og einskíptiskostnaðar, en hallinn var um 9% af vergri landsframleiðslu 2009 og það var nánast allt rekstrarhalli og var þó útkoma ársins ívið betri en áætlanir hefðu gert ráð fyrir, meðal annars vegna þess að við gerðum mjög hagstæð viðskipti um kaup á krónum heim frá Lúxemborg, svonefndan Avens Deal, og hann lagaði afkomuna á því ári.

Hægt og bitandi hefur þessi halli náðst niður þannig að núna erum við með fjárlög í gildi, hvort sem þau halda að öllu leyti eða ekki, þar sem hallinn er 3,5 milljarðar, 0,2% af landsframleiðslu. Segjum að í því sé einhver sveifla upp á 10–12 milljarða, ef við slyppum með innan við 1% halla á fjárlögum þessa árs, svona á bilinu 0,5–0,8% af vergri landsframleiðslu eða eitthvað svoleiðis, auðvitað væri það alveg stórkostlegt séð í ljósi þess hvaðan við erum að koma.

Það verður alveg óskaplega sorglegt ef menn fara þarna út af sporinu. Ég segi því af mikilli einlægni að mér finnst það dálítið merkilegt að menn skuli ekki vilja staldra við og skoða þessa hluti betur. Það var hægt að gera það með ýmsum öðrum hætti en þeim að rjúka inn í veiðigjöldin með þessu móti. Í sjálfu sér hefði ekkert vandamál verið að ákvarða þau og stilla þau svo af innan fiskveiðiársins ef út í það hefði verið farið eða að ákveða með einföldum hætti að víkja ákvæðum til hliðar og leggja á fyrsta gjalddaga hvernig sem það nú var. Þá hefðu menn farið komnir aftur fyrir það að vera búnir að koma saman fjárlögum og hefðu vitað hvar þeir standa að þessu leyti.

Auðvitað er það ekki bara vandi ríkissjóðs sem hægt er að horfa til í svona löguðu, að sjálfsögðu ekki, það verður líka að horfa á stöðu greiddandans, sjávarútvegsins, og hvað hann ræður við. Það verður líka að hafa vægi að gjalddagan þar sé víðráðanleg. Það er ég sannfærður um að hún er og það þarf ekki að lækka sérstaka veiðigjaldið á botnfiskinn, í öllu falli ekki nándar nærri svona mikið. Ég leyfi mér að halda því fram að sjávarútvegurinn gæti vel borið það að uppistöðu til. Það yrði enginn héraðsbrestur þó að gjaldið yrði um það bil óbreytt enda væru þá á móti rýmkuð talsvert stærðarmörkin í frítekjumarkinu og með því að leyfa skuldafrádrættinum að haldaðast inni kemur það mjög til móts við þau fyrirtæki sem almennt eru skulduð vegna fjárfestinga í veiðheimildum á undanförunum árum.

Hverjir ættu þá að vera eftir sem ættu að ráða mjög illa við þessa gjalddöku? Ég held að þeir þyrftu þá að líta eitthvað á sinn rekstur. Auðvitað vitum við að það eru enn þá fyrirtæki sem eru löskuð. Það hafa verið að koma í fréttir menn sem telja að veiðigjaldið sé alveg að drepa þá. En það vill svo til, af því að maður þekkir sjávarútveginn svolítið innan frá — ég hef svelgt í mig afkomutölur hans um langt árabíll — að maður veit að sum fyrirtækin voru stórlöskuð og nánast ógjaldfær strax 2008, jafnvel 2007. Þau hafa haft þetta af vegna þess hvað aðstæðurnar hafa verið geysilega góðar. Á þá að stilla veiðigjaldið af miðað við afkomu þeirra, er það? Hvernig verða nú skattarnir og hvernig verður þetta nú almennt hjá okkur ef við leitum uppi þann sem allra minnst getur greitt og látum það ráða för í skattlagningu af þessu tagi?

Að síðustu, virðulegi forseti, eins og fleiri hafa komið hér inn á, hefur maður auðvitað áhyggjur af því hvernig rík-

isstjórnin leggur af stað í sjávarútvegs málum. Það hefur verið tekist mikið á um þessi mál. Við vorum komin hálflega leið með þessar breytingar með því að reyna þó að landa sátt um það að hætta að rifast um það hver ætti þessa auðlind, og að rétturinn sem menn hefðu væri nýtingarréttur en ekki eignarréttur og að menn greiddu eitthvert eðlilegt gjald fyrir.

Ég óttast mjög að nú förum við á fullu í hina áttina, að gjáin milli þjóðarinnar og þá ríkisstjórnarinnar og sjávarútvegsins, þ.e. sérstaklega stórutgerðanna og þeirra hagsmunasamtaka, breikki á nýjan leik. Mér sýnast skilaboðin frá þjóðinni vera nokkuð skýr í þessum efnum; 80% þjóðarinnar að lágmarki vilja ákvæði um sameign á auðlindinni í stjórnarskrá, 70% í skoðanakönnun eru andvíg þessari lækkuð veiðigjaldsins. Hátt í 35 þúsund manns hafa skorað á þingið að endurskoða þessa ákvörðun og fara ekki í þessa miklu lækkuð. En hér ætla ríkisstjórnin og aðstandendur hennar að setja undir sig hausinn og troða málinu algerlega óbreyttu í gegn. Mér finnst það afar sorglegt, dapurlegt, og óskynsamlegt (Forseti hringir.) fyrir þeirra hönd, þó ekki væri nú nema að slaka eitthvað örlítið á þessu, frú forseti, og draga eitthvað úr þessari lækkuð, (Forseti hringir.) það hefði þó verið meðvitundarvottur.

[20:32]

#### **Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið áhugaverð umræða sem hefur átt sér stað um hið svokallaða veiðigjaldafrumvarp. Að mörgu leyti hefur umræðan þó verið dæmigerð fyrir umræðu um sjávarútvegs mál almennt, sem að mínu viti er kannski það alvarlegasta við vandamál sjávarútvegsins og okkar þegar kemur að þeim mikla mála-flokki, það er hvernig við þurfum að haga umræðunni, hversu ómálefnaleg hún er og hvernig vísitandi, eða af þekkingarleysi, rangfærslum er haldið fram. Ég kom inn á í ræðu minni um málið þegar það var rætt við 1. umr. að við alþingismenn yrðum að breyta svolítið um umræðuhæfð og nálgun okkar á að reyna að ná almennt sátt um þennan mikilvæga mála flokk. Ég held mig enn við það. Ég held að það sé fátt mikilvæga en að við sameinumst um það.

Okkur getur greint á um ýmis atriði málefnalega og margar ágætar röksemdafærslur hafa farið fram í þessari umræðu þar sem menn greinin hreinlega á um hvernig skuli haldið á málum. En að við skulum þurfa að sitja undir því, þingmenn, að vera vændir um að vera að gæta hagsmuna einhverra sérstakra aðila, að verið sé að tortryggja nefndarstörf hv. atvinnuveganeftand, verið að gefa í skyn að ekki séu haldnir opnir fundir vegna þess að menn hafi eitthvað að fela og séu handbendi einhverra sem eiga aflaheimildir í landinu, við skulum reyna að koma okkur út úr því fari í umræðunni.

Við skulum reyna að taka þetta málefnalega vegna þess að það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra á þessu kjörtímabili að leiða þennan ágreining í jörð. Þetta eru flókin mál. Þau eru það í eðli sínu. Það er ekki hægt að ætlast til þess að almenningur í landinu sé til dæmis mjög vel inni í öllum þeim fjölmörgu þáttum sem koma að sjávarútvegs málum. Best er kannski að vitna í því sambandi til þess ágæta fólks, þeirra hv. þingmanna, sem hafa verið að

taka sæti á Alþingi í fyrsta skipti á þessu vori og sitja í hv. atvinnuveganefnd. Þar er fólk sem hefur ekki verið sérstaklega inni í sjávarútvegi, en er samt búíð að sitja núna um 18 fundi sem nefndin hefur haldið um þetta mál og önnur og það á fullt í fangi með að átta sig á heildarmyndinni og segir sjálfst að það sé engan veginn búíð að ná landi í því að ná utan um þennan stóra málaflokk. Hvernig á þá almenningur að geta áttað sig á þessu á meðan fjölmiðlar fjalla um það eins og raun ber vitni þar sem aðalumræðuefnið í málinu núna, alla vega hjá ákveðnum fréttastofum, hefur verið undirskriftasöfnun og skoðanakönnun?

Ég áréttaði þetta við einn fréttamanninn sem hringdi í mig einmitt út af þeim atriðum. Ég sagði við hann: Geturðu nefnt mér eina frétt sem þú hefur flutt um málið efnislega, um hvað það fjallar, til að skýra það út fyrir þjóðinni? Nei, hann taldi þó að fréttastofan hefði gert það í byrjun í einhverri útfærslu. En dag eftir dag, fréttatíma eftir fréttatíma, var fyrsta frétt sú að undirskriftasöfnun væri í gangi. Um hvað fjallaði sú undirskriftasöfnun og hvernig getum við farið eftir henni, þeirri beiðni til Alþingis um að samþykkja ekki þessar breytingar á lögnum? Hvað vill fólk að við samþykkjum? Óbreytt lög? Eða herra veidigjald? Það kemur ekkert fram. Svo á forsetinn mögulega að taka þetta til umfjöllunar og einhverjir vilja að hann sendi það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Og hvað þá? Samkvæmt lögum verður að halda þjóðaratkvæðagreiðslu innan ákveðins tíma, það eru ákveðin tímamörk á því. Það verður væntanlega komið fram á haust þegar við gætum raunhæft séð sett hana í gang, alla vega vel á seinni part sumars. Hvað ef þessi lög yrðu felld úr gildi? Þá er álagning sérstaks veidigjalds út úr myndinni. Er það það sem þjóðin vill? Nei, alveg örugglega ekki og ekkert okkar.

Það vantar alveg að menn komi sér upp úr þessu fari. Ég frábið mér að umræðan verði eins og hún hefur verið hjá sumum hv. þingmönnum, eins og raun ber vitni, þar sem verið er að reyna að sá fræjum tortryggni gagnvart okkur sem störfum í hv. atvinnuveganefnd. Það getur ekki verið að við viljum hafa það þannig.

Ég fékk beiðni sem formaður nefndarinnar um að halda alla fundi nefndarinnar opna. Ég benti viðkomandi hv. þingmanni á að um það giltu ákveðnar reglur. Hvernig væri það ef við færum að halda alla fundi, nefndarfundi, opna? Er það það sem hv. þingmenn vilja? Nei, alveg örugglega ekki. Þetta er allt sett fram í einhverri sýndarmennsku, allt til að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur.

Svo hefur verið komið fram með það að ákveðnir hv. þingmenn í nefndinni hafi svo mikilla hagsmuna að gæta að þeir séu ófærir um að fjalla um málið. Hvert erum við kominn ef við ætlum að fara að meta hæfi þingmanna í hverju einasta máli til að fjalla um það? Hvernig mun því til dæmis komið við þegar fjallað er um skuldamála heimila? Verður þá ekki að fara að leggja á borðið allar upplýsingar um skuldamála okkar þingmanna, ekki bara eignatengsl og slíkt sem við gerum grein fyrir núna og tengsl okkar við möguleg fyrirtæki eða hvað við eigum eða félagasamtök? Menn verða aðeins að hugsa áður en þeir varpa.

Það lá alveg fyrir þegar þessi ríkisstjórn tók til starfa í hvaða vegferð hún færi í veidigjaldamálum. Það lá alveg fyrir í stefnuskrá beggja þessara flokka og fór ekki dult í

umræðunni fyrir kosningar að við ætluðum okkur að lækka veidigjöld vegna þess að við teljum þau hafa verið of há, a.m.k. á flestöll fyrirtæki í greininni.

Það blasir við hverjum sem vill skoða þetta faglega að það var vitlaust gefið. Af hverju var það? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi það fyrr í umræðunni í dag að þessu hefði verið breytt í meðförum þingsins, þ.e. að það hefði verið lækkað á uppsjávarfyrirtækin. Af hverju var það gert? Af hverju var það gert þegar það mátti blasa við? Afleiðingarnar eru auðvitað augljósar þegar við skoðum það sem er áhugaverður listi þótt í sjálfu sér sé það enginn mælikvarði að skoða álagið eftir kjördæmum í landinu, hvernig skatthlutfall af EBIDTU kom niður eftir kjördæmum í landinu.

Þannig var til dæmis gamla skatthlutfallið í Norðvesturkjördæmi um 27%, en færi niður í 16,7 samkvæmt þessu frumvarpi. Það var í Norðausturkjördæmi 16,5 á móti tæpum 27, færi þar niður í 14,6. Í Suðvesturkjördæmi var það 27,5%, fer niður í 15,8. Í Suðurkjördæmi var það 19,6 og fer niður í 16,7. Í Reykjavík var það 24,1% og fer niður í 17,3. Við erum sem sagt með um 15–17% álag eftir þetta sem áður var um 16%–27%.

Hlýtur það ekki að vera markmið okkar þingmanna að hvar sem menn eru í sveit settir og í hvaða útgerðarhólfum sem þeir eru ríki einhver jöfnuður í álagningu? Það var augljóslega vitlaust gefið. Við teygjum okkur í það að reyna að jafna þetta álag.

Þetta er auðvitað ákveðinn plástursaðgerð sem er í gangi hér. Það átta sig allir á því. Það fylgja því þær upplýsingar og þær yfirlýsingar okkar að á komandi hausti munum við leggja fram ný frumvörp um fiskveiðistjórnarkerfið. Það verkefni sem síðasta ríkisstjórn með öllum sínum stóru fyrirheitum hafði fjögur ár til að framkvæma. Fjögur ár. Og hverju skyldi hafa verið um að kenna að ekki tókst betur til en raun ber vitni? Það er nefnilega þannig, að mínu mati, að hjá fjölmörgum þingmönnum fyrirverandi ríkisstjórnarflokka voru mjög óraunhæfar hugmyndir á ferðinni. Það syndi sig náttúrlega best í þeim umsögnum og þeirri umræðu sem varð um þær tillögur sem komu fram hér um fiskveiðistjórnarmálin. Menn komust ekkert áfram með þetta. Ástæðan var fyrst og fremst sú að það var svo mikill ágreiningur innan þessara flokka, milli þeirra og innan þeirra, það hafði ekkert með það að gera þótt við stæðum í lappirnar í stjórnarandstöðunni á þeim tíma. Auðvitað sáum við vitleysuna og vorum ekki tilbúin til að taka þátt í henni, en fyrst og fremst var það ágreiningurinn innan dyra hjá þeim.

Það var að mörgu leyti mjög fróðlegt að hlusta í gærkvöldi á ræðu hv. þm., formanns Samfylkingarinnar, Árna Páls Árnasonar, hvernig hann fór yfir það hvernig hann vildi sjá fiskveiðistjórnarkerfið í framtíðinni: Með opnu framsali, láta markaðinn ráða verði, veidigjöldin ættu að taka mið af markaðsvirði aflaheimilda. Það var ekki minnst einu orði á einhverja fyrningarleið þótt hún hafi komið aðeins til umræðu í dag hjá fyrirverandi hæstv. utanríkisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, sem vildi fara að burstu rykið af þeirri leið. Þá var hann algerlega ósamstíga formanni sínum frá því í ræðu hans í gærkvöldi. Það er dæmigert, dæmigert fyrir það hvernig hefur verið haldið á þessum málum.

Ég sagði við hv. þm. Árna Pál Árnason í dag að það

hefði verið gaman að hlusta á þessu ræðu hans og spurði hann hvort hann teldi ekki að við værum vegna á réttu leið í þessu frumvarpi, að lækka veiðigjöldin, vegna þess að hann taldi að markaðurinn, að verð á aflaheimildum á markaði, ætti að ræða ferð. Er það ekki þannig í dag að það eru allar aflaheimildir á markaði? Það er allt til sölu. Mennt mega selja og menn mega kaupa aflaheimildir. Hvernig hefur verðþróunin verið á þeim markaði? Þær hafa aldrei verið lægri, alla vega í fjöldamörg árum, en þær eru í dag, fóru í þorskinum niður í um 1.400 kr. fyrir kílóíð fyrr í vetur, það hefur aðeins lyft sér aftur núna, voru á sama tíma í fyrra 1.800–2.000 kr. Er þá ekki einmitt ástæða til þess að lækka gjöldin ef markaðurinn á að endurspeglar þetta?

Minni hlutinn í hv. atvinnuveganefnd hefur lagt fram breytingartillögu við þetta mál sem hér hefur verið rætt um að sé mikilvæg og í raun mjög góð bót á þessu máli. Þetta hefur svo sem verið skoðað og stenst ekki skoðun frekar en svo margt annað sem hefur verið sett fram. Því hefur verið haldið fram í þessari umræðu að ekkert sé einfaldara en að smella fingrum og veiðigjaldsnefndin fái þau gögn sem hún þarf að vinna með og hægt sé að klára málið. Samt sem áður vitum við að strax við setningu laganna í júní 2012 gerði Hagstofan athugasemdir við málið, það miklar að gerðar voru breytingar á lögunum hér áður en þau voru afgreidd í þinginu þar sem sett voru inn ákvæði um að þær skyldur sem var verið að leggja á herðar Hagstofunni yrðu ekki umfram þau lög sem um hana gilda. Þeir töldu sem sagt að frumvarpið eins og það lá fyrir gengi það langt að brotin yrðu lög sem gilda um Hagstofuna og brotnir yrðu þeir samningar og þau lög sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi varðandi Hagstofuna. Þessu var því breytt strax í júní 2012 við setningu laganna.

Þá strax hafa menn í ráðuneytinu og víðar auðvitað gert sér grein fyrir því að málið var kannski flóknara en það sýndist. Þetta hefur síðan verið allan síðasta vetur til umræðu og úrlausnar í ráðuneytinu. Það endaði með því að settur var á laggirnar svokallaður tæknihópur þegar komið var fram í mars. Sá tæknihópur, sem var skipaður fulltrúum frá ráðuneytinu, Hagstofunni, Fiskistofu og ríkisskattstjóra, fór yfir þetta mál en náði ekki að leysa það þannig að þáverandi hæstv. atvinnuvegaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, gæti bara komið með lausn á þessu inn í þingið svo að veiðigjaldsnefndin fengi þau gögn sem hún þurfti til þess að sinna skyldum sínum samkvæmt lögum. Það gekk ekki.

Nú er talað um að núverandi stjórnvöld sem eru að koma að málinu eftir þetta eigi bara að smella fingrum og gera þetta og lögð er fram breytingartillaga sem gengur ekki upp. Í liður í breytingartillögu minni hlutans gengur ekki upp. Hagstofa Íslands er tölfraeðistofnun en ekki skattstofa og það er grundvallaratriði, það verða stjórnvöld að virða segir í bréfi sem ég hef í höndum, með leyfi virðulegs forseta:

„Lögin um Hagstofu Íslands gera ekki ráð fyrir því að hún taki þátt í álagningu skatta enda ekki um tölfraeðigerð að ræða. Hagstofan telur því að þátttaka í álagningu veiðigjalds stríði gegn þeim lögum sem um starfseminna gilda, gegn lögum sem gilda um evrópska hagsýslugerð, gegn verklagsreglum um evrópska hagsýslugerð og samþykktum Sameinuðu þjóðanna um opinbera hagsýslugerð.“

Þetta er staðan og það vita hv. þingmenn úr atvinnuveganefnd vegna þess að það kom skýrt og greinilega fram hjá fulltrúum Hagstofunnar þegar þeir mættu til okkar. Við værum að brjóta alþjóðasamninga og alþjóðalög sem við höfum undirgengist. Málið er flóknara en það sýnist, enda hefði verið búíð að leysa það ef það væri svona einfalt.

Við höfum í meðförum nefndarinnar reynt, og það er auðvitað það sem kemur upphaflega frá ráðuneytinu og frá hæstv. ráðherra, atvinnuvegaráðherra, að nálgast það að sníða þá vankanta sem eru augljóslega á núgildandi lögum. Við erum að plástra málið til eins árs, reyna að laga það til þannig að hér megi vera meiri sátt um málið heldur en verið hefur, að það komi jafnar niður á útgerðarformum. Það er augljóst að við erum að ná miklu meiri jöfnuði í þessari álagningu milli uppsjávar- og bolfisksfyrirtækja.

Það hafa verið nefndar leiðir, að það mætti gera þetta með öðrum hætti, t.d. með því að hækka enn frekar gólfíð, aflsláttargólfíð. Það er alltaf spurning hversu langt á að ganga í þeim efnunum, hversu langt á að ganga í að hafa ákveðið frítækjumark. Á ekki að vera einhver hvati hjá fyrirtækjum til þess að efla starfsemi sína, stækka, hagræða? Út á það hefur þetta gengið hjá okkur í öll þessi ár, að menn hafi náð ákveðinni hagræðingu. Við erum nýbúin í nokkuð víðtækri sátt í atvinnuveganefnd og í þinginu að afgreiða lög um stækkun á þeim bátum sem eru í krókaafلامarkskerfinu af því að við teljum að það muni styðja við það útgerðarform, þeir nái að þróa sig, haldast í samkeppninni við önnur útgerðarform, útgerðirnar nái að eflast byggðunum til heilla.

Þessu er nákvæmlega eins farið. Ef við hækkuð gólfíð svona mikið förum við að draga úr, taka frá ákveðinn hvata til þess að byggja sig upp, ganga lengra sem ég held að sé mjög mikilvægt. Ef við höldum honum ekki lifandi fer þessu að hnigna hjá okkur.

Þá hefur verið bent á að stóru fyrirtækin í bolfisksveiðum hagnist mikið á þessu, þau séu að fá svo stóran tékka í þessu. Staðreyndin er sú að það er bara verið að jafna álögurnar á þau í samanburði við stóru fyrirtækin, stærstu útgerðarfyrirtæki landsins sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að hygla, fyrirverandi ríkisstjórn, sem meirihlutaflokkarnir á síðasta kjörtímabili ákváðu að hygla alveg sérstaklega, hvort sem það var óviljandi eða viljandi. Ég ætla ekki að dæma um það.

Það er bara staðan. Það er verið að rétta hlut þeirra. Við erum með öðrum orðum að auka álögur á stærstu fyrirtækin í landinu og við erum að draga úr álögum á lítil og meðalstór fyrirtæki víðast hvar, sem eru oftast burðarásar í sínum samfélögum.

Ég hef fengið mikið af gagnrýni undanfarna daga frá fulltrúum þeirra sveitarfélaga þar sem uppsjávarfyrirtækin eru hvað sterkust, Vestmannaeyjum og fyrir austan. Það hefur verið bent á að verið sé að taka mikið fjármagn út úr þessum sveitarfélögum. Vissulega er skattheimtan þannig, hvernig sem henni er hagað, að hún tekur fjármagn til ríkisins frá fólkinu sem og fyrirtækjunum sem starfa þar og fólkinu sem býr í þessum sveitarfélögum.

Ég er alveg viss um að mörg sveitarfélög víða á landinu væru tilbúin til að taka við atvinnustarfseminni sem er á þessum stöðum þótt það þyrfti að greiða þessi gjöld og fá

allt annað sem fylgir. Það verður auðvitað þannig að þar sem sjávarútvegur er öflugastur, þar sem stærstu fyrirtækin starfa þar verður hæsta hlutfallið greitt. Þannig er það í þessu eins og það liggur fyrir hjá okkur núna að ef við tökum uppsjávarfyrirtækin í Vestmannaeyjum, Hornafirði og í Fjarðabyggð og leggjum við það Samherja og Granda erum við sennilega að tala um fyrirtæki sem greiða upp undir 75% af öllu veiðileyfagjaldi í landinu. Hvað eru þetta, 10 fyrirtæki?

Hvað segir það okkur? Það segir okkur það sem hefur verið nokkuð vitnað til í þessari umræðu og var gert að fyrstu frétt í Ríkisútvarpinu held ég, fjölmiðli allra landsmanna, að Jón Steinsson hagfræðingur, starfandi í Bandaríkjunum, hélt því fram að við gætum hækkað veiðileyfagjaldið í 50 milljarða af sjávarútveginum, það væri ekkert mál og við gætum notað það til þess að lækka aðra skatta á aðrar greinar og á almenning í landinu til að auka umsvif. Ég er Jóni sammála.

Ég held að við getum hækkað veiðileyfagjaldið og hirt út úr sjávarútveginum í formi aukinnar skattheimtu viðbótarskatt, upp undir 50 milljarða, 40–50 milljarða. En þá verðum við líka bara með 12 sjávarútvegsfyrirtæki í landinu. Það er ekkert flókið. Þá verðum við með þessar stóru hagkvæmu einingar og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eru stöðugt að væna okkur um að vera að draga taum þeirra og gagnrýna okkur síðan mest núna, þessi fyrirtæki. Þetta væri hægt með því að fara þá leið. Er það það sem við viljum? Nei, við höfum nefnilega, og megum ekki gleyma því í þessari umræðu, náð þeim árangri að vera með í senn kerfi sem tekur mikið tillit til fjölbreytni í útgerðarformum, öflugt smábátatúngerðarkerfi sem hefur verið að eflast mikið, gerði það kannski sérstaklega í stjórnartíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna þar sem var fært mikið magn af aflaheimildum frá stóru fyrirtækjunum, stórúterðunum yfir í þetta smábátakerfi. Við höfum kerfi sem tekur mjög tillit til félagslegra þátta, byggdásjónarmiða, mjög mikið. Við erum öll sammála um að við viljum hafa þann þátt öflugan.

Ekkert okkar vill fara leið Jóns Steinssonar. En það hentar kannski einhverjum í pólitískri umræðu og slíku að slá um sig með svona tölum án þess að það fylgi því hvað um er að ræða. Því verðum við að fara að breyta, virðulegi forseti. Við verðum að fara að breyta því.

Í nefndarstörfunum reyndum við að mæta kröfum minnihlutamanna um það sem þeir óskuðu eftir, bæði í heimsóknun og skýrslugerð sem og öðru, sem var vissulega breyting frá þeirri meðhöndlun sem við fengum hjá hv. sömu þingmönnum í þeirri nefnd núna á vordögum þegar var verið að fjalla um fiskveiðistjórnarfrumvarpið þar. Mér fannst þetta sjálfsagt og það er eðlilegt. Þetta er málefni sem við eigum að reyna að gefa okkur tíma til að vinna að, en við erum auðvitað í ákveðinni tímabörng á sumarþingi. Það ber að viðurkenna. Það er bara þannig. Þess vegna verðum við auðvitað að reyna að hraða vinnu.

Ég er þakklátur nefndarmönnum í atvinnuveganefnd fyrir það hvað þeir hafa tekið vel í að leggja á sig mikla vinnu og mæta á fundi utan reglulegs fundartíma nefndarinnar. Það hefur ekki verið skortur á því hjá nefndarmönnum að mæta þótt það sé í hádegishléum eða fyrr á morgnana eða vera eitthvað lengur fram eftir ef þurft hefur á að halda.

Við fengum skýrslu frá Stefáni B. Gunnlaugssyni sem áður hefur fjallað um þetta mál. Hann vann ásamt Daða Má Kristóferssyni mikla skýrslu fyrir okkur á síðasta kjörtímabili um þessi fiskveiðistjórnarmál sem þeir gagnrýndu mjög á þeim tíma. Það var ekki alveg samræmi í umfjölluninni núna hjá Stefáni miðað við það sem kom fram í skýrslu þeirra. Ég spurði hann að því á fundi nefndarinnar hverju sætti. Hann sagði að þá hefðu þeir verið tveir en hann væri einn núna og gerði hann lítið úr því. Grundvallaratriðið, ef við tökum það saman í örfáar línur eða örfá orð sem hann hafði um þetta að segja þá telur hann að við séum komin ansi langt í álagningu á uppsjávarfiskinn. Þótt hann segi vissulega að þau muni ráða við þetta vegna góðrar stöðu akkúrat núna telur hann að við séum komin fullhált þar. Hann telur að við getum lagt meira á bolffisksfyrirtækin. Hann heldur því fram að við séum að lækka veiðigjöldin of mikið. Það má vel vera að það þurfi að skoða eitthvað betur, en aðalatriðið var að hann sagði: Þetta er miklu betra mál en það sem við höfum unnið með áður. Það var niðurstaða hans. Ef þetta er afgreitt óbreytt er verið að afgreiða miklu betri niðurstöðu, miklu betri lausn en þau lög sem gilda um þetta mál.

Það er auðvitað mjög mikilvægt. Okkur getur greint á um einstök atriði og ég hef fengið ábendingar og gagnrýni á skýrslu Stefáns. Það ber að virða það við hann að hann hafði ekki mikinn tíma og hafði síðan í framhaldinu kannski ekki tíma til þess að svara þeim ábendingum eða þeirri umræðu sem einhverjir vildu hafa í framhaldinu því að hann var hreinlega kominn í frí. Það ber auðvitað að virða þegar fólk er í svona störfum að það er ekki alltaf tilbúið til þess að raska tíma sínum eins og það hefur skipulagt hann. Ég hef ekkert við það að athuga.

Aðalatriðið fyrir mig í þeirri skýrslu er að það getur vel verið að það megi laga á þessu einhverja agnúa hér og þar, eitthvað sem menn greinin á um, einhverjar mismunandi skoðanir á málum, en grundvallarniðurstaðan er sú er að við erum með miklu betra mál í höndunum samkvæmt niðurstöðu hans og reyndar frá fleirum sem höfðu áður fjallað um þessi mál og hafa gefið okkur umsagnir sínar.

Virðulegi forseti. Nefndin mun taka þetta mál til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. og ég útiloka ekkert að í ljósi umræðunnar og þeirra ábendinga sem nefndinni hafa verið að berast verði mögulega gerðar einhverjar breytingar á málinu. Ég held að það sé þó ekki þess eðlis að það megi vænta einhverra stórkostlegra breytinga. Ég held að við höfum, eins og segir í nefndaralitinu, hitt nokkuð naglann á höfuðið í þessari útfærslu. Hún er betri en það sem við höfum. Hún er jafnari. Hún er að deilast með jafnari hætti á fyrirtækin í landinu. Hún er hugsuð til skamms tíma. Öll þessi vinna og vinnan sem við fórum í á síðasta kjörtímabili verður okkur gott veganesti (Forseti hringir.) í sumar og haust til að undirbúa nýtt þingmál um fiskveiðistjórnarmálið.

[21:02]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða hjá formanni nefndarinnar, hafi hann hugsað sér að ljúka umræðunni á sáttanótum með þessum hætti. Hann kom ekki hér upp til

að þakka mönnum fyrir þátttöku í umræðunni. Hann kom ekki hér upp til að svara spurningum sem hafa komið upp í umræðunni sjálfri. Nei, hann kom hér upp til að ónotast yfir því hve stjórnarandstaðan væri ómálefnaleg og vitlaus, hafði um það þau orð að þekkingarleysi og rangfærslur hefðu verið mjög einkennandi í umræðunni um málið. Þekkingarleysi og rangfærslur, það er munur að geta sett sig svona í dómarsætið yfir málf lutningi annarra þingmanna.

Hann kvartaði að sjálfsögðu undan fjölmiðlum sem sinntu ekki hlutverki sínu, að þeir væru uppteknir af skoðanakönnunum og undirskriftasöfnun, flyttu sem sagt ekki nægjanlega vel línu stjórnarmeirihlutans væntanlega. Síðan var veist að nafngreindum fræðimönnum fyrir þeirra afstöðu til mála. Ég leyfi mér að draga í efa að þetta hafi verið trúverðug eða sanngjörn meðferð á áliti Stefáns Gunnlaugssonar, sem hér var flutt af formanni nefndarinnar, þaðan af síður þau orð sem hann lét falla um Jón Steinsson. Ég held ég neyðist því til að biðja um orðið, forseti, að afloknum þessum andsvörum og svara þessu aðeins betur.

Varðandi Hagstofuna væri ég gjarnan til í að sjá þetta bréf. Ég hugsa að ég fari og biðji um fund með hagstofustjóra til að fara yfir þetta, því sé þetta svona, að það sé brot á lögum og Evrópureglum og reglum Sameinuðu þjóðanna og út og suður, að Hagstofan eða gögn á hennar vegum séu notuð í nokkurn skapaðan hlut nema hagsýslugerð hennar sjálfar, er ég hræddur um að við séum í miklum vanda. Hvað ætli megi segja um álagningu gamla veiðigjaldsins til dæmis og margt fleira? Ég áskil mér því rétt til að fara betur yfir það, auk þess sem það er þá hægt að leysa með öðrum hætti.

Ég held að síðustu að hv. þingmaður ætti að varast að taka til orða með þeim hætti, (Forseti hringir.) sem hann gerði, að ekki sé hægt að ætlast til þess að almenningur í landinu sé mjög vel inni í þessum málum.

[21:05]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andvar*):

Virðulegi forseti. Það er ekki af neinu yfirlæti sem ég talaði um ákveðið þekkingarleysi og hvernig ég gagnrýndi fjölmiðla. Þetta eru bara staðreyndir. Það er ekkert öðruvísi. Ég er ekkert að líta niður til almennings eða gera lítið úr skoðunum fólks. Ég hef sagt það ítrekað í viðtölum, vegna þeirra undirskriftasafnana sem eru í gangi, að þetta séu sterk skilaboð. Við sáum ástæðu til þess að kalla á fund nefndarinnar þá sem standa að þessari undirskriftasöfnun, ekki eins og sumir hv. þingmenn héldu til að setja á þá einhvern þrýsting, heldur til þess að upplýsa og vera upplýst, ekkert öðruvísi. Ég vona að hv. þingmenn, meðal annars þingmenn Vinstri grænna, geti vitnað um það hvernig sú umræða var.

Það er aftur á móti gagnrýnisvert að í svona stóru máli skuli ekki vera meiri efnisleg umræða þar sem skipst er á skoðunum og upplýst er um hvað málin snúast, að aðal- umræðan í fjölmiðlum skuli snúast um skoðanakannanir og undirskriftasöfnun en ekkert um efni máls. Það er gagnrýnisvert og verður úr að bæta, það er ekkert öðruvísi.

Ég er ekkert að veitast að fræðimönnum. Var ég að veit-

ast að Stefáni Gunnlaugssyni? Var ég að veitast að Jóni Steinssyni? Þíddu, það er hægt að snúa út úr öllu og hafa umræðuhefðina á þessum nótum í þessu mikilvæga máli. Það er það sem allt of margir hv. þingmenn kjósa. Ég var fyrst og fremst að fara yfir það sem þeir hafa sagt. Ég var að vitna í orð þeirra og ég var að gagnrýna sumt af því sem þeir (Forseti hringir.) segja eins og það þegar Jón Steinsson segir að leikandi létt sé hægt að hafa 50 milljarða út úr íslenskum (Forseti hringir.) sjávarútvegi. Ég sagðist vera sammála honum, en hann bara gleymir að segja hvernig hann ætli að gera það.

[21:07]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg)** (*andvar*):

Herra forseti. Ég minnst þess ekki að ég hafi notað orðin „að veitast að“, en við skulum bara lesa okkar ræður þegar þær verða komnar hér vélritaðar. Það talar svo fyrir sig sjálf.

Hv. þingmaður kvartar mjög undan fjölmiðlum. Það er mjög til síðs. Það er athyglisvert að þessi ríkisstjórn og aðstandendur hennar hafa ekki náð að lifa tvo mánuði og þeir eru grátandi yfir því hvað þeir fái ósanngjarna meðferð í fjölmiðlum. Þetta eru kannski loftárásir eins og það var orðað í blöðum á dögum. Já, jæja já, er það svona bara, er þolið, úthaldið, ekki meira en þetta?

Ef maður horfir til þaka síðustu fjögur árin, bæði hvað varðar fjölmiðla og orðbragð stjórnarandstöðu, ætli það sé nú mikið sem ríkisstjórnin hafi þurft að þola? Ég held að hv. þingmaður þurfi líka aðeins, ef ég má bara leyfa mér að segja það sem mína meiningu, að minna sjálfan sig á það, klípa sjálfan sig í handlegginn og muna eftir því, að hann er orðinn formaður í þingnefnd, talar fyrir meiri hlutanum, en notar hér tækifærið við það sem var ætlað að yrðu lok þess- arar umræðu til að rífa málf lutninginn í allar áttir með að mínu mati fullkomlega ómaklegri einkunnagjöf, til dæmis um málf lutning annarra þingmanna. Hv. þingmaður viðhafði orðin þekkingarleysi og rangfærslur um málf lutning þingmanna í þessari umræðu. Það sneri ekki að fjölmiðlum. Ég skrifaði þetta niður um leið og þingmaðurinn sagði það, ónafngreint að vísu. Það var sem sagt einkunnagjöf sem einhver okkar sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fengu frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, að annars vegar einkenndist málf lutningur okkar af þekkingarleysi og hins vegar væri þar mikið um rangfærslur.

Ég gengst við hvorugu svo að það sé bara sagt hér, gengst við hvorugu, en er auðvitað alltaf tilbúinn í uppbyggilegar og málefnalegar umræður við hv. þingmann ef það er í boði af hans hálfu.

[21:09]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andvar*):

Virðulegur forseti. Það er dapurt að við skulum þurfa að ræða þetta með þessum hætti. Auðvitað klippir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þetta út úr ræðu minni og út úr samhengi við það sem ég sagði. Ég sagði að fluttar hefðu verið margar málefnalegar ræður í þessari umræðu. Ég tók það sérstaklega fram, að fram hefðu komið margar áhuga- verðar tillögur fyrir framtíðina. Ég tók þetta alveg sérstak-

lega fram, en ég gagnrýndi það líka að margar af þessum ræðum væru fluttar af því sem ég kallaði vanþekkingu, hvort sem hún er vísitandi eða í pólitískum tilgangi.

Við getum nefnt hér dæmi um þessa 100 milljarða EBIDTU sem á að vera af sjávarútvegi, hefur komið hér ítrekað fram í umræðunni, 100 milljarðar í EBIDTU í íslenskum sjávarútvegi 2011, þegar talan nær lagi er 75 milljarðar og það vita væntanlega flestir. 10 milljarða kr. tækki til kvótageifanna, er þetta rétt og er þetta málefnalegt? Nei, það vita allir betur. Það er þetta sem ég á við.

Það er svo auðvelt að slá ryki í augu fólks. Annaðhvort er þetta gert af þekkingarleysi eða þetta er vísitandi gert í pólitískum tilgangi. Dæmin eru fjölmörg eins og ræðurnar sanna. Það er þetta sem ég er að vitna til.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getur svo reynt að slíta þetta úr samhengi og skammað mig fyrir að ég skuli gera lítið úr almenningi, fjölmiðlum og þingmönnum. Þetta er ekki meint þannig. Þetta er meint sem málefnaleg gagnrýni sem er rökstudd, meðal annars með því sem ég fer hér yfir. Dæmin (Forseti hringir.) tala fyrir sig. Það hljóta allir að vera sammála um fjölmiðlaumræðuna um þetta mál. (Forseti hringir.) Ég er ekkert að kikna undan henni, alls ekki. (Gripið fram í.)

[2:11]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég tek undir að mér fannst þetta svolítið sérstök lokaorð hv. formanns atvinnuveganefndar um þessa umræðu. Ég gat ekki annað en tekið til mín þá gagnrýni sem hann setti fram þegar hann talaði um að hér væri verið að reyna að slá pólitískar keilur og annað því um líkt, það væri verið að saka þingmenn um að þeir væru ófærir um að fjalla um málefni í nefndum, væna menn um að ganga erinda einhverra.

Ég stend við það sem ég sagði hér í ræðu þegar ég talaði meðal annars um opna fundi sem hann nefndi líka. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það gilda reglur um opna fundi, en í þessu máli hefði ég hins vegar talið að einhverjir af þeim fundum sem haldnir voru hefðu þurft að vera opnir almenningi. Ég tel að það hefði verið æskilegt í ljósi þess hvernig umræðan úti í samfélaginu er. Hv. þingmanni virðist svo umhugað um að skýra út fyrir fólki hvað í raun og veru er um að vera, um hvað málið snýst. Það virðist ekki hafa tekist að koma því til skila til almennings í landinu. Hvernig eigum við að túlka þessa undirskriftasöfnun, umræðuna á samfélagsmiðlunum og annað því um líkt?

Ég fagna hins vegar þegar þingmaðurinn talar um breytta umræðuhefð og ræðutaktík. Ekki fyrir svo löngu, og eiginlega fyrir bara allt of stuttu, man ég þegar hv. formaður atvinnuveganefndar kallaði mig og samflokksmenn mína kommúnista með látum úr pontu. Það þótti í lagi. Það er að sjálfsgöngu til hins betra ef hv. þingmaður ætlar að leggja sitt (Forseti hringir.) af mörkum til að umræðuhefðin batni. Til er ég.

[21:14]

#### **Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir

kannast við það að hafa gagnrýnt hagsmunatengsl þingmanna og sagt að þeir væru ekki hæfir til að fjalla um mál. Ég bið hv. þingmann að hugleiða hvernig færi fyrir okkur ef við ættum að leita eftir því í öllum málum sem þingið fjallar um. Það er útilokað og það vita allir, enda hefur alveg sérstaklega verið fjallað um þetta mál. Auðvitað eru þingmenn margir hverjir meðal annars kosnir á þing vegna hagsmunatengsla. Ég er til dæmis alveg viss um að fjöldi fólks úr Slysavarnafélaginu Landsbjörg studdi mig í kosningum inn á þing. Ég var hér framsögumaður að máli sem færði þeim samtökum 250 milljónir í endurbætur á björgunarbátum á síðasta þingi.

Hefði ég getað fjallað um þetta mál? Við getum endalaust farið í þennan leik.

Varðandi opna fundi hélt nefndin opinn fund. Að sjálfsgöngu urðum við við þeirri beiðni að halda opinn fund fyrir fréttamenn, en það er fráleit hugmynd að allir nefndarfundir ættu að vera opnir. Ég man reyndar ekki eftir því að einn einasti nefndarfundur hafi verið opinn þegar við fjölluðum um þessi stóru mál á sínum tíma og voru þau þó stærri að umfangi og með meiri áhrifum en það sem við erum að leggja hér fram núna sem viðgerð á máli til eins árs. Við fengum ekki einu sinni þá málsmeðferð að geta leitað eftir utanaðkomandi áliti í fyrravor. Við fengum ekki að kalla fyrir okkur gesti á fund o.s.frv. Það er lengi hægt að telja.

Ég tel að við eigum að reyna að vanda okkur í þessu máli eins og öðrum en við getum ekki haft alla nefndarfundu opna um (Forseti hringir.) það sem okkur finnst vera mikilvæg mál á hverjum tíma.

[21:16]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta var útrúsníngur hjá hv. þingmanni um hagsmunatengslin. Þau komu fram hjá þingmanni hér í gærkvöldi þannig að þetta eru ekki einungis mín orð um að ákveðin tengsl séu í gangi.

Það að bera saman tengsl fólks sem er í eigin atvinnurekstri sem hefur gríðarlegra hagsmuna að gæta eða landsamtaka eins og Landsbjargar finnst mér ekki alveg við hæfi, en það endurspeglar kannski ólíka sýn okkar á pólitík og lífið og tilveruna.

Hv. þingmanni verður mjög tíðrætt um málefnalegan rétt. Hvað er málefnalegur réttur? Er það það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fram að færa? Allt sem virðist vera sagt eða hafa verið gert af hálfu fyrri ríkisstjórnar er ómögulegt. Er þetta sýnin á málin eða er þetta trúin á hvað er rétt?

Þetta er spurning um að greina einstök atriði eða pólitíska sýn yfirleitt. Þar á milli held ég að sé, því miður þingsins vegna, svolítið langt bil.

Hv. þingmaður talaði sjálfur áðan um að fyrri ríkisstjórn hefði verið að hygla. Ef umræðuhefðin á að batna er betra að allir gæti orða sinna, það er ekki einungis hægt að krefjast þess af okkur í stjórnarandstöðunni.

Ég held að það sé útrúsníngur að það sé eingöngu mín skoðun eða það sem ég hafi sagt um hagsmunatengslin. Það er ekki rétt, það er ekki eingöngu þannig. Það veit (Forseti hringir.) hv. þingmaður.

[21:18]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andsvar*):

Viðulegi forseti. Það hefur verið reynt í þessu máli, ekki eingöngu af hv. þingmanni sem var hér í síðustu ræðu, heldur af öðrum að gera málið tortryggilegt. Það hefur loðað svolítið við umræðu okkar um sjávarútvegsmál, það að gera málin tortryggileg og koma oft fram með upplýsingar sem standast ekki skoðun. Ég nefndi dæmi um það áðan.

Við fengum beiðni frá hv. þingmönnum í minni hlutanum í atvinnuveganefnd þar sem þeir óskuðu eftir gestum á fundi nefndarinnar. Þeir óskuðu eftir því að Hörður Unnsteinsson kæmi til að ræða framlög útgerðarfélaganna til stjórnmalaflokka og hugsanleg hagsmunatengsl; formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins til að ræða fjárframlög útgerðarfyrirtækja til flokksins og þingmanna hans og hugsanlega hagsmunaárekstra við afgreiðslu málsins; formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins til að ræða fjárframlög útgerðarfyrirtækja til flokksins, þingmanna hans og hugsanlega hagsmunaárekstra við afgreiðslu málsins.

Hvað er verið að gefa í skyn hér? Hvernig ætlum við að haga störfum í þinginu ef við ætlum til dæmis í hv. atvinnuveganefnd í hverju einasta máli, hvort sem það á við um ferðaþjónustuna, iðnfyrirtæki eða landbúnað, að kalla til stjórnmalaflokka? Stjórnmalaflokkar fá fjárframlög frá fyrirtækjum í öllum greinum atvinnulífsins, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn sennilega í meira mæli en aðrir flokkar. Hvernig ætlum við að hafa umfjöllun um þessi mál? Um þetta gilda alveg skýrar reglur. Þær eru meira að segja miklu þrengri og takmarkaðri hér en við eigum að venjast á Norðurlöndunum eða um Evrópu um hvað fyrirtæki geta stýrt (Forseti hringir.) stjórnmalamönnum eða stjórnmalaflokkum. Það eru miklu þrengri reglur. Ef (Forseti hringir.) menn telja að verið sé að brjóta þær með einum eða öðrum hætti á það ekki heima á vettvangi atvinnuveganefndar.

[21:21]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Það væri nú gaman að fara yfir sögu laga- setningar um fjármál stjórnmalaflokka og hvernig á því stóð að Íslendingar settu slík lög eiginlega síðastir allra vestrænna lýðræðisþjóða. Það var vegna þess að það var flokkur sem stóð alltaf á móti því. Við fengum svo kannski aðeins að sjá framan í það, í aðdraganda kosninganna 2009, hvers vegna mönnum var það tregt í Sjálfstæðisflokknum að setja lög sem skyldu upplýsa um og setja takmörk á framlög fyrirtækja til slíkra hreyfinga, þegar ofurstyrkirnir frægu komust á dagskrá. Það er ekkert að því. Menn eiga að hafa uppburði í sér til að ræða það, að sjálfsögðu ekki á persónulegum nótum eða af einhverri rætni. Auðvitað þarf að gæta hagsmunatengsla og að þau blandist ekki um of inn í stjórnmalin.

Ætli það sé ekki einn af meginlærdómum rannsóknarskýrslu Alþingis, þau skaðlegu tengsl og hvernig þræðirnir krossuðust í gamla helmingaskiptasamfélaginu á Íslandi þar sem viðskiptalíf og pólitík rann á köflum saman í eitt. Við þyrftum kannski að fara til Tyrklands og læra af þeim vísa

manni Kemal Atatürk sem lagði grunn að nútíma Tyrklandi. Og hvernig gerði hann það? Meðal annars með því að í því landi skyldi aldrei blanda saman trúmálum og stjórnmálum. Við þurfum kannski ekki eins að hafa áhyggjur af því hér, en kannski ættum við að hafa það stjórnmál og viðskipti og læra það af hruninu að blanda því aldrei aftur saman.

Varðandi það að almenningur sé ekki nógu vel að sér um þessi mál og þess vegna sé hann auðplataður, sem mér fannst liggja í loftinu í máli hv. þingmanns, ginnkeyptur fyrir því að skrifa undir undirskriftalista eða eitthvað því um líkt, er ég algjörlega ósammála því. Ég held að að uppi- stöðu til sé almenningur á Íslandi sér vel meðvitaður um mikilvægi sjávarútvegsins nátengdur honum. Öll erum við meira og minna annaðhvort sjómenn eða bændur að ætterni og uppruna, ekki langt aftur, og almenningur er með vissa hluti algerlega á hreinu. Það sýna allar mælingar og allar umræður, öll greinaskrif. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vill að gengið sé frá því í eitt skipti fyrir öll að fiski- miðin séu sameign okkar, tilheyrir okkur öllum sameiginlega. Það er þjóðin með á hreinu að þannig eigi það að vera. Hin sjónarmiðin eru sem betur fer í svo grenjandi minni hluta að það þarf varla að tala um þau, þótt auðvitað sé einn og einn einkaréttarsinni enn að reyna að malda í móinn.

Þjóðin er held ég líka með það á hreinu að á þeim tímum sem mikill umframgróði myndast, mikil renta í greininni, sem sprettur af því að tilteknir aðilar fá aðgang að henni, að þessari takmörkuðu verðmætu auðlind, eigi hún tilkall til þess að fá í sinn hlut að minnsta kosti drjúgan hlut þeirrar rentu. Ég held að þjóðin sé líka með ýmsa fleiri hluti á hreinu, þeir sem fylgst hafa með umræðum um þjóðmál og sjávarútvegsmál síðastliðin 20 til 30 ár. Ætli það sé nú ekki í þjóðarvitundinni nokkuð sterkt að það sé ekki gótt fyrirkomulag að einstaklingar hagnist um milljarða króna á því að komast í þá aðstöðu að mega sækja fisk úr sjónum og geti, ef svo ber undir, labbað út úr greininni með þá milljarða? Þeir hagnast gríðarlega persónulega á því einu að þeir eru handhafar aðgöngumiðans að auðlindinni. Það eru ekki sjómennirnir á skipunum þeirra, það er ekki fiskverka- fólkið í landi og það eru ekki byggðarlögin sem njóta þess þegar slíkur gróði er tekinn út úr greininni, nei, heldur eru það einstaklingarnir sem eru prókúruhafar á fyrirtækjunum. Þetta veit þjóðin. Þetta hefur hún horft upp á og henni finnst þetta ekki réttlátt.

Ég held að það séu líka býsna djúp ör víða í þjóðarsál- inni vegna þess að menn hafa heyrt fréttirnar frá Raufar- höfn, fréttirnar frá Hrísey, fréttirnar frá Breiðdalsvík, fréttirnar frá Flateyri, fréttirnar frá Þingeyri og þannig mætti áfram telja og listinn er langur. Þau eru víða sárin á lands- byggðinni sem þetta kerfi hefur leitt af sér þó að ég sé ekki að segja með því að allt hefði getað haldist óbreytt að öllu leyti í skipulagi sjávarútvegsins frá því sem var fyrir 20 eða 30 árum, það er ég ekki að segja. En það má kannski eitt- hvað á milli vera hvernig þetta kerfi hefur skipt örlögum með íbúum mismunandi sjávarbyggða. Menn tala mikið um forsendubrest í sambandi við húsnæðislán núna á Íslandi, en gæti það hafa verið forsendubrestur á Raufarhöfn þegar kvótinn fór í burtu á einni nóttu og íbúðarhúsin urðu verð- laus með öllu? Með öllu. Þá var ekki spurt um skuldarnar



sem á þeim hvíldu. Nei, það var spurningin hvort þú gætir fengið einhvern til að taka við lyklinum að stóru einbýlis-húsi og ekki væri verra ef hann vildi borga milljón fyrir það. Það var svona um það bil þannig sem fólk var sett með sínar eignir á staðnum.

Varðandi fjölmiðlana verður fróðlegt að fylgjast með því hvort þetta heldur áfram hjá hæstv. ríkisstjórn og baklandi hennar hér á þingi. Ég ætla að segja það alveg hreint og umbúðalaust, virðulegur forseti, mér finnst glitta í tilhneigingar til þess að nú eigi að temja fjölmiðlana aftur. Nú eigi að tala þannig til þeirra, skrifa þannig greinar í *Morgunblaðið*, svona til stuðnings leiðurunum, að fjölmiðlarnir hrökklist í sjálfritsköðun, þeir fáu sem enn þá þora að hafa einhverjar sjálfstæðar meiningar í þessum efnunum. Er eitt hvað að því fréttamati fjölmiðla að þeim þyki það athyglisvert að upp undir 35 þúsund manns hafi skrifað undir áskorun til Alþingis og í framhaldinu til forsetans ef svo ber undir? Er það ekki fréttir? Má ekki flytja þær? Til hvers gera fjölmiðlar skoðanakannanir um afstöðu til stærri mála? Er það ekki til þess að birta þær — hv. þm. Jón Gunnarsson, herra forseti? Halda menn að fjölmiðlar kaupi skoðanakannanir til að birta þær ekki? Nei, það er vegna þess að þeir telja það fréttæmt hver viðhorf eru til mála af þessu tagi. Það er þeirra hlutverk.

Hv. þingmaður telur að þetta sé allt saman á misskilningi byggt, meðal annars undirskriftasöfnunin, vegna þess að þetta frumvarp verði að fara í gegn því að annars verði engin veiðigjöld. Þetta var nú einn sónninn sem hér var rekinn upp. Gott og vel ef menn telja að leggja þurfi veiðigjöldin á með bráðabirgðaákvæðum í krónutölum á þorskígildiskíló á þessu ári, en það er ótengt því hver upphæð veiðigjaldanna er, bara einfaldlega með öllu. Þannig að það eru ekki rök fyrir þessari efnislegu niðurstöðu málsins, alls ekki.

Varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu er það nú þannig, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður viti, að þó svo forseti synji lögum staðfestingar öðlast þau engu að síður gildi. Þannig að þetta yrðu gildandi lög um veiðigjöld einhvern tímann fram á vetur, fram að þjóðaratkvæðagreiðslunni sem yrði einhvern tímann. Færi svo að þau stæðust ekki, þjóðin vildi þau ekki, bregðast menn ósköp einfaldlega við því. Það þýðir ekki að ekki verði hægt að leggja veiðigjald á á næsta fiskveiðarári. Það yrði kannski eitthvað seinna sem niðurstæða yrði komin í það. Það er algerlega á hreinu. **(Gripið fram í:** En þú hefur ... til þess.) — Að sjálfsögðu geturðu gert það. Þú getur gert það til dæmis á landaðan afla frá og með því að þú setur þau lög eða hvernig sem þú vilt. Það er nú ekki þannig að hægt sé að nota þá hötun að þar með verði engin veiðigjöld. (Gripið fram í.) Það er betra að hv. þingmaður snúi út úr í ræðum frekar en að reyna að gera það í frammiköllum ef ég leyfi mér að hafa skoðun á því, virðulegur forseti.

Svo koma inn á milli þessar dásamlegu setningar hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, um nauðsyn þess að ná sátt, inn í ræðurnar, þar sem talað er um þekkingarleysi og rangfærslur, ómögulega fjölmiðla, fræðimenn sem séu úti í mýri og þjóðina sem sé ekki mjög vel að sér í þessum efnunum, mikilvægi þess að ná sátt. Gæti verið að það þurfi tvo til? Gæti það hugsast að það þurfi tvo til að ná sátt í þessu máli,

þ.e. að sjávarútvegurinn og þeir sem tala máli hans með þeim hætti sem hv. þm. Jón Gunnarsson iðulega gerir þurfi líka aðeins að líta í eigin barm? Á sáttin að felast í því að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar láti af skoðunum sínum í þessum efnunum og sérhagsmunagæslumenn, sérstaklega stórúterðanna í landinu, sem búnar eru að koma sér best fyrir í þessu kerfi, nái sínu fram? Á sáttin að felast í því?

Gæti ekki verið að þeir sem hafa í allt of miklum mæli af mikilli hörku gætt hagsmuna sinna í kerfinu, og hafa komið sér þar best fyrir, þurfi að átta sig á því að þrátt fyrir að þeir geri margt vel og reki myndarleg fyrirtæki eru þeir ekki ríki í ríkinu? Það er almannaviljinn og það er lýðræðið í landinu sem á að leiða svona mál til lykta en ekki peningar, ekki hræðsluáróður, ekki tugmilljóna eða hundruð milljóna auglýsingaherferðir; aðferðir af því tagi sem voru prófaðar hér vorið og sumarið 2012 þegar átti að brjóta Alþingi á bak aftur með því að binda flotann eiga ekki að ráða niðurstöðum (Forseti hringir.) mála af þessu tagi. Sáttin mun aldrei byggja á slíkum aðferðum.

[21:31]

#### Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Eitthvað hef ég komið við kaunin á mönnum. Sjálfstæðismönnum er tregt að breyta, var sagt, og setja þær reglur sem takmörkuðu mjög framlög fyrirtækja og einstaklinga til stjórn málaflakka. Ég veit ekki betur en að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið þátt í þeirri vinnu og Kjartan Gunnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri flokksins, hafi einmitt átt þátt í þeim tillögum sem þá komu fram og við höfum unnið eftir síðan.

Það er mikið gert úr því hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég sé að gera lítið úr almenningsi og þingmönnum. Það er bara til þess að snúa út úr orðum mínum, það er ekkert öðruvísi. Auðvitað er ég ekkert að gera lítið úr fólki enda hef ég sagt, m.a. hér áðan og ég hef sagt það í viðtölum varðandi þá undirskriftasöfnun sem er í gangi, að í henni felist sterk skilaboð frá þeim 35 þús. einstaklingum sem hafa skrifað undir. Þau skilaboð ber alþingismönnum að taka alvarlega. En ég segi og ég stend við það, og þetta á við um alþingismenn, fjölmiðlamenn og almenningsi, að almennt séð getum við sagt að þessi málaflakkur sé mjög flókinn og það sé erfitt að setja sig inn í hann í smáatriðum. Það stendur eftir og þá er erfitt fyrir fólk að gera sér grein fyrir öllum þeim atriðum. Ég vitnaði til þess áðan að það fólk sem situr í nefndinni og er nýtt á fullt í fangi með að ná utan um það. Er ég eitthvað að gera lítið úr fólki? Nei, ég veit þetta bara af þeim fjölmörgu sem ég tala við. Skilaboðin frá fólki eru alveg skýr og ég misskil þau ekki neitt, ég tek þau alvarlega. Ég er alveg sammála því að það á að innheimta hér veiðigjöld. Hver eiga þau að vera? Þau þurfa auðvitað að vera þannig að greinin beri þau, geti vaxið og dafnað.

Þá komum við að þessu sem gjarnan er orðað svo að fólk sé á móti því að einstaklingar hagnist gríðarlega, taki milljarða út úr greininni, fari með þá burtu og hagnist alveg óskaplega. Er þetta hin almenna mynd í íslenskum sjávarútvegi sem er verið að draga upp, að þetta séu allt saman einhverjir kvótageirfar sem fari með milljarða út úr greininni?

Er ekki obbinn af þessu bara vinnandi fólk sem rekur hér lítil og meðalstór fyrirtæki um allt land og hv. þingmenn þekkja vel, fólk sem hefur bara ansi mikið fyrir lífinu? Þetta gengur upp og niður á milli ára og innan ársins, er það ekki?

Auðvitað vitum við að þegar framsalið var sett á á sínu tíma seldu sig margir út úr greininni. Það var markmiðið með því þegar framsalið var sett á og er viðurkennt af sérfræðingum og hagfræðingum í dag að hafi verið eitt brýnasta skrefið að taka í fiskveiðistjórnarmálum. Sjálfstæðisflokkurinn greiddi reyndar atkvæði gegn því máli á þingi. Það mál var afgreitt út í stjórnartíð Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags. Það voru önnur ákvæði í því frumvarpi sem Sjálfstæðisflokkurinn gat ekki sætt sig. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kannski eini þingmaðurinn hér sem afgreiddi framsalið sem varð til þess að einhverjir einstaklingar ákváðu að selja. Framsalið fékk einhvern verðmiða og sumir ákváðu að fara út úr greininni með allt of mikla peninga. Okkur láðist að grípa til einhverra aðgerða á þeim tíma. Ég álasa ekki neinum, en við breytum þessu ekki aftur í tímann. Ég er ekki að segja að ég hafi séð fyrir að þetta hefði kannski mátt gera með einhverjum öðrum hætti gegnum skattkerfið. Þetta var gert svona. Afleiðingarnar liggja fyrir. Markmiðið var alveg ljóst. Byggðáhrifin lágu alveg fyrir. Við ætludum að fækka skipum. Við fækkudum þeim frá 1991 á næstu 10, 12 árum úr 2.520, ef ég man rétt niður, í 1.150 skip, eitt-hvað svoliðis. Sjómonnum fækkaði líka.

En við höfum líka byggt upp hagkvæmasta sjávarútveg í heimi sem þó er með mjög mikla félagslega stoð innbyggða. Við erum enn að bregðast við. Síðast afgreiddum við í síðustu viku lög frá Alþingi þar sem við úthlutudum svokölluðum byggðastofnunarbyggðakvóta upp á 1.800 tonn til að hjálpa byggðarlögum. Við erum öll samstíga í því og sammála um að við þurfum að standa vaktina í þeim efnum. Það er ekkert öðruvísi.

Þetta um að einstaklingar hagnist gríðarlega — hagnast menn gríðarlega almennt í dag? Það var mikið gert úr því þegar Grandi borgaði háa arðgreiðslu fyrr á þessu ári. Það kom til umræðu í þingsal. Ég man ekki hver þessi upphæð var. (LRM: 1.700.) Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir man það, 1.700 milljónir. En veit hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir hversu mikil ávöxtun það var á eigið fé eiginendanna í því fyrirtæki, hversu mikla ársávöxtun þeir fengu eða hafa tekið út úr fyrirtækinu í arðgreiðslur á síðustu árum? Hversu mikla ávöxtun fá þeir á það fé sem þeir hafa lagt í fyrirtækið? Getur hv. þingmaður sagt mér það yfir salinn? (LRM: Þingsköp leyfa það ekki.) Þingsköp leyfa það ekki, hún segir það, en hún mátti nefna 1.700 milljónirnar. Það var allt í lagi, þingsköp leyfðu henni það. (Gripið fram í.) En ég get sagt henni það, og öðrum: Það eru 4%. Er það mikið? (LRM: Er það ekki bara ágætt?) Er það bara ekki ágætt, já? Sættir hv. þingmaður og aðrir sig við það þegar þeir leggja peninga í banka eða kaupa ríkisskuldabréf sem er áhættulaus fjárfesting að fá 4% ávöxtun á áhættufjárfestingu? (LRM: Það er ekkert annað í boði.) Það er ekkert annað í boði, segir hv. þm. Lilja Rafney. Þetta er sagt af miklu innsæi og þekkingu um rekstur almennt.

Vandamálið er að ef sú ávöxtunarkrafa væri þak fjárfesti

fólk ekki í atvinnulífi á Íslandi. Á hverju þurfum við mest að halda í dag sem þjóð? Við þurfum á aukinni fjárfestingu að halda í atvinnulífinu. Það er það sem við erum öll sammála um og allir erlendir sérfræðingar sem fjalla um okkar mál. En þá finnst hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur bara gott að það sé þak á 4% ávöxtun á það eigið fé sem menn setja í það og það sé líklegt til árangurs. Það er þessi umræða sem ég er að vitna í þegar ég er að tala um að við verðum að passa okkur.

Er almennt svona mikill hagnaður í sjávarútvegi? Já, hjá nokkrum fyrirtækjum sem ég skildi áðan af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við sjálfstæðismenn vildum standa alveg sérstaklega vörð um, stóru sjávarútvegsfyrirtækjunum. En hver er staðreyndin í málinu? Ég fór aðeins yfir hana í fyrri ræðu minni, virðulegi forseti. Við erum núna að draga úr álögum í þessu frumvarpi á þessi litlu, meðalstóru og nokkur stór fyrirtæki í bolfiski, en við erum að auka álögumnar gríðarlega á stóru fyrirtækin, stærstu fyrirtækin í greininni sem við eignum að slá alveg sérstaka skjaldborg um, er það ekki, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn? Við erum að leggja á þau stórauðnar álögur. Við teljum okkur vera að leiðrétta þann mismun sem liggur í þeim lögum sem nú gilda.

Ég fór áðan yfir skiptinguna á milli kjördæma. Einhverjir hafa sagt í mín eyru að það sé engin tilviljun að sum kjördæmi hafi verið svona miklu lægri en önnur í því. Ég læt mér ekki detta í hug að það hafi verið einhver tengsl þar á milli. En það er að minnsta kosti búið að ná einhverjum jöfnuði.

Það þarf tvo til að ná sátt. Það var eiginlega kvatt með því að segja að sjávarútvegurinn og þeir sem tala máli hans séu sérhagsmunagæslumenn stórúterðanna. Þetta er sá söngur sem ómar eflast áfram, tekst ekki að eyða þrátt fyrir að hann standi engu skoðun. Er það ekki Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sem eiga stærstan þátt í því hversu öflug smábátaúterð er í landinu? Er það ekki Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sem núna eru að stíga stórt framfaraskref fyrir þá grein til að geta staðist samkeppni, eftl sig (Forseti hringir.) og dafnað í framtíðinni? Það er allt á kostnað (Forseti hringir.) þess sem kallað er „stórúterðin“ í landinu.

[21:41]

#### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegi forseti. Hv. formaður atvinnuveganefndar hefur í auðmýkt sinni rétt fram sáttarhönd og auðveldað vinnu í nefndinni og lagt mat sitt á ræður manna í þessari umræðu. Það væri gaman fyrir mig sem 1. varaformann nefndarinnar að vita hvaða einkunn ég fengi að mati hans í ræðu minni þar sem hann er að gefa umsagnir um af hversu mikilli þekkingu ræðurnar hafa verið fluttar og um hversu litla þekkingu á sjávarútvegsáttum almenningur í landinu hefur. Það hefur verið dálítið viðloðandi umræðuna að hræða fólk frá umræðunni um sjávarútvegsáttum með því að þau séu svo flókin og ekki fyrir hvern sem er að setja sig inn í málin og reynt að gera lítið úr fólk þegar það tekur þátt í þeirra umræðu. Þetta er auðvitað ákveðin aðferð til þess að hræða fólk frá lýðræðislegri þátttöku í stjórnarmálum almennt og er mjög varasamt að tala þannig til fólks þegar

það tekur þátt í umræðum um málefni sem skipta okkur öll máli, að hræða það með því að í gangi sé vanþekking og fáfræði og málin séu svo flókin.

Ég vil spyrja hv. formann atvinnuveganefndar hvernig hann sjái fyrir sér hægt sé að mæta því mikla tekjutapi sem fylgir þessari lækkun á veiðigjaldi, hvort það séu einhverjar tillögur og hvernig hann sjái fyrir sér að ríkissjóður geti mætt því mikla tekjutapi sem blasir við.

[21:44]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andsvar*):

Virðulegi forseti. Það er nú meira hvernig þetta þarf að þróast í svona umræðu þegar hún er tekin af hreinskilni. Nú heitir þetta orðið að ég sé að gera mjög lítið úr almenningi og þekkingu hans á sjávarútvegi. Ég var einmitt að gagnrýna hvernig fjölmiðlaumfjöllun um málið hefur verið. Í tengslum við það er náttúrulega ekki líklegt að fólk sé almennt nægilega vel inni í þeim málum, þetta eru flókin mál, það vitum við. Ég er ekkert að gera lítið úr fólk. Ég tek skilaboð þess alvarlega. En þessi mál þurfa miklu ítarlegri og vandaðri umfjöllun í fjölmiðlum til þess að fólk fái þær upplýsingar sem það þarf að fá til þess að mynda sér skoðun. Ég tel að fjölmiðlar hafi brugðist í því í aðdraganda þessa máls og oft áður og að það sé ekki fyrir hvern sem er að taka þátt í umræðunni. Það er bara alls ekki þannig. Ég tek þátt í þessari umræðu við fjölda fólks á hverjum tíma. Þetta er til dæmis í mínu kjördæmi og á þeim fundum sem ég sæki oft þar eitt heitasta málið. Ég þarf að taka mjög gagnrýna umræðu um stefnu mína og margt sem ég stend fyrir í þeim málum við kjósendur mína og við kjósendur Sjálfstæðisflokksins, skiptast á skoðunum. Það er allt í góðu lagi. Ég tek fullt nótis af því sem fólk er að segja mér. Við skulum hætta þessum útrúningum.

Varðandi það hvernig eigi að afla tekna fyrir ríkissjóð er það einfaldlega þannig að við sem myndum núverandi ríkisstjórn trúum því að með því að efla atvinnulíf, með því að draga úr álögum á atvinnulíf, (Forseti hringir.) með því að draga úr álögum á almenning náist fram öflugra atvinnulíf. (Forseti hringir.) Ég trúi því til að mynda að ef við förum þá leið að hafa veiðigjöldin (Forseti hringir.) skynsamlega há muni fjárfesting í greininni eflast og við fá það margfalt til baka sem samfélag.

[21:46]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta ekki vera neitt svar hjá hv. þingmanni um hvernig á að mæta þessu mikla tekjutapi ríkissjóðs. Það hafa ekki verið veiðigjöld sem neinu nemur undanfarin ár og ekki hefur það ýtt undir fjárfestingar í greininni. Það hefur ekki verið fjárfest mikið í sjávarútvegi undanfarin 10–15 ár eins og flotinn sýnir. Hver er skýringin á því? Hvert skyldi það fjármagn sem hefur komið inn í greinina hafa farið? Skyldi það hafa farið í óskyldan rekstur, áhættufjárfestingar í hlutabréfum og annan óskyldan rekstur? Skyldi það vera? Mér þætti gaman að heyra viðhorf hv. þingmanns til þess, út af hverju það er.

Gæti hv. þingmaður hugsað sér til að upplýsa fáfróða alþýðuna um sjávarútvegsmál að beita sér fyrir því að fara

um landið og halda opna fundi um málin og ræða þau, auðlindarentuna og hvernig hún er byggð upp, hvernig sjávarútvegurinn hagnast í dag og hvernig það getur verið sveiflakennt og auðlindarentan eigi að fylgja því? Hv. formaður atvinnuveganefndar var ekki tilbúinn til að hafa opna fundi sem ég held að hefðu getað upplýst umræðuna meira. Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji rétt að hagsmunatengsl flokkanna varðandi sjávarútveginn fari til Ríkisendurskoðunar og fari inn í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, hvort það sé eitthvað sem þarf að skoða betur?

[21:48]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andsvar*):

Hæstv. forseti. Sjávarútvegurinn hefur ekki fjárfest neitt í tíu ár — það er náttúrulega ekki alveg rétt, en það er alveg rétt að það var ekki mikil fjárfesting fyrir 2007 í íslenskum sjávarútvegi af því það gekk ekkert vel. Það gekk ekkert vel í íslenskum sjávarútvegi þá, gekk bara illa. Krónan var þannig skráð að það voru miklir erfiðleikar, menn höfðu lítið svigrúm. Það var meira að segja orðið þannig að það tókst varla að manna orðið flotann, fiskiskipin, nema með útlendingum. Fólk vildi ekki fara á sjó af því að launin voru svo lág. Þannig var nú staðan. Svo kom hrúnið, hið svokallaða hrún, og krónan veiktist og staðan styrktist. Aflbrögð voru góð. Markaðsverð voru mjög góð. Makrillinn kom sem himnasending. (LRM: Góð ríkisstjórn.) Góðar loðnuvertíðir tvö ár í röð, hafði bara ekkert með þá ríkisstjórn að gera, ekki neitt. (Gripíð fram í: Jú, makrill.) Makrillinn var alveg sérstaklega þeirri ríkisstjórn að þakka, geri ég ráð fyrir.

Hvað gerðu menn? Þeir borguðu upp skuldir af því óvissan var svo mikil að þeir fóru ekki í þær nauðsynlegu fjárfestingar sem bíða okkar. Þær munu fara af stað núna.

Þetta á sér allt sínar skýringar. (LRM: Óvissan var ...) Var þá fjárfest mikið í óskyldum rekstri? Hv. þm. (LRM: Það vita ...) Lilja Rafney Magnúsdóttir veit það vel og það hefur komið ítrekað fram á fundum atvinnuveganefndar að það eru algjör smáatriði sem fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi á heildina lítið voru að fjárfesta út fyrir geirann. Það er bara þannig. Það er hægt að telja þau fyrirtæki á fingrum annarrar handar og við skulum ekki láta umræðuna og önnur fyrirtæki líða fyrir það.

Hvort ég sé tilbúinn að fara á opna fundi um allt land, já, að sjálfsögðu. (Forseti hringir.) Ég geri ráð fyrir því, þegar við leggjum fram nýtt frumvarp, (Forseti hringir.) förum yfir okkar hugmyndir, munum við fara og kynna það um allt land (Forseti hringir.) og reyna að vinna því brautargengi.

[21:51]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Varðandi lagasetningu um fjármál og fjárreiður stjórnmalaflokka og samtaka og frambjóðenda er það rétt hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að Kjartan Gunnarsson kom að þeirri vinnu þegar Sjálfstæðisflokkurinn sneri loksins við blaðinu og féllst á að fara þyrfti í slíka lagasetningu. Það er alveg rétt, hann á heiður skilið fyrir sitt starf. Ég var í því með honum og þekki vel til þess. Það væri áhugavert

að vita meira um þau sinnaskipti sem urðu, en ég veit líka hitt af langri glímu að árum saman höfðum við barist fyrir því, forustumenn annarra flokka og þingmenn hér á þingi, að slík löggjöf yrði sett á Alþingi en það strandaði alltaf á Sjálfstæðisflokknum þangað til hann tók þessum sinnaskiptum.

Ég hef látið mér detta í hug að það hafi verið vegna þess að ábyrgir menn hafi séð að þetta gat ekki haldið áfram eins og það hafði gengið. Það var kannski ekki það sem menn höfðu mestar áhyggjur af þegar þarna var komið, hinir stóru styrkir sem gengu til sumra flokka, heldur sáu menn hversu baneitrað það var þegar einstaklingarnir sjálfir í prófkjörum, og ekki síður í sveitarstjórnarframböðum og kosningum en til Alþingis, voru orðnir allt of nálægt fyrirtækjum sem voru að veita þeim styrki, kannski verktakafyrirtækjum sem biðu eftir verkefnum hjá viðkomandi sveitarfélagi o.s.frv.

Á fundum í þessari nefnd ræddum við auðvitað ýmislegt sem engum leið vel með, sem viðgengist hafði. Það var ekki bara bundið við Sjálfstæðisflokkinn, það er alveg rétt. Menn urðu að lokum sammála um að það væri miklu heilbrigðara að styðja lýðræðið með framlögum frá hinu opinbera og draga úr því að stjórn málaflakkar yrðu að gera út á styrki frá einkaaðilum.

Þegar ég var að rifja upp hvað hefði stimplast inn í þjóðarsálinu á umliðnum árum — og það byggi ég á hundruðum funda og óteljandi samtölum við fólk um þessi mál á langri tíð — nefndi ég það að eitt af því sem mjög oft er nefnt, og var nefnt á þessum árum, það hefur dregið úr því núna vissulega, var að það særði réttlætiskennd fólks að sjá að einstaklingar, einkaaðilar, gætu auðgast um milljarða á milljarða ofan af því, ekki að hafa rekið ágæt fyrirtæki sem þeir áttu að fá endurgjald fyrir ef þeir seldu, heldur að hafa þennan aðgang að fiskimiðunum og að hann væri andlag gróðans. Það sem gerist er auðvitað það, maður er ekki bara að selja rekstur og fyrirtækin, skip eða hús heldur fyrst og fremst að selja aðganginn að miðunum. Það finnst mönnum ekki eiga að vera almennt uppspretta einkabundins gróða.

Var ég þar með að segja að þetta ætti við um alla í sjávarútvegi? Nei, það var ég ekki að gera. Það er ómaklegt að leggja þannig út af orðum manns. Ég er nefnilega alveg sammála því að að uppistöðu til er obbbinn af þeim sem starfa í sjávarútvegi harðduglegt og heiðarlegt fólk og er ekkert að gera annað en vinna hörðum höndum að því að sinna sínum rekstri og færa björg í bú. Þannig er það og þannig hefur það verið og þannig verður það vonandi áfram. Það breytir ekki hinu að við eigum að þora að ræða um þessa hluti og ræða bæði kosti og löst á hlutunum.

Það eru ágallar við þetta fyrirkomulag sem hafa leitt til þess ósættis sem hér hefur verið. Það er alveg á hreinu. Þetta er eitt af því sem hefur sært réttlætiskennd þjóðarinnar og valdið þeim ágreiningi sem uppi er.

Númer tvö mætti nefna leigubraskið, þegar það komst í sínar hæstu hæðir. Þegar allt of rúmar reglur voru í gildi um það að menn gátu að uppistöðu til látið aðra hafa fyrir því að sækja aflann sem þeim hafði verið úthlutað rétturinn til og haft af því verulegar tekjur, fénytt þennan rétt þannig ár eftir ár, veitt kannski helminginn annað hvert ár eins og þetta var hér á árabili. Auðvitað var algerlega galið að

bjóða upp á það að kerfið gæti búið til óðalseigendur og leiguliða sem strituðu hörðum höndum og hinir hirtu arðinn af. Þannig hlutir urðu til þess að um þetta kerfi varð mikið ósætti. Ég hef oft sagt það við vini mína í röðum útgerðarmanna að ég held að þar hafi menn gert gríðarleg mistök í sinni harðskeyttu hagsmunagæslu að hafa ekki löngu fyrr tekið þátt í því með stjórnvöldum að taka fyrir vissa hluti í þessu kerfi sem hefur marga kosti þannig að frekar skapaðist sátt um það. Það er orðið framorðið í þeim efnunum að reyna að lenda þessu og það verður ekki gert með innleggi af því tagi sem ríkisstjórnin leggur hér af stað með, það þarf meira til. Þetta fer í öfuga átt.

Við förum í sundur með þessum hætti, óttast ég, og ég held að viðbrögðin bendi til þess, þegar í raun og veru að mínu mati var ekkert langt í land að hægt væri að lenda þessu með ásættanlegum hætti. Efniviðurinn í lausn er að mínu mati til staðar í aðalatriðum. Það er úrvinnsla á því sem þarf. Það þarf samkomulags- og sáttavilja úr báðum áttum milli þeirra sem lengst vilja ganga í að umbylta þessu kerfi og hinna sem vilja bara verja sína hagsmuni í því eins og það er. Það eru auðvitað fyrst og fremst þeir sem hafa komið sér best fyrir í kerfinu sem eðlilega vilja helst engar breytingar af því að það hentar þeirra hagsmunum. En það má ekki eitt ráða för.

Auðvitað voru fleiri ágallar á þessu sem reyndust sjávarútveginum sjálfum ekki vel. Reyndist það sjávarútveginum vel að kvótaverðið skrufaðist upp í þær brjálæðislegu hæðir sem það gerði? Og greinin skuldsetti sig og skuldsetti vegna hinna sem löbbuðu burtu og baksaði við að borga þær skuldir niður. Þegar kílóíð var komið í 4 þús. kr. eða hvað þetta nú var. Geðveiki. Engin framlegð gat staðið undir því, jafnvel ekki afkastamesti sjávarútvegur í heimi að borga það niður á einhverjum eðlilegum afskriftatíma, jafnvel þótt við tækjum minnsta jaðarkostnað við að sækja þær veiðiheimildir. Það hafa útreikningar sýnt. Þetta var orðið að vitleysu og féll saman við útrásarvitleysisbólurinn.

Varðandi burði greinarinnar til að greiða veiðigjöld er hægt að nota ýmsa mælikvarða til að skoða það. Vissulega eru það meðaltalsmælikvarðar, en við sjáum til dæmis að hvað eiginfjárstöðu snertir og skuldastöðu er sjávarútvegurinn orðinn verulega sterkur á alla venjulega mælikvarða. Stór hluti fyrirtækjanna er að verða skuldlaus. Eiginfjársvæiflan, eins og ég fór yfir á síðustu fjórum til fimm árum, er 250 milljarðar í plús, úr neikvæðri stöðu upp á 60 milljarða í jákvæða stöðu upp á í nágreinni við 200 milljarða núna. Það munar nú um það. Framlegðin er liðlega 80 milljarðar, erum við ekki sammála um það? Við skulum ekkert vera að deila um tölur. (Gripið fram í.) — Hvernig færðu það út? Ég nota gögn Hagstofunnar til dæmis. Ég nálgast þetta nú frekar með því að taka (Gripið fram í.) um það bil 80 milljarða. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður vill draga frá þeirri framlegðartölu hluti eins og tekjur af seldum veiðiheimildum eða hvernig hann lækkar hana þarna niður. (Forseti hringir.) Segjum þá bara 75 og tökum 13 milljarða í veiðigjöld. Samt er eftir 62 milljarða fjármunamyndun í grein sem veltir 250 milljörðum. (Gripið fram í.) Það er samt eftir fjármunamyndun, við erum að tala um EBIDTU hér, hv. þingmaður, sem er nú bara bærilegt.

Ef við lítum á þetta í sögulegu samhengi er þetta samt

einhver mesta framlegð sem íslenskur sjávarútvegur hefur nokkurn tímann í sögu sinni býið við eftir veidigjöld af þessari stærð. Það er þannig. Hvernig lifði hann þá af sum hin árin? Það er alveg rétt, það voru ekki góð ár hjá sjávarútveginum frekar en í annari útflutnings- og samkeppnisstarfsemi þegar mesta ruglið var hér í gangi í hagstjórn í landinu á þensluárunum eftir 2003/2004.

Þegar kemur að þessu tali um að ríkisstjórnin sé sérstaklega að hugsa um litlu og meðalstóru fyrirtækin af mikilli umhyggjusemi sinni fyrir þeim — það vefst nú held ég samt fyrir mönnum að útskýra hvers vegna þarf þessa gríðarlegu lækun á sérstökum veidigjöldum hjá fyrirtækjum eins og Brimi, Fisk, Þorbirminum, Ögurvík, Stálskipi, Ramma, Vísi. Er þetta lítil eða meðalstór fyrirtæki? Er víst að framlegðin þar eða afkoma þeirra bjóði ekki upp á að þau greiði eitthvað aðeins meira en stjórnvöld ætla sér að leggja til hér?

Það er þannig að botnfiskurinn eða bolfskururinn með þessu, og aflslátturinn sem gengur að mestum hluta til hans, verður kominn mjög neðarlega í greiðslu sérstaks veidigjalds, nettó, á næsta fiskveiðiári. Ætli það verði ekki innan við 3 kr. á kíló þegar upp verður staðið? Ef við drögum frá áætlaðri brúttógreiðslu 1.800 milljónir vegna skuldaafláttar og á fimmta hundrað milljónir vegna frímærks, stendur ekki mikili eftir. Vissulega kemur það ekki öllum fyrirtækjum í sama mæli til góða, en nettó verður greinin nánast orðin laus við sérstakt veidigjald, botnfiskshlutinn. Það er raunarlega gert, finnst mér, hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég gæti líka rætt dálítið um fjárfestingar í sjávarútvegi (Forseti hringir.) en hef ekki tíma til þess í þessari ræðu, herra forseti.

[22:01]

#### **Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni verður tíðrætt um þann mikla hagnað sem orðið hefur í sjávarútvegi og það hvað fólk sveið að sjá menn fara með milljarða út úr greininni. Af hverju var þetta og að hverju var stefnt þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og félagar hans hér á þingi samþykktu framsalið á sínum tíma? Það var talið að það væri helsti hagræðingarhvatinn í kerfinu að fara þá leið. Þetta er alveg hárétt sem hv. þingmaður segir, virðulegi forseti, það er þetta sem fólk sveið. En hverjir eru það sem keyptu? Hv. þingmaður kom nefnilega inn á það líka. Auðvitað var það orðin algjör geggjun hvert gjaldið á aflaheimildum var komið. Því miður. Ég er algjörlega samála því. Þetta var farið alveg úr böndunum.

Eftir á að hyggja hefði maður viljað segja að það hefði verið skynsamlegt að grípa inn í þetta með einhvers konar skattlagningu á þau fyrirtæki sem voru að selja sig út úr greininni þegar þetta var komið í þessar verðhæðir. Það hefði verið ákveðin sanngirni í því. Þá hefði hluti af því söluverðmæti orðið eftir hjá þjóðinni. Það hefði örugglega verið til þess fallið að skapa meiri sátt, en við spólum ekki til baka í þessu og við refsum ekki þeim sem keyptu og þeim sem hagræddu.

Það var líka þannig að í þessari miklu hagræðingu var stofnaður sérstakur úreldingarsjóður. Það var skattlagt sérstaklega í greininni til þess að borga fyrir þessa hagræð-

ingu. Evrópusambandið er að setja tugi ef ekki hundruð milljarða í að borga fyrir skip sem er verið að úrelða þar með litlum árangri. Hér var það greinin sjálf sem greiddi fyrir þessa hagræðingu að eyða skipaflotanum, minnka skipaflotann og fækka skipum.

Þetta hljómar svolítið eins og sagan um litlu gulu hænuna. Það voru ekki margir tilbúnir á þessum tíma, þegar viðvarandi tap var á sjávarútvegi og þessir erfiðleikar voru, að baka brauðið, en það eru margir tilbúnir að borða það í dag. Ég held að það sé mikilvægt að við höfum þetta í huga. Ég er ekki að segja þar með að ekki sé eðlilegt að í góðri afkomu og á góðum árum sé borgað ríflegt veidigjald og þjóðin fái sinn skerf af því, en það verður að vera þannig að greinin nái að dafna, að greinin nái að vaxa áfram, að greinin nái að þróa sig og efla sig. Þetta má ekki vera það þyngjandi fyrir fyrirtæki sem þar eru.

Eiginfjárstaðan er að verða ágæt. Þess vegna, ef við höfum skattlagninguna tiltölulega höflega, sanngjarna, sjáum við fjárfestingarþörfina sem er orðin uppbyggð. Það var talið að hún næmi allt að 60 milljörðum, uppsöfnuð fjárfestingarþörf. Það yrði alveg glæsilegt fyrir þjóðarþúfið ef sú fjárfesting færi af stað. Við skulum bara vona að við náum víðtækari sátt með nýju frumvarpi á hausti komanda um fiskveiðistjórnarmálin hér almennt og að það verði til að efla þessa grein enn frekar.

Þá er komið inn á þetta með að hagnaðurinn hjá Brimi og Fisk og hvað þetta heitir — að við séum að lækka veidigjöldin á þessi fyrirtæki. Ég kom inn á það áðan. Já, já, vissulega erum við að gera það, en við erum fyrst og fremst að jafna álagið á gjaldtöku á þessi fyrirtæki samanborið við stóru uppsjávarfyrirtækin sem einhverra hluta vegna sátu ekki við sama borð, sættu ekki sömu álögum hjá fyrri ríkisstjórn. Það eru stærstu fyrirtækin í sjávarútvegi á Íslandi. Við erum að hækka álgur á þau. Við erum að færa álgurnar á stærri fyrirtækin í bolfski til jafns við þau þannig að menn sitji við sama borð. Það voru jafnaðarmenn sem fóru hina leiðina. Einhver sagði hér í gær að þeir vildu jöfnuð í öllum málum. Þetta hlýtur þá að vera í þeim anda. Það hlýtur í framtíðinni að vera markmið okkar að greinin sitji almennt við sama borð hvað svona skattlagningu varðar, að ekki sé verið að mismuna fyrirtækjum þar.

Það er alveg rétt að ef heildin er tekin, af því að aflslátturinn mun koma meira inn á bolfskisfyrirtækin, mun aflslátturinn verða til þess að veidigjaldið þar mun lækka. Ég hef ekki reiknað þetta út eða séð þessar tölur. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefnir 3 kr., en það eru ekki stöndugu fyrirtækin í þeirri grein sem njóta þess, það eru fyrirtæki sem við viljum verja, fyrirtæki sem fóru illa út úr hruninu, eru núna í fjárhagslegri endurskipulagningu á síðasta ári og þessu ári og kannski fram á næsta ár. Það verður ekki fyrr en þá sem við sjáum í raun og veru hver staða þeirra fyrirtækja er. Þá eigum við auðvitað að færa gjaldtökuna á þau til jafns við alla aðra í greininni. En við höfum öll sameinast um að verja hagsmuni þeirra á meðan þau ganga í gegnum þá endurskipulagningu sem er þörf og verður að gera sig.

[22:07]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Því var fagnað hér sérstaklega í kvöld þegar hv. þm. Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, mætti til fundarins til að taka þátt í umræðum, menn héldu nú kannski til þess að svara helst spurningum sem hefðu komið fram í máli þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunum. Þess í stað valdi hann að fara í langa ræðu, hefur lengri tíma sem framsögumaður nefndarálits, til að fjalla um málið og ekki síst til að veitast svolítið að andstæðingum sínum í stjórnámálum í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í þessu máli.

Það er stundum sagt að þegar komið er að lokum þinghalds hverju sinni — við vitum að það styttist í það — sé ekki góður svipur á því að stjórnarþingmenn sérstaklega séu að lengja þinghaldið mikið með miklum ræðum, og sumir mundu nú kalla það málþóf. Þíratar höfðu upplýst það sérstaklega hér opinberlega að þeir ætluðu að stunda málþóf þangað til þeir vissu með vissu að forseti lýðveldisins yrði kominn til landsins. Nú lítur út fyrir það, herra forseti, að formaður atvinnuveganefndar ætli að viðhafa hér málþóf þar til hann er viss um að forseti lýðveldisins sé farinn úr landi. [Hlátur í þingsal.]

[22:09]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Þetta kom upp á fundi hv. atvinnuveganefndar, hjá fulltrúa Þíratara þar, að þeir væru að velta þessu fyrir sér með forsetann, höfðu áhyggjur af því að forsetinn væri ekki á landinu og handhafar forsetavalds gætu þess vegna staðfest þessi lög. Ég sagði það þá og segi það enn og aftur nú að ég fylgist bara alls ekki með ferðum forsetans þannig að ég viti hvort hann er á landinu eða ekki. Enda skiptir það bara engu máli fyrir mig og ég er persónulega algjörlega tilbúinn að kvitta upp á það fyrir mína hönd að þessi lög verði ekki öðruvísi afgreidd en forsetinn veiti þeim þá meðhöndlun sem hann á að gera.

Virðulegi forseti. Mér þótti eitt ómaklegt í málflutningi hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar, að ég væri að veitast að stjórnarandstöðunni í málþófi. Hver er að veitast að hverjum? Eru þingmenn að veitast að okkur stjórnarþingmönnum, meiri hluta nefndarinnar, með þeim málflutningi sem ég hef farið hér yfir þegar verið er að ýja að þessum tengslum og hagsmunagæslu og allt þetta? Er verið að veitast að okkur?

Ég er bara að svara því sem hefur verið hér í umræðunni. Ég er að bara að biðja okkur um að láta af því. Ég veit að ekkert okkar trúir því að annarlegir hagsmunir ráði afstöðu okkar í þessu máli, fyrir utan það að það stenst enga skoðun, virðulegi forseti, að hagsmunir Sjálfstæðisflokksins (Forseti hringir.) og Framsóknarflokksins séu í tengslum við stórutgerðir (Forseti hringir.) í landinu. Við erum miklu frekar að ganga í þeirra (Forseti hringir.) sjóði, í þeirra garð, við erum að ganga að þeim þegar við erum að leggja þetta mál fram núna og höfum gert það (Forseti hringir.) í gegnum tíðina.

[22:12]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Það tæki meira en tíu mínútur að fara rækilega yfir sögu úreldingar- og framsalsmála í sjávarútveginum þó að það væri áhugavert í sjálfu sér. Ég held að öllum hafi verið ljóst um áratugaskiptin 1990/1991 að talsverðar breytingar þurftu að eiga sér stað í sjávarútveginum. Við vorum með of stóran fiskiskipastól. Sjávarútvegurinn hafði gengið í gegnum mjög erfið ár og úreldingarreglurnar, takmarkanir á stærð fiskiskipaflotans, skuluðu ekki þeim árangri sem sjáanlegt var að mundi úr þeirri áttinni laða fram nauðsynlegar breytingar með nægjanlegum hraða. Þess vegna var farið í ýmsar aðgerðir í þeim efnum.

Þetta gerðist í kjölfar þess að menn höfðu bæði þurft á árunum á undan að draga saman aflann og ekki síður hins að íslenskur sjávarútvegur var nánast gjaldþrota haustið 1988; hann var að stöðvast eins og önnur útflutningsstarfsemi í landinu. Það er nefnilega þannig, herra forseti, svo merkilegt sem það er, að það hefur komið í hlut undirritaðs oftast en einu sinni að taka við þrotabúum Sjálfstæðisflokksins og samstarfsmanna hans í ríkisstjórn. Ástandið var nú ekki björgulegt haustið 1988 þegar eitt stykki ríkisstjórn sprakk í loft upp af því að hún kom sér ekki saman um neinar ráðstafanir til að halda útflutningsstarfsemi í landinu gangandi.

Þegar staða sjávarútvegsins var kortlögð á mánuðunum þar á eftir kom í ljós að nánast þurfti að endurfjármagna frá grunni stærstan hluta sjávarútvegsins í landinu. Það var nú ekki betra en það ástandið eftir hina heimskulegu fastgengisstefnu sem keyrði sjávarútveginn áfram á föstu gengi í bullandi verðbólgu þangað til hann var búinn að þurrka upp allt eigið fé og stór hluti fyrirtækjanna var að fara á hliðina. Hvað var gert? Það var farið í viðamiklar aðgerðir til að endurfjármagna öll lífvænleg fyrirtæki, settir á fót tveir sjóðir, Hlutfjár sjóður og Atvinnutryggingasjóður, sem lögðu fram hlutafé og lánuðu rekstrarlán inn í greinina og það tókst að bjarga henni. Að uppistöðu til tókst að fleyta fyrirtækjunum áfram. Þessi aðgerð tókst mjög vel. Hún tókst svo vel að þegar ríkið á árunum upp úr 1990, eða á bilinu svona 1992–1995, seldi hlut sinn úr Hlutfjár sjóði fékk það yfirleitt fullt verð til baka og hagnaðist meira að segja í mörgum tilvikum. Þetta var að vísu kallað sjóðasukk af ríkisstjórninni sem tók við undir forustu Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra.

Ég nefni þetta hér vegna þess að menn verða líka að skoða þær breytingar sem þarna var verið að ráðast í í samhengi við þessa hluti, hver staða greinarinnar var. Það var ekkert um annað að ræða en að búa til svigrúm fyrir hana til að hagræða í rekstrinum og ná meiru út úr fjárfestingunum, minnka skipastólinn o.s.frv.

Það fer svo að ágerast þegar á líður tíunda áratuginn, herra forseti — það er alveg rétt, þá voru menn sofandi og andvaralausir gagnvart því að takast á við það, ef menn ekki vildu bara stöðva framsalið eða takmarka það hefði að sjálfsögðu átt með skattalegum aðferðum að reyna að gera þann viðbótargróða upptækan. Því var reyndar hreyft með ýmsum hætti á þessum árum.

Varðandi það að við höfum sérstaklega hyglað stóru uppsjávarfyrirtækjunum — og svo liggur við að hv. þing-

maður sé að læða því að að kannski hafi landafræðin spilað aðeins inn í þetta og að um sum kjördæmi hafi meðvitað verið farið mýkri höndum en önnur. Þetta er nú dálítið gaman. Hvernig urðu tölurnar til í álagningu sérstaks veidigjalds fyrir fiskveiðiárið 2012/2013? Var það ekki þannig að það var stjórnarandstaðan sem með málþófi stöðvaði framgang mála hér vikum saman og svo voru harðar samningaviðræður þar sem stjórnarandstaðan krafðist þess að veidigjöldin yrðu lækkuð gegn því að hún léti þá af málþófi sínu og frumvarpið fengi að fara í gegn? Þannig var samið um þinglok rétt um 20. júní 2012, ætli ég muni það ekki? Þannig að það var nefnilega akkúrat ekki þannig. Ég var einmitt sérstaklega ósáttur við hversu veidigjaldið á uppsjávarhlutann var þín niður vegna þess að ég vissi vel að afkoman bauð upp á meiri greiðslur. (Gripíð fram í.) — Já, já, það er trúlegt, en ætli ég megi nú ekki að minnsta kosti bera vitni sem einn af þátttakendum. Við skulum þá kalla upp á dekk hina sem í þessu stóðu aðallega, t.d. þáverandi þingmann, Bjarna Benediktsson. Okkar áform stóðu til annarra hluta eins og kunnugt er.

Svo er rétt að hafa í huga að á þeim tíma lágu ekki fyrir opinber gögn um að afkomumunurinn væri jafn mikill og hann er orðinn nú, að sjálfsgöðu ekki, vegna þess að það hefur dregið í sundur. Það er fyrst þegar við fáum grunninn og verðvísitölu sjávarútvegsins, afkomuna 2011 í uppsjávarveiðunum, og framreiknum hana með verðvísitölu uppsjávarveiða til dagsins í dag eða aprílloka að við sjáum hversu mikið hefur dregið þarna í sundur. Hann hefur ágerst mjög munurinn á þessu ári sem liðið er síðan þetta var. Á sama tíma hafa bolfisksverðin lækkað og verðvísitala þar farið niður. Það er því fullkomlega skiljanlegt að þarna breikið bilið mjög hratt. Það er alveg rétt, ég hef mörgum sinnum tekið undir það, að hreyfingin í frumvarpinu er að sjálfsgöðu í rétta átt, að leggja meira á uppsjávarveiðarnar og minna á botnfiskinn, en fyrr má nú gagn gera.

Varðandi fjárfestingar í sjávarútvegi og godsögnina og sönginn um það að það hafi allar fjárfestingar í íslenskum sjávarútvegi stöðvast vegna óvissunnar um fiskveiðistjórn — þetta var nú einn áróðurinn. Ég man ekki hvort það voru keyptar sérstaklega tugmilljarða auglýsingar fyrir þetta, en mikið var nú sungið um þetta. Hver ætli sé svona veruleikinn eða hvernig sé ég hann fyrir mér?

Hann er í fyrsta lagi sá að efnahagur sjávarútvegsfyrirtækjanna var að uppistöðu til í rúst við hrúnið — við hrúnið, hv. þm. Jón Gunnarsson, ekki svokallað hrún, það varð nefnilega hrún á Íslandi. Þau voru í engum færum til þess fyrstu mánuðina og missirin þar á eftir að fara að ráðast í stórar fjárfestingar, eðlilega ekki. Í öðru lagi var bankakerfið í landinu ekki starfhæft, það þurfti að koma því á fót og fjármagna það þannig að það gæti farið að sinna hlutverki sínu gagnvart viðskiptavinum sínum að þessu leyti.

Í þriðja lagi var það þannig að stjórnendur þessara fyrirtækja, brenndir af reynslunni, lögðu almennt mikla áherslu á að nota afkomubátann til að greiða niður skuldir. Skiljanlega, því sjávarútvegurinn var að meðaltali með neikvæðan höfuðstól. Menn gera nú ekki stórar kúnstir við slíkar aðstæður. Að breyttu breytanda var þetta þannig hjá stærstum hluta fyrirtækjanna að eina vitið var að greiða niður skuldir þegar afkoman fór batnandi. Það gerðu fyrirtækin eðlilega.

En þar með byrjar auðvitað að byggjast upp fjárfestingar-geta.

Ég fullyrði að þessi meinta óvissa sem menn veifuðu alltaf sem ástæðunni fyrir því að sjávarútvegurinn væri ekki farinn á blússandi ferð í fjárfestingum var áróður og ekkert annað en áróður, að minnsta kosti hvað árin 2009 og árin 2010 snertir. Þá voru það aðrar ástæður sem augljóslega voru þess valdandi að sjávarútvegsfyrirtækin, með mjög fáum undantekningum, voru ekki að fjárfesta. (Gripíð fram í.) Þá fóru þau að fjárfesta, hv. þingmaður. Þá gerðist það nefnilega (Gripíð fram í.) í þó nokkrum mæli. Það þýðir ekkert að segja draugasögur í björtu. Fyrstu vikurnar eftir að ég tók aftur við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, á öndverðu ári 2012, heimsótti ég til dæmis nokkur fyrirtæki, bæði norðan og sunnan heiða, og hvað voru menn að gera? Menn leiddu mig stoltir um húsin sín og sýndu mér nýju og fínu fiskvinnsluvélarnar sem þeir hefðu verið að kaupa. Ég horfði á stærsta lausfrysti Evrópu rísa í mínum heimabæ, á Þórshöfn, og það bil sem hann kom í gagnið og nýju vinnslulínurnar lagðist nýja Heimaey þar að, hún var að vísu pöntuð löngu áður. Á Norðfirði voru miklar fjárfestingar, endurnýjun vinnslulínu hjá Vísi í Grindavík og ég held bara í öllum fiskvinnslustöðvum þess fyrirtækis o.s.frv. Sem betur fer fór að lifna yfir þessu strax á árinu 2011, en það voru engar forsendur til þess fyrr.

Ég tel því að það hafi verið stórkostlega ofnotað í þessari umræðu að óvissa um fyrirkomulag fiskveiðistjórnar eða veidigjalda hafi verið úrslitabátturinn. Það var hrúnið. Það var ónýtur efnahagsreikningur stórs hluta fyrirtækjanna. Það var ástandið í bankakerfinu. Það var óvissa um skuldir margra þessara fyrirtækja meðan ekki var kominn botn í lögmæti lána eða að hvaða marki þau fengu úrlausn samkvæmt þeim skuldaniðurfellingaráræðum sem bankarnir mótuðu á öndverðu ári 2010. Þessir hlutir voru ekki að skýrast fyrr en kom inn á árið 2011. Sumpart ekki einu sinni almennilega það, samanber lögmæti tiltekinnna erlendra lána. Það er nú veruleikinn að mínu mati en ekki áróðurinn um hið gagnstæða varðandi þessar fjárfestingar.

Síðan er það alveg augljóst að það hefur byggst upp mjög mikil fjárfestingargeta með þessari hröðu niðurgreiðslu skulda og stórbættum efnahag fyrirtækjanna. Það er ánægjulegt. Við skulum vona að þess fari að sjást stað í kröftugri sókn greinarinnar. Ég hef að sjálfsgöðu engar áhyggjur af því hér innan lands, að það muni gerast. Ef það væri eitthvað sem ég hefði áhyggjur af fyrir hönd íslensks sjávarútvegs núna væru það fyrst og fremst markaðsmálin og það hvernig okkur á eftir að reida af í þeim efnun, hvernig efnahagsástandið þróast í heiminum og hvernig okkur gengur að mæta harðnandi samkeppni, til dæmis á bolfisksmörkuðunum, vegna aukinna veiða í Barentshafi o.s.frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

**Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, frh. 3. umr.**

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, brtt. 53, 54 og 58.

[22:23]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Við erum í áframhaldandi 3. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Fyrst ber að geta þess að fyrir liggja, frá meiri hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar, nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Í fyrsta lagi er þar um að ræða breytingartillögu sem mætir þeirri gagnrýni sem verið hafði uppi á frumvarpið að því er varðar aðkomu starfsmanna Ríkisútvarpsins að stjórn þess. Þar er sem sagt gert ráð fyrir því að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni einn mann og annan til vara með málfrelsi og tillögu-rétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég tel að þessi breyting sé til bóta. Hún er í samræmi við þau viðhorf sem við höfum haft uppi hvað þennan þátt málsins varðar.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að fjölga í stjórn útvarpsins frá því frumvarpi sem menntamálaráðherra lagði hér fram, úr sjö í níu. Ég hef skilið það þannig að það væri gert í því augnamiði að koma til móts við þá gagnrýni að breiddin í stjórn Ríkisútvarpsins væri ekki nægilega mikil og er góðra gjalda vert að það sé gert. Ég vonast þá að sjálf-sögðu til að það verði tryggt, verði þetta frumvarp að lög-um, við það kjör sem færi þá fram hér á hv. Alþingi að það þýði raunverulega aukna pólitíska breidd í stjórn Ríkisútvarpsins. Eins og frumvarpið er lagt upp er gert ráð fyrir því að allir stjórnarmenn séu kjörnir hér á Alþingi.

Við höfum hins vegar gagnrýnt það fyrirkomulag sérstaklega og teljum að það frumvarp sem var samþykkt á vorþingi fyrir kosningar, um breytingar um lögum um Ríkisútvarpið, þar sem gert var ráð fyrir annars konar fyrirkomulagi, þar sem ráðherra skipaði formann en síðan mundi sérstök valnefnd gera tillögu um fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins, og að þessari valnefnd stæði í fyrsta lagi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, með fulltrúa í valnefndinni til að tryggja tengingu inn í pólitíkina sem við töldum að ætti að vera til staðar — við höfum alls ekki sagt að hún ætti ekki að vera til staðar. Í öðru lagi samtök listamanna til að tryggja faglega tengingu inn í menningar- og listageirann og í þriðja lagið háskólasamfélagið til að tryggja tengingu inn í akademíska umfjöllun um fjölmiðla-mál. Við höfum að sjálf-sögðu að til standi að breyta því fyrirkomulagi sem var samþykkt hér í vor og þar af leiðandi styðjum við ekki málið eins og kemur fram í nefndaráliiti sem við stöndum að og gerð var grein fyrir í ítarlegu máli við 2. umr. málsins af hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur sem var framsögumaður minni hlutans í málinu.

Ég fagna því að sjá einn hv. þingmann Framsóknarflokksins hér í sal og annan á forsetastóli við þessa um-ræðu. Ég hafði reyndar vissu fyrir því, fyrir ekki löngu, að allmargir þingmenn Framsóknarflokksins væru hér í húsinu í kvöld. Ástæða þess að ég nefni þetta er að ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við framsóknarmenn um þetta frum-varp alveg sérstaklega. Það helgast af því að Framsóknar-flokkurinn stóð að þeim breytingum sem gerðar voru á lög-

unum um Ríkisútvarpið hér í vor. Bæði var það að fulltrúi Framsóknarflokksins þá í allsherjar- og menntamálanefnd þingsins stóð að nefndaráliiti frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar á 141. þingi. Það var þáverandi hv. þm. Sív Friðleifsdóttir sem skrifaði undir það álit og Framsóknar-flokkurinn studdi það frumvarp þáverandi ríkisstjórnar í atkvæðagreiðslu. Enn eru á þingi og í núverandi þingflokki Framsóknarflokksins nokkrir þingmenn sem tóku þátt í þeirri atkvæðagreiðslu og studdu málið.

Ég nefni hv. þm. Ásmund Einar Daðason sem mér þykir nú eiginlega miður, virðulegur forseti, að sé ekki hér í þingsalnum. Ég hafði gert mér vonir um að hann yrði hér í þingsal og tæki þátt í umræðunni um þetta mál. Ég vil einnig nefna hæstv. utanríkisráðherra, Gunnar Braga Sveinsson, sem var hér í umræðum um málið, tók þátt í atkvæðagreiðslunni og studdi frumvarpið. Sömuleiðis hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurð Inga Jóhannsson, sem einnig studdi málið og greiddi atkvæði með því. En auk þess voru hér þingmenn á síðasta lögjafarþingi Sigfús Karlsson, fyrir Framsóknarflokkinn, Sív Friðleifs-dóttir, sem ég hef áður nefnt, og Birkir Jón Jónsson — þau tóku þátt í atkvæðagreiðslum um þetta mál og studdu það; Birkir Jón Jónsson var varaformaður Framsóknarflokksins til skamms tíma.

Það er bagalegt að fá ekki skýringar á því frá þingmönnum Framsóknarflokksins, í þessari umræðu um Ríkisútvarpið, hvað veldur sinnskiptum flokksins í málinu. Hvað veldur því að Framsóknarflokkurinn hefur nú á fáum vikum snúið algjörlega við blaðinu að því er varðar afstöðu sína til þess fyrirkomulags við stjórn Ríkisútvarpsins sem við ræð-um hér í 3. umr.? Við erum, virðulegur forseti, komin í 3. umr. um þetta mál og enn hefur enginn þingmaður Framsóknarflokksins tekið til máls. Ég fletti því upp á vef Alþingis hvernig væri háttáð ræðum framsóknarmanna í þessu máli á þessu þingi og þá kemur í ljós að einn hv. framsóknarmaður kemur fram á ræðulistanum og það er hv. þm. Þorsteinn Sæmundsson, sem nú var að stíga úr forsetastóli. Og hvað var það sem hann hafði að segja um málið í 1. umr.? Jú, hann var þá á forsetastóli og las útbýtingu þingskjala. Það er það eina sem við höfum heyrt frá Framsóknarflokknum. (**Gripjið fram í:** Gerði það vel. ) — Já, hann hefur sjálfsagt gert það mjög vel en ég er ekki viss um að menn hafi orðið mikið betur að sér um afstöðu Framsóknarflokksins til þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar.

Ég kalla eftir því, nú við þessa síðustu umræðu um málið, að framsóknarmenn komi hingað í salinn, fleiri en hv. þm. Willum Þór Þórsson, sem ég þakka fyrir að er hér og hlustar á þessa ræðu. Þá er ég einkum og sér í lagi að hugsa um þá þingmenn sem voru hér á síðasta kjörtímabili í þing-flokknum, og hæstv. forseta, og studdu þá þær breytingar sem lagðar voru til á lögnum um Ríkisútvarpið og höfðu verið lengi í undirbúningi — það hafði verið vandað mjög til undirbúnings þess frumvarps og það unnið í þrýðilega góðri sátt.

Reyndar var það þannig, ef maður lítur nú á Sjálfstæðis-flokkinn, að flestir þingmenn hans sátu hjá í atkvæðagreiðslunni um málið. Þar með talið hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra. Nokkrir þeirra greiddu atkvæði gegn frumvarpinu en flestir í þingflokki Sjálfstæðis-



isflokksins völdu að sitja hjá í málinu. Höfðu sem sagt ekki það sterka sannfæringu gegn því fyrirkomulagi sem þá var lagt til að þeir sæju ástæðu til að greiða atkvæði gegn frumvarpinu heldur sátu hjá. Ég minnst þess ekki að í aðdraganda kosninganna í vor, nýlega eftir að frumvarpið hafði orðið að lögum, að frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins, til að mynda hæstv. núverandi mennta- og menningarmálaráðherra, hefði gert það að sérstöku umtalsefni í kosningabaráttunni að þessum lögum þyrfti að breyta hið fyrsta og hafa hraðar hendur og helst á sumarþingi eins og okkur er boðið upp á í þessu máli nú.

Virðulegur forseti. Þetta harma ég og enn og aftur kalla ég eftir því að einhverjir þingmenn Framsóknarflokksins komi hér upp í þessa umræðu og láti þetta mál ekki fara fram hjá sér. Láti málið ekki einhvern veginn renna sér úr greipum án þess að hafa að minnsta kosti flutt eins og eina eða tvær ræður og gert grein fyrir afstöðu Framsóknarflokksins og af hverju Framsóknarflokkurinn skiptir nú algjörlega um skoðun og gengst inn á þá línu sem hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra leggur hér til.

Ég vil síðan aðeins víkja nokkrum orðum að umfjöllun og gagnrýni sem hefur komið fram úr röðum sjálfstæðismanna á það fyrirkomulag sem var samþykkt í lögumum í vor. Hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sagði meðal annars hér í þingræðu að hann hefði viljað hafa þessa pólitísku tengingu algjörlega skýra og ábyrgðina og þess vegna ætti að velja allt útvarpsráðið hér á Alþingi. Hann lét jafnvel að því skína að þegar honum hefðu borist tilnefningar frá tilnefningaráðilum samkvæmt gildandi lögum hefði hann tekið ákvörðun um að flytja þetta frumvarp. Nú er ég ekki alveg viss um að það hafi verið nákvæmlega í þeirri röð en alla vega féllu þessi orð.

Ég rek síðan augun í að einn hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem nú er genginn í salinn, hv. þm. Brynjar Níelsson, skrifar grein á bloggsíðu sína í dag undir heitinu: Fagmennska ef það er rétta fólk. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Nokkrir stjórnarandstöðuþingmenn eru með böggum hildar yfir því að ríkisstjórnin ætli að herða á pólitísku valdi yfir Ríkisútvarpinu.“ — Staðfestir það sem sagt að herða eigi pólitískt vald yfir Ríkisútvarpinu. — „Þetta er sama fólk og tilnefndi í stjórn Ríkisútvarpsins fólk úr innsta kjarna sinna flokka þegar það fór með völdin. Á sama tíma tilnefndi Sjálfstæðisflokkurinn fagmann úr lista- og menningargeiranum sem enginn kannast við að hafa séð í Valhöll.“

Í þessu sambandi vil ég geta þess að Vinstri hreyfingin — grænt framboð tilnefndi reyndan fjölmiðlamann til setu í stjórn Ríkisútvarpsins sem ekki kom úr innsta kjarna flokksins svo að það sé líka sagt og því haldið til haga. (Gripið fram í.) Áfram segir í greininni, með leyfi forseta:

„Svo var lögumum breytt í tíð síðustu stjórnar til að fá hina „ópólitísku“ Kolbrúnu Halldórsdóttur í stjórn Ríkisútvarpsins. Hafi einhver áhuga á að festa Ríkisútvarpið í pólitíska fjötra eru það núverandi stjórnarandstöðuflokkar.“

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. þm. Brynjar Níelsson veitist hér með ómaklegum hætti að fyrrverandi þingmanni, Kolbrúnu Halldórsdóttur, sem er forseti Bandalags íslenskra listamanna, átti langan feril sem listamaður áður en

hún tók sæti á Alþingi og hefur algjörlega hætt afskiptum af stjórn málum eftir að hún lét af störfum sem þingmaður og tók við áður nefndu embætti og er valin af hópi listamanna til að taka sæti í stjórn Ríkisútvarpsins eftir gildandi lögum.

Virðulegur forseti. Ég verð að mótmæla harðlega þeim orðum sem hv. þingmaður lætur frá sér fara í grein sinn á bloggsíðunni 2. júlí 2013 kl. 09.36. Mér finnst þetta ómaklegt og mér finnst að þingmaðurinn ætti að biðja þingmanninn fyrrverandi, Kolbrúnu Halldórsdóttur, afsökunar á þessu.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki að það fjölgi mikið framsóknarmönnum í þessum sal — kannski einn sem hefur bæst í salinn frá því áðan. Ég ítreka að mér finnst það sjálf-sögd kurteisi að svona stór og myndarlegur þingflokkur, eins og Framsóknarflokkurinn er orðinn eftir síðustu kosningar, láti svo lítið að koma og gera grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli, gera grein fyrir þeim sinnaskiptum sem orðið hafa á afstöðu flokksins frá því fyrir nokkrum vikum þegar hann studdi þær breytingar sem voru gerðar á stjórnarfrumkomulagi Ríkisútvarpsins og á lögumum um Ríkisútvarpið frá því í mars síðastliðnum og fram að þeim tíma að hann tekur nú sæti í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og tekur þátt í að gera þær breytingar sem hér eru lagðar til.

[22:38]

### Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið er ein af mikilvægustu stofnunum samfélagsins og hefur sérstöku hlutverki að gegna varðandi lýðræðishlutverkið, þ.e. að flytja óháða fréttaumfjöllun, miðla íslensku menningu af fjölbreytilegu tagi og hafa forustu á sviði innlendrar dagskrágerðar. Þetta hlutverk hefur alltaf verið fyrir hendi en lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins er enn þýðingarmeira nú fyrir íslenskt samfélag eftir allt það sem á undan er gengið í þjóðfélaginu.

Margir telja að tilveruréttur ríkisfjölmiðla í framtíðinni muni byggjast á því að þeir tryggji almenningi hlutlæga og áreiðanlega fjölmiðlaþjónustu. Þetta á sérstaklega við þegar framboð misáreiðanlegra upplýsinga á netinu eykst síffellt. Skilin milli hlutdrægra upplýsinga og fréttar verða óljósari þar sem upplýsingar og fréttir eru beinlínis taldar vera verslunarvara.

Sú tillaga sem er í núgildandi lögum um valnefnd sem síðan skipar fulltrúa í stjórnina er til mikilla bóta fyrir lýðræðið. Hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hefur talað um að eðlilegt sé að Alþingi skipi stjórnina til að tryggja gegnsæi. Ég spyr mig: Las ráðherrann ekki rannsóknarskýrslu Alþingis? Í þeirri miklu skýrslu var samþjöppun valds og spillingar dregin fram í dagsljósið og meðal annars rakið að hið pólitíska vald og einræði væri hluti af því að kerfið brást.

Það kemur einnig fram í 8. bindi rannsóknarskýrslunnar þar sem fjallað er um íslenska fjölmiðla fyrir hrun og segir þar, með leyfi forseta:

„Öflugir sjálfstæðir fjölmiðlar skapa þannig forsendur fyrir upplýsta almenna umræðu sem er grundvallaratriði í lýðræðisríki. Meginkrafan sem gera verður til fjölmiðla varðar faglega framsetningu fréttar, hlutlægni þeirra og sanngírni.“

Í því frumvarpi sem samþykkt var hér ekki fyrir alls

löngu er sú skylda lögd á herðar Ríkisútvarpinu að það sjái til þess að útsendingar þess nái til allra landsmanna án tillits til búsetu og efnahags og er það eini fjölmiðillinn sem býr við þá kvöð. Þá er kveðið á um að dagskráreftni þess skuli vera fjölbreytt og að stjórn Ríkisútvarpsins móti dagskrárstefnu til lengri tíma. Í því felst að hún taki í stórum dráttum afstöðu til þess hvornig eigi að koma til móts við þarfir og óskir notenda um fjölbreytt og gott efnisframboð án þess að hafa afskipti af einstökum dagskrárliðum.

Við vitum að einhæft framboð í fjölmiðlum verður til þess að hætta er á að þeir missi gildi sitt og sérstöðu og nái ekki til fjöldans.

Við samningu núgildandi laga var miðað við þá grundvallarforsendu að hverju lýðræðissamfélagi sé nauðsynlegt að reka fjölmiðil sem á engan hátt þarf að gæta neinna annarra hagsmuna en þeirra að stuðla að upplýstri umræðu af hlutlægni.

Þau lög sem voru sett á vordögum eru til þess fallin að efla lýðræðislega starfshætti RÚV. Þar er tónninn gefinn um þá forsendu að opinbert félag sem á að gegna veigamiklu hlutverki við að efla og viðhalda lýðræðinu í landinu verði þar af leiðandi að starfa með lýðræðislegum hætti. Með því verður dreifing ábyrgðar og samráð um dagskrána með aðkomu starfsmanna og notenda eðlilegt.

Ef við tryggjum ekki sjálfstæði Ríkisútvarpsins erum við um leið að koma í veg fyrir getu þess til að sinna hlutverki sínu sem fjölmiðlaþjónusta í almannapágu, fjölmiðlaþjónusta sem á að vera fær um að veita stjórnvöldum á hverjum tíma nauðsynlegt aðhald, vera vettvangur skoðana-skipta og vera í aðstöðu til að geta sett á dagskrá málefni sem stjórnvöldum eða öðrum aðilum gæti mislíkað. Eitt helsta markmið frumvarpsins sem samþykkt var í vor var að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins gagnvart hinu pólitíska valdi.

Vel var vandað til verka er varðar þá tillögu sem hér á að reyna að breyta. Starfshópur skilaði, eftir góða yfirlegu, tillögu að fyrirkomulagi við val á stjórn Ríkisútvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að ráðherra menningarmála tilnefni einn fulltrúa sem verði formaður stjórnar. Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni einn fulltrúa í stjórn en aðrir stjórnarmenn, fimm að tölu, verði tilnefndir af svokallaðri valnefnd sem er skipuð fulltrúum Alþingis, Bandalags íslenskra listamanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Það er ekki eins og hið pólitíska vald sé án algerra afskipta. Hér virðast menn hins vegar vilja hafa hina pólitísku krumlu, þessa bláu hönd, allsráðandi (Gripíð fram í.) og telja sig mun hæfari til að stýra þessari mikilvægu stofnun. Ég tel það ekki forgangsatíði, hv. þm. Birgir Ármannsson, að Sjálfstæðisflokkurinn eða Framsóknarflokkurinn hafi meirihlutavald í RÚV. Það er mín skoðun. (BÁ: Hvað er ...?) Ég bið hv. þingmann að fara í pontu og ræða við mig þannig. (Gripíð fram í: Hvernig er reglan núna?)

Þetta er enn eitt dæmið um afturhvarf til fortíðar af hálfu núverandi hægri stjórnar, við ætlum að hafa töglin og hagldirnir í samfélaginu hvar sem því verður viðkomandi, sú er meiningin. Svo talar fólk um samvinnu og samráð. Ég get ekki séð að því sé fyrir að fara í því mikla forgangsmáli sem hér er á ferðinni hjá hæstv. mennta- og menningar-málaráðherra.

Virðulegi forseti. Samsetning valnefndarinnar er ekki út í bláinn. Hlutverk hennar samkvæmt frumvarpinu tryggir að til stjórnarsetu veljist fólk sem hefur fullnægjandi þekkingu á þeim sviðum sem varða rekstur og starfsemi Ríkisútvarpsins og ekki síst meginmarkmiðum þess. Við erum ekki ein um slíkt fyrirkomulag og getum meðal annars horft til nággranna okkar sem bentu á að mjög mikilvægt væri að í stjórn almannaþjónustumiðils sæti góð samsetning af fólki þar sem ekki væri einhæf reynsla undir, heldur kæmi saman ólík þekking og hæfni sem mundi nýttast til þess að skipa stjórn eins og best yrði á kosið.

Allar umsagnir sem allsherjar- og menntamálanefnd bárust voru neikvæðar nema ein — og það má velta því fyrir sér hvers vegna útvarpsstjóra þyki í lagi að starfsmenn hans hafi ekki aðkomu að stjórn. Í umsögn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Með setningu laga nr. 23/2013, um stjórn Ríkisútvarpsins og skipan hennar, var það talið til bóta að fulltrúi starfsmanna fengi sæti í stjórn, til að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta starfsmenn fyrirtækisins. Með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er ljóst að þessum endurbótum verður snúið við. Það harmar stjórn Starfsmannasamtakanna og bendir enn fremur á að nú þegar er búið að kjósa fulltrúa starfsmanna í stjórn Ríkisútvarpsins, samkvæmt gildandi lögum.“

Fagleg sjónarmið og rök virðast skipta litlu hjá hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Mér finnst og ég tel það skipta miklu máli í nútímaþjóðfélagi að starfsmenn sitji í stjórninni, jafnvel þótt þeir hafi þar ekki atkvæðisrétt, sem ég tel reyndar ekki heppilegt, en hafi þar málfrelsi og tillögurétt sem er afar mikilvægt og eiginlega með ólíkindum að starfsfólki RÚV sé boðið upp á þessa vitleysu.

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna gagnrýnir einnig frumvarpið og þar segir, með leyfi forseta:

„Það að skipa pólitíska stjórn með slíkt hlutverk er fáheyr og brýtur í bága við öll megin sjónarmið í nággranna löndum okkar, þar sem áhersla er lögd á eldvegg milli hins pólitíska valds og dagskrárvalds ríkisfjölmiðils. Það sjónarmið, hins vegar, að efla dagskrárlegt vald stofnunarinnar er komið til af þeirri þörf að stofnunin standi sterk faglega og að stjórn hennar sé komin undir hæfum einstaklingum á fjölbreytilegum sviðum menningar, en ekki bara einum útvarpsstjóra.“

Það skýrir kannski viðhorf útvarpsstjóra. Ekki veit ég það.

Framlagning þessa frumvarps nú er enn merkilegra í ljósi þess að við atkvæðagreiðslu um frumvarpið í vor, eins og hér var rakið áðan, greiddu 35 atkvæði með samþykkt þess og einungis fjórir voru á móti. Sú breyting sem hér er verið að leggja til stefnir í hættu því lýðræðislega, menningarlega og samfélagslega hlutverki sem Ríkisútvarpinu er ætlað.

Virðulegi forseti. Við eigum að draga lærdóm af því sem kom fram í rannsóknarskýrslu Alþingis og, með leyfi forseta, kemur þar fram:

„Leita verður leiða til að efla sjálfstæða og hlutlæga fjölmiðlun með því að styrkja bæði fagleg og fjárhagsleg skilyrði fjölmiðlunar.“

Ég tel að með því frumvarpi sem var samþykkt í vor

höfum við stigið stór skref og tekið á þeirri niðurstöðu og þeim athugasemdum sem lagðar voru til í skýrslunni. Því treysti ég því að í áframhaldi þessa máls snúi ríkisstjórnin af þessari braut, finni hjá sér einhvern annan tilgang en þessi pólitísku yfirráð. Mér finnst þetta ekki vera neitt annað og það hefur komið fram í umræðunni. Það hefur líka komið fram í gagnrýni og athugasemdum.

Það er líka afar áhugavert að velta því fyrir sér hversu mikið fyrrverandi þingmaður Vinstri grænna er dreginn inn í þetta og ég velti því fyrir mér ef einhver annar hefði verið formaður Bandalags íslenskra listanna hvort umræðan hefði verið með öðrum hætti, þ.e. að þá hefði verið horft til faglegra sjónarmiða og þekkingar þeirrar sem þar er rætt um frekar en hvar hún stóð í pólitík.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta í þessari umræðu en vona, eins og ég segi, að ríkisstjórnin beri gæfu til að snúa af þessari leið sem hér er lögð til.

[22:49]

### Össur Skarphéðinsson (Sf):

Frú forseti. Ég ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir því að þó að ég sé harðlega andsnúinn þessu frumvarpi hæstv. ríkisstjórnar hefur það eigi að síður í einu veigalitlu atriði breyst til batnaðar. Það varðar stöðu starfsmanna. Ég átti orðastað við hv. þm. Vilhjálm Árnason fyrir í þessari umræðu og einnig við hæstv. menntamálaráðherra. Ég sagði mjög skýrt að það yrði alla vega til að lægja öldur í kringum frumvarpið ef hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins drægjust á að ræða millum umræðna hvort unnt væri að gera hlut starfsmanna örlítið veigameiri. Hv. þm. Vilhjálmur Árnason tók vel í það og saman tel ég að við höfum haft áhrif á hæstv. menntamálaráðherra sem í þeirri umræðu féllst á að það yrði tekið aftur til umræðu í nefndinni. Það var gert og fyrir liggur þá að minnsta kosti sú breytingartilaga frá meiri hluta ríkisstjórnarinnar að starfsmenn fái áheyrnaráðild. Það skiptir máli. Það breytir ekki afstöðu minni til frumvarpsins en ég vil alla vega þakka fyrir að menn hafi að minnsta kosti hlustað á rökin sem fyrir því voru færð. Ég tel að það sé snöggtum til bóta að starfsmennirnir hafi þau áhrif og að það veiti tilvonandi stjórn Ríkisútvarpsins ákveðið aðhald.

Hins vegar verð ég líka að segja, og hryggja hv. þm. Árna Þór Sigurðsson, að ég er honum ósammála þegar hann ræðst harkalega á þá þingmenn Framsóknarflokksins sem þó sitja undir þessari umræðu. Nota bene, þeir eru allir nýir. Það er ekki hægt að áfella þá fyrir það að Framsóknarflokkurinn hefur algjörlega skipt um skoðun í þessu máli. Hins vegar er hægt að áfella aðra þingmenn Framsóknarflokksins sem á sínum tíma fetuðu ekki einu sinni þá slóð sem núverandi hæstv. menntamálaráðherra gerði, hann sat hjá eins og kunnugt er. Framsóknarflokkurinn studdi málið. Ég held að það séu einn eða tveir núverandi ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn sem studdu málið og einn þeirra flutti málið á sínum tíma, muni ég rétt. Framsóknarflokkurinn skuldar því skýringu á viðsnúningnum og þá er ég að tala um gamla Framsóknarflokkinn. Mér finnst það heldur óviðeigandi, jafnvel óviðkunnanlegt, að hv. þingmenn Framsóknarflokksins láti þessa umræðu að öllu leyti fram hjá sér fara án þess að skýra sinnaskiptin.

Hvorki þeir né hæstv. núverandi menntamálaráðherra létu þetta mál sig nokkru varða í aðdraganda kosninganna. Um þetta var ekki kosið. Eigi að síður verð ég að segja að það er nauðsynlegt að heill stjórnarmálflokkur, sem svo skyndilega breytir um afstöðu í máli sem hefur alltaf varðað hann mjög mikið skýri breytinguna. Framsóknarflokkurinn hefur alltaf tekið sig mjög sterklega að Ríkisútvarpinu og stundum staðið vörð um hagsmuni þess. Í því ljósi er eðlilegt að flokkurinn sé krafinn skýringa. Ef ég væri í sporum jafn harðvítugs baráttumans og andstæðings þessa frumvarps og hv. þm. Árna Þór Sigurðsson er mundi ég krefjast þess að þessari umræðu yrði ekki slotað öðruvísi en að þeir kæmu hingað og gerðu grein fyrir máli sínu.

Hv. þingmaður leitaði ýmissa skýringa á því af hverju Framsóknarflokkurinn taki ekki til máls. Ég held að skýringin liggja algjörlega í augum uppi. Framsóknarflokkurinn skammast sín í þessu máli. Ástæðan fyrir því er sú sem ég nefndi hér áðan að Framsóknarflokkurinn hefur alltaf verið í röðum hollvina Ríkisútvarpsins. Hann hefur viljað halda því sem öflugum ríkismiðli, hann hefur algjörlega andæft þeim skoðunum sem hafa heyrst, ekki síst hjá hinum nýrri armi Sjálfstæðisflokksins, að Ríkisútvarpið ætti hugsanlega að leggja niður. Mér hefur stundum vírst að hv. þm. Brynjar Nielsson til dæmis sé skuggalega nærri þeirri skoðun og ef ég hef rangt fyrir mér þá er ég viss um að hann leiðréttir mig hérna.

Ástæðan fyrir því að þetta er niðurstaðan millum stjórnarflokka er auðvitað hrossakaup. Þegar við horfum yfir sögu Sjálfstæðisflokksins — og þetta veit ég að hv. þm. og þingflokksformaður Ragnheiður Ríkhardsdóttir kannast vel við — þá hefur það alltaf verið úrslitakrafa hjá Sjálfstæðisflokknum í öllum stjórnarmyndunum, og ég hef myndað stjórn með Sjálfstæðisflokknum, að komast yfir menntamálaráðuneytið. Ástæðan er ekki síst sú að þeir hafa jafnan talið það mjög mikilvægt til þess að geta haft sem mest tök á Ríkisútvarpinu. Þannig er saga Sjálfstæðisflokksins. Það er hægt að fara yfir hana, þó að ég ætli ekki að gera það í þessari ræðu og sýna fram á það, með því að vísa í söguleg dæmi, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið sitt eigið fólk í lykilstöður, jafnvel undirbúið það vel og stundum jafnvel flæmt fólk vegna skoðana sinna frá Ríkisútvarpinu. (Gripið fram í.) — Jóhann heiti ég Hauksson.

Dæmin eru því miður til staðar. Ef við skoðum sögu lýðveldisins okkar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið í 51 af 69 árum í ríkisstjórn og hann hefur alltaf lagt allt kapp á að komast í menntamálaráðuneytið til að ná pólitískum tökum á Ríkisútvarpinu. Það er akkúrat það sem er að gerast hér núna. Það vill svo til að í þessum þingsal situr nú einn af hinum nýju þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem er ærlegri en margir aðrir í þeim röðum. Hann hefur farið giska langt með að segja þetta hreint út. Hv. þm. Brynjar Nielsson hefur skrifað og sagt nokkuð skýrt að því betra sé Ríkisútvarpið sem færri vinstri menn séu þar starfandi. Hann segir það upphátt sem forusta Sjálfstæðisflokksins hvíslar sín á milli.

Þetta eru hrossakaupin. Sjálfstæðisflokkurinn, við myndun þessarar ríkisstjórnar augljóslega eins og svo oft áður, lagðist á þessa sveifina og hefur fengið Framsóknarflokkinn til að fallast á þessa skipan mála þó að ekki séu

liðnir nema röskir þrír mánuðir frá því að Framsóknarflokkurinn fylgdi allt öðru viðhorfi og allt annarri stefnu. Það var kannski fyrst og fremst þetta sem ég vildi bæta við, fyrir utan að segja að þakka ber það sem hefur batnað, að ég væri ánægður með það tillit sem tekið er til starfsmanna. Ef hv. þm. Árni Þór Sigurðsson er eftir alla sína þátttöku í pólitík svo grænn að hann skilji ekki að þetta er málið, þetta er ástæðan, þá er ég hissa á hv. þingmanni. Ef þetta er rangt hjá mér þá veit ég að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, ef þeir treysta sér til að mótmæla þessum fullyrðingum mínum, koma hingað og hafna þeim. Ef þeir gera það ekki tel ég að sú þögn sé í reynd yfirlýsing um samþykki á mínu máli. Kemur það svo mönnum eins og hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni eða öðrum í þessum sal á óvart að Framsóknarflokkurinn láti kúga sig í þessu máli? Nei.

Ef við horfum yfir sögu þessa sumarþings og þeirra mála sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram blasir það við í hverju málinu á fætur öðru að Framsóknarflokkurinn hefur verið beygður. Framsóknarflokkurinn fór til dæmis ekki fram með nokkru offorsi í veiðigjaldsmálinu sem við höfum rætt hér í nokkra daga. Það er að vísu svo að hingað kom í pontu einn af þingmönnum Framsóknarflokksins og játaði það ærlega að hann liti svo á að hann væri hér staddur sem fulltrúi útgerðarmanna, en ef maður skoðar stefnu Framsóknarflokksins í kosningabaráttunni þá kom þetta hvergi fram. Ef maður rýnir til dæmis ályktanir landsfundar Framsóknarflokksins þá er hvergi að sjá neitt í þeim sem bendir til þess að það sé eitthvert kappsmál hjá Framsóknarflokknum að reyna að lækka veiðigjaldið. En það var kappsmál hjá einum flokki. Það var einn flokkur sem sagði þetta aftur og aftur í kosningabaráttunni, sem í sumum kjördæmum setti lækkan veiðigjalds á oddinn. Það var Sjálfstæðisflokkurinn.

Við getum líka borið saman yfirlýsingar hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hér á dögnum rétt eftir myndun ríkisstjórnarinnar og efnid þeirra. Hún gaf ansi skýr loforð um hvers eðlis þau frumvörp yrðu sem hún hygðist leggja fram til að taka aftur þær skerðingar sem fyrri ríkisstjórn var nauðbeygð til að ráðast í beint bak efnahagshruninu. Nú, við vissum það og áttum um það orðastað, ég og hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, af hverju það frumvarp kom svo seint fram. Ástæðan var sú ein að Sjálfstæðisflokkurinn lagðist gegn frumvarpinu eins og hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra vildi leggja það fram á sínum tíma. Það var það sem dvaldi orminn langa töluvert lengi í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins. Þegar upp var staðið og frumvarpið kom fram kom í ljós að í því föst minna en helmingurinn sem þurfti til að efna þau loforð sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hafði lagt fram.

Ég styð eigi að síður það frumvarp og finnst það jákvætt, það er þó skref. En loforðið var öðruvísi. Við þekkjum líka hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra af störfum hennar hér í þinginu. Við vitum alveg hversu einörð hún er í því og hversu mikill styrkur er í hennar huga á bak við yfirlýsingar hennar um að bæta kjör aldraðra og öryrkja. En það varð ekki af fullum efnidum, sem aftur undirstrikar þá niðurstöðu sem ég lyfti hér áðan að forusta Framsóknarflokksins hafi einfaldlega ekki nægilega styrk hné þegar

hún stendur andspænis Sjálfstæðisflokknum. Það er að koma fram munstur hér í hverju málinu á fætur öðru. Hæstv. fjármálaráðherra, formanni Sjálfstæðisflokksins, sem nú er nánast genginn í salinn, tekst einfaldlega að svínbeygja Framsóknarflokkinn í hverju málinu á fætur öðru. Og hvað er það sem Framsóknarflokkurinn fær í staðinn? Jú, hann fær að leggja fram tillögu um sitt helsta kosningamál, skuldaniðurfærslu, þar sem hæstv. fjármálaráðherra leyfir hæstv. forsætisráðherra allra náðarsamlegast að setja á fót nokkrar nefndir. Og hæstv. fjármálaráðherra ætla svo af sinni miklu miskunn og mildi að leyfa sérfræðingum sínum að skoða þar ákveðnar niðurstöður. En við vitum það hins vegar að hinir ungu Tyrkir — eða við skulum frekar segja með tilliti til aldurs viðkomandi, hinir nýju Tyrkir þingflokks Sjálfstæðismanna, eins og hv. þm. Brynjar Níelsson, hv. þm. Vilhjálmur Bjarnason og nokkrir aðrir, hafa lagt algjörlega þvert gegn þeirri niðurstöðu sem hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að hann vilji fá út úr málinum.

Frú forseti. Því segi ég það að skýringin á því að Framsóknarflokkurinn treystir sér ekki til að koma hingað í ræðustólinn og verja það að hann hefur algjörlega skipt um skoðun er sú að hann hefur látið þína sig til hrossakaupa um öll mál nema eitt og það var þingsályktunartillaga hæstv. forsætisráðherra þar sem honum er skammtað ákaflega naumt úr hnefa. Það sem hann fær í staðinn fyrir þetta, að leggjast á hnén fyrir forustu Sjálfstæðisflokksins, er að fá sín mál skoðuð í nokkrum nefndum. Það er ástæðan fyrir skoðanaskiptum Framsóknar í því máli sem við ræðum.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri, ég tel að hún sé nú þegar orðin fulllög fyrir eyru og hlustir hv. þingmanna Framsóknarflokksins. En ég vil taka undir áskorun hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar til þeirra þingmanna Framsóknarflokksins sem hér voru á dögum fyrir kosningar að þeir komi og geri hreint fyrir sínum dyrum. Að þeir geri að minnsta kosti tilraun til að færa einhvers konar vísi að málefnalegum rökum fyrir þeim sinnaskiptum sem hafa orðið á afstöðu þeirra og eru snöggum dýpri en þau sem Sál varð fyrir þegar hann var leiftri lostinn á leiðinni til Damaskus forðum.

[23:03]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):

Frú forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék nokkrum orðum að mér og ræðu minni áðan og ég tel nauðsynlegt að bregðast aðeins við því sem hv. þingmaður sagði. Ég var að gagnrýna að Framsóknarflokkurinn hefði ekki komið og gert grein fyrir sinnaskiptum sínum í málinu og vék einhverjum orðum að þeim hv. þingmönnum Framsóknarflokksins sem voru í salnum sem eru nýir þingmenn. Nú þætti mér gott að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýddi á mál mitt þannig að hann hefði tækifæri til þess að bregðast við þar sem ég er í andsvari við hv. þingmann. Ég vék nokkrum orðum að Framsóknarflokknum og þeim sem voru í salnum sem voru allt nýir þingmenn og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að það ætti að krefja gamla Framsóknarflokksins svara. Ég lít ekki svo á að Framsóknarflokkurinn á þessu kjörtímabili sé einhver annar en sá sem var hér á síðasta kjörtímabili. Það er ekkert gamli Framsóknarflokkurinn sem var hér á síðasta kjörtímabili, það er

að sjálfsögðu sami Framsóknarflokkurinn og hann á að svara fyrir þessi skoðanaskipti sín.

Síðan spurði hv. þingmaður hvort ég gerði mér ekki grein fyrir því að það væri pólitík hjá Sjálfstæðisflokknum að vilja yfirráð yfir Ríkisútvarpinu. Jú, að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því og hv. þingmaður sagði að það hefði verið markmið hjá Sjálfstæðisflokknum í hverri ríkisstjórn sem hann færi í að fá menntamálaráðuneytið. Það er örugglega alveg rétt en það undrar mig þá að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem í tvígang hefur myndað ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum, 1991 og 2007, skyldi láta Sjálfstæðisflokknum eftir menntamálaráðuneytið þegar hann vissi svo glöggst hver tilgangur þeirra væri með að ná yfirráðum yfir því ráðuneyti.

[23:05]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Hér er nú hugsanlega að skapast vík á milli vina. Ef það á að ásaka mig fyrir að hafa átt einhvern þátt í því að hafa myndað ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum árið 1991 þá frábið ég mér þess. Hv. þingmaður á að vita það ef hann hefur stúderað söguna að það voru þrír þingmenn í þeim þingflokki, allir nýir, allir með einlægni og heiðarleika í hjarta sem fylgdu sannfæringu sinni og það fóru þrjár hendur á loft í nei-i í þingflokki Alþýðuflokksins þegar lögð var fram tillaga um myndun þeirrar ríkisstjórnar. Ég átti eina þeirra handa. Að öðru leyti tel ég að hv. þingmaður hafi í ræðum sínum horft fullþröngt nær sér og flokki sínum. Það er alveg rétt að einn af hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hefur opinberlega orðað það, að minnsta kosti á prenti, að lítil þörf væri á því að fá forseta Bandalags íslenskra listamanna í valnefndina og sá hv. þingmaður kemur nú í gættina. Ég held ekki að það sé ástæðan fyrir þessu frumvarpi heldur að hin almenna ástæða sé sú, ekki að losna við fyrrverandi þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur úr nefndinni heldur að ná hreðjatökum á stjórn Ríkisútvarpsins. Gera það einfaldlega með þessu samkomulagi við Framsóknarflokkinn sem er augljóst, mun að sjálfsögðu skipa fulltrúa sem eru leiðitamir forustu flokkanna beggja. Það var tilgangurinn og ekkert annað.

Að öðru leyti gangast allir menn við syndum sínum, að minnsta kosti þegar þeir eru komnir á minn þingaldur, og ég skal fúslega taka á mig ábyrgðina að hafa samið um ríkisstjórn við Sjálfstæðisflokkinn ásamt þáverandi formanni Samfylkingarinnar árið 2007. Hinu neita ég alfarið.

[23:07]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég fagna frá innstu hjartans rötum þessari yfirlýsingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi ríkisstjórnarmyndunina 1991 og tek mjög gott og gilt það sem hann segir í því efni og dreg það að sjálfsögðu ekki í efa. Að því er varðar hvort verið er að líta of þröngu sjónarhorni á þetta mál séð frá mínum flokki tel ég það alls ekki vera. Ég tel reyndar, og get verið sammála þingmanninum í því, að það sé sjálfsagt ekki það sem vakir einkum og sér í lagi fyrir Sjálfstæðisflokknum að hv. fyrrverandi þingmaður, Kolbrún Halldórsdóttir, er formaður Bandalags íslenskra listamanna. Ég held að þetta sé aðeins djúpstæðara en svo

hjá Sjálfstæðisflokknum. Ég vakti máls á því sem hv. þm. Brynjar Níelsson skrifaði í grein sinni vegna þess að mér fannst það vera ómakleg aðför að þeim hv. fyrrverandi þingmanni og vildi gera athugasemd við það. Ég hvatti hv. þm. Brynjar Níelsson til þess að biðjast afsökunar á þeim ummælum sínum og ég vona að hann geri það í ræðu í þessu máli.

[23:08]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Ég held að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af hv. þingfélagi sínum og þingbróður, Brynjari Níelssyni. Mér sýnist að Sjálfstæðisflokkurinn sé búinn að taka hann sömu tókum og Framsóknarflokkurinn hæstv. sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra. Það er búið að líma fyrir munninn á þeim ágæta manni. Hann er hættur að tjá sig með þeim skýra og skelegga hætti sem ég og fleiri höfðum gaman af.

En það má þó segja um hv. þm. Brynjar Níelsson að þegar hann á annað borð treystir sér til að fara gegn forustu flokksins og segja það sem í hjarta hans býr er hann miklu ærlegri en forstan sjálf. Hv. þingmaður segir hreint út að hann telji að Ríkisútvarpið batni eftir því sem vinstri mönnum fækki þar. Það vill svo til að ég er þveröfugrar skoðunar. Hann þorir að segja þetta. Sjálfstæðisflokkurinn upp til hópa hugsar það og hvíslar því sín á milli. Þetta er ærlegt viðhorf, en það er rangt og það er ómálefnalegt, ég er á móti því. Ég segi það hins vegar, frú forseti, að margur útvarpsmaðurinn sem er fullhallur að sumra smekk undir Sjálfstæðisflokkinn skilar eigi að síður fínu starfi og ég treysti öllum mönnum til góðra verka á meðan þeir eru ráðnir á faglegum forsendum.

Ég var að reyna að sýna hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fram á, sem mér finnst fullglámskyggn á fortíðina og jafnvel of auðtrúa á stundum, með dæmum að Sjálfstæðisflokkurinn bæði hrekur úr starfi fjölmiðlamenn sem honum finnst óþægir í taumi og reynir að koma í veg fyrir að slíkt fólk nái fótfestu þar, eins og sagan sýnir, með því að ráða menn sem, eins og var orðað hér í fyrri umræðu, eru í lagi. Og hverjir eru í lagi? Jú, menn eru í lagi ef þeir hafa flokks-skírteini frá Sjálfstæðisflokknum og fullkomnir ef þeir hafa líka unnið í Valhöll. Þetta sýnir sagan.

[23:10]

#### **Brynjar Níelsson (S):**

Hæstv. forseti. Ég varð auðvitað að koma í ræðustól vegna þess að menn beindu mjög mikið orðum að mér og kannski mest til umræðu og þess sem ég sagði þar, sem skipti að vísu engu máli í umræðunni á sínum tíma. Aðalatriðið í umræðunni er, og ég fjallaði um það í ræðu minni um þetta frumvarp fyrir nokkrum dögum, að ég tel hugmyndir um að Alþingi komi sem minnst að eða pólitíkin komi sem minnst að Ríkisútvarpinu vera í andstöðu við grundvallarreglur um ábyrgð. Hverjir bera ábyrgð á stofnunum? Það eru auðvitað eigendur og þeir sem bera ábyrgð samkvæmt stjórnarskránni. Um það var ég að fjalla. Ég lét að vísu flakka í leiðinni, í aukasetningu, af því að ræðumenn stjórnarandstöðuflokkanna voru sífellt að ýja að því að Sjálfstæðisflokkurinn væri hér að reyna að koma mönnum

um sínum að, að ég teldi að auðvitað væri betra að ekki væru of margir vinstri menn í RÚV. Það á svo sem við um allar stofnanir og samfélagið í heild sinni, að ekki séu of margir vinstri menn þar, ráði miklu. Þetta er bara skoðun manna okkar og það þarf ekkert að fela hana, enda sagðist hv. þm. Össur Skarphéðinsson vera á fullkomlega öndverðum meiddi og þá má túlka það þannig að hann vilji helst hafa sem fæsta hægri menn. (Gripið fram í.)

Umræðan á auðvitað að snúast um hvaða fyrirkomulag á að vera á ríkisfyrirtækjum og stofnunum. Þetta snýst um það. Hér hefur öll umræðan þvælst út í það að Sjálfstæðisflokkurinn ætli að fara að setja flokksgæðinga sína inn. Hvaða ástæðu höfum við til þess að ætla það? Hvernig var þetta síðast þegar skipað var eftir gildandi lögum? Hvern tilnefndi Sjálfstæðisflokkurinn? Var það flokksgæðingur? Nei, það var fagmaður. En hverja tilnefndu stjórnarandstöðuflokkarnir, sem núna eru í stjórnarandstöðu? (Gripið fram í.) Það var Björg Eva Erlendsdóttir, ritstjóri málgagns VG sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson taldi vera nánast ótengda flokknum og hinn stjórnarandstöðuflokkurinn, Samfylkingin, var það ekki Margrét Frímansdóttir, fyrrverandi formaður flokksins? (Gripið fram í: Nei.) Eða einhvern tíma. (Gripið fram í: Ekki í Samfylkingunni.) Jæja forvera, og var í Samfylkingunni. Um hvað eru menn að tala hér? Um að Sjálfstæðisflokkurinn sé að koma flokksgæðingum sínum inn?

Þetta eru allt einhver öfugmæli. Það skiptir menntamálaráðherra auðvitað máli, það skiptir Alþingi máli að það veljist gott fólk til að stjórna RÚV. Fólk sem hefur þekkingu og reynslu, ekki einhverjir flokksgæðingar. Það er engu meiri trygging fyrir því að svo verði fari tilnefningar eitthvað út í bæ, ef aðrir sjá um þetta, vegna þess að auðvitað er það ráðherra og Alþingi sem á endanum bera ábyrgð á þessu, ekki Bandalag íslenskra listamanna. Það mun aldrei bera ábyrgð á einu né neinu í þessu. Þetta er grundvallaratriðið. Þess vegna vil ég sjálfur að þeir sem bera ábyrgð samkvæmt stjórnarskránni á stofnunum ríkisins ráði og skipi í stjórnir. Þetta er grundvallaratriðið en öll umræðan snýst um að hér eigi að fara að troða einhverjum flokksgæðingum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í stjórn RÚV. Það hefur aldrei staðið til og við höfum enga ástæðu til þess að ætla það, að minnsta kosti ekki miðað við síðustu skipun. Ég hefði miklu meiri áhyggjur af stjórnarandstöðuflokkunum í því.

Svo veltir maður fyrir sér: Af hverju Bandalag íslenskra listamanna? Af hverju ekki Íþróttasamband Íslands? Íþróttir eru sennilega vinsælasta efnið. Af hverju ekki Landsbjörg? Er ekki RÚV svo mikið öryggistæki? Eða Blaðamannafélagið? Ég er fullur tortryggni gagnvart þessu fyrirkomulagi. Hver var forseti og er forseti Bandalags íslenskra listamanna? Er það ekki Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi þingmaður flokksins? Af hverju erum við í Sjálfstæðisflokknum alltaf sökudólgarnir? Samsæriskeningarnar eru alltaf um okkur. Ég get alveg búið til svona samsæriskeningar.

Ég get sagt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hef ekki talið það forgangsverkefni eða sérstakt áhugamál mitt að leggja niður RÚV. Hins vegar verður að taka umræðu um stofnunina, þetta fyrirtæki eins og öll önnur sem kosta

skattborgarana marga milljarða á hverju ári. Það er auðvitað ekkert sjálfgefið að 320 þús. manna þjóð eyði 4–5 milljörðum í að halda uppi ríkisútvarpi. Stór hluti af þjónustunni er það sem aðrir sinna og hafa sinn með ágætum. Við hljótum að geta tekið umræðuna án þess að hún fari alltaf í þessar skotgrafir um að Sjálfstæðisflokkurinn sé í einhverjum pólitískum skotgröfum, Sjálfstæðisflokkurinn sé að reyna að knésetja RÚV, Sjálfstæðisflokkurinn vilji hafa yferráð yfir RÚV. Ég hef aldrei upplifað að Sjálfstæðisflokkurinn hafi yferráð yfir RÚV og ég hef heldur aldrei upplifað að fréttaflutningur eða dagskrárgerð sé sérstaklega til hagsbóta fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég hef aldrei upplifað það og hef enga ástæðu til að ætla að Sjálfstæðisflokkurinn fari að beita sér með þeim hætti hér eftir frekar en áður.

Af því að hv. þm. Árni Þór Sigurðsson taldi rétt að ég bæði Kolbrúnu Halldórsdóttur afsökunar þá var ég var ekki að veitast að Kolbrúnu Halldórsdóttur í þessum pistli, ég var að veitast að stjórnarandstöðuflokkunum. (ÖS: Þú getur beðið þá afsökunar.) Nei, ég ætla ekki að gera það. Ég sé enga ástæðu til þess. Ég er bara að benda á að pólitíkin getur alveg verið jafn mikil og fagmennskan minni, eða ekki meiri, þó að einhverjir aðilar úti í bæ fari að tilnefna í stjórn RÚV. Ég hef ekkert, enga ábyrgð eða garantí fyrir því að svo verði ekki. Ég vil ítreka að það er mikilvægt í mínum huga að þeir sem eiga og bera ábyrgðina skipi í stjórnina. Ef ég ætla að fara að víkja frá því verð ég að hafa góða tryggingu fyrir því að það sé örugglega fagmennska en ekki pólitík sem ráði en ég hef enga tilfinningu fyrir því í fyrirkomulaginu sem núna er.

[23:19]

### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Hv. þm. Brynjar Níelsson hefur það þó fram yfir Framsóknarflokkinn að hann þorir að koma og skýra mál sitt. Það hefur Framsóknarflokkurinn, að minnsta kosti þeir hv. þingmenn sem stóðu að fyrri ákvörðun og hafa algjörlega skipt um skoðun, ekki lagt í. Þegar hv. þm. Brynjar Níelsson segir að engin dæmi séu um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið að hringla í starfsmönnum Ríkisútvarpsins, ef hann er að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aldrei drepið fingri þar á menn eða reynt að koma mönnum þaðan út þá þekkir hann ekki sögu síns flokks. Það hafa þegar verið nefnd dæmi um það hér í þessum umræðum þannig að ég vísa því algjörlega á bug.

Það er akkúrat þetta viðhorf sem ég óttast sem kom algjörlega berlega og af fullkominni hreinskilni fram hjá hv. þingmanni. Hann sagði mjög skýrt að Ríkisútvarpið væri því betra sem þar væru færri vinstri menn. Hvað þýðir það ef allir þeir sem koma að skipan í stjórn Ríkisútvarpsins og þeir fulltrúar sem verða þar að lokum eru sömu skoðunar? Það þýðir einfaldlega að mjög líklegt er að reynt verði að láta þetta viðhorf hafa áhrif á starfsmannaráðningar. Þannig var það í fortíðinni og það sem við óttumst, að minnsta kosti ég sem hér stend, að geti gerst er að það taki sig upp aftur.

Síðan, án þess að ég ætli að fara að draga nafngreinda einstaklinga inn í þessa umræðu, vil ég segja að sá ágæti einstaklingur sem hv. þingmaður nefndi til sögunnar sem dæmi um einhvern sérstakan botnalanga úr VG hefur það

umfram marga aðra að vera þaulreyndur fjölmiðlamaður, viðurkennd sem slíkur og ég minnst þess ekki að menn hafi nokkurn tímann borið fram neinar ásakanir um að (Forseti hringir.) pólitískar skoðanir hafi haft áhrif á störf viðkomandi. (Forseti hringir.) Frú forseti. (Forseti hringir.) Ég vil svo gjarnan koma hér á eftir til þess að svara hver munurinn sé á Íþróttasambandinu og Bandalagi íslenskra listamanna sem stjórnanda á Ríkisútvarpinu.

[23:22]

**Brynjar Niélssson (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Ég er ekkert að halda því fram að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í RÚV séu ekki fagmenn eða séu í einhverri pólitík. Ég mótmæli því hins vegar að Sjálfstæðisflokkurinn sé eitthvað í slíku eða hafi verið. Ég veit ekki til þess og þekki náttúrulega ekki sögu RÚV langt aftur en ég hef enga ástæðu til þess að ætla að tilnefningar sjálfstæðismanna séu ófaglegri eða pólitískari en tilnefningar stjórnarandstöðuflokkanna. Umræðan fer alltaf í þann farveg og ég nenni varla að ræða málið lengur í þeim farvegi en ítreka það prinsippatriði að þeir sem eiga og bera ábyrgð skipi stjórnina og reyni að gera það eins vel og þeir geta. Það er mikilvægt fyrir þá sömu aðila sem bera ábyrgðina að vel takist til í því. Flóknara er það ekki.

[23:23]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andvar):**

Frú forseti. Hv. þingmaður segir, sem er örugglega rétt hjá honum, að hann þekki ekki sögu Sjálfstæðisflokksins langt aftur í tímann. Ef hann skortir einhverjar upplýsingar um hana er honum algjörlega velkomið að koma til mín. Ég þekki hana. En hv. þingmaður þarf ekkert að þekkja söguna mjög langt aftur í tímann. Einn af þeim mönnum sem hann hefur borið virðingu fyrir og dád þeim hugmyndaríkan einstakling innan vébanda Sjálfstæðisflokksins skrifaði grein upp úr áramótum sem birtist á vefmiðli. Þar var það einfaldlega sagt blákalt að Sjálfstæðisflokkurinn væri sennilega á leið í ríkisstjórn og hann þyrfti að skoða hverjum ætti að koma fyrir og út úr ríkisgeiranum. Sá ágæti maður er reyndastí fjölmiðlamaður Sjálfstæðisflokksins, Styrmir Gunnarsson. Hann skrifaði þetta svona. Þetta er viðhorfið.

Frú forseti. Mér þykir allt benda til þess að ég þurfi að taka ræðu hér um muninn á Íþróttasambandinu og Bandalagi íslenskra listamanna.

[23:24]

**Brynjar Niélssson (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Ég vil benda hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á að Styrmir Gunnarsson er ekki á mínum vegum og ég hafði aldrei starfað í Sjálfstæðisflokknum áður en ég fór í framboð og þekki ekki sjónarmið hans og hef raunverulega engan áhuga á þeim. Ég er bara að benda á þessi atriði, við erum að taka ákvörðun um hvað skal gera og ég er einfaldlega að benda á sjónarmið mín í málinu. Ég ætla ekki að taka ábyrgð á Styrmi Gunnarssyni, ekki á Davíð Oddssyni eða neinum sem eru á sálinni á ykkur meira og minna allt árið. Þeir eru ekki á mínum vegum, ég tek ekki ábyrgð á þeim. Ég er bara að segja mína skoðun. Hún er þessi. Ég færi rök fyrir henni og ég hef enga ástæðu til þess

að ætla að Sjálfstæðisflokkurinn fari að standa (Forseti hringir.) í einhverju pólitísku makki og afskiptum af málefnum RÚV.

[23:26]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andvar):**

Frú forseti. Það er tvennt sem mig langar til að gera athugasemdir við eða undrast í málflutningi hv. þm. Brynjars Niélsssonar. Það fyrra sem kom fram varðar ábyrgð eða ábyrgðarleysi stjórnarmanna eftir því hvort þeir eru tilnefndir af eiganda viðkomandi opinbers fyrirtækis eða faglega tilnefndir, t.d. af samtökum. Ég undrast að heyra hæstaréttarlögmanninn taka svona til orða, eða í hverju liggur munurinn á ábyrgð stjórnarmanns í hlutafélagi eða opinberu hlutafélagi að lögum út frá því hvort hann er tilnefndur af þessum eða hinum? Er það ekki þannig að stjórnarmenn í hlutafélögum bera ábyrgð? Þeir hafa skyldur og lögin ramma það af óháð því hver tilnefndi þá og óháð því hverjir eru í sjálfu sér eigendur að viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Hv. þingmaður tók beinlínis þannig til orða að ef í stjórn Ríkisútvarpsins sæti fulltrúi tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna mundi hann aldrei bera ábyrgð á einu eða neinu. Ég held að hv. þingmaður sé þarna aðeins að gleyma tilteknum lögum sem heita lög um hlutafélög því að þau gilda um Ríkisútvarpið að því marki sem það er þá ekki sérstakt sem opinbert hlutafélag. Í öðru lagi finnst manni auðvitað óviðurkvæmlegt að heyra hv. þingmann tala aftur og aftur með þessum hætti, t.d. um formann Bandalags íslenskra listamanna sem er þarna á þess vegum og nafngreina hana og draga fram að hún eigi sér í fyrri störfum pólitískan feril að baki.

Það skýrir auðvitað margt sem kom fram í svari hv. þingmanns við andsvari að hann er nýr í Sjálfstæðisflokknum, hann þekkir ekki sögu flokksins, hann er bláeygur og veit ekkert um það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur umgengist þessa hluti á líðnum tímum. Frægar eru náttúrulega sögurnar, bæði af mannaáðningum þarna inn og af öðrum sem voru hraktir þaðan út. eru menn búnir að gleyma Hrafini Gunnlaugssyni, Jóhanni Haukssyni? En (Forseti hringir.) hv. þingmaður þarf ekki aftur í söguna. Glænytt dæmi um það hvernig Sjálfstæðisflokkurinn stendur að málum er skipan (Forseti hringir.) menntamálaráðherra í stjórn LÍN.

[23:28]

**Brynjar Niélssson (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að fulltrúar VG ættu að tala mikið um mannaáðningar eins og þeir hafa hagað sér hér undanfarin ár. Ég er ekki viss um að það sé við hæfi í sjálfu sér en það er önnur umræða.

Varðandi ábyrgð. Auðvitað er mér alveg kunnugt um að þeir sem eru skipaðir í stjórn bera ábyrgð samkvæmt hlutafélagalögum. Hins vegar ber ráðherra ábyrgð á málaflokknum. Það breytir engu í þessu. Ráðherra ber ábyrgð. Sá sem tilnefnir í stjórnina, Bandalag íslenskra listamanna, ber enga ábyrgð. Það er þetta sem ég er að finna að. Bandalag íslenskra listamanna er algjörlega ábyrgðarlaust. Af hverju á Bandalag íslenskra listamanna, eða einhver önnur samtök,

að tilnefna menn í stjórn eða valnefnd til að skipa stjórn. Af hverju? Því hefur enginn getað svarað. (Gripið fram í.) Ég er ekkert að tala illa um formann Bandalags íslenskra listamanna. Ég er að tala illa um stjórnarandstöðuflokkana vegna þess að þeir láta þetta líta út eins og það sé allt ægilega faglegt og ópólítískt. Það er auðvitað ekkert ópólítískt. Það er ekkert ópólítískt við fyrrverandi þingmenn VG eða annarra flokka. Það er bein tenging þó að þeir hafi látið af störfum.

Það er heldur ekkert ópólítískt við það þótt menn telji Björgu Evu Erlendsdóttur mjög mikinn fagmann, (Forseti hringir.) sem ég efast ekkert um. Hún er samt framkvæmdastjóri fyrir norræna vinstri græna (Forseti hringir.) eða vinstri flokkana og hún var ritstjóri mál gagns vinstri grænna. (Gripið fram í.)

[23:30]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er nú í miknið lagt að fara í rökræður við hv. þingmann og hæstaréttarlögmanninn um ábyrgð en það er auðvitað rétt að ráðherra fer með þennan málaflokk og ber yfirábyrgð á honum sem slíkum. Við berum að sjálf-sögðu öll ábyrgð hér sem þingmenn og fjárstjórnarvald og eftirlitsaðili með framkvæmdarvaldinu á þinginu þegar um opinber málefni er að ræða, en sú ábyrgð ryður ekki ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélagum eða opinberum hlutafélögum á grundvelli hlutafélagalaga, ráðherraábyrgðin fer ekki þangað niður. Það má ekki heldur. Það er ekki þannig sem mér finnst glitta í í þessari hugsun að ráðherrann þurfi að geta farið niður í stjórnina á grundvelli handvaldra manna til þess að hafa áhrif á það sem á að ráðast á þeim vettvangi, eða er hv. þingmaður þeirrar skoðunar að ábyrgðin eigi að ganga þangað? Á ráðherrann að kalla stjórnarmenn á teppið og segja þeim fyrir verkum? Þá er ég harkalega ósammála (Forseti hringir.) hv. þingmanni og held að hann sé kominn út í mýri.

[23:31]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég var ekki að tala um að ráðherra ætti að kalla menn á teppið. Ég er að tala um, alveg eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir, að ábyrgðin sem nefnd var yfirábyrgðin eða aðalábyrgðin er á ráðherra. Ef ég ber ábyrgð sem ráðherra vil ég ráða því hverjir stjórnarni í mínu umboði eða hverjir stjórnarni því fyrirtæki sem ég ber ábyrgð á. Það er eðlilegt. Þannig gerir stjórnarskráin ráð fyrir því og þannig á það að vera. En að fara að koma þeim hlutum yfir á hvort sem það heitir Bandalag íslenskra listamanna eða eitthvað annað, einhver félagsskapur úti í bæ eins og ég nefndi áður, sem hefur enga ábyrgð þótt stjórnarmenn sem slíkir beri ábyrgð á störfum sínum í stjórninni, það er þetta sem ég er að tala um. Það á ekki að vefjast fyrir nokkrum. Þannig er þetta (Forseti hringir.) og var í öllum stofnunum ríkisins og á að vera áfram.

[23:33]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég hlýt að koma hér upp vegna ræðu hv. þingmanns út af tvennu. Hann telur sig ekki vera að

veitast með nokkru móti að forseta Bandalags íslenskra listamanna, konu sem sat vissulega einu sinni á þingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð en hefur svo farið að sinna öðrum málum og ekki komið að flokksstarfi síðan hún fór af þingi fyrir fjórum árum. Hún veitir forstöðu fjögur þúsund manna frjálsum félagasamtökum sem koma Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ekkert sérstaklega við. Hv. þingmaður skrifaði pistil á vefmiðilinn *Pressuna* þar sem hann segir, með leyfi forseta, að lögnum hafi verið breytt í tíð síðustu stjórnar til að fá hina „ópólítísku“, innan gæsalappa hjá hv. þingmanni, Kolbrúnu Halldórsdóttur í stjórn Ríkisútvarpsins. Kolbrún Halldórsdóttir situr ekki í stjórn Ríkisútvarpsins heldur er hún tilnefnd sem kvenfulltrúi Bandalags íslenskra listamanna, það er líka tilnefndur karlmaður, í valnefnd þar sem ætlunin er að valnefnd með fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Samstarfsnefnd háskólastigsins, fyrir utan fulltrúa þingsins sem hefur margoft komið fram, komi sér saman um fimm manns í stjórn.

Í anda sáttastjórn mála hv. ríkisstjórnar, þeirrar sem hv. þingmaður styður væntanlega, er valnefndin til að koma sér saman um fimm aðila í stjórn sem ráðherra átti líka að skipa formann í, af því að hv. þingmanni er svo umhugað um ábyrgðina. Mér finnst dálítið sérkennilegt eftir að hafa lesið þessi skrif þar sem er auðvitað farið langt með og því haldið fram að Kolbrún Halldórsdóttir hafi verið sett í stjórn Ríkisútvarpsins að hv. þingmaður hefur ekki leitast við að leiðrétta það í máli sínu og leitast ekki við að leiðrétta það í þeirri ræðu sem hann kemur upp í. Mér finnst það ábyrgðarhluti hjá hv. þingmanni (Forseti hringir.) að hann komi hér upp og svari fyrir það hvort hann telji sig hafa farið rétt með í þessari grein og í ræðu sinni (Forseti hringir.) og útskýri það ef svo er ekki.

[23:35]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er búinn að leiðrétta það við Kolbrúnu Halldórsdóttur sjálfa, þau mistök að segja að hún hafi verið í stjórn í staðinn fyrir valnefnd. Það er bara formsatriði (**KJak**: Þetta eru bara staðreyndir málsins.) Já, já, en þetta er ekki það sem umræðan eða pistillinn snerist um. Hann snerist um að samtök sem eru ábyrgðarlaus í sjálfu sér stjórnarni því hverjir verði skipaðir í stjórn. Ég verð að viðurkenna að ég tel að það væri í andstöðu við íslensku stjórnarskrána. Ég tel óeðlilegt í alla staði að verið sé að framselja vald með þessum hætti til félagasamtaka, hvaða nafni sem þau nefnast, þótt það hefði verið Íþróttasamband Íslands, Blaðamannafélagið eða Landsbjörg, mér er alveg sama. (Gripið fram í.) Já, kannski ætti að skoða það aðeins betur. Ég er bara að segja að ég hef ekki mikinn húmor fyrir því að verið sé að færa vald með þessum hætti vegna þess að ábyrgðin verður þá óljósari og erfiðara fyrir þann sem ber auðvitað ábyrgð á endanum, ráðherrann, að bera hana ef hann hefur ekkert eða lítið um það að segja hverjir stjórnarni þessari stofnun eða fyrirtæki.

[23:36]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég hef ekki mikinn húmor fyrir því að



farið sé rangt með staðreyndir eins og hv. þingmaður gerir í pistlinum sem ég vitnaði til áðan, sem er fjórar málsgreinar og þar af þrjár sem snúast um pólitíska skipan í stjórn Ríkisútvarpsins. Það er mjög jákvætt að hv. þingmaður hafi leiðrétt misskilning sinn við Kolbrúnu Halldórsdóttur en mér fyndist eðlilegt að hv. þingmaður leiðrétti misskilning sinn á opinberum vettvangi, til að mynda með því að breyta pistlinum sínum, en það er gott að hann hafi gert það nú þegar í þingræðu.

Svo vil ég líka segja, og nota þá tækifærið, að mér finnst mjög merkilegt að sá skilningur sé uppi hjá hv. þingmanni að um Ríkisútvarpið, sem er almannaútlit okkar, gildi endilega sömu reglur og viðmiðun og almennt gerist um ríkisstofnanir í ljósi þess að það er almannaþjóni og gildi mikilvægt með öllum lögum og reglum að sjálfstæði hans sé óháð hinu pólitíska valdi, þótt hv. þingmaður telji raunar að sjálfstæðismenn skipi ekki (Forseti hringir.) sína flokksmenn eins og honum þykir væntanlega ný skipan stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna sanna.

[23:38]

#### **Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er ekkert að tala um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég er að tala um hvernig var skipað hér í stjórn RÚV síðast. Eigum við að rifja það upp, hv. þm. Katrín Jakobsdóttir, hvernig skipunin fór fram þar? Ég var að tala um það áðan og þó eru þeir sem skipaðir voru í stjórn RÚV af stjórnarandstöðuflokkunum núna miklu tengdari flokknum en nokkurn tímann þeir sem hæstv. menntamálaráðherra skipaði í stjórn LÍN, ef við eigum að fara að velja því fyrir okkur.

Í pistlinum er ein villa, að vísu tók hv. þm. Árni Þór sömu villuna upp í ræðunni fyrr í kvöld, og hún snýr að því Kolbrún hafi verið tilnefnd í stjórn en hún var tilnefnd í valnefndina. Þetta var einfaldur misskilningur sem hins vegar skiptir engu máli í þessari umræðu. Umræðan snýst um annað. Hún snýst um fyrirkomulagið, hvernig það á að vera. (Forseti hringir.) Af því að þetta er almannafélag og þá eigi að fela einhverjum allt öðrum en stjórnvöldum, sem bera ábyrgðina, (Forseti hringir.) að skipa í stjórnina er bara öfugsnið. Það skiptir engu máli þótt þetta sé almannaútlit, það verður hvorki ópólitískara (Forseti hringir.) né faglegra við það.

[23:39]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál í þessari ræðu við 3. umr. um þetta frumvarp. Þó hlýtt ég að koma hingað upp — eftir þau tækifæri sem gefist hafa við 1., 2. og 3. umr. þessa frumvarps, um breytta tilhögun við það hvernig valið er í stjórn Ríkisútvarpsins — í 3. umr. og lýsa undrun minni yfir því að ekkert hafi heyrst frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins sem þó eru nokkrir í þessum sal. Þeir hafa enn ekki kosið að tjá sig í málinu, hafa enn ekki skýrt mál sitt. Auðvitað er ekki við hina nýju þingmenn þess ágæta flokks að sakast. En hæstv. utanríkisráðherra Gunnar Bragi Sveinsson, hæstv. félagsmálaráðherra Eygló Harðardóttir, sem sat í allsherjar- og menntamálanefnd síðasta þings, og hv. þm. Ásmund Einar Daðason —

þau sátu hér öll á síðasta þingi ásamt fleiri þingmönnum Framsóknarflokksins og greiddu atkvæði með frumvarpinu sem varð að lögum fyrir fjórum mánuðum.

Ég hlýtt að undrast það að þessir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar komi ekki hingað upp og útskýri sinnaskiptin. Hv. þingmenn sem þá voru, sem héldu ræður þegar við ræddum heildarlögin um Ríkisútvarpið, ræddu nauðsyn þess að endurskoða fyrirkomulagið. Talsmönnum Framsóknarflokksins varð tíðrætt um það í málinu, það man ég vel því að ég sat hér allar umræður um frumvarpið og hlustaði vel og fylgdist með. Það var markmið mitt og það var markmið þeirra sem stýrðu þá hv. allsherjar- og menntamálanefnd að reyna að ná sátt um málið.

Það var þess vegna sem miklar breytingar voru gerðar við vinnslu á málinu. Bæði þegar það var lagt hér fyrst fram, ekki á síðasta þingi heldur þarsíðasta, og svo aftur á því síðasta. Þær breytingar miðuðust meðal annars við að koma til móts við sjónarmið hv. þingmanna Framsóknarflokksins sem höfðu mikinn áhuga á því, svo að ég vitni til þeirra umræðna sem urðu á þinginu, að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Ég hlustaði á fyrrverandi þingmenn Siv Friðleifsdóttur og Eygló Harðardóttur, sem nú er hæstv. ráðherra, ræða nauðsyn þess að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins, meðal annars með því að tryggja hinn sjálfstæða tekjustofn, útvarpsgjaldið, sem samþykkt var í frumvarpinu, og líka með því að endurskoða allt þetta fyrirkomulag og færa Ríkisútvarpið fjar hinu pólitíska valdi.

Nú kann að vera að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem hér sátu á síðasta þingi, hafi skipt algjörlega um skoðun og það kann að vera að þeir hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem eru nýir á þingi hafi tekið afstöðu og séu ósammála þeirri afstöðu sem þingmenn flokksins tóku á síðasta þingi. En mér er það með öllu óskiljanlegt að sá flokkur sem veitir ríkisstjórninni forstöðu, sá flokkur sem leiðir ríkisstjórnina, sá flokkur sem vann hvað stærstan kosningasigur í síðustu kosningum — að enginn fulltrúi þess flokks hafi komið upp í umræðum um grundvallarbreytingar á því hvernig valið er í stjórn Ríkisútvarpsins. Ekki er tekið tillit til þess að þegar síðustu lög voru samþykkt fyrir fjórum mánuðum var um heildarendurskoðun að ræða og hlutverki stjórnar var breytt. Eins og ítrekað hefur komið fram í umræðum miðaðist hlutverk stjórnar í gömlu löggjöfinni um RÚV við meiri háttar rekstrarlegar ákvarðanir eins og það var orðað þá.

Þetta hlutverk var endurskoðað enda þótti það óskýrt og hlutverk stjórnar og ábyrgð þótti óskýr og því var farið í að endurskilgreina hlutverk stjórnar. Þannig að nú má segja að stjórn Ríkisútvarpsins fari með ábyrgð sem er líkari því sem tíðkast í opinberum hlutafélögum, fari bara með eðlilega ábyrgð stjórnar. Sú ábyrgð á ekki eingöngu við um meiri háttar rekstrarlegar ákvarðanir heldur til að mynda mótun dagskrárstefnu og annað. Hluti af því að útvíkka starfssvið stjórnar var að breyta skipan hennar. Hér hefur umræðan því miður farið út í þær ógöngur að menn hafa verið að benda á pólitískar tengingar, fólk sem kemur inn í valnefnd, eins og gerðist áðan, í gegnum heildarsamtök listamanna, sem mér finnst ósmekklegt.

Mér finnst það mjög ósmekklegt tenging þegar búið er að útskýra það margoft í umræðunni að hugsunin á bak við

Þessa breytingu var að stjórn Ríkisútvarpsins væri skipuð á breiðari grunni, að þar hefði Alþingi mjög mikilvægu hlutverki að gegna, þar hefði hæstv. menntamálaráðherra hlutverki að gegna, þar hefðu starfsmenn hlutverki að gegna og sótt væri til þeirra sem hvað best þekkjá annars vegar menningarumhverfið á Íslandi og hins vegar til þeirra sem best eru bærir til að meta lýðræðishlutverkið, sem við getum kallað svo. Því að menningarhlutverkið og lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins eru þau tvö hlutverk sem skýrast eru afmörkuð í lögum um Ríkisútvarpið. Þess vegna er fráleitt þegar hv. þingmenn á borð við hv. þm. Brynjar Níelsson, sem hér talaði á undan, spyr af hverju ekki bara þessi samtök eða hin þegar margoft er búið að rökstyðja það hér í ræðum, ekki bara við þessa umræðu heldur líka þegar heildarlögin voru samþykkt, af hverju nákvæmlega þessir aðilar urðu fyrir valinu til að koma að valnefnd, ekki stjórn heldur valnefnd, sem átti að velja saman fimm einstaklinga sem færðu þar fram ólíkt hæfi, ólíka eiginleika, til að mynda sem besta stjórn fyrir almannapjónustumiðilinn sem við viljum væntanlega að fái sem mestan veg.

Þetta er sú umræða sem við höfum átt hér. Þingmenn minnar hreyfingar hafa talað nokkuð, þingmenn Samfylkingar hafa talað nokkuð, þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa talað nokkuð, í þessu máli og það er ekkert skrytið, skoðanir eru ólíkar. En ég spyr: Af hverju heyrum við ekkert frá þingmönnum Framsóknarflokksins og af hverju fáum við ekki skýringar á þessari breyttu afstöðu? Á almenningur í landinu ekki rétt á því að vita af hverju hæstv. ráðherrar hafa skipt um skoðun og hv. þingmenn? Af hverju hinir nýju þingmenn Framsóknarflokksins hafa ekki sömu skoðun og þingflokkur Framsóknarflokksins hafði á síðasta kjörtímabili? Ætlar Framsóknarflokkurinn ekkert að útskýra afstöðu sína í þessu máli sem kemur líklega til afgreiðslu á morgun?

Mér finnst það ábyrgðarhluti hjá virðulegum forseta þingsins að þetta mál gangi hér fram og að ítrekað hafi verið kallað eftir afstöðu annars stjórnarflokksins í málinu, útskýringum — ja, nema hv. þingmenn Framsóknarflokksins ætli ekki að styðja málið, ég kann ekki að útskýra það — á þessari breyttu afstöðu. Mér finnst það mjög merkilegt að enginn hv. þingmaður Framsóknarflokksins hafi treyst sér til að koma hingað upp og útskýra afstöðubreytinguna. Ég velti því fyrir mér hvort það sé af því að hún sé á veikum grunni byggð því að hægt er að draga af þessu nokkrar ályktanir. Það er auðvitað hægt að draga þá ályktun, af því að við höfum ekkert heyrt frá flokknum, að hann styðji ekki málið en þó skrifar hann undir nefndarálit sem virðist benda til þess að hann styðji það.

Ég velti því fyrir mér hvað veldur. Eru hv. þingmenn Framsóknarflokksins kannski ekkert sérstaklega ánægðir með málið en ætla að láta sig hafa það að styðja mál samstarfsflokksins eftir að hafa lagt í það margra mánaða vinnu á síðasta þingi að liggja yfir lögum um Ríkisútvarpið þannig að hlutverk þess væri sem best skilgreint, þannig að hlutverk stjórnar væri sem best skilgreint og þannig að lýðræðis- og menningarhlutverkið væri sem best skilgreint. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins tóku fullan þátt í þeirri vinnu. Þeir byggðu afstöðu sína á ígrunduðu máli og gerðu ígrundaða grein fyrir henni og mér er það óskiljanlegt af

hverju við fáum ekki að heyra ástæðuna fyrir þessari afstöðubreytingu, hvort það er hreinlega vegna þess að hv. þingmenn Framsóknarflokksins treysta sér ekki til að útskýra að þeir séu bara að fylgja samstarfsflokknum að máli eða hvort einhverjar aðrar ástæður eru fyrir stefnubreytingunni sem þeir vilja ekki koma hér upp og gera grein fyrir.

Mér þykir það sérstaklega sérkennilegt í tilviki hæstv. ráðherra og hv. þingmanna sem hér sátu — af því að nú horfi ég á tvo nýja þingmenn Framsóknarflokksins sem kannski eru ekki alveg inni í þeirri umræðu sem þar átti sér stað — í tilviki hv. þingmanna sem tóku þátt í umræðu um málið fyrir örfáum mánuðum. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira en mér finnst það ábyrgðarhluti hjá hæstv. forseta að ítrekað hafi verið kallað eftir afstöðu hv. þingmanna eins flokks, við 1., 2. og 3. umr., og aldrei komið svör.

Virðulegi forseti. Mér finnst það ábyrgðarhluti.

[23:49]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Ég verð nú að taka undir lokaorð síðasta ræðumanns. Það er alveg stórkostlegt ef Framsóknarflokkurinn ætlar ekki að hafa sig í að halda eina einustu ræðu í umræðum um þetta frumvarp. Gefist hafa þrjú tækifæri til þess í þremur umræðum um málið og það verður örugglega einhver snubbóttasta framsaga fyrir afstöðu stjórn málflokks í þingsöggunni að það eina sem er á blaði af hálfu Framsóknarflokksins er útbýting þingskjals sem var tilkynnt af forseta af forsetastóli; í því tilviki sat framsóknarmaður í stólnum. Það hefði nú verið alveg lágmark að áður en þessari umræðu lyki hefði Framsóknarflokkurinn komið og gert einhverja grein fyrir viðhorfum sínum til málsins eins og hér hefur ítrekað verið óskað eftir að gert sé.

Það er afar sérkennilegt að við skulum vera hér undir miðnætti að ræða þetta mikla forgangsmál ríkisstjórnarinnar sem að sjálfsögðu hefði einfaldlega átt að fresta afgreiðslu á þegar kom í ljós hversu umdeilt það er og tilgangslaust og algerlega ástæðulaust að standa í þessu stappi núna rétt eftir að lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, voru afgreidd í tiltölulega breiðri samstöðu; andstaðan alla vega ekki umtalsverð því að þeir sem ekki studdu málið beinlínis, og það gerðu þingmenn fjögurra þingflokka af fimm, sátu þá að uppistöðu til hjá.

Breytingartillögur meiri hlutans bera það með sér að það hefur runnið upp fyrir mönnum að frumvarpið var vanhugsað. Það er að sjálfsögðu til bóta að stjórnarmeirihlutinn ætlar að heykjast á því að hunsast starfsmenn Ríkisútvarpsins og taka aftur inn fulltrúa þeirra með málfrelsi og tilögurétt. Það má kannski segja að það sé líka viðleitni í þá átt að fjölga í stjórn úr sjö í níu og breikka þannig aðeins grunninn sem undir henni er. Það breytir ekki hinu að verið er að hverfa frá hinu, sem varð niðurstaðan eftir gríðarlega mikið undirbúningsstarf og endurtekna umfjöllun um málið hér á Alþingi, að hverfa frá pólitískri skipan stjórnarinnar á grundvelli styrkleikahlutfalls hér á Alþingi og búa um þetta með faglegum hætti, þar sem valnefnd veldi fólk á grundvelli skilgreindra hæfniskrafna o.s.frv.

Það sem auðvitað hefði þurft að ná góðri umræðu um — og það eru ærin tilefni orðin á þeim vikum sem liðnar eru

frá stjórnarskiptunum, og jafnvel aftur fyrir það, í vissa hluti sem sagðir voru í kosningabaráttunni — er viðhorf til fjölmiðla í landinu, þar sem hefur verið að glitta í að undanfögnu afturhvarf til fyrri tíma í þeim efnunum, að reyna að hafa stjórn á fjölmiðlunum, temja þá, láta þá hlýða. Loftárásargreinin, sem ég hef að vísu ekki lesið alla, bara séð svona útdrátt úr, hún er mjög merkilegt innlegg í þetta mál. Forsætisráðherra, búinn að vera nokkrar vikur á valdastóli, kvartar og kveinar, meðal annars undan því að fjölmiðlar fari ekki nógu mjúkus höndum undan stjórnina á hveiti-brauddöggunum. Það sé ekki bara rauði dregillinn og klappað á öllum vígstöðvum. Fjölmiðlar leyfi sér að flytja fréttir sem stundum séu jafnvel óþægilegar fyrir hina nýju ríkisstjórn. Nú, auðvitað er leiðsögnin ofan úr Hádegismóum enda birtist greinin að sjálfsgöðu í *Morgunblaðinu*.

Ég nefni einnig viðhorf sem komu fram í umræðum fyrir í kvöld frá hv. þm. Jóni Gunnarssyni, um það hve fjölmiðlar hefðu verið ómálefnalegir og ósanngjarnir í umfjöllun um veiðigjaldafurmuvarp ríkisstjórnarinnar — þeir hefðu verið uppteknir af skoðanakönnunum um málið og undirskriftasöfnun, sagt af slíku fréttir sem hv. þingmanni fannst greinilega algerlega ástæðulaust. Eða framlag hv. þm. Brynjars Niéssonar inn í þessa umræðu, bæði í pistlum og héðan úr ræðustól á Alþingi. Fleira mætti nefna til.

Erum við virkilega stödd á vegamótum á nýjan leik þar sem menn vilja fara ár eða áratugi aftur í tímann í þessum efnunum, að það þurfi að vera hægt að hafa stjórn á fjölmiðlunum, temja þá? Og Framsókn beygir sig í duftið, snýr við blaðinu frá því fyrir nokkrum mánuðum og þorir ekki að taka til máls í umræðu um málið. Það er ekki mikil reisin yfir því.

Það sem þarna er á ferðinni er augljóst. Að fara að troða þessu litla máli hér inn á þetta stutta vörþing. Þetta er kreddumál. Þetta er hluti af kreddum Sjálfstæðisflokksins. Kannski eru þetta að einhverju leyti svona vöðvahnyklingar, nú vilji hann sýna að hann er kominn, mættur, bláa höndin er þarna einhvers staðar stutt undan valdinu og aðeins minna á sig. Bíðið þið bara, sjáið þið til. Við erum komnir með völdin. Konsertmeisterinn slær taktinn ofan úr Hádegismóum.

Auðvitað þekkjum við alveg þessi viðhorf. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minnti á sögunum í þessum efnunum. Við höfum fylgst með ályktunum á landsfundum Sjálfstæðisflokksins þar sem það er mjög í tísku, sérstaklega hjá ungliðum, að setja hornin í Ríkisútvarpið. Ef ekki bara leggja það alveg niður eins og nú er greinilega farið að ræða í kreðsum flokksins, þá að minnsta kosti svona vængstífa það með því að selja Rás 2 og eitthvað svoleiðis, það hefur mjög verið tískan á þeim bæ.

Virðulegur forseti. Það væri alveg tilefni til, ef færi gæfist, að fara í dálitla prinsippumræðu um það hvert við erum að stefna. Um er að ræða verulegt fráhring frá viðleitinni á síðasta kjörtímabili þar sem mikið var lagt í vinnu við að reyna að skapa sem breiðasta samstöðu um umgjörð fjölmiðlunar, bæði fjölmiðlalögin sjálf og síðan sérstök lög og ný lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, sem hér eru undir núna. Það er ekki lagt af stað með þeim hætti af hálfu núverandi ríkisstjórnar svo að vægt sé þá til orða tekid, satt best að segja.

Herra forseti. Ég ætla ekkert að lengja umræður af minni hálfu mjög mikið um þetta mál. Það er, held ég, orðið fullreynt að Framsóknarflokkurinn ætla að þegja sig í gegnum þessa umræðu. Það eru skilaboð í því fólgin, mjög mikil skilaboð. Kannski er það eiginlega besta ræða Framsóknarflokksins, sem ekki var flutt, þ.e. það undirstrikar skömm Framsóknarflokksins að þeir leggja ekki í umræðuna, þeir skammast sín upp fyrir haus út af því að hafa beygt sig í duftið fyrir Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Gengið undir kredduna og fallist á að menntamálaráðherra flytti þetta mikla forgangsmál sitt, mennta- og menningarmálaráðherra þjóðarinnar, því að ekki var það ráðuneyti nú höggvið upp, nema bara þetta sem var reytt af því yfir í forsætisráðuneytið. Hann hefur ekkert þarfara og brýnna við Alþingi að segja á þessu fyrsta þingi en þetta frumvarp. Það er forgangsverkefni Sjálfstæðisflokksins í mennta- og menningarmálum þjóðarinnar, að koma aftur pólitískri stjórn yfir Ríkisútvarpið. Það er afar athyglisvert og það er líka mjög athyglisvert að Framsóknarflokkurinn skuli láta þetta yfir sig ganga.

Kannski er það upphafið að því sem í vændum er í fleiri tilvikum. Jafnvel er að byrja að skapast hér munstur eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði, að við séum að sjá þetta í fleiri tilvikum. Framsóknarflokkurinn hefur þá greinilega bargað dýru verði forsætisráðherrastólinum, að það er hin táknaða og sýmbólska forusta Framsóknar fyrir ríkisstjórninni, sem Framsókn fékk, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur völdin þegar á herðir og keyrir hér inn sín kreddumál, lækkar skatta á góðvinum sínum, tekur til hendinni gagnvart Ríkisútvarpinu o.s.frv. En stóra kosningaloforð Framsóknarflokksins, það er sett í nefnd. Móðir allra kosningaloforða í íslensku stjórnmalasögu, það er bara sett í nefnd.

[23:58]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Ég hef beðið svoltið eftir því að þetta mál kæmi á dagskrá vegna þess að mig langaði til að lýsa skoðunum mínum á því. Mig langar að gera það svona:

Það urðu nokkuð merkileg vatnaskil í stjórnmalum, ekki bara í Bandaríkjunum heldur á heimsvísu, ef maður skoðar kosningabaráttuna sem fór fram í Bandaríkjunum síðasta haust. Þá var í fyrsta skipti í sögunni stjórnmalaflokkur, demókratar, sem einbeitti sér öðruvísi en áður að yngsta aldurshópnum í kosningabaráttu sinni. Það voru ekki gerðar sjónvarpsauglýsingar sem beindust sérstaklega að aldurshópnum undir 30 ára vegna þess að í fyrsta skipti í mjög langan tíma er kominn kjósendahópur sem á að meiri hluta til ekki sjónvarp og fylgist allt öðruvísi með fréttum, efni ljósvakamiðla en gert hefur verið síðustu áratugi.

Það endurspeglar auðvitað sömu þróun og hefur átt sér stað hér á landi. Ungt fólk horfir í auknum mæli á sjónvarpsefni á þeim tíma sem hentar því, horfir á fréttir sem vinir þeirra og kunningjar benda þeim á og safnast ekki saman á sjónvarpsfréttatíma eins og þjóðin gerði áður fyrr. Niðurhal efnis er auðvitað eitthvað sem allir þekkjja. Efni er hlaðið niður í vaxandi mæli og hefur dreift sér mikið undanfarið. Fólk safnar sjónvarpsefni ólöglega á flakkara og það er þróun sem framleiðendum kvikmynda og sjónvarps-

efnis hefur ekki tekist að mæta nógu vel, nema kannski núna þegar fyrirbæri á borð við Netflix eru orðin útbreidd, ekki bara á Ameríkumarkaði heldur líka á Evrópumarkaði og á Íslandi, þó með krókaleiðum.

Af hverju er ég að tala um þetta? Vegna þess að það kemur auðvitað til með að hafa varanleg og afgerandi áhrif á fjölmiðlaumhverfi, ekki bara Íslendinga heldur heimsins alls. Fyrir hinar hefðbundnu áskriftarstöðvar, eins og við sjáum t.d. með Stöð 2 og Skjá 1, verður samkeppnin mjög erfið. Hún verður öðruvísi en áður var og úrvalið og framboðið af sjónvarpsefni fyrir allan almenning kemur til með að breytast mikið í kjölfar þeirrar þróunar sem við höfum í sjálfu sér ekki séð fyrir endann á.

Frjálsu sjónvarpsstöðvarnar þurfa að mæta því og er mjög eftirtektarvert hvornig það hefur verið gert, t.d. á Stöð 2 þar sem ég vann í mjög langan tíma, með framleiðslu á innlendu efni. Það er afskaplega jákvæð þróun. Við sjáum það líka gerast í Danmörku þar sem mikið úrvalssjónvarpsefni er framleitt sem er meðal annars sýnt hér á landi. Það er ágætisdæmi um þann árangur sem hægt er að ná í sjónvarpsgerð. Danir eru farnir að framleiða sjónvarpsefni sem er ekki bara sýnt á innlendum markaði hjá þeim heldur um allan heim og hefur slegið í gegn um allan heim enda gert af metnaði og með framúrskarandi hætti.

Eina leiðin fyrir frjálsu sjónvarpsstöðvarnar til þess að mæta þessum breytta veruleika, netsjónvarpi, ólöglegu niðurrhali er innlend dagskrárgerð. Það er auðvitað það sem ríkissjónvarpið og Ríkisútvarpið á að beita sér fyrir, að endurspeglar íslenska menningu, speglar þann veruleika sem við búum í og bjóða íslenskum almenningi upp á, ekki bara varðveislu þjóðararfsins, íslenskrar þjóðmenningar heldur líka afþreyingu. Það þarf að geta boðið öllum almenningi upp á eitthvað sem stenst samanburð við það sem frjálsu stöðvarnar eru að reyna að selja í áskrift. Það er mikilvægt með tilliti til ólíkrar efnahagsstöðu, með tilliti til mismunandi aldursræðingar o.s.frv. Það er óhjálpslegt að hlutverk Ríkisútvarpsins sem stofnun í almannapjónustu verði veigameira í ljósi þess að þjónusta frjálsu stöðvanna kemur til með að breytast.

Breytingin sem gerð var á stjórn Ríkisútvarpsins fyrir fjórum mánuðum var því ákaflega mikilvæg. Hún tók mið af þeim breytta veruleika sem blasir við í þeim efnunum. Lagt var upp með að aukin áhersla væri lögð á faglega aðkomu stjórnar, það var ekki bara rekstrarlegi þátturinn eins og áður var. Það var ekki gert ráð fyrir pólitískt skipaðri stjórn heldur faglega valinni stjórn eða stjórn sem væri valin mun faglegar en áður hefur verið gert. Þess vegna studdi ég frumvarpið sem var lagt fram á síðasta þingi sem og margir aðrir þingmenn.

Á Ríkisútvarpinu starfar mikill fjöldi fagmanna og ég held að við séum öll sammála um að gríðarlega mikilvægt er að kraftar og þekking svona stofnunar fái notið sín sem best. Til þess að svo megi verða er auðvitað líka mjög mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar sé tryggt, að ekki sé verið að búa til óþarfa spennu, pólitíska spennu í kringum stofnunina og þess vegna var breytingin mjög jákvæð. Við þekkjum mýmörg dæmi þess úr sögunni að skipun ólíkra einstaklinga, misumdeildra, í útvarpsráð með pólitískum hætti hefur skapað mikla úlfúð í kringum stofnunina. Það er

henni einfaldlega ekki til framdráttar, ekki gott til framtíðar lítið, þegar lítið er til þeirra verkefna sem blasa við henni, þeirri ágætu og vönduðu stofnun. Það er einnig gríðarlega mikilvægt vegna þess að að mínu mati starfar núna á Ríkisútvarpinu ein fremsta ritstjórn landsins þegar kemur að öflun fréttu og miðlun fréttu.

Nýverið hefur breyttum veruleika í framleiðslu fréttu verið mætt innan Ríkisútvarpsins með stofnun sérstakrar deildar nýmiðlunar, Ríkisútvarpið hefur gert sig gildandi á netinu á afgerandi hátt. Það er mjög jákvæð þróun sem þarna á sér stað og mjög mikilvægt að meta hana til hliðsjónar við þá þróun sem á sér stað á frjálsu miðlunum þar sem frjálsir miðlar eins og *Fréttablaðið* eru að draga saman, reyndir fréttamenn eru að hætta. Það sama er að gerast hjá Stöð 2. *Morgunblaðið*, sem hefur verið í farabroddi íslenskra dagblaða í áratugi, var á öllum mínum uppvaxtarárum og öllum mínum blaðamennskuárum prentað í um það bil 55–60 þúsund eintökum, gríðarlegt stórveldi í íslenskrum blaðamennsku, en er prentað núna, ef ég man rétt en það eru reyndar ábyggilega tveggja ára gamlar upplýsingar, í 28–29 þúsund eintökum. Það er ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var enda er útbreiðsla þess og áhrif allt önnur en nokkurn tímann hefur verið.

Það er líka ákveðinn misskilningur sem býr að baki þessu afturhvarfi til fortíðar í frumvarpi menntamálaráðherra, að hægt sé að búa til einhvern veruleika sem við þekktum í kringum 1991 og þar í kring, vegna þess að það er ekki við fjölmiðlana að sakast ef einhver vill agnást út í að 35 þúsund manns skrifi undir undirskriftalista. Það hefur orðið ekkert með fjölmiðlaumfjöllun að gera. Þær safnast ekki vegna umfjöllunar fjölmiðla. Við höfum séð í mjög mörgum undirskriftasöfnunum og samkomum mótmælenda að það er algerlega grundvallaratriði að sá atburður sem um ræðir hreyfi við fólki og þá getur allt gerst. Hér á Austurvelli geta safnast saman 10 þúsund manns með tveggja daga fyrirvara sem skipuleggja sig með samfélagsmiðlum. Það sama er að gerast um allan heim. Fyrir framan Stjórnarráðið, fimm dögum eftir að nýr forsætisráðherra tók við og ný ríkisstjórn, voru komin 2.500 manns eins og hendi væri veifað. Einfaldlega vegna þess að fólki var umhugað um framtíð umhverfismála á Íslandi.

Miðlun fréttu og það hvornig fréttastofur hafa áhrif á samfélagið er allt annar veruleiki núna en áður var. Þess vegna vil ég lýsa þeirri skoðun að sú breyting sem hér er verið að gera er afturför. Breytingin sem var gerð fyrir fjórum mánuðum var mikilvæg. Hún var einmitt í anda þess lærdóms sem við eigum að draga af skýrslunni sem kom út um Íbúðalánasjóð í dag. Við eigum að láta af pólitískt skipuðum stjórnunum. Við eigum að horfa til faglegrar hæfni stjórnarmanna, gera mikla kröfu til þekkingar og ráða fagmenn til þess að fara með mál opinberra stofnana og með traust almennings á Íslandi.

Sú breyting sem hér er verið að gera gengur þvert á niðurstöður þeirrar skýrslu, ég held að allir hljóti að vera sammála um það. Það þarf enginn að vera að hýsnast yfir því úr sæti sínu í þingsal.

Ég vil segja að lokum að ég held að þetta sé ekki mikið gæfuspor hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég óttast um framtíð Ríkisútvarpsins í ljósi þess sem þetta boðar, ekki vegna þess að

ég haldi að í stjórn Ríkisútvarpsins muni raðast hópur einhverra rakinna illmenna. Ég held bara að stofnunin þurfi á því að halda að faglega sé skipað í stjórnina og það séu ekki pólitískt kjörmir fulltrúar sem velji einhverja flokksgæðinga til þess að fara þangað inn eins og verið hefur, því miður. Það er mjög mikilvægt hvernig Ríkisútvarpinu tekst að mæta nýjum veruleika fjölmiðla, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum. Það er mjög jákvætt að sjá hvernig það hefur verið gert og mjög sorglegt að verða vitni að því að menn eru í flýti og í ósætti að stíga mörg skref aftur á bak. Ég harma það.

Ég ítreka það sem ég hef sagt áður, á Ríkisútvarpinu starfar gríðarlegur fjöldi fagfólks. Það er mjög vandað lið sem skipar fréttastofu útvarps og sjónvarps, sem er sameiginleg núna, og mjög mikilvægt að vel sé farið með þetta mikilvæga fyrirbæri í íslensku samfélagi sem Ríkisútvarpið er. Ekki síst í ljósi þess að verið hefur ákveðinn spekileiki, að mínu mati, á íslenskum fréttamiðlum að undanförmu. Reynslumeiri fréttamönnum hefur fækkað en sem betur fer er það þannig að á Ríkisútvarpinu er mikill fjöldi fagmanna og þrautreyndra fréttamanna sem hafa fengið gott rými til þess að stunda vandaða og öflugra fréttamennsku og rannsóknarvinnu, t.d. í Kastljósinu. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður að fylgst verður með þróun mála í Ríkisútvarpinu, það er ekki hægt að spóla tímann til baka til 1991 í þeim efnun og búa til einhverja ógnarstjórn sem kemur til með að hafa áhrif á efnistöð og framsetningu fréttu og dagskrárdeild Ríkisútvarpsins. Sá tími er liðinn að mögulegt sé fyrir pólitískan meiri hluta í landinu að hafa slík áhrif og þess vegna er sú breyting sem hér er verið að gera algjör tíma-sekkja.

[00:12]

### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Mig langaði í lok umræðunnar um þetta mál, um RÚV, að koma örstutt upp til að fara aðeins yfir þau helstu atriði sem mikilvægt er að menn hafi í huga í atkvæðagreiðslu um þetta mál. Það er rétt að fram hafa komið breytingartillögur. Hin viðamesta felur í sér að inn kemur ákvæði um að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni mann í stjórnina. Mun hann hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn RÚV. Þetta ákvæði eins og það liggur fyrir, þessi breytingartillaga, er í samræmi við 2. tölulíð 2. mgr. 9. gr. laganna eins og þau eru nr. 23/2013. Að þessari breytingartillögu standa nefndarmenn úr allsherjar- og menntamálanefnd úr öllum flokkum utan Samfylkingar og Vinstri grænna. Gerð var grein fyrir þessari breytingartillögu við umræðuna og er svo sem ekki meiru við það að bæta.

Þá eru hér jafnframt tvær breytingartillögur sem fela í sér, og eru í raun um sama atriði, að í stað þess að sjö menn verði kjörnir í stjórnina verði þeir níu. Mig langar að taka fram hér að það er samkomulag um að það sé fjölgað en hlutföllin verði þó þau sömu þannig að stjórnarflokkarnir skipi fimm en stjórnarandstaðan fjóra. Þetta er hugsunin á bak við það ákvæði, að reyna að ná meiri breidd inn í stjórnina.

Aðeins varðandi efni málsins þá hefur þessi nýja skipan á því hvernig menn höfðu hugsað sér að búa til þessa stjórn auðvitað ekki komið til framkvæmda. Þannig að sú stjórn

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. löggjafarþing).

sem nú situr yfir RÚV er skipuð með hinum hefðbundna hætti. Það kom fram í umræðum í nefndinni og við gestakomur í nefndina að engar athugasemdir hafa verið gerðar við störf þeirrar stjórnar. Ekki hafa komið fram neinar athugasemdir um óviðurkvæmlega pólitísk afskipti eða sjónarmið þar inni, svo að því sé svarað.

Mig langar jafnframt að koma því á framfæri — af því að fullyrt var hér í umræðunni að enginn hefði haft neinar sérstakar athugasemdir við þetta lagaákvæði á síðasta þingi, varðandi breytingar á fyrirkomulagi um að búa til þessa valnefnd o.s.frv. — að það voru nokkrir þingmenn sem gerðu það hér í ræðustól, meðal annars sú sem hér stendur og fleiri þingmenn. Bara eftir minni: hv. þingmenn Birgir Ármannsson og Pétur H. Blöndal — við þremmenningarnir greiddum öll atkvæði gegn þessum breytingum. En auðvitað var það þannig að frumvarpið um RÚV var viðamikil, stórt mál, tekið á mörgum atriðum og eflaust voru sjónarmið þeirra hv. þingmanna sem þar greiddu atkvæði ólík um það hvað hafi vegið þyngst. Sumir sátu hjá, aðrir greiddu atkvæði með án þess að vera sátir við allar tillögur eins og fram kom í umræðunni um málið á þeim tíma. Svo urðu þeir sem hvorki gátu séð sér fært að greiða frumvarpinu atkvæði sitt né heldur að sitja hjá að segja nei til að fylgja sannfæringu sinni.

Hæstv. forseti. Mig langar að þakka hv. þingmönnum sem sátu í nefndinni og tóku þátt í umfjöllun málsins fyrir gott samstarf. Þó að við séum ekki sammála um allt þá eru umræðurnar málefnalegar og góðar. Jafnframt langar mig að þakka þeim hv. þingmönnum sem hér blönduðu sér í umræðuna um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 20. mál (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). — Þskj. 20, nál. 61.

[00:17]

### Frsm. efn.- og viðskn. (Ragnheiður Ríkharrsdóttir) (S):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar sem allir nefndarmenn standa að um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.).

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Lagt er til að skerpt verði á heimildum Seðlabanka Íslands til að setja lánastofnunum reglur um laust fé og lágmark stöðugrar fjármögnunar hvort heldur sem er í íslenskum krónum eða erlendum gjaldeyri og skilgreint verði betur hvaða eignir og skuldir falli undir gjaldeyrisjöfnuð og sundurliðun þeirra og vægi. Jafnframt er lagt til að skerpt verði á heimildum Seðlabankans til að afla upplýsinga og að ákvæði laganna um beitingu dagsekta verði sett fram með skýrari hætti. Loks er lagt til að skýrt verði tekið fram í lögum um Seðlabanka Íslands að bankinn skuli stuðla að fjármálastöðugleika.

Á fundum nefndarinnar með gestum og í umsögnum um frumvarpið sem nefndinni bárust koma fram ýmis sjónarmið sem nefndin hefur skoðað og haft til hliðsjónar við afgreiðslu málsins. Nefndin telur brýna þá breytingu að í lögnum sé skýrt kveðið á um það hlutverk Seðlabanka að vinna að fjármálastöðugleika og bankinn þannig styrktur í þessu hlutverki, auk þess sem það sé mikilvægt í aðdraganda losunar fjármagnshafta að hnykkja á þessu.

Hæstv. forseti. Fram kom sú gagnrýni að Seðlabanki Íslands hafi nú þegar rúmar heimildir til að setja reglur um laust fé samkvæmt 12. gr. laganna. Nefndin vekur athygli á því að einnig kom fram við meðferð málsins að aðkallandi sé að skerpa á þessum heimildum í lögum þar sem gildandi reglur um laust fé gera ekki greinarmun á því hvort eignir og skuldir eru í sömu gjaldmiðlum en segja megi að þetta gefi ekki rétta mynd af lausafjárhættu fjármálafyrirtækja þar sem hætta getur verið á takmörkuðu aðengi að erlendum gjaldmiðlum. Einnig er brýnt að Seðlabanki Íslands hafi skýra heimild til að setja lánastofnum reglur um lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum í aðdraganda afnáms fjármagnshafta þegar lánastofnanir verða að vera sérstaklega vel í stakk búnar til að þola mögulegt útlæði skuldbindinga í erlendum gjaldmiðlum.

Hæstv. forseti. Í umsögnum um frumvarpið komu fram athugasemdir við að það sé lagt fram á sumarþingi þar sem efni frumvarpsins skarist við önnur mál sem nú þegar eru í vinnslu og ekki er enn lokið, til að mynda sé unnið að frumvarpi til laga um fjármálastöðugleikaráð þar sem tekið er á svipuðu efni og bent á að rétt væri að ljúka þeirri vinnu og fresta málinu til hausts. Einnig kom það fram í máli umsagnaradila að það væri ótímabært að veita Seðlabanka Íslands heimild til að setja reglur um stöðuga fjármögnun þar sem von væri á útfærslu á slíkum reglum í löggjöf frá ESB sem yrði innleidd hjá EES á komandi árum í gegnum CRD IV löggjöf ESB. Nefnd er að störfum sem vinnur að þessari innleiðingu. Efnahags- og viðskiptanefnd telur rétt að veita Seðlabanka Íslands umræddar heimildir nú þar sem vinna við innleiðingu sé tímafrek og skammt á veg komin. Auk þess krefjist þær sérstöku aðstæður sem uppi eru í íslensku efnahagslífi aðgerða til að stuðla að fjármálastöðugleika í aðdraganda losunar fjármagnshafta þannig að tilhlýðilegar varúðarreglur séu til staðar þegar fjármagnsflæði verður frjálst.

Nefndin telur mikilvægt að gripið sé til allra nauðsynlegra ráðstafana til að undirbúa losun hafta og Seðlabankanum tryggð þau úrræði sem nauðsynleg eru í þeim efnum. Í því samhengi áréttar nefndin að hún telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu þarfar svo að Seðlabankinn geti farið að vinna að þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að undirbúa og minnka áhættu við losun fjármagnshafta og brýnt að þær komi til framkvæmda nú og verði ekki frestað til hausts. Það er mikilvægt að lánastofnanir geti staðið af sér breytingar á mörkuðum erlendis án þess að ganga þurfi á gjaldeyrissvaraförða og því telur nefndin nauðsynlegt að Seðlabankinn hafi tæki til að setja reglur sem tryggja að fjármögnun sé stöðug í erlendum gjaldmiðlum. Nefndin leggur áherslu á að hún lítur á umræddar breytingar sem hér eru til umræðu sem hluta af heildarendurskoðun regluverks um fjármálastöðugleika sem unnið hefur verið

að og væntir þess að frumvörp um heildarumgjörð fjármálastöðugleika og fjármálastöðugleikaráð komi fram innan tíðar.

Hæstv. forseti. Umsagnaradilar hafa gagnrýnt að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að fá Seðlabanka Íslands auknar heimildir til að afla upplýsinga. Virðast sumir þeirra telja að heimildirnar séu annars vegar of rúmar og hins vegar ekki nægilega ítarlega útfærðar. Áhyggjum var meðal annars lýst af því að 29. gr. laganna, að teknu tilliti til 4. gr. frumvarpsins, feli í sér heimild til að afla upplýsinga um hvern sem er og af hvaða tilefni sem er.

Hæstv. forseti. Það er skilningur nefndarinnar að horfa beri á þær breytingar sem lagðar eru til í 4. gr. frumvarpsins með hliðsjón af 4. og 29. gr. laganna eins og þær hljóða að teknu tilliti til ákvæða frumvarpsins. Þannig beri að skilja þá viðbót sem felst í a-lið 4. gr. frumvarpsins á þann veg að ætlunin sé að heimila Seðlabanka Íslands að afla upplýsinga vegna hlutverks síns við að stuðla að fjármálastöðugleika. Líta verði til þess að við mat fram á fjármálastöðugleika þurfi að greina kerfislægar áhættur heildstætt. Á fundi nefndarinnar var bent á að heildaráhætta í fjármálakerfinu geti verið breytileg frá einum tíma til annars að teknu tilliti til aðstæðna. Í því ljósi telur nefndin nauðsynlegt að á hverjum tíma verði mögulegt að ráðast í víðtæka greiningu á því til hvaða varúðarráðstafana geti þurft að grípa. Í erindi til nefndarinnar kom það mat fram að 29. gr. laganna, að teknu tilliti til 4. gr. frumvarpsins, beindist að mun þröngri hópi en samsvarandi eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og ríkisskattstjóra. Skilningur nefndarinnar er að 4. gr. frumvarpsins feli ekki í sér heimild til að afla upplýsinga hjá einstaklingum og lögaðilum almennt heldur aðeins þeim sem eru í viðskiptum við Seðlabanka Íslands samkvæmt 6. gr., sbr. 7. gr., laganna, fyrirtækjum í greiðslumiðlum og öðrum fyrirtækjum eða aðilum sem líta opinberu eftirliti samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hæstv. forseti. Hvað varðar dagsektarákvæði, samanber 3. mgr. 37. gr. laganna, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem 5. gr. frumvarpsins hefur í för með sér, virðast sumir umsagnaradilar á þeirri skoðun að erfitt geti orðið að átta sig á því í hvaða tilvikum hættu kunní að skapast á að dagsektum verði beitt. Með vísan til sjónarmiða um skýrleika refsheimilda telja þeir slíka stöðu óheppilega.

Virðulegur forseti. Það er skilningur nefndarinnar að sá eðlismunur sé á dagsektarákvæðum og refsíákvaðum, að hin fyrrnefndu séu þvingunarúrræði sem ætlað er að stuðla að því að tiltekin athöfn eigi sér stað en hin síðarnefndu hafi þann tilgang að mögulegt verði að refsfa fyrir athöfn sem þegar hefur átt sér stað. Þær kröfur sem leiddar hafa verið af 69. gr. stjórnarskrár eiga ekki við í tilviki þvingunarúrræða heldur aðeins í tilviki refsinga. Ættu reglur stjórnsýsluráttarins að leiða til þess að krafa um afhendingu upplýsinga verði lögð fram á skýran, málefnalegan og sannanlegan hátt og fari þannig ekki fram hjá þeim sem hún beinist að. Þá ættu ákvæði stjórnsýslulaga að tryggja viðkomandi rétta málsmeðferð.

Hæstv. forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Vilhjálmur Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er fylgjandi afgreiðslunni og ritar

undir álit þetta, samanber 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Undir þetta nefndarálit skrifa, virðulegur forseti, Frosti Sigurjónsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Willum Þór Þórs-son, Vilhjálmur Bjarnason, Árni Páll Árnason, Róbert Marshall, Líneik Anna Sævarsdóttir og Edward H. Huijbens.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið framsögu um nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar.

[00:25]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég þakka framsögumanni nefndarálitsins sem gerði skilmerkilega grein fyrir álitinu. Það er ánægju-efni að frumvarpið er afgreitt hér í breiðri sátt. Það helst áfram góð samstaða um ýmsar mikilvægar aðgerðir sem snúa að því að undirbúa lagaverkið og ýmsar ráðstafanir sem þarf að gera til að halda áfram vinnu við afnám gjald-eyrishafta og treysta fjármálastöðugleika í sessi. Við erum auðvitað ekki komin á endastöð í þeim efnunum eins og hér kemur reyndar fram í nefndarálitinu.

Það eru nokkur atriði sem ég vil bara áréttast. Sumpart get ég vísað til ræðu minnar við 1. umr. málsins en eftir umfjöllun nefndarinnar og niðurstöður hennar vil ég í fyrsta lagi áréttast að ég legg þann skilning í að breytingarnar sem varða 4. gr. laga um Seðlabankann, þar sem því er bætt inn að á sviði viðfangsefna sem hann skuli sinna, og samrýmast hlutverki hans sem Seðlabanka, sé að stuðla að fjármála-stöðugleika. Við höfum rætt það áður hvort hér sé um efnisbreytingu að ræða eða eingöngu áréttingu á þeim skilningi sem menn hafa lagt áður í 4. gr. Ég hallast nú að því að í raun sé eðlilegra að líta svo á en hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, nema síður sé, að þetta sé tekið fram með skýrum hætti til að áréttast að þetta er auðvitað mikilvægt. En um leið þýðir þetta ekki breytingu á þeim áformum sem í vinnslu eru varðandi það að skoða heildstætt regluverkið um fjármálastöðugleika, undirbúa frumvarp um fjármála-stöðugleika eða sérstaka lagasetningu, regnhlífalagasetningu, um það mál og að stefnt sé að því að fjármálastöðug-leikaráð komi fram innan tíðar.

Ég fagna þar af leiðandi sérstaklega áherslum í nefndarálitinu að þessu leyti og vísa til þess sem þar stendur. Ég vísa sömuleiðis til orðskipta sem urðu hér milli mín og hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra og svara hans við spurningum frá mér um þessi mál sem ég var þrýðilega sáttur við og lít svo á að við getum vænst þess að í haust sjáum við af- rakstur af þessu starfi og fáum til umfjöllunar frumvarp í þessum efnunum. Þetta eru gríðarlega mikilvæg mál, kannski þau stærstu sem fram undan eru og enn bíða úrlausnar að hluta til varðandi úrvinnslu á afleiðingum hrunsins á ís- lenskt efnahagslíf.

Að lokum vil ég láta það koma fram að ég treysti því sömuleiðis, enda hef ég ekki ástæðu til að ætla annað, að sú þverpólitíska nefnd sem er að störfum samkvæmt erindis- bréfi og var skipuð af þáverandi efnahags- og viðskiptaráð- herra, heyrir nú væntanlega undir fjármála- og efnahagsráð- herra, starfi áfram. Ég tel ákaflega mikilvægt að stjórnmála- flokkarnir eigi áfram með sér slíkan upplýsinga- og sam- starfsvettvang, geti leitað ráðgjafar og þar séu á ferðinni að-

ilar sem geti fylgst með og verið vel heima í því hvernig verkefnum vindur fram í góðu samstarfi við Seðlabankann, fjármála- og efnahagsráðuneytið, viðkomandi þingnefndir o.s.frv. Það kann að vera að ástæða sé til að huga að sam- setningu þeirrar nefndar nú í ljósi þess nýja landslags sem við sjáum hér á þinginu og að ekki eiga allir núverandi þingflokkar fulltrúar í þessari nefnd. Það er auðvitað úr- lausnarefni sem mun þá væntanlega ekki vefjast fyrir hæstv. ráðherra að vinna.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þessa frumvarps og ekki nokkrar skráplur á mér gagnvart því að styrkja stöðu Seðlabankans í þessum efnunum með þeim hætti sem frum- varpið gerir ráð fyrir. Ég tek það fram að ég geri það líka í trausti þess að þær áherslur sem ég hef komið hér á fram- færi verði teknar til greina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[00:30]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Nú erum við að læra á þingsköpin og hvernig reglurnar eru í þinginu. Forseti hefur sagt mér að þingið eigi að vera farið í frí. Við þráttar erum alveg tilbún- ir að vinna áfram, en þarf þá ekki að breyta þingsköpum? Þingið á að vera farið í frí 1. júlí en nú er 3. júlí. Breyting á þingsköpum gæti þá bara tekið gildi og við gætum unnið allt sumarið okkar vegna. Þetta er spurning um hvort það eigi að fylgja þessum reglum, hvort ekki eigi að breyta þeim ef við ætlum ekki að fylgja þeim í stað þess að brjóta þær. Hver eru viðurlögin við því að brjóta þau, ef einhver?

Svo er önnur regla sem er þá líklega brotin núna, það var ekki beðið um lengingu á þessum fundi sem hefði átt að ljúka kl. 12. Aftur: Er þá ekki bara hægt að biðja um þessa lengingu í stað þess að fara fram yfir tímenn?

[00:31]

### Forseti (Kristján L. Möller):

Forseti hefur meðtekið þessar spurningar sem hv. þing- maður hefur lagt fram. Varðandi seinni spurninguna lítur forseti svo á að vegna samkomulags fulltrúa þingflokka um þingstörf í kvöld hafi verið heimilt að fara fram yfir kl. 12.

Hvað fyrri spurningu hv. þingmanns varðar þarf forseti að taka sér umhugsunarfrest og vinna úr henni. (**JÞÓ:** Bera af mér mögulegar sakir.) Forseti telur ekki — (**JÞÓ:** Það voru ekki allir þingflokkar aðilar að þessu samkomulagi.) Forseti tekur fram að ekki hafa allir þingflokkar staðið að þessu samkomulagi en fulltrúar 60 þingmanna gerðu það. (Gripið fram í.)

Fundi slitið kl. 00:33.

## 20. FUNDUR

miðvikudaginn 3. júlí,  
kl. 1 miðdegis.

### Dagskrá:

1. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð o.fl. — Ein umr.
2. Veiðigjöld, stfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannabágu, stfrv., 11. mál, þskj. 11, brtt. 53, 54 og 58. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Seðlabanki Íslands, stfrv., 20. mál, þskj. 20, nál. 61. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

### Fjarvistarleyfi:

Elsa Lára Arnardóttir, 6. þm. Norðvest.  
Pétur H. Blöndal, 4. þm. Reykv. s.  
Vilhjálmur Arnason, 9. þm. Suðurk.

### Varamaður tekur þingsæti.

[13:02]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Borist hefur bréf frá 2. þm. Reykv. n., Frosta Sigurjóns-syni, um að hann geti ekki sinnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í kjördæminu, Þorsteinn Magnússon. Kjörbréf Þorsteins hefur verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Þorsteinn Magnússon, 2. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[13:02]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Þorsteinn Magnússon hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

### Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð o.fl., ein umr.

[13:03]

#### Forseti (Kristján L. Möller):

Samkomulag er um skiptingu ræðutíma. Fyrstur tekur til máls í umræðunni hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra Eygló Harðardóttir.

[13:03]

#### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá skýrslu um Íbúðalánasjóð sem hér er til umfjöllunar og unnin var á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var í desember

2010. Ber að þakka þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í gerð skýrslunnar sem er hörd og óvægin að innihaldi.

Niðurstöður skýrslunnar ættu samt ekki að koma okkur sem hér sitjum á óvart en þær eru í samræmi við efni þeirrar rannsóknarskýrslu sem Alþingi lét vinna um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 sem skilað var í apríl 2010. Minnumst því í upphafi þessarar umræðu hvað Alþingi hefur þegar ályktað á grunni skýrslu um fall íslensku bankanna.

Þar sögðum við að skýrslan væri vitnisburður um þróun íslensks efnahagslífs og samfélags undangenginna ára og hún yrði að vera okkur að leiðarljósi í framtíðinni. Þar lögðum við áherslu á að taka gagnrýni á íslenska stjórn-málamenningu alvarlega og draga af henni lærdóm. Þar sögðum við að niðurstaðan væri áfelligsdómur yfir stjórn-völdum, stjórnmalámonnum, stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu. Og þar sögðum við að eftirlitsstofnanir hefðu brugðist, að við öll yrðum að horfa gagnrýnum augum á eigin verk og nýta tækifærið sem skýrslan gaf til að bæta samfélagið. Allt þetta tel ég að skýrsla um Íbúðalánasjóð staðfesti og ítreki enn frekar.

Í skýrslunni kemur fram að stjórnsýsluhættir í tengslum við starfsemi Íbúðalánasjóð sem og eftirlit með starfsemi hans hafi verið ófullnægjandi. Um eftirlitið segir meðal annars í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Almennt er meginskýringuna fyrir ófullnægjandi eftirliti að finna í útbreiddu skeytingarleysi í umgengni við eftirlit, skilningsleysi á því hvað gerir eftirlit virkt og trúverðugt og í áhrifum pólitískra ráðninga. Af þessum ástæðum brugðust stofnanir stjórnsýslukerfisins ein af annari.“

Nánast engin stofnun sem hlut átti að máli er undanskilin gagnrýni; Íbúðalánasjóður, stjórn sjóðsins, ráðuneytið, Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun. Framkvæmdarvaldið, þar með talið eftirlitið, brást. Það höf-um við Íslendingar orðið áþreifanlega varir við.

Niðurstöður skýrslunnar verða ekki slitnar úr samhengi við þá staðreynd að hér varð efnahagshrun haustið 2008. Ljóst er að starfsemi Íbúðalánasjóðs fór ekki varhluta af því enda hefur 80% af bókfærðu tapi sjóðsins komið til eftir þann tíma. Þess ber þó að gæta að þegar hefur verið gripið til almennra úrbóta innan íslenskrar stjórnsýslu á síðustu árum í kjölfar efnahagshrunsins. Þar á meðal samþykkti Alþingi í júní 2012 ákveðnar breytingar á hæfisskilyrðum sem sá er gegnir embætti forstjóra Íbúðalánasjóðs þarf að uppfylla sem og stjórnarmenn í stjórn sjóðsins. Þá hafa jafnframt verið samþykkt ný ákvæði um innri endurskoðun sjóðsins, eftirlitskerfi með áhættu sem kveður á um að lög um fjármála fyrirtæki skuli gilda um ársreikning og endurskoðun Íbúðalánasjóðs.

Ljóst er að hlutverk Íbúðalánasjóðs á íslenskum húsnæðislánamarkaði hefur breyst töluvert frá stofnun hans. Framan af var Íbúðalánasjóður einn helsti lánveitandi íbúðafjármögnunar hér á landi en markaðshlutdeild hans hefur dregist saman frá árinu 2004 þegar fjármálastofnanir hófu að bjóða íbúðalán. Afleiðingar þess þekkjum við og eru því gerð ágæt skil í skýrslunni.

Að mínu mati er eitt af því alvarlegasta í þessu samhengi að ekki hafi verið brugðist með fullnægjandi hætti við þeirri uppgreiðsluáættu sem skapaðist við upptöku



Íbúðabréfakerfisins 2004. Á það ekki síst við í ljósi þess að uppgreiðsluáhætta raungerðist fljótlega eftir þessar breytingar án þess að nokkuð hafi verið að gert. Á það í raun enn við í dag þó að sjóðurinn hafi ekki gefið út skuldabréf síðan í janúar 2012.

Hæstv. forseti. Við verðum líka að líta til þess tíðaranda sem ríkti á þeim tíma sem þær breytingar sem við gagnrýnum voru gerðar. Þarf ekki nema líta til þeirrar umræðu sem fór fram á Alþingi við meðferð frumvarpsins, sem samþykkt var í þessum sal fyrir rétt rúmum níu árum mótakvæðalaust. Þingmenn í stjórnarandstöðu fögnuðu þeim breytingum og sama átti við um samtök launafólks og töluðu báðir gegn gjaldi á uppgreiðslu lántaka sjóðsins. Beðið var með óþreyju eftir að veðhlutföll yrðu hækkuð úr 65% í 90% og hámarkslánsfjárhæð hækkuð í 18 millj. kr. úr 9 millj. kr. Það er auðvelt að vita betur í dag. Það er erfiðara að líta um öxl og viðurkenna að stjórnámálamegnir á Alþingi brugðust líka.

Sumir segja að Íbúðalánasjóður hafi á þessum árum misst sjónar á því félagslega hlutverki sínu að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Í stað þess að draga úr umsvifum á markaði fyrir fjármögnun fasteignaviðskipta þegar einkaaðilar höfðu mætt til leiks hafi starfsemi hans í síauknum mæli tekið á sig mynd fjármálafyrirtækis á húsnæðislánamarkaði í beinni samkeppni við einkafyrirtæki.

Í þessu sambandi má nefna að fram kemur að Íbúðalánasjóður lánaði lögaðilum um fimmtung af öllum lánveitingum sjóðsins á tímabilinu 1999–2012. Mestu tapaði sjóðurinn á lánum til leigufélaga en mikið fé var lánað til þeirra eftir að áttak til fjölgunar leigufúða hófst árið 2001. Vekur athygli að svo fór að starfsmenn sjóðsins lýstu áhyggjum sínum í minnisblöðum þegar árið 2003 að markmið með þessum lánum hefði verið að leysa vandamál leigjenda en framkvæmdin hefði snúist um að leysa vandamál á byggingarmarkaði. Flest árin var einkum lánað til sveitarfélaga og félagasamtaka en þau tvö þegar mest var lánað, 2007 og 2008, virðist aðallega hafa verið lánað til leigufélaga í einkaeigu. Á tímabilinu 2006–2008 fór sjóðurinn jafnframt ekki fram á bankaábyrgðir hjá byggingaverktökum af ótta við að missa viðskipti yfir til bankanna en sjóðurinn tapaði miklu fé á þeim lánum í kjölfar hrunsins. Á móti kemur að erfitt er að taka undir þegar menn segja að Íbúðalánasjóður hefði átt að láta sig hverfa þegar bankarnir hófu að lána til íbúðarkaupa. Má þar til dæmis benda á að bankarnir lánuðu nær eingöngu til húsnæðiskaupa á stærstu þéttbýlissvæðum landsins og sjóðurinn hafði því mikilvægu hlutverki að gegna utan þeirra.

Virðulegi forseti. Við síðustu lagabreytingar sem gerðar voru á starfsumhverfi Íbúðalánasjóðs sumarið 2012 var félagslegt hlutverk hans við að veita þjónustu í almannapágu undirstrikað. Þær breytingar helstar voru að heimildir sjóðsins til að lána til endurbóta, byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði voru takmarkaðar við einstaklinga og leigufélög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Áður, eins og komið hefur fram, var sjóðnum heimilt að lána til félaga, þar á meðal byggingaverktaka, sem voru rekin í hagnaðarskyni. Þóttu lánveitingar til félaga sem rekin voru í hagnaðarskyni frekar vera verkefni fjármálafyrirtækja en Íbúðalánasjóðs.

Þá voru ýmsar takmarkanir settar á lánveitingar í því skyni að Íbúðalánasjóður hefði eingöngu heimildir til að lána vegna kaupa á íbúðarhúsnæði að verðmæti sem þykir rúmast innan félagslegra markmiða sjóðsins og þá einnig til að tryggja að sjóðurinn raski ekki samkeppni á íslenskum húsnæðislánamarkaði.

Síðast en ekki síst vil ég vekja athygli þingmanna á því að eitt af þeim verkefnum sem koma fram í þeirri þingsályktun sem við samþykktum síðastliðinn föstudag felur í sér að skipuð verði verkefnisstjórn um framtíðarskipulag húsnæðismála. Er það í samræmi við efni þingsályktunar sem skýrsla sú sem hér er til umræðu byggist á en þar segir, með leyfi forseta:

„Í kjölfar rannsóknar fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs og fjármögnun húsnæðislánakerfisins á Íslandi.“

Í mínum huga verður verkefni þeirrar verkefnisstjórnar einkum tvíþætt. Annars vegar að leggja fram tillögur um hvaða fyrirkomulag á fjármögnun almennra húsnæðislána á íslenskum húsnæðismarkaði sé hagkvæmast og hvernig slíku fyrirkomulagi verði komið á, hins vegar að leggja fram tillögur um með hvaða hætti stjórnvöld geti sinnt afmörkuðu hlutverki sem felst í veitingu þjónustu í almannapágu á húsnæðislánamarkaði. Get ég ekki betur séð en þetta sé í samræmi við það sem rannsóknarnefndin leggur til í kafla skýrslunnar um húsnæðisstefnu til framtíðar.

Ég tel þó mikilvægast í þessu samhengi að sem breiðust sátt og samstaða náist um skipulag íslensks húsnæðiskerfis. Ég mun því leggja ríka áherslu á að sem flestir komi að endurskipulagningu húsnæðiskerfisins og mun því á næstunni óska tilnefninga í samvinnuhóp sem mun hafa það hlutverk að vera framangreindri verkefnisstjórn til ráðgjafar. Þar mun ég meðal annars leita eftir tilnefningu frá þingflokki þeirra flokka sem sitja á Alþingi. Vonandi berum við gæfu til að koma á fyrirkomulagi sem reynist okkur farsælt til framtíðar þannig að hvorki við né komandi kynslóðir eigi eftir að standa í okkar sporum núna.

Ég er jafnframt ekki í vafa um að sú vinna sem við höfum hér fyrir framan okkur muni nýttast okkur í þeirri stefnumótun í húsnæðismálum sem fram undan er en áætlað er að þeirri vinnu verði lokið í ársbyrjun 2014.

[13:12]

### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég fagna skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð og þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf. Skýrslan er sannarlega svört og sýnir að rík ástæða var að fara fram á þessa rannsókn á sínum tíma. Alþingi og ríkisstjórn þurfa nú að taka skýrsluna til umræðu og nýta sér hana við stefnumótun í húsnæðismálum almennt og sérstaklega í málefnum Íbúðalánasjóðs. Velferðarnefnd mun að loknum sumarleyfum taka skýrsluna til umræðu og boða höfundana á sinn fund.

Í skýrslunni er eftirlit með starfsemi Íbúðalánasjóðs gagnrýnt harðlega, m.a. það rof sem skapaðist við eftirlit sem koma á frá Alþingi. Við því þarf Alþingi að bregðast enda mikilvægt að þingmenn sinni eftirlitshlutverki sínu af skilningi og alvöru og hafi til þess þau tæki sem nauðsynleg eru.

Haustið 2010 var ég 1. flutningsmaður tillögu um rannsókn á Íbúðalánasjóði. Ástæða þess að ég flutti þá tillögu var hörð gagnrýni á sjóðinn í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hrun Íslensku bankanna og áhyggjur mínar af stöðu sjóðsins. Þegar ríkissjóður þurfti síðan að leggja Íbúðalánasjóði til 33 milljarða í desember 2010 var ljóst í mínum huga að rannsókn á starfsemi sjóðsins væri óhjákvæmileg. Ég gerði það að skilyrði fyrir stuðningi mínum við aukin framlög ríkissjóðs til sjóðsins að þessi rannsókn færi fram enda nauðsynlegt að upplýsa Alþingi og almenn- ing í landinu um ástæðu þess að svo illa var komið fyrir sjóðnum.

Í þriðja lagi var ljóst árið 2010 að endurskoða þurfti starfsemi Íbúðalánasjóðs. Rannsóknarstefnumörkun á starfsemi sjóðsins var af minni hálfu hugsuð sem mikilvægur liður í þeirri vinnu. Umræða um sjóðinn hefur um langt árabil verið í ákveðnum hjólförum þar sem stjórnmalaflokkar skiptu sér í lið með og á móti sjóðnum. Uppbyggileg umræða um hlutverk sjóðsins og stefnu í húsnæðismálum leið fyrir þau átök og eiga þar allir stjórnmalaflokkar hlut að máli.

Á meðan deilt var um tilvist sjóðsins breyttist hann í eins konar íbúðarbanka ríkisins og fjárfestingarsjóð með ríkisábyrgð. Markaðshlutdeild og umsvif urðu mikilvægari en félagslegt hlutverk sjóðsins. Nú er öllum ljóst að endurskoða þarf starfsemi Íbúðalánasjóðs og að einhverju leyti stendur endurskoðun yfir nú og hefur hluti af því ferli þegar verið festur í lög. Vonandi mun þessi viðamikla skýrsla verða til þess að endurskoðun sjóðsins nú verði vandaðri en þegar sjóðnum var breytt 2004. Skapa þarf sátt um sjóðinn og skilgreina markmið hans. Stærstu mistökín í sögu Íbúðalánasjóðs var pólitísk einstefna þar sem mikilvægara var að efnahagsuð kosningaloforð en að skapa sátt um sjóðinn og hlusta á faglega gagnrýni. Nauðsynlegt er að finna Íbúðalánasjóði skýrt hlutverk innan heildarstefnu ríkisins í húsnæðismálum.

Starfsemi Íbúðalánasjóðs er ekki markmið í sjálfu sér heldur þarf starfsemi hans að mótast af þeim markmiðum sem stjórnvöld vilja ná í húsnæðismálum hverju sinni. Á því hefur orðið mikill misbrestur. Til að skilja þá stöðu sem Íbúðalánasjóður er í nú er mikilvægt að hverfa aftur til kosninganna 2003. Í þeirri kosningabaráttu lofaði Framsóknarflokkurinn landsmönnum bæði skattalækkunum og 90% lánnum þrátt fyrir efnahagsþenslu. Þær fyrirætlanir féllu síðan saman við tillögur fjármálaráðherra um að breyta fjármögnun sjóðsins til að laða að erlent fjármagn og lækka þannig vexti. Í kjölfarið var lögum um Íbúðalánasjóð breytt. Í stað húsbrefa voru íbúðabréf innleidd en þau voru óinnkallanleg á meðan lán sjóðsins voru uppgreiðanleg án uppgreiðsluálags, þvert á varnaðarorð sérfræðinga og eftirlitsstofnana. Veðhlutfallið var hækkað og vextir lækkuðu. Áhætta af rekstri sjóðsins jókst að sama skapi gríðarlega. Skuldabréfaskiptin eru að mati skýrsluhöfundu ein þau verstu mistök sem sjóðurinn hefur gert. Breytingarnar 2004 eru í skýrslunni túlkaðar sem markaðssókn Íbúðalánasjóðs og eru það orð að sönnu. Þetta var markaðssókn með ríkisábyrgð, markaðssókn með heildartapi sem numið gæti 270 milljörðum kr. Sá kosningavíxill fellur á kjósendur.

Innkoma bankanna á íbúðalánamarkað varð ekki til þess

að stjórnvöld endurskoðuðu stefnuna, drægju úr umsvifum Íbúðalánasjóðs eða kæmu einhverjum böndum á útlán bankanna. Lán bankanna leiddu til uppgreiðslu á lánum Íbúðalánasjóðs sem aftur lánaði bönkum og sparisjóðum fé til að auka enn útlán þeirra. Rekstur Íbúðalánasjóðs var því ekki aðeins kominn í ógöngur heldur var hann orðinn að efnahagsvanda. Taumlaus þensla, hækkanði fasteignaverð, hærri lán og hærri veðhlutföll auk lækkandi vaxta er bakgrunnur þess skuldavanda sem mörg íslensk heimili hafa glímt við frá hrúni. Það má því segja að kosningaloforð Framsóknarflokksins 2003 og 2013 falli vel hvert að öðru. Fyrst var lofað hærri lánnum, þ.e. skuldum og tíu árum síðar á að lækka þær aftur.

Við breytingarnar 2004 gleymdist að hugsa hið félagslega hlutverk Íbúðalánasjóðs til enda. Það var í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var með stofnun Íbúðalánasjóðs með lögum frá 1998 þegar verkamannabústaðirnir, félagslega eignaíbúðakerfið var lagt af. Í stað félagslegra markmiða var stefnan sú að lána mikið og til langs tíma. Allur almenningur féll að lokum undir þessa félagslegu skilgreiningu þegar 90% lán voru innleidd sem almenn regla. Uppbygging leigumarkaðar var ómarkviss og í raun stefnulaus. Útlánatap Íbúðalánasjóðs vegna leigufélaga frá stofnun hans árið 1999 er mikið enda markmiðið oft og tíðum að leysa vandamál í byggingariðnaði fremur en að bæta hag leigjenda.

Árangurinn af viðleitni Íbúðalánasjóðs til að bæta leigumarkað á Íslandi virðist því mun minni en tilkostnaðurinn og helst koma fram í útlánatapi sjóðsins. Þá dapurlegu niðurstöðu verða stjórnvöld að taka alvarlega, ekki með því að leggja árár í bát heldur með því að setja sér skýrari markmið og vinna að uppbyggingu leigumarkaðar af meiri festu en áður.

Virkur og öruggur leigumarkaður er án efa eitt brynasta verkefni í húsnæðismálum næstu ára og þar þurfa samfélagslega ábyrgir aðilar að leika lykilhutverk því að markmið húsnæðisstefnunnar á að vera húsnæðisöryggi og félagsleg samheldni en ekki einhliða gróðasjónarmið fjármálastofnana og verktaka.

Virðulegi forseti. Ég lagði ekki til rannsókn á Íbúðalánasjóði í þeim tilgangi að koma höggi á einstaklinga eða stjórnmalaflokka. Það verður þó vart komist hjá því að velta fyrir sér ábyrgð á ógöngum Íbúðalánasjóðs. Í skýrslunni er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sögð samábyrg fyrir þeim breytingum sem gerðar voru árið 2004. Það er í samræmi við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hrun bankanna. Þar viðurkenndi fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde, að þessar breytingar hefðu verið mistök, en án þeirra hefði ríkisstjórn þessara flokka ekki verið mynduð. Núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, hæstv. fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson, hefur einnig viðurkennt að þetta hafi verið mistök.

Framsóknarflokkurinn hefur átt erfiðara með að viðurkenna að góður árangur flokksins í kosningunum 2003 hafi verið í mistökum byggður. Íbúðalánasjóður var um langt árabil tengdur Framsóknarflokknum. Viðskipti Íbúðalánasjóðs og Kaupfélags Skagfirðinga líta ekki vel út, svo mikið er víst.

Verkefnið nú er að horfa fram á veginn og læra af þeirri

skýrslu sem hér liggur fyrir. Einn mikilvægasti lærdómurinn sem ég dreg af skýrslunni er að starfsemi Íbúðalánasjóðs verði að tengjast almennri stefnumótun í húsnæðismálum og þeim markmiðum sem stjórnvöld vilja ná til að tryggja húsnæðisöryggi og velsæld. Það er einnig mikilvægt að sátt sé um starf sjóðsins og breytingar gerðar með samráði stjórnar og stjórnarandstöðu. Þannig rækjum við best hlutverk okkar sem alþingismenn.

[13:23]

### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér viðamikla rannsóknarskýrslu um Íbúðalánasjóð og hefur þegar margt ágætt verið sagt í þessari umræðu. Ég tek undir með hæstv. félagsmálaráðherra að við þurfum sameiginlega að leggjast yfir það hvernig við viljum skipuleggja þessi mál, þennan mikilvæga málaflokk, íbúðalánin, á komandi árum. Það er rétt. En nú erum við að fjalla um það sem liðið er. Þá dugar ekki að tala eins almennt, fara eins almennum orðum um málið, og hér var gert. Nú er talað um stjórnámálamenn almennt. Talað er um að framkvæmdarvaldið hafi brugðist. Talað er um að stofnanir stjórnsýslunnar hafi brugðist. Þessi skýrsla fjallar um það hvaða stjórnámálamenn, hvaða stjórnmalaflokkar og hvaða stofnanir brugðust. Um það eigum við að ræða. Það þýðir ekki að reyna að drepa þessari rammpólítísku umræðu á dreif með almennu orðfæri af þessu tagi.

Það sem gerðist var að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn brugðust í veigamiklum efnunum á því árabili sem rannsóknarskýrslan tekur til. Þetta er staðreynd. Framsóknarflokkurinn fór með þessi mál, en Sjálfstæðisflokkurinn kom einnig að þeim aftur og ítrekað og með skipulegum hætti í gegnum fjármálaráðuneytið. Þessir flokkar og stjórnámálamenn verða að axla sína ábyrgð. Við þurfum að horfa gagnrýnið á það hver hún var.

Það kemur vissulega fram í þessari skýrslu að mjög alvarlegar brotalamir voru í stjórnsýslunni og í eftirlitskerfinu, en pólitíkin hafði einnig komið þar að málum. Með lagabreytingunni 1998, sem gerð var á húsnæðiskerfinu, var pólitískt áhrifavald Alþingis skert með því að koma í veg fyrir að fulltrúar Alþingis ættu aðild að Íbúðalánasjóði, heldur yrði það einvörðungu gegnum flokkspólítíska stýringu. Það er sú flokkspólítíska stýring sem hefur síðan ráðið ferðinni í þessum efnunum.

Síðan er það hitt, og þar er ég ekki á einu máli með skýrsluhöfundum, að mér finnst skorta á að málin séu sett í rétt sögulegt samhengi. Á þeim árum sem rannsóknarskýrslan tekur til voru mikil átök í þjóðfélaginu um hvert ætti að beina þessum málum. Fjármálakerfið og bankarnir vildu ná Íbúðalánasjóði til sín. Félagsleg öfl höfðu hins vegar barist fyrir því í langan tíma að auka aðgengi að ódýrara fjármagni fyrir fólk sem var að byggja eða kaupa íbúð. Þess vegna fagnaði ég því á sínum tíma þegar talað var um 90% lán og fannst slæmt að þau urðu aldrei að veruleika. Það er alrangt að tala um 90% lán nema á örfáum íbúðum sem fólk var að kaupa; litlar íbúðir í fyrsta skipti. Þetta var miklu lægra. Þetta kom aldrei til framkvæmda sem slíkt. Það var nefnilega rangt. Það gerðist ekki. Mér fannst það vera fagnaðarefni, enda er það búið að vera keppikefli allra félagslegra afli að reyna að ná vöxtum mið-

ur á íbúðalánunum og íbúðarhúsnæði umfram það sem verið hefur í landinu.

Mér finnst skýrsluhöfundar ganga of langt í því að taka upp hanskan fyrir fjármálakerfið sem reyndi að koma Íbúðalánasjóði út af fjármálamarkaði með því að kæra til ESA. Þegar ESA-álitið lá fyrir, eða álit frá Brussel, þegar búið var að gefast upp við að koma Íbúðalánasjóði út af lánamarkaði, hóf Búnaðarbankinn að lána sín 90% lán. Þá byrjar hringekja sem hefði aldrei átt að snúast með þeim hætti sem varð. En þegar talað er um markaðssókn Íbúðalánasjóðs vil ég heldur tala um markaðsvörn vegna þess að það var verið að reyna að færa sig yfir í þessar lendar.

Fjármálakerfið — þegar talað er um að bankarnir hefðu vilja og getu til að fara inn á þennan markað, erum við að tala um stofnanir sem voru í þann veginn að gerast gerspiltar og urðu þess síðan valdandi að setja þessa þjóð og efnahagskerfið á hliðina. Þessir aðilar eru ekki án ábyrgðar og ekki heldur hinir sem léku á þetta kerfi.

Það er rétt, sem hæstv. ráðherra sagði, að fimmtungur útlána úr Íbúðalánasjóði gekk til lögaðila, margra, góðra og gegnra fyrirtækja og aðila sem sinntu félagslegu hlutverki. En þarna voru líka óprúttir aðilar á ferð sem tóku lánin sem verktakar, stofnuðu síðan leigufélög, seldu sjálfum sér og áttu þau einnig — þau fóru síðan á hausinn og fimmtungur þessara lána var til lögaðila úr Íbúðalánasjóði, en 40% tapsins skrifast á þessa aðila.

Í þessari skýrslu finnst mér horft fram hjá tíðaranda sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks átti illu heilli drjúgan hluta í að skapa á þessum árum í landinu, tíðaranda græðgi, svika og svindls. Það gagnrýni ég. En hitt tek ég undir að menn hefðu átt að sýna miklu meiri aðgætni. Það er nokkuð sem við eigum eftir að fara miklu nánar í þegar hringekjan, sem ég vék að áðan, byrjaði að snúast, en hún gekk út á það að fólk fékk heimild til að endurgreiða lánin úr Íbúðalánasjóði þegar bankarnir voru komnir af stað við að undirbjóða þann sjóð, en Íbúðalánasjóður gat ekki á sama tíma losað sig við sínar lánveitingar. Íbúðalánasjóður fer síðan að afla lánsfjár hér og erlendis og heldur áfram slíkum lántökum langt eftir að þörfinn hættir að vera fyrir hendi. Maður skilur ekki hvernig stendur á því að séu sjálfsstýring er ekki tekin úr sambandi. Þar skortir ábyrgð og þar skortir eftirlit.

Alla þessa þætti eigum við eftir að gaumgæfa miklu betur og þurfum að gera í sameiningu. Það dugar ekki að drepa þessum málum á dreif með því að tala um alla stjórnmalamenn, alla stjórnmalaflokka, framkvæmdarvaldið, við brugðumst öll. Við gerðum það ekki. Það er alrangt. Hér stóðu menn í pontu mánuðum saman, árum saman, og deildu um þessi mál.

Þótt við höfum mörg fagnað því þegar komið var með 90% lán — ég gerði það og var að vonast til að þau yrðu að veruleika sem þau aldrei urðu, aldrei nokkurn tímann. Ég fagnaði því líka þegar hillti undir að lægri vextir kæmu á húsnæðislán. Mér fannst það gott. En það var fjármálakerfið, gerspilt kerfi, sem gróf undan þessum tilraunum. Það er þessu sem skýrsluhöfundar horfa fram hjá, þykir mér.

Núna, þegar ég heyri Sjálfstæðisflokkinn og fulltrúa hans þenja sig á síðum blaðanna, í *Morgunblaðinu* í morgun eða í gær, um að nú þurfi að fullkomna verkið að einka-

væða íbúðalánakerfið, segi ég: Nei, þá umræðu eigum við eftir að taka.

Það urðu ekki þessi kaflaskil sem skýrsluhöfundar tala um 1999 sem menn vilja vera láta. Staðreyndin er sú að hinn félagslegi þáttur íbúðalánakerfisins var stórveiktur á 10. áratugnum. Vextir á verkamannabústaðalánum voru 1%, en í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks var farið með þá vexti upp í 3% og upp í 3,5%. Þannig er hinn félagslegi þáttur veiktur.

Það er félagslegur þráður og taug í Íbúðalánasjóði, því eins og hæstv. ráðherra benti á voru bankarnir á þessum tíma hættir að lána til erfiðra staða, staða þar sem fasteignamarkaðurinn átti í erfiðleikum. Þar kom til kasta Íbúðalánasjóðs og hann sinnti sínu félagslega hlutverki þar. Það sem menn hafa síðan alltaf verið að reyna að gera er að þrengja hlutverk Íbúðalánasjóðs þannig að hann sinni bara erfiðum svæðum sem kallað er eða tekjulægsta fólkinu. En við hin höfum mörg viljað að hann þjónaði landsmönnum öllum. Hvers vegna? Vegna þess að lánsfjármagn sem Íbúðalánasjóður kemur til með að afla ræðst af þeirri áhættu sem hann stendur frammi fyrir. Ef búið er að gera hann sjálfbæran eins og ætulin var, með lagabreytingunni á sínum tíma, og hann á bara að sinna áhættulánveitingum verður fjármagnið til hans dýrara. Ef hins vegar landsmenn allir sameinast um þennan sjóð eru allar forsendur til að veita lánsfjármagn almennt til íbúðalána á lægri vöxtum en ella.

Hæstv. forseti. Ég vara við þeim merkjásendingum sem við heyrum frá fjármálakerfinu og helstu postulum þess í Sjálfstæðisflokki. Ég á eftir að hlusta betur eftir röddum úr Framsóknarflokknum hvað þetta snertir. En ef ríkisstjórnin ætlar að fara að grafa enn frekar undan því félagslega í okkrar húsnæðiskerfi, þá segi ég: Það verður okkur að mæta.

[13:35]

### Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Sumir hlutir breytast alla vega aldrei og síðasta ræða hv. þingmanns er gott dæmi um það. Ég held ég hafi hlustað á ræðu hv. þingmanns fyrir tíu árum, ég held hún sé nokkurn veginn alveg eins. Ég var að vonast til þess — og fannst ræður þeirra sem hér töluðu á undan gefa tilefni til að ætla það — að við værum kannski komin á þann stað að við mundum fara málefnalega yfir staðreyndir málsins og draga ályktanir út frá því. En ef umræðan verður svona erum við komin í skotgrafirnar strax. (Gripið fram í.) — Ég fagna frammföllum, ég var farinn að sakna þess að það væri ekki komið. (Gripið fram í.) Það voru liðnar 40 sekúndur, virðulegi forseti, og hv. þingmaður var ekki búinn að kalla fram í. Það er gott að það er komið strax núna.

Það er mjög gott að fá þessa yfirgripsmiklu skýrslu í þessu máli. Í henni er mjög mikið af upplýsingum. Hún er mjög hörð. Þetta er svört skýrsla. Ég held að í þessu máli gætum við lært það númer eitt að við eigum að viðhafa gagnrýna hugsun, því að fram til þessa hafa ræðurnar um húsnæðismál og Íbúðalánasjóð verið nákvæmlega eins og ræða hv. þingmanns hér á undan. Mikil gifuryrði og ef einhver vogar sér að tala um Íbúðalánasjóð þá er sko mönnum að mæta, þá er hnefinn á lofti. Svo eru menn bara handbendi, ég veit ekki hverra.

Þessi ræða hv. þingmanns svaraði mér nokkrar mínútur því að ég ætlaði að reyna að fara yfir það hvernig umræðan hefur verið fram til þessa, en hún hefur verið nákvæmlega eins og ræða hv. þm. Ögmundur Jónasson. Það er kannski stærsta ástæðan fyrir því að við erum í þessum gríðarlega vanda.

Ég vil trúá því að það sé sama í hvaða flokki við erum þá höfum við það að markmiði að Íslendingar geti búið í góðu húsnæði. Er það ekki grunnurinn? Að þeir hafi aðgang að lánsfé eða aðgang að leiguhúsnæði. Er það ekki grunnurinn sem allir eru sammála um? Er það síðan ekki næsta verkefni að við byggjum kerfi sem gerir að verkum að fólk geti eignast sitt húsnæði eða leigt eftir því sem það vill? Er það ekki grunnurinn? Og er það ekki líka þannig að við viljum ekki búa til kerfi þar sem áhættan er slík að hún lendi öll á skattgreiðendum ef illa fer? Erum við ekki sammála um þetta?

Virðulegi forseti. Við höfum ekki nálgast hlutina þannig. Þegar við höfum rætt þessa ríkisstofnun hafa menn sett sig í algjöra varðstöðu. Það er stærsta ástæðan fyrir því að við erum komin þangað sem við erum komin. Það er stærsta einstaka ástæðan. Það er stærsta einstaka ástæðan fyrir því að þessir gríðarlegu fjármunir hafa tapast. Það er stærsta einstaka ástæðan fyrir því að skuldbindingin lendir á fólkinu í landinu.

Það er líka sérstakt mál að skoða — og ég er ansi hræddur um að það eigi ekki bara við um Íbúðalánasjóð — hvers vegna ekki hefur verið brugðist betur við en raun ber vitni þegar viðvörunarljósin hafa blikkað hvað eftir annað, eins og kemur fram í þessari skýrslu, bæði innan stofnunarinnar og með skilaboðum utan að. Það er í raun algjörlega ótrúlegt. Við breytum því ekki sem á undan er gengið en ég er ansi hræddur um að ástandið sé ekki bara svona þarna. Og við megum ekki láta þetta gerast aftur.

Ég held ég hafi fyrst tekið þátt í deilum um þetta árið 1995 við fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og mín skoðun er sú að við séum með húsnæðiskerfi sem er ekki skynsamlega uppbyggt. Það hvetur fólk til að skuldsætja sig. Það er hvatinn. Annars vegar með því háa láns hlutfalli sem tónninn er gefinn um í lögum um Íbúðalánasjóð og sömuleiðis varðandi vaxtabæturnar.

Þegar við skoðuðum þetta á sínum tíma árið 1995 — og við höfum tekið vaxtabótaframlögin og sömuleiðis framlög til þáverandi Húsnæðisstofnunar — var þetta samsvarandi því að við gætum styrkt hverja fjölskyldu, sem var að kaupa sína fyrstu íbúð, um 2,8 milljónir, á verðlagi þess árs. Ég tel að við eigum að styðja fólk til að eignast húsnæði en ég tel að við eigum að gera það með öðrum og markvissari hætti þannig að við lendum ekki í þeirri stöðu sem við erum í núna.

Þegar við tölum um félagslega þáttinn erum við annars vegar að tala um fólk sem er með lægri laun og sömuleiðis um svæði úti á landi sem stofnanir eru ekki tilbúnar til að lána á. Þetta er ekki séríslenskt mál. Þetta er eitthvað sem fólk glímir við í öllum þjóðfélögum. En almenna reglan er sú að menn hafa mætt slíkum aðstæðum sérstaklega. Það er það sem við eigum að gera og hefðum átt að gera.

Við erum með versta kerfi sem mögulegt er. Við erum með ríkisstofnun sem er að lána til fólks og fyrirtækja. Þeg-

ar útlánin ganga ekki upp, eins og komið hefur á daginn, vegna þess að allt kerfið gengur út á að fasteignir haldi endalaust áfram að hækka, er reikningurinn sendur á skattgreiðendur. Það er margoft búið að fara við þessu. Þegar menn bentu á þessar augljósu staðreyndir, og sáu þó ekki fyrir þennan svakalega skell, fengu menn ræðu eins og ræðuna frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Það er ekki gott, virðulegi forseti. Ég vil trúa því að hv. þingmaður, eins og aðrir, vilji vel en við verðum að taka umræðuna á dýptina. Við verðum að fara yfir það hvað fór miður og hvernig við getum búið til kerfi sem nær þeim markmiðum sem við erum sammála um.

Hér ætla menn, og finnst það bara gott, að taka einn flokk, jafnvel tvo, fyrir af því að allt það sem miður fór á umræddu árabili, væntanlega á síðasta kjörtímabili líka, er Sjálfstæðisflokknum að kenna, ekki bara hér á Íslandi heldur í öllum öðrum löndum líka. Og við þurfum að vanda okkur og taka aðeins betur á, sérstaklega í alþjóðamálum. Ég hef miklar áhyggjur af bankakreppunni í Evrópu og ég vil fara yfir það með formanni Sjálfstæðisflokksins við gott tækifæri hvað við ætlum að gera í því.

En hér var umræða í þinginu þegar þessar breytingar áttu sér stað. Menn nefna réttilega að Framsóknarflokkurinn gerði það að skilyrði fyrir því að fara í ríkisstjórn að þetta mál næði fram að ganga. Hvað gerðist í þingsalnum? Hvað gerðist í nefndinni? Hvað gerðist í opinberri umræðu? Framsóknarflokkurinn var húðskammaður. Hverjir skömmuðu Framsóknarflokkinn? Það voru hv. þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, fyrir það að ganga ekki lengra. Ég held að menn þurfi nú kannski aðeins að líta í eigin barm ef menn á annað borð eru að leita að pólitískri ábyrgð.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti þá eldræðu eins og venjulega og lagði það sérstaklega til að lánshlutfallið yrði hækkað, þ.e. að allt of skammt væri gengið í því að bjóða 90% lán. Það er staðreynd sem liggur fyrir og ekkert orðskráð í þessum stóli mun breyta þeirri staðreynd.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði þá, með leyfi forseta:

„Ég held að staðan sé raunverulega sú að hæstv. ráðherra“ — þ.e. hæstv. ráðherra félagsmála, Árni Magnússon — „hafi verið þíndur af Sjálfstæðisflokknum til að ganga ekki lengra varðandi þá breytingu sem hér er að ganga í gegn um hækkan á lánshlutfalli.“

Allir þingmenn stjórnarandstöðunnar þá tóku undir þetta. Ég held að það megi gagnrýna okkur sjálfstæðismenn en það sem við áttum að gera var að standa fastar á okkar skoðun í þessu. Það er það sem við hefðum átt að gera.

Umræðan, og ég vona að við verðum aldrei á þeim stað aftur, var þannig — ég var nú bara að fletta þessu og ég hvet fólk til að fletta þessari umræðu, það er hægt að gera það á netinu, skoða hvað menn sögðu á þessum tíma. Ég var sérstaklega skammaður í þessari umræðu og talið að ég væri að boða bankakreppu. Ég var ekki að því. Ég ætla ekki að halda því fram að ég hafi séð bankakreppuna fyrir, ég gerði það ekki. En eins og öllum sem þetta mál skoðuðu áttaði ég mig á því að ákveðin hætta var þarna á ferðinni. Ég benti á það að í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við halda fasteignir ekki endalaust áfram að

hækka. Ég var skammaður blóðugum skömmum fyrir þetta af hv. þingmanni Samfylkingarinnar. Það væri augljóst að ég væri að slá varnagla við þetta mál sem er og verður ekki einungis skellt á Framsóknarflokkinn.

Virðulegi forseti. Við höfum mikið verið að ræða það hvað gerðist á þessum árum 2004, 2005 og 2006. En spurningin er þessi: Lærdum við eitthvað eftir því sem lengra leið á? Hefur enginn áhyggjur af því að útlánamet var sett í júní 2008 hjá Íbúðalánasjóði? Ég veit ekki hvort það hefur verið reiknað sérstaklega hvað varð af þeim fjármunum en ég er hræddur um að það tap sé ansi stórt.

Ég tók þetta hér upp hvað eftir annað, spurðist fyrir um Íbúðalánasjóð, á síðasta kjörtímabili og var ekki einn um það. Hvað gerði sú ríkisstjórn eftir allt sem á undan var gengið, eftir bankahrun o.s.frv., til að draga fram stöðu Íbúðalánasjóðs, meta hana og til dæmis bara upplýsa um hana og setja hana í ríkisreikning?

Virðulegi forseti. Það er kallað hér ýmislegt en við erum ekki búin með það verkefni. Það er ekki búið. Nú er okkar verkefni annars vegar það að taka umræðuna eins og minn ágæti félagi, hv. þm. Ögmundur Jónasson, gerði hér áðan. Við getum gert það, við erum í góðri þjálfun með það, það er eitthvað sem við getum gert. Eða að við reynum að fara í gegnum þessa skýrslu og læra af henni. Ef við gerum það er ég sannfærður um að minnstar líkur eru á því að slíkt gerist aftur. (Gripið fram í.) En við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Þó svo að sumum finnst kannski erfitt að horfast í augu við það sem þeir sögðu og gerðu og lögðu til, er það eitthvað sem er nauðsynlegt.

Ég held til dæmis að það væri afskaplega skynsamlegt að líta til þeirra landa sem við berum okkur saman við og skoða hvernig á málum er haldið þar. Þegar þessi umræða var tekin á sínum tíma, og ég hef nú oft tekið þessa umræðu, skoðuðum við það hvernig við værum í samanburði við aðrar þjóðir, sérstaklega Norðurlöndin. Engin þjóð hefur átt jafn stóran húsnæðisbanka mér vitanlega og við Íslendingar. Allar þær ræður sem hér voru fluttar miðuðu að því að styrkja þyrfti samkeppnisstöðu Íbúðalánasjóðs í samkeppni við bankana. Það getur ekki verið markmið. Það hlýtur að vera markmiðið að fólk fái lánin á sem bestum kjörum. Það hlýtur að vera markmiðið. Tölum þá út frá því, því ef við erum með fleiri svona ríkisstofnanir þar sem eftirlitið er ónógt, þar sem menn bregðast ekki við þegar viðvörunarljósin blikka, þegar við í þessum sal búum til reglur sem gera að verkum, og setjum ríkisábyrgð á skuldbindingar, að þegar eitthvað miður fer, og það gerist nú því miður stundum, fer allur reikningurinn á skattgreiðendur þessa lands. (ÖJ: Hvernig var eftirlitið í bönkunum?) Þá erum við ekki að stíga skynsamleg skref. (ÖJ: Hvernig var eftirlitið í bönkunum?)

Virðulegi forseti. Þetta snýst ekki um það eins og hv. þingmaður kallar hér fram, hvort það hafi verið eitthvað verra annars staðar. Og af því hv. þingmaður, eins og hv. þingmenn Vinstri grænna, talar eins og hann viti allt vil ég bara minna á að þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var stofnuð sáu Vinstri grænir málið ekki betur fyrir en við hin, þeir gerðu sérstaklega grín að þeim hv. þingmanni sem þá var viðskiptaráðherra. Hann var með svo lítið og ómerkilegt ráðuneyti.

Virðulegi forseti. Við sáum þessa hluti ekki fyrir. En sem betur fer er það nú þannig að skellurinn, þessi stóri skellur, sem er einn af þeim stærri í alþjóðlega bankahrununu, sem varð hér á Íslandi, lenti að stórum hluta á þeim sem áttu þá banka, þeir fengu ekkert, og sömuleiðis þeim sem fjármögnuðu bankana, og er það bara sanngjarnt og eðlilegt. Þegar þessi banki féll, og Íbúðalánasjóður er fallinn, við áttuðum okkur alveg á því, lendir sá skellur allur á íslenskum skattgreiðendum. Það er verk Alþingis. Þannig er það bara. Og ég vil ekki trúá því að neinn hafi viljað það, ekki hér inni eða neins staðar annars staðar.

Það er ekki nóg að leggja málin þannig fram að menn vilji allt fyrir alla gera og þar af leiðandi sé hægt að réttlæta alla hluti. Ég held að við höfum öll svipuð og jafnvel sömu markmið og ég held að við eigum að nota þessa skýrslu sem grunn að því að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur, fara gaumgæfilega yfir það sem miður hefur farið og fara yfir aðra þætti í okkar kerfi til að kanna hvort svo geti raunverulega verið að þetta sé ekki einsdæmi, hvort það sé virkilega þannig að yfir vofi hætta — vonandi ekki sambærilegt áfall, sambærilegur skellur. Það skiptir ekki máli þó þeir væru minni. Mér sýnist að sérstaklega þurfi að líta til eftirlitsþátta og hvar ábyrgð liggur.

Ég vonast til þess að við berum gæfa til að vinna þetta þannig að við náum sem mestum árangri. Ég sé það á hv. þm. Ógmundi Jónassyni að hann er orðinn allur annar eftir þessa umræðu. (Gripid fram í.) Þetta verður miklu betri og upplýstari og málefnalegri umræða en við höfum tekið um húsnæðismál í gegnum árin og áratugin. Ef svo er er enginn vafi á því að við náum betri árangri.

[13:54]

### **Brynhildur S. Björnsdóttir (Bf):**

Hæstv. forseti. Það sem mér er efst í huga í dag er auðmýkt; viljinn til að læra af reynslunni, viljinn til að axla ábyrgð, viljinn til að vinna saman að sameiginlegum markmiðum, viljinn til að leggja egóið okkar til hliðar, viljinn til að viðurkenna vanmátt okkar og viljinn til að viðurkenna að við sem sitjum hér inni vitum ekki alltaf best. Þetta á ekki bara við um okkur sem sitjum hér inni, heldur aðra embættismenn og stjórnýsluna alla.

Ábyrgðin sem felst í því að fara með opinbert fé er gríðarleg og afleiðingarnar skelfilegar ef hroki ræður ríkjum. Við þurfum að leggja flokkspólitík til hliðar og hlusta, hlusta hvert á annað, hlusta á þjóðina og sérfræðinga innan og utan okkar raða. Við megum aldrei gleyma því af hverju við erum hér. Við erum hér til að hlusta og þjónusta. Við ætlum að skapa þjóðinni betra samfélag þar sem réttlæti og stöðugleiki ræður ríkjum.

Ég geri þær kröfur til ráðamanna þjóðarinnar að þeir hlusti á viðvörunarþjöllur. Á árunum 1999 til 2012 hafa OECD og AGS gert 21 úttekt á íslensku efnahagslífi og sett fram fjölmargar athugasemdir og aðfinnslur um húsnæðisstefnu stjórnvalda, en þar hefur Íbúðalánasjóður meira eða minna verið í brennidepli. Sérfræðingar þessara tveggja stofnana hafa sett fram rökstuddar áhyggjur sínar af þróun mála og komið með fjölmargar tillögur í þeim efnunum. Frá árinu 2003 hafa þessar tvær stofnanir talið brýna þörf í úrbótum í málefnum Íbúðalánasjóðs og lögðu sérfræðingar

stofnana fram tillögur að gagngerum breytingum á sjóðnum og hugmyndir að útfærslu. Síðan þá hafa stofnanirnar margitrekað áhyggjur sínar og hvatt til tafarlausra breytinga. Sérfræðingar innan þeirra raða vöruðu meðal annars við óeðlilegum og skaðlegum áhrifum á efnahagslífið, áhrifum sjóðsins á þenslu í hagkerfinu, áhættu ríkissjóðs og beinum afskiptum stjórnmalamanna af lánastarfsemi, samkeppni við einkareknar fjármálastofnanir og algjörlega máttlaust eftirlit.

Hæstv. forseti. Það hlýtur að vera orðið ljóst að okkur ber að hlusta á viðvörunarþjöllur frá hæfum erlendum sérfræðingum og hætta að láta þjóðarstoltið flækjast fyrir okkur. Við verðum að leita allra leiða til að gera vel. Það á að vera sama hvaðan gott kemur, og munum að glögg er gests augað.

Þess vegna veldur það mér miklum áhyggjum hvert viðhorf hæstv. forsætisráðherra, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, er til þessara erlendu stofnana.

Með leyfi forseta ætla ég að fá að endurtaka orð hæstv. forsætisráðherra sem hann lét falla í fréttum Ríkissjónvarpsins þann 28. júní sl. um gagnrýni OECD og AGS á frumvarp um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila. Þar sagði hann m.a.:

„Hvað hins vegar OECD varðar og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og allar þessar stofnanir hef ég ekki miklar áhyggjur af því hvað hinum og þessum skammstöfunum finnst um þetta frumvarp.“

Ný ríkisstjórn hefur ekki farið leynt með þjóðmenningarlegar áherslur sínar, en í stefnuyfirlýsingu hennar kemur fram að íslensk þjóðmenning skuli vera í hávegum höfð. Í yfirlýsingunni var lítil sem engin áhersla á að efla samstarf við aðrar Evrópuþjóðir. Þá er líka fullkomlega ljóst, af orðum hæstv. forsætisráðherra, að hann ber ekki mikla virðingu fyrir skoðunum virðulegra erlendra stofnana á borð við OECD og AGS. Af þessu að dæma get ég ekki annað en haft áhyggjur af viðhorfi hæstv. ráðherra í ljósi sögunnar og þess áfellsdóms á íslenskt stjórnkerfi sem skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð felur í sér.

Ég vona að við séum raunverulega tilbúin til að læra af reynslunni, leggja hrokann og egóið til hliðar og fagna gagnrýni og tillögum innlendra jafnt sem erlendra stofnana. Viðurkennum í eitt skipti fyrir öll vanmátt okkar til að vita alltaf best og sýnum þá dómgreind sem þjóðin á skilið. Gleymum því aldrei að í auðmýktinni felst styrkurinn og í samvinnunni felst árangurinn.

[13:59]

### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Í þeirri stjórnmalahreyfingu sem ég og hv. þm. Brynhildur S. Björnsdóttir tilheyrum er gengið út frá hugmyndafræði sem kennir sig við þjónandi forustu. Einn angi hennar felst í því að hlusta af alúð. Í því felst jafnframt að spurningar, sem settar eru fram sem gagnrýni, jafnvel þó að þær séu orðaðar með gildishlöðnum hætti, eru skoðun sem er byggð á tilfinningu sem ber að hlusta á og virða. Gagnrýni er ekki árás. Aðfinnsla er ekki sama og loftárás. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga. Gagnrýni er hluti af nauðsynlegri lýðræðislegri umræðu í lýðræðissamfélagi þar sem menn hafa ólíkar skoðanir og skiptast á

skoðunum til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við ræðum þá skýrslu sem nú er komin fram um Íbúðalánasjóð.

Það er tvennt sem maður staldrar við við fyrstu yfirsýn, það er skortur á vönduðum vinnubrögðum, agaleysi og svo ágalli þeirrar umræðuhéðar sem ég minntist hér á áðan. Hluti af þeim ágalla birtist í umræðunni sem hér fer fram degi eftir að skýrslan kom út. Í síðustu viku þegar hæstv. forseti kynnti að þessi skýrsla kæmi út á þriðjudegi og að umræðan ætti að fara fram á miðvikudegi gerði ég athugasemdir við það á fundi þingflokksformanna að mér þætti það skammur tími sem menn hefðu til að kynna sér efni hennar og fara efnislega í umræðu um það sem þarna kemur fram í mjög viðamikilli og þykkri skýrslu. Ég flutti síðustu skýrslu hér í þinginu klukkan um það bil hálféitt í gærkvöldi, er svo kominn aftur hérna tólf tímum síðar til að ræða þessa skýrslu. Það gefur augaleið að við getum aðeins krafsað í yfirborðið í þessari umræðu.

Ég vil ítreka að það er nauðsynlegt fyrir okkur, þegar líður fram á haustið, að taka aðra umræðu um þessa skýrslu, þegar meira er komið í ljós, þegar hún hefur verið rædd enn betur og við sjáum kannski glitta í einhverja aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í kjölfar hennar.

Ég minni á það líka að það er bara í næsta mánuði sem við eigum von á fyrstu tillögum úr aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna skuldsettra heimila. Það er nauðsynlegt að hafa þann lærdóm sem draga má af þessari skýrslu vel í huga þegar kemur að þeim skrefum sem menn ætla að stíga þar.

Það er rétt, sem kom fram í máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, að hér birtist okkur mjög gallað húsnæðiskerfi sem er grunnurinn að þessu máli. Hann fór að vísu ekki jafn djúpt í að leita orsaka þess eins og ég mundi vilja gera og velta fyrir sér af hverju það er sem okkur hefur ekki tekist hér á þessu landi að bjóða almenningi upp á almennileg og samkeppnishæf lánakjör, af hverju vextir á húsnæðislánum á Íslandi eru alltaf prósentu, tveimur eða þremur, hærra en það sem gengur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er auðvitað vegna þess að það er áhættusamt að lána í íslenskum krónum. Það hefur leitt til þess að við erum með hátt vaxtastig. Það hefur meðal annars leitt til þess að íslenskur almenningur — þegar Jón og Gunna ákveða að kaupa sér sitt fyrsta hús velta þau yfirleitt fyrir sér greiðslugetu sinni frá mánuði til mánaðar og hugsu minna um vaxtastigið, velta lítið fyrir sér hvað breytingar á því muni hafa í för með sér, heldur horfa fyrst og fremst til þess hvort þau muni ráða við afborganir af húsnæði sínu frá einum mánuði til annars. Þetta hefur leitt til þess að fólk tekur of há lán, skuldsetur sig of mikið. Það er ekki æskilegt. Það er eitthvað sem við hljótum að vera sammála um að við þurfum að taka á.

Þegar menn eru komnir út í þessa hluti verða menn að velta fyrir sér hvaða áhrif gjaldmiðillinn hefur í för með sér. Þegar ég talaði um skort á vandaðri umræðu á ég við það að menn klára ekki ferla í íslenskri pólitík eða íslensku stjórnkerfi. Þeir ljúka ekki við ákvarðanir sem teknar hafa verið. Það er ekki farið eftir ákvörðunum sem búið er að taka. Mál eru ekki leidd til lykta. Það er ekki búið að ákveða enn hvað við ætlum að gera í sambandi við það að

ljúka viðræðum við Evrópusambandið. Það er ekki búið að svara þeirri stóru spurningu sem felst í því að taka upp nýjan gjaldmiðil og stöðugri og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir húsnæðiskerfið á Íslandi í framtíðinni. Á meðan menn svara ekki þeim stórum spurningum krafsa þeir áfram í yfirborði málanna.

Það er ánægjulegt að hæstv. ríkisstjórn stofnaði nefndir og starfshópa. Við í Bjartri framtíð studdum það þó að við séum auðvitað áhyggjufull yfir fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar í þessum efnunum. Sagan sýnir að full ástæða er til að hafa áhyggjur. Það er full ástæða til að fara vel yfir þær aðgerðir sem boðaðar hafa verið, að þær ógni ekki efnahagslegum stöðugleika. Þær mega ekki vera þensluhvetjandi og verðbólgaþyrndandi, með tilheyrandi áhrifum á vaxtastig og þar með með tilheyrandi og vondum áhrifum á stöðu heimilanna.

Það er með þetta í huga sem stíga verður næstu skref. Við þurfum að vinna að því að búa til framtíðarhúsnæðis stefnu með fulltrúum allra flokka og stéttarféлага þannig að þau mistök sem hér hafa átt sér stað verði ekki endurtekin.

[14:06]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Það liggur í hlutarins eðli að þessi umræða mun verða frekar yfirborðskennd. Þó verð ég að segja að í ræðunni sem hv. þm. Brynhildur S. Björnsdóttir flutti var komist að kjarna málsins. Ég vil jafnframt taka undir margt af því sem kom fram í máli hv. þm. Róberts Marshalls.

Ég tel mjög mikilvægt, þegar við hittumst í september á hinum svokallaða septemberstubbni, að við förum í ítarlega umræðu um þetta mál. Fyrst við komum hvort eð er saman í september finnst mér tilvalið, til að leggja grunninn að haustþinginu, að við notum sumarið til að fara ítarlega í þessa skýrslu. Það er ekki úr vegi að þær nefndir sem eiga að fjalla um skýrsluna hittist og fari vel yfir það sem við þurfum að læra af henni. Þetta snýst að sjálfsögðu fyrst og fremst um það hvaða lærdóm við getum dregið af þessu og hvað við þurfum að gera strax.

Það kom skýrt fram í morgun, þegar við fengum skýrsluhöfunda til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, að eitthvað þyrfti að gera strax. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, og þetta er glimrandi tækifæri til að fara í heildarendurskoðun, sem svo sárlega þarf að gera, og taka ákvarðanir í tengslum við húsnæðiskerfi landans. Mér líður svolítið eins og ég sé alltaf í einhverju endurteknu efni sem ég þó var ekki hluti af þegar kemur að umræðum um húsnæðiskerfi Íslendinga.

Það er alltaf verið að tala um að leigumarkaðurinn sé í molum. Hann hefur sjaldan verið eins slæmur og hann er í dag. Af hverju? Af hverju hafa þeir sem fara út í stærstu fjárfestingu lífs síns, sem er þak yfir höfuðið, svona lítill réttindi? Fyrir langflestu er þetta stærsta fjárfesting lífsins.

Þessi skýrsla gefur okkur vísbendingu. Ég vil þó hvetja alla þá nýju þingmenn sem hér eru og þá sem hafa verið hér lengur og hafa ekki gefið sér tíma til að lesa hina ótrúlega mögnuðu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hina fyrri, að samlesa þessar tvær skýrslur. Þegar við fáum síðan skýrsluna um sparísjóðina mun það gefa okkur mjög góða vísbendingu um það hvert við þurfum að fara og hvað við þurfum að gera.

Ég tek undir það með þingmönnum að við eigum ekki að fara í skotgrafir. En við verðum líka að búa til ábyrgðakeðju í samfélagi okkar sem er á þann veg að þeir sem valda svona miklu samfélagslegu tjóni, annaðhvort með aðgerðaleysi eða með því að taka að sér stöðu sem þeir valda ekki, verði að axla ábyrgð þó að það sé ekki nema með því að segja af sér. Í öllum öðrum löndum sem við berum okkur saman við er það þannig. Þó svo þú sért ekki ábyrgur persónulega í ákveðinni stofnun fyrir einhverju sem gerst hefur, einhverju sem starfsmaður þinn gerir, þá segir þú af þér. Það býr til heilbrigðara samfélag. Ef fólk sem veldur mestum skaða í samfélaginu kemst alltaf upp með það, hvers konar skilaboð erum við þá að senda öðrum? Það er brotið samfélag sem leyfir að það sé þannig að þeir sem valda mestu tjóni komist alltaf upp með það og fá jafnvel stöðuhækkun. Það er ekki gott samfélag. Það er ekki heilbriggt samfélag. Ég varð að koma aðeins inn á þetta.

Það kom líka fram á þessum fundi í morgun — sem mér fannst athyglisvert og mikilvægt og vil gjarnan að við notum sem grunn þegar við förum að skoða hvers konar húsnæðiskerfi við ætlum að hafa hérlendis — að það þýðir ekki að tjásla endalaust í ónýta flík með bútasaum. Ástandið er orðið þannig með Íbúðalánasjóð að hann er í mjög slæmri stöðu. Það fylgja honum miklar skuldir og það hefur komið fram, og kom fram á síðasta þingi, þar sem ég var þingmaður fyrir annan flokk og sat í velferðarnefnd og öðrum nefndum, að staða sjóðsins er mjög slæm.

Mér finnst ekkert að því að við förum, á meðan við höfum tíma, í að endurhanna kerfið frá grunni eins og nefndarmenn sem sátu í þessari rannsóknarnefnd lögðu til. Mér finnst það ótrúlega spennandi verkefni. Mér finnst það spennandi að því gefnu að við lærum af fortíðinni og setjum líka ábyrgðakeðju inn í þau nýju kerfi sem við ætlum að smíða saman. Auðvitað eiga allir flokkar að koma að því. Og auðvitað eigum við að kalla til sérfræðinga, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, til að fá lánaða hjá þeim dómgreind, þekkingu og visku.

Þetta íbúðalánasjóðskerfi — mjög margir Íslendingar halda að það hafi enn þá félagslegan undirtón. Það er mjög langt síðan sá félagslegi undirtón og þau félagslegu markmið sem þessi sjóður stóð fyrir hurfu. Ef einhvern tímann hefur verið tilefni til að skoða húsnæðismál á heilðrænum grunni, bæði út frá leigumálum — ég verð reyndar að viðurkenna að ég hef verið á leigumarkaði mjög lengi sjálf og neyddist til að kaupa mér húsnæði út af því að það var orðið svo dýrt að leigja, sem er sorglegt, því það er þannig að sumum hentar bara betur að vera í leiguhúsnæði. Það á að vera þannig að það sé val hjá fólki hvort það vilji festa sína framtíð í steypu eða ekki. Ég er ekki viss um að við munum nokkurn tímann hafa leigumarkað á Íslandi. Ég er eiginlega búin að gefast upp á þeirri tilhugsun. Það er meira að segja þannig úti í grasróttinni — ef hinn ágæti maður Jón frá Pálmholti hefði ekki komið á einhverjum réttindum fyrir leigjendur, ef hann hefði ekki verið til, væru kannski ekki enn þá til leigusamningar. Það er nú bara þannig. Því miður nýtur þess góða manns ekki lengur við. Það hefur einginn tekið boltann hans. Er það ekki á ábyrgð stjórnvalda að tryggja neytendarétt? Er það ekki á ábyrgð okkar?

Það kemur fram í þessari skýrslu að þingmenn og emb-

ættismenn ýmiss konar og ráðherrar og ráðuneyti og ýmsar mikilvægar stofnanir stóðu sig ekki sem skyldi. Hvað getum við gert til þess að laga þetta? Ég held að það eigi að vera meginstefið.

Ég vildi óska þess að við mundum líka geta kallað hlutina réttum nöfnum. Það er eitt af því sem við verðum að hætta að gera, það er að ráða pólitískt í mikilvægar stöður. Það er spilling. Það heitir ekki neitt annað, en það má ekki kalla það spillingu. Hættum að ráða pólitískt í svona rosalega mikilvægar stöður. Því að hæfa fólkið, sem vill vera virkilega góðir embættismenn, það fær aldrei vinnu, nema það gangi í einhvern flokk. Getum við ekki reynt að breyta þessu? Er ekki kominn tími til að við lærum af reynslunni?

Hérna höfum við í fjórum bindum, ásamt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem spannaði átta plús eitt bindi, og svo fáum við rannsóknarskýrsluna um sparissjóðina — þarna er efniviðurinn, lærdómurinn, til að byggja hið nýja Ísland, sem er ekki lengur í umræðunni, en er það eina réttta sem við þurfum að gera eftir hrun. Það er eins og við höfum ekki lært neitt af hruninu. Þetta var ekkert svokallað hrun, þetta var alvöruhrun. Við erum enn að finna áhrifin af því.

Allar krísur, sem samfélagið eða einstaklingar lenda í, eru annaðhvort til að halda áfram í sama fari, fara enn dýpra niður eða ótrúlegt tækifæri breytinga. Látum þessa skýrslu verða ótrúlegt tækifæri til alvörebreytinga. Ég skora á samþingmenn mína að gera það.

[14:16]

#### **Karl Garðarsson (F):**

Virðulegur forseti. Eftir bankahrunið 2008 var mikið talað um skort á eftirliti og skeytingarleysi sem ákveðna grunnþætti í sjálfu hruninu. Talað var um Fjármálaeftirlitið, Seðlabankann, stjórnvöld og fleiri stofnanir sem áttu að sjá til þess að þessir hlutir væru í lagi. Nú hefur komið í ljós að skortur á eftirliti og skeytingarleysi hefur verið víðar. Aftur dúkka upp nokkurn veginn þessir sömu aðilar ásamt fleirum þegar leitað er að þeim sem bera ábyrgð á slæmri stöðu Íbúðalánasjóðs. Stjórnvöld, Alþingi, Fjármálaeftirlitið, stjórn Íbúðalánasjóðs og starfsmenn, (**ÖS**: Og kosningaloford.) — það er enginn undanskilinn.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð er svört. Hún er áminning um það hvað gerist þegar eftirlitskerfið bregst, stjórn bregst, starfsmenn bregðast og síðast en ekki síst þegar stjórnmalámen bregðast. (**Gripíð fram í**: Hver stýrði þessu?) Þannig er það og síðan geta menn farið í endalausa samkvæmisleiki þar sem reynt er að finna þann sem ber meiri ábyrgð en næsti maður.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er sjónum sérstaklega beint að því sem kallað er „viss vegferð stjórnvalda með sjóðinn árið 2004“. Sú viss vegferð fólst í breyttum útlán- og fjármögnun þeirra. Húsnæðislánakerfið var lagt niður og íbúðabréfakerfi tekið upp með beinum peningalánum. Hámarkslánstjárhæð lána var hækkuð og veðhlutfall lána Íbúðalánasjóðs hækkaði í allt að 90%. Skýrsluhöfundar benda á að þetta hafi verið í samræmi við kosningaloford Framsóknarflokksins, loford sem síðan fór í stjórnsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Farið var að veita almenn 90% lán í desember 2004, en nokkrum mánuðum áður hafði viðbótarlánakerfi sjóðsins



verið aflagt. Þegar hér var komið sögu höfðu bankarnir ruðst inn á markaðinn og boðið 100% lán án hámarksláns-fjárhæðar, á meðan Íbúðalánasjóður var með hámark á sínum lánam. Skyndilega voru lán Íbúðalánasjóðs ekki eins freistandi og fyrr og stórfelldar uppgreiðslur hófust þegar fólk vildi greiða lánin upp og færa sig yfir í bankana. Samtals tapaði Íbúðalánasjóður 54 milljörðum vegna uppgreiðslu lána og 103 milljörðum vegna svokallaðrar uppgreiðsluáhættu. Er það þá kosningaloforð Framsóknarflokksins sem var skaðvaldurinn, eða voru það fjármála-stofnanir sem dældu peningum út án þess að taka eðlileg við? Hvort kemur á undan, hænán eða eggidi?

Sumir hafa viljað kenna kosningaloforði Framsóknarflokksins um 90% lánslyftu um hvernig fór á sínum tíma. Fulltrúi rannsóknarnefndar Alþingis sagði hins vegar skýrt á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í morgun að orsökkin lægi annars staðar. Við skulum ekki gleyma því að íbúðaverð tók stökk þegar bankarnir fóru að veita 100% íbúðalán. Hafði verið hækkad umtalsvert þegar Íbúðalánasjóður hóf að veita sín almennu 90% lán. Þessi 90% lán Íbúðalánasjóðs höfðu engin áhrif á íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu þar sem sjóðurinn veitti aðeins nokkra tugi slíkra lána þar. Þegar bankarnir komu inn á markaðinn náðu þeir hins vegar strax 80–90% markaðshlutdeild í íbúðalánun á nánast engum tíma.

Mér leikur líka forvitni á að vita af hverju Samfylkingin tók ekki á málefnum Íbúðalánasjóðs þar sem flokkurinn sá um málaflókinn í heil sex ár. (Gripið fram í.) — Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmálaráðherra 2007–2009, Ásta R. Jóhannesdóttir var félags- og tryggingamálaráðherra 2009, síðan sáú Árni Páll Arnason og Guðbjartur Hannesson um þennan málaflók frá 2009–2013. Er ekki rétt að þetta fólk svari fyrir aðgerðaleyfi sitt? Var það kannski bara almennt áhugaleyfi og sinnuleysi? (**Gripið fram í:** Af hverju var ekki ...?) Hér áðan var sagt að ýmislegt hefði verið gert, en þetta ýmislegt var greinilega ekki nóg.

Ekki má heldur gleyma því að það var ákveðinn stuðningur við 90% hugmyndina árið 2004 frá nokkrum núverandi stjórnarandstöðupingmönnum. Þegar beðið var eftir niðurstöðu frá Eftirlitsstofnun EFTA á sínum tíma, um hvort yfirleitt væri í lagi að veita 90% lán, kom fram tillaga frá þingmönnum Samfylkingarinnar, fyrrverandi forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, Helga Hjörvar, og varaformanni flokksins, Katrínu Júlíusdóttur, þar sem þau hvöttu til þess að þegar í stað yrði boðið upp á slík lán, 90% lán, þó að niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA lægi ekki fyrir.

Helgi Hjörvar, sem hér kemur upp á yfir væntanlega, hafði þetta að segja um 90% lánin árið 2004, með leyfi forseta:

„En ég held að það sé mikilvægt vegna fasteignamarkaðarins og væntinga í samfélaginu að ráðherrann staðfesti að það sé fyrirlætun ríkisstjórnarinnar, að því gefnu að eftirlitsstofnunin fallist á málið, að hér verði í boði á þessu kjörtímabili 90% lán, að hámarki 18 millj. kr., til íbúðakaupa þannig að markaðurinn og þeir sem eru í íbúðakaupahugleiðingum geti gengið út frá því sem vísu að gefi ESA grænt ljós verði þetta þær heimildir sem tiltækar verði íbúðakaupendum í síðasta lagi vorið 2007.“

Þetta var árgerð 2004 af Helga Hjörvar. Ég veit ekki hvað árgerð 2013 segir.

Að þessu sögðu er það alveg á hreinu að Framsóknarflokkurinn skorast ekki undan ábyrgð þegar kemur að stöðu Íbúðalánasjóðs. Teknar voru margar afdrifarfar ákvarðanir þegar flokkurinn stóð á vaktinni, ákvarðanir sem voru dýrkeyptar. En það er nauðsynlegt að fjalla um málið af sanngírni, en ekki með innantómum upphrópunum.

Í þessari umræðu hefur verið farið yfir margt af því sem fór aflaga og það eru gríðarlegar upphæðir sem hafa tapast. Rannsóknarnefndin segir að sinnuleysi stofnana stjórnsýslunnar og vanþekking innan sjóðsins, auk pólitískra áhrifa og hagsmunatengsla, hafi verið dýrkeypt. Bókfært tap Íbúðalánasjóðs sé 100 milljarðar kr. frá stofnun sjóðsins til ársins 2012 miðað við verðlag þessa árs. Óbókfært tap nemi allt að 170 milljörðum kr. að núvirði. Heildartap Íbúðalánasjóðs gæti því numið allt að 270 milljörðum kr. Þetta eru gríðarlegar upphæðir. Hvað fór úrskeiðis?

Íbúðalánasjóður ákvað í desember 2004 að ávaxta umframfé sitt með lánsamningum við banka og sparisjóði. Þetta voru 95 milljarðar kr. á árinu 2005. Þetta þýddi einfaldlega að bankarnir gátu lánað enn meira fé en áður, sem leiddi síðan til þess að enn meiri uppgreiðsla varð hjá Íbúðalánasjóði.

Rannsóknarnefnd Alþingis segir að flest bendi til þess að þessar lánveitingar til banka og sparisjóða hafi verið ólögmetar. Það er því athyglisvert að ungur og upprennandi lögmaður, Árni Páll Arnason, skilaði á sínum tíma lögfræðilíti þar sem hann sá ekkert athugavert við þessa samninga. Þessi sami Árni Páll Arnason hafði unnið mikið fyrir sjóðinn missirin á undan, (Forseti hringir.) ekki síst í tengslum við umdeild skuldabréfaviðskipti sem kostuðu sjóðinn (Forseti hringir.) meira en 20 milljarða kr.

(**Forseti (KLM):** Má ég minna hv. þingmann á að honum ber að ávarpa þingmann á tilskilinn hátt.)

Tek það til mín.

Rannsóknarnefndin sagði líka að ekki hefði verið hlustað á Ríkisábyrgðasjóð sem ítrekað varaði við stöðu Íbúðalánasjóðs, að starfsemi Íbúðalánasjóðs hafi ekki bara náð til lánveitinga til húsnæðiskaupa og undir formerkjum áhættu-stýringar var sjóðurinn rekin sem fjárfestingarbanki, fjármagnaður með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa, að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi ekki sinnt hlutverki sínu og stjórnarmenn hefðu ekki haft þekkingu á verkefningu. Og að Íbúðalánasjóður hafi lánað byggingasamvinnufélögum, sjálfs-eignarstofnunum, byggingaverktökum og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, 122 milljarða kr. á árunum 1999–2012. Það er fimmtungur af heildarlánveitingum sjóðsins á þeim tíma. Kröfur um veð voru litlar og háar upphæðir töpuðust.

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er mikið og ítarlegt plagg. Skoða verður rækilega hvað fór úrskeiðis. Síðan verður að byggja nýtt húsnæðiskerfi til framtíðar. Við verðum að horfa til framtíðar, jafnt í málefnum Íbúðalánasjóðs sem öðrum.

Það þarf að loka endanlega á pólitísk ítök og hagsmunapot stjórnmalamanna. Framsóknarflokkurinn hefur einn flokka stigið það skref að skipta algjörlega um forustu eftir hrun. Enginn núverandi þingmann flokksins sat á þingi þegar afdrifarfar ákvarðanir voru teknar í málefnum

Íbúðalánasjóðs árið 2004. Sá sem hefur mestu starfsreynsluna kom inn árið 2007, síðan komu nokkrir inn árið 2009. Uppgjör við fortíðina má ekki bara eiga sér stað úti í þjóðfélaginu, heldur þarf það líka að eiga sér stað í stjórnmálaflokkunum sjálfum. **(Gripið fram í: Rétt)** Þar getur Framsóknarflokkurinn borið höfuðið hátt.

Það ber að þakka fyrir þessa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þetta er mikið plagg sem getur orðið góður vegvisir inn í framtíðina.

[14:26]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Framkvæmd kosningalofrða Framsóknarflokksins árið 2003 leiddi til gríðarlegs tjóns. Það mikilvæga nú er að við gætum þess að framkvæmd kosningalofrða Framsóknarflokksins árið 2013 verði ekki annað eins stórslys. (Gripið fram í.) Allt að 270 milljarða uppsafnað tap. Það er nærfellt 1 millj. kr. á hvert mannsbarn í landinu. (Gripið fram í.) Það eru líðlega 3 millj. kr. fyrir fjögurra manna fjölskyldu í landinu og það tekur venjulega fjögurra manna fjölskyldu langan tíma og mikið erfiði að leggja til hliðar svo háar fjárhæðir. Þess vegna er ábyrgðin mikil og mikilvægt fyrir okkur að læra af því sem gerst hefur.

Þegar ég segi framkvæmd kosningalofrða Framsóknarflokksins þýðir það ekki að Framsóknarflokkurinn beri einn þessa ábyrgð. Það voru margir sem komu að þeirri framkvæmd. Það þýðir ekki að efni kosningalofrðsins í sjálfu sér, 90% húsnæðislán, hafi verið kjarni þess sem fór úrskeiðis því að staðreyndin er sú að í velferðarríkjum allt í kringum okkur eru veitt 90% húsnæðislán án þess að það hafi haft (Gripið fram í.) hræðileg efnahagsleg áhrif. (Gripið fram í.) Mistökinn sem gerð voru eru í útfærslunni og í framkvæmdinni, fyrst og fremst því að réttur Íbúðalánasjóðs til þess að greiða upp þau lán sem hann tók sjálfur var af honum tekinn. Þau mistök kostuðu 100 milljarða íslenskra króna. Þau mistök leiddu til þess að gríðarlegt lausafé hlóðst upp inni í sjóðnum. Í óræntingunni dældi hann því fé út á markað og kynti undir bæði þenslunni á markaðnum og samkeppni fjármálastofnananna við sjálfan sig og á undraskömmum tíma leiddi útfærslan og framkvæmdin á þessu kosningalofrða Framsóknarflokksins 2003 til þess að á Íslandi voru fyrir hrún, fyrir efnahagshrún, skuldsettustu heimili í heimi.

Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við förum yfir þær tillögur sem við eigum eftir að fá á þessu kjörtímabili um framkvæmd á kosningalofrðum Framsóknarflokksins árið 2013. Án þess að ætla að vísa beint til einstakra orða sem komu fram á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í dag var þar lögð rík áhersla á að við alþingismenn skyldum muna og muna alltaf: Aldrei að gera allt fyrir alla vegna þess að það mun alltaf hafa í för með sér gríðarlegan kostnað.

Ég held að við skulum muna það þegar við tökumst á við útfærslurnar á kosningalofrðum Framsóknar árið 2013, kannski sérstaklega vegna þess að við hefðum mátt gera það betur þegar við fengumst við útfærslurnar á kosningalofrðum þeirra 2003.

Aldrei að gera allt fyrir alla af því það mun reynast öll-

um býsna dýrkeypt. En hvað annað getum við á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að fengum skýrsluna lært af því sem fór úrskeiðis? Það er að hér má ekki, hér má alls ekki, hvorki í Seðlabankanum, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisendurskoðun né nokkrum öðrum lykileftirlitsstofnunum í samfélaginu stunda pólitískar ráðningar. Eftirlitsstofnanir okkar, kjarnaftirlitsstofnanir okkar, sem eiga að hafa eftirlit með atvinnulífinu, með fjármálalífinu og með stjórnmálamönnum, verða að vera lausar við pólitíska spillingu og úthlutanir embætta til flokksgæðinga, hvort sem það er í Seðlabankanum eða Fjármálaeftirlitinu.

Hvað getum við líka lært af þessu? Við getum lært að þegar stofnanir gegna miklu efnahagslegu hlutverki, eins og Íbúðalánasjóður, megum við ekki undanþiggja þær eftirliti þótt þær séu félagslegar stofnanir öðrum þræði, við megum ekki undanþiggja þær reglum um aðhald, við megum ekki taka af Fjármálaeftirlitinu eða hafa heimildir Fjármálaeftirlitsins neitt minni til inngripa í slíkar stofnanir heldur en aðrir, vegna þess að þegar við freistumst á einhverjum öðrum forsendum til þess að draga úr aðhaldi með mikilvægum efnahagslegum stofnunum eins og Íbúðalánasjóði fer illa. Þegar hér fara saman stór og dýr kosningalofrða, illa fgrunduð útfærsla, pólitísk spilling í embættisveitingum og lítið aðhald með starfsemi sjóðsins verður reikningurinn sá sem hann varð, allt að 270 þúsund milljónir. Það er áfall af slíkri stærðargráðu að við hljótum að fara yfir það, ekki bara í dag heldur hljótum við að taka þá daga sem ákveðið hefur verið að hafa þinghald í september til þess að fara enn betur yfir það, í millitíðinni í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og það hlýtur auðvitað að vera verkefni okkar áfram í vetur að vinna úr því sem hér er á borðinu.

Hér var einhver drullumokstur af hálfu nýs þingmanns Framsóknarflokksins sem minnti helst á gamla sendiboða úr þeim flokki, eins og menn þekkja héðan úr þinginu, þar sem reynt var að draga persónur úr mínum stjórnmálaflokki til ábyrgðar um þetta efni. Ég ætla ekki að segja margt um það, það er einhvern veginn ekki þess verðugt þegar menn standa hér og nafngreina einstaklinga sem þeir vilja draga til ábyrgðar fyrir **(Gripið fram í: Ómálefnalegt)** þau mistök sem þeir bera fyrst og fremst ábyrgð á.

Ég bendi á að rannsóknarnefndin sjálf sá ástæðu til þess að kalla fyrir sig tiltekna félagsmálaráðherra til þess að fara yfir störf þeirra sem ráðherra. Það voru ekki þeir sem þessi nýi þingmaður Framsóknarflokksins nefndi sem voru kallaðir fyrir rannsóknarnefndina vegna starfa sinna sem ráðherrar. Þar er þó undanskilinn Árni Páll Árnason því hann var kallaður til hafandi starfað sem lögfræðingur á sínum tíma og skrifað þetta álit sem nefnt er. Þegar menn draga það fram skulu þeir ekki reyna að setja ábyrgðina á lögfræðinginn sem skrifaði álitid, síst af öllu þegar fyrir liggur að bæði Fjármálaeftirlitið og Ríkisendurskoðun höfðu sömu sjónarmið í málinu og hinn ungi lögfræðingur sem vísað var til.

Virðulegur forseti. Ég hvet Framsóknarflokkinn til þess að reyna að hafa þessa umræðu á ögn herra plani og ögn minna persónulegu.

[14:34]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það dylst engum, við lestur þessarar skýrslu, að Íbúðalánasjóður var orðinn áhættusækin fjármálastofnun frá árinu 2004 sem leiddi til 270 milljarða taps fyrir sjóðinn og þar með skattborgara þessa lands. Félagslegt hlutverk sjóðsins var sett til hliðar og öll stefnumótun var í lágmarki og mikil markaðssókn var í kapphlaupi við einkavæddu bankana. Uppgreiðsluáætta sjóðsins var gífurleg þegar samkeppni við bankana hófst af fullum þunga haustið 2004. Íbúðalánasjóður stóð samhliða frammi fyrir því að geta ekki greitt upp íbúðabréfin sem sjóðurinn fjármagnaði sig með.

Þrátt fyrir miklar uppgreiðslur hélt Íbúðalánasjóður áfram að fjármagna sig með íbúðabréfum og uppgreiðslur voru meiri en útlán hans árin 2004 og 2006. Það fjármagn sem sjóðurinn sótti sér á markaði ekki þörf fyrir jók gífurlega á vanda hans. Allt ber þetta að sama brunni. Á árunum 2004–2008 fer sjóðurinn í áhættusamar fjárfestingar og tapaði við hrúnið miklum fjármunum vegna þeirrar áhættutöku með lausafé sjóðsins. Sjóðurinn slakaði á í lánskiyrdum og hækkaði láns hlutfall og hætti að gera kröfu um bankaábyrgð við lántöku til byggingaverktaka og leigufélaga í byggingu íbúðarhúsnæðis á markaði.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrúnið er litið á þessa ákvörðun þáverandi og núverandi stjórnarflokka sem ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna, mistök sem gerð voru með fullri þekkingu á mögulegum afleiðingum. Skýrslan um Íbúðalánasjóð er líka áfellsdómur um pólitískar ráðningar og hagsmunatengsl við ákvarðanatöku. Við lestur skýrslunnar eru pólitísk fingraför Framsóknarflokksins áberandi og eru til marks um óvönduð vinnubrögð sem áttu að verða Framsóknarflokknum víti til varnaðar í störfum sínum núna í stjórn landsins.

Það er rétt að minnst og rifja upp þau óábyrgu og miklu yfirboð sem Framsóknarflokkurinn fór út í fyrir síðustu kosningar, um niðurfærslu skulda vegna íbúðalána, sem nota bene eiga að stórum hluta rætur sínar að rekja til óábyrgar útlánastarfsemi, bæði Íbúðalánasjóðs og bankanna á markaði, á árunum 2004–2008, þeirrar kollsteypu sem varð við bankahrúnið og hins alvarlega forsendubrests sem fylgdi í kjölfarið fyrir alla lántakendur þessa lands.

Það má lesa út úr þessari skýrslu hvernig stjórnendur Íbúðalánasjóðs misstu algjörlega sjónar á grunnhlutverki sjóðsins, á því að búa landsmönnum öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum í stað áhættusæknna á markaði. Fram kemur hjá skýrsluhöfundum að bankakerfið sé í dag fullfært um að sinna öllum almennum lánveitingum og þar með talið fasteignakaupum. Þar er ég alls ekki sammála því að víða á landsbyggðinni lána bankar ekki til fasteignakaupa vegna þess að þeir telja sig ekki geta tekið neina áhættu í veðum í fasteignum þó að það standist langt í frá alltaf skoðun.

Íbúðalánasjóður mun því áfram gegna lykilhlutverki í lánastarfsemi til húsnæðisakaupa á landsbyggðinni og sinna sínu félagslega hlutverki. Það er því mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að móta skýra húsnæðisstefnu og horft verði til þess að tryggja leigjendum öruggt húsnæði og þeim sem þurfa á félagslegum stuðningi að halda. Einnig

verði horft til landsbyggðarinnar og hennar hlutur tryggður í eðlilegri uppbyggingu og endurnýjun á íbúðahúsnæði.

Umrædd skýrsla ber vitni um gífurleg mistök sem valdið hafa samfélaginu miklu fjárhagstjóni. Allir sem hlut eiga að máli og þeir sem gegna ábyrgð í þjóðfélaginu verða að læra af þeim miklu mistökum.

[14:40]

**Brynjar Níelsson (S):**

Hæstv. forseti. Þessi skýrsla sem okkur barst í gær sagði mér svo sem ekki mikið nýtt. Ég held að mörgum hafi verið ljóst helstu niðurstöður, fyrir þó nokkuð mörgum árum, sennilega 2006 og 2007, um stóru atriðin. Það voru mörg varnaðaráhrif og nú þurfum við að velta fyrir okkur hvað brást, hverjir brugðust. Margir sem hafa tekið til máls hafa bent á stjórnendur sjóðsins, ráðgjafa þeirra, eftirlitsaðila. Ég held að stærstu mistökinn liggi hjá stjórnmalamönnum, þeim sem ráða langmestu. Það voru ótrúlega mikil mistök að þessi sjóður lét af sínu félagslega hlutverki, hann fór í samkeppni við bankana, með ríkisábyrgð á bakinu, sem þýddi auðvitað lægri vexti, sem þýddi það að lánskjörin urðu betri, sem þýddi það að húsnæðisverð hækkaði. Þetta er ekki spurning um að hafa skoðun á þessu eða ekki. Þetta er það sem gerist við þessar aðstæður. Íbúðalánasjóður er bara orðinn venjulegt fjármálafyrirtæki á lánamarkaði í samkeppni með þeirri áhættu sem því fylgir og sú áætla kemur nú í bakið á okkur öllum.

Stjórnendur tóku margar rangar ákvarðanir, það er alveg ljóst. Það var röng ákvörðun að fara að lána einkabönkunum með peningum sem fengust fyrir uppgreiðslu, og taka þar að auki meira lán til að lána bönkunum. Þetta voru mistök og hugsanlega, eins og niðurstaða rannsóknarinnar ber með sér, ekki einu sinni lögmætt að gera. Ef það er rétt þá eru þetta sennilega mestu umboðssvik sögunnar.

En varðandi eftirlitsaðilana sem margir benda á — hvaða eftirlit brást? Var það ekki aðallega eftirlit Alþingis og ráðuneytisins? Menn benda á Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn höfðu bara mjög takmarkaðar heimildir í lögum til að bregðast við, nánast engar. Enda lá fyrir pólitísk ákvörðun um að lög um fjármálafyrirtæki giltu ekki um Íbúðalánasjóð. Það var ákvörðun stjórnmalamanna auðvitað. Þannig að stóra og mikla ábyrgðin er hjá stjórnmalamönnum. Við skulum ekki reyna að varpa henni allri á eftirlitsaðila og stjórnendur Íbúðalánasjóðs.

Auðvitað eru það kannski stærstu mistökinn af öllum að Alþingi skyldi uppgreiðslu lántakenda hjá Íbúðalánasjóði án uppgreiðslugjalds enda er það niðurstaða skýrslunnar að mesta tjónið stafi af því. Langstærsti hluti tjónsins sem við verðum fyrir er út af þessu. Þegar við erum að tala um pólitísku ábyrgðina þá hafa menn fyrst og fremst bent á Framsóknarflokkinn. Ég er ekkert viss um það — ekki ætla ég nú að verja Framsóknarflokkinn sérstaklega — að hann beri meiri ábyrgð en margir aðrir flokkar hér. (Gripid fram í.) Ég held að við berum öll ábyrgð, allir flokkarnir bera ábyrgð.

Ég var að vísu ekki hrifinn af því loforði sem var gefið sem vakti auðvitað ákveðnar væntingar. Það var vont loforð, slæmt loforð en þetta er ekki stóra málið. Hér fór fram

umræða um það. En húsnæðismál hafa einhvern veginn alltaf verið á könnu félagshyggjuflokkanna eða þeirra sem kenna sig við félagshyggju. Við í Sjálfstæðisflokki höfum viljað að um þetta gildi almennar reglur og höfum bent á, sem rannsóknarnefndin gerir raunverulega líka, að það er eiginlega bara um tvennt að ræða. Annaðhvort er Íbúðalánasjóður í félagslegu hlutverki fyrir þá sem þess þurfa eða ekki, hann á ekki að þjóða öllum lán með ríkisábyrgð, það er hættulegt og það átti ekki að gera.

Ef menn fara í það, eins og var gert, að lána öllum er verið að taka alveg ótrúlega mikla áhættu fyrir hönd skattgreiðenda sem á endanum lendir á skattgreiðendum. Þetta eru ótrúlega stór og mikil mistök og þeir sem eru í stjórnarandstöðu tóku undir þetta á sínum tíma. Þó að þetta hafi verið loforð Framsóknarflokksins þá vildu meira að segja sumir ganga enn lengra og hafa lánin hærri en boðið var.

Við skulum passa okkur á að benda ekki bara á einhvern einn. Stjórnámálemenn, Alþingi, bera hér langmestu ábyrgðina. Við verðum einfaldlega að læra af þessu og við verðum að hugsa núna: Hvað eigum við að gera? Hvað er næst á dagskrá? Nú liggur þessi skýrsla fyrir.

Okkur ber skylda til að koma á húsnæðiskerfi, fara úr skotgröfunum, sem gerir að verkum að allir eigi möguleika á að fá þak yfir höfuðið með hliðsjón af greiðslugetu og aðstæðum í staðinn fyrir að lána með ríkisábyrgð til allra eins og hægt er. Fyrir þá sem þurfa, aðra ekki. Ef við ætlum á annað borð að halda Íbúðalánasjóði þá á hann að verða félagslegur sjóður, ef við ætlum að hafa hann í samkeppni þá skulum við einkavæða hann. Annað væri óeðlilegt í mínum huga. Við þurfum að taka ákvörðun um þetta en aðalatriðið er að koma á einhverju kerfi — sem við verðum að drífa okkur í því að tíminn er naumur, þetta er allt í uppnámi — þannig að við getum lágmarkað áhættu ríkissjóðs, þannig að aðeins þeir fái slíka aðstoð sem þess þurfa.

[14:48]

### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég er eins og aðrir mjög hugsi yfir þessari skýrslu og get ekki beinlínis sagt að ég hlakki til að lesa hana en það er óhjákvæmilegt verkefni. Ég ákvað um jólni að lesa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis orð fyrir orð og er rétt hálfnuð og ég verð að segja að lesturinn hefur valdið mér ómældu hugarangri og reiði.

Mig langar aðeins að nota tækifærið og rifja upp andrúmsloftið sem ríkti í þessu landi upp úr aldamótunum síðustu. Það var vissulega barnsleg bjartsýni sem ríkti og ofurtrú á fjármálakerfið alls staðar, það var ekki bundið við Ísland en við tókum þetta samt alveg alla leið. Við höldum því beinlínis fram að við hefðum einhverja sérstaka hæfileika á sviði viðskipta, stæðum jafnvel framar öðrum þjóðum. Við vorum áhættusækin og það var talinn kostur. Þegar gagnrýnisraddir fóru að berast frá útlöndum var ráðist í átak til að leiðrétta þennan misskilning. Við réðum erlendan ímyndarsérfræðing, mjög virtan, og hann kynnti niðurstöður starfshóps síns á viðskiptaþingi undir yfirskriftinni „Ísland best í heimi“. Þetta var árið 2007, kemur kannski ekki á óvart. Í kjölfarið var síðan skipuð nefnd um ímyndarmál sem átti að skoða hvernig styrkja mætti ímynd landsins.

Ástæðan fyrir því að ég rifja þetta upp hérna er sú að við erum ófær um að líta í eigin barm og taka gagnrýni alvarlega breytist ekki neitt. Og ef við svo mikið sem leyfum okkur að trúna því eitt augnablik að við séum eitthvað merkilegri en aðrar þjóðir, að við búum yfir einhverjum yfirburðum, skiptir engu máli hvað við fáum mörg þúsund blaðsíður í formi rannsóknarskýrslna, það mun ekkert breytast. Hv. þm. Brynhildur S. Björnsdóttir kom inn á það áðan hversu mikilvægt það er að við séum auðmjúk og tökum gagnrýni alvarlega og ég ítreka það og tek undir málflutning hennar.

Ég er oftast bjartsýn og trúi því að hrúnið hafi vakið okkur og að við getum og viljum læra af þessum mistökum. Við erum í raun heppin, það er gríðarlega dýrmætt að hafa mistökinn skjalfest og geta beinlínis farið systematískt yfir söguna með það að markmiði að búa til betri og öruggari framtíð.

En svo þyrmir yfir mig og ég spyr: Munum við læra eitthvað? Við erum enn sama þjóðin. Hrúnið var á okkar ábyrgð, það er sameiginleg ábyrgð okkar allra sem þjóðar. Það er ekki bara eitthvað eitt sem klikkar, það er meira og minna allt. Eftirlitið klikkar, eftirlitið yfir höfuð. Pólitískar ráðningar og stöðuveitingar gera illt verra, allt of oft virðast menn hafa verið að vasast í málum sem þeir höfðu ekki þekkingu á. Og ég segi menn vegna þess að þetta voru mikil til karlmenn.

Aðgerðaleysi var viðhaft þegar þurfti nauðsynlega að grípa til aðgerða en svo var mikil athafnasemi þegar betra hefði verið væri að draga andann og meta stöðuna, samanber breytingar á Íbúðalánasjóði 2004. Síðan finnst mér skína í gegn, eftir lestur á rannsóknarskýrslunni og svo þessari nýju skýrslu sem ég hef aðeins náð að glugga í, að það er allt of algengt að fólk haldi að einhver annar muni bregðast við. Hlutverk eru ekki skýr, ábyrgð er ekki skýr og samráð og heildarsýn er lítil.

Ég held að við séum samt öll sammála um að við þurfum og verðum að læra af þessari skýrslu, hvað sem það kostar. Það sem veldur mér áhyggjum er að skrifaðar hafa verið skýrslur sem vara við ákveðinni þróun en við hlustum ekki. Hvernig fór til dæmis með skýrslur erlendra greiningaræilda sem gagnrýndu stöðuna hér? Síðan rakst ég á daginn á skýrslu sem Seðlabankinn gaf út árið 2000 og heitir *Fjármálakerfið: styrkur og veikleikar* og þar er beinlínis fjallað um það hvernig eigi að koma í veg fyrir fjármála- og gjaldeyriskreppu. Þar er varað við öllu því sem átti eftir að gerast, þenslu, viðskiptahalla, útlánabólu, of mikilli styrkingu krónunnar til að nefna nokkur dæmi. Eftir lesturinn hugsaði ég: Ókei, við erum hérna með skýrslu sem segir okkur hvernig við eigum að forðast hrun og gjaldeyriskreppu — og við tókum meðvitaða ákvörðun um að gera allt þveröfugt.

Við verðum að lesa skýrslur og þessar upplýsingar sem við höfum og taka þær alvarlega. Þá komumst við vonandi á þann stað að við lesum skýrslur um fyrirbyggjandi aðgerðir og tökum mark á þeim og þá þurfum við engar rannsóknarskýrslur.

[14:53]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Spakur maður sagði mér eitt sinn að maður ætti alltaf að hafa „frontinn“ í lagi. Það er sjálfsgat speki sem þykir sérstaklega mikilvæg í pólitík en einnig er oft sagt í pólitík að ekki sé ráð að líta til fortíðar heldur beri að horfa til framtíðar. Það er hin hryllilegasta stjórnmála-speki sem virðist þó því miður vera einhvers konar almenn skynsemi. Í því sambandi langar mig að rifja upp árin 2003–2007 í víðara samhengi en út frá þessari skýrslu því að hún er birtingarmynd andrúmsloftsins á þeim tíma og vil ég vara sérstaklega við því að sá lærdómur verði ekki dreginn af þeirri umræðu sem hér á sér stað.

Því má halda til haga að þetta var í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en gagnrýni mín varðar ekki einungis þá flokka, og reyndar ekki einungis Alþingi, heldur Ísland allt, samfélag okkar og menningu. Það virtust ekki margir finna fyrir því á þeim tíma en ég fann fyrir því. Maður sá ekki alveg hvað það var og gat ekki endilega komið því í orð en það var eitthvað óþægilegt, lúmskt, jafnvel undirförukt en freistandi, eitthvað óheilbriggt og sjúkt við menningu okkar. Á þeim tíma voru það góð og gild tæki að tala efnahaginn upp og tala efnahaginn niður. Í fúlustu alvöru voru það lögmæt tæki. Það er einfaldlega rangt að viðvaranirnar hafi verið engar, þær voru hins vegar óvelkomnar. Viðvörunarljósin voru allsráðandi í umræðunni en af einhverjum ástæðum dugði það ekki til.

Ég vil nýta tækifærið og þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að sannfæra mig endanlega í kringum 2006 eða 2007 um að stórhrun væri í vændum þegar hann fullyrti í sjónvarpsviðtali að krónan væri of sterk og hún hlyti að veikjast að einhverju leyti. Þá átti að vera augljóst, alla vega þeim sem höfðu mætt í tíma og unnið heimavinnu sína í besta háskóla heimsins, internetinu, að krónan gæti ekki lækkað lítilliga, hún hlyti að hrapa. Sá sem hér stendur sá þetta fyrir. Hvers vegna ekki þeir aðilar sem stóðu að kerfinu? Jú, af sömu ástæðu og við stöndum nú frammi fyrir þessari skýrslu, því að fólkíð sem stóð að kerfinu var blindað af vöndri en umfram allt rangri speki: Að hægt væri að til blekkja lögmálið um orsök og afleiðingu. Þeirri speki að til dæmis hjartsýni, kjarkur og þor kæmi í stað heilinda, at-hygli og ábyrgðar, að svo lengi sem „fronturinn“ væri í lagi væri allt í lagi.

Stjórnmálamaður voru skammaðir hatrammlega fyrir að láta hafa eftir sér nokkuð sem líkja mátti við svartsýni. Raunsæi og heiðarleiki voru orðin tabú. Við fengum gjörvallan efnahaginn að láni með hrokann einan að veði. Eftir stendur sú mikilvæga lexía sem ég vona að fólk fari að læra: Það er einfaldlega ekki nóg að hafa „frontinn“ í lagi.

[14:56]

**Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa skýrslu. Ég vil sérstaklega þakka þeim sem óskaði eftir því að hún yrði skrifuð, en um leið taka fram að við þingmenn Framsóknarflokksins studdum það í hvívetna. Það er okkur hollt, okkur sem nú erum á Alþingi, að líta okkur nær og læra af mistökum fortíðarinnar.

Hæstv. félagsmálaráðherra nefndi að þessi skýrsla gæti

verið okkur leiðarljós inn í framtíðina og ég tek undir þau orð. Um leið og það er sagt verð ég samt að segja að það vantar ýmislegt í þessa skýrslu sem eftir á að hyggja hefði verið ágætt að þar hefði komið fram, til að mynda hvort um einhvers konar refsíabýrgð sé að ræða. Það var ekki kannað af nefndarmönnum. Ekki var beðið um að það yrði kannað og þeir töldu að það væri algjörlega fyrir utan hlutverk sitt.

Ég hafði líka talið að embættisverk ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins, frá árinu 2007 til 2009, væru til skoðunar. Ég skildi það þannig, í þeirri þingsályktunartillögu sem lögð var fram um málið, að það ætti að gera, en því miður litu skýrsluhöfundar svo á að það væri ekki sérstaklega til skoðunar. Þessi skýrsla fjallar því í meginatriðum um embættisverk sem unnin voru í kringum árið 2004. Ég hef reynt að kynna mér efni skýrslunnar eins og mér er unnt á stuttum tíma, en það vantar inn í hana. Við verðum að horfast í augu við það. Hún er, eins og öll önnur manna verk, ekki hafin yfir gagnrýni. (**Gripið fram í: Nei.**)

Við sem höfum tekið við keflinu eigum oft erfitt með að meta og gagnrýna gjörðir fyrirrennara okkar á þingi, hvað vakti fyrir þeim, hver var tíðarandinn og hver viðhorfin voru á þessum tíma. Ég tók mig til og fór aðeins yfir þær ræður sem fluttar voru á Alþingi þegar þessar ákvarðanir voru teknar svona til að sjá hvort þetta hafi eingöngu verið Framsóknarflokkurinn eins og ítrekað hefur verið gefið í skyn af þeim sem mælt hafa fyrir hönd stjórnarandstöðunnar — ekki öllum reyndar, svo að því sé haldið til haga — hvort aðrir hafi kannski stutt, verið sammála eða jafnvel viljað ganga lengra en tillögur voru um á þeim tíma.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ágætt að fara yfir það jafnvel þó að hv. þm. Helga Hjörvar finnst óþægilegt að verið sé að taka út einhver nöfn eins og hv. þm. Karl Garðarsson gerði áðan í ágætri ræðu. Þar vitnaði hann eingöngu til þess sem kemur fram í skýrslunni sjálfri og er hér til umræðu. (Gripið fram í.) Hann vísaði líka til gagna sem liggja fyrir um gjörðir og viðhorf núverandi stjórnarandstöðupingmanna á þessum tíma. Ég skil það svo sem ágætlega, þegar reynt er að koma höggi á Framsóknarflokkinn, að hv. þm. Helgi Hjörvar og fleiri ágætir þingmenn í þessum sal vilji ekki minnast þess sem þeir bæði sögðu og gerðu. Það er nefnilega því marki brennt að þeir vildu jafnvel ganga lengra. Ég ætla að koma aðeins seinna inn á það í ræðu minni, mér skilst að ég hafi ágætistíma.

Vandinn var að á þessum tíma átti ungt fólk í erfiðleikum með að kaupa sér húsnæði. Það er vandi sem við glíum við í dag. Ég vona að við séum öll sammála um að það sé vandi sem þarf að leysa. Leigumarkaðurinn er gríðarlega erfiður. Það er enn erfiðara fyrir ungt fólk að kaupa sitt fyrsta húsnæði.

Hér hafa margir komið og sagt að grípa þurfi til aðgerða, en ég hef ekki heyrt einn einasta stjórnarandstöðupingmann koma með tillögur í þá veruna. Stjórnarandstaðan skilar einfaldlega auðu. Við höfum nefnt að við værum reiðubúin að skoða tillögur ASÍ, sem komu fram rétt fyrir kosningar, þær væru þess verðar að skoða. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur upplýst að hún vilji koma á fót aðgerðahóp, samvinnuhóp, sem ég held að menn ættu að fagna gríðarlega þannig að við getum öll staðið að þeim breyting-

um sem þurfa að verða á húsnæðisferfi Íslendinga. Það var ekki bara unga fólkið sem var í erfiðleikum, það var líka fólk sem var búsett úti á landi. Það var jafnvel stærri vandi.

Þá komum við inn á hið félagslega hlutverk sem Íbúðalánasjóður átti að gegna, það var að lána til þeirra einstaklinga sem vildu búa úti á landi. Það var og er væntanlega markmið okkar allra að reyna að hafa landið allt í byggð. Bankarnir voru ekkert á þeim buxunum að lána til þeirra einstaklinga sem áttu hús með lágu veldi, því miður. Þannig var staðan. En þetta var ekki bara viðhorf Framsóknarflokksins. Þetta var viðhorf margra aðila og það er rétt að félagshyggjuflokkarnir, Framsóknarflokkurinn og vinstri flokkarnir, Vinstri grænir og Samfylkingin, voru sammála um að gæta þyrfti að þessum viðhorfum.

Þegar maður nefnir tíðarandann þurfum við líka að átta okkur á því hver staðan var. Staðan var einfaldlega þannig að nægir peningar voru í umferð eins og skýrsluhöfundar benda réttilega á, ekki bara hér á Íslandi heldur í hinum vestræna heimi. Því miður. Aðgangur að lánsfé var gríðarlegur, enda varð ekki bara bankahrun hér á Íslandi. Það var harður skellur hér en það varð víðar þó að okkur muni takast að komast fyrr upp úr þessu — kannski vegna þess að við búum við sjálfstæðan gjaldmiðil, sem betur fer. En við verðum að horfast í augu við að þetta er alþjóðlegt vandamál.

Á árinu 2004 var ákveðið að leggja niður húsbrefakerfið og íbúðabrefakerfið var tekið upp. Þeir þingmenn sem vildu hækka lánshlutfallið upp í 90%, þ.e. þeir þingmenn sem þá voru í meiri hluta, vildu fara varlega. Þeir vildu bíða eftir álitum ESA. Það vildu hv. þingmenn Samfylkingarinnar hins vegar ekki gera. Ég vona, virðulegi forseti, að mér sé heimilt að nafngreina þá aðila sem lögðu fram breytingartillögu á lögnum þess efnis að strax yrði ráðist í hækkunina. Það eru Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, og hv. þingmenn Helgi Hjörvar og Katrín Júlíusdóttir, núverandi þingmenn Samfylkingarinnar. (Gripið fram í.) **(Guð- bH: Hann er kominn með sökudólginn.) (Gripið fram í: Það er alveg ljóst.)**

Ef þeir sem eru í stjórnarandstöðunni [Háreysti í þingsal.] mundu nú halda þræði **(HH):** Mér finnst þetta ... og ég verð að (Forseti hringir.) gera þær kröfur, virðulegi forseti, að andsvör þeirra séu kannski (Gripið fram í.) jafn skemmtileg og þau voru hjá okkur í síðustu stjórnarandstöðu og kannski aðeins minna biturleg eins og vill því miður verða ... (Gripið fram í.) [Hlátur í þingsal.]

En eins og staðan er núna, virðulegi forseti, held ég að það sé ágætt að halda þessu til haga. **(Gripið fram í: Rétt.)** Ég held það sé nefnilega ágætt **(SSv: Rangt.)** — er rangt að halda því til haga? **(Gripið fram í: Nei, nei.)** Er hv. þm. Svandís Svavarsdóttir að segja að það sé rangt að halda því til haga? (Gripið fram í.) Hverjir vildu raunverulega ganga lengra varðandi 90% lánin en þáverandi stjórnvöld? (Gripið fram í.)

Bíðið nú við. Við skulum halda aðeins áfram. Þessi tilgata kom til atkvæða á Alþingi. Með henni greiddu atkvæði — ég ætla að vona að hv. þingmenn sem sitja hér í sal bresti ekki í mikil ræðuhöld þó að ég nefni að hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson sögðu já, studdu þetta. Þetta eru bara ein-

faldlega gögn sem liggja fyrir hér á Alþingi. **(Gripið fram í: Þau eru í skýrslunni.)** — eru í skýrslunni. Það er bara ágætt að fara yfir þetta.

Skýrsluhöfundar ákveða meira að segja — vegna þess að þeir vilja varpa ljósi á þann tíðaranda sem er í gangi — að nefna orðaskipti sem áttu sér stað á þessum tíma. Þar er vitnað í hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem segir um hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, með leyfi forseta:

„Hv. þingmaður talar með mjög neikvæðum hætti um hugsanlegar afleiðingar af þróuninni á íslenskum fasteignamarkaði og er augljóslega að lýsa því yfir að það gæti orðið bankakreppa. Eða lendum við ekki í bankakreppu, herra forseti, ef þessi niðursveifla á fasteignaverði sem hv. þingmaður var að lýsa í öðrum löndum verður líka hér?“

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson svarar ásökunum Össurar á þá leið að hann vildi einungis fara yfir málið og vekja athygli fólks á áhættunni sem fylgdi því að taka 90% eða 100% lán. Mögulega hefði hann hrætt Össur til þess að sjá fyrir sér bankakreppu. Guðlaugur sagðist hins vegar engar áhyggjur hafa og hann sæi enga bankakreppu fyrir.

Svo, með leyfi forseta, segja höfundar skýrslunnar:

„Ef framangreind orðaskipti Guðlaugs og Össurar eru lýsandi fyrir þann anda sem ríkti á Alþingi á miðjum fyrsta áratug aldarinnar virðist ekki hafa mátt vekja athygli á eða ræða möguleika á óheppilegri þróun á fasteignamarkaði án þess að uppskera háðsglósúr.“

Það er nú bara það sem við erum að reyna hér, við erum að reyna að varpa ljósi á það hvernig umræðan var á þessum tíma. Ég vona að okkur sé heimilt að gera það hér í þingsal án þess að hljóta sömu háðsglósúr og hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, viðhafði á þessum tíma þegar hann var að lýsa yfir stuðningi við 90% lánin og hafði áhyggjur en ... **(ÖS: Ég er aldrei með neinar háðsglósúr.)**

Virðulegi forseti. Nú er komið að því sem er í raun stærsta vandamálið í þessu öllu saman, það var hinn svokallaði uppgreiðsluþáttur. Þar segja skýrsluhöfundar að mestu mistökin hafi verið gerð, það sé sérstaklega alvarlegur þáttur. Á þeim tíma sem veita átti heimild til uppgreiðslu á lánunum frá Íbúðalánasjóði komu fram viðvaranir. Þær viðvaranir leiddu til þess að þáverandi ráðherra lagði til svokallaða uppgreiðsluálag og þá mundu menn reyna með einhverjum hætti að stemma stigu við þeim uppgreiðslum sem svo raunverulega áttu sér stað.

Ég held að það sé ágætt, vegna þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson kallaði hér eftir ábyrgð, að vísa til þess að BSRB, sem hann var formaður í á þeim tíma, hafði fyrirvara gagnvart 12. gr. grumvarpsins þar sem ráðherra er einhliða veitt heimild til að ákveða aukaþóknun sem rennur til ríkissjóðs ef lántakandi ákveður að hraða greiðslum eða greiða að fullu ÍLS-veðbréf.

Virðulegi forseti. Þetta er einfaldlega tíðarandinn sem var þegar þessar afdrifaríku ákvarðanir voru teknar. Ég er sannfærður um að ef umræðan væri á þessu plani, að Alþingi allt hefði gert mistök, að eftirlitsstofnanirnar hefðu brugðist í staðinn fyrir að vera í þessum pólitísku skotgröfum, um að allt sé þetta Framsóknarflokknum að kenna, gætum við hugsanlega komist eitthvað áfram — okkur gæti miðað áfram.

Það voru fleiri mistök gerð, virðulegi forseti. Það var þegar Íbúðalánasjóði, vegna þess að það söfnuðust gríðarlegir fjármunir þar sem Íbúðalánasjóður hafði ekki heimild til að greiða upp eigin skuldabréf, var veitt heimild til að lána bönkum og sparissjóðum. Hv. þm. Karl Garðarsson nefndi það í ræðu sinni að sá aðili sem hafði talið þennan gjörning löglegan væri núverandi formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Árni Páll Árnason.

Þetta er orðrétt úr þessari skýrslu. Ég sé að hv. þm. Helga Hjörvar þykir miður að þetta sé nefnt í umræðunni. Þá spyr ég: eru einhverjir fleiri kaflar í þessari skýrslu sem þola ekki dagsljósið? eru einhverjir fleiri kaflar í þessari ágætu skýrslu sem ekki má ræða efnislega úr pontu Alþingis?

Hv. þingmaður heyrði það vel á fundi nefndarinnar í morgun að formaður hennar taldi að þetta hefði ekki staðist lög og vísaði í greinargerð Jóhannesar Sigurðssonar prófessors þar sem hann taldi að lánasamningar sem ÍLS gerði við banka og sparissjóði væru ólöglegir.

Virðulegi forseti. Ég get vel ímyndað mér að þetta sé óþægilegt. En eigum við að ræða þetta og hafa þetta uppi á borðinu? Eða eigum við að loka þetta ofan í kistu svona eins og þegar Samfylkingin kannast ekki við að hafa verið í ríkisstjórn á árunum 2007 til 2009?

Það er eitt sem fer í taugarnar á mér í þessari umræðu. Það skal bara sagt hreint út. Það er þegar núverandi stjórnarandstæðingar tengja saman kosningaloforðin 2003 og kosningaloforð Framsóknarflokksins á árinu 2013. Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði að loforðin hefðu verið allt fyrir alla og það ætti að varast vegna þess að það mundi leiða af sér þenslu og aukinn kostnað annars staðar í kerfinu. Kosningaloforð Framsóknarflokksins eru ekki þannig. Það veit hv. þingmaður. Hann hefur væntanlega lesið loforð okkar. Ég ætla að fara yfir þau.

Það sem hins vegar var sagt í morgun var að almennar aðgerðir, eins og t.d. tillögur Samfylkingarinnar um að taka upp evru og fá bara lægri vexti fyrir alla, það eitt og sér getur leitt af sér stærra vandamál. (SII: ... fyrir alla) Loforðin (SII: Þú ert bara að ...) um að hægt sé að lækka hér vexti (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) í eitt skipti fyrir öll ...

(Forseti (PorS): Engin samtöl við ræðumanninn.)

... standast enga skoðun. Við skulum bara ræða það fyrst hér var verið að hnýta út í kosningaloforð Framsóknarflokksins.

Ég spyr hv. þingmann: Það liggur fyrir að stór hluti heimila í landinu er í vanda, þeirra sem tóku verðtryggð lán. Hverjum var bjargað með neyðarlögnum svokölluðu? Voru það ekki þeir sem áttu peninga í banka? Þeir sem áttu peninga í peningamarkaðssjóðunum? Og Hæstiréttur dæmdi gengistryggðu lánin ólögmat. Eftir situr þjóðfélags hópur sem við í Framsóknarflokki höfum sagt mjög skýr og skilmerkilega að við ætlum að reyna að aðstoða af fremsta megni. Það er loforðið.

Biðum nú við. Þá stöndum við frammi fyrir einu. Niðurstaða skýrslunnar er í raun ein. Hún er sú að þingmenn eiga að vanda sig. Þeir eiga að taka sér tíma og vanda sig.

Við ákváðum að skipa nefndir til að reyna að framfylgja þessum loforðum. Það var gagnrýnt. Efnir strax. (SII: Þið eruð búnir að gaspra í fjögur ár ...) Efnir strax. (SII: Bún-

ir að gaspra í fjögur ár.) Virðulegi forseti. (Gripið fram í: Samfylkingin í ríkisstjórninni ...) Þetta var þannig.

Virðulegi forseti. Þegar í ljós kom að staða ríkissjóðs er verri en áður var talið og fjármálaráðuneytið vill gefa sér (Gripið fram í.) tíma (Gripið fram í.) til að fara yfir fjárlögin (SII: ... Íbúðalánasjóðs ...)

(Forseti (PorS): Engin samtöl við ræðumann.)

Virðulegi forseti. Þegar við ætlum að vanda okkur, þá er það gagnrýnt. Stjórnarandstaðan, sem reyndar byrjaði að kvarta yfir því að ekki væri búið að framfylgja kosningaloforðum áður en ríkisstjórnin var mynduð, gagnrýnir það nú að við erum að reyna að vanda okkur. Við ætlum ekki að ræða hér — þetta eru svona samræðustjórnsmál, ég áttaði mig á því að samræðustjórnsmál Samfylkingarinnar eru það að tala um hluti eins og velferðarmál án þess að framkvæma. Við ætlum að framkvæma en við ætlum að vanda okkur, virðulegi forseti. Við skulum, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, hafa það að leiðarljósi í störfum okkar á þessu kjörtímabili. (SII: Eins og 2003.)

[15:18]

Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka fyrir þessa ágætu skýrslu. Það er mikilvægt að fá hana. Það er fagnaðaræfni að hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir skyldi eiga frumkvæðið að því að biðja um hana á sínum tíma. Mér finnst ekki mikill bragur á því að vera að reyna að velta þingmönnum þáverandi stjórnarandstöðu upp úr því hvað þeir sögðu hér í umræðu um mál. Auðvitað ber stjórnarandstaða ekki ábyrgð á því hvernig mál eru framsett og hefur ekki þær upplýsingar sem ríkisstjórn hefur á hverjum tíma. Það er ekki hægt að reyna að koma á stjórnarandstöðuna ábyrgð á ákvörðunum sem voru teknar árið 2004.

Þegar þingmenn í þessum sal kölluðu eftir efnendum á loforðum um 90% lán vissu þeir ekki betur en það væri mikilvægt að koma þeim strax í framkvæmd. Það sem stjórnvöld vissu var að það þurfti að tilkynna þau áform til Eftirlitstofnunar EFTA og höfðu fengið um það ráð, m.a. frá þeim sem hér stendur.

Aðeins um það til að hafa það alveg á hreinu. Lögmenn ákveða ekki stefnu opinberra stofnana sem þeir vinna fyrir, það ákveða stofnanirnar sjálfar og taka ákvarðanir sínar sjálfar. Ég hef aldrei kveinkað mér undan því að bera ábyrgð á hinum svokölluðu Árna Páls-lögum þótt tugir lögmanna hafi komið að undirbúningi þeirra. Aldrei hefur mér dottið í hug að vísa ábyrgð á þeirri löggjöf á þeirra hendur. Hún er mín að því sem kemur að tilurð þess frumvarps.

Varðandi spurninguna, sem er mjög mikilvægt að halda utan um, sem kom fram hjá hv. þm. Karli Garðarssyni um hvað ráðherrar Samfylkingarinnar gerðu ætla ég að rekja hvað gerðist frá því að samfylkingarráðherrar settust í ríkisstjórn. Það voru settar hæfniskröfur til stjórnar. Það voru settar hæfniskröfur til ráðningar framkvæmdastjóra, en það er sérstaklega gagnrýnt og fjallað um það ítarlega hversu losarabragurinn var mikill þar. Stofnunin er felld undir eftirlit Fjármálaeftirlits. Það var hafinn undirbúningur að útgáfu útdraganlegra bréfa, en breytingin frá 2004 þegar öll skuldabréfin voru gerð útdraganleg er upphafið að ógæfunni. Síðan hefur ekki reynt á þetta vegna þess að það hefur

ekki verið gefið út, en það er alveg ljóst að gefin voru fyrir-mæli úr félagsmálaráðuneytinu strax frá minni tíð um að hefja undirbúning á útdraganlegum bréfum til að draga úr áhættunni. Svo kom beiðni um þessa skýrslu sem er auðvitað nauðsynleg forsenda frekari umgerðar.

Ég held að stór hluti af þeim vanda sem við erum að fást við hér sé tálsýnin mikla um hið stéttlausa Ísland, að á Íslandi sé hægt að búa til einhvers konar umgjörð þar sem allir hafi það gott og ekki sé til nein misskipting í landinu. Við heyrðum þá meinloku í ræðuflutningi hæstv. forsætisráðherra 17. júní að Ísland væri stéttlaust land og engin misskipting í landinu. Þannig hefur það aldrei verið og þannig er það ekki. Þess vegna hefur alltaf þurft félagslegar lausnir í húsnæðismálum á Íslandi. Grundvallarhugmyndin sem varð að mistökum árið 2003 og 2004 var að halda að þeir tímar væru einhvern veginn runnir á enda, hægt væri að búa til úr Íbúðalánasjóði áhættusækinn banka og ríkið þyrfti ekki með neinum sérstökum hætti að sjá fyrir félagslegum þörfum á húsnæðismarkaði. Það var rangt. Það var kostnaðarsamt að hætta húsbrefakerfinu sem Jóhanna kom á. Það var skynsamlegt kerfi. Það fól í sér algjöra lágmarks-áhættu fyrir ríkissjóð sem rak kerfið og það voru söguleg mistök að kasta á bálköst tilraunastarfsemi árið 1999 næstum því 100 ára uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis á Íslandi, arfleifið sem væri okkur svo mikilvæg í dag ef við ættum það kerfi enn þá og er vandamál núna að við eigum engar alvörlausnir fyrir fólk í alvarlegum vanda sem hefur ekki tekjur til að standa undir lánnum á kaupum á venjulegri íbúð og getur ekki staðið undir markaðsleigu.

Ég held að það sé ákveðinn lærdómur sem við eigum að draga af þessu. Ég fagna sérstaklega orðum hv. þm. Brynjars Níelssonar og hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Ég ætla að hrósa þeim fyrir að vísa í að pólitíkin hefði brugðist.

Ég ætla að segja alveg hreinskilnislega að við verðum að passa okkur á því að ræða kosti og galla ólíkra lausna í þessu máli með jafn opnum huga og við ætlum að gera í öðrum málum. Mér hefur þótt bera um of á því í umræðu um Íbúðalánasjóð á undanförunum árum að menn hafi getað stökkið í einhvers konar helg vé og sagt að Íbúðalánasjóður væri góður og við skyldum ekkert tala um það frekar. Það er ekki skynsamlegt og það er hættulegt. Það þarf að greina kost og löst. Stjórn málin verða að ráða við það.

Ég hef oft sagt úr þessum ræðustól, sem félagsmálaráðherra sagði ég það mörgum sinnum, að rekstur Íbúðalánasjóðs er ekki markmið í sjálfu sér, Íbúðalánasjóður er tæki til að ná markmiðum. Markmið félagslegrar og skynsamlegrar húsnæðisstefnu í landinu náðust betur, að mínu viti, með verkamannabústaðakerfi og húsbrefakerfi heldur en með Íbúðalánasjóði eftir breytinguna 2004. Það er mín bjargfasta skoðun og ég hef fært fyrir henni ítarleg rök. Ég held að við getum mörg verið sammála um það hér.

Núna er það verkefni okkar að ná saman um þetta, en ég ætla að lýsa því yfir fyrir fram að ég hef enga sérstaka trú á að stjórn málin ráði við það. Það verður prófsteinn á stjórn málin hvort við ráðum við að gera þetta af viti, vegna þess að það eru svo margar meginlínur sem birtast aftur og aftur í úttektum sem gerðar hafa verið.

Úttekt starfshóps um framtíðarfyrirkomulag Íbúðalána-

sjóðs var skilað rétt fyrir kosningar og var hún í mjög miklu samræmi við úttekt sem ég lét vinna 2010, sem var akkúrat í umtalsverðum samhljómi við úttekt sem unnin var í félagsmálaráðherrafrátt Magnúsar Stefánssonar. Það er auðvitað búið að vinna býsna mikinn grunn sem á að vera hægt að byggja á. Nú reynir á að stjórn málin ráði við að vísa veginn áfram.

Ég held líka að við þurfum að hemja óheft vald stjórn mála til að gera stórkostlegar breytingar gegn faglegru ráðgjöf. Ég held að það sé stórhættulegt hversu opið íslenskt samfélag er fyrir gríðarlegum breytingum þar sem engar hömlur eru á meirihlutavaldi Alþingis. Ég hef oft kallað þetta hið óhefta og óbeislaða meirihlutaræði í landinu. Það er vont. Það verður að hemja völd stjórn mála-manna.

Í Bretlandi er búið að koma á fyrirbæri sem heitir „Major Project Authority“, með leyfi forseta. Það er stofn- um sem metur sér aform stjórnvalda og gefur þeim ein- kunn, hvort hægt sé að framkvæma þau, hvort þau standist eðlilegar forsendur. Hér vantar okkur algjörlega slíkt. Við þurfum að hlusta á aðvörunarorð og við þurfum að taka þau til okkar þótt þau komi frá skammstöfun, jafnt innlendum sem útlendum skammstöfunum. Það hlýtur að vera lærdóm- urinn sem við verðum að draga.

Við verðum sérstaklega í þessu ljósi að horfa af mikilli ábyrgð á þau stórfelldu aförum sem við erum nú með á borð- inu fyrir framan okkur, sem ríkisstjórnin er búin að kynna með þingsályktunartillögu í skuldamáli þar sem er auð- vitað gefinn upp bolti um hluti sem geta haft gríðarleg áhrif á velsæld á Íslandi, á efnahagslegt öryggi almennings og skiptir gríðarlega miklu máli hvernig til tekst. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við athugasemdamum við þá þingsályktunartillögu gefa ekki ástæðu til að ætla að menn hafi lært mikið í vinnubrögðum. Við munum ganga ríkt eftir því á haust- þingi að þess sjái stað í vinnu ríkisstjórnarinnar að menn vinni öðruvísi, að menn taki til sín gagnrýni og að við eig- um uppbyggilegt samtal um það sem getur farið aflaga og metum áhættu rétt.

[15:27]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Þessi skýrsla er því miður dapurleg les- ning og hún er stórfelldur áfellisdomur yfir ráðsmennskunni í Íbúðalánasjóði og reyndar standa árin 1999–2004 upp úr. Þeirri ábyrgð deila Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðis- flokkurinn, þótt ég telji réttara að hafa það í þeirri röð en ekki hinni eins og skýrsluhöfundar gera. Þeir segja einmitt í samandregnum niðurstöðum sínum að ábyrgðinni á þessu deili Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eða ríkis- stjórn þeirra flokka.

Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson flutti hér ræðu og tókst honum að komast í gegnum heila ræðu, langa ræðu, þar sem hann réttlætti Framsóknarflokkinn, án þess að nefna hann mikið á nafn, í hverju einasta tilviki með tilvísun í tíð- arandann, með því að einhverjir í stjórnarandstöðu hefðu haft svipuð viðhorf eða einhver samtök úti í bæ hefðu talið að þetta eða hitt ætti að vera svona. Framsókn var með öðr- um orðum í máli hans hvítþvegin með þessari aðferð. (HöskP: Það sagði ég ekki.) Ábyrgðarlaus með öllu, bara



„árangur áfram, ekkert stopp“). (**Höskþ:** Það er mjög mál-efnalegt.) Já, þetta var svona og svipað var upp á teningunum í ræðu hv. þm. Karls Garðarssonar.

Ég hef engan sérstakan áhuga á því að útlista þátt Framsóknarflokksins í þessari skýrslu enda þarf þess ekki, hana lesa menn. En eftir málsvörð af þessu tagi þar sem vottar ekki fyrir auðmýkt af hálfu þingmanna Framsóknarflokksins er varla annað hægt en að draga aðeins fram þeirra hlut. Hér eru svo stórfelld mistök á ferð og svo dýr að þetta verður stórt í sögunni, í sögu hrunsins og áranna fyrir hrunið. Við erum að tala um einn af þremur stærstu reikningunum sem íslenskir skattborgarar framtíðarinnar munu bera. Þetta er á pari við gjaldþrot Seðlabankans. (**Höskþ:** Minna en ...) Þetta er svipuð (Gripið fram í.) upphæð og tengd þó hallarekstri ríkissjóðs á árunum 2008–2013. (**Höskþ:** Icesave.) Ég held að hv. þingmaður ætti að reyna að hafa ör-litla biðlund. Já, við getum líka farið yfir Icesave. Hver ætli niðurstaðan af því verði? Þótt það mál hefði verið leyst með fyrstu samningum hefði það orðið brot af þessum kostnaði og hann er þó sannarlega á Framsókn.

Það er ágætt að helmingaskiptaflokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, eftir ráðsmennsku sína deili með sér reikningunum nokkurn veginn 50:50. Gjaldþrot Seðlabankans undir stjórn Davíðs Oddssonar er svipað kjaftshögg á íslenska ríkið og höggið á Íbúðalánasjóð undir forustu Framsóknarflokksins, helmingaskipti þar 50:50. Þannig er það.

Auðvitað liggja rætur þessa dýpra. Ég er sammála síðasta ræðumanni um að mistökinn byrja strax með því að leggja niður félagslegan hluta húsnæðislánakerfisins á Íslandi. Það gera sömu flokkar þegar Byggingarsjóði verkamanna er lokað og félagslegar úrlausnir í húsnæðismálum fyrir tekjulágt fólk hverfa út úr myndinni. Þetta er röð pólitískra og embættislega mistaka sem rekur sig aftur til upphafsára samstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þegar þeir lögðu niður félagslega kerfið á Íslandi, sem við hefðum betur átt allan tímann og hefði væntanlega leitt til þess að umsvif Íbúðalánasjóðs í framhaldinu hefðu orðið mun minni á almennum markaði og höggið minna sem því nemur. Hér talar maður sem sat í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins (**Gripið fram í:** Og ríkisstjórn ...) og þekkti það mjög vel. Ég var ákaflega ósáttur við það allan tímann hvernig farið var að ráðum þar.

Þessi gríðarlegu mistök eru í sjálfu sér ekki fyrst og fremst tengd hinu dæmalausla kosningaloforði Framsóknar um 90% húsnæðislán. Það er framkvæmdin og ráðsmennskan í sjóðnum sem kostar mest. Ég tel að vísu að það hafi verið offari að fara upp í 90% veðsetningarhlutfall, en látum vera að það væri hækkað eitthvað úr þeim 65–70 sem það hafði verið. (**Gripið fram í:** Samþykktin upp í 90.) En það þurfti að standa almennilega að því að útfæra það og það eru mistökinn sem eru gerð varðandi uppgreiðsluáhættuna, það er sú ráðsmennska að Íbúðalánasjóður skuli halda áfram að gefa út bréf og sækja sér lán þótt hann sé að fyllast af peningum vegna uppgreiðslulána. Hann gefur út 60 milljarða í viðbót sem hann hefur ekkert með að gera, þarf að koma í ávöxtun og það eykur lausafjárstyringarvandann og tapið þegar upp er staðið. Þar fóru miklir fjármunir þegar Íbúðalánasjóður tapaði verulegum fjárhæðum af því

lausafé sem hann átti í hruninu og var í ávöxtun hér og þar vegna þessara hluta. Þetta er ótrúleg ógæfa og mistök og verður ríkissjóði Íslands mjög dýrt. Við erum búin að greiða 50 milljarða inn á þennan reikning og það er bara innágreiðsla, því miður. Það er þannig.

Það sem ekki er rætt hér er tjónið fyrir almenning í landinu og ógæfan sem þetta hefur leitt yfir okkur í húsnæðismálum. Þar liggja rosalegir reikningar sem við skulum ekki gleyma, því að þetta er hluti af ógæfunni sem skráfast upp í húsnæðismálunum og veldur því hvað vandinn varð mikill við hrunið og er enn.

Það er talað um að ekki megi bera saman loforð Framsóknarflokksins nú og þá. En er annað hægt? Það ömurlega er að sagan endurtekur sig með tíu ára millibili. Kosningabaráttan 2003 varð einhver dýrasta kosningabaráttan Íslands-sögunnar vegna þess að hún er að mörgu leyti uppskriftin að hruninu. (**Gripið fram í:** Þú varst að segja að hún væri ...) Og hvernig voru þau loforð, eigum við að fara yfir það? Sjálfstæðisflokkurinn lofaði gríðarlegum skattalækkunum og Framsóknarflokkurinn lofaði í húsnæðismálum. Hafði þið heyrt þetta aftur? (Gripið fram í.) Seðlabankinn og fleiri vörðu við, en samt var þetta gert. Hver er staðan núna? Hvernig voru kosningarnar 2013? Sjálfstæðisflokkurinn lofar skattalækkunum og Framsókn lofar í húsnæðismálum og Seðlabankinn er byrjaður að vara við loforðum Framsóknar.

Þetta er fullkomin endurteking þegar þessir flokkar ná saman og þeir tala sig inn á þjóðina, mér er annað ofarlega í huga en ég ætla ekki að nota það hér, með nákvæmlega sömu formúlunum með tíu ára millibili. Það er ástæða til að hafa af því stórkostlegar áhyggjur. Sporin hræða. Þau gera það heldur betur. Sagan endurtekur sig. Nú man ég ekki nafnið á kvikmyndinni þar sem mannauminginn vaknar alltaf upp sama morguninn aftur og aftur og aftur. (**Gripið fram í:** Groundhog day.) *Groundhog day*, já. Þetta er eiginlega þannig að við erum að vakna hérna upp aftur á sama degi og 2003 eftir skelfilega ábyrgðarlausu kosningabaráttu þar sem menn svífast einkis til þess að ná atkvæðum og eiga algerlega eftir að vinna úr því hvað þau loforð kunna að hafa í för með sér efnahagslega, pólitískt og fyrir landið. Það er mikið áhyggjuefni.

Að síðustu vil ég þó segja að ég tek að sjálfsgöðu undir það eins og aðrir að okkur beri skylda til þess núna að setjast mjög rækilega yfir þessi húsnæðismál. Það er ein af ógæfusögum Íslands hversu ólánlega okkur hefur tekist, sérstaklega síðustu 15 árin eða svo, að kunna fótum okkar forráð í húsnæðismálum. Það er dapurlegt hvað það hefur orðið þessu samfélagi dýrt að við skulum ekki hafa náð að byggja hér upp stöðugleika og trúverðugleika og einhverja ábyrgð þannig að fólk geti með sæmilegu (Forseti hringir.) öryggi leyst úr þessum brýnustu þörfum allra venjulegra fjölskyldna.

[15:35]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér skýrsluna um Íbúðalánasjóð. Mig langar að byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu. Áður hafa verið unnar úttektir og skýrslur um starfsemi Íbúðalánasjóðs og fjallað var um hana í stóru skýrslunni frá rannsóknarnefnd Alþingis. Í megindráttum var okkur hér á

þingi ljóst, og hefur verið nú í nokkur ár, hver vandi Íbúðalánasjóðs er og að á honum þurfi að taka.

Mig langar að hvetja menn til að anda með nefinu, átta sig á verkefninu, okkar sameiginlega verkefni, og vinda okkur svo í það.

Ég saknaði þess á liðnu kjörtímabili, ég tók hér sæti fyrir fjórum árum, að við eyddum ekki meiri tíma í að fara yfir hvernig við ætluðum að breyta Íbúðalánasjóði af því okkur var öllum ljóst að það þurfti að gera; það þarf grundvallar-breytingar á starfsemi sjóðsins. Fyrir ári, í júnímánuði, áttum við hér orðastaði um Íbúðalánasjóð. Verið var að gera breytingar á ákvæðum í lögum varðandi stjórn sjóðsins og hæfi ædstu starfsmanna hans. Við sjálfstæðismenn kölluðum mjög eftir því í þeirri umræðu að farið yrði í það verkefni að ræða hvernig við ætluðum að breyta starfsemi sjóðsins til framtíðar. Það voru ekki margir sem tóku undir það með okkur að sjóðurinn ætti að einbeita sér að sínu félagslega hlutverki í stað þess að vera í bullandi samkeppni við einkabanka á markaði með ríkisábyrgð að baki sér. Það er það sem að mínu mati er augljós niðurstaða og augljóst verkefni okkar hér á þinginu að takast á við þær spurningar og þær niðurstöður sem birtast okkur í þessari skýrslu. Þær koma meðal annars fram í meginniðurstöðukafla skýrslunnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Raunar er ekki að sjá nein rök fyrir aðkomu hins opinbera að almennum lánveitingum á húsnæðismarkaði eftir að vaxtafrelsi var komið á, nútímavæðingu fjármagnsmarkaða lauk og ríkisbankarnir voru seldir.“

Síðan segir:

„Ríkisábyrgð var notuð til þess að laða meðal annars erlent áhættufé til þess að lækka vexti. Uppgreiðsluáhætta Íbúðalánasjóðs var störukun og var þar farið gegn ráðleggingum sérfræðinga.“

Þess vegna finnst mér mjög leitt að heyra það hér í þessari umræðu að menn vilji ekki horfa á þessa niðurstöðu. Ég vísa til orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem greinilega ætlar að velja hvaða köflum hann ætlar að trúa og hvaða köflum ekki, þar sem megininntak ræðu hans var það að hin félagslegu öfl vilji halda í þetta kerfi, að ná vöxtum niður í skjóli ríkisábyrgðar, að félagslegu öflin hafi fagnað því að 90% lánin kæmu til, fagnað lægri vöxtum sem að sjálf-sögðu er mjög gott. Það er markmið okkar að ná lægri vöxtum, en ekki þannig að á grundvelli þess kerfis lendi reikningurinn allur á skattgreiðendum á endanum. Það getur bara ekki verið það sem við ætlum okkur að gera til framtíðar, ég trúi því ekki.

Þess vegna vil ég sérstaklega fagna ræðu hv. þm. Árna Páls Árnasonar. Þar kvæð við nýjan tón frá því í umræðunni hér fyrir ári. Formaður Samfylkingarinnar sagði að við ættum að hlusta á viðvörunarorð stofnana. Í því máli sem við ræddum fyrir ári var ESA að gera athugasemdir við starfsemi Íbúðalánasjóðs þar sem hann væri í skjóli ríkisábyrgðar í samkeppni við einkabanka. Á því þyrfti að taka. Ekki var farið í það að koma til móts við þessar athugasemdir. Lítillegar breytingar voru gerðar til að sýna fram á að einhver vilji væri til að gera breytingar. Menn hér, bæði í þessari umræðu og þá, sögðu að ekki væri rétt að þrængja að starfsemi sjóðsins vegna þess meðal annars að það væri enginn annar sem lánaði út á land.

Þetta er rangt. Við erum hér með á þskj. 1704 frá 140. löggjafarþingi svar við fyrirspurn minni til innanríkisráðherra. Þar spurði ég ráðherrann að því, og hann tók saman upplýsingar fyrir mig um það, hvert hlutfall þinglýstra lána með veði í íbúðarhúsnæði eftir landsvæðum væri, annars vegar frá Íbúðalánasjóði og hins vegar frá öðrum kröfuhöfum á árunum 2007–2012. Þetta svar er mjög athyglisvert vegna þess að það sýnir okkur svart á hvítu að þær fullyrðingar að það sé bara Íbúðalánasjóður sem lánar út á land eru ekki réttar. Við erum hér með tölfraeðina um það. Þetta eru rangar fullyrðingar og menn geta ekki skýlt sér á bak við þær og neitað að ræða þetta mál. Það er bara ekki hægt.

Ég vona svo sannarlega að við öll hér inni treystum okkur í að breyta Íbúðalánasjóði, treystum okkur til að horfast í augu við það að kannski höfðum við bara mörg hver í einhverjum atriðum rangt fyrir okkur gagnvart Íbúðalánasjóði og málefnum hans. Eigum við ekki bara öll að reyna að setja upp þau gleraugu? Það er í lagi að hafa ekki alltaf rétt fyrir sér. Það er hins vegar ekki í lagi að játa það ekki þegar manni er sýnt fram á að maður hafi rangt fyrir sér og halda áfram á sömu vitlausu brautinni. Það er vandamál. Ég hvet hv. þingmenn til að leyfa sér að viðurkenna að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Það er ótrúlegt frelsi í því fólgið. Það er það. (SJS: Getur þú ekki bara ...?)

Það er kannski það sem ég vona að við öll tileinkum okkur. Ég hef gert það. Ég vona svo sannarlega að þeir elstu þingmenn sem hér sitja inni prófi, (Gripíð fram í.) hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að gera þetta alla vega einu sinni. Tökum bara þetta mál, Íbúðalánasjóð, leyfum okkur aðeins að hugsa þetta upp á nýtt. Ég vona að við gerum það. Ég vil í því sambandi benda á að OECD hefur hvatt til einkavæðingar Íbúðalánasjóðs frá því að Húsnæðismálastofnun varð til. Við hljótum öll að þekkja einhvern í okkar flokkum sem hafa einhvern tímann lesið þessar ábendingar frá OECD og ættu að hafa hugsað til þess að skoða hvort þetta væru nú kannski réttmætar ábendingar, ábendingar sem rétt væri að kíkja á.

Herra forseti. Kaflinn í þessari skýrslu í 3. bindi þar sem fjallað er um lærdóm sögunnar, 17. kaflinn, er athyglisverður. Þar er farið yfir það hvert við gætum stefnt varðandi Íbúðalánasjóð. Hér er fjallað um að það séu ókostir við að reka opinbera banka sem lúti öðrum skordum en aðrar fjármálastofnanir en starfi í samkeppni við þær. Hér er líka fjallað um það að niðurgreiðsla lána til almennings skili fyrst og fremst aukinni skuldsetningu og veikari eignastöðu heimilanna en dragi lítið úr greiðslubyrði vegna þess að fasteignaverð, eins og fjallað hefur verið um hér í umræðunni, rjúki upp eða hafi tilhneigingu til að hækka þegar greiðslugetan eykst. Við höfum upplifað þetta hér á landi. Við þekkjum þetta. Við hljótum að ætla að bregðast við.

Það er jafnframt niðurstaða nefndarinnar, miðað við þennan kafla, að það sé ljóst að bankakerfið sé fullfært um að sinna öllum almennum lánveitingum þar á meðal vegna fasteignakaupa. Það er niðurstaða hér.

Í kafla 17.2 er síðan farið yfir það hvernig hægt væri að aðstoða þá sem á þurfa að halda við að koma sér upp húsnæði. Taldir eru upp nokkrir flokkar um mismunandi form aðstoðar: engin aðstoð, aðstoð í formi bóta, aðstoð í formi skattafsláttar, aðstoð við að taka lán til húsnæðiskaupa með

veitingu ríkisábyrgðar, eins og við þekkjum, aðstoð við að taka lán til húsnæðiskaupa með niðurgreiðslu vaxta og síðan annað, svo sem niðurgreiðsla á byggingarkostnaði. Við höfum því hér heilan kafla sem ég vona að við ætlum okkur að setjast yfir með nýju gleraugunum okkar og athuga hvort við sjáum ekki eitthvað gott sem við getum byggt á til framtíðar.

Í kaflanum, svo að minnst sé á það, um skattafsláttinn er jafnframt fjallað um skattafslátt og leigumarkað. Þetta er gríðarlega áhugaverður kafla. Í þessum niðurstöðukafla, sem er sá kafla þar sem við reynum að draga lærdóm af fortíðinni og skýrslunni í heild, eru ábendingar um það hvernig hægt sé að bregðast við núverandi ástandi Íbúðalánasjóðs. Þetta eru í raun tvö verkefni: Hvernig við ætlum að bregðast við því ástandi sem Íbúðalánasjóður er kominn í og hins vegar hvernig við ætlum að byggja upp húsnæðiskerfið okkar til framtíðar.

Það er alveg ljóst að við þurfum að taka umræðu um það hvort setja eigi gjald á uppgreiðslur viðskiptavina sjóðsins. Við þurfum að taka umræðu um það. Það er ekkert auðvelt. Það er ekkert skemmtilegt. Það var ekki gert á síðasta kjörtímabili. Ég hvet okkur öll til að hætta í því sambandi að benda á sökudólgja, það getur að vísu verið mjög skemmtilegt í rökræðum og umræðum í þessari pontu að rífast og verða blár í framan af æsingi og kalla fram í o.s.frv., en það skilar okkur engum árangri og sérstaklega ekki fólkinu í landinu sem bíður eftir því að við byggjum upp kerfi sem er nothæft til að fólk geti fengið öruggt húsnæði yfir höfuðið á sér og sinni fjölskyldu.

[15:46]

### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því, eins og flestir aðrir, að þakka fyrir þessa skýrslu og þá sérstaklega hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur fyrir að koma þessu af stað. Það er eins með þessa skýrslu og allar aðrar, það er mjög ánægjulegt þegar Alþingi tekur upp á því að vinna skýrslur af þessu tagi og finna niðurstöður, orsök og afleiðingar mistaka. Ég vona þá að þessi skýrsla verði okkur sú lexía sem hún á að vera. Það er ekkert langt síðan hin margumrædda skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kom út, árið 2010 að mig minnir, hún virðist ekki hafa verið rædd neitt eftir það. Ég man ekki eftir því að hún hafi verið rædd nema einu sinni hér á þingi eða tvisvar. Því miður finnst mér eins og hún hafi bara gleymst. Menn töluðu reyndar um að þetta væri að þvælast fyrir einhverjum eitthvað tímabundið, og mér finnst mjög alvarlegt ef menn tala þannig um svona skýrslur.

Þetta var gríðarlega vel unnin skýrsla, skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis. Þótt ég hafi alls ekki lesið hana alla hef ég aðeins gluggað í hana og að mínum dómi ætti allt okkar stjórnmalastarf í dag að grundvallast á niðurstöðum þessarar skýrslu. Þar kemur fram margt sem læra má af um það hvernig við getum unnið í stjórnámálum Íslandi til heilla. Því miður virðist sú alls ekki hafa orðið raunin með þessa skýrslu að menn fari neitt eftir því. Það er nóg að horfa til síðasta þings þar sem ástandið var, að því er mörgum finnst, bara hryllilegt.

Mig langar að vitna aðeins í skýrsluna, með leyfi for-

seta. Það er kafla um stjórnábyrgð, stjórnábyrgð og stjórnábyrgð, II. kafla í 8. bindi. Þar er talað um íslenska stjórnábyrgðarmenningu og þann lærdóm sem draga megi af þessari skýrslu og því sem gerst hafi. Með leyfi forseta:

„Leita þarf leiða til þess að styrkja siðferðisvitund stjórnábyrgðarmanna og auka virðingu þeirra fyrir góðum stjórnábyrgðum. Í því skyni þyrftu þingmenn meðal annars að setja sér siðareglur og skýra þar með fyrir sjálfum sér og almenningi hvernig þeir skilja megin skyldur sínar og ábyrgð.“

Draga þarf úr ráðherraráði og styrkja eftirlitshlutverk Alþingis.

Efla þarf góða rökræðusiði meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa hennar. Í því skyni þyrfti að vinna skipulega að því í skólum landsins að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með þjálfun í málefnalegri rökræðu og skoðanaskiptum.“

Síðan stendur, með leyfi forseta:

„Taka þarf stjórnarskrána til skipulegrar endurskoðunar í því skyni að treysta grundvallarinnviði lýðræðissamfélagsins og skýra betur megin skyldur, ábyrgð og hlutverk valdhafa.“

Þetta finnst mér mjög góður punktur, af þessu má draga mikinn lærdóm. Þetta er eitthvað sem við ættum að gera og einhenda okkur í það öll hér.

Í III. kafla, Samfélagið, segir um þann lærdóm sem við megum draga af þessu:

„Sporna þarf gegn hugmyndafræði afskiptaleysisins með raunhæfri fræðslu um takmarkanir markaðarins og mikilvægi öflugs eftirlits með honum.“

Glæða þarf skilning á hlutverki ríkisstofnana í því að skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf, réttarríki og velferðarsamfélag.

Leggja þarf rækt við raunsæja, ábyrga og“ — takið eftir — „höfstillta sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem byggist á þekkingu og skilningi á menningu okkar og samfélagi.“

Þjálf þarf gagnrýna hugsun og efla læsi borgaranna á hvers kyns áróður og innistæðulausa ímyndarsmíð.“

Þetta finnst mér mjög gott. Þetta er til eftirbreytni og ég vona að við förum eftir þessu.

Mig langar líka til þess að minna og vitna í lokaorð 8. bindis þar sem segir, með leyfi forseta:

„Íslensk stjórnábyrgðarmenn hafa einkennst um of af átökum og kappræðu þar sem sanngildi staðhæfinga er lítilvægt í stað rökræðu og sjálfstæðis löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það voru ekki aðeins eftirlitsstofnanir með fjármálakerfinu sem brugðust hlutverki sínu heldur einnig sú stofnun sem framfar öðrum á að gæta almanna-hagsmuna — Alþingi.“

Þarna stendur skýrum stöfum hvað klikkaði. Hér standa menn og benda hver á annan út og suður, kenna þessum flokki og hinum flokki um hvernig komið er. Við eigum ekkert að standa í því að vera að kenna hvert öðru um. Sagan dæmir sig sjálf. Saga okkar Íslendinga einkennist af ótrúlegum mistökum, hagstjórnarmistökum og öðru. Maður veltir því fyrir sér sem nýr þingmaður: Hvar enda þessi ósköp eiginlega sem dynja á okkur, milljarðar á milljarða ofan sem alltaf hefur lent á almenningi að borga? Það er líka viss hópur alltaf í þjóðfélaginu sem stendur í lappinnar og þarf aldrei að borga neitt, en þessi mistök stjórnála-

manna í gegnum tíðina lenda alltaf á almenningi. Við erum hér á Alþingi til að gæta þeirra hagsmuna.

Virðulegi forseti. Ég vona svo sannarlega að við, þessir 63 kjörnu fulltrúar á Alþingi, komum til með að vinna saman, tökum þessa skýrslu alvarlega, og þessar skýrslur báðar, snúum bókum saman og vinnum að heildarlausn fyrir íslenskt samfélag. Ég treysti hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra fullkomlega til að leiða þá vinnu. Það segi ég eftir að hafa fylgst með henni á þingi undanfarin ár. Þar er traustur þingmaður. Ég treysti henni fullkomlega til að takast á við þetta. Ég er tilbúinn, og við í mínum flokki, að hjálpa til við það.

Það krefst hugrekksis að hlusta á hjarta sitt. Það krefst hugrekksis að fylgja sannfæringu sinni, boða sýn, treysta fólki, hlusta á rök og upplýsingar. Það krefst hugrekksis að standa í fæturna og axla ábyrgð.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 15:53]

### **Veidigjöld, frh. 2. umr.**

Stjfrv., 15. mál (innheimta veidigjalda, sérstakt veidigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. 52 og 59, brtt. 60.

#### **ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[16:02]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Mig langar til að gera grein fyrir afstöðu Bjartrar framtíðar til þessa frumvarps og þá jafnframt mínu atkvæði.

Hér er lagt til að lækka veiðileyfagjöldin svo um munar. Flestir eru sammála um að við séum að tala um 9–13 milljarða í tekjutap fyrir ríkissjóð á þessu og næsta ári. Þetta er stóra málið.

Hér hafa margir tekið til máls og menn eru ósammála og það hefur verið athyglisvert. Þetta hefur verið athyglisvert umræða því að við erum ekki að tala um það sem við erum sammála um, ekki það sem sameinar. Það er meira í þessu máli sem við erum sammála um en það sem skilur okkur að. Við eigum að vera að vinna saman út frá þeim pól því að það er leiðin til lausnar.

Það hefði verið góður bragur á því ef atvinnuveganefnd hefði gert sameiginlega breytingartillögu við þetta frumvarp, en við höfum því miður ekki látið reyna á það. Minni hlutinn lagði hins vegar fram breytingartillögu sem er til bóta og ég vona að þingmenn stjórnarflokkanna hafi lesið hana. Þingflokkur Bjartrar framtíðar leggst gegn lækkun á veiðileyfagjaldi og greiðir atkvæði á móti 2. og 3. gr. en við tökum ekki afstöðu til 1. gr. Þar er margt ágætt en ákvæðið um heimildir ráðherra (Forseti hringir.) óljóst.

[16:03]

#### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um lækkun veidigjalda. Allt mælir gegn því að lækka veidigjöldin frá því sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Afkomutölur

sjávarútvegsfyrirtækja bera það með sér að hagnaður er mikill og eykst milli ára. Greinin getur með góðu móti borið þá auðlindarentu sem henni ber að gera.

Staða ríkissjóðs er með þeim hætti að hann þarf á öllum sínum tekjum að halda og við blasir að fjöldi framkvæmda sem veiðigjöldin áttu að standa undir verður í uppnámi og mikill niðurskurður blasir við ef skerða á tekjur ríkissjóðs um tug milljarða á þessu og næsta ári. Tæknileg framkvæmd við álagningu veiðigjalds réttlætir ekki að veikja stöðu ríkissjóðs um tug milljarða.

[16:05]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Þetta mál sýnir í hnotskurn þá stefnu sem þessi ríkisstjórn rekur. Hér þarf engar nefndir, bara vaða beint í það að lækka veiðigjöldin á sínu fyrsta þingi. Þannig eru áherslur ríkisstjórnarinnar.

Ég er andsnúin þessum áherslum og við í Samfylkingunni og við munum greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Ástæðan er einföld. Hér er lögð til lækkun á veiðigjöldum samkvæmt núgildandi lögum en þau eru sanngjörn og hófleg auðlindarenta. Meira og minna allir sérfræðingar sem komu fyrir nefndina hafa sýnt fram á að sjávarútvegurinn þolir vel þau veiðigjöld sem eru í núgildandi lögum og því er algjört óráð að ætla að lækka þau.

Sérfræðingar hafa jafnframt sýnt fram á að þessar tillögur þýða að fyrirtæki sem eru í bolfisksveiðum greiða nánast núll í auðlindarentu og það er ekki það sem kallað hefur verið eftir í okkar samfélagi þegar þjóðin hefur kallað á það ítrekað að fá hluteild (Forseti hringir.) í þeirri auðlindarentu sem svo sannarlega er til staðar í íslenski útgerð.

[16:06]

#### **Jón Gunnarsson (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Það kemur vel fram í þessari umræðu um atkvæðaskýringar hvað umræðan er á miklum villigötum hjá okkur. Hér er fullyrst að tekjutap ríkissjóðs á þessu og næsta ári sé upp í 13 milljarða sem þegar fyrir liggur ef menn skoða frumvarpið að það er nær 7–8 milljörðum. Það er talað um að bolfisksfyrirtækin greiði nánast núll. Þetta er alrangt. Afsláttarreglurnar eru þannig að við erum að hjálpa þeim fyrirtækjum sem eru í vanda og eru illa stödd þannig að þau geti staðið í skilum. Þau fá afslátt en hin sem eru sterkari borga fullt veiðigjald.

Ég held að í þessu frumvarpi hafi tekist að jafna mjög þær álögur milli þeirra greina innan útgerðanna sem við leitumst við. Það var vitlaust gefið í þeim lögum sem gilda. Bolfisksfyrirtækin hafa greitt allt of mikið og það hefur lagst með miklu mildari hætti á uppsjávarfyrirtækin. Við erum að dreifa þessu, við erum að lækka veiðigjöldin. Það er ekkert sem sýnir okkur annað en að hér hafi of mikil veiðigjöld verið lögð á. Það sýna okkur allar tölur. Við þurfum að fara í framtíðarvinnu og endurskoða með hvaða hætti við ætlum að gera þetta, en það verður ekki búið við stöðuna (Forseti hringir.) eins og hún er.

Nefndin mun skoða þetta á milli 2. og 3. umr. og gera á því þær breytingar sem geta orðið til að gera þetta enn (Forseti hringir.) betra.

[16:07]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Stefna Pírata í þessu máli ætti að vera öll- um ljós. Það er verið að lækka þann hlut sem þjóðin fær fyrir afnotin af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Það er enginn ágreiningur um það. Þetta er það sem er verið að gera. Það eru minnst 3 milljarðar á næsta ári, svo eru þetta minnst 7–8 milljarðar þegar allt er tekið til, kannski verður lækunin meiri.

Úr því að verið er að lækka hlut þjóðarinnar finnst okkur að þjóðin eigi að hafa lokaorðið um það hver hlutur hennar af nýtingu auðlindarinnar á að vera og við köllum eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Við vonum að forsetinn synji þessum lögum staðfestingar og vísi þeim til þjóðarinnar.

[16:08]

**Árni Páll Árnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Í kjölfar efnahagshruns þegar tekjustofnar höfðu hrunið og útgjöld aukist þurfti að taka á í ríkisrekstri. Leið okkar jafnaðarmanna var skýr. Hún var sú að auka gjaldtöku af afnotum af sameiginlegum auðlindum en stilla í hóf álögum á fólk og verðmætaskapandi fyrirtæki. Það er sú leið sem við höfum farið.

Ný ríkisstjórn vill hverfa frá þessari leið, hún vill snúa til baka. Afleiðingin verður niðurskurður á opinberri þjónustu og/eða auknar álögur á almenning í landinu. Það er það sem er boðað hér.

Það er eðlilegt að menn spyrji spurninga um það hvernig veiðigjöld eru lögð á. Við höfum boðað einfaldar leiðir til að bregðast við öllum málefnalegum atugasemdum sem settar hafa verið fram. Eftir stendur það mat allra helstu sérfræðinga á þessu sviði hér á landi og þeirra íslensku sérfræðinga sem starfa erlendis, erlendra alþjóðastofnana, skammstafananna allra saman, að þetta sé skynsamleg leið til tekjuöflunar fyrir íslenskt samfélag og ríkisstjórnin (Forseti hringir.) er að hafna henni.

[16:09]

**Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Næg atvinna er undirstaða velferðar. Við verðum í sameiningu að hlúa að atvinnulífinu, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri, skilaði álitni til atvinnuveganefndar og niðurstaðan var sú að fyrirliggjandi frumvarp væri betra en fyrri lög. Skref í rétta átt, ekki fullkomnið en sanngjarnara.

Um er að ræða bráðabirgðaákvæði til eins árs. Það er nauðsynlegt að samþykka frumvarpið svo hægt sé að innheimta sanngjörn veiðileyfagjöld á næsta fiskveiðiári.

[16:10]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Umræðan um þetta frumvarp hefur dregið fram hversu langt fram úr sér menn eru komnir í umræðu um auðlindagjöld almennt í þinginu. Það er fært fram sem sérstök röksemd að ríkissjóður hafi þurft mjög á því að halda eftir fjármálaáfallið að hækka hressilega veiði-

gjöldin. Við erum komin óravegu frá yfirvegaðri umræðu um það hvað einstakar greinar þola til lengri tíma.

Við erum líka komin óravegu frá einhverri yfirvegaðri umræðu um það hvar hagsmunir þjóðarheildarinnar liggja. Þeir liggja ekki síst í því að hér sé rekinn arðbær sjávarútvegur sem hafi hvata til að fjárfesta og skila góðri afkomu til langs tíma á grundvelli sjálfbærna veiða. Menn geta ekki endalaust fært bága stöðu ríkissjóðs fram sem röksemd fyrir því að tífalda, tuttugufalda eða þrjátíufalda hæstu veiðigjöld sem við höfum áður séð í framkvæmd. (**HHj**: Segið svo að þið getið ekki lækkað ...) (**VigH**: Alltaf jafn kurteis, Helgi Hjörvar.)

[16:11]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Við greiðum hér atkvæði um forgangsmál nýrrar ríkisstjórnar, forgangsmál sem snýst um það í fyrsta lagi að draga úr tekjum ríkissjóðs og hleypa fjárlögum yfirstandandi árs í uppnám sem og fjárlagavinnu fyrir næsta ár, og í öðru lagi að hverfa frá þeirri hugmyndafræði sem hér hefur verið farið yfir í ítarlegum umræðum um þetta mál að innheimta eðlilega rentu hjá þeim sem nýta sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.

Þetta mál snýst ekki bara um það tekjutap sem það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð, það snýst líka um hugmyndafræði, hvernig við viljum sjá auðlindir þjóðarinnar og hvort við meinum eitthvað með því í alvöru þegar við segjum að þær eigi að vera í sameiginlegri eigu þjóðarinnar og að þjóðin eigi að fá eðlilega rentu af auðlindunum.

Brtt. 60,1 felld með 30:19 atkv. og sögðu

**já**: ÁPÁ, ÁÞS, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHj, KJak, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.  
**nei**: ÁsmD, ÁsF, BjarnB, BN, EIH, EyH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, PJP) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BÁ, EKG, ELA, HBK, KaJúl, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:13]

**Jón Gunnarsson (S)**:

Virðulegi forseti. Hér blasa við okkur þau vinnubrögð sem minni hlutinn hefur stundað í þessu máli sem og á síðasta kjörtímabili. Hér er um mjög óvandaða breytingartilögðu að ræða sem ekki stenst lög en það er svo sem engin breyting fyrir minni hlutann. Í fyrstu meginreglu í verklagsreglum í hagskýrslugerð er kveðið á um sjálfstæði hagskýrslufirvalda gagnvart stjórnsmálaöflum og annarri utan- aðkomandi íhlutun við gerð og dreifingu opinberra hagskýrslna sem er bundin lögum. Í lögum um Hagstofu Íslands er ekki gert ráð fyrir að hún taki þátt í álagningu skatta enda ekki um tölfraeðigerð að ræða. Hagstofan telur því að þátttaka í álagningu veiðigjalds stríði gegn þeim lögum sem um starfsemi hennar gilda, gegn lögum sem gilda um evrópska hagskýrslugerð og gegn verklagsreglum um evrópska hagskýrslugerð. Með öðrum orðum værum við að fara gegn þeim samþykktum sem við höfum samþykkt á al-

þjóðavettvangi og þeim lögum sem við höfum undirgengist á alþjóðavettvangi. Þetta vita menn.

Það er ekki hægt að breyta þessum lögum með því að smella fingur eins og gefið hefur verið í skyn til að veiðigjaldsnefndin fái þær upplýsingar sem hún þarf til að vinna sína vinnu. Ráðherra setti af stað sérstakan tæknihóp (Forseti hringir.) sem átti að vinna þessa vinnu og var að því í margar vikur en kom með enga niðurstöðu. Þessi breytingartillaga gengur ekki, hún er gegn (Forseti hringir.) lögum og þeir sem greiða henni atkvæði sitt eru tilbúnir að brjóta þau lög sem gilda um stofnanir í landinu. Auk þess mun þetta leggja (Forseti hringir.) 5 þús. milljóna viðbótargjald á bolfisksfyrirtækin í landinu.

[16:14]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Við greiðum atkvæði um fyrstu tillögu af þremur frá minni hluta í atvinnuveganefnd um þetta mál, veiðigjöldin. Við erum með tillögu um að veiðigjaldsnefnd verði gert kleift að fá þær upplýsingar sem hún þarf til að geta lagt hér á veiðigjöld. (Gripið fram í.) Það er tilgangur þessarar tillögu. (Gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Jón Gunnarsson fái að ræða hér um atkvæðagreiðsluna á eftir og geti þá talað úr ræðustóli Alþingis frekar en úr sæti sínu þannig að ég leggi til að honum verði gefið orðið.

Í öðru lagi felur þessi tillaga líka í sér annað sem hv. þm. Líneik Anna Sævarsdóttir fjallaði um áðan og það eru litlu og meðalstóru fyrirtækin. Í þessari tillögu er einmitt fjallað um það að við ætlum að hækka fríkvótamörkin fyrir litlu og meðalstóru fyrirtækin, það lægsta úr 30 þúsundum í 50 þúsund (Forseti hringir.) þannig að komið verði til móts við þau. Þessa tillögu ætlar stjórnarmeirihlutinn hér að fella.

[16:16]

#### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við í minni hlutanum leggjum fram breytingartillögu og eins og komið hefur fram hefur verið mikil umræða um að tæknilega séð hafi ekki verið hægt að leggja á veiðigjöld. Við leggjum til að styrkja þá lagastöð að Hagstofan hafi heimild til að taka við þeim gögnum sem hún þarf til að leggja á veiðigjöld. Við teljum að það sé vel mögulegt að styrkja það með þessari tillögu. Þá mætum við þeim sem eru í útgerð í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með því að hækka frítekjumark og veita aukinn afslátt og að fullt gjald í sérstöku veiðigjaldi verði einungis greitt eftir 250 þús. þorskígildiskíló. Þessi aðgerð er raunveruleg til að mæta litlum og meðalstórum fyrirtækjum og kostar ríkissjóð aðeins 310 milljónir. Það yfirvarp (Forseti hringir.) sem nú er, að verið sé að mæta þessum útgerðum, er einungis til að lækka á stóruúterðina sem er í bullandi hagnaði.

1. gr. samþ. með 32:14 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, EyH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, PJP, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, ÁPÞ, BjG, GuðbH, HHJ, KJak, KaJúl, KLM, LRM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BirgJ, BjÓ, BSB, BP, FrH, HHG, JÞÓ, PVB, RM) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

Brtt. 60,2 felld með 30:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPÞ, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHJ, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, PJP) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, EyH, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, EyH, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, ÁPÞ, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHJ, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, PJP) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GÞP, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:20]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Hér kemur meginefnisgrein frumvarpsins til atkvæða. Þar er lögð til mjög mikil lækkan á sérstöku veiðigjaldi fyrir botnfisk, um 16 kr. á þorskígildiskíló. Að vísu er lögð til nokkur hækkan á uppsjárveiðar á móti og fyrir því standa að sjálfsögðu gild efnisleg rök, og afkoma þar mjög góð, en þetta leiðir engu að síður til þess að tekjur ríkissjóðs munu, miðað við fyrirliggjandi ríkisfjármálaáætlun, lækka um áætlaða 10 milljarða kr. á þessu ári og því næsta — samkvæmt kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins, hv. þm. Jón Gunnarsson. Það standa engin efnisleg rök fyrir svona mikilli lækkan, alls ekki nokkur. Þetta 10 milljarða tekjutap ríkissjóðs er umtalsvert, borar gat í fjárlög yfirstandandi árs og skapar verulega erfiðleika við að koma saman hallalausum fjárlögum á næsta ári. Þetta er ábyrgðarlaus af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og þetta mun ekki greiða götu þess að menn nálgast eitthvert samkomulag um fyrirkomulag sjávarútvegs mála (Forseti hringir.) á Íslandi, þvert á móti. (Gripið fram í.)

[16:21]

#### **Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég styð að þetta mál fari í gegnum þessa umræðu enda hefur því verið lýst yfir að málið fari aftur inn í nefnd og þar verði það skoðað enn betur og þær athugasemdir sem borist hafa. Ég lýsi því enn fremur yfir að ég er ekki sammála þeim athugasemdum sem hér hafa verið bornar upp um þetta mál af hálfu stjórnarandstöðunnar og hlakka til að fylgjast með störfum nefndarinnar og sjá hvaða afrakstur þau bera á milli umræðna.

Brtt. 60,3 felld með 31:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHj, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSV, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁsMD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, EyH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, PJP) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

**já:** ÁsMD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, EyH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, REÁ, RR, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, ÁÞS, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHj, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSV, ÖJ, ÖS.

4 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, PJP) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til atvinnuvn.

### **Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannahágu, frh. 3. umr.**

Stjfrv., 11. mál (val stjórnarmanna). — Þskj. 11, brtt. 53, 54 og 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:25]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er til afgreiðslu er vanbúið í upphafi, lagt fram án samráðs, án skilnings á gildandi lögum og án virðingar fyrir þeirri breiðu samstöðu sem náðist um núgildandi lög sem samþykkt voru fyrir fáeinum vikum. Hreyfiaflið er hefðbundin valdapolítík og markmiðið er að herða pólitísku tókin, sækja gamla daufa leiðarljósið upp í Hádegismóa. Málið er hluti af heild sem snýst um gamalkunnug tilþrif Sjálfstæðisflokksins, gamalkunnugt purkunarleysi. Nú eiga allir að hafa sig hæga og RÚV er ógnað.

Hér hefur Framsóknarflokkurinn snúið við blaðinu frá því í vor og enginn þingmaður flokksins hefur gert grein fyrir þeim viðsnúningi, 1., 2. og 3. umr. og Framsókn þegir.

Virðulegi forseti. Þingflokkur VG greiðir atkvæði gegn málinu.

[16:26]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég átti þess ekki kost að greiða atkvæði um þetta mál á síðasta þingi en afstaða mín er skýr gagnvart Ríkisútvarpinu. Við eigum að efla það og styrkja og við eigum að standa um það vörð.

Ég flutti margar ræður um það þegar ákvæðið var að leggja niður hinar svæðisbundnu útsendingar og enn þann dag í dag þykir mér það miður.

Sú breyting sem hér er lögð til er í raun það fyrirkomulag sem var við lýði allt síðasta kjörtímabil þangað til á síðustu metrunum fyrir kosningar. (Gripið fram í.) Það þótti í góðu lagi allt síðasta kjörtímabil en nú er það gersamlega ómögulegt. Ég er ósammála þeirri fullyrðingu og vona að nú hafi ég fullnægt þeirri þörf stjórnarliða að fá okkur framsóknarmenn hingað upp í pontu. [Háreysti í þingsal.] Þetta er einfaldlega mín afstaða, ég mun segja já við þessu ákvæði.

[16:27]

**Árni Páll Arnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur vakið mikla og verðskuldaða undrun og athygli í samfélaginu. Það vekur athygli vegna þess að það kemur í kjölfar síendurtekinnna hótana sjálfstæðismanna í garð Ríkisútvarpsins. Nú á að hefta Ríkisútvarpið. Það á að koma böndum á ritstjórnarlegt frelsi þess og það er verið að fylgja forskriftinni sem margir gamlir hádegismórar Sjálfstæðisflokksins hafa verið svo vinsamlegir að birta á opinberum bloggsíðum sem hvatningu til sinna manna um að passa að menn muni nú eftir því að hreinsa óþægu mennina út.

Hitt vekur meiri undrun að sjá umskiptinguna og það umskiptingalið sem Framsóknarflokkurinn er orðinn að núna. Þeir sitja hér hæstv. ráðherrar Eygló Harðardóttir og Gunnar Bragi Sveinsson sem greiddu atkvæði með nýju stjórnarfyrikomulagi RÚV fyrir nokkrum mánuðum en hafa snúist við á punktinum til að ganga erinda Sjálfstæðisflokksins í aðförinni að Ríkisútvarpinu.

[16:28]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er sérstaklega kaldhæðnislegt að vera að ræða þessar breytingar í kjölfar umræðunnar sem átti sér stað fyrr í dag. Mig langar í stuttu máli að útskýra afstöðu Pírata. Við munum greiða atkvæði með breytingartillögu á þskj. 53 sem fjallar um að gefa starfsmönnum Ríkisútvarpsins áheyrnarfulltrúa í stjórn þess. Við teljum það mikilvægt gagnsæismál og þó til bóta í þessu vonda máli.

Við munum sitja hjá í atkvæðagreiðslu um breytingartillögu á þskj. 58 og 54 sem varðar það að í stað sjö stjórnarmanna séu nú stjórnarmenn. Ástæðan er sú að við sjáum ekki að það breyti einu eða neinu, hvorki um aðgerðirnar né um það hvernig stjórnarháttum Ríkisútvarpsins sé komið. Síðan munum við að sjálfsögðu greiða atkvæði á móti frumvarpinu sjálfu.

[16:29]

**Páll Valur Björnsson (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Við í Bjartri framtíð munum greiða atkvæði með breytingartillögunum tveimur. Við settum nafn okkar undir það að starfsmenn fengu að koma að stjórninni. Við erum mjög ánægð með að það skref skyldi þó stigið í þessu leiðinlega máli, sem það í raun er. Við munum ekki greiða frumvarpinu atkvæði okkar, sérstaklega í ljósi þess að í vor var samþykkt nýtt frumvarp sem nokkuð

mikil og góð sátt virtist ríkja um. Við erum líka afskaplega hrædd um að það sé pólitískur óþefur af þessu og verið sé að fara í gamla farið eins og útvarpsráð var áður. En tíminn einn mun leiða í ljós hvort það er rétt hjá okkur eða ekki.

Við styðjum breytingartillögurnar en erum á móti frumvarpinu.

[16:30]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka nefndarmönnum í allsherjar- og menntamálanefnd fyrir þeirra starf í þessu máli. Ég vil segja það líka að hér hafa fallið stór og mikil orð um þetta frumvarp. Það sem hér er að gerast er að verið er að leggja til að gerð verði sú breyting frá núgildandi lögum að í stað valnefndar, sem skipuð var þremur mönnum frá Alþingi, einum frá Bandalagi íslenskra listamanna og einum frá samráðsvettvangi háskólanna, verði haldið við það fyrirkomulag sem verið hefur hér alla tíð að Alþingi Íslendinga, virðulegasta stofnun þjóðarinnar, skipi stjórn Ríkisútvarpsins, sem er einhver mikilvægasta stofnun þjóðarinnar. Ég tel það gagnsætt, ég tel það tengja saman ábyrgðina og ég tel það við hæfi.

Virðulegi forseti. Það er líka um að ræða breytingartillögur, t.d. um að fjölga í stjórn úr sjö í níu, meðal annars til að mæta þeirri umræðu og tryggja að nægilega breiður hópur manna, karla og kvenna, sitji í útvarpsstjórninni. Þetta vil ég segja: Í þessum sal sitja þeir einstaklingar sem hafa umboð frá þjóðinni til að sitja hér og bakgrunnur manna er fjölbreyttur sem ég tel að tryggi mjög vel að þannig verði valið í útvarpsstjórnina að hún endurspegli öll þau sjónarmið sem hún þarf að gera.

[16:32]

**Guðbjartur Hannesson (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða mál sem er fullkomlega óskiljanlegt, sérstaklega hvað varðar forgangsröðun, og óþarft. Nýlega var búið að samþykkja lög um stjórnarfyrirkomulag varðandi Ríkisútvarpið og engin leið að finna nein önnur rök fyrir þessu en menn ætli að herða flokkspólitísk áhrif stjórnarflokkanna á Ríkisútvarpinu.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem varð hér áðan, um allar þær pólitísku fyrirgreiðsluráðningar og öll þau mistök sem gerð hafa verið, er enn alvarlegra að menn skuli snúa í þessa átt, algerlega gegn þeim meginstraumum sem hafa verið um að draga úr flokkspólitísku valdi í stjórnnum stofnana.

Samfylkingin hefur tjáð sig skarpt á móti þessum tillögum. Jafnvel þó að við séum þarna með tvær ágætisbreytingartillögur sem eru í rétta átt þá munum við sitja hjá við þær en greiða atkvæði á móti frumvarpinu vegna þess að þarna er verið að fara í kolvitlaus átt og í flokkspólitíska átt.

[16:33]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Hér kemur inn á stutt samarþing eitt af megináherslumálum núverandi ríkisstjórnar, breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Frumvarpið kemur hingað inn lítt grundað, lítt undirbúið í raun eins og nefnd-

arálit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar ber með sér sem er ekkert annað en uppáskrift á greinargerð með frumvarpinu.

Þessi breyting kemur í kjölfar breytinga á lögum um Ríkisútvarpið sem voru samþykktar hér á vormánuðum. Þær breytingar byggðu á löngum og vönduðum undirbúningi og vel ígrunduðu máli sem átti breiðan stuðning í þinginu, meðal annars fyrir tilstilli Framsóknarflokksins. Framsóknarflokkurinn studdi málið og stóð að nefndarálitu.

Margir hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem hér sitja, studdu málið og greiddu atkvæði með því: hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. sjávarútvegsráðherra, hv. þm. Ásmundur Einar Daðason, þáverandi varaformaður flokksins, Birkir Jón Jónsson, og þáverandi þingmaður, Siv Friðleifsdóttir. (Forseti hringir.) Framsóknarflokkurinn hefur kosið að skila algerlega auðu í þessari umræðu hér og atkvæðaskýring hv. þm. Höskuldar Þórhallsóssonar breytir þar engu um. (Forseti hringir.) Ég kalla eftir skýringu formanns Framsóknarflokksins á viðsnúningi hans í málinu.

[16:34]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Ég styð þetta mál. Eftir að málið verður samþykkt í þinginu, sem ég bind sterkar vonir við að verði gert, munum við hafa það þannig hér eftir sem hingað til að Alþingi beri ábyrgð á því að tilnefna stjórnarmenn.

Það hefur margoft komið fram að mikilvægt er að það sé skýrt hverjir beri ábyrgð í samfélagi okkar. Það kom meðal annars fram í þeirri skýrslu sem kom út í gær að það að eftirlit með Íbúðalánasjóði hafi ekki verið nægilegt og því hafi farið hrakandi hafi meðal annars haft með það að gera að Alþingi afsalaði sér aðkomu að því að tilnefna í stjórn Íbúðalánasjóðs. Hér er komin enn ein ástæða fyrir því að samþykkja þetta ágæta mál.

[16:35]

**Róbert Marshall (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Mig langar vegna orða hv. þm. Höskuldar Þórhallsóssonar áðan að segja að það er ekki verið að færa stjórnina í sama horf og var allt síðasta kjörtímabil. Það væri skárri ef svo væri vegna þess að líka er búið að eðlisbreyta stjórninni og var það gert fyrir 16 vikum síðan. Núna hefur hún ekki bara rekstrarleg völd heldur kemur að mótun dagskrárstefnu til langs tíma. Það er lykilatriði í þessu máli og þess vegna er breytingin alvarlegri en hún virðist í fyrstu. Því verður allur almenningur að gera sér grein fyrir. Það er ekki einungis verið að gera málamynda-breytingu á samsetningu stjórnarinnar. Stjórnin og eðli hennar hafa tekið stórum breytingum sem er lykilatriði og gerir málið alvarlegra.

Brtt. 54 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HöskP, IIIG, JMS, JónG, KÞJ, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SigrM, SilG, USB, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖS.

17 þm. (ÁPÁ, ÁPS, BirgJ, BjG, GuðBH, HHG, HHJ, JÞÓ, KG, KJak, KaJúl, KLM, LRM, SII, SJS, SSV, ÖJ) greiddu ekki atkv.



8 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:37]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég styð þessa breytingartillögu. Hún felur það í sér að í stað þess að sjö menn verði kjörnir verði þeir níu. Tillagan á þskj. 58 er sama eðlis og komin til af sömu orsökum og ég hvet þingmenn til að styðja þessa tillögu.

Brtt. 58 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GPP, GBS, HarB, HE, HöskP, IIG, JMS, JónG, KPJ, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WPP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖS.

17 þm. (ÁPÁ, ÁPS, BirgJ, BjG, GuðbH, HHG, HHj, JPÓ, KG, KJák, KaJúl, KLM, LRM, SII, SJS, SSV, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

Brtt. 53 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GPP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskP, JMS, JónG, JPÓ, KJák, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SilG, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilB, WPP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (KG) greiddi ekki atkv.

10 þm. (EKG, ELA, HBK, IIG, OH, PHB, SIJ, VBj, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:38]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég styð þessa tillögu og vonast til að sjá að sem flestir hv. þingmenn geri það enda er hér verið að leggja til að Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefni einn mann, og annan til vara, í stjórnina sem hafi þar mál-frelsi og tillögurétt. Ég sé að menn eru almennt hér í saln-um ánægðir með þá tillögu.

Mig langar örstutt að koma inn á það að ef þingmenn hér hafa haft athugasemdir varðandi hlutverk stjórnar RÚV hefðu þeir hinir sömu kannski átt að koma fram með ein-hverjar breytingartillögur er lytu að því að færa það eitt-hvað til.

Frv., svo breytt, samþ. með 32:23 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, EyH, GPP, GBS, HarB, HE, HöskP, IIG, JMS, JónG, KPJ, LínS, PJP, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WPP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, ÁPS, BirgJ, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHG, HHj, JPÓ, KJák, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSV, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EKG, ELA, HBK, OH, PHB, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

14 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:40]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Nýr meiri hluti á Alþingi er hér að taka þá ákvörðun að það sé okkar að skipa fulltrúa þingflokka í stjórn Ríkisútvarpsins, stjórn sem hefur það hlutverk að móta dagskrárstefnu stærsta fjölmiðils á Íslandi, fjölmiðils sem hefur það hlutverk meðal annars að setja störf okkar hér undir mæliker og halda uppi gagnrýninni umræðu um störf Alþingis. Meðferð nýs meiri hluta á Alþingi skipti mér. Ég greiði atkvæði gegn þessu frumvarpi, fyrsta frumvarpi hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra.

[16:41]

**Þórunn Egilsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Tryggja þarf með öllum ráðum að stofnanir sem hafa á höndum verkefni í almannapágu lúti lýðræðislegri stjórn. Ég tel að með því að Alþingi skipi stjórn RÚV sé lýðræðinu best fyrir komið. Ég segi því já.

[16:41]

**Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Það þarf alveg sérstaka ályktunarskýrslan um Íbúðalánasjóð leiði til þeirrar niðurstöðu sem við erum að tala um. Ég vil bara koma hingað upp til að mótmæla þeirri fullyrðingu og segja: Þvert á móti. Niðurstaðan er sú að við eigum að efla faglegt val í nefndir og ráð og reyna að taka pólitíkina út úr því. Það var það sem við reyndum að gera síðasta vor. Nú er verið að hverfa frá því, því miður. Við segjum nei.

[16:42]

**Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):**

Hæstv. forseti. Mikilvægt er að í stjórnir stofnana og fyrirtækja í almannaeygu sé valið á eins lýðræðislegan hátt og unnt er. Aðkoma Alþingis að vali stjórnna slíkra stofnana er mun lýðræðislegra en að stjórnir séu skipaðar af fámenn-um valnefndum. Því segi ég já.

[16:43]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Þau lög sem voru samþykkt hér fyrir fjórum mánuðum í góðri sátt byggðu á miklum undirbúningi, á undirbúningsvinnu sem hófst árið 2009. Þau voru lögð fyrir þingið ekki á síðasta þingi heldur þarsíðasta. Þar voru gerðar miklar athugasemdir við frumvarpið. Því var breytt til samræmis við þær athugasemdir að verulegu leyti, meðal annars athugasemdir sem komu frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins.

Mér finnst það slægt vinnubrögð og sleifarlag á því að koma fram með frumvarp sem tekur einn þátt þeirra laga, sem byggðu á heildarendurskoðun, kippir þeim þætti úr sambandi til að hverfa aftur til fornra tíma án þess að farið sé í ígrundun og undirbúning, án þess að farið sé í samráð og umræður. Mér finnst þessi breyting vond og mér finnst vinnulagið við hana arfaslakt. Þess vegna segi ég nei.

**Höskuldur Þórhallsson (F):**

[16:44]

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með viðbrögð stjórnarandstöðunnar þegar við framsóknarmenn stígum í pontu, enda reynum við að mæla af skynsemi og leita lausna. Það er verið að gera þetta að sama fyrirkomulagi og var við lýði. Það er einfaldlega svo [Háreysti í þingsal.] að tekin var ákvörðun af síðustu ríkisstjórn um að gera hlutverkið þannig að stjórnin hefði aukið vægi við dagskrárgerð, ekki rétt? Það var ákvörðun síðustu ríkisstjórnar [Háreysti í þingsal.] að auka hið pólitíska vægi. Ég hef nákvæmlega engar áhyggjur af því að RÚV og þeir starfsmenn sem starfa þar muni ekki sinna skyldum sínum sem hlutlausir blaðamenn, (Forseti hringir.) bæði fyrir stjórn og stjórnarandstöðu. Við hljótum að vera sammála um, hvort sem við erum (Forseti hringir.) í meiri eða minni hluta, að það sé aðalmarkmiðið.

Virðulegi forseti. Ég hef litlar sem engar áhyggjur af þessari breytingu og þess vegna styð ég hana heils hugar.

[16:45]

**Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Við skulum ekki gleyma því að í fyrirhugaðri valnefnd var gert ráð fyrir að meiri hluti hennar yrði skipaður héðan af Alþingi. Við skulum heldur ekki gleyma því að umræðan hefur annars vegar snúist um að það væri ópólitískari leið sem ég mótmæli og bendi á að það er fólgin ákveðin barnaskapur í því að halda að slík valnefnd yrði ópólitísk. Hún getur nefnilega orðið mjög pólitísk, t.d. eftir því hverjir sitja í henni.

Í öðru lagi hefur verið rétt að hægt sé að tryggja betur dreifingu með valnefnd, að það komi fleiri að því að velja stjórnarmennina. Hér í þessum sal sitja 63 hv. þingmenn með mismunandi reynslu á bak við sig. Ég tel að sá hópur sé ágætlega til þess fallinn að velja níu einstaklinga til að sitja í þessari stjórn. Því skyldi það ekki vera þannig að ein virðulegasta stofnun þjóðarinnar sem fer með löggjafarvaldið skuli einmitt setja stjórn einnar mikilvægustu stofnunar þjóðarinnar? (Forseti hringir.) Ég tek eftir því að minni hlutinn í þinginu hefur ekki lagt fram breytingartilöggu um hlutverk stjórnarinnar. Það er umhugsunarefni, sérstaklega í ljósi [Háreysti í þingsal.] þeirra gífuryrða sem hafa fallið af hálfu margra (Forseti hringir.) hv. þingmanna.

[16:47]

**Forseti (Kristján L. Möller):**

Forseti vill fara fram á að ræðumenn virði ræðutíma og þingmenn virði það að sá sem er í ræðustól hefur einn orðið.

[16:47]

**Líneik Anna Sævarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Sem fulltrúi Framsóknarflokks í allsherjar- og menntamálanefnd vil ég gera grein fyrir atkvæði mínu í atkvæðagreiðslu um frumvarp um Ríkisútvarpið, val stjórnarmanna, með áorðnum breytingum. Eins og fram hefur komið þá er þar lagt til að Alþingi tilnefni níu manna stjórn og starfsmenn eigi áheyrnarfulltrúa.

Það kom fram í vinnu nefndarinnar að eðlisbreyting í lögunum sem samþykkt voru síðasta vor staðfesti í raun það hvernig stjórnin hefur unnið síðustu ár, þess vegna sá ég ekki ástæðu til að breyta því. En með samþykkt fyrirbyggjandi frumvarps tel ég lýðræðið styrkt í sessi og ábyrgð skýrari en í ákvæðum þeirra laga sem samþykkt voru í vor og ekki eru komin til framkvæmda.

[16:48]

**Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Hvernig getum við ætlat til þess að fólk beri virðingu fyrir okkur og treysti okkur hérna inni ef við treystum okkur ekki sjálf til að velja í útvarpsráð? Hvaða skilaboð eru það? Höfum við ekki meira traust hvert til annars en að við treystum okkur ekki til að velja í útvarpsráð? Ég bara spyr. Ég sé ekki tilganginn í því að við förum að velja nefnd. Við förum að velja einhverja nefnd, kjósa í nefnd sem á svo að velja í einhverja aðra nefnd. Við berum ábyrgðina og gerum þetta bara sjálf. Því styð ég þetta og segi já.

[16:49]

**Willum Þór Þórsson (F):**

Hæstv. forseti. Ég þaulsat þessa umræðu í þeim tilgangi að hlusta á öll góð mótrök sem voru mörg hver mjög góð, rök hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar. Ég mat kosti og galla og ég er þess fullviss að þessu sé best til haga haldið að Alþingi geri tillögu um skipan stjórnar RÚV. Ég tel kosti þess ótvíræða og afgerandi og þess vegna segi ég já.

[16:50]

**Jóhanna María Sigmundsdóttir (F):**

Hæstv. forseti. Ég var ekki stödd hérna fyrir fjórum, fimm eða sex mánuðum en þau rök og þær niðurstöður sem ég hef séð sannfærðu mig. Pólitík getur komið inn hvar sem er og hvíslað í eyru. Ég tel að með þessu frumvarpi verði hægt að setja skilyrði um lýðræðisleg vinnubrögð sem beðið er um í þjóðfélaginu og segi ég því já, herra forseti.

[16:51]

**Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Hæstv. forseti. Ég vona að háværum fagnaðarópum linni. Niðurstaða þeirrar umræðu sem hér fór fram fyrir í dag færir mér heim sanninn um nauðsyn þess að Alþingi hafi aðkomu að stjórnskipan þeirra stofnana og fyrirtækja ríkisins sem varða almannahagsmunum og almannaheill, svo og til að Alþingi geti sinnt nauðsynlegu rekstrareftirliti. Ég tel fyrirbyggjandi frumvarp tryggja skilvirka starfsemi RÚV betur en núgildandi lög. Ég segi því já, herra forseti.

[16:52]

**Haraldur Einarsson (F):**

Hæstv. forseti. Við erum ekki öll sammála enda greinir okkur hér á um sjónarmið. Eftir að hafa hlustað á marga ræður síðustu daga um málefni RÚV er það sannfærning mín að hagsmunir þessarar stofnunar og almennings þar af leiðandi sé betur tryggt með aðkomu Alþingis. Þess vegna ætla ég að styðja frumvarpið.

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ríkisútvarpið á að veita okkur aðhald, sérstaklega stjórnáráðgjöf, sérstaklega okkur sem hér sitjum. Þess vegna finnst mér mjög óeðlilegt að við séum, eftir þær umræður sem við áttum hér í dag um Íbúðalánasjóð, að halda áfram með pólitískar skipanir. Ætlið þið ekkert að læra, hv. þingmenn, ekki neitt, hv. þingmenn Framsóknarflokksins, sem eru með algeran viðsnúning í þessu máli?

Það hefði verið athyglisvert að heyrna á hæstv. forsætisráðherra, af hverju hann er búinn að snúast, og hæstv. utanríkisráðherra. Ég get ekki stutt svona vinnubrögð, sér í lagi út af því að ég var rétt áðan að skora á þingmenn að láta slík vinnubrögð heyrna sögunni til. Og ég skil ekki af hverju — það eru fjórir mánuðir frá því við fórum í heildarendurskoðun á þessum lögum. Ég skil ekki svona vinnubrögð og ég skil ekki þessa forgangsröðun.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 69).

**Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.**

Stjfrv., 20. mál (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). — Þskj. 20, nál. 61.

**ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[16:55]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegur forseti. Ég mælti í gær fyrir nefndarálliti efnahags- og viðskiptanefndar þar sem nefndin leggur einum rómi til að þetta frumvarp verði samþykkt óbreytt. Í ljósi þess að mér hefur borist til eyrna að óskað verði eftir því að málið fari inn á milli 2. og 3. umr. leyfi ég mér að lesa 2. mgr. 40. gr. laga, þar sem frumvarpið er óbreytt, en þar segir, með leyfi forseta:

„Breytist frumvarp við 2. umræðu skal nefnd fjalla um frumvarpið að nýju áður en 3. umræða hefst ef þingmaður eða ráðherra óskar þess.“

Þetta frumvarp hefur engum breytingum tekið frá því að það var lagt fram og við 2. umr. er það lagt hér fram óbreytt. Þess vegna tel ég að atkvæðagreiðslan standist ekki um það að málið fari aftur til nefndar.

[16:56]

**Arni Páll Arnason (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að stýðja að Seðlabankinn fái þær heimildir sem kveðið er á um í þessu frumvarpi. Um það var rík samstaða í nefndinni að engu að síður biður nefndin eftir því að fram komi heildstætt frumvarp í haust um umgjörð um fjármálastöðugleika og um fjármálastöðugleikaráð sem er afskaplega mikilvægt. Við þurfum að ljúka því verki sem við höfum verið að vinna undanfarin ár um nýja umgjörð fjármálastöðugleika sem tryggir hinu pólitíska valdi fullnægjandi yfirsýn yfir hættu sem getur myndast hvað varðar fjármálastöðugleika, tryggir að eftirlitsstofnanir upplýsi hið pólitíska vald — og ekki bara ráðherrann einan heldur að ráðherrann geti síðan deilt þeim upplýsingum með stjórnarandstöðu til að koma í veg fyrir slys

af þeim toga sem við þekkjum því miður allt of vel úr fortíðinni.

[16:57]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Herra forseti. Ég stýð þetta frumvarp eins og fram hefur komið í umræðum. Þetta er efnislega að stórum hluta til sambærilegt við frumvarp sem ég flutti sem efnahags- og viðskiptaráðherra en stjórnarandstaðan lagðist þá gegn.

Ég fagna sinnaskiptunum og fagna þverpólitískum vilja til að styrkja stöðu Seðlabankans í hinni erfiðu glímu við að undirbúa áframhaldandi aðgerðir á sviði afnáms gjaldeyris-hafta. Ég vísa sérstaklega til ákvæða í nefndarálliti þar sem tekið er af skarið um að starf heldur áfram við að endurskoða fjármálastöðugleikana í heild sinni og undirbúa löggjöf um fjármálastöðugleika og tilkomu fjármálastöðugleikaráðs. Það er einn af þeim fyrirvörum sem ég set við stuðning við þetta mál að sú vinna haldi áfram og við fáum slík frumvörp inn á okkar borð hér á haustdögum.

Einnig legg ég áherslu á að þverpólitísk nefnd, samstarfsvettvangur allra stjórnáráðflokka um þetta mikilvæga verkefni haldi áfram störfum. Enginn hefur hreyft andmælum við því að svo verði þannig að það er einnig annar fyrirvari af minni hálfu að þetta er gert í trausti þess að samstarf stjórnáráðflokka á þessu sviði haldi áfram.

[16:58]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. 2. umr. átti sér stað í gær eftir miðnætti. Það var ekki með samþykki Pírata. Það var ekki kosið um afbrigði. Við píratar lítum svo á að sú umræða hafi í raun ekki farið fram og krefjumst þess að þetta fari aftur til nefndar til að ræða eitt smávægilegt atriði. Okkur langaði að gera þetta í mesta bróðurlyndi, systkinalyndi eða hvað maður segir nú til dags, en við viljum aðeins meiri umræðu um þetta. Það er ein setning í 4. gr. b sem okkur langaði að ræða betur, sérstaklega með hliðsjón af umsögn Persónuverndar og með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum almennt. Það hefði alveg verið hægt að taka þá umræðu hér í dag en af einhverjum ástæðum var það ekki gert. Ég er mjög vonsvikinn yfir því. Við viljum endilega klára þetta mál í sem mestri sátt vegna þess að við teljum þetta að öllu leyti mjög fínt frumvarp. En við krefjumst þess að þetta fari aftur í nefnd.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KJAK, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SiG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WPP, PM, ÞoS, ÞórE, ÖJ.

2 þm. (BirgJ, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GPP, HBK, OH, PHB, VBj, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GBS, HarB,

HE, HHG, HHj, Höskþ, IILG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KþJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WþP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

2 þm. (BirgJ, JþÓ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GþP, HBK, OH, PHB, VBJ, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (a-liður) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁþS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, Höskþ, IILG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KþJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WþP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

2 þm. (BirgJ, JþÓ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GþP, HBK, OH, PHB, VBJ, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (b-liður) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁþS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, Höskþ, IILG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KþJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WþP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

3 þm. (BirgJ, HHG, JþÓ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GþP, HBK, OH, PHB, VBJ, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁþS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, EyH, FrH, GuðbH, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, Höskþ, IILG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KþJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WþP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JþÓ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EKG, ELA, GþP, HBK, OH, PHB, VBJ, VilÁ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

[17:02]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir vísandi í þingsköp hér áðan um það hvort skylt væri að vísa málinu til nefndar ef þess væri óskað og rakti það að þar sem málið hefði ekki tekið neinum breytingum væri ekki skylt að gera það.

Ég vil taka fram af þessu tilefni að ég tel að málf lutningur hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssonar, um þetta atriði hér áðan, eigi mjög mikinn rétt á sér. Það var haldið áfram fundi í gærkvöldi, 2. umr. um þetta mál fór fram eftir miðnætti. Það var ekki sótt um leyfi fyrir lengri þingfundi í gær eins og þingsköp kváðu á um vegna þess að forseti leit væntanlega svo á að verið hefði samkomulag um það. Á þingflokksformannafundi seint í gærkvöldi kom fram að Píratar voru ekki sammála því að fundi yrði haldið áfram

lengur en til miðnættis. Mér þykir það heldur smásálarlegt af stjórnariðunum ef þeir ætla að hafna því að málið fari að minnsta kosti á stuttan fund í nefndinni.

[17:03]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Þetta var rætt á þingflokksformannafundum sem ég sat. Á öllum þeim fundum nefndi ég margoft að Píratar væru ekki aðilar að þeim samningi sem aðrir flokkar hefðu gert með sér um þinglok. Forseti hafði á einhverjum tímápunkti sagt: Ætlið þið nokkuð að láta greiða atkvæði um þetta? Ég á ekki að hafa tekið eftir því þó að ég hafi margsagt að ég væri ekki aðili að neinu samkomulagi. Ég á ekki að hafa tekið eftir því að hann hafi sagt þetta og þá túlkaði forseti það sem svo að þögn væri sama og samþykki. Það er mjög óeðlilegt á svona fundi eftir að hafa sagt mörgum sinnum að við værum ekki aðilar að þessum samningi. Ég vakti athygli á því að umræðan um þetta mál hefði eftir miðnætti, 16 mínútur yfir tólf í gær. Það hefði alveg verið hægt að halda þessum þingfundi áfram. Það átti bara að tryggja að samþykki hefði verið fyrir því. Hann taldi að það væri svo. Það var ekki svo. Þess vegna biðjum við um að fá málið aftur í nefnd.

[17:05]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Ég veit ekki betur en gerðar séu undantekningar í svona málum eins og til dæmis þegar breytingar á stjórnarskrá sem ekki er hægt að breyta, ekki einum einasta punkti — var tekið fyrir í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Það er mjög mikilvægt atriði sem við teljum nauðsynlegt að ræða í þessum lögum. Við óttumst að þetta sé keyrt í gegnum þingið óeðlilega hratt án þess að þingmenn séu að fullu meðvitaðir um hvað þeir eru að samþykkja. Þetta er að mörgu leyti líkt Hagstofumálinu og ég hef áhyggjur af því, eins og ég segi, að þingmenn séu í hraði að samþykkja eitt-hvað sem gæti skert friðhelgi einkalífs Íslendinga.

Mér finnst líka mjög mikilvægt að fram komi að þetta er ekki óeðlileg krafa, sér í lagi þegar kemur í ljós að rætt var um þetta mál eftir miðnætti í gærkvöldi.

[17:06]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi var þetta mál vel rætt í efnahags- og viðskiptanefnd. Margir gestir komu á fundi og vel var farið yfir málið. Þar að auki er nefndin einhuga um það nefndarálit sem að baki liggur. Þess vegna, af því að frumvarpið tekur ekki breytingum á milli 2. og 3. umr., var mér sem framsögumanni nefndarálits benti á þessa grein en að sjálfsögðu verðum við við ósk Pírata um að taka málið inn á milli 2. og 3. umr. til að skoða þá athugasemdir sem þeir hafa komið með, svo að fyllstu sanngirni sé gætt. En ég lýsi því yfir að ég held að þetta mál hafi ekki verið rætt í neinum flýti og þingmenn hafi ekki verið að greiða atkvæði um eitt-hvað sem þeir vissu ekki hvað var því að meiri hluti þingmanna greiðir atkvæði með frumvarpinu eins og það liggur hér fyrir.

[17:07]

**Helgi Hjörvar (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Þó að gardínurnar leyni okkur því þá er fallegur og sólríkur sumardagur hér fyrir utan og ég held að það sé alveg synd að eyða honum í að rífast um það hvort við getum skotið á nefndarfundi þegar fram kemur um það ósk frá einum starfsfélagi okkar. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir að verða einfaldlega við þessu. Þá er þetta óþarfa deilumál úr sögunni.

[17:07]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur fyrir að taka málið aftur inn í nefnd. Ágreiningurinn er ekki mikill. Þetta er bara eitthvað sem við vildum ræða frekar vegna þess að við höfum áhyggjur. Við erum hlynnt frumvarpinu, við erum hlynnt tilganginum, okkur finnst bara að það megi orða þessa einu setningu aðeins betur. Það þarf ekki að taka neinn tíma. Við viljum bara að þetta sé gert rétt, ekki t.d. eftir miðnætti eins og gert var í gær. Það var óþarfi. Okkur finnst að það hefði alveg mátt ræða þetta hér í 2. umr.

Þetta fór vissulega í gegnum nefnd. Það er samhugur um lögin. Gott og vel en það er ástæða fyrir því að það er til 2. umr. Við vildum vera með í þeirri umræðu en okkur gafst ekki færi á því vegna þess að enn og aftur, við vorum ekki með í þeim samningi sem svo oft er talað um í þessu sambandi.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til efh.- og viðskn.

[17:09]

**Útbýting:**

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, nál. m. brtt. meiri hluta velfn., þskj. 66.

Seðlabanki Íslands, 20. mál, brtt. JÞÓ o.fl., þskj. 68.

Stjórnarskipunarlög, 5. mál, nál. meiri hluta stjórnsk.- og eftirln., þskj. 64; nál. minni hluta stjórnsk.- og eftirln., þskj. 65.

Þingsköp Alþingis, 30. mál, frv. SDG, þskj. 67.

Fundi slitið kl. 17:09.

---

## 21. FUNDUR

miðvikudaginn 3. júlí,  
að loknum 20. fundi.

### Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 5. mál, þskj. 5, nál. 64 og 65. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Þingsköp Alþingis, frv., 30. mál, þskj. 67. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

### Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:11]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þingskjala í báðum dagskrármálum. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

### Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. ÁPÁ o.fl., 5. mál (tímabundið ákvæði um breytingu á stjórnarskrá). — Þskj. 5, nál. 64 og 65.

[17:12]

**Frsm. meiri hluta stjórnsk.- og eftirln. (Ögmundur Jónasson) (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir álit meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitnefndar um frumvarp til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigríði Ólafsdóttur og Daða Ingólfsson frá SANS, Samtökum um nýja stjórnarskrá, Geir Guðmundsson frá Stjórnarskrárfélaginu, Ástu Hafberg og Kristin Má Ársælsson frá Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði, Björgu Thorarensen prófessor og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmenn. Þá barst umsögn frá SANS, Samtökum um nýja stjórnarskrá.

Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem Alþingi samþykkti á 141. þingi, 641. mál, og felur í sér að fram til 30. apríl 2017 verði unnt að breyta stjórnarskrá án þess að rjúfa þurfi þing, boða til kosninga og samþykkja breytinguna að nýju líkt og kveðið er á um í 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Stjórnarskráin nýtur meiri verndar en almenn lög. Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé um stundarsakir kveðið á um annan feril en gert er ráð fyrir í 79. gr. stjórnarskrárinnar eru sjónarmið um vandaðan setningarhátt virt. Frumvarpið felur þannig í sér að á yfirstandandi kjörtímabili verði unnt að breyta stjórnarskrá með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á Alþingi og samþykkt meiri hluta greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu, þó minnst 40% atkvæða kosningarbærra manna.

Í greinargerð með frumvarpi því sem lagt var fram á síðasta þingi er vísað til þess að verði ákvæðið nýtt til að breyta stjórnarskrá skuli þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram í samræmi við lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna,

nr. 91/2010. Meiri hlutinn beinir því til innanríkisráðuneytis að skoða gildandi lagaákvæði um þetta efni til að tryggja að unnt verði að beita lögnum verði frumvarp þetta samþykkt.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði samþykkt.

Pétur H. Blöndal var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Brynhildur Pétursdóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkt álit þessu. Karl Garðarsson og Willum Þór Þórsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara. Þeir eru samþykkir afgreiðslu málsins frá nefndinni en taka ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins.

Undir álitid skrifa Ögmundur Jónasson, Brynjar Nielsón, Helgi Hjörvar, Karl Garðarsson, Höskuldur Þórhallsón, Kristján L. Möller, Karl Garðarsson og Willum Þór Þórsson undirrita það með fyrirvara.

[17:16]

### Vigdís Hauksdóttir (F):

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða breytingarákvæði á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Það er rétt að byrja á að vísa í okkar ágæta fræðimann, sem nú er fallinn frá, Ólaf Jóhannesson. Hann skrifar í bók sinni *Stjórnskipun Íslands* árið 1960, með leyfi forseta:

„Það er höfuðeinkenni íslenskrar stjórnskipunar, að meginréttir stjórnskipulagsins eru ákveðnar í sérstakri stjórnarskrá, sem sett er með öðrum og vandaðri hætti en almenn lög.“ — Jafnframt er á það bent að glöggst verði að greina á milli stjórnarskrárgjafans og almenna löggjafans. — „Almenni löggjafinn má aldrei ganga inn á svið stjórnarskrárgjafans. Af þessum sökum verður stjórnarfrýrkomulagið vafalaust haldbetra og varanlegra en ella myndi. Stjórnarskráin getur staðið af sér hin tíðu veðrabrigði stjórnsmálanna og stundaráttök þjóðfélagsaflanna. Stjórnarskrána má því með réttu kalla kjalfestu þjóðfélagsins. Hitt er annað mál, að engin stjórnarskrá, hversu vönduð sem er og hversu tryggilega sem um hana er búið, getur staðist til lengdar ef hún er orðin algerlega andstæð ríkjandi hugarstefnum og þjóðfélagsgæðum. Séu slík straumhvörf virt að vettugi, og stjórnarskránni haldið óbreyttri, bíða hennar sömu örlög og náttúrollins í þjóðsögunni, hana dagar uppi og hún verður að steini, dauðum bókstaf, sem enginn hirðir um, hvort sem hún er sett til hliðar með byltingu eða með öðrum hljóðlátari hætti. Þeir varnarmúrar, sem reistir eru um stjórnarskrána, mega því ekki verða til þess að stöðva eðlilega framvindu þjóðlífsins.“

Mér finnst vel við hæfi að rifja upp þessi orð lagaprófessorsins, Ólafs Jóhannessonar, þegar við stöndum á þeim tímamótum að fara fram með nýtt frumvarp á þessu þingi. Eins og allir vita þarf að breyta stjórnarskránni með samþykkt tveggja þinga og skal það frumvarp sem lagt er fram á síðara þinginu vera algjörlega sambærilegt því sem lagt er fram á fyrra þingi með alþingiskosningar á milli.

Virðulegi forseti. Ég er frekar slegin yfir því að þetta mál skuli vera komið hér fram vegna þess að þann 28. mars sl. var það frumvarp sem var til unnaðu í dag einungis samþykkt með atkvæðum 25 þingmanna. Ekki náðist einu sinni meiri hluti í þinginu fyrir frumvarpinu á síðasta fundi. Hvað hefur gerst í millitíðinni? Jú, heilar alþingiskosningar. Þeir flokkar sem fóru fram með frumvarpið á síðasta þingi,

sem voru aðilar að ríkisstjórninni, náðu ekki nema 25 þingmönnum á frumvarpið. Nú hafa alþingiskosningar farið fram. Þessi flokkar voru kosnir í burtu eins og frægt varð 27. apríl sl., samt er þetta málið komið hér aftur fyrir þingið.

Um stjórnarskrárbreytingar á að vera víðtæk sátt í þinginu. Það stendur ekki í stjórnarskránni að víðtæk sátt eigi að ríkja, en þannig hefur það alltaf verið. Og stjórnarskráin okkar er svo sannarlega ekki náttúrlík, svo að vísað sé í orð Ólafs Jóhannessonar, því að henni hefur verið breytt þó nokkrum sinnum síðan hún var sett árið 1944. Víðtækasta breytingin var 1995 þegar mannréttindakaflinn kom inn í stjórnarskrána. Stjórnarskráin á að vera kjölfesta, grunnur, sem við byggjum samfélag okkar upp á. Stjórnarskráin á að vera allt um kring og vernda fyrst og fremst réttindi borgaranna gagnvart ríkisvaldinu.

Virðulegi forseti. Að fara fram með þessa breytingu, um hvernig breyta eigi stjórnarskrá, og gera að bráðabirgðaákvæði í stjórnarskránni, finnst mér ekki boðlegt íslenskum stjórnskipunarrétti. Ekki undir neinum kringumstæðum. Ég fullyrði, án þess að hafa rannsakað það sérstaklega, að hvergi nokkurs staðar í vestrænu ríki er bráðabirgðaákvæði í stjórnarskrá eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Bráðabirgðaákvæði á að gilda í fjögur ár. Á næstu fjórum árum á að vera hægt að breyta stjórnarskránni komi fram tillögur um það í þinginu og séu 2/3 hlutar þingmanna samþykkir því; það fari síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu og 40% atkvæðisbærra manna gjaldi já við því.

Virðulegi forseti. Hvaða leik er verið að fara í með stjórnarskrána, stjórnarskrána sem á að vera undirstaða allrar lagasetningar í landinu? Svo að ekki sé nú talað um að hún á að vera undirstaða allra mannréttinda í landinu. Ég vil að þingmenn taki stjórnskipunarvald sitt mjög alvarlega því að stjórnskipunarvald Alþingis er ekki það sama og lög-gjafarvaldið eins og Ólafur Jóhannesson minntist á í tilvitnuðum orðum í upphafi ræðu minnar. Lög-gjafarvaldið eru 63 þingmenn á hverju þingi fyrir sig, en stjórnskipunarvaldið eru tvö þjóðþing og þeir nýju þingmenn, sem voru kosnir nú í vor í kosningunum, fara raunverulega með hinn hluta stjórnskipunarvaldsins sem fyrra þing hafði.

Þess vegna verð ég að ítreka það, virðulegi forseti, að stjórnskipunarvaldið er mun meira vald en nokkurn tímann lög-gjafarvaldið. Það er ekki að ástæðulausu, það er vegna þess að stjórnarskráin er okkar ædstu lög og hana má ekki hafa í flimtingum og henni á ekki að breyta vegna títtnefnds tíðaranda í samfélaginu eins og Ólafur Jóhannesson laga-professor minntist á í bókinni sem ég vísaði í. Stjórnarskráin þarf að vera hafin upp yfir pólitískar þrætur.

Ég hef fullyrt það hér áður, og sagði það á fyrra þingi, að gert hafi verið áhlaup að stjórnarskránni undir stjórn Samfylkingarinnar, og þáverandi hæstsv. forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem kostaði fleiri hundruð milljóna. Þetta eru eftirstöðvarnar. Hv. þm. Árni Páll Árnason sópaði sjálfur því frumvarpi sem var verið að reyna að koma í gegnum þingið síðastliðin þrjú ár út af borðinu með einu pennastriki og lagði fram það frumvarp sem hér er til umræðu um að breyta megi stjórnarskránni á næstu fjórum árum hvenær sem þörf þykir. Tel ég að það hafi verið einhvers konar málamiðlun til að friða öfl í Samfylkingunni og þá aðila sem kölluðu eftir nýju plaggi, kölluðu eftir nýju Ís-

landi og kölluðu eftir nýrri stjórnarskrá eins og hægt væri að þurrka allt út og byrja upp á nýtt.

Virðulegi forseti. Þetta mál er afar einkennilegt. Komi til stjórnarskrárbreytingar í þinginu samkvæmt því breytingarákvæði sem hér er lagt til er nánast hægt að segja að hægt verði að breyta stjórnarskránni allt næsta kjörtímabil. Ég tel að Alþingi Íslendinga hafi ekki tíma til að vera undirlagt í fjögur ár í viðbót í umræðum um það hvort breyta eigi stjórnarskránni eða ekki. Stjórnarskráin stóð af sér bankahrundi sem dæmi, hún hefur staðist tímans tönn og var uppistandandi þegar öllu var á botninn hvolft og það þurfti ekki þetta áhlaup á hana.

Framsóknarflokkurinn vill breyta ákvæðum í stjórnarskránni, við höfum talað fyrir því lengi. Framsóknarflokkurinn vill auðlindaákvæði í stjórnarskrána. Framsóknarflokkurinn er hlyntur þjóðaratkvæðagreiðslum og vill hafa þær bindandi. Slíkt ákvæði verður að setja í stjórnarskrána, enda er starfandi við þingið stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk með höndum að hafa stjórnarskrána í sífelliðri endurskoðun. En vanda þarf til verka og ekki ana að neinu.

Á næstu fjórum árum, á gildistíma þessa frumvarps, verði það að stjórnskipunarlögum, verður hægt að breyta stjórnarskránni, allt næsta kjörtímabil. Tvær kosningar eru bundnar þar sem hægt væri að leggja stjórnarskrárbreytingar fyrir, sveitarstjórnarkosningar að ári og forsetakosningar eftir þrjú ár. Svo er aldrei að vita nema boðað verði til þjóðaratkvæðagreiðslna. Við sjáum alveg að þetta skapar ólgu, það skapar þrýsting á þingið að hafa stjórnarskrármálið sífellt til umfjöllunar í stað þess að byggja upp atvinnulíf og koma skuldugum heimilum til hjálpar.

Þetta eru mínar áherslur, virðulegi forseti. Ég segi að lokum: Verði þetta frumvarp að lögum er brotið í blað í stjórnarskrármálum Íslendinga og stjórnskipun. Fyrra frumvarpið var samþykkt með 25 atkvæðum þingmanna — talandi um mikla sátt sem þurfi um stjórnarskrárbreytingar. Það kemur í ljós hve margir þingmenn koma til með að samþykkja þetta frumvarp í atkvæðagreiðslu á eftir, en þarna er verið að brjóta í blað. Ekki er verið að ná heildarsátt um breytingar á stjórnarskránni hér í þinginu. Mér þætti það mjög miður, sérstaklega í ljósi þess að lýðveldið fagnar 70 ára afmæli á næsta ári, að í gegnum þingið fari stjórnarskrárbreytingar á minni hluta atkvæða þingmanna á tveimur þingum, hjá stjórnskipunarvaldinu, á minni hluta atkvæða þingmanna. Það er brotið í blað í sögu íslensku þjóðarinnar. Eftir því verður tekið og lögspekingar framtíðarinnar eiga eftir að skrifa um það.

[17:28]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil lægja áhyggjur þeirra sem hafa áhyggjur af því að allt verði vaðandi í stjórnarskrárbreytingum vegna þessarar breytinga. Þessi gríðarháa stuðull þarna, 40% kosningarbærs fólks sem þurfi að segja já við breytingum, gerir það í raun óhugsandi að stjórnarskránni verði breytt með þessum breytingum.

Hv. þingmaður nefndi sérstaklega að mjög óeðlilegt væri að hafa bráðabirgðaákvæði í stjórnarskrá. Gott og vel. Þá vil ég bara minna á að stjórnarskráin sem við höfum í

dag er eiginlega bráðabirgðaákvæði, bráðabirgðaskrá í raun. Það átti að semja nýja stjórnarskrá lengi vel þar til menn gáfust eiginlega upp á að láta sig dreyma um það. En við stofnun lýðveldisins var ekki eins og þjóðin kæmi sér saman og ákveðdi hvernig hún ætlaði að gera sína fínu íslensku stjórnarskrá. Við erfðum hana frá Danmörku. Við ætluðum að breyta henni. Við ætluðum að hafa hana nýja. Þetta er ekki út af tíðaranda, ekki bara út af bankahruninu, það var ekki bara þess vegna sem til stóð að koma með nýja stjórnarskrá heldur var löngu kominn tími til.

Það er í raun ekki mikið meira um það að segja nema það að stjórnarskráin — jú, vissulega á hún að vera akkeri löggjafarinnar, auðvitað, til þess er hún. Hún á ekki að breytast eftir tíðarandanum en það hefur staðið til frá upphafi lýðveldisins að skrifa nýja stjórnarskrá. Kominn tími til.

[17:30]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er einhver smámisskilningur í gangi því að ég taldi að samið hefði verið um ræðutímann um þetta frumvarp, að hann væri tvær klukkustundir og yrði skipt jafnt á milli flokka. En ég skal með glöðu geði taka þetta andsvar sem til mín var beint.

Hér er hafinn upp söngur sem ég kannast mjög vel við, og hefur verið haldið við lengi, að stjórnarskráin okkar sé ófullburða plagg og sé fengin að láni og sé ekki stjórnarskrá Íslendinga.

Ég vil benda þeim sem halda því fram á að lesa sér til um stjórnarskrána. Stjórnarskrá Íslands, eins og aðrar stjórnarskrár, á sér rót aftur í tímann allt til frönsku byltingarinnar, þannig að slíkt tal á sér ekki stoð í veruleikanum.

Það frumvarp sem hér er til umræðu snýr ekki að því að skrifuð verði ný stjórnarskrá, svo að það sé bara sagt líka. Verið er að leggja til nýtt breytingarákvæði á breytingarákvæði stjórnarskrárinnar þannig að ef þetta frumvarp verður samþykkt, hvort sem það verður með minni hluta atkvæða þingmanna eða naumum meiri hluta, verður það að gildum stjórnarskipunarlagum. Það þýðir að við erum með tvö breytingarákvæði stjórnarskrárinnar í gildi næstu fjögur ár og ég tel það mjög varhugavert. Ekki síst í lögfræðilegu ljósi tel ég mjög óheppilegt að þetta frumvarp, verði það að stjórnarskipunarlagum, verði hliðstætt breytingarákvæðinu og komi inn sem bráðabirgðaákvæði að stjórnarskránni.

Ég fullyrti hér áðan, virðulegi forseti, hef að vísu ekki gert á því rannsóknir, að hvergi í hinum vestræna heimi, í löndum sem við berum okkur saman við og í ríkjum sem hafa sjálfstæða stjórnarskrá, sé nokkurs staðar að finna slíkt bráðabirgðaákvæði, því að stjórnarskráin er kjölfestan og á ekki að hanga uppi á bráðabirgðaákvæðum.

[17:32]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):**

Við getum svo sem rætt þetta betur seinna. Ég vildi bara minna á að stjórnarskráin var hugsuð tímabundið.

Svo vil ég líka minna á það aftur, að gefnu tilefni, að Píratar voru ekki — ég ítreka það, virðulegi forseti — hluti af hinu margumrædda samkomulagi, ekki einfalt orð, með fullri virðingu. Ég vil ítreka enn og aftur að við vorum ekki hluti af því samkomulagi sem er hér alltaf verið að tala um.

[17:33]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram áður að Píratar voru ekki hluti af því samkomulagi sem gert var á milli þingflokka, sem skýrir kannski það að við erum hér í andsvörum. Það er gott, því að þá hef ég haft meiri tíma til að útskýra mál mitt.

Ég vísa því aftur á bug að stjórnarskráin hafi verið skrifuð sem bráðabirgðaplagg og bendi hv. þingmönnum á að fari þeir annaðhvort inn á vef Alþingis eða nálgist stjórnarskrá Íslands koma þær breytingartillögur fram sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni.

Stjórnarskráin er vel útbúin. Hún hefur staðist tímann tönn. Gerðar hafa verið á henni breytingar sem þurft hefur að gera. Mannréttindakafllinn kom inn 1995. Ég hafna því alveg að um bráðabirgðaplagg sé að ræða. Eins og ég benti á er stjórnarskrá Íslands, eins og aðrar stjórnarskrár hvar sem er í heiminum — þau ríki sem hafa stjórnarskrá sækja stjórnarskrá sína allt aftur til frönsku mannréttindabyltingarinnar. Þannig að það sé bara sagt hér. Svo fór þetta um heiminn og varð að stjórnarskrám. Við vitum hvernig stjórnarskrá Bandaríkjanna er, hún er einnig upphafið og franska stjórnarskráin. Síðan komu stjórnarskrár á Norðurlöndum og við tókum þær inn í myndina.

Hvers vegna að vera að finna upp hjólið, virðulegi forseti? Hvers vegna að finna upp hjólið? Farið var út í tilraunastarfsemi með það á síðasta kjörtímabili sem allir vita hvernig endaði. Hv. þm. Árni Páll Árnason sá það eina ráð að yta þeirri tilraunastarfsemi sjálfur út af borðinu þrátt fyrir að flokkur hans hafi í upphafi farið af stað með málið. Eftirhreyturnar eru hér í dag sem við ræðum nú, frumvarp um breytingarákvæði á breytingarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég tel það ekki til farsældar, sér í lagi vegna þess, eins og ég sagði áðan, að um er að ræða bráðabirgðaákvæði.

[17:35]

#### **Frsm. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Birgitta Jónsdóttir) (P):**

Forseti. Frumvarpið sem við höfum hér til umfjöllunar er afurð glataðra tækifæra. Tækifæra sem síðasta þing hafði alla tæknilega burði til að grípa ef vilji hefði verið til þess. Ef vilji hefði verið fyrir því að hlusta á þjóðina. Ef vilji hefði verið til að gera breytingar sem meðal annars rannsóknarnefnd Alþingis mæltist til að gerðar yrðu á stjórnarskrá lýðveldisins. Ef vilji hefði verið til að breyta rétt, en viljinn var ekki til staðar. Ég get varla rifjað upp síðustu daga nýliðins kjörtímabils ógrátandi.

Forseti. Þótt ég og 67% þeirra sem kusu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október síðastliðinn hefðum viljað sjá allt annað frumvarp en það sem var samþykkt í lok síðasta kjörtímabils leit það frumvarp þokkalega út þegar það var upphaflega lagt fram. Gert var ráð fyrir auknum meiri hluta, eða 60% atkvæða, bæði á þingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu til að stjórnarskrárbreytingar gætu tekið gildi. Breytingartillaga kom frá meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar sem gerði ráð fyrir enn auknum meiri hluta á þingi, eða 66%, og inn kom þátttökuþröskuldur í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að einfaldur meiri hluti í þjóðaratkvæðagreiðslu dugði, einfaldur meiri hluti dugði til að sam-



þykkja breytingar en þó þannig að 25% allra kosningarbærra manna gyldu frumvarpinu jáyrði.

Þetta þótti mér á sínum tíma of mikið af því góða og mér var því allri lokid þegar flutningsmenn tillögunnar gerðu nýja breytingartillögu á milli 2. og 3. umr. sem gerði ráð fyrir 40% þátttökuþröskuldi og það sem var enn meira sláandi var að nánast engin umræða var hér á þinginu um þá breytingartillögu. Hún var ekki tekin til almennrar umræðu í stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd, ekki voru kallaðir til sérfræðingar og ekki gefið ráðrúm til umsagna. Ekki var mælt sérstaklega fyrir þessari tillögu á þingfundi því að hún gekk beint til atkvæða við lok 2. umr. án þess að umræða færi fram. Að kvöldi sama dags fór 3. umr. fram með afbrigðum við þingsköp. Nokkru eftir miðnætti var frumvarpið samþykkt með þessari breytingu.

Forseti. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð þegar um stjórnarskrá lýðveldisins er að ræða. Nú hefur frumvarp samhljóða því sem samþykkt var í skjóli nætur undir lok síðasta kjörtímabils verið lagt fram og þær raddir heyrast að óþarft sé að ræða efni frumvarpsins sérstaklega vegna þess að það megi hvort eð er ekki breyta því.

Jafnvel þótt ekki megi breyta frumvarpinu vilji menn á annað borð að breytingarnar taki gildi hlýtur nýtt þing með nýfengið lýðræðislegt umboð að vilja fara yfir málið. Það er einmitt ástæðan fyrir því að rjúfa þing þegar breyta á stjórnarskránni. Nú vill svo til að mikið er af nýju fólki á Alþingi og eðlilegt að nýir þingmenn sem ekki tóku þátt í umfjöllun um málið á síðasta kjörtímabili vilji kynna sér það í þaula, en þá nýju hv. þingmenn skortir einnig alvarlega að sýna málinu einhvern áhuga, eins og sjá má af nánast tómtum þingsal líkt og svo oft áður þegar verið er að ræða mikilvæg mál.

Þegar þetta mál var tekið til umfjöllunar, þegar var verið að fara yfir nýja stjórnarskrá út frá tillögum stjórnlagaráðs voru fengnir erlendir sérfræðingar á fund stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar sem lýstu því viðhorfi að þátttökuþröskuldur væri ekki óeðlilegur þegar um stjórnarskrárbreytingar væri að ræða en hann ætti alls ekki að vera hærri en 20–25%. Ég barðist fyrir því að það yrði lækkað niður í 20% af því að mér þótti 25% hátt. 40% er nánast ókleifur veggur.

Forseti. Þegar þjóðin greiddi atkvæði um frumvarp stjórnlagaráðs í október 2010 tóku 49% kosningarbærra manna þátt. 67% vildu að frumvarp stjórnlagaráðs yrði lagt til grundvallar við breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ef ákvæði frumvarpsins sem hér er til umræðu hefði verið í gildi við þessa þjóðaratkvæðagreiðslu hefðu tæplega 82% kosningarbærra manna þurft að mæta á kjörstað. Þá er rétt að benda á að það er ekki sérstaklega lýðræðislegt ferli sem býður upp á þann möguleika að hafa áhrif með því að sitja heima hjá sér, enda er það grundvallarregla í lýðræðisríkjum að þeir sem láta sig lýðræðið varða og mæta á kjörstað ráði niðurstöðum kosninganna en ekki þeir sem kjósa að sitja heima.

Aldrei í lýðveldissögunni hefur tillaga um svona háan samþykkisþröskuld í þjóðaratkvæðagreiðslu komið fram. Aldrei. Í ljósi þess og þeirra atriða sem ég hef þegar nefnt hefði verið rík ástæða til þess að tryggja málinu vandaða þinglega meðferð og kalla eftir umsögunum sérfræðinga og

félagasamtaka sem láta sig málið varða. Það var ekki gert. 40% þröskuldurinn var settur inn í skjóli nætur og samþykktur í skjóli nætur. Stuðningsmenn þessa þátttökuþröskuldar vilja gjarnan bera söguna fyrir sig og telja þátttökuþröskuldinn ekki of háan og vísa til þjóðaratkvæðagreiðslunnar við lýðveldisstofnunina máli sínu til stuðnings. Sá samanburður er algjörlega fátægur enda varðaði sú atkvæðagreiðsla sjálfstæði þjóðarinnar og ekki ástæða til að óttast dræma þátttöku um slíkt grundvallarmál fyrir örlög þjóðar.

Allt frumvarpið ber það með sér að vera illa unnið. Má þar fyrst nefna að ekki er tekið fram í frumvarpinu að þjóðaratkvæðagreiðslan eigi að vera leynileg og látið er duga að geta þess í greinargerð að gengið sé út frá því að hún verði það. Hvernig er hægt að ganga út frá því ef það er ekki tekið fram í lagatextanum?

Forseti. Í greinargerð sem lögð var fram með frumvarpinu á 141. löggjafarþingi sem og í greinargerð sem fylgdi þeirri breytingartillögu sem samþykkt var kemur fram að frumvarpið sé lagt fram í þeim tilgangi að ná sem víðtækastri sátt á Alþingi um framhald og lyktir þeirrar víðtæku endurskoðunar sem staðið hefur undanfarin ár. Þá kemur einnig fram að með þeim breytingum sem lagðar eru til verði heimilt að afgreiða stjórnarskrárbreytingar óháð þingkosningum.

Ef þessar tvær leiðir eru bornar saman, sú sem nú þegar er í gildi í l. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar og sú leið sem hér er lögð til, verður ekki séð að frumvarpið bjóði fram betri lausn en þá sem þegar er í gildi. Samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar þarf einfaldur meiri hluti þings að samþykkja breytingar á stjórnarskrá og er þing þá rofið og boðað til almennra kosninga. Nýtt þing getur þá staðfest breytinguna með sama einfalda meiri hluta og áður. Verði frumvarpið sem er til umfjöllunar að stjórnarskipunarlægum getur aukinn meiri hluti þings, 66%, samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga og þá þurfa 40% allra kosningarbærra manna í landinu að samþykkja breytingar í þjóðaratkvæðagreiðslu til að þær verði að lögum.

Það gefur augaleið að sú aðferð sem þegar er í gildi er í raun mun raunhæfari og vænlegri til árangurs þrátt fyrir þann galla á henni að þjóðin er ekki beinn þátttakandi í ferlinu og getur einungis veitt umboð í almennum kosningum.

Á þetta er bent í umsögn um frumvarpið frá Samtökum um nýja stjórnarskrá. Ljóst má vera að sú tillaga sem lýst er í frumvarpinu er síður en svo fallin til þess að markmið um farsælan endi á þessu stjórnarskrárferli náist og eins og má heyrja á stjórnarliðum, þar á meðal hv. þm. Vigdís Hauksdóttur, er enginn áhugi á að gera heildarendurskoðun á stjórnarskrá okkar. Það er enginn áhugi hjá þessari ríkisstjórn og ég er sannfærð um að þegar til kastanna kemur verði beitt nákvæmlega sömu aðferðafræði og hefur alltaf verið gert. Eitthvert mál sem er kallað eftir, eins og til dæmis auðlindir í þjóðareigu eða eitthvað áþekkt, mun koma inn á þingið rétt fyrir lok þessa kjörtímabils. Þannig verður það, eins og alltaf, og við munum ekki ná fram einum af þeim viðamiklu og mikilvægu breytingum sem við bárum undir þjóðina. Við bárum þetta undir þjóðina 20. október og hún sagði já.

Þessi ríkisstjórn mun ekki virða þann mikla þjóðarvilja.

Hún hefur sagt það. Ég hef miklar áhyggjur af þessu máli. Það er því mat minni hlutans að afar mikilvægt sé að þjóðin komi með beinum hætti að breytingum á stjórnarskrá. Sú leið sem er lögð til hér er hins vegar ekki lýðræðisleg enda óraunhæft að gera ráð fyrir jafn mikilli þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslum og þyrfti til að leiðin gæti verið árangursrík. Þá er í raun mun auðveldara að nýta það ákvæði sem fyrir er í stjórnarskránni. Því fer fjarri að bíða þurfi með breytingar á stjórnarskrá þar til við enda kjörtímabils. Það er hægt að rjúfa þing oftan en með fjögurra ára millibili. Það mætti til dæmis rjúfa þing fyrir 70 ára afmæli lýðveldisins vilji flutningsmenn frumvarpsins halda þau markmið að gefa þjóðinni nýja stjórnarskrá í afmælisgjöf á næsta ári.

Sú leið að rjúfa þing á miðju kjörtímabili er mun lýðræðislegri en sú leið sem er lögð til í frumvarpinu sem er til umfjöllunar. Hún tryggir til að mynda að þær kosningar sem haldnar yrðu í kjölfar þingrofs mundu varða nýtt umboð sérstaklega til að breyta stjórnarskrá og slíkar breytingar mundu þannig síður falla í skuggann af hefðbundnum kosningamálum.

Minni hlutinn leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps enda felur það í sér talsýn sem mundi grafa undan þeim skilningi að raunverulegra lýðræðisumbóta sé þörf. Frumvarpið er því steinn í götu lýðræðisumbóta en ekki skref í átt til þeirra og það hryggir mig mjög, forseti, mjög. Ég óttast það sem kom fram í máli eins gestanna sem komu fyrir nefnd stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar, en sá gestur taldi að þetta væri aldeilis gott, ekki aðeins bráðabirgða-ákvæði heldur sem ákvæði til frambúðar í stjórnarskrá Íslands. Ég hef áhyggjur af slíkum málflutningi.

Ég hef áhyggjur af því að ef við samþykkjum þetta verður í framtíðinni 40–50% þröskuldur í stjórnarskrá okkar, stjórnarskrá sem á að vera stöðugum breytingum háð af því að samfélag okkar breytist stöðugt. Hver einasta kynslóð á að fá tækifæri til þess að hafa aðkomu að stjórnarskrárbreytingum. Það er ekki rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur að núgildandi stjórnarskrá sé plagg sem ekki stóð til að breyta. Það stendur og kemur fram í fylgigögnum um núgildandi stjórnarskrá okkar að þetta hafi verið bráðabirgðaplagg. Maður sér það þegar skoðað er til dæmis hlutverk forseta lýðveldisins, það er nánast eins og hlutverk Danakonungs á þeim tíma. Maður sér þegar maður skoðar stjórnarskipun, þrískiptingu valdsins, að verulega þarf á því að halda að við breytum stjórnarskránni. Við þurfum að breyta stjórnarskránni og hafa heildrænt plagg.

Það sama kom fram hjá þeirri nefnd sem Alþingi fól að fara yfir málefni Íbúðalánasjóðs. Þar kemur fram að kerfið í kringum Íbúðalánasjóð sé svo gallað að það þurfi að byggja frá grunni. Það er ekki hægt að vera með stöðugan búta- saum í stjórnarskrá landsins. Stjórnarskráin þarfnast heildrænnar endurskoðunar, við erum með slíka heildræna endurskoðun í höndunum. Það er því með trega sem ég upplýsi hér — og það hefur ekki komið nægilega fram enda verða engar umræður um þetta mál, búið er að semja um að það verði bara rétt um þessa breytingu í tvo tíma og kannski verða þetta einu umræðurnar um nýja stjórnarskrá á þessu yfirstandandi þingi — það hryggir mig að fara eigi að setja breytingar á nýrri stjórnarskrá í nefnd.

Við vorum með ferli og það var ekki gallalaust og ýmis atriði sem þarf að skoða og laga í plagginu sem við fengum frá stjórnlagaráði. Það hefur komið fram að laga þarf ýmislegt í orðalagi en efnislega er hin nýja stjórnarskrá sem við fengum frá stjórnlagaráði stórkostleg. Hún gerði mig mjög stolta af því að vera Íslendingur, ef ég hefði fengið að búa í samfélagi sem tekur ákvörðun um að þetta sé samfélags- sáttmálinn okkar. Mér finnst við ekki sýna þeirri vinnu sem fór fram á síðustu fjórum árum nægilega virðingu með því að gjaldfella lýðræðið á þann hátt sem við gerum með því að samþykkja 40% þröskuld á stjórnarskrárbreytingar á stjórnarskrá lýðveldisins.

[17:51]

### Árni Páll Arnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu fagna því að náðst hafi um það samstaða í stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd að afgreiða þetta frumvarp úr nefndinni, ég tel það mikinn áfanga. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að ná í upphafi á nýju kjörtímabili vinnu við breytingar á stjórnarskrá. Það skiptir miklu máli að gera það þannig að við komumst áfram. Við ræddum mikið stjórnarskrá á síðasta kjörtímabili — og ég vil gera athugasemdir við þau orð sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir notaði hér áðan um að Samfylkingin hefði gert aðför að stjórnarskránni. Við lögðum á það mikla áherslu að unnið yrði að stjórnarskrárumbótum og það voru fleiri en við. Við stóðum hér fyrir kosningar 2009 í langri umræðu, með félögum okkar í Framsóknarflokknum, að kröfu Framsóknarflokksins, um að sérstakt stjórnlagabýing yrði grundvallarkrafa í aðdraganda kosninganna 2009. Framsóknarflokkurinn lagði höfuðáherslu á að valdið til að setja þjóðinni stjórnarskrá yrði flutt frá Alþingi til sérstaks stjórnlagabýings sem yrði skrifað inn í stjórnarskrá og hefði fullnaðarvald um stjórnarskrárbreytingar.

Ekki tókst að ná því fram vegna ágreinings hér í þingsal og síðan ræddum við útfærslur á stjórnarskrárbreytingum á síðasta kjörtímabili. Það var kosið til stjórnlagabýings sem síðar breyttist í stjórnlagaráð og mikil vinna var unnin, bæði áður af hálfu stjórnlaganefndar og síðan af hálfu stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar eftir að frumvarp stjórnlagaráðs hafði verið unnið. Öll þessi vinna skilaði okkur miklum árangri. Ákvæðin sem voru sett inn bötundu og til er orðið mikið starf sem mun nýtast í frekari vinnu.

En það er nýr þingmeirihluti á Alþingi og hann ræður ferðinni í þessu máli, það er óhjákvæmilegt. Hann ræður verklaginu og hraðanum en við höfum fyrir okkar leyti vilja að skila stjórnarskrármálinu áfram og inn í þá umgjörð að unnið verði áfram með þær tillögur sem stjórnlagaráð lagði fram og sérstaklega tekið mið af þjóðaratkvæðagreiðslunni sem fram fór síðasta haust.

Í samtölum okkar á milli, formanna stjórnsmálaflokka- anna, á undanförmum dögum höfum við náð samstöðu um að þessi vinna fari af stað á nýju þingi og að efnt verði til starfs þar sem hliðsjón verði höfð af vinnu undanfarinna ára um þetta efni, tillögum stjórnlagaráðs og stjórnlaganefndar, niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og öðrum gögnum eins og starfi stjórnarskrárnefndar sem starfaði 2005–2007 og svo verði auðvitað horft til annarra þátta í stjórnlagabreytingum í öðrum löndum. Mér finnst það stór áfangi að við sammælumst um að hefja vinnu á vettvangi allra flokka

um að halda áfram og að þessar tillögur sem liggja fyrir frá stjórnlagaráði, og leiðbeiningin sem þjóðin veitti í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrrihaust, fái þar með áframhaldandi líf í frekari vinnu.

Sitt sýnist hverjum um það frumvarp sem hér er verið að ræða, þannig er það bara. Við höfum heyrt hér tvær ræður hvora úr sinni áttinni þar sem þingmenn mæla gegn frumvarpinu, annars vegar vegna þess að menn telja of auðvelt að breyta stjórnarskránni og á hinn kantinn að það sé of erfitt. Við þurfum að komast upp úr því fari að öskrast á um stjórnarskrána og við þurfum að sameinast um að takast á um hinar pólitísku meginlínur en ná vel saman um grundvallarleikreglur samfélagsins. Í kosningum eigum við að útkljá hin pólitísku álitamál en við eigum að geta skapað saman almennar leikreglur í stjórnarskrá.

Það er mikilvægt, af því að við erum mikið að ræða það þessa dagana, að varpa því upp hvort og að hvaða marki taka eigi mið af erlendum og innlendum viðvörðunum og athugasemum. Undir lok síðasta þings var fengið álit Fenejjanefndar Evrópuráðsins á drögum að stjórnarskrá eins og þau lágu þá eftir vinnu stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar. Fenejjanefndin kom með ýmsar athugasemdir en sagði síðan að ef ekki gæfist tími til að ljúka málum væri mikilvægt að breyta því hvernig hægt væri að breyta stjórnarskrá þannig að einfaldara væri að halda vinnunni áfram á nýju kjörtímabili. Ég tel rétt að fara að þessum tilmælum Fenejjanefndar Evrópuráðsins alveg eins og ég tek alvarlega tilmæli þingmannasamkomu Evrópuráðsins um ályktunina um að við skulum ekki efna til pólitískra réttarhalda. Ég held við eigum alltaf að taka mark á Evrópuráðinu, það skiptir okkur miklu máli hvort sem hægt er að skammstafa nafn þess eða ekki. Ég held að við eigum að taka ábendingar af þessum toga af þeirri alvöru sem þær eiga skilið.

Við ákváðum, til að ná afgangi þessa máls á síðasta kjörtímabili, að samþykkja háan samþykkisþröskuld og það gætti misskilnings í máli hv. þm. Birgittu Jónsdóttur áðan. Hún taldi að þáttakendur þyrftu að vera tvöfalt fleiri en þeir sem samþykktu. Það er ekki svo. Samþykkisþröskuldur upp á 40% þýðir að það dugar að 40% mæti ef þeir eru allir sammála og það dugar að 41% mæti ef 40% segja já og 1% segir nei. Það er því engin krafa um að öll þjóðin mæti á kjörstað og við vorum alveg við það að ná 40% samþykkisþröskuldi í þjóðaratkvæðagreiðslunni um auðlindaákvæðið í fyrrihaust þó að ekki væri eftir til hennar samhliða öðrum kosningum. Nú blasir við að það eru tvennar almennar kosningar á þessu kjörtímabili, sveitarstjórnarkosningar og forsetakosningar. Þar af leiðandi blasir við að það er einfalt að leggja mál fyrir þjóðina og fá þannig þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu að jafnvel breytingar sem væru í ágreiningi ættu möguleika á að verða samþykktar.

Markmið okkar er hins vegar ekki að efna til ágreinings. Markmiðið er að reyna að feta okkur áfram og finna leið til að ná saman um meginþingarmálið, betri stjórnarskrá, og leiða saman ólík umbótaöfl á málefnalegum forsendum. Ég held að það sé mögulegt út frá því verklagi sem við höfum rætt um á vettvangi formanna flokkanna. Það er mikilvægt að ná að tala saman um þessi mál yfirvegað og af skynsemi og það er mikilvægt að leita leiða til að finna hvað það er sem sameinar okkur. En það er líka mikilvægt að virða til-

finningu fólks um að umbætur þurfi á stjórnarskipun landsins. Sú tilfinning hefur verið tjáð, bæði í miklum áhuga þjóðarinnar á stjórnarskráumbótum, sem kom fram í kosningunni til stjórnlagaráðs, sem og í góðri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni í fyrrihaust. Ég held að við þurfum að átta okkur á því að það skiptir okkur máli að hafa trausta umgjörð um stjórnarskrárbreytingar.

Núverandi fyrirkomulag er gott að því leyti að það kemur í veg fyrir of örur breytingar á stjórnarskránni. Það hefur hins vegar þann augljósa galla að breytingar á stjórnarskrá eru alltaf unnar í tímahraki undir lok kjörtímabils. Þær enda í leikaraskap og spilamennsku þar sem menn keppast við að láta andstæðinginn sitja uppi með Svarta Pétur. Hver var það sem neitaði auðlindaákvæði? Hver var það sem neitaði þessu eða hinu? Og það hefur gengið núna í aðdraganda kosninga 2013, 2009, 2007, þetta er alltaf sama sagan. Þar við bætist að við búum við afleiðingar þessa sem eru þær að við höfum ekki hreinsað reglulega til í stjórnarskránni, við höfum ekki tekið út hluti sem við erum öll sammála um að þyrfti að hreinsa en það er bara alltaf eitthvað brýnna.

Gott dæmi þar um er landsdómur. Við höfum ákvæði í stjórnarskrá um landsdóm vegna þess að engir hafa náð að horfa á það sem forgangsmál að losa þau ákvæði út. Jafnvel þó að því hafi oft verið hreyft af Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún sat hér á þingi, margsinnis, og það hafi oft verið rætt að þetta væri úrelt kerfi þá voru alltaf einhver verkefni brýnna og menn sáu aldrei ástæðu til þess að hreinsa þarna til. Og hver er afleiðing þess? Jú, við sitjum uppi með þetta kerfi í stjórnarskránni. Og til hvers leiðir það að sitja uppi með þetta kerfi? — kerfi sem ég lærði í lagadeildinni, vel að merkja, að væri úrelt, landsdómskerfið væri úrelt fyrir notkunarleysi, það yrði aldrei notað, þetta lærði ég í lagadeildinni.

Hver er afleiðingin af því að við eigum svona erfitt með að breyta stjórnarskrá um sjálfsagða hluti? Jú, við sitjum uppi með þetta kerfi og af því að það er til á örlagatímum í sögu þjóðarinnar þá er það notað. Og nú sjá menn eftir því margir, og sífellt fleiri og fleiri, að það hafi verið notað. Sú staðreynd á að verða okkur góð áminning um mikilvægi þess að það sé vissulega ekki allt of auðvelt að breyta stjórnarskrá en það megji ekki vera svo snúði og viðurhlutamikið sem það er núna að við endum með að sitja uppi með afturgöngur gengins tíma sem skaða íslenskt lýðræðissamfélag og grundvallarviðmið réttarríkisins eins og ég trúi að landsdómsfyrirkomulagið hafi gert og tilvist þess í stjórnarskrá geri enn þann dag í dag. Af því að svona þursar geta vaknað til lífsins og það er mikilvægt að hægt sé að halda stjórnarskránni þannig að hún endurspegli raunveruleg viðhorf okkar til lýðræðis og réttarríkis á hverjum tíma.

Ég vil að síðustu segja að ég bind miklar vonir við það sem er að gerast hér núna. Ég er afskaplega ánægður með að við skulum hafa náð því sammæli, á vettvangi formanna stjórnarmálaflökkanna, að halda áfram með vinnu við stjórnarskráumbætur í góðri trú. Auðvitað felst í því að við verðum að losa okkur úr þeirri harkalegu umræðu um stjórnarskrána sem einkenndi síðustu missiri um of. Það hefur enginn rétt til að þykjast vera handhafi sannleikans í þessu efni og allir eiga rétt á því að láta skoðanir sínar í ljós og við þurfum að ræða okkur til niðurstöðu.

Stjórnarskráin er ekki pólitískt tæki til að kúga minni hluta á hverjum tíma. Hún er grundvallarplagg um sameiginlega réttindagæslu okkar og velferð okkar allra sem við eigum öll að eiga hlutdeild í. Ég hlakka til þeirrar vinnu sem fram undan er. Ég get sagt fyrir mína hönd og okkar í Samfylkingunni að við bindum miklar vonir við að geta raunverulega, með þessari stjórnarskrárbreytingu og með samstarfi allra flokka, hnikað áfram því góða verki sem nú liggur fyrir.

Við teljum mikinn akk af vinnu stjórnlagaráðs og við teljum mikinn akk af vinnu stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar með það frumvarp og við teljum mikilvæga leiðsögn felast í þjóðaratkvæðagreiðslunni frá því í fyrrahaust. Við fögnum því fyrir okkar parta að sammæli sé um að taka mið af þessum þáttum. Við gerum okkur grein fyrir að aðrir vilja skoða aðra þætti og það finnst okkur líka sjálfsagt. Ég bind vonir við að við getum útbúið núna umgjörð um stjórnarskrárbreytingar með sanngjörnum og uppbyggilegum hætti sem skili okkur öllum betri stjórnarskrá á þessu kjörtímabili.

[18:07]

#### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, flutt af hv. þingmönnum Árna Páli Árnasyni, Katrínu Jakobsdóttur og Guðmundi Steingrímssyni, sé tekið til umræðu hér á ný og hef trú á því að samþykkt þess leiði til þess að vinna að nýrri stjórnarskrá geti haldið áfram.

Eðli málsins samkvæmt eru stjórnarskrárumbætur mér hugleiknar enda bauð ég mig fram til stjórnlagabings 2010 og setti í stjórnlagaráð árið 2011. Hvaða mat sem fólk kann að hafa á innihaldi frumvarps stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá er ljóst að um merkilegt og dýrmætt ferli var að ræða. Ekki síst vegna þess hve stjórnlagaráð endurspegladi margbreytileikann í samfélaginu vel og vegna þess hve margir, hagsmunasamtök, sérfræðingar og einstaklingar, höfðu greiðan aðgang að ferlinu og þar með mikil áhrif. Almennt tel ég það sem slíkt geta verið öðrum, t.d. stofnunum í íslensku samfélagi, til eftirbreytni. Þar með töldu Alþingi Íslendinga.

Eins og öll önnur vinna er frumvarp stjórnlagaráðs þó ekki yfir gagnrýni hafið og mikilvægt fyrir alla sem að málinu standa að viðurkenna það og fagna því að svona margir hafi skoðanir á þessari vinnu. Það segir sína sögu um það hve mikilvægt frumvarpið er og hve marga það snertir. Ég verð þó að viðurkenna að það hefur fyllt mig mikilli sorg að fylgjast með því hvernig stjórnarskrármálið hefur þróast, ekki síst eftir þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem vilji þeirra sem tóku þátt var skýr og afdráttarlaus. Ég nenni hreinlega ekki að staldra lengi við þá umræðu af því að hún er bara ótrúlega sorgleg en vil þó segja eftirfarandi:

Við höfum augljóslega um tvennt að velja. Það er hægt að velja það að hafna þessu frumvarpi og koma þannig í veg fyrir hugsanlegar breytingar á stjórnarskrá á þessu kjörtímabili. Það mundi þó í mínum huga endurspeglar ákveðinn ótta sem virðist hafa ríkt við stjórnarskrárbreytingarnar og viðhalda vantrausti hér innan borðs á hv. Alþingi.

Hinn möguleikinn í stöðunni er að samþykkja þetta frumvarp og skapa þannig rými fyrir alla, óháð því hvar þeir standa í málinu, til að halda áfram vinnu við breytingar á stjórnarskrá. Ég lít á það sem einstakt tækifæri til að hefja nýjan kafla í þessu ferli, þar sem virðing ríkir fyrir ólíkum sjónarmiðum, hroki og sérhagsmunir verði settir til hliðar og þannig skapað traust á milli okkar þingmanna og ólíkra flokka sem hér starfa svo að hægt sé að komast að endanlegri niðurstöðu; niðurstöðu sem er fengin í sátt, niðurstöðu sem þjóðin getur svo fengið tækifæri til að kjósa endanlega um hvort henni líki eða ekki.

Hvaða stjórnsmálaskoðanir eða aðrar skoðanir sem við kunnum að hafa tel ég ekki að það eigi að koma í veg fyrir að við sýnum þessu ferli virðingu. Þeim orðum beini ég ekki eingöngu til þeirra sem hafa verið mótfallnir stjórnarskrárbreytingunum í heild sinni heldur til okkar allra sem höfum komið að þessari vinnu. Þar er ég með talin.

Virðulegi forseti. Mikil umræða hefur verið um það undanfarin missiri að endurreisa þurfi traust og virðingu Alþingis. Ég tel að það að hefja nýjan kafla í stjórnarskrárbreytingum sé góð leið til þess. Þessi virðing og það traust sem alltaf er verið að tala um kemur nefnilega ekki utan frá. Það verður að eiga sér stað hér innan frá. Endurreisnin á traustinu og virðingunni verður að byrja hjá okkur í þessum þingsal.

[18:11]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn sem tekið hafa þátt í umræðunni hafa rétt umræðuna sem varð á síðasta kjörtímabili um stjórnarskrárbreytingar. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þá umræðu en auðvitað er ljóst að ekki voru allir á eitt sáttir um hvernig staðið var að þeirri vinnu. Það sem mér hefur hins vegar sjálfri þótt hvað mikilvægast við þá miklu vinnu sem óneitanlega fór fram á síðasta kjörtímabili er að hún fór ekki eingöngu fram á vettvangi stjórnlagaráðs, á vettvangi stjórnlaganefndar, á vettvangi þingsins heldur líka í hinni opinberu umræðu. Það er ekki síst það sem mest er um vert þegar við lítum til baka og skoðum þá miklu vinnu sem unnin var á vettvangi þingsins, af því að ég nefni það, á vettvangi stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar, sem vann gríðarmikla vinnu á síðasta vetri síðasta kjörtímabils við að fara yfir frumvarpið sem kom frá stjórnlagaráði, gera á því breytingar og efna til umræðna um það.

Það sem mér hefur þótt mest um vert við það ferli allt er að umræðan um stjórnarskrána — bæði þá sem er í gildi og líka það frumvarp sem stjórnlagaráð skilaði af sér og var til umræðu á Alþingi — hefur líklega aldrei verið meiri á meðal almennings í landinu, að minnsta kosti ekki í mínu pólitíska minni eða eftir því sem ég hef kynnt mér söguna. Bæði var talsverð umræða í fjölmiðlum en það var líka verið að ræða málin á kaffistofum, á vinnustöðum, þar sem karlar og konur, Íslendingar, veltu fyrir sér álitamálum í gildandi stjórnarskrá og álitamálum í frumvarpi stjórnlagaráðs. Það er kannski sú umræða sem sannfærði mig um hve mikilvægt er að breyta stjórnarskránni og hve mikilvægt er að við hér á nýju Alþingi reynum að koma okkur saman um hvernig við ætlum að standa að þeim breytingum. Það er vissulega margt sem þarf að breyta. Það sást til að mynda í

þjóðaratkvæðagreiðslunni sem haldin var um stuðning við það að frumvarp stjórnlagaráðs yrði lagt til grundvallar nýrri stjórnarskrá og einnig um nokkur álitatriði í því frumvarp.

Þó að þjóðaratkvæðagreiðsla væri ráðgefandi má segja að þátttakan í henni hafi verið góð á alþjóðlegan mælikvarða þó að einhverjir vildu gera lítið úr þeirri þátttöku. Mér fannst líka merkilegt að sjá þann afgerandi stuðning sem þar kom fram við að sett yrði ákvæði um auðlindir í þjóðareign í stjórnarskrá. Einnig mátti sjá afgerandi stuðning við að meira yrði notast við beint lýðræði og lýðræðisþátttaka almennings yrði eflað, nokkuð sem ég held að við Íslendingar eigum ómæld sóknarfæri í, í ljósi smæðar landsins og þess hve tæknivædd við erum. Ég held að við eigum ómæld sóknarfæri í því að efla beint lýðræði sem að sjálfsögðu snýst ekki aðeins um þjóðaratkvæðagreiðslur heldur um miklu meira, um miklu meiri þátttöku almennings í þeim ákvörðunum sem eru teknar og svo mætti lengi telja.

Ég held að þessi almenna umræða um stjórnarskrána — mér finnst mikilvægt að við sem sitjum hér á Alþingi, þó að Alþingi sé stjórnarskrárgjafinn, eins og margoft var rætt á síðasta þingi, metum þessa umræðu og áttum okkur á því að það er mjög mikilvægt að stjórnarskrá samfélagsins sé á einhvern hátt lifandi plagg. Að hún sé lifandi í hugum okkar sem lifum hér og störfum, að við séum meðvitund um hvað felst í stjórnarskrá, samfélagsgrunninum sem við byggjum á. Ef við horfum á þá fræðimenn sem í gegnum tíðina hafa velt því upp á sviði heimspekinnar hvernig við förum að því að semja samfélagsáttmála, og hvað þurfi til að við getum gert samfélagsáttmála sem virkar sem slíkur, held ég að það góða við allt þetta ferli sé að við gengum í gegnum ákveðna umræðu sem færir okkur nær slíku markmiði. Eitt af því eftirminnilegasta — og mér finnst gaman að segja frá því hér í pontu — sem ég man eftir í kringum alla þessa umræðu var listaverk, gjörningur sem ég sótti í Hafnarborg, þar sem gildandi stjórnarskrá lýðveldisins var sungin. Þetta var gjörningur Ólafs Ólafssonar og Libiu Castro myndlistarmanna. Þar sungu tónlistarmenn og fóru með gildandi stjórnarskrá og ég held að ég hafi aldrei upplifað gildandi stjórnarskrá íslenska lýðveldisins á sama hátt.

Ég hugsaði einmitt með mér, af því nú horfi ég á hv. þm. Brynjar Níelsson, og ég á afskaplega marga góða vini sem skipa starfsstétt lögfræðinga: Hér þyrftu allir lögfræðingarnir að vera. Því að það er svo mikilvægt að við einangrum okkur ekki — og nú horfi ég líka á hv. þm. Birgi Ármannsson, segi þetta líka við hann — við hinn júrídíska þankagang, eins og stundum vill vera þegar við ræðum stjórnarskrána, heldur horfum líka á þetta út frá víðari sjónarmiðum og horfum á þetta út frá sjónarmiðum um það hvernig samfélagsáttmála við viljum byggja sem er ekki aðeins lagalegt úrlausnarefni heldur líka heimspekilegt og samfélagslegt úrlausnarefni.

En hafandi sagt þetta og nefnt þessa umræðu sem ég tel mikilvægt að við sem hér sitjum veltum fyrir okkur hvernig við getum nýtt til að skapa áframhald á vinnunni þá fagna ég því að sjálfsögðu að þetta frumvarp, sem hér er þá lagt fram til endurstaðfestingar á nýju þingi, hafi verið afgreitt frá hv. stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd. Ég hef alltaf lítið

svo á að þetta mál snúist um að opna glugga fyrir stjórnarskrárbreytingar — því að sjálfsögðu er breytingarákvæði gildandi stjórnarskrár áfram í gildi, hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði — á því kjörtímabili sem nú fer í hönd til að breyta stjórnarskránni með öðrum hætti.

Ég var þeirrar skoðunar ásamt öðrum flutningsmönnum málsins, hv. þingmönnum Árna Páli Árnasyni og Guðmundi Steingrímssyni, að sá samþykkisþröskuldur sem þar er ætti að vera lægri en það varð niðurstaðan, eftir heilmiklar umræður á milli hv. þingmanna, að samþykkisþröskuldurinn yrði 40%. Þó að ég hefði sjálf kosið lægri samþykkisþröskuld þá styð ég að sjálfsögðu málið. Það leggur enn meiri og ríkari skyldur á herðar okkar að ná sátt um þær breytingar sem hugsanlega kynnu að verða afgreiddar á stjórnarskrá með þessum hætti — hér er annars vegar kveðið á um 2/3 greiddra atkvæða á Alþingi og hins vegar 40% samþykkisþröskuldur sem kallar ekki á 80% þátttöku nema í afskaplega umdeildum málum og það er mikilvægt að við höfum það í huga.

Ég fagna því að málið sé komið úr nefnd og vonast til þess að það verði samþykkt hér á eftir í ljósi þess að það snýst fyrst og fremst um að opna glugga þannig að unnt sé að ráðast í breytingar á stjórnarskrá sem sátt er um á því kjörtímabili sem nú fer í hönd með aðkomu þings og þjóðar. Raunar er það skoðun mín að þegar við lítum til langtímabreytinga á stjórnarskrá sé það eðlileg þróun mála að þjóðin komi að stjórnarskrárbreytingum en ekki einungis þingið. Það tel ég hina eðlilegu þróun mála og ég er nokkuð viss um að ég á marga fylgismenn í þeirri afstöðu. Það er til að mynda eitt af því sem hægt væri að taka til skoðunar á því kjörtímabili sem nú fer í hönd.

Hæstv. forsætisráðherra hefur kynnt fyrirætlanir sínar um að setja á laggimar stjórnarskrárnefnd með þátttöku fulltrúa allra flokka til að vinna að breytingum á stjórnarskrá. Hér á Alþingi mun hv. stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd væntanlega líka fást við málefni stjórnarskrár á nýju kjörtímabili. Ég vona að við berum gæfu til að vinna saman að góðum breytingum á stjórnarskrá og byggja á þeirri miklu umræðu sem varð í samfélaginu í kringum vinnu stjórnlagaráðs — ég neita því ekki að ferlið var umdeilt en ég held að það sé mikilvægt að við skoðum allt það góða sem eftir stendur. Ég held við hljótum öll að geta verið sammála um að margt mjög gott stendur eftir vinnu stjórnlagaráðs og stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar. Ég vona svo sannarlega að okkur lánist að nýta þá góðu vinnu.

[18:22]

### **Brynjar Níelsson (S):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að vera mjög stutturður um þetta. Ég er og hef verið þeirrar skoðunar að stjórnarskráin, sem í gildi er, sé í aðalatriðum mjög góð. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það eru nokkur atriði sem þarf að breyta, breyta og laga. Það þarf að setja auðlindaákvæði, það þarf að setja ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, það þarf að skerpa á hlutverki og störfum forseta Íslands og ég tel mikilvægt að starf í þá átt fari fram á yfirstandandi þingi.

Ég tel því rétt að samþykkja umrætt frumvarp þó að það hafi ýmsa galla. Það er galli að hafa bráðabirgðaákvæði í

stjórnarskrá. Það er galli að hafa val um það hvor leiðin verður farin við að samþykka nýja stjórnarskrá. Þetta er mjög óheppilegt ástand en nauðsynlegt vegna þess að ekki tókst betur til á síðasta kjörtímabili í breytingum á stjórnarskránni. Kannski var það vegna þess að ferlið sem farið var í var gallað, það var óheppilegt og ég held að það sé full-reynt.

Ég lít svo á að um þessi stóru aðalatriði sé talsverð sátt, eða að minnsta kosti sé hægt að ná sátt um þau. Ég legg áherslu á það, svo að breytingar á stjórnarskránni frestist einfaldlega ekki í ein átta ár, að þetta frumvarp verði samþykkt og menn fari í þá vinnu sem hægt er að ná sátt um. Þetta er sáttmáli og það þýðir ekki að fara þá leið að reyna að knýja skoðanir sínar í gegn á hnefanum. Við verðum að ná hér þokkalega góðri sátt.

[18:24]

### Birgir Ármannsson (S):

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta hjá liggja við þetta tækifæri að rifja upp ýmis deilumál fortíðarinnar í þessum efnum. Við þekkjum það að frá síðasta kjörtímabili og raunar lengur hafa margir þættir, bæði varðandi verklag og aðferð við undirbúning stjórnarskrárbreytinga og hinar efnislegu breytingar sjálfar, verið mjög umdeildir á þessum vettvangi og víðar í þjóðfélaginu. Skoðanir manna á því hvað hefur gerst og hvað gert hefur verið í þessum efnum eru skiptar og við horfumst líka í augu við það að hér í þessum sal hafa menn mismunandi hugmyndir um það hversu miklar breytingar á stjórnarskrá menn vilja gera til framtíðar.

Tillagan sem liggur fyrir byggir á stjórnarskipunarlögum sem samþykkt voru í vor. Ég hafði ákveðna fyrirvara varðandi þá afgreiðslu eins og margir aðrir hér í þinginu, ekki síst vegna þess undir hvaða kringumstæðum breytingin var ákveðin og hvernig að henni var staðið. Hins vegar kom oftar en einu sinni fram í máli mínu við þær umræður að margt efnislegt í málinu gæti fallið ágætlega að sjónarmiðum mínum. Mín afstaða gagnvart því ákvæði stjórnarskrár sem felur í sér reglu um það hvernig stjórnarskrá verður breytt hefur alltaf byggst á því að eðlilegt væri að það sætti einhverji endurskoðun. Það væri á margan hátt eðlilegt að leita eftir stuðningi í þjóðaratkvæðagreiðslu um endanlega niðurstöðu þess máls þegar búið væri að afgreiða það frá Alþingi.

Í þeirri tillögu sem liggur fyrir, sem breyttist í málsmeðferð á vorþinginu, eru fyrir hendi ákveðnir öryggisventlar sem ég held að séu mjög mikilvægir þegar horft er til stjórnarskrárbreytinga vegna þess að stjórnarskrá á að njóta meiri vermdar gagnvart breytingum en almennt gerist um lög. Það á að vera erfiðara að breyta stjórnarskrá en almennum lögum og það er eðlilegt að mínu mati að gera ákveðnar kröfur um það að stjórnarskrárbreytingar byggji á nokkuð víðtækri samstöðu.

Þannig atriði eru skrifuð inn í þetta frumvarp eins og það liggur nú fyrir. Það skiptir máli gagnvart minni afstöðu í þessu að hér er gerð krafa um að 2/3 greiddra atkvæða í þinginu séu með stjórnarskrárbreytingum. Í því felst rík samstöðukrafa að 2/3 þingmanna — ef allir eru viðstaddir atkvæðagreiðslu þýðir það 42 þingmenn — standi að stjórnarskrárbreytingu. Það leggur þá skyldu á herðar

manna að ná allvíðtækri samstöðu. Síðan er líka í þátttökuskiilyrðinu varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu ákveðinn þröskuldur sem felur í sér að minnst 40% atkvæðisbærra manna verða að greiða atkvæði með breytingunni, þó alltaf meiri hluti þeirra sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Þarna er tvíþætt krafa sem í báðum tilvikum á að stuðla að því að ekki verði ráðist í breytingar nema allgöð samstaða sé um. Það má alveg hugsa sér kringumstæður þar sem tæpur þriðjungur þings stendur gegn breytingu og verulegur hluti kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu en með því að setja málið upp með þessum hætti er alla vega dregið úr hættunni á því að reynt verði að fara í gegn með stjórnarskrárbreytingar sem umtalsverður hluti þings eða þjóðar er á móti.

Þó að það verði aldrei í gadda slegið að ekki verði hægt að breyta stjórnarskrá nema um það sé rík samstaða er engu að síður reynt að stuðla að því, með þeim tillögum sem hér er að finna, að breytingarnar byggji á samstöðu í þinginu og njóti að minnsta kosti umtalsverðs stuðnings meðal kjósenda í landinu. Breytingar verði ekki ákveðnar af naumum meiri hluta á þingi eða eins og hægt er samkvæmt gildandi ákvæði — það er ekkert því til fyrirstöðu, miðað við gildandi stjórnarskrá, að 32 þingmenn samþykki stjórnarskrárbreytingu, það sé efnt til þingkosninga og sami meiri hluti, sem þess vegna þarf aðeins að vera 32 þingmenn, samþykki breytinguna aftur þrátt fyrir harða andstöðu annarra. Á margan hátt tel ég því að hið efnislega innihald þeirrar breytingar sem hér er lögð til leiði til meiri festu, meiri samstöðukröfu, en núgildandi stjórnarskrá í raun felur í sér.

Á móti kemur að ekki er nauðsyn að fara, miðað við þessa tillögu, með stjórnarskrárbreytingu fyrir tvö þing með kosningum á milli en segja má að heildstætt metið feli þetta ekki í sér minni fyrirstöðu eða lægri þröskulda gagnvart því að stjórnarskrá sé breytt en nú er hin almenna regla.

Ég tek undir með hv. þm. Brynjari Níelssyni sem hér talaði áðan um að á þeirri aðferð sem felst í frumvarpinu væru ákveðnir gallar. Mér finnst eins og honum í sjálfu sér ekki áferðarfalllegt að í gildi séu næstu fjögur árin tvær mismunandi leiðir til að breyta stjórnarskránni. Það má lifa við það, tel ég, en ég er þeirrar skoðunar að það sé í prinsippi óheppilegt. Við þekkjum það hins vegar úr ýmsum löndum að til eru fleiri en ein leið til að breyta stjórnarskrá og í sumum löndum er það varanlegt fyrirkomulag að hægt er að breyta stjórnarskrá með fleiri en einum hætti. Reynslan hefur leitt í ljós að yfirleitt er ein leið alltaf valin og hitt er frekar tómur lagabókstafur. En það er ekki óþekkt að í stjórnarskrá séu mismunandi leiðir á sama tíma til að breyta stjórnarskrá. Ég er líka sammála hv. þm. Brynjari Níelssyni um það að ákvæði um stundarsakir eða ákvæði til bráðabirgða í stjórnarskrá er ekki áferðarfalllegt þó að við það megi lifa, eins og ég sagði áðan.

Ég tel með öðrum orðum að sú breyting sem hér er lögð til geti gengið upp og mun styðja hana. Ég bendi á að margt af því sem þarna er að finna á sér rætur í eldri tillögum, meðal annars frá stjórnarskrárnefnd sem starfaði á árunum 2005–2007 og skilaði af sér tillögu sem gekk út á það að breytingarákvæði yrði að mörgu leyti í sömu átt og hér er að finna þó að útfærslan væri samt ekki alveg eins.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal lagði fram oftar en einu sinni

á síðasta kjörtímabili frumvörp sem fólu í sér breytingu í þessa veru. Ég neita því ekki að mér finnst líka ávinningur af því að fyrir liggja sameiginlegur skilningur flestra stjórnsmálaflokka hér á þingi á því að stjórnarskrármál verði sett í þann farveg sem kynnt hefur verið að forsætisráðherra muni beita sér fyrir með skipun nefndar sem tilnefnd verði af fulltrúum allra þingflokka á þingi sem eigi að vinna í þessum málum áfram. Þegar ég met þetta heildstætt tel ég ekki ástæðu til að standa gegn þeirri breytingu, ég get stutt hana eins og hún liggur fyrir.

Ég bendi á að aðeins er um að ræða tímabundið ákvæði sem samkvæmt orðanna hljóðan gildir bara á því kjörtímabili sem nú er nýhafið og hlýtur að verða endurskoðað fyrir 2017. Ég sæi fyrir mér að það yrði eitt af viðfangsefnum þeirrar stjórnarskrárnefndar sem reikna má með að forsætisráðherra skipi innan skamms að velta því upp, sem menn náðu kannski ekki í fyrraver, hvort mönnum lítist svo á og telja að til þess standi rök að breyting í þá veru sem hér liggur fyrir geti orðið varanleg, ekki tímabundin. Það er augljóslega eitt af þeim viðfangsefnum sem menn þurfa að skoða í þessu samhengi auk annarra þátta sem nefndir hafa verið og hv. þm. Brynjar Níelsson benti meðal annars á. En ég ætla ekki að fara nánar út í það. Ég geri mér grein fyrir því að í þessum sal höfum við mismunandi sýn á það hversu víðtækar stjórnarskrárbreytingar eigi að fara út í og hér er aðeins um að ræða tillögu sem felur í sér leið, eins og einhver orðaði það áðan, hv. þm. Katrín Jakobsdóttir hygg ég, til að opnaður verði ákveðinn gluggi. En til að nýta það svigrúm sem frumvarpið felur í sér held ég að það hljóti að vera sameiginlegur skilningur okkar allra að það verði þá aðeins nýtt að um það sé rík og góð samstaða því að það er það markmið sem við hljótum öll að ganga út frá þegar við afgreidum þetta mál.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég tel að við eigum að stíga þetta skref að þessu sinni. Ég hefði sjálfur getað hugsað mér að hafa þetta með eilítið öðrum hætti eins og ég hef rakið. Þetta er kannski ekki áferðarfallegasta lausnin, hvernig þetta er allt sett upp og hvernig þetta ber að, en ég held að við það megi lifa. Það er undir okkur komið, sem erum í þessum sal, að nýta þetta sem svigrúm til að vinna að stjórnarskrárbreytingum sem við getum sameinast um þannig að stjórnarskráin og stjórnarskrármálefni verði ekki sá vígvöllur sem við höfum séð á síðustu árum.

[18:37]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Frú forseti. Mig langaði til að blanda mér rétt aðeins í þessa umræðu í restina, ætla ekki að hafa langa ræðu en langar bara rétt til að hnykkja á mikilvægi þessarar breytingar. Með henni er verið að gera það mögulegt að halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið í gangi eiginlega linnulítið frá 2005 með einum eða öðrum hætti. Ekki er verið að gera það auðvelt að breyta stjórnarskránni með því að breyta 79. gr. hennar en verið er að breyta tímaramnum á því hvernig breytingarnar eru gerðar. Það er hugmynd, eins og hv. þm. Birgir Ármannsson benti hér á áðan, sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur nokkrum sinnum komið fram með á síðasta kjörtímabili og er góðra gjalda verð. Hún fel-

ur það í sér í stuttu máli og nokkuð einfölduðu að aukinn meiri hluti þings geti ásamt þjóðaratkvæðagreiðslu gert breytingar á stjórnarskránni.

Mér finnst þetta mikilvægt í ljósi þess að þessi lota breytinga frá 2005 hefur staðið yfir allan þennan tíma með margvíslegum hætti og þetta gefur okkur færi á að halda áfram þeirri hrynjandi sem er í málinu. Það er mikil vinna sem liggur til grundvallar, stjórnlagaráðs, stjórnlaganefndar, þjóðfundar, nefndar sem kennd hefur verið við Jón Kristjánsson; og ekki má gleyma þeirri vinnu sem fram fór í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, allsherjamefnd þar áður.

Ég hef sjálfur verið viðloðandi þetta mál með einum eða öðrum hætti í fjögur ár og er mjög mikill áhugamaður um að því verði lokið. En ég hef alltaf verið talsmaður þess að menn reyni að gera það í eins mikilli sátt og mögulegt er. Þetta er mál þeirrar tegundar sem á að vera hafið upp yfir hefðbundin átök stjórnsmálaflokkanna. Það er eitt í breytingarskrárbreytingar erfiðari en ella. Það er innbundið í okkar stjórnsmálakerfi, og ekki bara Íslendinga heldur allra stjórnsmálakerfa lýðveldis- og lýðræðisríkja veraldar, að menn takast á um mismunandi álitaefni skömmu fyrir kosningar og það hefur einfaldlega komið í ljós að það er mjög óheppilegt að reyna að fjalla um stjórnarskrártengd málefni í aðdraganda kosninga þegar það er keppikefli stjórnsmálaflokka að marka sér sérstöðu, að sýna hvernig þeir eru öðruvísi og jafnvel betri en aðrir stjórnsmálaflokkar.

Ég vona að með þeirri breytingu, sem hér fæst vonandi samþykkt, sé búinn til rammi þar sem við náum, og mögulega strax í sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári, að koma einhverjum breytingum, sem við náum samkomulagi um í þeirri vinnu sem fram undan er, í gegn. Þá væri mögulegt fyrir okkur næsta vetur að ljúka breytingum sem sátt væri um hér í þinginu og vísa þeim til staðfestingar í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningum 2014.

Nú er ég ekki hluti af þeim meiri hluta sem stendur á bak við ríkisstjórnina en ef maður setur sig út fyrir það þá held ég að það væri jafnvel pólitískt klókt, svo að maður noti það orðalag, af þeim meiri hluta að ná slíkum breytingum í gegn. Ég held að mikill sigur gæti verið í því fólgin fyrir ríkisstjórnina og auðvitað væri mikill sigur í því fólgin fyrir þingið, meiri hluta og minni hluta, að geta náð samstöðu um einhverjar þær breytingar sem menn hafa verið að ræða um á stjórnarskránni á komandi vetri. Við sjáum til hvernig því vindur fram.

Mig langaði bara að leggja áherslu á að þetta er tímabundið ákvæði sem eykur möguleika okkar á því að halda áfram með þá vinnu sem fram hefur farið, og það er vel.

[18:42]

#### **Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég hef allt síðasta kjörtímabil og jafnvel frá hrúni verið þeirrar skoðunar að breyta þurfi stjórnarskránni. Meginástæða þess er sú að við hrúnið kom bersýnilega í ljósi hversu vanmáttugt Alþingi var til að taka á aðstedjandi vanda. Í raun varð þá ljóst hversu illa alþingismenn voru upplýstir um gang mála, þeir gátu ekki sett sig sem skyldi inn í þau mál sem þeir þurftu nauðsynlega að

hafa þekkingu á. Ég hef talað um að með einum eða öðrum hætti þurfi að slíta á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds á svipaðan hátt og slítið var á milli dómvalds og framkvæmdarvalds árið 1995.

Við framsóknarmenn studdum þá vegferð sem haldið var í og settum það að skilyrði, þegar við ákvæðum að verja minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vantrausti á vormánuðum 2009, að farið yrði í þessar breytingar. Þegar síðan ný ríkisstjórn tók við á vormánuðum 2009 var ákveðið, í raun ekki í samræmi við það sem við höfðum lagt til, að boða til þjóðfundar, stofna hina svokölluðu stjórnarskrárnefnd og síðan hið svokallaða stjórnlagabing. Því miður gekk sú vegferð afar brösuglega og Hæstiréttur úrskurðaði að kosningin til stjórnlagabings væri ólögleg. Ég og hv. þm. Birgir Ármannsson sátum þá í þeirri nefnd fyrir hönd minni hlutans. Ég studdi það að haldið yrði áfram með verkefnið og svokallað stjórnlagaráð skipað en þó með því skilyrði að Alþingi mundi fjalla efnislega um málið.

Mér fannst margir þeirra sem áttu sæti í þessu ráði mjög vel til þess hæfir að koma með tillögu að breytingu. Ég var hins vegar ósammála því að Alþingi tæki málið ekki til efnislegrar meðferðar og þótti það miður, þvert á það sem full-yrt var að yrði gert þegar ég ákvað að styðja meiri hlutann í að mynda stjórnlagaráð. Það var hins vegar ljóst undir lok síðasta kjörtímabils að það mundi aldrei nást að fara í þær breytingar sem ráðið lagði til að farið yrði í. Eins og það horfði við mér voru gerðir einhvers konar samningar um að það frumvarp sem lá fyrir yrði tekið af dagskrá vegna þess að í raun var ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur búin að missa meiri hluta sinn á þingi og þurfti aðstoð annarra fólka.

Sú niðurstaða að breyta breytingarákvæðinu var mér ágætlega að skapi og þegar það var samþykkt að eingöngu væri hægt að breyta henni með samþykki 2/3 greiddra atkvæða á Alþingi, og um leið þurfti samþykki meiri hluta greiddra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu, þó minnst 40% atkvæða kosningarbærra manna, taldi ég að við hefðum bæði belti og axlabönd þegar við færum í einhvers konar breytingar á stjórnarskránni. Í raun mundi þetta þýða að málefnalegri og efnislega betri umræða yrði um þær breytingar sem lagðar yrðu til. Ég tek undir með þeim sem hafa sagt hér í umræðunni að það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að stjórnarskrárbreytingar fá afar litla umfjöllun í kosninga-baráttu, það eru önnur og stærri mál sem snúa beint að kjósendum þannig að stjórnarskrárbreytingarnar fljóta í gegn. Það gerðist í raun núna líka.

Ég lýsi því yfir að ég er jákvæður fyrir þessari breytingu. Ég er enn þeirrar skoðunar að breyta þurfi stjórnarskránni. Ég set engu að síður það mikilvæga skilyrði að Alþingi fjalli efnislega og málefnalega um þær breytingar sem lagðar verða til og gefi sér góðan tíma í að ræða þær. Það var ekki langt á milli aðila varðandi til dæmis breytingar á hinu svokallaða auðlindaákvæði — mig minnir að ég og hv. þm. Skúli Helgason, sem nú er horfinn af Alþingi, höfum verið sammála um að jafnvel eitt orð skildi á milli, ekki meira en það. Það var þó nóg og hvert orð skiptir vissulega máli í stjórnarskránni.

Ég held að vel fari á því að breið og góð samstaða

myndist um að þetta álit verði að veruleika. Ég mun reyna að greiða götu þess eins og mér er unnt eins og ég hef gert varðandi þær breytingar á stjórnarskránni sem reynt var að hrinda í framkvæmd á síðasta kjörtímabili.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:53]

**Árni Páll Árnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Við fáum nú nýtt tækifæri til að halda áfram með vinnu við breytingar á stjórnarskrá. Það er okkur mikilvægt og það er mikilvægt að nýta þetta tækifæri og gera það vel. Fyrir liggur vilji formanna flokkanna til að halda áfram með vinnu við stjórnarskrárumbætur á forsendum þar sem tekið er mið af nýlegri þróun og þar á meðal tillögum stjórnlagaráðs og niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu í haust.

Við höfum tækifæri núna til að halda áfram þeirri vinnu, finna henni nýjan og góðan farveg og efla samstöðu hér á Alþingi Íslendinga um réttu leiðina áfram varðandi stjórnarskrárumbætur fyrir okkur öll.

[18:54]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er mín einlæga von að Alþingi samþykki þá breytingu sem hér er lögð til á stjórnarskrá og staðfesti þar með samþykkt þá sem gerð var á síðasta Alþingi. Með þessari samþykkt opnum við glugga að því að unnt verði að gera breytingar á stjórnarskrá á því kjörtímabili sem nú fer í hönd án þess að þær verði gerðar í tímapressu undir lok kjörtímabilsins. Ég vona svo sannarlega að þær breytingar verði gerðar í sem mesti sátt bæði hér í þessum sal en líka við samfélagið allt. Ég vona einlæglega að þetta frumvarp verði samþykkt og þessi breyting gangi í gegn þannig að við höfum bráðabirgðaákvæði til að breyta stjórnarskránni á annan hátt en verið hefur með aðkomu þings og þjóðar.

[18:55]

**Vigdís Hauksdóttir (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er ekkert sem rökstyður það að setja þetta breytingarákvæði inn í stjórnarskrána, sem er til bráðabirgða til næstu fjögurra ára. Það eina sem gæti rökstutt það að setja þetta breytingarákvæði inn er að eitthvert mál þyrfti hraðferð inn í stjórnarskrána til að vernda mannréttindi eða annað slíkt. Það er ekki fyrirsjáanlegt og ekki hefur verið rætt hvað það gæti verið. Það er því afar undarlegt að verið sé að biðja um stuðning um breytingar á stjórnarskránni þegar einungis 25 þingmenn greiddu umræddu frumvarpi atkvæði á síðasta þingi.

Það mál sem liggur fyrir þinginu eru eftirhreytt af árásum Samfylkingar og Vinstri grænna (Gripið fram í.) sem staðið var fyrir á síðasta kjörtímabili. Ég segi því nei, virðulegi forseti.

[18:56]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Ég er hér eins og oft áður í togstreitu. Þessi leið, með sínum háu þröskuldum, er mér erfið út af því að ég ótt-



ast að það sé þröskuldur á lýðræðisumbætur. Aftur á móti er þetta að sama skapi bráðabirgðaákvæði sem gæti hjálpað til við stjórnarskrárbreytingar. Ég ætla því að sitja hjá.

Við þratar munum ráðfæra okkur við baklandið okkar á eftir út af því að það lá ekki fyrir fyrr en í dag, þetta samkomulag á milli formanna. Við ætlum þar af leiðandi ekki að standa í vegi fyrir að málið fari áfram í 3. umr. og í lokaatkvæðagreiðslu.

[18:57]

**Róbert Marshall (Bf)** *(um atkvæðagreiðslu):*

Virðulegur forseti. Með þessari breytingu er opnað á þann möguleika að gerðar séu breytingar á stjórnarskránni á kjörtímabilinu en satt best að segja hefur það á undanförunum árum reynst pólitíkinni afar erfitt að takast á við stjórnarskrárbreytingar í aðdraganda kosninga.

Með þessu opnast tækifæri til að taka málið úr þeim átakafarvegi sem einkennt hefur það og þetta gefur okkur von um að við getum haldið þeirri vinnu áfram sem staðið hefur nær óslitið frá 2005 í umbótum að stjórnarskránni. Það er mikil vinna sem liggur að baki, margt sem hægt er að taka tillit til en málið hefur þókast töluvert langt áfram. Það er mikilvægt að það renni ekki út í sandinn og menn geti haldið áfram þessari vinnu og mögulega náð, í samstöðu hér á þinginu, einhverjum breytingum fram á stjórnarskránni sem hugsanlega væri hægt að senda í þjóðaratkvæðagreiðslu meðfram sveitarstjórnarkosningum 2014. Það væri mjög ánægjulegt.

[18:58]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf)** *(um atkvæðagreiðslu):*

Hæstv. forseti. Síðastliðið vor sat ég hjá í atkvæðagreiðslu um frumvarp þetta. Undirritað hefur verið samkomulag af formönnum allra flokka hér á Alþingi, að frátöldum Pírötum, um að halda áfram vinnu að nýrri stjórnarskrá sem meðal annars verði byggð á grundvelli vinnu stjórnlagaráðs og þjóðaratkvæðagreiðslunnar sem fór fram 20. október sl. Í ljósi þess að brýnt er að við setjum okkur nýja stjórnarskrá mun ég greiða frumvarpinu atkvæði mitt til að stuðla að því. Ég tel eftir sem áður að þröskuldurinn sé of hár en ákvæðið er tímabundið og í ljósi þess treysti ég mér til að styðja það.

[18:59]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)** *(um atkvæðagreiðslu):*

Herra forseti. Nú kemur til afgreiðslu á þessu þingi mál sem var afgreitt á síðasta þingi með tiltölulega litlum stuðningi þingsins, þ.e. einungis með 25 atkvæðum. Við þá atkvæðagreiðslu ákvað ég að sitja hjá og greindi frá því að ég teldi grundvallaratriði að til þess að þessi breyting gæti tekið gildi þyrfti að liggja fyrir samkomulag um það, sem ég hefði trú á, hvernig standa ætti að vinnu við breytingar á stjórnarskránni í framhaldinu. Undanfarnir dagar hafa verið nýttir til að ná sameiginlegum grundvelli um skipun ný manna nefndar sem fær það verkefni á kjörtímabilinu og við það fyrirkomulag er ég sáttur.

Ég ætla að greiða atkvæði með þessari breytingu í þeirri

trú að þingmenn allra flokka leggi sitt af mörkum til að láta af þeim átökum sem voru einkennandi á síðasta kjörtímabili um (Forseti hringir.) Breytingar á stjórnarskránni og sætti sig við að breytingar á henni á að gera í sem ríkastri sátt. (Forseti hringir.) Það endurspeglast í ákvæðum þessa frumvarps og ég hef trú á því að þingið rísi undir væntingum þjóðarinnar um að vinna þetta mál í sem mestri samstöðu þannig að þegar verkinu er lokið muni öll þjóðin fylkja sér að baki niðurstöðu.

1. gr. samþ. með 35:6 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁSF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, FrH, GuðbH, GPÞ, HarB, HHJ, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, PVB, PJP, RR, RM, SII, SJS, SSv, ValG, VilB, WÞP, ÖJ.

**nei:** ÁsmD, GBS, JMS, KG, VigH, ÞorS.

7 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, LínS, SilG, UBK, ÞM) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EKG, ELA, EyH, HBK, HE, OH, PHB, REÁ, SDG, SigrM, SIJ, VBj, VilÁ, ÞórE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35:7 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁSF, BÁ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EIH, FrH, GuðbH, GPÞ, HarB, HHJ, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, PVB, PJP, RR, RM, SII, SJS, SSv, ValG, VilB, WÞP, ÖJ.

**nei:** ÁsmD, GBS, JMS, KG, SigrM, VigH, ÞorS.

7 þm. (BirgJ, HHG, JÞÓ, LínS, SilG, UBK, ÞM) greiddu ekki atkv.

14 þm. (EKG, ELA, EyH, HBK, HE, OH, PHB, REÁ, SDG, SIJ, VBj, VilÁ, ÞórE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

[Fundarhlé. — 19:01]

[19:30]

**Útbýting:**

Árangur vinnumarksaðgerða fyrir ungt fólk, 31. mál, beiðni um skýrslu ÁPÁ o.fl., þskj. 70.

**Þingsköp Alþingis, 1. umr.**

Frv. forsrh., 30. mál (samkomudagur Alþingis haustið 2013). — Þskj. 67.

[19:31]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Hæstv. forseti. Í forföllum forsetisráðherra mæli ég fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Frumvarpið felur í sér að samkomudegi nýs þings haustið 2013 verður frestað frá öðrum þriðjudegi í september, þ.e. 10. september nk., eins og lög ákveða núna, til þriðjudagsins 1. október 2013 eða um þrjár vikur.

Allnokkur samtöl hafa farið fram um málið milli forustumanna flokkanna undanfarið og þá í sambandi við það hvernig afgreiðslu þingsmála verður lokið á þessu þingi. Ég

hefði kosið að flutningi málsins stæðu fulltrúar allra flokka en svo varð ekki. Þess vegna er málið lagt fram af forsætisráðherra og ég geri ráð fyrir að afstaða einstakra þingmanna verði misjöfn. En ég treysti því og veit, eftir samtöl okkar forustumanna flokkanna, að þó að skoðanir kunni að vera skiptar um málið fái það framgang innan þess ramma sem settur hefur verið um afgreiðslu mála í dag og á morgun. Frumvarpið er flutt til að betra ráðrúm fái til að undirbúa fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2014 sem leggja þarf fram á þingsetningarfundi nú í haust.

Í því felst einnig að þá ber að leggja fram frumvörp um breytingar á skattalögum og um aðrar ráðstafanir í ríkisfjármálum eins og segir í 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Stjórnarskráin mælir svo fyrir í 42. gr. að saman fari þingsetningardagurinn og framlagning fjárlagafrumvarps. Ég vil þó geta þess í þessu sambandi að forsætisráðherra mun á morgun leggja fram tillögu um frestun á fundum þessa sumarþings, 142. löggjafarþings, og að sú frestun standi fram til annars þriðjudags í september, þ.e. 10. september nk. Er þá ráðgert að haldnir verði þingfundir nokkra daga samkvæmt skipulagi sem kynnt hefur verið fulltrúum þingflokka. Að þeim fundadögum loknum verður 142. löggjafarþingi þá enn frestað til 1. október, þ.e. fram til þess að nýtt löggjafarþing verður sett eins og ákvæði þessa frumvarps mælir fyrir um.

Í 1. mgr. 35. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði um samkomudag reglulegs Alþingis en þar segir að hann skuli vera 1. október ár hvert. Þeirri tímasetningu má, samkvæmt ákvæði 2. mgr. sömu greinar, breyta með lögum. Hinn almenni og reglulegi samkomudagur Alþingis að hausti er nú ákveðinn í þingsköpum, þ.e. annar þriðjudagur í september eins og áður hefur komið fram. Aðstæður að þessu sinni eru hins vegar óvenjulegar þar sem kosningar fóru fram í lok apríl. Ný ríkisstjórn var mynduð undir lok maímánaðar og nýkjörið þing kom fyrst saman 6. júní. Þingstörf hafa dregist nokkuð og það er mat okkar að illframkvæmanlegt sé að ljúka eðlilegri vinnu, eðlilegum undirbúningi við fjárlagafrumvarp og við frumvörp um skattamál og aðrar ráðstafanir í ríkisfjármálum, fyrir 10. september þannig að ásættanlegt sé. Af þeim ástæðum er frumvarp þetta flutt.

Ég vil láta þess getið að ég er þeirrar skoðunar að menn hafi við síðustu breytingar á þingskapalögum þar sem þingsetningardagurinn var fluttur fram — og síðan með þeim breytingum sem fylgdu í kjölfarið, t.d. um að tekjuráðstafanir komi samhliða fjárlagafrumvarpinu, sem er skynsamleg ákvörðun — hafi mönnum hugsanlega yfirsést sú staða sem kann að koma upp á kosningaári, eins og ég hef hér rakið. Ég ítreka það þess vegna undir lok máls míns að sú breyting sem hér er verið að mæla fyrir tekur til þingsetningardagsins í haust en frumvarpið gerir ráð fyrir því að á næsta ári verði þingsetningardagurinn hins vegar eins og lögin kveða á um í dag. Ég tel reyndar að það ætti að koma til umræðu og skoðunar í þingskapanefnd í rólegheitum næsta þingvetur hvaða þörf er fyrir breytingar á þingskapalögum almenn og kannski einkum í þessu tilliti.

Við þekkjum það þingmenn sem hafa verið á þinginu síðastliðinn áratug að töluvert miklar breytingar hafa verið á þinginu að hausti til. Það hefur verið mjög misjafnt hversu lengi þingið hefur starfað fram á sumarið. Það heyrir til dæmis til mikilla undantekninga, ef við horfum 20 ár aft-

ur í tímann, að við skulum vera hér saman komin í júlímánuði en það kannski þætti ekki svo mjög óvanalegt ef við horfum þrjú til fimm ár aftur í tímann að þingið hafi starfað langt fram á sumar. (Gripið fram í.) — Það er rétt, sem kallað er fram í, að sum árin hefði þetta þótt tiltölulega lítið þinghald sem þó hefur farið fram í sumar.

Reynsluna af þessu finnst mér að við þurfum að meta sameiginlega hér í þinginu. Ég var þeirrar skoðunar á sínum tíma að sá stutti kafla sem settur var á í september — að það hafi verið færð fram gild rök fyrir því að láta reyna á hann en það var reynsla okkar eftir að hafa þingað í september í nokkur skipti að sá þingtími sem menn höfðu gert ráð fyrir þegar reglunum var breytt nýttist ekki. Þess vegna var septemberstubbnum, eins og hann var oft nefndur í umræðunni, kipt út úr þingskapalögum og þingsetningardeginum flýtt, hann var færður fram. Með því að miða við annan þriðjudaginn í september er það aldrei á föstum degi mánaðarins og sá dagur færast fram um eina viku þar til hann færast síðan aftur um heila viku og það getur verið dálítið sveiflukennt. En ég tel alveg augljóst að við þær aðstæður sem hafa skapast — og ég segi það eftir að hafa starfað í ráðuneytinu í um það bil mánuð — vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem koma upp á kosningaári séu mjög gild rök til að færa þingsetningardaginn aftur. Síðan er komið til móts við þá sem gjarnan vilja að þingið starfi í september með því samkomulagi sem ég gat um í ræðu minni sem gerir ráð fyrir að þingið komi engu að síður saman 10. september en það verður þá hluti af þessu þingi. Upphaf hins næsta verður 1. október.

[19:39]

#### Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Þessi hringlandaháttur er með miklum ólíkindum, að hefja nýtt kjörtímabil á því að flytja frumvarp til laga um að fresta samkomudegi Alþingis. Það hefur ekki gerst í þau tíu ár sem ég hef setið á Alþingi og sennilega ekki lengi fyrir þann tíma. Festa í samkomudegi þings er ríkur þáttur í skipulagi í hverju landi og er hafður í hávegum alls staðar í kringum okkur.

Óvenjulegt, segir hæstv. fjármálaráðherra að leggja fram fjárlagafrumvarp fjórum og hálfum mánuði eftir kosningar. Það er ekkert sérstaklega óvenjulegt við það og hefur margoft verið gert. En hvers vegna er þetta þá? Augljóslega er ríkisstjórnin að hefja feril sinn á því að fresta vandanum með því að fara einhliða fram og breyta lögum um samkomudag þingsins. Hvers vegna er það? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur augljóslega ekki hugmynd um hvernig hún ætla að loka sínum fyrstu fjárlögum nú rúmlega tveimur mánuðum eftir kosningar.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort þetta afhjúpi ekki bara algerlega að sá 10 milljarða tækki sem var gefinn út á kostnað skattgreiðenda til útgerðarmanna fyrr í dag, lækkunin á veiðigjaldinu — ríkisstjórnin hefur enn þann dag í dag ekki hugmynd um hvernig eigi að fjármagna hann. Við höfum að minnsta kosti ítrekað spurt hæstv. fjármálaráðherra hvort hann treysti sér til að kynna hér á haustinu fjárlög sem eru réttu megin við núllið og við höfum enn ekki fengið skýrt svar þar um.

Ég ítreka spurninguna: Er ekki bara verið að fresta sam-

komudegi Alþingis vegna þess að ríkisstjórnin hefur gengið fram af svo mikilli skammsýni í því að gefa eftir tekjur til útgerðarmanna og auðmanna og annarra hópa í samfélaginu á sínum fyrstu dögum að hún hefur ekki hugmynd um hvernig á að loka fjárlögum í haust?

[19:41]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það er alveg hægt að fara í umræðu á þessum nótum ef menn kjósa að gera það. Ég taldi að ég hefði gert málefnalega grein fyrir því í ræðu minni hver staðan er. Við erum að sjá taka gildi í fyrsta skipti í haust laga-skyldu um að koma með tekjuöflunarfrumvörpin samhliða fjárlagafrumvarpinu. Fyrirverandi ríkisstjórn, sem hafði starfað allt kjörtímabilið síðasta, sem sagt á síðasta ári, og reyndar hafði Samfylkingin þá verið í ríkisstjórn frá árinu 2007, kom ekki fram með tekjuöflunaraðgerðirnar fyrir en í nóvember. En eins og hv. þingmaður talar þá er það létt verk sem hefði verið hægt að hrista fram úr erminni samhliða fjárlagafrumvarpinu ef menn hefðu bara nennt því.

Auðvitað er ekki um það að ræða að menn hafi komið sér í einhver vandræði með því að gefa eftir af tekjum ríkissjóðs eins og látið er í skína. Það hefur ekkert með málið að gera. Ef það væri nú eini vandinn mundi hann bara einfaldlega birtast í fjárlögum. Og fyrst hv. þingmaður hefur þetta miklar áhyggjur af stöðu ríkissjóðs — vegna aðgerða stjórnarinnar, sem ég tel að muni til lengri tíma verða þjóðar-búinu til heilla, með því að skapa lífvænleg skilyrði fyrir útgerðina í landinu og aðra atvinnustarfsemi — væri ágætt að hann mundi líka tjá sig um þann uppsafnaða 30 milljarða halla, eða þar um bil, sem ríkisstjórnin fékk í fangið og alltaf er látið sem hafi verið í kortunum og hafi ekki átt að koma neinum á óvart.

Ég vænti þess, miðað við orð þingmannsins, að í haust, þegar fjárlagaumræðan fer fram, muni líta dagsins ljós ráðstafanir, einhverjar tillögur, um það hvernig takast eigi á við þann uppsafnaða vanda sem fráfarandi ríkisstjórn skildi eftir sig.

[19:43]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Reglugesta og agi eru grundvallaratriði í ríkisfjármálum. Í landinu eru í gildi lög um það á hvaða degi þjóðþingið eigi að koma saman og hvenær ríkisstjórn er skylt að leggja fram fyrir þing og þjóð til opinberrar umræðu frumvarp til fjárlaga landsins með öllum helstu ráðstöfunum sem varða alla geira samfélagsins og öll heimili í landinu. Þetta er af ástæðum.

Það hlýtur að vera býsna brýn neyð sem knýr nýja ríkisstjórn til að fara fram einhliða með frumvarp til að breyta lögum að þessu leyttinu til og víkja frá lögbundinni skyldu sinni til að leggja fram fjárlagafrumvarp. Það getur ekki vitnað um neitt annað en fullkomið ráðleysi um það hvernig eigi að mæta þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið á fyrstu vikum sínum, um að gefa eftir 10 milljarða skatttekjur af 5 þúsund ríkustu heimilum í landinu og gefa eftir 10 milljarða til útgerðarmannanna í landinu, enda kemur ekkert fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra um að

hann viti hvernig ríkisstjórnin, eftir aðeins örfáar vikur, ætli að bregðast við því.

Það sýnir einfaldlega og sannar þessa neyðarlegu stöðu ríkisstjórnarinnar að hún skuli láta það verða sitt fyrsta verk að fresta vandanum með því að flytja frumvarp til laga um að komast hjá því að leggja fram á lögbundnum degi áætl-anir sínar í ríkisfjármálum.

[19:45]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segir að reglugesta og agi í ríkisfjármálum sé algert grundvallaratriði. Samt er það nú þannig að á síðasta kjörtímabili fór ríkisstjórn sem hann studdi á hverju einasta ári um tugi milljarða fram úr fjárlög-um, hverju einasta ári, 2009, 2010, 2011 og 2012. Nú er ár-íð 2013 og það sama er að fara að gerast.

Hann getur komið hingað upp og orðið talsmaður reglu-festu og aga og ég mun stýja hann í þeim mállutningi. Við munum verða skoðanabræður í því að reglugesta og agi skiptir mjög miklu. Það hefur bara óskaplega lítið að gera með það þingmál sem við ræðum hér. Þetta þingmál snýst einfaldlega um það að á kosningaári sé ódilegt að gefa stjórnkerfinu meira svigrúm, annars vegar vegna þess slaka sem myndast í aðdraganda kosninga í stjórnkerfinu vegna þess að ákvarðanir eru ekki teknar og hins vegar vegna þess tíma sem fer til spillis að kosningum afstöðnum við að halda uppi dampi í fjárlagagerðinni.

Það eru dæmi um það í öðrum löndum að þetta sé svona. Við erum einungis að tala um það hér að skapa þriggja vikna frest. Við færum þingsetningardaginn aftur til þess sem segir í stjórnarskránni, við færum þingsetningar-daginn aftur til þess sem vaninn var lengi vel. Á sínum tíma kom þingið saman 10. október. Svo var sá dagur færður fram til 1. október, nú stendur í þingsköpum að þingið komi saman annan þriðjudag í september. Það kann að það verði hinn nýi reglubundni samkomudagur þingsins og sá dagur sem fjárlög verða að jafnaði lögð fram en það verður þá áfram mín skoðun að þegar er kosið, sérstaklega þegar í kjölfarið er síðan haldið sumarþing, sé ástæða til að gefa nýrri ríkisstjórn rýmri tíma til að ljúka fjárlagagerðinni þannig að hún verði sterkari grundvöllur undir umræðu um fjármál ríkisins í kjölfarið í þinginu.

[19:47]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fyrir að mæla fyrir frumvarpi forsetisráðherra um breytingar á þingsköpum. Ég reikna með að hæstv. ráðherra sé kunnugt um að við ýmis í mínum þingflokki erum mjög ósátt við það hvernig þetta mál ber að, framlagningu þess og hugmyndafræðina þar á bak við. Ég er í þeim hópi.

Ég vil inna hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra eftir því, ekki síst sem formann í stærsta stjórnsmálaflokki landsins, hvort hann telji að almennt sé góður bragur á því að breyta þingsköpum, sem eru ramminn utan um starfið hér í Alþingi, án þess að um það sé alger samstaða milli þeirra flokka sem starfa á Alþingi og eiga að starfa eftir þeim reglum sem gilda. Mér finnst mikilvægt að fá fram svar hæstv. ráðherra við því.

Ég vil líka spyrja hann að því hvort honum sé kunnugt um að í þingskapanefnd, sem starfaði á síðasta kjörtímabili, og lagði meðal annars til þær breytingar sem menn eru að víkja sér undan núna, með tekjuöflunarfrumvarpinu og fjárlögin á sama tíma, hafi verið lögð sérstök áhersla á það, ekki sist af þáverandi þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, núverandi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að þetta yrði gert með þessum hætti og að umræddur þáverandi þingflokksformaður hafi sérstaklega gagnrýnt fyrrverandi ríkisstjórn fyrir að vera ekki farin að fara eftir þessum lögum þó að þau hefðu ekki þá tekið gildi. Hvernig samrýmist það því frumvarpi og þeirri hugsun sem liggur á bak við frumvarpið sem nú liggur fyrir þinginu?

[19:49]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að almenna reglan hlýtur að vera sú að við náum samstöðu um breytingar á þingsköpunum. Það var sannarlega reynt að gera það að þessu sinni. Það er almennt ekki góður bragur á því að breytingar á þingsköpum séu gerðar í ágreiningi hér í þinginu. Ég get alveg verið sammála hv. þingmanni um það. Mér sýnist þó að mjög ríflægur og góður meiri hluti sé fyrir þessari breytingu að þessu sinni og mér finnst að að baki henni séu mjög skýr og málefnaleg rök. Komið er til móts við þau sjónarmið sem heyrðust í þeirri umræðu að mönnum þætti slæmt að þing kæmi yfirhöfuð ekki saman í september með því að þessu þingi verður þá frestað fram í september og þar verða að minnsta kosti nokkrir þing dagar.

Varðandi breytingar á þingskapalögum vísar ég til þess sem ég vék að áðan að ég tel — þó að ríkur stuðningur hafi verið við málið eins og það kom út úr þingskapanefndinni og það prinsipp að fjárlögum fylgdu tekjuöflunarfrumvörpin og fjárlögin kæmu síðan fram eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir á þingsetningardegi sem hefur verið færður fram — að taka eigi tillit til sérstakra aðstæðna sem upp geta komið á kosningarári og það er kjarni þessa máls. Það er ekki verið að breyta almennu reglunni. Það er einungis verið, með bráðabirgðaákvæði, að taka afstöðu til haustsins sem er fyrsta þingsetning að kosningum afstöðnum.

Ég ætla líka að leyfa mér að vekja athygli á því að þær breytingar sem þingmaðurinn vikur sérstaklega að og leggur áherslu á að fylgt sé fólu það meðal annars í sér að setja ætti fram ramma fyrir fjárlögin í apríl á þessu ári og það var ekki gert.

[19:51]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka ráðherrann fyrir að bregðast við þeim spurningum sem ég beindi til hans. Hann gat þess sérstaklega í sínu máli að tilefni gæti verið til þess að hafa sérstaka reglu á kosningarári hvað varðar þingsetningu, framlagningu fjárlagafrumvarps og tekjuöflunarfrumvarpa.

Nú getur það auðvitað gerst að í kjölfar kosninga sitji áfram sama ríkisstjórn og er þá tilefni fyrir hana til að fá slíka heimild eða hafa slíka heimild? Það getur líka gerst að skipt sé um ríkisstjórn á miðju ári án þess að það sé kosið og væri þá ekki tilefni til þess að við slíkar aðstæður væri

þá líka heimild í þessu efni? Í mínum huga gengur þetta ekki alveg upp. Mér finnst mikilvægt að það sé festa í þessu, þingsetningardagurinn sé ákveðinn. Við ákváðum hann með lögum annan þriðjudag í september. Hann má mín vegna alveg vera farin 10. september, 12., 13. eða hvað menn kjósa í því efni í hugsanlega breyttum þingsköpum í framtíðinni.

Ég vil líka inna hæstv. ráðherra, vegna þess að hann sagðist gera ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar sérstök þingskapanefnd í haust, eftir því hvort það sé ásetningur ríkisstjórnarflokka að sett verði í gang almenn vinna við endurskoðun á þingsköpum næsta vetur með þingmannanefnd skipaðri fulltrúum allra stjórnarmálflokka sem eiga sæti á Alþingi. Mundi ráðherrann vilja beita sér fyrir því, líkt og gert var á síðasta kjörtímabili, að stjórnarandstaðan ætti hlutdeild í forustu slíkrar nefndar? Það var tryggt á síðasta kjörtímabili, þegar Sjálfstæðisflokkurinn átti aðild að forustu þeirrar nefndar sem þá starfaði, og það var gert í þeim anda að reyna að tryggja sem besta samvinnu á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og tryggja sem mesta samstöðu og það náðist reyndar í þeirri nefnd sem starfaði á síðasta kjörtímabili.

[19:54]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það eru ágætisáðendingar sem hv. þingmaður kemur með inn í umræðuna, t.d. að eftir kosningar geti sama ríkisstjórn starfað áfram. Það er út af fyrir sig rétt svo langt sem það nær vegna þess að ekki er hægt að útiloka að þó sömu flokkar starfi áfram komi margir nýir inn í þinglið beggja flokka og breytingar verði á ráðherraskipan — sem er kannski frekar hægt að gera ráð fyrir að yrði jafnvel þó sömu flokkar héldu áfram samstarfi. Það kann að kalla á þörfina fyrir rýmri tíma.

Það er líka rétt, sem hv. þingmaður bendir á, að það getur gerst að ný ríkisstjórn taki til starfa ef upp úr slitnar í stjórnarsamstarfi skömmu fyrir þingsetningardag. Ég held að við hljótum að vera sammála um það, ég og hv. þingmaður, að slík ríkisstjórn væri í miklum vanda. Hún væri í afar þröngri stöðu. Við erum ekki að reyna að leysa slíkan vanda hér, við erum bara að bregðast við þeirri stöðu sem við okkur blasir með bráðabirgðaákvæði sem einungis gildir í haust. En þetta hlýtur að kalla á almennari skoðun á þessum vanda.

Ég geri mér líka grein fyrir því að það er ekkert lögmál að alltaf sé boðað til kosninga á vorin. Það kann að vera að ríkisstjórn skili umbodi sínu að hausti til og kosningar fari til dæmis fram í nóvember. Við slíkar aðstæður væri sannarlega ekki sama tilefnið til að fresta þingsetningardegi á haustinu tæpu ári síðar. En það eru ekki heldur þær aðstæður sem við erum að bregðast við núna. Við erum að bregðast við aðstæðum sem ég tel að séu nokkuð óvæntar, hafi ekki verið teknar með í reikninginn þegar þessar breytingar hafa verið gerðar hver á fætur annarri, fyrst að færa þingsetningardaginn fram, síðan að gera kröfuna um að tekjuöflunarfrumvörpin kæmu á sama tíma og fjárlagafrumvarpið og svo hafa þessir dagar verið að færast nær upphafi septembermánaðar. Nú erum við stödd í júlí á þingi. Það er við þessum aðstæðum sem við erum að bregðast.

[19:56]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Frú forseti. Það er rétt, sem fram kom í máli hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra, að aðdragandi þessa máls er sá að hann og síðar hæstv. forsætisráðherra áttu samtöl við okkur formenn stjórnarandstöðuflokkanna til að leita leiða og lausna í þeim aðstæðum sem hæstv. fjármálaráðherra telur óvæntar og hafa skapast nú, svo að ég vitni í orð hæstv. ráðherra.

Ég tel að við formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfum skoðað þetta mál með opnum huga og nefndar voru nokkrar leiðir sem unnt væri að fara til að koma til móts við aðstæður sem ég tel reyndar ekkert sérstaklega óvæntar, í ljósi þess að kosningar voru löngu boðaðar, í ljósi þess að gerðar hafa verið breytingar á þingsköpum sem öllum eru kunnar og í ljósi þess að við vitum að stjórnarmyndun getur alltaf tekið nokkurn tíma en við vitum að samt þarf alltaf að leggja fram fjárlagafrumvarp.

Fyrst vil ég segja að ég hefði fremur viljað horfa til annars konar breytinga. Eitt hefði til að mynda verið að fresta því að tekjuöflunarfrumvörp yrðu lögð fram um leið og fjárlagafrumvarp. Ekki var vilji til þess. Í öðru lagi hefði ég talið betri brag á því fyrir þingið að fresta þingsetningardeginum um færri daga, vera ekki að fresta þessu þingi og efna til haustþings, eða svokallaðs stubbs, en hefja þá þinghald eitthvað síðar í september. Í ljósi þess að þessi sjónarmið mættu ekki miklum skilningi mun ég ekki styðja þetta frumvarp. Þó að ég hafi tekið því vel, í anda lausnamiðaðra stjórn mála, að málið verði lagt fram og tekið til afgreiðslu vil ég að það sé algerlega ljóst að ég styð málið ekki og fyrir því eru nokkrar ástæður.

Í fyrsta lagi höfum við átt miklar samræður á vettvangi þingsins um þingsköpin á undanförmum árum. Ástæður þess og rökinn fyrir því að þingsetningardagurinn var færður fram á sínum tíma, þó að ekki sé neitt sérstaklega langt síðan, eru mjög góð og gild. Ef við viljum vanda til fjárlaga-gerðarinnar og tryggja hlutverk Alþingis þegar kemur að því stóra máli er mjög mikilvægt að Alþingi fái tíma til að fást við fjárlögin. Það var ein af ástæðunum fyrir því að þingsetningardagurinn var færður fram og framlagning fjárlagafrumvarpsins var færð fram og það er líka ástæðan fyrir því að ákveðið var að færa tekjuöflunina fram, það var að Alþingi fengi tíma til að fást við þetta mikilvæga mál og gæti vandað sig.

Við þekkjum að oft hefur orðið mikið span við vinnslu fjárlaga á haustmánuðum og ekki síst þegar málin voru enn í þeim furðulega farvegum að verið var að sækja um stórar og smáar upphæðir. Sem betur fer var snúð af þeirri leið og það er umræða sem við hæstv. fjármálaráðherra munum væntanlega eiga í haust, þ.e. hvort við erum ekki sammála um að halda eigi áfram því vinnulagi sem tekið var upp á síðasta kjörtímabili hvað varðar vinnu fjárlaganefndar og þær umsóknir sem teknar voru fyrir af hálfu fjárlaganefndar. Ef þetta frumvarp verður samþykkt þarf forsætisnefnd þingsins að skoða það mjög alvarlega hvort ástæða sé til að lengja þinghald á haustönn allt fram að jólu og fram að áramótum ef Alþingi þarf meiri tíma til að fara yfir fjárlög og tekjuöflun.

Auðvitað skýtur það skökku við, án þess að ég ætli eitt-

hvað langt inn í þá umræðu — ég get kilið að erfitt sé að koma saman fjárlögum, ég hef staðið í þeirri vinnu í fjögur ár og veit að það er ekki létt verkefni. En þegar á sama tíma er staðið að því að skerða tekjur ríkisins — eins og við í minni hreyfingu, og margir aðrir í stjórnarandstöðuflokkunum, höfum bent á, í umræðum um veiðigjöld og í umræðum um virðisaukaskatt af ferðaþjónustu, er verið að hleypa fjárlögum yfirstandandi árs í uppnám sem og fjárlagagerð fyrir næsta ár. Það er því ekkert skrytið að menn þurfi meiri tíma fyrir utan að verkefnið er ekki létt fyrir.

En gott og vel. Ég féllst á að þetta mál yrði lagt fram. Mér finnst mikilvægt að hugað sé að því hver tími þingsins eigi að vera til að vinna að fjárlögum og tekjuöflun í hinn endann. Mér finnst líka mikilvægt að sett verði á laggirnar þingskapanefnd. Eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kom að í andsvari sínu áðan er mjög mikilvægt að við áttum okkur á því — og fáum afstöðu hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra til þess, og auðvitað hæstv. forsætisráðherra sem hér ætti að vera að mæla fyrir málinu, en er hér ekki — hvort þeir eru okkur ekki sammála um að eðlilegt sé að sú nefnd sé leidd í sameiningu af fulltrúum stjórnarflokka og þeirra flokka sem eru í minni hlutanum. Það er ekki góður bragur á því að við séum á sumarþingi að breyta þingskapalögum og setja inn einskisþingráðabirgðaákvæði til að færa til þingsetningardag. Færð hafa verið rök með og á móti og ég ítreka að mín skoðun er sú að aðrar leiðir hefðu verið betri til að mæta þeim sjónarmiðum sem hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fór yfir í máli sínu. En í ljósi þessa, sem ég get ekki fallist á að séu óvæntar aðstæður eða aðstæður sem hafi skapast úr tóminu eins og gefið var í skyn áðan, finnst mér mjög mikilvægt, ef hæstv. ráðherrar eru þeirrar skoðunar að þetta sé aðkallandi vandamál, að þingskapanefnd verði þá sett á laggirnar, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar komi að forustu þeirrar nefndar ásamt fulltrúum stjórnarflokkanna og reynt verði að koma reglu á málin á nýjan leik. Því að þó að þetta sé einskisþingráðabirgðaákvæði þá hefur það ákveðið fordæmisgildi.

Ég hef ekki jafn mikla þingreynslu og hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra en hef nú samt verið hér í sex ár. Hugsunin á bak við alla þá endurskoðun þingskapalaga sem átt hefur sér stað á þeim tíma hefur einmitt verið sú að koma á aukinni festu og aukinni reglu í þingstörfum og var ekki vanþörf á. Tilraunir til að setja á septemberþing, eða svokallaðan stubb, þóttu ekki takast vel þannig að mér finnst ekki góður bragur á því að verið sé að setja á það einskisþingráðabirgðaákvæði að aftur verði horfið til þess að setja stubb. Ég er vissulega sammála því sjónarmiði og hef viðrað þá skoðun að það er líka mjög áhættuvert ef við hættum hér og nú og setjum svo þing aftur 1. október og setjum þingið í frí í þrjá mánuði, í ársfjórðung. Ég held að meira að segja þeim sem finnst gaman í fríu finnst það frí fulllangt.

Auðvitað er eðlilegt að hafa þinghald í september. Það er ekki góður bragur á þessu þannig að ég legg áherslu á að skipuð verði þingskapanefnd og sátt náist um hvornig við ætlum að haga þingstörfum og það verði þá regla á þeim. Þetta eru ekki vinnubrögð til fyrirmyndar og ég tel þetta mál satt best að segja allt hið vandræðalegasta.

[20:04]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir talaði töluvert um það í ræðu sinni að þetta væri einskíptisbráðabirgða-ákvæði og hún væri á móti því. Ég er með ósköp einfalda spurninga til hv. þingmanns: Mundi það breyta einhverju um afstöðu hennar ef ekki væri um einskíptisbráðabirgða-ákvæði að ræða, þ.e. ef þetta yrði fært varanlega í hið fyrri horf? Ég tek skýrt fram að ég er algerlega á móti því, en mér finnst að ráða megi af máli hv. þingmanns að hún kynni ef til vill að telja það æskilega niðurstöðu í þessu máli.

Mér fannst hins vegar að hæstv. fjármálaráðherra, kannski óafvitandi, færði í máli sínu mörg rök fyrir því að það væri skrytið að flytja það aftur til gamla formsins. Mig langar þess vegna til að spyrja hv. þingmann hver afstaða hennar er til þess.

[20:05]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ekki má skilja orð mín sem svo að ég væri meira fylgjandi málinu ef ákvæðið væri sett til lengri tíma. Ástæða þess að ég nefni að verið sé að setja einskíptisákvæði til bráðabirgða í þingsköpin er sú að mér finnst almennt vandræðalegt og klúðurslegt að breyta þingsköpum með þeim hætti. Hins vegar mundi mér finnst það jafnvel verra ef við ætluðum að fara að afgreiða langtímabreytingu á þingsköpunum án þess að nokkur umræða hefði farið fram og nokkur ígrundun. Ég er að sjálfsgöðu ekki hlynnt því.

Ég hef verið fylgjandi þeim breytingum sem gerðar voru þegar þingsetningardagur var færður framur í september og finnst mun eðlilegra að þingið færist nær taktinum í samfélaginu með því að stytta sumarhlé og vera hér til að mynda í september á sama tíma og allt samfélagið er á fullri ferð og mjög einkennilegt að þingið sé í hléi. (ÖS: Þá eru göngur.) Ég er því mjög fylgjandi þeim breytingum sem gerðar voru að flytja þingsetningardaginn framur þrátt fyrir göngur og réttir. Sú er mín afstaða. Ég er ekki hlynnt þessari breytingu hvorki til eins skíptis né fleiri skipta.

[20:06]

**Arni Páll Arnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Sú breyting sem hér er rædd, og hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir áðan í fjarveru hæstv. forsætisráðherra, er á ábyrgð og að frumkvæði stjórnarflokkanna. Við höfum á vettvangi formanna flokkanna rætt hvernig taka eigi á þeirri beiðni sem formenn stjórnarflokkanna settu fram um rýmra svigrúm til fjárlagagerðar. Það er ekki einhlið hvernig taka skuli á slíku. Á sama tíma er í sjálfu sér, af hálfu þingmeirihlutans, verið að afþakka af tekjuhlíð fjárlaga mögulegar tekjur, svo að skiptir rúmum tugi milljarða, og líka verið að efna til aukinna útgjalda. Þar af leiðandi er mjög skrytið að fá beiðni um að vikið verði frá hefðbundnum samkomudegi Alþingis og þar með réttum skiladegi fjárlaga til að skapa betra ráðrúm fyrir fjárlagagerð.

Það varð niðurstaða okkar að horfast í augu við það að stjórnarmeirihlutinn hefur drjúgan meiri hluta hér á þinginu

til að gera breytingu. Ég tel mikilvægt að þetta sé ekki varanleg breyting heldur einskíptisbreyting. Ég tel mikilvægt að almenna reglan um samkomudag Alþingis haldist og ekki sé búin til almenn regla um sérstakan samkomudag eftir kosningar á vori.

Ég vil líka nefna að þessi breyting hlýtur að hafa áhrif á starfið hér í haust. Það er búið að breyta verklagi við fjárlagagerðina, færa fram samkomudag þingsins og kveða á um að bæði fjárlög og tekjuöflunarfrumvörpin skuli koma fram á sama tíma til að styrkja og bæta verklagið við fjárlagagerðina og til að vinna gegn þeirri tilhneigingu, sem hefur verið allt of rík, að menn byrji á að leggja fram fjárlög og síðan sé það óþægilega erfitt verklag að menn vinni eftir hendinni og komi með ný og ný tekjuöflunarfrumvörp til þess jafnvel að bregðast við auknum útgjaldaprýstingi milli umræðna við meðferð fjárlagafrumvarpsins. Ég tel mjög mikilvægt að við gætum okkar á því að við erum að setja mikinn þrýsting á haustþingið.

Ég mun ekki standa að þessari breytingu og mun ekki styðja hana en ég mun ekki greiða atkvæði gegn henni. Hún er á ábyrgð stjórnarflokkanna og það er þeirra að leggja hana fram og fylgja henni eftir. En ég ætlast til þess að menn horfi þá líka til þess að verið er að breyta verklaginu frá því sem við höfðum ætlað með því að taka þrjár vikur úr vinnu við jafnt fjárlög og tekjuöflunarfrumvörp sem ella hefðu verið til reiðu. Það þýðir að ríkisstjórnin verður að gera sér högværar og eðlilegar væntingar og stilla í höfkröfum sínum á haustþingið að öðru leyti.

Samkvæmt þingsköpum er sú skrytna regla enn í gildi að það dugar mönnum að koma með frumvörp til 30. nóvember, þá eiga þeir að geta gengið út frá því að þau verði afgreidd fyrir jól. Ég tel einsýnt að ríkisstjórnin verði að sýna þinginu á móti þá virðingu að gera sér högværar væntingar um að frumvörp sem eru lögð fram eftir fyrstu viku í nóvember eigi yfirhöfuð möguleika á að afgreiddast fyrir jól. Vegna þess aukna þrýstings sem verið er að setja á þingið í fjárlagavinnunni og þess skamma tíma sem verið er að skammta okkur verður ríkisstjórnin að vænta þess, ef hún leggur fram frumvörp 20. nóvember, að það sé ekki raunsett að búast við að það náist að afgreiða þau fyrir jól.

Þetta vildi ég sagt hafa og ítreka það sem ég sagði áðan að ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Hún er á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna og þeir verða að tryggja atkvæði fyrir henni.

[20:12]

**Ragnheiður Ríkharrsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég fagna framkomnum hugmyndum fyrrverandi stjórnarþingmanns um að standa ætí betur að því að skila inn tekjufrumvörpunum en gert hefur verið undanfarin ár. Ég sat í fjárlaganefnd á síðasta ári. Fjárlagafrumvarpið var lagt fram í september þegar þing kom saman en tekjufrumvörpin komu í lok nóvember. Þó hafði sú ríkisstjórn setið í þrjú ár og var að skila sínu síðasta frumvarpi. Vissulega var það svo að ákvæðinu hafði verið frestað. Ég er sammála hv. þingmanni um að nauðsynlegt sé að leggja fram samhliða tekjufrumvörpin og fjárlög til að það sé sýnilegt í hvað stefnin og hvernig ríkisstjórnin ætlar sér að vinna með þau fjárlög sem hún leggur fram. Þar er ég sammála hv. þingmanni.

Mér finnst hins vegar gæta sérstakrar skoðunar þegar menn tala um að aðrir þurfi að vanda sig — ég vona svo sannarlega að ný ríkisstjórn vandi sig og sýni þinginu meiri virðingu en fráfarandi ríkisstjórn gerði með framlagningu frumvarpa sem komu mörg hver allt of seint; og stórt og mikið frumvarp síðast í vor, um breytingar á almannatryggingakerfinu, að mig minnir viku fyrir þinglok, eitthvað áþekkt, en vildi samt fá umræðu um það í þinginu.

Ég tek undir orð hv. þingmanns um að þessu verklagi eigi að breyta. Núverandi ríkisstjórn er að reyna, með þessari breytingartillögu hér, sem er einskiptisaðgerð að hausti, að verða fær um að leggja fram fjárlög og tekjufrumvörpin samhliða til að fjárlaganefnd geti unnið með hvort tveggja í senn og þurfi ekki að bíða eftir tekjufrumvarpi í marga mánuði eins og gerst hefur undanfarin ár. Einnig til að hægt verði að afla umsagna frá öðrum nefndum þingsins um fyrirliggjandi tekjufrumvörp sem tengjast fjárlögunum. Að því leyti er ég sammála hv. þingmanni en mér finnst hins vegar umræðan um að núverandi ríkisstjórn eigi að vanda sig — ég fagna þeirri umræðu og vona að hún geri það en mér finnst það koma úr svolítið glærri átt. Ég verð að segja það.

[20:14]

#### Arni Páll Arnason (Sf) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi verið þróun allt síðasta kjörtímabil að menn voru stöðugt að reyna að vanda og bæta vinnuna við fjárlagagerðina. Það var að hluta til gert vegna ábendinga frá erlendum eftirlitsstofnunum, sem flestar bera skammstafanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og OECD. Þær stofnanir lögðu upp með úttekt á veikleikum í verklagi við fjárlagagerð á Íslandi á undanfórnun árum og áratugum sem hafa komið okkur í koll. Ég fagna því að myndast hefur mikil þverpólítísk samstaða um úrbætur á því sviði.

Hluti af því umbótaferli var það að í fyrsta sinn skyldi taka gildi þessi krafa um að fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörp yrðu lögð fram saman. Það ræður þeirri afstöðu minni að greiða ekki atkvæði gegn þessari breytingu og leggjast ekki gegn henni enda er þetta í fyrsta sinn sem ætlinin var að gera þetta og mér þykir mikilvægt að vera sanngjarn í samskiptum við nýja ríkisstjórn. Ég tel miklu skipta að á móti hafi menn raunhæfar væntingar um hverju verði hægt að koma fyrir á haustþinginu að öðru leyti og ítreka það sem ég segi í því efni. Auðvitað eru vinnubrögð fyrri tíma, hvort sem það var í fyrra, hittíðfyrra eða fyrir fimm árum, í fjárlagagerð ekki til fyrirmyndar. Það er þess vegna sem við höfum verið að vinna saman að því að breyta vinnubrögðunum.

[20:16]

#### Jón Þór Ólafsson (P):

Frú forseti. Ríkisstjórnin biður um frest til 1. október til að geta lagt fram fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörp samtímis, sem er mjög góð regla. Hún telur sig ekki geta gert það 10. september þegar þing ætti að koma saman samkvæmt þingsköpum og því er verið að reyna að breyta þingsköpunum til að ná þessu fram.

Einn klárasti stjórnsmálamaður Íslandssögunnar á að hafa sagt eitthvað á þá leið að því minna sem þingið komi

saman þeim mun betra sé það fyrir stjórnina. Það er Davíð Oddsson sem á að hafa sagt þetta. Ég er alveg sammála honum um þetta. Þingið hefur ákveðið eftirlitsshlutverk gagnvart stjórnvöldum og getur krafðið stjórnvöld svara og slíkt og því minna sem þingið kemur saman þeim mun þægilegra er það fyrir stjórnina.

Samkvæmt þingsköpum á þingið að koma saman 10. september, starfa á þessu þingi í 12 daga fram að 1. október. Ef stjórnin þarf þennan frest fram til 1. október — samkvæmt stjórnarskrá getur haustþing ekki komið saman nema fyrsta mál sé fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörp á að leggja fram á sama tíma, sem er góð regla — þá er það gott og gilt og hægt að taka tillit til þess. Þá komum við saman á haustþingi 1. október.

Það er annað mál að við séum líka að fækka þingdögum í september. Þessi stubbur sem verið er að tala um á að vera sex dagar. Það væri alveg hægt að hafa þann stubb í tólf daga. Við höfum kallað eftir því, við þíratar, þegar við höfum verið að ræða þessi mál á foringjafundum og þingflokksformannafundum, að við sitjum þá bara tólf daga í stað þess að sitja í sex daga. Þannig getum við betur uppfyllt eftirlitsshlutverk okkar og sinnt öðrum mikilvægum störfum þar til haustþing kæmi þá saman 1. október.

[20:18]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Mér fannst rökfærsla hv. þingmanns vera svona: Af því að hæstv. ríkisstjórn telur að hún geti ekki komið fram fjárlagafrumvarpi og tekjuöflunarfrumvörpum fyrir en 1. október þá ber að fallast á það. Spurning mín til hv. þingmanns og Þírata er þessi: Hvað ef þessi sama ríkisstjórn hefði komið og sagt við þingið: Við getum þetta ekki fyrir en 1. nóvember eða 1. desember, á þá að fallast á það bara af því að þeir telja sig ekki geta það? Er ekki hv. þingmaður búinn að vera í fjölmiðlum og segja við okkur hér í þinginu að hann og hans félagar hefðu ætlað að beita málþöfi til að koma í veg fyrir samþykkt veiðigjaldafrumvarps sem fellir niður tekjur ríkisins um 10 milljarða? Ég spyr hv. þingmann: Finnst honum að það sé hlutverk þingsins að draga ríkisstjórnina upp úr dínku sem hún skoðaði fyrir sjálfa sig?

[20:19]

#### Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):

Frú forseti. Þetta er góð ábending hjá félagamínun, herra Össuri Skarphéðinssyni. Það er ákveðin hola sem ríkisstjórnin gróf sér með því að uppfylla kosningaloforð sitt um að lækka veiðigjöld og þá holu eru þeir að reyna að fylla upp í, reyna að finna leiðir til að fylla upp í hana með því að biðja um þennan frest. Það mætti alveg ræða um það hvort gefa eigi þeim þann frest, ég er sammála því. Það er önnur umræða. En ef á að gefa þeim þennan frest, eins og meðal annars flokkur herra Össurar Skarphéðinssonar hefur ákveðið að gera, ætti þingflokkur Samfylkingarinnar alla vega að kalla eftir því að við sitjum þá tólf daga í september eins og hefði verið hefðum við komið saman 10. september á haustþingi í staðinn fyrir sex daga. Hverju svarar þú því?

[20:20]

**Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Til að vera ærlegur við hv. þingmann vil ég taka fram að enginn hefur samið fyrir mína hönd um það að fallast á þetta. Ég er algerlega á móti því að veita þennan frest og gæti fært margar ástæður fyrir því. Kannski geri ég það, ég ætla ekki að spilla þessu þinghaldi með málæði. Ef ríkisstjórnin vill þetta verður hún að taka það í gegnum meiri hlutann en ekki með mínu atkvæði.

Ég verð að segja það, með virðingu fyrir heimshreyfingu anarkista, að mér finnst það vont að þegar loks anarkistar og Píratar eiga fulltrúa í þessum söllum þá skuli þeir fallast á röksemdafærslu ríkisstjórnarinnar. Ég er á móti því fyrir hönd þeirra sem hefðu hugsanlega við aðrar aðstæður getað hugsað sér að kjósa Pírata. Mér finnst það ekki boðleg rökfærsla að segja sem svo: Jú, við skulum fallast á þetta af því að ríkisstjórnin segir við okkur að hún geti ekki verið klár með þessi frumvörp.

Hlustaði ekki hv. þingmaður á hæstv. fjármálaráðherra? Hann er yfirleitt ákaflega skýr í tali, rökfastur maður og einn af þeim stjórnmalámonnum sem reynir ekkert að hlaupa undan með sín svör. Hann færði engin rök fyrir þessu. Hvað sagði hann? Að það væri illframkvæmanlegt? Hvað er það sem er illframkvæmanlegt við þetta? Er svona erfitt að taka ákvarðanir um hvernig á að skera niður á móti 10 milljörðunum sem hæstv. fjármálaráðherra gaf stórutgerðinni? Er það svo erfitt að taka ákvarðanir um einhvers konar tekjuaukningu á móti sem þýðir ekkert annað en skatta? Eða er svona erfitt að komast að því, sem lá dulið í stefnufyrirlýsingunni, að það ætti bara að auka skuldir ríkisins? Mætti draga af þessu þá ályktun að um það væri ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar til hvaða aðgerða ætti að grípa? Í öllu falli, og nú tala ég fyrir gamla anarkista, finnst mér ekki hægt af fulltrúum þeirrar hreyfingar að fallast á svona málflutning af hálfu ríkisstjórnar án þess að einhver rök fylgi. Menn eiga ekki að taka hlutina eins og þeir eru lagðir fram. Menn eiga að skoða á bak við þá.

[20:23]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka herra Össuru Skarphéðinsyni fyrir að skóla mig svona vel til. Ef hann mun fylgjast með mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði á móti þessu út af því að það er verið að fækka þingdögum í september en það er hlutverk þingsins að vera hér og hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Við skulum bara fylgjast með hvernig atkvæðagreiðslan fer, hve margir í Samfylkingunni verða með þessu, hve margir sitja hjá og hve margir á móti og sjáum hvor flokkurinn er meiri anarkistaflokkur.

[20:24]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (um fundarstjórn):**

Virðulegi forseti. Ég geri athugasemd við það að okkur hv. þingmönnum sé gert að fylgja reglum um að ávarpa þingmenn sem háttvirta og svo með fullu nafni eða eftir sæti þeirra í viðkomandi kjördæmi — ef við ætlum að hafa þessar reglur verður virðulegur forseti að gera athugasemdir ef þeim er ekki fylgt. Það þýðir ekki að hafa hér reglur fyrir suma en ekki fyrir aðra.

[20:24]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Frú forseti. Ég vil fyrst kanna hvort frummælandi málsins, hæstv. fjármálaráðherra, er einhvers staddur viðstaddur og ætlar að vera við umræðuna.

(Forseti (SilG): Forseti lætur athuga það.)

Ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra komi í salinn og mun ekki hefja mál mitt fyrr.

(Forseti (SilG): Forseti tekur það til greina og við hinkrum augnablik. — Hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra hefur nú gengið í salinn.)

Frú forseti. Ég verð að segja eins og er að mér er nokkuð þungt í skapi yfir því máli sem hér er til umræðu. Það er vegna þess að á síðasta kjörtímabili veitti ég forustu þingskapanevnd sem fjallaði um þingsköp Alþingis og var skipuð þingmönnum úr öllum stjórnmaláflökkum. Innan þeirrar nefndar var mjög góður vinnuandi en vitaskuld voru alls ekki allir sammála um alla hluti sem þar voru ræddir. Gerðar voru margvíslegar breytingar á þingsköpum sem allir nefndarmenn stóðu að en sú regla var viðhöfð að ekki voru lagðar til breytingar á þingsköpum sem einhver nefndarmaður, einhver fulltrúi einhvers flokks, lagðist gegn. Þetta var vegna þess að við vildum hafa það vinnulag að tryggja góða samstöðu og góða einingu um þann ramma sem við höfum um þingstörfin. Burt séð frá því hvaða skoðanir við höfum svo um einstök mál og tökumst á um pólitískt eins og eðlilegt er þá vildum við að það væri sameiginlegur skilningur og sameiginleg afstaða til þeirra leikreglna sem gíltu í samskiptum og starfi á vettvangi Alþingis. Mér finnst því miður að þetta frumvarp, og það sem á bak við það liggur, beri ekki þau einkenni. Þess vegna er ég afar ósáttur við að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. forsætisráðherra, flytji þetta frumvarp.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur voru ýmsar hugmyndir reifaðar á fundum forustumanna flokkanna sem líklega hefði getað náðst meiri samstaða um en það varð ekki niðurstaðan. Þingsköp Alþingis eru ramminn um starfshætti Alþingis og það er mikilvægt að einhugur sé um þann ramma óháð því hverjir sitja í ríkisstjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu. Þingsköpin eiga ekki að lúta breytingum sem eingöngu stafa af breyttum styrkleika flokka milli kjörtímabila.

Á síðasta kjörtímabili starfaði, eins og ég gat um, þingskapanevnd með fulltrúum allra flokka þar sem bæði stjórn og stjórnarandstaða voru í forustu. Ég vek athygli á því að ég beindi einni spurningu sérstaklega um framhald þingskapavinnunnar til hæstv. fjármálaráðherra sem hann hafði ekki ráðrúm til að svara á stuttum tíma hér áðan og ég vænti þess og óska eftir því að hann bregðist við þeim spurningum.

Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á starfsháttum Alþingis nýverið er að flytja samkomudag þingsins að hausti til fram til annars þriðjudag í september í stað 1. október sem verið hafði samkomudagur þingsins um langt skeið. Jafnframt var svokallað septemberþing lagt af. Einn megintilgangur þeirra breytinga var að skapa þinginu meira svigrúm til að fjalla um fjárlagafrumvarp og tengd mál. Reynslan sýnir að mikilvægt er að þingið hafi rúman tíma til þessa, enda fer Alþingi með fjárstjórnarvaldið. Ráðu-



neyti og ríkisstjórn hafa marga mánuði til að undirbúa fjárlagafrumvarp og önnur tengd frumvörp meðan þingið hefur aðeins nokkrar vikur í því skyni. Breytingin sem gerð var þegar samkomudegi Alþingis var flýtt var mikilvæg í því augnamiði að bæta vinnubrögð þingsins og styrkja stöðu þess. Sú breyting sem nú er lögð til er skref til baka til lakari vinnubragða þingsins.

Með lögum nr. 85/2012 varð sú breyting á þingsköpum að kveðið var á um að frumvörp um breytingar á lögum sem útgjöld og tekjur fjárlagafrumvarps byggjast á skuli lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpi. Það var einnig gert í því augnamiði að vanda betur vinnu Alþingis við fjárlög ríkisins. Það gætir misskilnings í því sem hér hefur komið fram í umræðunni, meðal annars hjá hv. þm. Ragnheiði Ríkhardsdóttur, að gildistöku þessa ákvæðis hafi verið frestað. Henni var ekki frestað. Þessi breyting kom inn í lögina á vormánuðum 2012 og strax þegar frumvarpið var lagt fram var ákvæðið að þetta ákvæði tæki einfaldlega gildi síðar. Það er ekki rétt að tala um frestun á gildistöku ákvæðisins.

Þar sem hér var um mikla breytingu að ræða, sem kallaði á verulegan undirbúning af hálfu fjármálaráðuneytisins, var sú ákvörðun einmitt tekin að ákvæðið tæki gildi 1. september 2013 en lögina tóku að öðru leyti gildi við upphaf 141. löggjafarþings. Með því var tryggt að nægur undirbúnings tími gæfist til að undirbúa þessar breytingar. Á grunni þeirrar vinnu sem farið hefur fram í ráðuneytum undanfarna mánuði við undirbúning fjárlagafrumvarps hefur ný ríkisstjórn að mínu mati nægan tíma til að koma sínum áherslum inn í þá vinnu og mér finnst að það eigi ekki að stytta þann tíma sem þingið hefur til ráðstöfunar í fjárlagavinnu.

Það sem hér gerist er að ríkisstjórnin segir að hún þurfi lengri tíma til að undirbúa fjárlagafrumvarp og tengd frumvörp. Ráðuneytin hafa að sjálfsgöðu verið að undirbúa fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár burt séð frá kosningum og ríkisstjórnarskiptum. Ný ríkisstjórn, sem tekur við í maí, fær nú fjóra til fimm mánuði til að vinna sínar nýju áherslur inn í þá grunnvinnu sem farið hefur fram í ráðuneytinum. Ég geri ekki ráð fyrir því að allri þeirri vinnu verði kastað fyrir róða. Það hlýtur að vera byggt á þeirri undirbúningsvinnu sem fram hefur farið í ráðuneytinu.

Að mínu viti hefur ríkisstjórnin haft nægan tíma og á að hafa nægan tíma til að koma sínum áherslum inn í þá vinnu en það sem gerist er að skemmri tími verður fyrir þingið til að fjalla um fjárlagafrumvarpið og tengd frumvörp. Það finnst mér vera mjög bagalegt vegna þess að tilgangurinn upphaflega var að gefa þinginu meiri tíma, styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og nú verður sá tími styttri sem þessu nemur. Þegar þingið hefur aðeins í raun örfáar vikur til að fjalla um fjárlagafrumvarpið þá munar um einn kepp í þeirri sláturtíð. Það munar um þrjár vikur í því efni fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Ég harma því að þessi leið hafi verið farin, bæði efnislega en líka harma ég það sérstaklega að ekki skuli vera reynt að ná algerri samstöðu um þessar breytingar á þingskapalögnum. Ég vonast til þess og treysti því að þetta sé ekki upphaf á einhverri slíkri vegferð hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn að við megum búast við því að þingsköpum verði í framtíðinni breytt án þess að allir standi að því.

[20:33]

#### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvaer):

Frú forseti. Ég hef fullan skilning á þeim sjónarmiðum sem hv. þingmaður teflir hér fram. Ég ætla að byrja á því að nota tímann til að veita svar við spurningu sem mér gafst ekki tími til að bregðast við í andsvari en þar var spurt hvort áfram yrði unnið í breiðri samstöðu um breytingar á þingskapalögnum í þingskapanefnd og hvort til álíta kæmi að stjórnarandstaðan kæmi þar að forustunni. Mér finnst það mjög vel koma til greina. Mér finnst þetta ekki vera rétti staðurinn eða vettvangurinn til að útljú þad eða taka ákvörðun um það en svo sannarlega stendur ekkert annað til en eiga áfram gott samstarf um þróun þingskapalaganna.

Mér finnst líka rétt að halda því til haga, þegar við ræðum þetta frumvarp, þá breytingu sem af því leiðir, að hún er eins skiptis og sjónarmið um að ávallt skuli leita samráðs eru eftir sem áður algerlega gilt. Þó verður að hafa það í huga í þetta skipti að ekki er verið að breyta þingskapalögnum varanlega, það verður að taka það með í umræðuna.

Rétt er það að með því að færa þingsetningardaginn fram og láta fjárlög og tekjuöflunarfrumvörpin birtast þannig þremur vikum fyrir en ella þá er þinginu skapaður rýmri tími. Ég vil þá bæta því við í þá umræðu að ég tel að breytt verklag geti gert miklu meira til að gera vinnuna í þinginu og sérstaklega í fjárlaganefnd skilvirkari og tel reyndar að breytt verklag í nefndinni á undanförunum árum hafi skilað mjög miklum árangri og hægt er að halda því áfram. Ef við bætum síðan við nýrri umgjörð fyrir framlagningu fjárlagafrumvarpsins, sem gæti leitt af nýjum lögum um opinber fjármál, erum við komin á enn betri stað. Þá verða þessar tvær til þrjár vikur á haustin í sjálfu sér afskaplega léttvægar miðað við þá miklu þróun sem getur orðið með öðrum breytingum.

[20:35]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvaer):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans andsvaer. Í því fólst svar við spurningu sem ég bar fram til hans áðan í andsvari við hann og ég þakka fyrir það svar. Ég skynja góðan vilja ráðherrans til að þingskapavinnan næsta vetur verði í góðri samstöðu og samvinnu stjórnmalaflokkanna og ég tek orð hans á þann veg.

Hvað varðar umbætur sem orðið hafa í vinnu þingsins í fjárlagagerðinni þá er ég sammála hæstv. ráðherra, ég tel að margvíslegar umbætur hafi orðið í því efni. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir vísaði meðal annars til þeirra breytinga sem orðið hafa á meðferð svokallaðra safnliða sem ég tel að hafi gert vinnu þingsins hnitmiðaðri. Ég tel einnig að ýmsar aðrar breytingar sem fjárlaganefnd vann á síðasta kjörtímabili, yfirleitt í mjög góðri samstöðu allra flokka í nefndinni, hafi verið til bóta. Ég er líka sammála hæstv. ráðherra um að breytingar á fjárreiðulögum og umgjörðinni geta að sjálfsgöðu bætt þessa vinnu enn betur. En slíkar breytingar munu traúðla taka gildi fyrir haustþing því að það þarf undirbúning að því.

Ég óttast að á hausti komanda muni sú breyting sem hér er lögð til, þó hún sé aðeins einskíptisaðgerð — og ég viðurkenni það fúslega, það er betri svipur á því en ef þetta

hefði verið varanlegt — eingöngu og fyrst og fremst stytta þann tíma sem þingið hefur til umræða til sinnar vinnu í málinu vegna þess að aðrar breytingar sem ráðherrann vísaði til verða varla komnar til framkvæmda.

[20:37]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það er rétt að halda því til haga að í þeim viðræðum sem hafa átt sér stað undanfarna daga kom skýrt fram frá formanni Vinstri grænna, hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur, að gera þyrfti ráð fyrir því að forsætisnefnd gæfi sérstakt svigrúm til umræðu í þinginu fyrir fjárlögin af þessu tilefni. Því var vel tekið. Mér finnst sjálfsagt að forsætisnefnd fái þau skilaboð úr þessari umræðu að þeim sjónarmiðum hafi verið hreyft, að vegna þess að frumvarpið kemur síðar fram en ella hefði orðið þurfi eftir atvikum eitthvað að skipuleggja umræðu um fjárlög sérstaklega með tillit til þess, það finnst mér sjálfsagt.

Ég vil engu að síður ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að með þetta verklagi hér í þinginu, breyttum vinnubrögðum og eftir atvikum með breytingum á lögum um fjárreiður ríkisins sem líka ganga undir heitinu lög um opinber fjármál, eða það er vinnuheiti á málinu, þá held ég að við getum dreift vinnunni mun meira yfir árið og þannig gert vorþingið virkara í ákvarðanatöku sem undir venjulegum kringumstæðum í dag fer öll fram á haustin. Með því að dreifa álagi í fjárlaganefnd yfir árið allt, og taka á fyrri hluta ársins stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, er hægt að koma miklu þetta skipulagi á umfjöllun um fjárlög í þinginu og þetta skipulagi sem mun skila ekki bara þetta verklagi heldur nákvæmari fjárlögum og án vafa þetta aðhaldi með framkvæmd þeirra.

[20:40]

**Arni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég er sammála því sem ráðherrann segir, ég tel að hægt sé að gera enn betur en við höfum verið að gera að undanförmu og þróa starfshætti í þinginu áfram til betri vegar og má gjarnan draga lærdóm af því hvernig ýmis önnur þjóðþing í kringum okkur starfa. Ég held að flestir sem hafa kynnt sér og kynnst starfi annarra þjóðþinga viti það og viðurkenni að yfirleitt er meiri regla á hlutum þar en við höfum þekkt hér. Þessar lotur sem hér verða oft á haustin og í afgreiðslu fjárlaga eru ekki endilega til eftirbreytni. Ég tek undir það að það að reyna að dreifa þessari vinnu við fjárlagagerðina, með römmum að vori og öðru slíku, væri tvímælalaust til bóta.

Ég tel að við eigum að halda áfram að þróa vinnuumhverfi okkar og þingsköp, umgerðina um okkar störf fram á við. En ég leyni því ekki, eins og ég sagði hér áðan, að ég tel að það frumvarp sem hér liggur fyrir sé frekar skref aftur á bak eða til gamals tíma heldur en hitt. En ég vona sem sagt að við eigum eftir að eiga, þrátt fyrir skoðanaágreiningum um þetta mál, gott samstarf á næstu missirum í þróun þingskapa Alþingis.

[20:41]

**Össur Skarphéðinsson (Sf):**

Frú forseti. Þegar sykurreysuppskeran brást á Kúbu tók félagi Kastró sig til og frestaði jólonum. Þegar hæstv. fjármálaráðherra dettur ofan í díki sem hann bjó sjálfur til og sér ekki út úr fjármálum ríkisins þá frestar hann sínum jólum, þ.e. framlagningu fjárlagafrumvarpsins.

Nú sé ég að hæstv. fjármálaráðherra fer úr salnum þannig að ég ætti kannski, líkt og sá maður sem talaði hér á undan mér, að biða eftir að hann komi aftur því að ég hef að minnsta kosti eina brýna spurningu til hans. En ég get kannski, til samkomulags við hæstv. forseta, lengt mál mitt sem því nemur. Mér er það þó ekkert sérstakt kappsmál. Ég þarf hæstv. fjármálaráðherra til að spyrja hann einnar spurningar.

Ég er algerlega sammála félagi Svejk sem sagði að það ætti að vera agi í hernum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera festa á þessum hlutum og mér finnst það heldur ómyndugt og talsvert ræfilslegt af hinu háa Alþingi að grípa til þess ráðs að taka upp einskipsbráðabirgðaákvæði, svo að vitnað sé í hinn ágetta hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur, formann VG. Mér finnst lítið bragur á því að byrja þingið á þann veg en hins vegar er það í stíl við ýmislegt fleira því að flestu af því sem þessari ríkisstjórn þótti mest um vert að ná fram áður en hún kom til þings hefur verið frestað. Ég ætla ekki að fara að raska kvöldkyrrð framsóknarmanna með því að rifja upp að það mál sem þeir háðu kosningabaráttuna um og lögðu mesta áherslu á að koma fram með hér á þinginu hefur ekki sést. Í staðinn var lögð fram eins konar vinnuáætlun um það hvernig ætti að skoða framkvæmd þeirra kosningamála og það verð ég nú að segja hæstv. fjármálaráðherra til hróss að hann er eftirlátssamur maður og allra náðarsamlegast leyfði hann að tillögur Framsóknarflokksins yrðu skoðaðar í nefnd. En þetta er að verða eins konar frestunartjórn og þess vegna er ákveðinn stíll yfir þessu hjá hæstv. fjármálaráðherra, ég verð að segja það.

Mér finnst þetta líka nokkuð umhendis miðað við að það voru þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem lögðu mesta áherslu á að taka upp þessa nýju háttsemi, þ.e. það voru þeir sem töldu að ómögulegt væri að halda þingstörfum vel áfram inn í framtíðina á þess að tryggja væri að þingmenn fengu aukinn tíma og meiri tíma til að meta tekjuöflunarfrumvörpin og þá samhliða fjárlagafrumvarpinu. Það er ekkert óskynsamlegt, ég get fallist á það, en það voru þeir sem höfðu allt frumkvæði og lögðu allan þrýsting á það. Síðan koma þeir, á því fyrsta ári sem lögin sem þeir áttu upptök að koma til framkvæmda, og biðja um frestun á málinu. Það er það sem ég átti við þegar ég sagði að mér fyndist það nokkuð umhendis, og með leyfi allra viðstaddra, töluverð ósvífni af Sjálfstæðisflokknum, að byrja nýtt þing með þeim hætti.

Mér fannst ræða hæstv. fjármálaráðherra ekki bæta úr skákinni. Hann taldi í sinni ræðu upp alls konar tilvik sem gætu komið upp og væri ekkert ólíklegt að gerðist þar sem, miðað við máls hans, kynni að vera nauðsynlegt að grípa til þess að taka aftur upp það sem er að vísu í munni hans einskipsbráðabirgðaákvæði. Hvað þarf að endurtaka slíkt oft til að það hætti að vera bráðabirgðaákvæði? Mér heyrðist hæstv. fjármálaráðherra að minnsta kosti vera að láta glitta í það að það kæmi til mála af hans hálfu og meira en það að

Þessu væri breytt varanlega. Ástæðan er væntanlega sú sem hér var rifjuð upp af hv. þingmanni Pírata, sem talaði áðan, að stjórnmálamaður, sem ekki er lengur á pólitískum dögum hér heldur annars staðar, sagði að því lengur sem þing væri fjarri Alþingishúsinu þeim mun betur gengi að stjórna landinu. Auðvitað er það þannig og þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert verið að dylja það að hún vill koma þinginu burt vegna þess að þetta þing hefur ekkert verið óskaplega leiðitamt eða gott fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Ég þarf ekki að rifja neitt sérstaklega upp í þeim efnunum en þó finnst mér það í lagi, af því að hv. þm. Birgir Ármannsson hlustar af svo miklum áhuga, að rifja það upp að gamall leiðtogi lífs hans, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði grein á dögnum þar sem hann sagðist ekki muna eftir jafn vondri byrjun nokkurrar ríkisstjórnar svo það er ekki nema von að hæstv. ríkisstjórn vilji koma þinginu frá og sem lengst í burtu og fá það sem síðast. Ég skil það vel en ég er á móti því. Og það á að vera agi í hernum. Ég veit að ég og hv. þm. Birgir Ármannsson erum sammála um að reglufestu hefur skort í stjórn þings og ríkisins líka. Látum það nú vera, frú forseti.

Ég er alltaf til í að hlusta á mótrök og eins og ég sagði áðan hef ég margsinnis hrósað hæstv. fjármálaráðherra fyrir það að hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur og hann flýr ekkert umræður. Hann hefur alltaf verið maður til að standa fyrir sínu og færa rök fyrir máli sínu. En hann gerði það ekki í framsögu sinni fyrir málinu. Hvað sagði hæstv. fjármálaráðherra? Jú, hann sagði að kringumstæðurnar væru sérstakar. Hvað er svona sérstakt við þær? Það tekur einn mánuð að mynda ríkisstjórn sem er sögulega lítið, skammur tími. Þeir þingmenn sem börðust fyrir þessari breytingu hljóta að hafa gert ráð fyrir því að það tæki að minnsta kosti einn mánuð. Þingið hófst 6. júní og það er ekki búíð að standa í mánuð. Nú hef ég ekki tölu á því á hversu mörgum vordögum ég hef verið hér en hitt er algerlega klárt að mörgum sinnum í sögu Alþingis hefur fyrsta þing eftir kosningar verið miklu lengur en núna. Það er einfaldlega rangt hjá hæstv. fjármálaráðherra þegar hann segir að þinghald hafi dregist. Það var ein af þremur röksemdum hans. Látum það vera. Meira að segja það getur verið smekksatriði. En þegar hæstv. fjármálaráðherra sagði að vegna hinna tveggja fyrri ástæðna sem hann rakti væri illfrankvæmanlegt að koma fram bæði fjárlagafrumvarpi og tekjuöflunarfrumvörpum á réttum tíma þá segi ég: Hingað og ekki lengra.

Ég er búinn að vera hér í fleiri þing en margir þeir sem sitja í þessum söllum og þetta þarf að skýra út fyrir mér. Það liggur algerlega ljóst fyrir að eitt af best virku ráðuneytum er fjármálaráðuneytið og þótt skipt sé um ríkisstjórnir heldur gangvirki þess áfram. Það malar og vinnur og vinnur vel, stundum fullvel fyrir smekk sumra. Það er alveg ljóst að hinn breiði rammi fjárlaganna hefur legið fyrir. Það eina sem er öðruvísi og er afbrigðilegt er það að hæstv. ríkisstjórn kemur hingað með frumvörp sem í einu vefangi skera undan tekjum ríkisins 10 milljarða og það er það sem meðal annars þarf að finna og það vefst fyrir hæstv. ráðherra. Ég skil það mætavel. En er það illfrankvæmanlegt á þremur mánuðum að finna leiðir til að skera á móti? Er það

illfrankvæmanlegt að finna aðgerðir til að afla tekna sem þýðir að hækka skatta eða þá bara fara eftir því sem liggur ódulið í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hugsanlega eigi að auka skuldir ríkisins.

Hæstv. fjármálaráðherra þarf að skýra þetta út fyrir mér. Það getur vel verið að aðrir þingmenn í þessum sal hafi það mikla þingreynslu og séu það greindir að þeir hafi skilið þetta en ég skildi það ekki.

Svo ætla ég, frú forseti, að bíða þangað til í seinni ræðu minni með að útskýra af hverju það er rangt að ýmsu leyti, ekki að öllu leyti en að ýmsu leyti, hjá hæstv. fjármálaráðherra að hann hafi fengið í fangið eitthvað sem var ófyrirséð og hann kallar 30 milljarða högg. Það er ekki rétt hjá honum.

[20:50]

#### **Birgir Ármannsson (S) (and svar):**

Hæstv. forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar finnst mér rétt að setja þetta aðeins í samhengi, það sem hann nefnir varðandi aðkomu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, þar á meðal mín, í þingskapanefnd á síðasta kjörtímabili í sambandi við að fá þá breytingu í gegn sem fyrst og fremst laut að því að tekjuöflunarfrumvörp yrðu lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpi. Ástæðan fyrir því snerist ekki um 10. september eða 1. október. Ástæðan fyrir því var að hér hafa ár eftir ár komið fram tekjuöflunarfrumvörp, grundvallarfrumvörp á sviði skattamála, ekki í september, ekki í október, ekki einu sinni í nóvember heldur jafnvel í desember. Þar liggur vandamálið.

Í mínum huga var vandamálið ekkert endilega það að fjárlög væru lögð fram tveim vikum fyrr eða þrem vikum fyrr. Vandamálið, hið raunverulega vandamál sem var rót þeirra breytinga sem hér eru til umræðu, var að tekjuöflunarfrumvörpin, grundvallarfrumvörp á sviði skattamála, voru að koma hér fram kannski þrem vikum fyrir þinglok fyrir júl, jafnvel seinna, og þingið hafði svo til engan tíma til að fara yfir þau flóknu mál sem þar var um að ræða. Hvað næst fram jafnvel þó það frumvarp sem hér liggur fyrir verði samþykkt og þessi frestun og þrjár vikur verði samþykkt? Það liggur fyrir að sú breyting stendur, meginbreytingin, að tekjuöflunarfrumvörpin komi fram samhliða fjárlagafrumvarpi við upphaf haustþings, í byrjun október. Það er stóra breytingin. Það sem hv. þingmenn eru að gera ágreining um hérna er smáatriði í því samhengi, fullkomin smáatriði, þannig að ég held að við þurfum að hafa það í huga þegar við skoðum þetta frumvarp.

Vandamálið snerist ekki um fáeina daga, jafnvel fáeinir vikur, í september. Vandamálið snerist um það þegar fjármálaráðherra kom með skattafrumvörp um mánaðamót nóvember/desember.

[20:52]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (and svar):**

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það var bagalegt að tekjuöflunarfrumvörp komu svo seint fram sem raun bar vitni á sínum tíma. Við vorum hins vegar sammála, taldi ég, ég og hv. þingmaður, þingmenn þáverandi stjórnarandstöðu og stjórnar, um að það bæri að bæta úr því. Það var partur af viðleitni okkar til að auka

vald löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu að setja það einfaldlega með þessum hætti skýrt í lög. Því er ekki hægt að mótmæla að þetta var nokkuð sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu árum saman, vetrum saman, talað um með nokkuð skýrum rökum með vísan í reynsluna úr þessum ræðustól.

Ég sat ekki í þingskapanefndinni sem hv. þingmaður vitnar til og veit ekki gjörla hvað þar fór fram. Það hefur aðeins verið reifað hér af ýmsum þingmönnum sem sátu þar. Ég sat hins vegar manna lengst og best hér undir þessum ræðum hv. þingmanna sjálfstæðismanna. Ég minnst þess til dæmis að núverandi heilbrigðisráðherra, hinn ágæti og vel virki þingmaður sem sat árum saman í fjárlaganefnd, gekk hér fram fyrir skjöldu. Fyrst heyrði ég þetta úr hans munn, hreifst ekki af þeim rökum til að byrja með en þau eru ágæt. Það sem ég er á móti er að menn skuli koma hingað — ef ég leyfi mér að segja, vaða hingað inn — með tillögu að einkisráðgjafingri bara til að búa í haginn fyrir ríkisstjórn sem því miður er búin að gera á sig í þessu máli. Það er bara staðreyndin. Ríkisstjórnin er sjálf búin að koma sér í þessa stöðu. Hún er búin að skera undan tekjustofnum ríkisins svo nemur 10 milljörðum og það er alveg klárt, það hefur komið fram í þessum sölum, að ágreiningur hefur verið í ríkisstjórninni um hvornig eigi að mæta því. Það hefur meðal annars leitt til þess að annar stjórnarflokkanna hefur ekki náð að fullu fram markmiðum sínum sem búin var að lýsa yfir að ætti að gera á þessu sumarþingi.

[20:54]

#### **Birgir Ármannsson (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Össur Skarphéðinsson erum sammála um margt í sambandi við þetta fyrirkomulag í meginatriðum. Ég held til dæmis að við séum sammála um að það sé gott að fjárlög komi snemma fram og að æskilegt sé að tekjuöflunarfrumvörp komi fram samhliða fjárlagafrumvarpi. Tekjuöflunarfrumvörpin eru auðvitað samhangandi við þau útgjaldaáform sem birtast í fjárlagafrumvarpi. Við þekkjum það frá fyrri árum að þar er um að ræða samspil og þeim mun óþægilegra þegar menn ræða fjárlög fram eftir öllu hausti án þess að fyrir liggji tillögur ríkisstjórnar um fjárflokkun eða breytingar á fjárflokkunarfyrirkomulagi.

Eins og ég rakti í fyrra andsvari var tilgangur þeirra breytinga sem hér er um að ræða fyrst og fremst sá að tryggja að tekjuöflunarfrumvörpin fengju viðhlítandi umræðu í þinginu. Hv. þm. Helgi Hjörvar, fyrrverandi formaður efnahags- og viðskiptanefndar, getur staðfest að það hefur ábyggilega verið mjög óþægilegt að vera í hans sporum sem formaður í þeirri nefnd og fá í fangið flókin skattafrumvörp örfáum dögum fyrir þinglok, tveimur til þremur vikum fyrir þinglok fyrir jól og þurfa að afgreiða þau, stundum án þess að menn gætu treyst því að þeir útreikningar og þær forsendur sem þar lágu til grundvallar væru réttar. Eins og oft kom á daginn.

Við vorum að bregðast við ákveðnu vandamáli. Þrátt fyrir þá tímabundnu bráðabirgðabreytingu sem hér er lögð til stefnir í að veruleg framför verði frá því sem hér hefur verið á flestum þeim þingum, hygg ég, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur setið. Ég hygg að þetta verði töluvert

þetra nú í haust en hann þekkir, bæði af reynslu sinni úr ríkisstjórn og stjórnarandstöðu. Ef tekjuöflunarfrumvörp koma fram snemma í október er um að ræða næstum því tveggja mánaða flýtingu á þessum mikilvægu málum miðað við það sem við höfum séð á undanförunum árum.

[20:57]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andvar):**

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er allra manna bestur í að verja vöndan málstað [Hlátur í þingsal.] og því verri sem málstaðurinn er því betri er hann í vörminni. [Hlátur í þingsal.] Þannig hefur sá ágæti maður þroskast hér í þessum sölum, ég veit ekki hvort það er gott eða vont. Hins vegar er algjörlega ljóst að þessi mál voru öll í ólestri löngum. Hér dróst framlagning fjárlagafrumvarps, afgreiðsla þess, fram eftir öllu. Ég minnst ríkisstjórnar, sem Sjálfstæðisflokkurinn veitti forstöðu, sem var ákaflega sein með sitt fjárlagafrumvarp og það endaði með því að menn komu saman milli jóla og nýárs til að klára það. Ég skal að vísu fúslega viðurkenna að ég sat líka í þeirri ríkisstjórn. En menn einhentu sér saman í að reyna að breyta því og ég tel að við höfum náð góðum árangri. Auðvitað var það alltaf undan þrýstingi Alþingis.

Alþingi hefur sem betur fer í vaxandi mæli reynt að reisa skorður við valdsækni framkvæmdarvaldsins sem hefur verið óhófleg, sérstaklega hér einn tiltekinn áratug, nýliðinn, og þess sá stað varðandi framlagningu fjárlagafrumvarpsins. Það er alveg rétt, sem ég reyni ekkert að fela — gæti þá notað sama orðalag og hæstv. fjármálaráðherra, vegna sérstakra aðstæðna, allt svo til að rifja það upp fyrir sumum hv. þingmönnum að hér varð fjárhagslegt hrun — að út af afleiðingum þess dróst úr hömlu að leggja fram tekjuöflunarfrumvörpin sem skyldi. (Gripid fram í.) Flest árin. Að meðaltali tekur fimm ár að vinna upp hrun, það vitum við sem höfum stúderað það og lent í því.

Þingið var hins vegar sammála um að grípa til þessara aðgerða þannig að við vorum sammála um viðbrögð við vöndri stöðu. Þess vegna er það ekki í takt við reynslu og málf lutning hv. þingmanns að hann skuli koma hér upp og reyna að verja þetta. Ef það er einhver (Forseti hringir.) maður í þessum sölum sem hefur getið sér orð fyrir að verja reglufestu þá er það ekki sá sem hér talar, það er hv. þm. Birgir Ármannsson.

[20:59]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andvar):**

Frú forseti. Hv. þingmaður tekur það fram í ræðu sinni að hér sé ekkert sérstakt á ferðinni. Það sé ekkert sérstakt uppi á þessu ári, í haust, sem við höfum ekki séð áður eða hefðum ekki mátt gera ráð fyrir. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hversu oft á þeim 22 árum sem þingmaðurinn hefur verið hér að störfum á Alþingi hefur ríkisstjórn lagt fram frumvarp fyrir 1. október og hversu oft hefur það gerst í kjölfar kosninga?

[21:00]

#### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andvar):**

Frú forseti. Ég er tekinn að hníga að aldri og minni mitt

að reskjust þannig að til þess að geta svarað því mjög nákvæmlega þá þyrfti ég að leita aftur í *Alþingistíðindi*. Það breytir ekki hinu að rök hæstv. fjármálaráðherra hafa verið ákaflega veikger. Einu rökun sem hann hefur í reynd lyft sem málefnalegum rökum af sinni hálfu eru þau að hann hafi fengið í fangið stóran bagga óleystan, 30 milljarða. Og þá verð ég að rifja það upp — og ætla kannski að reyna að hnappa þeirri ræðu sem ég ætlaði að flytja hér á tíu mínútu-um síðar í eina og hálfu mínútu — að þessir 30 milljarðar voru svona: Það voru 15 milljarðar ef ég man rétt, sem voru vegna þess að gjaldfæra þurfti framlag Íbúðalánasjóðs. Ja, við fundum það nú í umræðunni í dag hvert mátti rekja það. Ég sagði fyrir á þessu þingi að það væri vissulega áfall sem menn þurfi að grípa til viðbragða við en ég hef verið mjög ósáttur við að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki beitt rétt-um tölum þegar hann hefur verið að tala um þetta.

Hann talaði hér dögum saman um tölur sem komu úr þriggja mánaða uppgjöri ríkisins en þegar menn skoða fjögurra mánaða uppgjörð blasir ekki sama staða við og hann hefur aldrei leiðrétt það. Þegar við skoðum fjögurra mánaða uppgjörð eru tekjurarnar við það að sleikja áætlunina og gjöldin eru undir henni. Það hefur mér þótt ósannjarnt hjá hæstv. ráðherra, og hann á bara að gangast við því, að hinar ófyrirséðu aðstæður skapaði hann sjálfur. Með ákaflega sérkennilegum hætti ákvað hann — sem ég einlæglega tel hreina gjöf til stórutgerðarinnar — að lækka veiðigjaldið svo svakalega að eitthvað hlýtur undan að láta. En ég hélt ekki endilega að það sem undan léti væru lög um samkomudag Alþingis.

[21:02]

### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það opinberast í andsvári hv. þingmanns að hann gerir sér ekki grein fyrir því hvernig þetta hefur verið síðastliðin 22 ár. Það er nefnilega þannig að það hefur aldrei gerst, þessi 22 ár sem þingmaðurinn hefur verið hér að störfum, að ríkisstjórn hafi í kjölfar kosninga lagt fram frumvarp fyrir 1. október. Það hefur bara aldrei gerst og allan þennan tíma hefur það einungis í tvígang gerst að fjárlagafrumvarpið hafi komið fram fyrir 1. október. Það var síðastliðin tvö ár í kjölfar breytinga sem gerðar voru á miðju kjörtímabili þegar ríkisstjórnin hafði þá þegar starfað fyrri hluta kjörtímabilsins. Það er þetta sem ég er að vísa til en þingmaðurinn hefur hafnað, það eru sérstakar aðstæður sem ekki voru teknar með í reikninginn þegar síðustu breytingar voru gerðar.

Það var ekki tekið með í reikninginn að stjórnkerfið hefur aldrei þurft að glíma við það í kjölfar kosninga að koma með fjárlagafrumvarpið fyrir en fyrir 1. október og ég vil meina að það sé engum tilviljunum háð að kosningar fara fram á vorin og framlagning fjárlagafrumvarpsins á haustin. Það er þessi taktur sem við höfum verið með í kosningum og upphafi þings í kjölfar kosninga. Það er vegna þess að það þarf þennan tíma sem við höfum fengið að venjast undanfarna áratugi.

Varðandi þriggja og fjögurra mánaða uppgjörð þá er hér ákveðinn misskilningur á ferðinni. Það er út af fyrir sig rétt að heildartekjur ríkisins í fjögurra mánaða uppgjöri

bröggudust miðað við þriggja mánaða uppgjörð en í fjögurra mánaða uppgjöri var það samt sem áður enn þannig að skatttekjurarnar voru verulega undir áætlun. Það voru aðrir tekjur sem voru hærrí. Skatttekjurarnar eru berandi liður í tekjum ríkisins og af þeirri ástæðu metur fjármálaráðuneytið það þannig (Forseti hringir.) að þessi veikleiki muni vera viðvarandi út tekuárið.

[21:04]

### **Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra er að minnsta kosti maður að meiri að gangast þó við því að hann hafi gefið rangar upplýsingar um stöðu mála vegna þess að hann hélt áfram að klifa á þessu eftir að fjögurra mánaða uppgjörð kom fram. Bara svo að því sé til haga haldið þá voru tekjur ríkisins, ef ég man rétt, undir sem nemur 600 milljónum kr. þegar það lá fyrir. (Gripið fram í.) Það var ekki meira. Þannig að jafnvel þó — hvað með það? Er hann ekki sannferðug heimild um það? Ég hefði talið það.

Í öðru lagi vil ég líka þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að rifja upp að það var sú ríkisstjórn sem ég sat í semreif sig þó upp úr þeirri vondu venju að vera svo síðbúinn í því að leggja fram fjárlagafrumvarpið og það er út af fyrir sig þakkarvert. Það var líka sú ríkisstjórn sem var við lýði sem í góðri samvinnu við stjórnarandstöðuna, og reyndar að frumkvæði þingmanna Sjálfstæðisflokksins, vildi ganga lengra og vildi löggesta það með þeim hætti sem gert var að nú í ár yrðu tekuöflunarfrumvörpin lögð fram um leið.

Svo þætti mér líka gaman að heyra hæstv. fjármálaráðherra upplýsa það hversu oft á síðustu 22 árum hafi fjárlagafrumvarpið ekki verið lagt fram á þeim degi sem lögákvæðaður er. Jafnvel þó að það hafi verið svo að þegar kosningum lýkur hafi ríkisstjórnun ekki tekist að gera það þá velti ég því fyrir mér hvort sú staðreynd hafi verið hulin þeim þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem börðust fyrir hinum nýja hætti. Það eru nú ekki nema tvö ár — eða síðla vors 2012 var það sem þessi lög voru samþykkt með það fyrir augum að taka gildi á þessu ári. Bíddu, var það þá þannig að (Forseti hringir.) hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins gerðu sér ekki grein fyrir því að það var að draga að kosningum? Þeir hljóta sem upphafsmenn málsins að hafa gert ráð fyrir þeim.

[21:06]

### **Birgir Ármannsson (S):**

Hæstv. forseti. Í tilefni af síðustu orðum hv. þm. Össur- ar Skarphéðinssonar verð ég að geta þess að vissulega gældum við við þá hugun á hverju einasta ári meðan síðasta ríkisstjórn sat að völdum að efnt yrði til kosninga fyrr en vorið 2013. Okkur sýndist ástandið á stjórnarheimilinu vera með þeim hætti að til kosninga gæti dregið hvenær sem væri. Burt séð frá því vildi ég aðeins nefna að þegar við lögðum áherslu á það í þingskapanefnd á sínum tíma, 2011 og 2012, að þeirri breytingu yrði komið á að tekuöflunarfrumvörp yrðu lögð fram samhlíða fjárlagafrumvarpi og þeim þar með flýtt um þó nokkrar vikur, átta, níu vikur miðað við það sem verið hafði í framkvæmd, gerðum við ráð fyrir því í upphafi að sú breyting tæki gildi um leið og önnur ákvæði þingskapalaganna.

Fyrir þrábeiðni fulltrúa þáverandi ríkisstjórnarflokka í þingskapanefnd var þessu hins vegar frestað fram á árið 2013. Okkar eindregni vilji stóð til þess að þessi breyting tæki gildi þegar í stað en til þess að ná samkomulagi um þessa breytingu á þingsköpum vorum við til í að ganga til móts við þáverandi ríkisstjórnarflokka og þáverandi meiri hluta og sýna samkomulagsvilja með því að fresta þessu. (Gripið fram í.)

Núna fórum við fram á (Gripið fram í.) það að núverandi stjórnarandstöðuflokkar sýndu sambærilegan samstarfsvilja við það að fresta því lítillega að þessi breyting tæki að fullu gildi. Ég bendi þó enn á að gangi þetta frumvarp fram með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og verði niðurstaðan í samræmi við það verður fjárlagafrumvarpið að sönnu þremur vikum seinna á ferðinni en ella hefði orðið og tekjuöflunarfrumvörpin verða þar af leiðandi líka þremur vikum seinna á ferðinni en ella hefði orðið að óbreyttum lögum. Þar er þó um að ræða framför frá því í fyrra, frá því í hittíðfyrra og frá því þar áður (**Gripið fram í:** Ekki satt.) vegna þess að skattafrumvörp fyrrverandi ríkisstjórnar og reyndar margra fyrri ríkisstjórna (**Gripið fram í:** ... núllar sig út.) hafa að jafnaði komið fram afar seint, oft í lok nóvember eða í byrjun desember eins og hv. þingmenn þekkja.

Ef við reynum að horfa á þetta jákvæðum augum og horfa frekar á það sem við getum verið sammála um en það sem við erum ósammála um ætjum við þó að fagna því að gangi ákvæði þessa frumvarps fram með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir verða þingmenn í miklu betri færnum til þess að fara yfir fjárlagafrumvarpið og, það sem skiptir þó meira máli, tekjuöflunarfrumvörp núna í haust en nokkurn tímann áður.

[21:10]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þingmanns er ekki annað hægt en að taka boltann. Þessi vinna var ekki sett af stað til þess að við stæðum hér nokkrum missirum síðar og bærum fyrir okkur að menn hefðu áður fyrr á árunum verið svo óttalega slappir í þessu. Það afsakar það ekki að menn geti ekki haldið lög og aga og reglufestu í ríkisfjármálum. Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá þingmanninum, sem loksins kom fram undir lok máls hans, að það að tekjuöflunarfrumvörp kæmu seint fram var ekki bundið við síðustu ríkisstjórn. Það var ekki bara í tíð síðustu ríkisstjórnar, hún hafði sennilega ein ríkisstjórna sæmilega gilda ástæðu til að koma seint fram með þau því að efnahagslíf þjóðarinnar hafði hrunið og ríkissjóður var rekinn með 200 þús. millj. kr. halla. Það var nokkur handleggur að reiða fram tekjuöflunarfrumvörpin til að mæta þeim ósköpunum en ríkisstjórnir á undan henni höfðu ár eftir ár, kjörtímabil eftir kjörtímabil, komið allt of seint fram með tekjuöflunarfrumvörp. Við vorum fyrir örfáum missirum algjörlega sammála um að þetta væri óhæfa og að við þyrftum að fá þessa hluti miklu fyrir hingað inn.

Í Bandaríkjunum kemur fjárlagafrumvarpið inn í lok febrúar en hér treysta menn sér ekki til að leggja það fram í september. Ég hvet bara til þess að menn beri ekki í bætiflaka fyrir þennan hringlandahátt með því að vísa til þess að hér hafi illa verið staðið að málum í tíð ríkisstjórnar

Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í eina tíð eða Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks eða Samfylkingar og Vinstri grænna. Við reyndum að læra það af efnahagshruninu á Íslandi að það skipti máli að halda aga og reglufestu (Forseti hringir.) í ríkisfjármálum. Það er það sem hér er verið að hverfa frá.

[21:12]

**Birgir Ármannsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í miklar þrætur við hv. þm. Helga Hjörvar um þessi atriði. Ég verð þó að geta þess að ég átta mig ekki alveg á því samhengi hlutanna að vegna hruns bankakerfisins og efnahagslegs áfalls sem við urðum sannarlega fyrir haustið 2008 hafi fjármálaráðherra ekki getað lagt fram frumvörp á skikkanlegum tíma haustið 2012 eða haustið 2011. Það var ekkert í samhengi við þetta bankahrún sem olli því að tekjuöflunarfrumvörp hæstvirtra fjármálaráðherra Samfylkingarinnar, Oddnýjar Harðardóttur og Katrínar Júlíusdóttur, komu fram allt of seint miðað við áform sem uppi voru. Það er ekki hægt að búa til það samhengi að hið óvænta og hörmulega áfall sem við urðum fyrir haustið 2008 ylli þeim tófum sem við sáum hér á síðasta þingi eða þinginu þar áður. Það er ekkert orsakasamhengi þar á milli.

En það er ekki það sem skiptir máli. Það sem ég legg áherslu á í þessu við hv. þm. Helga Hjörvar eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er það að þrátt fyrir að sú framför sem við erum sammála um að beri að stefna að komi ekki fram jafn hratt og djarflega og við gerðum okkur kannski væntingar um verður niðurstaðan engu að síður gríðarleg framför frá því sem verið hefur í tíð fyrri ríkisstjórnar og enn þá eldri ríkisstjórna.

[21:14]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég ætla svo sem ekki að bera í bætiflaka fyrir það að tekjuöflunarfrumvörp komu, sem fyrr, seint fram á árunum 2011 og 2012. En hvað erum við að fjalla um hér? Við erum að fjalla um það að ríkisstjórn, í fyrsta sinn í þá tíð sem ég hef setið hér, í tíu ár, trúlega í fyrsta sinn sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur setið hér, í 22 ár, kemur ekki fram með fjárlagafrumvarp á lögákvörðuðum degi og er í svo mikilli kastþröng með að loka fjárlögum eftir vanhugsaðar ákvarðanir sínar að hún flytur einhliða lagafrumvarp um að það eigi að hætta við að leggja fjárlagafrumvarpið fram á lögákvörðuðum degi.

Virðulegur forseti. Þetta hefur að minnsta kosti ekki gerst mjög lengi og hlýtur annars vegar að stafa af mikilli neyð en lýsir hins vegar skorti á reglufestu, virðingu við lögin sem gilda og nauðsynlegri viðleitni til þess að fylgja þeim í hvívetna, en ekki bara að nota meirihlutavald sitt á Alþingi til að breyta þeim reglum sem gilda um gerð fjárlaga eftir geðþótta sínum.

[21:15]

**Birgir Ármannsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Þarna talaði hv. þingmaður sem á síðasta kjörtímabili sló Íslandsmet, ef ekki heimsmet, í því að samþykkja með afbrigðum að frumvörp ríkisstjórnar kæmu

fram eftir lögákveðinn dag eins og gert var í stórum stíl, bæði um jól og að vori, á hverju einasta ári þessarar ríkisstjórnar. Metið var slegið í fyrravetur þar sem frestir sem gefnir eru í þingsköpum um framlagningu stjórnarfrumvarpa voru ekki virtir heldur var samþykkt með meirihlutaafbrigðum í þinginu að taka — (**ÖS:** Ekkert mál hjá utanríkisráðuneytinu.) Nei, ekkert mál hjá utanríkisráðuneytinu, það er alveg rétt, þau fóru sína leið en í heildina talið var um að ræða í febrúar, mars og apríl alveg óhemjumörg mál sem komu löngu eftir lögákveðna fresti þannig að við skulum tala aðeins varlega um þessi efni, hæstv. forseti.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs í þessari umræðu var fyrst og fremst sú að vekja athygli á því, og ég reyndi að gera það á jákvæðum nótum þó að sumir hv. þingmenn kysu að taka því (**Gripið fram í:** Hverjir?) sem einhvers konar áskorun um skylmingar í þingsal, (**ÖS:** Hverjir?) að þó að sú breyting sem við stóðum öll að og styðjum öll kæmi ekki til framkvæmda að fullu á þeim tímapunkti sem áður var áformað sjáum við engu að síður umtalsverðar framfarir að því leyti sem máli skiptir í þessu sambandi. Í því ljósi verður sá hávaði sem nokkrir einstakir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert í þessu máli algjörlega óskiljanlegur, þ.e. þegar horft er á það að við erum að færast miklu nær þeim markmiðum sem við sameiginlega höfum stefnt að. Ég held að við ættum að fagna því saman í staðinn fyrir að búa til risaágreiningu úr tveimur, þremur vikum eins og sumir hv. þingmenn hafa reynt að gera hér.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og stjórnsk.- og eftirln.

[21:18]

#### Útbýting:

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, nál. minni hluta velfn., þskj. 71; brtt. minni hluta velfn., þskj. 72.

Fundi slitið kl. 21:19.

---

## 22. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júlí,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Úthlutunarreglur LÍN og kjör stúdenta (sérstök um-ræða).
3. Árangur vinnuþaðsaðgerða fyrir ungt fólk, beiðni um skýrslu, 31. mál, þskj. 70. *Hvort leyfð skuli.*
4. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bandaríð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.
5. Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.
6. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
7. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
8. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
9. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
10. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
11. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
12. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurlkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
13. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurlkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

14. Kosning níu manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins, fjölmiðils í almannabágu, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. nýsamþykktum lögum um breytingu á 9. gr. laga nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

15. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 25. mál, þskj. 40, nál. m. brtt. 66, nál. 71, brtt. 72. — 2. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Suðurk.

### Störf þingsins.

[10:32]

#### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Í 71. gr. stjórnarskrár Íslands segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjólum og póstsendingum, símþöllum og öðrum fjar-skjptum ...“

Engin slík lagaheimild er fyrir hendi sem heimilar bandarískum stjórnvöldum persónunjósnir á íslenskum borgurum en upplýst hefur verið að þeir hafa ástundað slíka njósnastarfsemi. Ég nefni í því samhengi að þingmenn úr mörgum stjórn málflokkum hafa vakið máls á þessu. Úr stjórnarmeirihlutunum nefni ég hv. þm. Pétur H. Blöndal og ég nefni hæstv. utanríkisráðherra Gunnar Braga Sveinsson sem hefur lýst áhyggjum vegna njóсна Bandaríkjanna á íslenskum þegnum. Þannig hef ég skilið fréttatflutning af um-mælum hans. Sá sem upplýsti heimsbyggðina, og þar með Íslendinga, um persónunjósnir Bandaríkjanna er Edward Snowden. Hann er nú hundeltur og á hvergi höfði sínu að halla. Ég hef áður beint því til Alþingis, þar á meðal sér-staklega til allsherjarnefndar þingsins, að taka málið upp og hafa forgöngu um að Íslendingar veiti Edward Snowden landvist á Íslandi.

Nú leyfi ég mér að spyrja hv. formann nefndarinnar, Unni Brá Konráðsdóttur, hvort nefndin hafi tekið þetta upp og hvort hún og allsherjarnefnd Alþingis muni beita sér fyrir því að Edward Snowden verði boðin landvist á Íslandi.

[10:34]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrir-spurn. Skemmst er frá því að segja að ekki hefur verið fjallað um þetta í allsherjarnefnd. En það eru ákveðnar reglur og lög í gangi um það með hvaða hætti Alþingi getur komið að því að veita ríkisborgararétt. Sá háttur hefur verið hafður á að það er yfirleitt gert í desember og síðan fyrir þinglok að vori.

Það hefur líka verið þannig að við í þinginu höfum verið að fjalla um umsóknir um ríkisborgararétt sem lagðar hafa verið fram og miðað við löginn skal slík umsókn fá umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingastofnunar. Yfirleitt er miðað við það að þeir sem eru að sækja um séu hér á landi. Svo er ekki í þessu tilfalli. Mér vitanlega hefur umsókn um ríkisborgararétt hér á Íslandi



ekki borist frá þessum einstaklingi og því hefur nefndin ekki tekið þetta fyrir og ég hef ekki áform um að gera það nema annað tilefni gefist til.

Hvernig ætti umfjöllun nefndarinnar að fara fram? Við höfum engin gögn, við höfum engar upplýsingar og þar af leiðandi engar forsendur til að meta hvort sá einstaklingur sem hér er spurt um uppfylli þau skilyrði að ástæða sé til þess fyrir okkur að taka það mál til umfjöllunar. Við mundum aldrei, tel ég, hér í þinginu fara að taka ákvarðanir án nokkurra gagna og nokkurra upplýsinga.

[10:36]

### Ásmundur Friðriksson (S):

Virðulegi forseti. Í dag og um helgina minnst Vestmannaeyingar þess að 40 ár eru liðin frá eldum á Heimae. 23. janúar gleymist þeim seint sem áttu heima í Vestmannaeyjum. Ég var nýorðinn 17 ára gamall þann dag og sú nótt líður mér seint úr minni.

Það líður okkur ekki heldur úr minni þegar forsætisráðherra þjóðarinnar, Ólafur Jóhannesson, sagði að Vestmannaeyjar skyldu rísa, þau orð eru okkur Vestmannaeyjum ofarlega í huga og það þakklæti sem við höfum vonandi endurgoldið þjóðinni með framlögum okkar og stöðu. Það lýsti því vel hvað Íslendingar stóðu vel saman þegar við flykktumst hingað til Reykjavíkur, höfuðborgarinnar, og síðan um allt land, hversu vel var tekið á móti okkur. Við erum ævarandi þakklát fyrir það. Við erum líka ævarandi þakklát fyrir þá mörgu nýju íbúa sem fluttust til Eyja eftir gosið og gerðu mannlífið í Vestmannaeyjum aftur svo skemmtilegt og gott eins og það hefur alltaf verið.

Í gosinu fóru 400 hús undir hraun þannig að víða var slegið mikið skarð í fjölskyldur og líf fólksins. Ég held að á þessum tímamótum ættum við að skoða hvort einhvern tímann þyrfti ekki, og það fljótlega, að skoða þau félagslegu áhrif sem gosið hafði á marga. Ég hygg að það hafi aldrei verið gert. Ég þekki mörg dæmi um fólk sem þurfti að bera hörmungarnar á hnefanum í gegnum lífið, og gerir enn, og það er örugglega rannsóknarefni fyrir okkur að skoða það. Í Vestmannaeyjum er rekin blómleg byggð í dag, mikil útgerð. Þar vinna 830 manns, þar eru útflutningsverðmæti um 50 milljarðar á ári í sjávarútvegi og við borgum skatta til þjóðarinnar eins og okkur ber. Við erum ánægðir og stoltir með hvað við eigum myndarleg fyrirtæki. Það er ánægjulegt að við skulum hafa upplifað það að Íslendingar sýndu úr hverju hjarta þeirra er þegar gosið varð.

[10:38]

### Líneik Anna Sævarsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Mig langar að gera öryggi við raforkudreifingu og kostnað við raforkudreifingu að umtalsefni. Á síðustu vikum hafa verið í fjölmiðlum fréttir af vinnu nefndar um útflutning raforku í gegnum sæstreng, enda skilaði ráðgjafarnefnd um lagningu sæstrengs til Evrópu lokaskýrslu til iðnaðar- og viðskiptaráðherra þann 26. júní.

Á sama tíma eru svæði víða um land sem búa við mjög takmarkað öryggi í raforkudreifingu. Nægir að nefna norðausturhornið og Vestfirði þar sem eru endastöðvar í dreifikerfinu auk þess sem veikir punktar eru víðar. Sem dæmi um þetta má nefna að 24. febrúar síðastliðinn olli breyting á

álagi á byggðalínu Landsnets á Suðvesturlandi yfirlestun á línunni sem síðan leiddi til rafmagnsleysis á nánast öllu Norðausturlandi um tíma eða Norður- og Austurlandi. Þessi breyting á álagi var vegna truflunar hjá álverinu í Straumsvík og táknið eftir, hún olli rafmagnsleysi á öllu Norðausturlandi.

Í tilkynningu frá Landsneti kom fram að byggðalínan væri komin að þölmörkum og rafmagnsflutningar um hana því mjög takmörkunum háðir. Þessi eina rafmagnstruflun olli verulegu tjóni á búnaði einstaklinga og fyrirtækja á Norður- og Austurlandi auk ómældis kostnaðar við enduræringu og yfirferð kerfa. Þessar takmarkanir á flutningsgetu og öryggi hafa veruleg áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni og koma niður á atvinnuuppbyggingu þar. Á sama tíma er dreifibýlið að greiða margfalt fyrir flutning raforku.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé mun brýnna að tryggja öruggari afhendingu rafmagns um land allt en að vinna að útflutningi raforku. Ég vil hvetja þingmenn til að finna leiðir til að fara í markvissa vinnu til að tryggja raforkudreifingu um land allt ásamt því að skoða verð til neytenda á dreifingu raforku.

[10:41]

### Elsa Lára Arnardóttir (F):

Hæstv. forseti. Undanfarna daga hef ég verið fjarri góðu gamni vegna annarra starfa á vegum þingsins. Á þessum tíma hef ég reynt eftir fremsta megni að fylgjast með framgangi mála hér á hinu háa Alþingi. Þau vinnubrögð sem maður hefur orðið vitni að undanfarna daga hafa komið mér óþægilega á óvart, sérstaklega í ljósi þess að fyrir síðustu kosningar töluðu allir flokkar um að bæta vinnubrögð á þingi og vinna saman, óháð flokkum, til að vinna fyrir fólknið sem kaus okkur til þessara verka.

Við vitum öll að við getum verið ósammála og við erum ósammála um marga hluti, en við getum verið ósammála á málefnalegan hátt. Stjórnarandstaðan sem gagnrýndi fyrrverandi stjórnarandstöðu harkalega fyrir vinnubrögð á síðasta þingi er fallin í sama farið eða jafnvel verra far en var í gangi.

Hv. þingmenn. Er ekki kominn tími til að hætta þessum sandkassaleik og grafa stríðsaxirnar, byrja að vinna saman, óháð flokkum, og vera ósammála á málefnalegan hátt því að þannig vinnum við betur að þeim málum sem við vorum kosin til? (Gripið fram í.) Fólknið úti er orðið langþreytt. Ég segi: Fólknið hér úti sem kaus okkur til þessara verka er orðið langþreytt (**BirgJ**: Og þar með kjósendur ykkar.) á þessum vinnubrögðum. Sýnum kjósendum okkar virðingu og vinnu á málefnalegan hátt fyrir þá.

[10:43]

### Elín Hirst (S):

Herra forseti. Þrátt fyrir að ég sé þeirrar skoðunar að ekki skuli eyða hinum dýrmæta tíma Alþingis í eitthvert óþarfapvaður og vilji vinna að því af öllu hjarta að auka á ný virðingu þess meðal þjóðarinnar tel ég mig samt knúna til að fræða menn örlítið um gallabuxur og verja heiður þeirra. Ég vil líka passa upp á það að við gerumst ekki forpokuð á Alþingi.

Saga gallabuxna hófst í borginni Genúa á Ítalíu á 19. öld þegar frægur þaðmullarkaupmaður hóf að framleiða buxur úr þessu efni fyrir sjómenn. Þær þóttu svo góðar flíkur að buxurnar frá Genúa urðu brátt vinsælar meðal sjómanna úti um alla Evrópu.

Franskir fataframleiðendur reyndu líka að líkja eftir buxunum góðu frá Ítalíu en mistókst og það var ekki fyrr en seint á 19. öld sem gallabuxur bárust til Bandaríkjanna og urðu svo gríðarlega vinsælar þar.

Þess má geta að gallabuxur sáust fyrst í Sovétríkjunum árið 1957 á heimsleikum æskulýðs og námsmanna og urðu strax mjög eftirsóttar meðal almennings — en ófáanlegar enda taldar merki um vestræna kapitalíska villutrú. Andófsmenn gerðu sér þess vegna far um að storka yfirvöldum með því að klæðast gallabuxum.

Ragnheiður Tryggvadóttir skrifaði góða grein um gallabuxur á visir.is. Hún segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að öll helstu tískuhús heims hanni og framleiði gallabuxur í dag í ýmsum sniðum virðast þær þó alltaf settar skór lægra en aðrar buxur í virðingargestiganum. Þær þykja ekki nógu finar, eru ekki spari, jafnvel órifnar og stífstraujaðar. Kannski er það vegna þess að gallabuxur hafa löngum verið tákn verkamanna, kúreka og hafnarverkamanna, vinnubuxur í verksmiðju.“

Að lokum vil ég vekja athygli á að það viðgengst ákveðið misrétti í þessum málum á Alþingi. Svartar, rauðar, grænar, drapplitar gallabuxur eru leyfðar (Forseti hringir.) en ekki bláar.

[10:45]

### Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég hyggst ræða um störf þingsins. Nú á þessum síðasta degi sumarþings er mér algerlega hulin ráðgáta til hvers stjórnarmeirihlutinn hefur efnt til þessa þinghalds hér vikum saman. Það eina að marki sem hefur komið út úr því þinghaldi er 10 milljarða lækkun til útgerðarmanna sem hefði allt eins mátt framkvæma í september. (Gripið fram í.) Ég held að það sé full ástæða fyrir stjórnarmeirihlutann að íhuga vel hversu óhönduglega hefur tekist til hér á fyrstu vikunum og hversu illa ígrundað, illa undirbúið og til lítils árangurs þetta starf hefur allt verið.

Steininn tók þó úr í morgun á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þegar lagt var fram í nefndinni frumvarp hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórnar Íslands um breytingu á sjálfum samkomudegi þjóðþingsins, þegar þingmenn stjórnarliðsins tilkynntu að frumvarpið sem var lagt fram í gær samræmist ekki stjórnarskránni og þeir yrðu þess vegna að gera breytingartillögu við frumvarp hæstv. forsætisráðherra svo það samræmist stjórnarskránni. Frumvarpið sem er flutt hér með meirihlutaofbeldi gegn vilja hluta þingsins breytir leikreglunum í þinginu af hálfu framkvæmdarvaldsins og var tekið inn með afbrigðum í gær.

Ég hvet þingmenn stjórnarliðsins, sérstaklega þá nýju, til að lesa skýrslu þingmannanefndarinnar og ályktun hennar sem var samþykkt með 63 atkvæðum gegn engu um að hér yrði að draga úr ráðherraeði, úr meirihlutaráði, hér yrði að auka sjálfstæði þingsins og gæta að vönduðum vinnubrögðum.

Virðulegur forseti. Ég auglýsi eftir lagaskrifstofu Al-

þingsins sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir talaði fyrir, (Forseti hringir.) eða ætla menn kannski að fela Brynjari Níelssyni (Forseti hringir.) að gæta þess að frumvörp hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) samræmist stjórnarskrá?

[10:47]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Við höfum rætt veiðigjöldin undanfarna daga og þann mikla afslátt sem þar er gefinn til útgerðarmanna í ár og á næsta ári upp á 10 milljarða. Á fundi atvinnuveganefndar í gærkvöldi töldu menn rétt, meiri hlutinn, að bæta um betur án þess að styðja það neinum útreikningum, rökum eða með einum eða neinum hætti, ekki komið með neitt frá atvinnuvegaráðuneytinu til að styðja þetta, engir útreikningar lágu þar að baki. Menn fundu það út korter fyrir þinglok að hægt væri að afnema algjörlega sérstakt veiðigjald á kolmunna án þess að neitt lægi þar að baki sem rökstyddi það og að skuldaafsláttur væri um 400 millj. kr. lægri en menn höfðu áætlað.

Það er mjög sérstakt að þessar tölur stemma saman, hvernig sem það kemur til. Menn töluðu um að kolmunninn hefði gefið um 459 milljónir og vanáætlaður skuldaafsláttur næmi um 400 milljónum. Það er mjög sérstakt að menn finni svona út en geti ekki sýnt okkur nefndarmönnum neina útreikninga eða eitt eða neitt sem styður enn frekari afslátt af sérstöku veiðigjaldi til útgerðarinnar.

Einhvern veginn er það þannig að manni kemur í hug að menn hafi kannski aðeins þurft að strjúka ákveðnum geira í uppsjávargeiranum og þetta hafi verið eitthvað sem átti að róa þann geira. Ef menn hafa verið að tala um vönduð vinnubrögð á þingi flokkast þetta varla til vandaðra vinnubrögða með gegnsæi og tölulegum staðreyndum til að byggja á með upplýstum ákvörðunum. Ég hvet menn til að skoða þetta nánar og skora á formann atvinnuveganefndar (Forseti hringir.) að styðja þetta með einhverjum útreikningum og rökum.

[10:50]

### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég verð að jata að ég varð fyrir vonbrigðum með svar hv. þingmanns, formanns allsherjarnefndar Alþingis, Unnar Brár Konráðsdóttur, vegna fyrirspurnar minnar áðan en leyfi mér að kveðja mér hljóðs að nýju og hvetja hana til dáða. Ég hvet hana til að beita sér fyrir því að allsherjarnefnd og Alþingi hafi forgöngu um að bjóða Edward Snowden landvist á Íslandi.

Hv. þingmaður, formaður allsherjarnefndar, segir að það skorti gögn í málinu. Heimspresnan er full af gögnum. Við höfum staðfesta yfirlýsingu frá einstaklingum sem hafa verið upplýstir um það sjálfir beint að um þá var nýjsoað og þar með brotin stjórnarskrá Íslands á mannréttindum þeirra. Okkur ber að bregðast við slíku.

Hv. þingmaður svarar með kerfissvari og segir að viðkomandi þurfi að vera staddur í landinu til að sækja um héli. Við erum að tala um landvist og við erum að tala um stórpólitískt mál. Einstaklingur sem hefur upplýst heimsbyggðina um stórfelld mannréttindabrot, brot á persónuvernd og stjórnarskrá nánast allra landa er að leita landvistar. Hann á hvergi höfði sínu að halla. Við erum að tala um

það að Alþingi Íslendinga hafi forgöngu um að bjóða þessum einstaklingi, sem við eigum öll skuld að gjalda sem viljum mannréttindunum vel og viljum standa vörð um stjórnarskrá okkar og lög, við erum að hvetja til þess að við veitum honum landvist.

Þá eru svörin þessi: Hann er ekki staddur hér á landi. Hann hefur ekki staðið formlega rétt að málum. Ég er að tala um að við höfum forgöngu um það, Alþingi Íslendinga, að Íslendingar hafi forgöngu um að bjóða þessum einstaklingi, sem heimsbyggðin öll á skuld að gjalda, (Forseti hringir.) landvist á Íslandi.

[10:52]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir brýninguna. Mér þykir leitt að geta ekki alltaf orðið við öllum óskum hv. þingmanns en þannig er þetta bara. Þar sem þingmaðurinn vísar í það að lög og stjórnarskrá skuli höfð í heiðri verðum við auðvitað líka að gera það. Ef við ætlum að fara að taka hér ákvarðanir um að veita tilteknum einstaklingum ríkisfang á Íslandi verðum við að sjálfsögðu að fara eftir þeim lögum og lagabókstaf sem um það gilda. (Gripið fram í.) Það er fjöldi fólks sem óskar eftir því að koma hingað til lands, fjöldi fólks sem hefur lagt fram umsóknir um að verða íslenskir ríkisborgarar, enda er það gott og mikil réttindi í því fölgín. Við þurfum, ef við ætlum að fara að taka einstaka einstaklinga fram fyrir í röðinni, að hafa um það einhverjar upplýsingar og einhver gögn. Þannig er það því miður í þessu máli eins og um alla aðra sem Alþingi hefur til umfjöllunar varðandi ríkisfang.

Þar sem hv. þingmaður var einu sinni í því hlutverki að vera ráðherra yfir þessum málaflokki hefði honum verið í löfa lagið af því tilfelli að breyta og leggja fram frumvarp um breytingu á lögum ef hann telur það vera rétt að það eigi að vera hægt að taka slíkar ákvarðanir án þess að hafa nokkrar upplýsingar né heldur umsókn um slíkt.

[10:53]

#### Róbert Marshall (Bf):

Virðulegur forseti. Mig langar til að blanda mér í þessa umræðu um störf þingsins vegna þess að ég hef nú í tvígang hlustað á þingmenn Framsóknarflokksins fjalla um sæstreng og sölu á raforku um sæstreng eins og það sé einhvers konar brot gegn íslenskri þjóðmenningu. Ég hvet til fordómalausrar og opnari umræðu um þessi málefni. Ég hef heyrt forstjóra Landsvirkjunar tala um það, ef ég man rétt, að væri sú umframorka sem til er í kerfinu seld um sæstreng gætu skapast tekjur upp á um 80 milljarða á ári. Það eru gríðarlegir fjármunir og ég tel að með vandaðri ramma-áætlun þar sem menn mundu ákveða hvar ætti að láta staðar numið í virkjunaráformum á Íslandi komi þetta vel til greina.

Reynsla Nordmanna af því að selja raforku með sæstreng til Hollands er afar góð. Þeir borguðu þann sæstreng upp á undraskömmum tíma. Það leiddi til einhverrar hækkingar á raforku meðal landsmanna, en tekjurnar sem þetta hefur skapað eru langt umfram það.

Ef menn vilja til dæmis beita sér í skattalækkunum tel ég að þetta væri mjög góð aðferð til þess. Menn gætu notað

80–100 milljarða til þess að lækka skatta og skapa atvinnu víðs vegar um landið. Það er ekki bara með því að selja raforku ódýrt til stóriðju sem hægt er að skapa störf. Það væri hægt að nýta þessa fjármuni til margs konar nýsköpunar víðs vegar um landið.

Án þess að ég sé að gagnrýna harðlega þessa umræðu ítreka ég að það er mikilvægt að þessi hugmynd sé rædd fordómalaust og menn séu ekki búnir að búa sér til einhverjar sviðsmyndir og útiloka þennan möguleika fyrir fram. Það er mikið glapræði.

[10:56]

#### Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Við erum að ræða störf þingsins. Hér hefur komið fram nokkur gagnrýni á þau, eðlilega. Það er áhugavert að heyra í hv. þingmanni sem fylgdist með þessu úr fjarska meðan hún sinni störfum á vegum þingsins. Ég held að við séum öll sammála um að við vildum hafa annan brag á og vildum gera þetta öðruvísi. Ég held að sjálfsagt sé að ræða það hreinskilnislega.

Mér finnst samt svolítið mikið í lagt þegar hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar koma og gagnrýna vinnubrögðin kringum veiðileyfagjaldið. Af hverju halda menn að við höfum þurft að fara í þessa vinnu út af veiðileyfagjaldinu? Halda menn að það sé einhver ósk eða kostur að fara í hana á sumarþingi? (Gripið fram í: Lækka gjöldin.) Af hverju tala menn með þessum hætti? Þeir vita að þannig var gengið frá þessu að lagalegir og tæknilegir annmarkar gera það að verkum að ekki er hægt að leggja á veiðileyfagjöldin að öllu óbreyttu. (Gripið fram í.) Það er staðreynd málsins og við sitjum hérna og þurfum — (Gripið fram í.) ég heyrir að nú er hv. stjórnarandstæðingum órótt, og jafnvel rólegustu stjórnarandstæðingar kalla fram í, vegna þess að þeir vita upp á sig sökina.

Virðulegi forseti. Það er mjög vont að þurfa að vinna þetta á skömmum tíma eins og nú er gert. Það er enginn vafi á því, en það er ekki hægt að kenna nýrri stjórn um það vegna þess að þetta er arfur eldri stjórnar. Ef einhver heldur því fram að hægt sé að leggja fram veiðileyfagjöldin að öllu óbreyttu hvet ég viðkomandi til að kynna sér málið.

Ég hvet viðkomandi aðila, hv. þingmenn, til að kynna sér það sem forsvarsmenn veiðigjaldsnefndar hafa farið yfir á fundi nefndar sem fjallar um þau mál því að við getum verið sammála um ýmislegt, (Forseti hringir.) ósammála um annað en þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir, það var þannig gengið frá þessu af síðustu ríkisstjórn (Forseti hringir.) að ekki varð hjá því komist að fara í málið.

[10:58]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Fyrst vegna ummæla hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar er það að segja að hafi Hagstofuna eða veiðigjaldsnefnd skort lagaheimildir til að vinna vinnu sína verður ekki úr því bætt með því að lækka veiðileyfagjaldið um 10 milljarða eins og ríkisstjórnin er að leggja til. Það er hreinn þvættingur. Það þarf að skjóta stoðum undir heimildir Hagstofunnar og veiðileyfagjalda með öðrum leiðum en að lækka gjöldin og álögur á útgerðina. Þetta hljóta menn að skilja ef þeir hugsa.

Að öðru leyti kvaddi ég mér hljóðs í kjölfar ræðu hv. þm. Elsu Lára Arnardóttur sem kom hingað upp til að gagnrýna störf þingsins, einkum og sér í lagi stjórnarandstöðunnar á þessu sumarþingi. Ég spyr: Hvar hefur þessi hv. þingmaður alið mannþingi? Hefur hún ekki fylgst með vinnubrögðum og framgangi stjórnarmeirihlutans á þessu þingi, m.a. í umræddu veiðileyfagjaldamáli, m.a. í ljósi þeirra áherslumála sem ríkisstjórnin leggur fram á stuttu sumarþingi, m.a. í ljósi þess frumvarps sem hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir fyrir hönd forsætisráðherra í gærkvöldi um breytingar á þingsköpum Alþingis þar sem lagt er til að samkomudegi þingsins verði breytt án þess að um þær breytingar á þingsköpum sé full samstaða?

Forseti Alþingis, sem ég býð velkominn til starfa á nýjan leik, hefur lýst þeirri skoðun sinni að um umgjörðina um störf þingsins, þar með talið þingsköpin að sjálfsögðu, ætti að verða breið samstaða og að á þeim yrði ekki gerð breyting nema allir væru á einu máli um hana. Og þetta eru vinnubrögð sem stjórnin býður hér upp á og ég held að þingmenn stjórnarflokkanna ættu aðeins að horfa í eigin rann áður en þeir fara að valta yfir stjórnarandstöðuna.

[11:00]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Hér kom upp áðan hv. þm. Elsa Lára Arnardóttir og hafði áhyggjur af því hvernig hegðun manna væri hér í þinginu og hvatti til samstöðu, samstarfs og sátta.

Ég tek heils hugar undir með hv. þingmanni um þau markmið, en það kom mér á óvart að þessi ræða skyldi ekki hafa verið flutt í þingflokksbergi Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Það er þar sem hún á heima ef miðað er við hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig á sumarþinginu. Við höfum mátt sæta ræðum, m.a. frá hæstv. forsætisráðherra, þar sem hann talar niður til stjórnarandstöðunnar. Ég var tilneyddur að fara í harkalegt andsvar og raunar ræðu, þar sem ég hafði ætlað að vera búinn að ljúka máli mínu, einfaldlega vegna þess hvernig framgangurinn var.

Hvað er það sem veldur því að harðar deilur hafa orðið um mál? Það er framsetningin á málinu, hvað verið er að setja fram. Það er forgangsröðunin í samfélaginu, það er verið að kollvarpa samfélaginu. Það er verið að breyta í gömlu tímana. Og eruð þið hissa þótt hart sé tekist á þegar við fáum skýrslu um Íbúðalánasjóð og sjáum hvernig Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa hegðað sér á liðnum árum — og svo sjáum við öll sömu einkennin aftur. Eigum við að sitja hér eins og þrúðar dúkkur og tala ekki um þetta? Nei, ég biðst undan því.

Ég biðst líka undan því að það sé ekki málefnalegt að taka á þeirri umræðu og leita sátta og niðurstöðu. Þar skal ég verða fyrstur til enda talaði ég um það hér, þegar ég kom í þingið og hef gert öll undanfarin ár, að við eigum að reyna að ræða málefnalega um málin og leita lausna. Það er tilgangurinn.

En mér hefur algjörlega blöskrað, ég notaði það hugtak hér vitandi það að við höfum öll þekkt hugtakið valdefling sem er um að styrkja stöðu fólks, bera virðingu fyrir því, tryggja því að það geti lifað eðlilegu lífi í eðlilegu samfélagi.

Við höfum orðið vitni að því á þessu þingi, á þessu sum-

arþingi, að hér er ekki verið að reyna að auka valdeflingu, hv. þm. Elsa Lára Arnardóttir, það er valdeiting í gangi af hálfu stjórnarmeirihlutans.

[11:03]

**Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins að fá tækifæri til að svara hv. þingmanni sem talaði um hvernig við hegðum okkur í þinginu. Mig langar til að leggja áherslu á að við tölum um, kannski fyrst og fremst minni hluta en ekki endilega alltaf stjórnarandstöðu eins og við höfum bent á, og líka píratar, og einnig að við setjum ekki alla undir sama hatt og nefnum þá flokkana sem við erum að tala um. Ég vil ekki sitja undir því að verið sé að segja í þinginu að til dæmis við í Bjartri framtíð séum með einhverja ómálefnalega umræðu og séum með ókurteisi. Ég sit ekki undir því. Ég hef líka tekið eftir því og langar til að koma því á framfæri að þegar nýir þingmenn tala úr pontu finnst mér ekki við hæfi að verið sé með frammiköll. Það er stressandi að standa hérna og það þarf að venjast því. Sýnum þingmönnum virðingu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Þessi frammiköll eru bara til leiðinda.

Umræðu lokið.

**Sérstök umræða.**

Úthlutunarreglur LÍN og kjör stúdenta.

[11:04]

**Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra hefur í krafti embættis síns og með aðstoð nýs stjórnarformanns LÍN breytt úthlutunarreglum sjóðsins með tveggja mánaða fyrirvara þvert á tilmæli umboðsmanns Alþingis um sama mál frá 2010.

Í ágúst verða námsmenn að skila 75% námsárangri, þ.e. frá og með næsta skólaári, á önn til að fá námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Hæstv. ráðherra hefur í þessum ræðustól rökstutt ákvörðun sína með því að segja að svona hafi þetta verið áður, eins og það séu rök í sjálfu sér, og að námsmenn, með leyfi forseta, „eigi að vera í skólanum af fullri alvöru“. Mér þætti fróðlegt að vita skilgreiningu hæstv. ráðherra á því. Eru þeir sem eru til dæmis í námi með vinnu og með börn á framfæri eða þeir sem sinna námi sínu hægar af einhverjum öðrum ástæðum ekki að sinna námi sínu af fullri alvöru, hæstv. menntamálaráðherra?

Stjórnvöld og samfélagið allt hefur undanfarið ár talið okkur hafa hag af því, fjárhagslegan hag til lengri tíma litíð, að efla og auka aðgengi til náms. En nú ber annað við, ráðherra kveðst verða að hagræða og niðurskurðarkrafan í þessu tilfalli er 127 milljónir.

Herra forseti. Ég bara trúi því ekki þegar ríkisstjórnin hafnar milljörðum í ríkiskassann frá útgerðinni og frá ferðaþjónustunni, eins og hún gerir á þessu þingi, að 127 milljónir séu mikið vandamál í því stóra samhengi. Eru þessar skattalækkanir ykkar ekki hvort sem er að fara að bjarga öllu?

Nei, herra forseti, þetta er ný stefna. Við erum beinlínis að horfa á stefnubreytingu hjá núverandi ríkisstjórn í að-

gengi að háskólamenntun og fjölbreytni til náms. Það er verið að loka dyrum til hálfis og það þýðir að sumir komast ekki inn. Ef fólk getur ekki hert sig í hraða er verið að útiloka það frá lánasjóðnum.

Herra forseti. Það eru margar spurningar sem brenna á mér varðandi þessar nýju úthlutunarreglur. Fyrst vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig vinnuferlið hafi verið við þessa breytingu hjá sjóðnum. Var haft samráð við fulltrúa stúdenta? Ef svo er, hvernig var því háttað?

Hvernig var vinnan við breytinguna útfærð? Var gerð greining á því hvaða hópar stúdenta mundu fara verst út úr breytingunni, eins og til dæmis má gera með aðferðum um kynjaða hagstjórn?

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað hugsanlegt brottfall þeirra stúdenta, sem ekki munu geta haldið námi áfram eftir breytinguna, muni kosta samfélagið. Er búið að áætla það?

Að lokum er ég hugsí yfir því hvernig þessi skerðing í úthlutunum verður í praxis. Það er nefnilega þannig að í raun er verið að krefjast 100% árangurs í mörgum deildum háskólanna, ekki 75%. Það er út af einingakerfunum og uppsetningu námsleiða. Margar þeirra bjóða nær eingöngu upp á 10 eininga kúrsa en 30 einingar teljast fullt nám. LÍN krefst 22 eininga til að fá námslán þannig að ef nemandi fellur einhverra hluta vegna í einu fagi nær hann aðeins 20 einingum. Hann getur ekki fengið þær 22 einingar sem LÍN krefst nú vegna kerfisins. Hann þarf því að sýna fram á 100% námsárangur til að vera lánshæfur hjá LÍN. Ætlar ráðherra í það minnsta að koma til móts við þessar athugasemdir stúdenta?

[11:08]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu. Tildrög þessa máls eru auðvitað kunn og hafa verið rædd, það er sú staða sem upp er komin í ríkisfjármálum, að hallinn á ríkissjóði yrði umtalsvert miklu meiri en áætlað hafði verið. Þær tillögur sem höfðu verið unnar af fyrri stjórn lánasjóðsins báru það með sér að þar var miðað við og reiknað með að staða ríkisfjármála væri sú sem talið var og því væri svigrúm til þess að auka útgjöld sjóðsins um töluverðar fjárupphæðir.

Það kemur síðan í ljós að svo er ekki, staða ríkisfjármála heimilar það ekki og það sem meira er, staðan er það slæm, þegar þessi ríkisstjórn tekur við völdum, að það þarf að skera niður útgjöld og á þessum lið, og reyndar öllum öðrum, er krafa um 1,5% niðurskurð. Er þá einungis verið að mæta reyndar hluta af þeim mikla halla sem við okkur blasir.

Tillaga sem kemur frá stjórn lánasjóðsins er sú að þær breytingar verði gerðar að aftur verði farið til þess námsframvinduhlutfalls sem var hér um langa tíð sem var 75%. Það ber líka að hafa í huga að það er sama námsframvindu-  
hlutfallið og er almennt á Norðurlöndunum. Auðvitað eru til undantekningar á hverjum stað en það er almenna krafan. Ég leyfi mér að halda því fram að þrátt fyrir þau ummæli sem hér hafa fallið, um einhvers konar mannvonsku í þessum málum, verði því vart haldið fram að Norðurlöndin

haldi þannig á þessum málum að ekki sé reynt einmitt að mæta þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rædd og er mikilvægt að mæta.

Af hálfu stúdenta hafa komið fram athugasemdir sem er rétt að bregðast við. Þær hafa verið ræddar í stjórn sjóðsins og ég vil nota þetta tækifæri til að tilkynna að í kjölfar fundar sem ég átti með forustumönnum stúdenta hér fyrir nokkrum dögum eru atriði sem ég tel rétt að verði brugðist við, atriði sem þau hafa sett fram. Í fyrsta lagi er einmitt þessi vandi með 10 einingarnar sem málshefjandi benti á. Til að mæta þeim vanda verður þetta gert þannig að í staðinn fyrir að horfa á önnina eina sér og krefjast 75% árangurs á önninni einni verður horft á skólaárið. Þá verður árið undir sem býr til þetta svigrúm og mætir þeim vanda sem málshefjandi nefndi og stúdentarnir hafa vakið athygli á.

Í öðru lagi hafa líka komið upp áhyggjur af stöðu öryrkja og lesblindra. Þannig er að nú er krafan um 9 eininga námsframvindu og með því að gert er ráð fyrir 75% námsframvindu hækkar sú krafa. Niðurstaðan verður þá sú að ekki verður gerð krafa á þá sem búa við örorku eða lesblindu um að auka námshraðann, það verður áfram sama krafa um námsframvindu gagnvart þeim.

Í þriðja lagi verður horft til þess að sé um að ræða síðustu önn og ekki í boði nægilega margar einingar til að standast 22 einingar, eins og lagt er upp með, verði horft til þess þannig að hægt verður að skilgreina það sem fullt nám, þann einingafjölda sem í raun og veru er eftir.

Þetta er mikilvægt að taka fram, þetta eru athugasemdir sem stúdentarnir hafa komið með til okkar. Að sjálfsögðu höfum við sest yfir þetta af mikilli vandvirkni. En ég vil nefna það enn og aftur að þessi aðgerð sem gerir vissulega auknar kröfur, gerir kröfur um 75% námsframvindu, sömu kröfur og hafa verið hér um langa tíð, sömu kröfur og almennt eru gerðar á Norðurlöndunum, gera okkur þá kleift að hækka um leið grunnframfærsluna um 3%. Framfærslan hækkar og það er þá fyrir stóran, og stærsta, hluta stúdenta sem ég held að sé mjög mikilvægt — það er ein aðalkrafan sem fram hefur komið af hálfu stúdenta að þessi þáttur málsins, þ.e. grunnframfærslan, að bætt verði í þar í það minnsta fyrir verðbólguna.

Samantekið er hér verið að ræða um að taka upp það kerfi sem við höfum haft um langa hríð, sama fyrirkomulag og er almennt á Norðurlöndunum. Ég hef hér með sagt frá því til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að mæta þeim vanda sem meðal annars málshefjandi og stúdentar hafa nefnt (Forseti hringir.) og ég legg áherslu á það að þetta þýðir að námslámin munu hækka.

[11:14]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda, Björt Ólafsdóttur, fyrir að vekja máls á þessu. Umræðan er afar þörf vegna þess að hún tengist líka þeirri forgangsöröðun sem er í gangi núna og við sjáum á sumarþinginu með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar.

Það hefur verið viðurkennt að í gegnum hrún og erfiðleika eins og við höfum mátt ganga í gegnum skiptir menntun gríðarlega miklu máli, þekking. Þetta er mikilvægasta forsenda farsældar til framtíðar.

Það varð til þess að fyrrverandi ríkisstjórn lagði mjög mikla áherslu á það að verja þennan málaflokk eftir getu þó að það hafi engan veginn tekist að fullu, einfaldlega vegna þess að höggvið var svo mikið. Þannig var ráðist í verkefni eins og *Nám er vinnandi vegur* þar sem allt að þúsund nemendur komust inn í skólana. Kennarar lögðu gríðarlega mikið á sig og skólarnir allir til að reyna að tryggja að fólk ætti möguleika á menntun. Á sama tíma hefur verið mjög ríkur vilji fyrrverandi stjórnvalda, og vonandi verður það áfram hjá núverandi stjórnvöldum, að tryggja aðgang allra að menntun, þ.e. að menn eigi kost á því að fara í nám, og menn eigi líka kost á að koma aftur í nám, byrja í námi að nýju, fara inn í skólana til að sækja sér frekari menntun. Á því þarf samfélagið að halda.

Takmarkanir sem nú er verið að setja fram með tillögum Lánasjóðs íslenskra námsmanna með velvilja hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra munu hafa það í för með sér, þrátt fyrir þær mótvægisáðgerðir sem hæstv. ráðherra nefndi, að þrengja mun að þessum kostum, einmitt hjá fólki sem misst hefur af lestinni, m.a. vegna barneigna, hefur valið að stoppa í skólum og fara inn aftur, hefur ekki efni á að missa tekjur, getur ekki stundað fullt nám. Þetta er hópurinn sem mun verða harðast úti í þeim breytingum sem hér eru settar fram.

Ég vara þess vegna mjög við þessu. Það er sorglegt að hlusta á það að verið sé að kenna því um að ástandið sé verra en reiknað hafi verið með. Það er ekkert af upplýsingum sem hafa komið fram sem benda til þess. Við erum bara að sjá nýja forgangsroðun.

[11:16]

### **Arni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Í grunninn eru hinar fyrirhuguðu breytingar á úthlutunarreglum lánasjóðsins tilkomnar til að mæta niðurskurðarkröfu ríkisstjórnarinnar á einstök ráðuneyti, og væntanlega fær menntamálaráðuneytið á sig kröfu um að skera niður um 1,5% flatt eins og fram hefur komið.

Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óskiljanlegt og sýnir að það er allt annað en menntun sem er í forgrunni hjá núverandi ríkisstjórn. Við höfum orðið vör við það hér á sumarþingi að að minnsta kosti einstakir aðrir ráðherrar eru að lýsa yfir alls konar útgjöldum og hæstv. menntamálaráðherra virðist bara þurfa að lúffa fyrir kvótakóngum.

Í öðru lagi, þegar ákveðið er að skera niður hjá sjóðnum, að taka ákvörðun um hvernig sá niðurskurður skuli koma til — ég velti fyrir mér hvort hugsað hafi verið um aðrar leiðir en að fara í að auka námsframvindukröfurnar sem leiðir til þess að tiltekinn hluti námsmanna, jafnvel 10–15%, missir alfarið rétt til námslána.

Hér hefur verið farið yfir námsframvindukröfunu, 22 einingar í stað 18. Þetta er að mínu viti algjörlega galin krafa, einkum vegna uppbyggingar náms í háskólanum. Þar hefur sérstaklega verið bent á stóra kúrsa upp á 10 einingar hvern en hæstv. ráðherra hefur nú þegar sagt að það verði tekið til sérstakrar skoðunar. Sömuleiðis hefur hann sagt að þessu verði beitt með þeim hætti að þeir sem skila 75% á heilu námsári eða meira þurfi ekki að verða sviptir námsláni í heila önn eins og ráðgert var. Þetta er vissulega til bóta.

Ég vil segja líka að samanburður við Norðurlöndin er algjörlega galinn. Það geta ekki og eiga ekki að vera sömu forsendur fyrir fjármunum sem menn fá í styrki annars vegar og fjármunum sem menn fá lánaða. Það er mýta í þessu öllu saman að hluti námslána á Íslandi sé styrkur. Slíkur styrkur er einungis til þeirra sem eru með hæst lán og fara seint á vinnumarkaðinn en miðgildismemandinn fær lítinn sem engan styrk.

Við sjáum í þessu öllu þegar öllu er á botninn hvolft að þetta (Forseti hringir.) snýst fyrst og fremst um það að ráðherrann treystir sér ekki til að standa vörð um LÍN og menntakerfið á meðan teknar eru af tekjulindir eins og (Forseti hringir.) veiðigjöld og auðlindaskattur. (Forseti hringir.) Við sjáum í hverju sending ríkisstjórnarinnar til námsmanna felst.

**(Forseti (EKG):** Forseti vill biðja þingmenn að gæta tímamarka í ræðum sínum.)

[11:19]

### **Haraldur Einarsson (F):**

Hæstv. forseti. Að mínu mati á að auka námskröfur og hafa þær sambærilegar og eru á Norðurlöndum, enda er hér verið að ræða sömu kröfur og voru fram til ársins 2007. Boðaður hefur verið niðurskurður upp á 1,5% og deila má um hvort rétt sé að láta það lenda á námsmönnum með þessum hætti.

Við vitum á hvaða námsmönnum þetta bitnar, en þar ætti undanþága LÍN að hjálpa til. Með leyfi forseta stendur á heimasíðu LÍN:

„Námsmenn geta sótt um aukið svigrúm í námi ef veikindi, barnsburður, örorka eða annað s.s. lesblinda gera það að verkum að þeir geta ekki skilað lágmarksárangri í námi.“

Ég tel að nýjar reglur mundu að öllum líkindum fjölga undanþágum.

Gagnrýni mín liggur helst í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hæstv. menntamálaráðherra að hafa ekki samráð við nemendur og námsmannahreyfingarnar fyrir fram. Í þeim hreyfingum er að jafnaði ungt fólk. Í kosningabaráttunni tók ég eftir því að ungt fólk hafði ekki nægilegar skoðanir á málefnum. En hér er nýtt vandamál, það er ekki nægilega hlustað á unga fólk. Við erum ekki nógu oft spurð ráða.

Einnig gagnrýni ég þann skamma fyrirvara sem námsmenn fá til að undirbúa sig. Fólk er löngu bútt að innrita sig í skólana, borga skólagjöld og setja upp stundaskrá og nú á að breyta námsframvindu með svo stuttum fyrirvara. Námsmenn hefðu kannski valið annað nám eða hagað áfangavali með öðrum hætti ef þetta hefði legið fyrir við innritun.

Að mínu mati eigum við ekki að ná fram niðurskurði hjá lánastofnun námsmanna með því að auka námskröfur, sérstaklega ekki með skömmum fyrirvara.

[11:21]

### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti og hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra. Ég fagna því eðlilega að verið sé að skoða þetta mál og það hvernig hægt er að koma til móts við þann vanda sem upp hefur komið í umræðunni og komið í ljós að

er fyrir hendi, t.d. vegna uppbyggingar námsins innan háskólans, einingafjölda og annars, en líka vegna þeirra hópa sem þessi breyting mun bitna á. Ég vil samt sem áður segja og taka undir með hv. þm. Björt Ólafsdóttur að þær athugasemdir sem komu frá hæstv. menntamálaráðherra um að nemendur gætu alveg gert þetta svona því að þar með sinntu þeir námi sínu af fullri alvöru er háalvarlegt mál.

Nemendur sem geta ekki stundað nám sitt jafn hratt og normið gerir kröfu um gera það ekki endilega vegna þess að þeir geti það ekki eða vegna þess að þeir hafi ekki metnað til þess. Það er einfaldlega vegna þess að samfélagið okkar er þannig hannað að það gerir ekki ráð fyrir öllum. Og það er þannig hannað að það veitir ekki öllum sem þess þurfa víðeigandi aðstoð. Það gerir það að verkum að sam-  
anburður við Norðurlöndin í þessum efnum er að mínu mati óþolandi. Það er rosalega algengt hjá okkur að við berum okkur saman við Norðurlöndin þegar okkur hentar það en svo gerum við það ekki þegar okkur hentar það ekki.

Í mínu tilvikum er það þannig að ég hefði einungis getað lokið háskólanámi á fullum hraða vegna þess að ég var með notendastýrða persónulega aðstoð allan sólarhringinn. Það er forsenda þess að ég geti lokið námi mínu. Ef ég hefði ekki verið með notendastýrða persónulega aðstoð hefði ég lokið námi einhvern tímann en ég hefði alveg verið jafn metnaðarfullur námsmaður engu að síður.

Ég vil eiginlega beina þeim tilmælum til hæstv. menntamálaráðherra að hann skoði það hvort ekki þurfi að biðjast afsökunar á þessum tilmælum.

Að lokum vil ég samt segja að ég fagna umræðunni sem ég vona að skili sér í því að þessar breytingar muni ekki leiða til þess að mismunun verði á grundvelli skerðinga og félagslegrar stöðu til háskólanáms á Íslandi.

[11:23]

### **Valgerður Gunnarsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra er fyrirhugað að breyta úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Eins og staðan er núna er gert ráð fyrir að námsmenn sem ekki glíma við einhvers konar örorku, fötlun, lesblindu eða annað sem sannarlega tefur nám, þ.e. námsmenn sem hafa fulla getu til eðlilegrar námsframvindu, skili að lágmarki 60% af ECTS-viðmiði hvern annar í sínu námi eða 18 ECTS-einingum á önn.

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að lágmarksnámsframvinda verði 75% eða 22 ECTS á önn. Þessari breytingu fylgir líka að hægt verður að hliðra námsárangri til milli anna og sé þá miðað við að lágmarksnámsframvinda til lánshæfis sé 44 ECTS á skólaárinu. Sú hliðrun er ekki til staðar í núverandi úthlutunarreglum.

Lánsupphæð miðast nú við hverja ECTS-einingu sem námsmaður lýkur. Er upphæð ECTS-einingar nú 21.090 kr. á skólaárinu og námsmaður sem skilar sínum lágmarks 18 ECTS á önn hefur því til framfærslu frá LÍN 84.360 kr. á mánuði.

Námsmaður sem skilar 100% námsframvindu, þ.e. 30 ECTS, fær 140.600 á mánuði.

Auknar kröfur um lágmarksnámsframvindu hafa því í för með sér auknar ráðstöfunartekjur hjá námsmönnum, 106.200 kr. á mánuði miðað við 22 ECTS lágmarkið, og þá

3% hækkun sem hæstv. menntamálaráðherra leggur til að verði samfara þessari breytingu um lágmarksnámsframvindu. Það er því hagkvæmt fyrir námsmenn að skila sem (Forseti hringir.) bestum árangri, bæði fjárhagslega og með tilliti til þess tíma sem fer í námið.

[11:26]

### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá og hæstv. menntamálaráðherra fyrir að draga nokkuð í land með áform sín. Það er allt of sjaldgæft að ráðherrarn gangist við mistökum sínum þegar þau eru gerð og það að endurskoða þessi áform, þó að of lítið sé að gert, er fagnaðarefni, enda er alveg augljóst að hér skorti samráð og vandaðan undirbúning.

Ég tek eindregið undir með hv. þingmanni Framsóknarflokksins, Haraldí Einarssyni, þetta er auðvitað enginn fyrirviri á svona breytingum. Þetta eru vinnubrögð sem urðu allt of algeng hér eftir hrun, bráðaaðgerðir, stundum kannski af nauðsyn en allt of oft að óþörfu.

Við þurfum að hafa samráð, vanda undirbúning og gæta þess að ákvarðanir sem varða þúsundir manna séu þannig teknar að ekki þurfi að draga í land og breyta þeim strax vegna þess að þær séu svo augljóslega gallaðar.

Því miður, þetta er sjálfskaparviti. Ríkisstjórnin hefur hér á sumarþingi ákveðið að lækka veiðileyfagjald um líðlega 6 milljarða. Þessi aðgerð hér er 1/50 hluti þess niðurskurðar sem þarf að fara í á næsta ári til að mæta eftirgjöf-  
inni til stórútgærdarinnar. Í 50 svona niðurskurðarleiddangra, gagnvart námsmönnum, inni á spítölunum, í menntaskólunum, í háskólunum, þarf stjórnarmeirihlutinn nú að fara vegna þess að hann hefur skrifað gjafatékka til stórútgærdarinnar, í sérhagsmunagæslu sem engin innstæða var fyrir.

[11:27]

### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég vil rétt eins og aðrir þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga viðfangs-  
efni. Þetta er, eins og hér hefur komið fram, partur af þeirri pólitísku mynd sem hér er að dragast upp og því að hæstv. menntamálaráðherra fer mikinn og mjög reykt fram í sínum embættisverkum á fyrstu vikum nýrrar ríkisstjórnar. Þessi nýja stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem er skipuð sjálfstæðismönnum eingöngu, gerir þá tillögu sem hv. þm. Haraldur Einarsson gerir athugasemdir við, þ.e. um samráðið.

Námsframvindakrafan átti að vera til þess að spara sjóðnum peninga, ekki satt? Samt hefur ráðherrann ítrekað vísað til þess að reglan sé til þess að hvetja fólk áfram í námi og að við séum allt of lengi að útskrifa fólk úr námi þegar hann er nánar spurður út í það. Þetta eru einfaldlega allt önnur rök og sennilega ólögæt sjónarmið, virðulegi forseti. Stjórn LÍN hefur hvorki valdheimildir né tilgang samkvæmt lögum til að hafa áhrif á stefnu háskóla eða námsmanna um námshraða.

Vilji ráðherra ná þeim markmiðum verður hann að gera það í gegnum háskólana. Með þessu úrræði er verið að fara bakdyramegin að þessum markmiðum um aukna námsframvindu sem vegur að sjálfstæði háskólanna en það er,

hæstv. ráðherra til upplýsingar, gríðarlega mikilvægur hluti af eðli þeirra.

Það er líka rétt að geta þess að hér er um að ræða afar óvandaða stjórnisyluætti, hér er verið að breyta úthlutunarreglum með svo skömmum fyrirvara, þegar innan við tveir mánuðir eru þar til skólaárið hefst, og þar er alveg klárlega verið að koma aftan að námsmönnum. Í því samhengi er rétt að nefna að umboðsmaður Alþingis hefur þegar, og fyrir nokkrum missirum, beint þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðherra og lánasjóðsins að alltaf þurfi að tryggja námsmönnum fullnægjandi ráðrúm til að bregðast við breytingum á úthlutunarreglum. Þetta hefur hæstv. ráðherra til viðbótar hunsað.

[11:30]

### Jóhanna María Sigmundsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Björt Ólafsdóttur. Helsta gagnrýni mín á 1,5% niðurskurð hjá LÍN er aðdragandi hans. Hann kemur allt of seint fyrir þetta ár. Námsmenn hafa nú þegar undirbúið sig fyrir þetta námsár eftir drögum að námskrám sem nú þegar hafa borist þeim. Í hið minnsta hefði mátt vera fyrirvari um að breytingar væru í bígerð.

Þessi niðurskurður og aukin krafa á námsmenn er gerð í hálfgerðu bríarí ef afleiðingarnar eru skoðaðar. Til að mynda þurfa námsmenn sem eru að klára nám nú oft að bæta við sig óþarfaáföngum aðeins til að uppfylla ný skilyrði. Með þessu erum við að biðja fólk að lengja námstíma sinn og bæta á sig óþarfaálagi til að vera lánshæft og geta klárað námið. Þarna er að sjá öfugmæli miðað við boðaðan niðurskurð, meiri útlát verða í námskerfinu með lengdum námstíma hvers námsmanns sem þarf að fara þessa leið til að uppfylla skilyrðin.

Herra forseti. Mín skoðun er sú að ef LÍN, ríkissjóður og menntakerfið ættu að koma vel út úr svona vinnu þyrfti lengri tíma til að útfæra hana svo við séum ekki að tala þvert við okkur sjálf þótt ég skilji að niðurskurður þurfi að verða á einhverjum sviðum.

[11:31]

### Björt Ólafsdóttir (Bf):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin, þakka viðleitnina. Ég kann að meta það að fólk taki við sér og taki við ábendingum, það finnst mér þakkarvert þótt mér finnst ekki nóg hafa verið gert. Ég verð að segja að ef ég ætti að velja á milli hækunar á grunnframfærslu um 3%, sem er ekki neitt neitt fyrir heildina, og tefla því saman við jafnrétti til náms vel ég jafnrétti til náms. Ég verð að segja það.

Varðandi Norðurlöndin hefur náttúrlega komið fram í máli hv. þingmanna að þar er allt annað dæmi, þar eru styrkir og námsmenn á Íslandi eru alls konar. Það er meiri fjölbreytni þar. Út af því, út af þessu hrúni líka, þetta er ákveðið félagslegt úrræði núna að fara í nám. Fólk er að taka á honum stóra sínum, bæta við sig vinnu, fara í nám og efla möguleika sína og framfærslu fyrir sig og börnin sín, oft einstæðar mæður. Og það er verið að skerða þetta. Mér finnst það svo sárt að það sé dregin þarna ein lína. Jú, það er verið að reyna að redda þessu aðeins en þetta er röng hugsun og þetta er tilfærsla á vandamáli.

Munum að ríkissjóður er einn pottur og hér er um að ræða tilfærslu á vandamáli. Það er ekki góður bragur á þessu.

[11:33]

### Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):

Virðulegi forseti. Niðurskurðarkrafan lá ljós fyrir og við henni varð að bregðast. Það lá líka ljóst fyrir að þær hugmyndir sem fyrri stjórn sjóðsins hafði um verulegan útgjaldaauka gátu ekki gengið fram. Þess vegna var lífill tími frá því að ríkisstjórnin tók við þar til þurfti að bregðast við og skila til fjármálaráðuneytisins tillögum um hvornig yrði brugðist við niðurskurðarkröfunum. Það útskýrir tímarni í þessu máli.

Þetta eru markmiðin, ég gerði grein fyrir aðgerðum sem ég tel hægt að grípa til án þess að hverfa frá þeim markmiðum og þeim tilgangi sem hér liggur að baki. Það snýr einmitt að því að mæta þeim vanda sem stúdentarnir hafa bent á. Það er hægt að gera varðandi 10 eininga kúrsa og varðandi samsetningu námsins og með því að líta á námsárið í heild en ekki á hverja önn fyrir sig. Það held ég að skipti verulega miklu máli.

Ég legg líka áherslu á að það skiptir máli hvað varðar öryrkja, lesblinda, þá sem eru í slíkri stöðu, að ekki verða gerðar auknar kröfur á þann hóp. Það verða nákvæmlega sömu kröfur áfram. Áfram eru sömu félagslegu úrræði í Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það er mikilvægt, af því að stundum er umræðan eins og verið sé að afnema þau.

Það sem er að gerast er að námsframvindukrafan verður sú hin sama og var hér um langa tíð. Námsframvindukrafan verður sú hin sama og er á Norðurlöndunum og þetta er námsframvindukrafan sem er að ræða en ekki upphæð námslánanna eða styrkjanna. Það er styrkur í íslenska námslánakerfinu. Hann dreifist mismunandi en það er styrkur samt. En það er ekki það sem málið snýst um, það snýst um námsframvinduna, réttinn til að fá annaðhvort styrk eða lán. Hversu mikið af náminu þarf að klára á hverju önu tíma til að geta nýtt sér þann rétt að fá annaðhvort styrk eða lán, það er málið og um það snýst þetta.

Virðulegi forseti. Ég hlusta á rök stúdentanna, ég bregst við þeim en ég geri það innan þess ramma sem ég hef. Það skiptir máli vegna þess að ég vil auðvitað (Forseti hringir.) gera þetta eins vel og hægt er. Þannig er málið lagt upp. Næsti fundur í stjórn lánasjóðsins er (Forseti hringir.) á þriðjudaginn og þá vonandi verður komin niðurstaða í málið að endingu.

### Um fundarstjórn.

Samkomulag um þinglok.

[11:36]

### Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Hér gerðist það undir liðnum um störf þingsins að hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir gerði grein fyrir því að stjórnarmeirihlutinn hefur í raun sett stöðu þingloka í uppnám. Um er að ræða stóra efnislega breytingu á frumvarpinu um veiðigjald sem fylgir hér nefndarlíti með breytingartillögu þar sem gert er ráð fyrir að enn



sé gefið í, að enn þurfi að gefa útgerðinni meira, að enn þurfi að gefa í í því að bæta stöðu stórúngerðarinnar. Spurt er hvort ekki sé komið nóg.

Ég segi að þinglokin sé í uppnámi. Það þarf að boða þingflokksformenn á fund með hæstv. forseta til að ræða framvindu umræðunnar í dag því að hér er um að ræða efnislega, stóra og veigamikla breytingu sem hlýtur að þurfa umræðu og sem hlýtur að þurfa samráð um við stjórnarandstöðuna.

[11:37]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Þessi breytingartillaga sem ég hef rétt séð núna um viðbótarafslátt til handa útgerðinni felur í sér mikla tilfærslu á fjármunum. Þetta er upp á 459 millj. kr. sem tekjur ríkissjóðs minnka enn frekar en orðið er. Þessi breytingartillaga kemur mjög seint inn þannig að ég held að ég verði að taka undir það með hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur að það þarf að ræða þetta á þessum lokametrum þingsins. Það er ekki hægt að koma með svona mikla breytingu á síðustu metrunum án þess að það verði rétt.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að menn fari yfir þetta á fundi þingflokksformanna og tek undir þá ósk þingflokksformanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

[11:38]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Við höfum nokkuð rétt fyrir á þessum fundi um störfín í þinginu og enn kemur stjórnarmeirihlutinn manni á óvart með því að fara þannig fram með mál að óhjákvæmilegt er annað en að það lendi í ágreiningi. Hér er búið að ná niðurstöðu um það með hvaða hætti eigi að ljúka þingstórfunum að þessu sinni og þá dettur inn 400 millj. kr. viðbótagjöf til útgerðarmanna að kvöldlagi.

Hvers konar eiginlega vinnubrögð eru þetta? Er enginn vilji af hálfu stjórnarmeirihlutans til þess að hafa sæmilegt vinnulag hér og málefnalega meðferð mála í þinginu? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ræða þetta á fundi þingflokksformanna.

[11:39]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá þingflokksformönnum Vinstri grænna, Samfylkingar og Bjartrar framtíðar. Það var búið að gera samkomulag um fyrirkomulag þessa þingdags sem var fyrirhugaður síðasti þingdagur á þessu þingi, þar með talið um ræðutíma í 3. umr. um veiðigjöld sem áformað var að yrði tíu mínútur á hvern stjórnsmálaflokk. Þá kemur þessi sprengja frá atvinnuveganefnd og verður að segjast eins og er að formaður atvinnuveganefndar, hv. þm. Jón Gunnarsson, er einkar laginn við að varpa sprengjum inn í þinghaldið.

Það er útilokað að hægt sé að standa við samkomulag eða fara eftir því um ræðutíma í þessu máli sem var gengið frá á fundi þingflokksformanna með forseta fyrir í vikunni þegar svona ný tillaga dettur inn á síðustu metrum. Hana verður að ræða ítarlega og það er krafa okkar að forseti geri hlé á þessum fundi og fundi með þingflokksformönnum um fyrirkomulag á þessum degi.

[11:40]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti hafði hugsað sér að eiga fund með þingflokksformönnum síðar í dag. Það er tækifæri til þess meðal annars í hádegishléi.

[11:40]

#### **Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé ekki verið að varpa neinni sprengju inn í þetta mál eins og hv. þingmenn kjósa að kalla það. Það hefur legið fyrir allan tímann að málið færi til nefndar milli 2. og 3. umr. og tekið yrði tillit til einhverra athugasemda sem fram hefðu komið. Ég boðaði hér í gær í ræðu að reikna mætti með breytingum á frumvarpinu.

Ákveðið var að taka kolmunnann út úr álagningu á sérstöku veiðigjaldi, einfaldlega vegna þess að veiðipátturinn þar ber sig ekki. Það borgar sig ekki fyrir útgerðir að sækja þennan fisk. Þetta getur átt við um fleiri tegundir og meðal annars sagði Jón Steinsson hagfræðingur, sem kom fyrir nefndina, að ef þau dæmi væru uppi ætti að sjálfsgöðu ekki að innheimta sérstakt veiðigjald á slíka stofna. Á móti lækkar reyndar sá afsláttur sem er veittur vegna kaupa á kvótum, vaxtaafslátturinn svokallaði, þannig að heildarniðurstaða frumvarpsins er svo til óbreytt, heildarálagning (Forseti hringir.) á sjávarútveginum er svo til óbreytt frá því sem áður var í þessu frumvarpi. Þetta er nú öll sprengjan.

[11:42]

#### **Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Af því að ég tók þátt í umræðum um þetta mál í nefndinni get ég upplýst að ástæðan fyrir því að það átti að taka málið inn milli 2. og 3. umr. var ekki þessi breytingartillaga sem nú er komin fram heldur að sú sem hér stendur óskaði eftir því að Hagfræðistofnun legði mat á áhrif þessa frumvarps á ríkissjóð.

Þetta er algjörlega ný ástæða sem gefin er hér fyrir því að þessi fundur var haldinn milli 2. og 3. umr. En það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að þetta var leiðangurinn allan tímann. Og ég ætla að segja það hreint út að að mínu mati eru þetta hrein svik á samningum. Hér stendur ekki steinn yfir steini um það sem menn hafa kvittað upp á. Ég verð að lýsa því yfir að hvað mig varðar er ekkert samkomulag í gildi.

[11:43]

#### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Til að setja þetta í samhengi vorum við að ræða með sérstakri umræðu aðgerðir vegna Lána-sjóðs íslenskra námsmanna sem fela í sér sparnað upp á 127 millj. kr. Það að koma á síðustu metrunum með viðbótarafslátt upp á 460 millj. kr. er nokkuð sem ekki er hægt að læða í gegnum þingið á lokametrunum.

Þess vegna er eðlilegt að menn taki upp það samkomulag sem gert hefur verið um þinglokin og ég fagna því að hæstv. forseti hefur tekið vel í það og ætlar að halda fund með þingflokksformönnum. Það er nauðsynlegt að hann fari fram sem fyrst.

[11:44]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. þm. Róberti Marshall, það er mikilvægt að fundur forseta með þingflokksformönnum fari fram sem fyrst. Forseti sagði að hann hefði áformað slíkan fund í hádeginu, ég held að hann ætti bara að láta verða af því að gera hlé á þessum fundi nú þegar og boða til þess fundar.

Hv. þingmaður og formaður atvinnuveganefndar sagði í umræðunni í gær að málið gæti farið inn til nefndar á nýjan leik og það gætu komið einhverjar breytingartillögur til þess að gera frumvarpið betra og ná meiri sátt í málinu. Þær tillögur sem hér liggja fyrir auka á gapið á milli þeirra sjónarmiða sem eru uppi í þessu máli. Þetta er ekki til þess að auka sáttina í málinu, virðulegur forseti, nema síður sé. Hér er verið að varpa sprengju á fyrirhugaðan síðasta þingdag með þeim hætti sem meiri hlutinn í atvinnuveganefnd hefur gert. Það verður að fara í umræðu um það milli þingflokksformanna og forseta hvernig farið verður með það samkomulag sem gert var á mánudaginn því að meiri hlutinn hefur sett það í uppám.

[11:45]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég skora á hæstv. forseta að hafa nú þegar þingflokksformannafund. Píratar eru mjög ánægðir með að hafa ekki tekið þátt í neinu samkomulagi sem við erum þar af leiðandi ekki bundin af. Við getum rætt um þau mál sem við viljum svo lengi sem við þurfum.

Þessi breyting á akkúrat því máli sem við höfum lagt mikla áherslu á að sé þess eðlis að þurfa að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna ákalls um það færir okkur heim sanninn um að svona vinnubrögð kalla á enn meira aðhald frá þjóðinni og enn meira aðhald frá okkur þingmönnum. Ég legg til að meiri hlutinn dragi þessa breytingartillögu til baka af virðingu við það samkomulag sem hinir minnihlutflokkarnir gerðu þó með stjórninni.

[11:46]

**Guðlaugur Þór Þórðarson (S):**

Virðulegi forseti. Ég hef nú fylgst með þessari umræðu og ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á hvað hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eru að fara. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kemur hingað og fer yfir það sem allir (Gripið fram í.) hlustuðu á, að hv. þm. Jón Gunnarsson hafi nefnt það sérstaklega að farið yrði með málið fyrir nefnd á milli 2. og 3. umr. og að hugsanlega yrðu gerðar breytingar á frumvarpinu. Það er ágreiningur um málið og ég næ nú ekki að fara yfir það á þessari hálfri mínútu hér á eftir í ræðu um fundarstjórn forseta. Það er ágreiningur um málið. Ég tel sjálfsagt að reyna að fara yfir vinnulagið en ég sé ekki hvaða sprengju er um að ræða þegar menn koma og segja að þeir ætli að fara með málið í nefnd og koma síðan með breytingar ef svo ber undir. Í hverju felst þá sprengingin? (Gripið fram í.) (Gripið fram í: Í hálfum milljarði.)

[11:47]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða þá stöðu að maður

veltir því fyrir sér: Til hvers er verið að gera samkomulag við þetta fólk? Hér er verið að gera breytingar en þær eru í átt til meiri ágreinings, virðulegi forseti, þær eru í átt til meiri ágreinings. Ásetningurinn er svo eindreginn í því að gera vel við útgerðina, auka álagið á ríkissjóð, á námsmenn, á lánsveðshafa, á allt samfélag á Íslandi í þágu vina hv. þingmanna.

Ráðuneytið hefur ekki úttalað sig um málið, fjárlaga-skrifstofan hefur ekki gert það, það eru engir útreikningar, það eru engin rök, það eru 459 millj. kr. sem gerð er tillaga um hér í sakleysislegri breytingartillögu milli 2. og 3. umr. Þetta er algerlega ólíðandi, virðulegi forseti, og ég legg áherslu á að fundurinn verði haldinn strax.

[11:48]

**Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Þannig er það nú í þessu frumvarpi að þessir svokölluðu vinir okkar sem við eigum að vera að færa einhverja milljarða kr. núna í gjöf, eins og það er orðað hér af minni hlutanum, að við erum að hækka gjöldin á þá um milljarða. Við erum að rétta kerfið af. Við erum að taka til baka þá gjöf sem fyrri meiri hluti færði stærstu útgerðarfélögum landsins með því að gefa mjög vitlaust í síðustu lögum. Það er nú einfaldlega staðreyndin um þetta mál. (Gripið fram í.)

Hér er ekki verið að lækka tekjurnar af því frumvarpi sem upphaflega var lagt fram vegna þess að breytingar á tölum innbyrðis gera það að verkum að tekjurnar verða áfram þær sömu.

Varðandi kolmunna þá er hann ásamt nokkrum öðrum tegundum í þeirri stöðu að það borgar sig ekki að sækja hann. Það borgar sig ekki að fara til veiða á kolmunna miðað við núverandi gjaldtöku. Er þá ekki ástæða til að ætla það að útgerðirnar fari bara ekkert og veiði þennan fisk? Það getur átt við aðrar tegundir einnig og sýnir það hversu vitlaust kerfið er og tillitslaust. Þær vega reyndar miklu minna í þjóðhagslegu sambengi. (Forseti hringir.) Stærsta upphæðin er í kolmunnanum og við erum að laga kerfið til (Forseti hringir.) þannig að það borgi sig að sækja þessar tekjur fyrir þjóðarþífi. (Forseti hringir.) Við drögum úr ákveðnum útgjöldum í frumvarpinu á móti (Forseti hringir.) þannig að tekjurnar verða þær sömu eftir sem áður. Þvílík speki. Hér er verið að gera úlfalda úr múflugu, ekkert annað.

[11:50]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Enn eru þrír á mælendaskrá sem óskað hafa eftir að taka til máls um fundarstjórn forseta. Forseti hefur hugsað sér að gera matarhlé þegar hv. þingmenn hafa lokið því að flytja ræður sínar.

[11:50]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Eftir fund hv. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í morgun gerði ég það að umtalsefni utan fundar að nú lægi fyrir tímasett dagskrá um lokadag þessa sumarþings. Hv. þm. Kristján L. Möller, 1. varaforseti, vann þarna þrekvirki en hér er líka minni hluti í þinginu sem vill

ganga til samninga af því að við viljum bæta stjórn málahefð á Íslandi. Við viljum ekki draga enn frekar úr virðingu þingsins.

Það kemur ekki á óvart af hverju það var erfitt að ná samningum á síðasta kjörtímabili. Kann það að vera af því að við var að eiga fólk sem skilur ekki út á hvað samningaviðræður ganga? Þessi tillaga sem kemur nú frá hv. atvinnuveganefnd sýnir að menn í meiri hlutanum treysta sér ekki til að standa við gert samkomulag.

Ég legg til að hæstv. forseti fundi með þingflokksformönnum í hádegishléi.

[11:51]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti hafði gert grein fyrir því að hann hygðist funda síðar í dag með þingflokksformönnum og hyggt nýta til þess það hlé sem gefst á þingfundum á eftir.

Enn eru tveir á mælendaskrá sem vilja tala um fundarstjórn forseta.

[11:52]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Þessi breytingartillaga lækkar enn þann hlut sem þjóðin fær til sín af nýtingu sjávarauðlindarinnar. Nú er þrýstingur á herra Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, að vísa þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. vegna orða hans um að þjóðin ætti að ákveða sjálf hvaða hlut hún fengi fyrir nýtingu á auðlind sinni, að fá mál væru jafn tæk í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Maður veltir því þess vegna fyrir sér hvers vegna enn sé verið að lækka hlutinn. Eru þetta strategísk mistök hjá Sjálfstæðisflokknum? Eða er þetta eitthvað sem sjálfstæðismenn leggja fram til að geta síðan fengið fyrirsagnir í fjölmöldum um að hafa lækkað? Ef sjálfstæðismenn draga úr frumvarpinu eru þetta minni gjafir til sjávarútvegsins eða minni lækkan, hlutur þjóðarinnar verði meiri — eða hvað? Ég skil ekki hvort þetta eru mistök eða einhver strategía, hvort það sé einhver væntingastjórnun í gangi.

Það verður áhugavert að fylgjast með þessu í framhaldinu og að sjálfsögðu skorum við á forseta Íslands að vísa þessu máli í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[11:53]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Það er heldur óþægilegt að fara í efnisumræðu um þetta mál undir þessum lið en það hefur meðal annars formaður atvinnuveganefndar gert í tvígang og ég kaupí ekki röksemdir hans.

Ef skuldaleiðrétting eða skuldaafsláttur reynist ódýrari í framkvæmd að óbreyttum lögum, því að það er ekki verið að leggja til breytingar á því regluverki, upp á 400 millj. kr. á ríkið að sjálfsögðu að njóta þeirra tekna. Það eru engin rök fyrir því að upp úr þurru sé hægt að lækka sérstakt veiðigjald á stóru uppsjávarfyrirtækin um 460 millj. kr.

Það er vissulega rétt að framlegð við að sækja kolmunnann kann að vera minni en í ýmsum öðrum tegundum, en greiðendurnir eru eftir sem áður stærstu og ríkustu sjávarútvegsfyrirtæki Íslands. Það vitum við. Þannig er staðan og það hefur formaður atvinnuveganefndar sjálfur sagt og rök-

stutt hækkunina á veiðigjöld á uppsjávartegundir. Þetta kemur án nokkurra útreikninga, án nokkurs rökstuðnings. Ég krefst þess að fá útskýringar á því af hverju skuldaleiðréttingin reynist allt í einu á einu kvöldi 400 millj. kr. ódýrari (Forseti hringir.) og hvort ekki megi eitthvað á milli vera, að leggja á (Forseti hringir.) fullt sérstakt veiðigjald á kolmunna eða ekki neitt.

[11:54]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Nú verður gert hlé á þessum fundi til kl. 13. Forseti hyggt funda með þingflokksformönnum og tilkynna nánar um fundartíma. Forseti vill jafnframt upplýsa það að ekki verða greidd atkvæði um 3.–14. dagskrármál að loknu hléi heldur verður það gert síðar í dag.

[Fundarhlé. — 11:54]

#### **Almannatryggingar og málefni aldraðra, 2. umr.**

Stjfrv., 25. mál (frítækjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir). — Þskj. 40, nál. m. brtt. 66, nál. 71, brtt. 72.

[13:00]

#### **Frsm. meiri hluta velfn. (Þórunn Egilsdóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti með breytingartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti sem taldir eru upp í nefndarálitinu. Þá hafa nefndinni borist umsagnir frá fjöldamörgum aðilum sem einnig er getið um í álitinu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Breytingarnar eru þrjúþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að frítækjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna verði hækkad úr 480 þús. kr. á ári í 1.315.200 kr. á ári. Þannig verður frítækjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna 109.600 kr. á mánuði sem er sambærilegt við frítækjumark örorkulífeyrisþega samkvæmt 14. tölulíð ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar.

Í öðru lagi er lagt til að lífeyrissjóðstekjur skerði ekki lengur grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum er snúa að starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins þar sem meðal annars er skert á eftirlitshlutverki stofnunarinnar og lagðar til sérstakar reglur um leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu stofnunarinnar um söfnun persónuupplýsinga og um viðurlög við brotum á lögnum.

Verði þetta frumvarp samþykkt er snúið til baka skerðingu frá 1. júlí 2009 en þá voru lífeyrissjóðstekjur láttnar skerða grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega í fyrsta sinn en fram að þeim tíma höfðu einungis atvinnu- og fjármagnstekjur skert grunnlífeyrinn.

Með hækkun á frítækjumarki atvinnutekna ellilífeyrisþega er stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara en mikilvægt er að fólk sé gert kleift að stunda atvinnu á meðan það hefur heilsu til, enda eykur það almennt lífsgæði

fólks þó að margt annað komi þar einnig til. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að með frumvarpinu er komið til móts við þann hóp sem hefur þurft að þola mestar skerðingar frá 2009.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýjum kafla verði bætt við lög um almannatryggingar sem verði V. kafli. Hinn nýi kafli er miklum mun ítarlegri en það ákvæði sem hann leysir af hólmí líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið. Er þó að nokkru leyti verið að lögfesta gildandi framkvæmd, t.d. hvað varðar leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu Tryggingastofnunar enda er stofnunin stjórnvald í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga, nr. 37/1993, og því gilda ákvæði þeirra laga um ákvarðanir og málsmeðferð stofnunarinnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Tryggingastofnunar með bótasvikum frá febrúar 2013 koma fram nokkrar ábendingar um það hvernig bæta megi eftirlit Tryggingastofnunar með bótasvikum. Kemur þar fram að skerpa þurfi á eftirlitshlutverki Tryggingastofnunar og tryggja lögbundnar heimildir hennar.

Það er full eining innan nefndarinnar um að bæta þurfi eftirlitsheimildir og að þetta sé verkefni sem ganga þurfi í af festu og góðri eftirfylgni. Ljóst er af umræðu í nefndinni og þeim umsögnum sem nefndinni bárust að mikilvægt er að auka eftirlitsheimildir stofnunarinnar. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að fara betur yfir umsagnir og taka tillit til einstakra athugasemda sem fram hafa komið.

Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að 2. gr. frumvarpsins verði felld brott og unnið verði áfram að þessum hluta frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að nýtt frumvarp með auknum eftirlitsheimildum verði lagt fyrir á haustþingi.

Breytingartillögurnar hljóða svona:

Meiri hluti leggur til þrjár breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. og 3. gr. frumvarpsins falli brott með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan. Í öðru lagi er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins þess efnis að verði frumvarpið að lögum taki þau lög þegar gildi en komi til framkvæmda frá 1. júlí 2013. Í því felst að lífeyrisþegar njóti þeirra réttinda sem frumvarpið mælir fyrir um frá 1. júlí 2013 þó að frumvarpið verði ekki að lögum fyrr en eftir það tímamark. Þá er lagt til ákvæði til bráðabirgða í samræmi við umsögn Tryggingastofnunar um hvernig haga skuli útreikningum greiðslna á árinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

„1. 2. og 3. gr. falli brott.

2. 5. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda frá 1. júlí 2013.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna lífeyrissjóðstekna annars vegar og atvinnutekna ellilífeyrisþega hins vegar á árinu 2013 skal Tryggingastofnun ríkisins dreifa tekjunum í samræmi við 5. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og 5. mgr. 26. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Þó getur lífeyrisþegi eða heimilismaður óskað eftir því við Tryggingastofnun að tekjum hans verði skipt niður í tímabil fyrir og eftir 1. júlí 2013.“

Undir þetta rita auk þeirrar sem hér stendur Ásmundur

Fríðriksdóttir, Elín Hirst, Páll Jóhann Pálsson og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Að lokum þakka ég nefndinni gott samstarf.

[13:07]

**Frsm. minni hluta vefn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf):**

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir hönd minni hluta velferðarnefndar sem í felast fulltrúar frá Samfylkingu, Bjartri samtíð og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Ég vil byrja mál mitt á því að segja að minni hlutinn mun styðja frumvarpið en gerir jafnframt breytingartilögur á því til að fylgja eftir þeirri forgangsröðun sem höfð hefur verið að leiðarljósi við meðferð almannatrygginga frá hrúni.

Það er gott að minnast þess nú þegar við erum í stakk búin til þess að byrja að færa það aftur í fyrra horf sem varð fyrir niðurskurði í kjölfar hrunsins hver myndin var hér við hrún. Árið 2007 settist Samfylkingin í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Jóhanna Sigurðardóttir varð félagsmálaráðherra. Áramótin 2007–2008 voru tryggingamálin færð úr heilbrigðisráðuneyti yfir í félagsmálaráðuneyti sem varð þá félags- og tryggingamálaráðuneyti. Það var vegna áherslu Samfylkingarinnar sem félagshyggjuflokks og jafnaðarmannaflokks á tryggingamálum. Við töldum mikilvægt að þau væru á sama stað og önnur félagsmál og áhugi okkar á því að stórefla þann málaflokk.

Það gekk eftir eins og þegar Jóhanna Sigurðardóttir átti í hlut og barátta hennar fyrir réttlæti og jöfnuði náði fram að ganga með lagasetningum sem þá fóru í hönd. Framlög til almannatrygginga voru stóraukin á árunum 2007–2008 og meira að segja árið 2009 var ýmsum umbótum sem gerðar höfðu verið þyrmt í niðurskurðinum. Markmið okkar í Samfylkingunni og Vinstri grænum var alla tíð að verja þá sem minnst höfðu og stuðla að jöfnuði af því að jöfnuður felur í sér samfélagslega velsæld, félagslega samheldni, betra heilsufar og gefur öllum íbúum landsins tækifæri til að lifa með reisn.

Árið 2007, eftir 12 ára valdasetu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, var það enn svo að tekjur úr almannatryggingum fyrir lífeyrisþega, hvort heldur var elli- eða örorkulífeyrisþega, voru tengdar tekjum maka. Ef maður sem hafði snemma á lífsævinni orðið öryrki var giftur grunn-skólakennara skertust bæturnar hans af því að konan hans var með sirka meðaltekjur eða jafnvel þar undir. Þetta var gríðarlegt óréttlæti. Þetta var svo mikið óréttlæti að Hæstiréttur kvað upp úr um að svona mætti ekki meðhöndla fólk. Á góðæristímanum höfðu þessir flokkar þó ekki treyst sér til að leiðrétta það ranglæti sem æðsti dómstóll Íslands hafði kveðið á um að mætti ekki beita fólk með þessum hætti. Jóhanna Sigurðardóttir breytti þessu, auðvitað ekki ein heldur með meiri hluta Alþingis og ég hef ekki tölur um atkvæðagreiðslna.

Á þeim tíma hafði skömmu áður verið innleitt frítækjumark, 1. janúar 2007 var innleitt frítækjumark fyrir ellilífeyrisþega. Það var hækkað umtalsvert 2008 en síðan lækkað 1. júlí 2009 niður í 40 þús. kr. á mánuði. Það var ekki merki um að við teldum ekki að það ætti að gera ellilífeyrisþegum kleift að afla sér tekna með atvinnu heldur var tjón

ríkissjóðs af þeirri stærðargráðu að skera þurfti niður á öllum stöðum og var það mat meiri hlutans þá, þar á meðal Sjálfstæðisflokks, að þetta væri sanngjarnara en ýmsar aðrar aðgerðir.

Á þeim fjórum árum sem við höfum staðið hér í gríðarlegum niðurskurði höfum við aldrei látið það hvarfla að okkur að tengja almannatryggingar einstaklinga aftur við tekjur maka. Það á þó við um fjármagnstekjur rétt eins og það hefur alltaf gert. Það hefði getað verið freistandi því að við hefðum getað náð fram heilmiklum sparnaði, en það var ranglát og fól í sér ójöfnuð. Þar af leiðandi voru þau skref aldrei stigin og við sem skipuðum meiri hlutann þá verðum alltaf stolt af því að hafa ekki látið það hvarfla að okkur.

Varðandi skerðingarhlutföllin úr 38,5% í 45 er líka gott að muna að þau skerðingarhlutföll höfðu verið lækkuð í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur sem félags- og tryggingamálaráðherra úr 45, eins og þau höfðu alltaf verið, niður í 38,5. Það var því hennar verk sem hafði náð að gera þessar gríðarlegu umbætur á kerfinu, umbætur sem voru þannig að sannarlega var hægt að tala um byltingu á því sviði, þó að allir séu sammála um enginn lifi kóngalífi á almannatryggingum og ég ætla síst að reyna að halda því fram. Umbæturnar voru samt sem áður gríðarlegar.

Það kom í hlut Jóhönnu Sigurðardóttur að leiða þá ríkisstjórn sem þurfti að fara í niðurskurð á þessu kerfi. Hún var vakin og sofin yfir því með okkur stjórnarliðum, hélt okkur við efnið og alltaf var verið að leita leiða sem mundu valda sem minnstum skaða og sem mundu hlífa þeim sem best sem minnst hafa. Það var leiðarljósið í þeirri vinnu sem var fyrir okkur öll mjög sársaukafull. Það var einfaldlega ekkert val á þeim tíma enda má segja að um sjöunda hver króna ríkisins fari í að greiða almannatryggingar og það þurfti að ná niður halla á ríkissjóði sem var búið að eyðileggja, í tíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafði tekjuöflunarkerfi ríkisins verið eyðilagt. Það var búið að rýra þannig skattstofnana að þeir gáfu ekki þær tekjur sem þurfti nema hér væri blússandi góðæri. Ef hér hefði ekki orðið hrún heldur verið eðlilegt tíðarfar hefði skattheimtan ekki dugað fyrir útgjöldunum og annaðhvort hefði þurft að hækka skatta eða lækka útgjöld.

Hrunið olli því að hækka þurfti skatta og lækka útgjöld til þess að ná niður hallanum á ríkissjóði, til þess að byrja að borga niður skuldir því að skuldinar valda því að við greiðum á 9. tug milljarða á ári í vaxtagreiðslur. Baráttan fyrir hallalausum fjárlögum og skuldaniðurgreiðslu snýst um að draga úr vaxtabyrði ríkissjóðs, hætta að nota fjármuni skattgreiðenda í að greiða vexti og nota þá til að tryggja velferð, til að efla menntakerfið, löggaeslu og alla þá þætti sem nauðsynlegir eru til þess að halda uppi góðum og siðmenntuðum samfélagum.

Niðurskurðurinn á árunum 2009–2013 snerist um vörnina um Ísland sem gott og siðmenntað samfélag. Það þýddi að á sumum stöðum var ekkert sérstaklega flókið að skera niður, það voru miklir fjármunir á einhverjum stöðum en mjög víða var verið að skera niður kerfi sem höfðu búið við langvarandi niðurskurð í aðdraganda hrunsins, eins og í heilbrigðiskerfinu sem var þegar fyrir hrún með úr sér gengin tæki sem enginn úr Framsóknarflokki eða Sjálfstæðisflokki hafði forgangsraðað fjármunum til að endurnýja.

Mun raunarlegri fjárveitingar hafa verið til tækjakaupa upp á það allra síðasta en nokkurt ár á 21. öldinni.

Almannatryggingarnar höfðu nýlega, eins og ég kom inn á, fengið umtalsverða viðbót og þar þurfti að skera. Við afnámuðum ekki nýinnfært frítækjumark á atvinnutekjur aldraðra en við lækkuðum það. Við höldum því í rúmunum 100 þús. kr. á örorkulífeyrisþega því að við töldum mikilvægt að öryrkjar á besta aldri hefðu tækifæri til að afla sér tekna með atvinnu. Ef þeir hefðu aðstæður til þess væri það gríðarlega mikilvægt til þess að þeir gætu aukid tekjur sínar en ekki síður verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

Það má til sanns vegar færa að það sama eigi við um ellilífeyrisþega en við forgangsroðuðum þarna fyrir öryrkjana, enda fólk á besta aldri, oft með börn á framfæri og stefna stjórnvalda hefur lengi verið að gefa öllum þátttöku til virkni sé möguleiki þar á. Við hækkuðum nýlækkað frítækjumark á tekjur vegna útreikninga á tekjutryggingu og fleiri bótaflokkum. Við færðum til baka umbætur sem voru tveggja ára gamlar. Sú skerðing rennur út um áramót af því að meiri hluti Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gerði það ákvæði að bráðabirgðaákvæði þannig að frá og með árinu 2014 munu þær skerðingar sjálfkrafa, vegna Samfylkingar og VG, falla úr gildi og skerðingarnar fara aftur niður í 38,5%.

Út af þessu komum við þannig til móts við lífeyrisþega, til þess að fólk missti ekki trúna á það að greiða í lífeyrisjóð, að við innfærðum frítækjumark á lífeyrissjóðstekjur vegna tekjutryggingar í áföngum. Fyrir mörg okkar var skerðingin á grunnlífeyrinum erfið. Þarna var brotið ákveðið prinsipp um að allir ættu að hafa rétt úr almannatryggingum. Það fóru fram miklar umræður um þetta og mörg okkar þurftu að bíta í það súra epli að fara í þá skerðingu gegn því að geta hækkað sérstöku framfærsluþbótina fyrir þá sem minnst höfðu meira en aðra bótaflokka. Við þurftum að velja, við þurftum að vege og meta kosti. Þó að niðurstaðan væri sú sem við töldum skásta hefðum við að sjálfsgöðu viljað sleppa því að skerða grunnlífeyrinn.

Nú kem ég kannski beinna inn á minnihlutaálitið af því að ef til vill eru rökin fyrir því að það varð ofan á að skerða lífeyrinn vegna lífeyrissjóðstekna í stað þess að hækka ekki jafnmikið framfærsluþbótina þau að það eru einmitt þeir sem hafa yfir 400 þús. kr. á mánuði í heildartekjur, eins og kemur fram í áliti meiri hlutans, sem urðu þá fyrir mestu skerðingunni.

Nú er verið að færa það til baka, það er verið að svíkja loforð sem voru gefin hér rétt eftir kosningar, það átti að færa allar skerðingar til baka strax. Það er nú svikið en farið í grunnlífeyrinn fyrir þá sem mest hafa.

Hv. þm. Vigdís Hauksdóttir gekk jafnvel svo langt að segja að leiðréttu ætti þessar skerðingar aftur í tímann. Í okkar hópi höfum við ekki alveg skilið hvort hún var að meina þetta nákvæmlega, en það er mikilvægt, af því að margir hafa velt því fyrir sér, að hv. formaður fjárlaganefndar komi inn í þessa umræðu og lýsi sýn sinni á það hvernig á að efna þau loforð sem voru gefin í aðdraganda kosninga og eftir kosningar og hvað hún meinti, enda tugar þúsunda sem hafa framfærslu af þessu kerfi og þá munar um hverja krónu.

Við í minni hlutanum leggjum til tvær breytingartillög-

ur. Við börðumst fyrir því að innleitt yrði nýtt frumvarp sem velferðarráðherra lagði fram á síðasta þingi, frumvarp sem hefur verið í vinnu, þverpólítískri vinnu með hagsmunaaðilinum svo árum skiptir og meðal annars Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn studdu, frumvarp sem var réttlátara að því leyti að það einfaldaði kerfið með samningu bótaflokka, samræmði skerðingarmörk vegna tekna og dró úr fátæktargildrum í kerfinu. Þetta var það frumvarp sem við lögðum áherslu á í kosningabaráttunni að yrði lögleitt og innleitt í takti við það sem afkoma ríkissjóðs leyfði.

Við vorum þó skýr í því að við mundum forgangsraða því fremst, þarna yrðu áherslur okkar. Þar af kemur, og allir flokkarnir í minni hluta eru sammála um það, að með þessari breytingartillögu byrjum við innleiðingu á þessu nýja kerfi sem þýðir að hin illræmda króna á móti krónu skerðing á framfærsluuppþóttinni — sem þýðir að þú mátt engra tekna aflá utan almennatrygginga, þá byrja þær að skerðast — verði lækkuð úr 100% frá og með 1. júlí og að skerðingin verði síðan lækkuð í 70% frá og með 1. janúar 2014. Þetta er gríðarlegt réttlætismál því að það varðar þann hóp sem er með lægstu tekjurnar í þessu landi. Við heitum á meiri hlutann að sýna að þeirra forgangsstöðun sé ekki sú að skilja eftir þá sem minnst hafa.

Þá erum við með aðra breytingartillögu sem varðar frítekjumark örorkulífeyrisþega. Það hefur verið í bráða- birgðaákvæði í mörg ár enda var það í raun haft þar vegna uppbyggingar á hinu nýja kerfi og það kæmi þar sem átti að hætta með sérstök frítekjumörk fyrir mismunandi tekjuflokka. En við teljum að úr því að inn í lagatextann er komið frítekjumark upp á rúma 1,3 milljónir á atvinnutekjur ellilífeyrisþega sé fráleitt að örorkulífeyrisþegar sitji ekki við sama borð, að minnsta kosti. Að öðrum kosti er þetta bráðabirgðaákvæði sem kynni að falla úr gildi um næstu áramót ef það er ekki pólitískur meirihlutavilji fyrir því að örorkulífeyrisþegar séu hvattir til atvinnu ekki síður en ellilífeyrisþegar.

Breytingin niður í 80% skerðingu kostar innan við milljarð. Milljarður er gríðarlega mikill fjármunir, við vitum það sem höfum skorið niður tugi og hundruð milljarða, við vitum að hver einasti milljarður er vandamál. Það er erfitt, milljarð fyrir milljarð, að finna niðurskurð. Trúð mér, við í minni hlutanum vitum allt um það. En nú sjáum við hvernig milljarðar eru meðhöndlaðir af nýrri ríkisstjórn. Fyrir nýja ríkisstjórn er ekkert vandamál að afsala sér tekjum, en þegar á að standa við lofordin um aukin framlög til almennatrygginga er 1,5 milljarðar eða 1,8 það sem ríkisstjórnin er tilbúin til þess að láta af hendi rakna. Okkur finnst það vægast sagt hófsöm tillaga að bæta við það milljarði, milljarði sem rennur til þeirra heimila sem minnst bera úr bytjum í þessu samfélagi.

Varðandi breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra er komið inn á það í greinargerð með frumvarpinu, umsögnum frá Jafnréttisstofu og frá Feministafélaginu að það gæti ekki að jafnrétti kynjanna, ekki að því leyti að almennatryggingakerfið mismuni fólk eftir kynjum, þar stöndum við öll jafnt, en það endurspeglar þá tekjumisskiptingu sem er á milli kynjanna í samfélaginu. Það endurspeglar að enn eru margar konur að fá ellilífeyri sem áttu tiltölulega stutta viðveru á vinnumark-

aði og eru þar af leiðandi með lágan lífeyrissjóð, en afkoma kvenna í þessu kerfi endurspeglar kynbundinn launamun. Það er mjög alvarlegt ef löggjafinn reynir ekki að vinna gegn þessu misrétti í lagasetningu sinni. Það að auka framlög til þeirra sem minnst hafa þýðir að við erum að hækka lífeyri til kvenna í hlutfallslega meira mæli.

Sú breyting sem við leggjum til mun strax hafa áhrif á 17 þúsund Elli- og Örorkulífeyrisþega og hátt í 70% þeirra eru konur, konurnar sem hafa lægstur tekjur á Íslandi. Með innleiðingu í 70% skerðingu á framfærsluuppþótt mun lífeyrir þeirra 23 þúsund lífeyrisþega sem minnst hafa hækka og þá erum við komin niður í að konur séu um 67–68% af þeim hópi.

Það er gott að muna að í frumvarpi ráðherra gagnast breytingarnar sem þar eru boðaðar körlum í miklum meiri hluta, sérstaklega körlum sem eru með yfir 400 þús. kr. á mánuði. Nú eru 400 þús. kr. á mánuði ekkert þannig tekjur að ástæða sé til að telja þær háar, en þær eru háar miðað við þá sem hafa framfærslu sína af almennatryggingakerfinu. Mér finnst skrýtið að flokkur sem kennir sig við samvinnu og jafnvel félagshyggju á góðum dögum skuli leggja fram frumvarp þar sem forgangsstöðunin er ekki á fátæka örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega heldur þá sem hafa hæstar tekjur í almennatryggingakerfinu. Þetta er ekki bara á þá sem hafa hæstu tekjurnar í kerfinu, þetta er líka á þá sem eru dottnir út úr kerfinu því að tekjurnar eru of háar.

Þetta frumvarp kom mjög seint inn á sumarþing. Það harma ég því að Samfylkingin var búin að leggja fram frumvarp um allsherjarbreytingu á almennatryggingakerfinu í anda vinnuhópa sem allir flokkar stóðu að og velferðarráðherra lagði fram á síðasta kjörtímabili. Hefði þetta frumvarp verið lagt fram fyrr hefðum við getað leitað leiða til þess að samþætta þetta og stuðla að því að kerfisbreytingin, sem er réttlátari og betri, næði fyrr fram að ganga.

Ef það væri svo að þessi breyting væri bráðsnjöll af því að hún væri mikilvæg þar sem hún gagnaðist þeim sem minnst hefðu og væri að vinna í þágu nýs kerfis sem allir vilja innleiða, þá hefði ég getað skilið þetta og líka þá hugsun að þeir sem hafa meðaltekjur eigi líka rétt á uppþóttum fyrir þá skerðingu sem þeir hafa orðið fyrir. En breytingin vinnur í raun, eins og umsagnaráðilar benda á, ekki síst ASÍ og Samtök atvinnulífsins, gegn nýju kerfisbreytingunni af því að það verður dýrara að innleiða hana þegar þar að kemur. Með nýja kerfinu munu lífeyrisþegar í sambúð detta út úr kerfinu við um 406 þús. kr. í mánaðartekjur og þeir sem eru einhleypir við um 460 þús. kr. í mánaðartekjur.

Þetta eru mjög vel unnar tillögur, mjög úthugsagjar og þær koma til móts við þá sem minnst hafa en reyna samt líka að tryggja almenningseignarhald á almennatryggingakerfinu. Ég legg ríka áherslu á það fyrir hönd minni hlutans að breytingartillögur okkar, hófsamar sem þær eru, verði samþykktar hér. Við munum styðja tillögur meiri hlutans þó að við hefðum viljað sjá aðra forgangsstöðun, en við munum ekki leggja gegn því að einhver hópur fái aukin framlög úr almennatryggingakerfinu. Það hlýtur að teljast jákvætt þótt forgangsstöðunin sé fráleitt.

Við leggjum líka áherslu á að flokkar standi við orð sín á milli kosninga og hlaupi ekki frá samkomulagi um kerfi sem hefur verið unnið að mótun á árum saman með að-

komu allra flokka og allra hagsmunaaðila. Þar þarf sérstaklega að líta til þess að fá Öryrkjabandalagið að borðinu aftur.

[13:37]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég verð bara að viðurkenna að ég var algjörlega steinhissa þegar ég heyrði ræðu hv. þingmanns. Við erum að efna kosningaloforð um að setja það í forgang að koma til móts við aldraða og öryrkja. (**ÖS:** Það er gott.) Við erum að gera það núna hvað aldraða snertir eins og efni gera ráð fyrir. Við erum að gera það sem ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna heytist á í fjögur ár. Við erum að reyna að bæta úr þeim skerðingum sem urðu hér 1. júlí 2009.

Að hlusta á formann velferðarnefndar gagnrýna málsmeðferðina er algjörlega fáheyrt, virðulegi forseti. Það var ekki eitt jákvætt orð í ræðu hv. þingmanns, ekki eitt einasta jákvætt orð um að nú væri ríkisstjórnin að stíga skref í átt til þess sem hún lofaði allt síðasta kjörtímabil og kenndi sig meira að segja við.

Eigum við að rifja upp niðurskurðinn í heilbrigðismálum? Eigum við að rifja upp alla þá borgarafundi sem voru haldnir yfirs vegar um land? Eigum við að rifja upp hversu margir yfirgáfu ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna út af brostum loforðum hvað snertir velferðarmál? Eigum við að endurflytja ræður hv. fyrrverandi þingmanns Atla Gíslasonar þegar hann nefndi það að niðurskurðurinn bitnaði hvað mest á konum og sagði að hann gæti ekki stutt ríkisstjórn sem hagaði málum sínum þannig?

Við leggjum okkur hér fram um að sýna samstöðu og þess vegna (Forseti hringir.) treystum við hv. þingmanni til þess að leiða velferðarnefnd. En við gerum líka kröfu til þess að hún sé jákvæð (Forseti hringir.) um þau skref sem þó eru stigin þó að þau séu kannski minni en hv. þingmaður (Forseti hringir.) vænti.

[13:39]

**Frsm. minni hluta velfn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf)** (*andsvar*):

Frú forseti. Að svo stöddu ætla ég að láta eins og ég hafi ekki heyrt lokaorð hv. þingmanns (**HöskP:** Þú hefur kannski átt að ...) enda voru þau honum til skammar. (**HöskP:** Já, er það?)

Vaðandi niðurskurð fór ég ítarlega yfir hann í ræðu minni. Vaðandi loforð eru þetta svik á loforðum Framsóknarflokksins í aðdraganda og eftirleik kosninga. Þar var talað um að draga allar skerðingar til baka. Það er ekki verið að því. Það er verið að draga skerðingar til baka á þá sem mest hafa, frá forseti. [Frammíköll í þingsal.]

Ég kallaði eftir því að hv. formaður fjárlaganefndar skýrði út hvað hún hefði átt við þegar hún sagði, frá forseti, að skila ætti fólki skerðingunum. Átti hún við að það ætti að greiða allt til baka sem safnast hefur upp í gegnum árin? Eða átti hún við að byrja á þeim sem hafa mest og taka svo kannski hina ef ekki þarf að gefa meiri afslátt af veiðigjöldum?

Það er eðlilegt að þingmenn séu tilbúnir til að útskýra loforð sín sem búa til væntingar hjá fólki sem er með lágur

tekjur. Hver einasta króna sem bættist við eykur lífsgæði þess, þó ekki meira en svo að fólk berst við það að eiga fyrri nauðþurftum. Hv. þingmaður þarf að horfast í augu við það að ríkisstjórn hans forgangsraðar ekki í þágu þess hóps (Forseti hringir.) með þessu frumvarpi. (Gripidd fram í.)

[13:42]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Áður en þessi ríkisstjórn var mynduð, áður en Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur voru búnir að mynda ríkisstjórn, fóru að heyrast raddir úr stjórnarandstöðunni um að ríkisstjórnarflokkarnir væru að svíkja kosningaloforð sín.

Við sögðum í kosningabaráttunni að við ætluðum að gera betur en ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Það erum við að gera. Við erum að bæta stöðu þeirra sem hvað verst hafa það í samfélaginu. Þetta er bara fyrsta skrefið og ég spyr: Verður þetta svona allt kjörtímabilið, þegar við reynum að bæta hlut þeirra sem hvað verst hafa það í þjóðfélaginu, þó að það gerist ekki allt á einum degi, mun þá stjórnarandstaðan heimta meira um leið og hún segir að það þurfi að huga að rekstri ríkissjóðs?

Ég spyr mig hvernig standi á því að formaður velferðarnefndar — við ákváðum að veita stjórnarandstöðunni formennsku í velferðarnefnd þannig að við gætum — (**ÁPS:** ... samkvæmt þingsköpunum.) þannig að við færum í þessi mál með samvinnu að leiðarljósi. Það stendur ekki í þingsköpunum að þessi tiltekna nefnd skuli fara til stjórnarandstöðu. Það er reyndar ekki rétt sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson segir, að það standi í þingsköpunum. Ég þarf að leiðrétta það sem birtist í grein hans í *Fréttablaðinu* fyrir nokkrum vikum. Það er rangtúlkun á þingsköpunum en það er annað mál. (**ÁPS:** Það er rangt.)

Ég spyr: Ætlar stjórnarandstaðan að láta svona allt þetta kjörtímabil þegar við reynum að vinda ofan því sem henni tókst ekki? (Gripidd fram í.) Skerðingarnar 1. júlí 2009 áttu að vera tímabundnar. Er það ekki rétt? (Forseti hringir.) Jú. Var það ekki svikið ítrekað? Við erum að reyna að stíga skref (Forseti hringir.) til að bæta úr því sem stjórnarandstaðan gat ekki gert á síðasta kjörtímabili.

[13:44]

**Frsm. minni hluta velfn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf)** (*andsvar*):

Frú forseti. Þetta er vægast sagt vandræðalegt. Hv. þingmaður, sem sat í fjárlaganefnd allt síðasta kjörtímabil, virðist í fyrsta lagi ekki skilja af hverju niðurskurður fór fram og í öðru lagi ekki skilja kosningaloforð eigin flokks.

Sá hluti af skerðingunum frá 1. júlí sem átti að ganga til baka mun ganga til baka um næstu áramót, ekki út af núverandi ríkisstjórn heldur út af lagasetningu fyrri ríkisstjórnar. Og af hverju er nú hægt að fara að bæta aftur í almennatryggingakerfið? Eigum við að rifja upp af hverju það er hægt, frá forseti? Það er hægt af því að hér náðist undraverður árangur í ríkisfjármálum. (**HöskP:** Ekki fannst kjósendum það.)

Frumvarpið sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra leggur fram er ágætt svo langt sem það nær, en það er samt sem áður ekki verið að uppfylla kosningaloforðin

(Gripíð fram í.) og það er bara verið að uppfylla kosninga-loforðin gagnvart þeim sem hafa allra hæstu tekjur.

[13:45]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að þessi ræða, sem var full vandlætningar og neikvæðni, kom mér mjög á óvart. Það kom mér á óvart að formaður nefndarinnar skyldi tala með þessum hætti. En gott og vel, þá er það greinilega stefnan sem minni hlutinn ætlar að taka þrátt fyrir að vera með formennsku í velferðarnefnd. Ég hefði ætlað að menn ætluðu þar á þessu kjörtímabili, eins og á því síðasta, að reyna að vinna saman og tala málefnalega.

Er það þá svo að það stóð ekki til af hálfu fyrrverandi ríkisstjórnar að leiðrétta þessar skerðingar sem komu til í júlí 2009? Er það svo? Það er gott að fá skýrt svar við því.

Er það svo að það sé afstaða Samfylkingarinnar hér á þingi að þeir sem hafa greitt í lífeyrissjóð eigi ekki að njóta þess, að það sé eðlilegt að í stað þess að menn fái greitt úr lífeyrissjóði, sem hefur verið nánast samkomulag um í samfélagi okkar, að það sé einhver tilgangur með því — er það afstaða Samfylkingarinnar að það skuli allt skerðast og það sé enginn tilgangur með því að greiða í lífeyrissjóð?

[13:47]

**Frsm. minni hluta velfn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Að draga til baka skerðingar frá 1. júlí, það mun gerast. Ég segi það enn eina ferðina hér, það mun gerast að hluta til um næstu áramót. En það sem við skulum líka muna er að lögð hefur verið til þverpólítísk tillaga um kerfisbreytingu. Það þýðir að núverandi kerfi yrði lagt niður og verið er að tala um skerðingar í núverandi kerfi. Við höfum talað fyrir innleiðingu nýs kerfis sem er réttlátara, einfaldara, dregur úr misræmi í skerðingum og kemur í veg fyrir fátæktargildrur. Hv. þm. Pétur Blöndal þekkir mætavel uppbyggingu þessa kerfis.

Varðandi lífeyrissjóðina skiptir mjög miklu máli að tryggja að fólk vilji áfram greiða í lífeyrissjóði því að lífeyrissjóðakerfið er gríðarlegur styrkur fyrir okkar samfélag. Það voru umbætur í kerfinu á ýmsum sviðum þrátt fyrir niðurskurðinn og þar innleiddum við í skrefum frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur vegna tekjutryggingar. Því er alls ekki hægt að segja að við höfum markvisst unnið gegn vilja fólks til að greiða í lífeyrissjóðina heldur þvert á móti.

[13:49]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er auðvitað þannig að ný ríkisstjórn hefur tekið við, ríkisstjórn með aðrar áherslur en sú fyrri. Og ég tel að það sé vel. Mig langar að koma því að, vegna þeirrar vinnu sem unnin hefur verið við að koma á fót nýju skipulagi almennatrygginga, að fjármálaráðuneytið var ekki með í þeirri vinnu. Öryrkjabandalagið sagði sig frá þeirri vinnu þannig að það er augljóst að sú vinna er ekki klár.

Er það svo að þingmaðurinn heldur því fram að betra hefði verið á þessu stutta sumarþingi að löggesta heildarendurskoðun á almennatryggingakerfinu, heildarendurskoðun á nokkrum dögum hér í þinginu, frekar en að fara í það

mál sem við tölum um hér? Ófjármagnað frumvarp sem var lagt hér fram af síðustu ríkisstjórn á síðustu vikum síðasta þings — með hreinum ólíkindum að menn hefðu ekki getað gert það fyrr. Hefðu þeir ætlað sér það í einhverri alvöru að koma þessum breytingum í gegn hefðu menn nú kannski átt að gera það fyrr og ljúka umræðum um það hvernig hafi átt að fjármagna þær breytingar.

En eins og fyrri ríkisstjórn gerði títt og yfirleitt með sín mál þá lögfesti hún hér frumvörp sem áttu að fjármagnast einhvern tímann í framtíðinni.

[13:51]

**Frsm. minni hluta velfn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf) (andsvar):**

Frú forseti. Nei, ég tel að það hefði verið algjörlega óraunhæft að ætla sér á nokkrum vikum að innleiða nýtt almennatryggingakerfi. Enda lagði ég áherslu á það sem formaður velferðarnefndar fyrir kosningar, þegar málið kom mjög seint inn í þingið, að senda yrði það út með löngum umsagnarfresti því að þetta væri mikilvægt kerfi sem varðaði gríðarlega hagsmuni fólks. En hefðum við fengið þetta frumvarp fyrr inn í þingið hefðum við getað unnið að breytingum sem vinna með nýju kerfi en torvela ekki innleiðingu þess.

Að lokum, frú forseti: Það er merkilegt að bæði fulltrúum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks virðist þykja óeðlilegt að kjörinn fulltrúi tali fyrir stefnu síns flokks úr ræðupólti Alþingis. Mér finnst það óhugnanlegt, þetta viðhorf, og ég kys að trúa því að þau hafi misst þetta út úr sér í einhverju svona smáugli, því að þetta er þeim til vansa, (Gripíð fram í.) og ákaflega óskemmtilegt.

[13:52]

**Útbýting:**

Fréttun á fundum Alþingis, 32. mál, stj.ill. forsrh., þskj. 77.

Seðlabanki Íslands, 20. mál, brtt. JÞÓ o.fl., þskj. 74.

Veidigjöld, 15. mál, nál. m. brtt. meiri hluta atvinnuvn., þskj. 73.

Veiting ríkisborgararéttar, 33. mál, frv. HHG o.fl., þskj. 78.

Þingsköp Alþingis, 30. mál, nál. m. brtt. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln., þskj. 75; nál. 2. minni hluta stjórnsk.- og eftirln., þskj. 76.

[13:54]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (um fundarstjórn):**

Hæstv. forseti. Ég vil gera við það athugasemnd að mér sé ekki gert það kleift að bera hér af mér sakir þegar ég er sökuð um það, af hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Inga-dóttur, að tala hér í einhverju rugli, að ég hafi verið hér í einhverju ruglástandi. Þetta eru orð sem eru ekki samboðin þingmanni hér á Alþingi. Það er með ólíkindum að maður megi ekki koma hér upp og verja sig.

Ég fullyrði það hér, ég er ekki í neinu rugli, ég er algjörlega áttuð á því hvað hér fer fram. En mér er hins vegar misboðið með hvaða hætti hv. þingmaður talar hér í ræðustól.



[13:54]

**Frsm. minni hluta velfn. (Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir) (Sf) (um fundarstjórn):**

Frú forseti. Ég vil biðja hv. þingmann afsökunar og tek undir það að þetta var óheppilegt orðalag. En þá vil ég, frú forseti, ítreka það að forseti verji það að ekki sé vegið að málfrelsi þingmanna með því að ætla þeim að tala með ákveðnum hætti og fyrir ákveðinni stefnu af því að þeir hafi verið valdir til trúnaðarstarfa.

Að sjálfsögðu erum við öll valin til trúnaðarstarfa fyrir hönd kjósenda okkar og innan hópsins skipum við okkur síðan í mismunandi hlutverk. Það að taka að sér ákveðið hlutverk tekur ekki frá manni pólitískar hugsjónir eða stefnu þess flokks sem maður starfar fyrir í umboði kjósenda.

[13:56]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur, til laga um breytingu á lögum um almennatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Þar stendur að með þessu frumvarpi séu lagðar til breytingar á lögum um almennatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem fela í sér aukin bótaréttindi elli- og örorkulífeyrisþega með hærri greiðslum úr ríkissjóði. Að auki sé tilgangur frumvarpsins einkum sá að afturkalla þær kerfisbreytingar sem gerðar voru í aðhaldsskyni á árinu 2009 á bótaréttindum lífeyrisþega.

Breytingar á almennatryggingum er flókið og margþætt verkefni sem snertir hagsmuni og velferð fjölda fólks. Samhljómur er um að nauðsynlegt sé að einfalda kerfið og auka gagnsæi svo að öllum þeim sem það þurfi að nýta séu ljós réttindi sín á hverjum tíma, auk þess sem tryggja þarf að samspil almennatrygginga, lífeyrissjóðstekna og annarra tekna sé réttlátt og skilvirkt.

Það er í sjálfu sér ánægjuefni að bæta eigi kjör elli- og örorkulífeyrisþega með auknum framlögum til almennatrygginga eins og áætlanir fyrri ríkisstjórnar gerðu ráð fyrir og því ber að fagna eins og fram kemur í áliti minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar. Því er þó ekki að leyna að um leið vakna ákveðnar spurningar, bæði er varða fjárhagslega stöðu ríkissjóðs og ekki síður fyrir þá sem málið snertir, þ.e. bótþega.

Það var ekki að ástæðulausu sem ákveðið var að skerða bótaréttinn, það eigum við að vita sem hér sitjum. Staða ríkissjóðs var afar slæm, eins og alþjóð veit, eftir hið alræmda bankahrun haustið 2008. Bregðast þurfti við miklu tekjufalli og það tóku allir á sig byrðar. Þetta var ein leiðin og ég er nokkuð sannfærð um að ekkert okkar vildi fara hana en það var úr vöndu að ráða.

Virðulegi forseti. Við lestur þessa frumvarps sem og umsagnar fjármála- og efnahagsráðuneytis og annarra umsagna og umfjöllunar um málið verður ljóst að þær breytingar sem boðaðar eru hafa verulega takmarkaða þýðingu fyrir þá einstaklinga sem þurfa mest á leiðréttingu að halda. Í frumvarpinu er rætt um aukin bótaréttindi fyrir aldraðra og öryrkja, en hverjir eru það helst í þeim hópi sem þess njóta ef þetta frumvarp nær fram að ganga?

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt útreikningum Tryggingastofnunar munu breytingar frumvarpsins einkum hafa áhrif á tekjur lífeyrisþega sem hafa einhverjar aðrar tekjur en bætur almennatrygginga og er áætlaður ávinningur af breyttum bótaréttindum meiri eftir því sem tekjur lífeyrisþega eru hærri. Ástæða þess er sú að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu felast ekki í hækkun fjárhæða einstakra bótaflokka heldur fyrst og fremst í minni tekjutengingu og hækkun frítekjumarka gagnvart öðrum tekjum.“

Það er einmitt þetta sem við erum að fjalla um. Það er það sem er áhersla okkar í minni hlutanum að þetta felst ekki í hækkun þessara einstöku bótaflokka heldur minni tekjutengingu fyrst og fremst. Það er vel í sjálfu sér en hefði ekki átt að vera í forgangi. Það er það sem vekur undrun á þessu sumarþingi og að mínu viti er ríkisstjórnin að ganga rangan veg þegar kemur að forgangsstöðun innan þessa málaflokks.

Einungis stendur til að kalla til baka tvær kerfisbreytingar af sex. Ekki hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra hvernær eða hvort hún og hennar ríkisstjórn ætla að afnema eða fella úr gildi hinar fjórar skerðingarnar líka. Það kom fram í máli framsögumanns meiri hluta hér áðan að halda ætti áfram og leggja fram nýtt mál í haust en að öðru leyti var það ekki útskýrt.

Þær tvær leiðir sem hér um ræðir eru í fyrsta lagi hækkun frítekjumarka vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega þar sem áhrif annarra tekna á greiðslur frá almennatryggingum minnka frá því sem nú er. Í annan stað er lagt til að lífeyrissjóðstekjur skerði ekki lengur grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega. Vert er að vekja athygli á því, og það kemur einnig fram í umsögn Öryrkjabandalagsins, að eitt af því sem fram kemur í stjórnarsáttmála, og hér er ekki lagt til, er að breyta frítekjumörkum vegna fjármagnstekna. Ekki er verið að leiðrétta skerðingarhlutfall tekjutryggingar og ákvörðun um skerðingu krónu á móti krónu á sérstakri framfærsluþpót er ekki breytt. Helsta baráttumál öryrkja, sem fram kemur í umsögn þeirra um málið, um að bætur haldist í hendur við verðlag eða leiðréttingu á afnámi á skerðingu grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna, er ekki mætt.

Ljóður er á og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að ekki hafi verið haft samráð við neina aðila utan ríkiskerfisins við samningu frumvarpsins. Það er miður því að eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna var náið samstarf milli stjórnarmálflokka og heildarsamtaka vinnu- markaða og annarra er málið varðaði í tíð síðustu ríkisstjórnar um lífeyrismál undanfarin ár þar sem horft var til mikilvægis samspils almennatrygginga og annarra þátta.

Virðulegur forseti. Í umsögnum um frumvarpið koma einnig fram veruleg vonbrigði yfir því að hér sé verið að ganga gegn þeirri heildarendurskoðun á lögum um almennatryggingar og félagslegan stuðning sem unnið hefur verið að um margra ára skeið og breið samstaða var um meðal fulltrúa þingflokka og hagsmunaaðila í vor, eins og ég sagði áðan. Talað er um að breytingarnar gangi alfarið gegn þeim hugmyndum sem ríkjandi hafa verið um nauðsyn þess að einfalda og skýra almennatryggingakerfið og

geri enn erfðara en nú er að vinda ofan af þessu margflækta tryggingakerfi.

Þeir lífeyrisþegar sem þurfa að reiða sig eingöngu á tekjur almannatrygginga eða hafa lífeyrissjóðstekjur undir 215 þúsund á mánuði eða lágar atvinnutekjur hafa lítinn sem engan ávinning af boðuðum breytingum. Samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun eru elli- og örorkulífeyrisþegar ríflega 46 þúsund en breytingin mun samkvæmt athugasemdam við frumvarpið hafa áhrif á tekjur um 7 þúsund þessara lífeyrisþega um 15%.

Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram, með leyfi forseta:

„Þannig munu ellilífeyrisþegar sem hafa á bilinu 300–400 þús. kr. í heildartekjur fá hækkun sem nemur í kringum 16–22 þúsund að meðaltali á mánuði en þeir sem hafa heildartekjur 250 þúsund eða lægri fá allt frá því að fá ekki neitt eða upp í 2 þús. kr. sem meðalhækkun.“

Virðulegi forseti. Ég held að flest okkar taki undir þau sjónarmið sem fram koma í flestum þeirra umsagna sem nefndinni bárust. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir, með leyfi forseta, að það sem búi að baki hækkun frítekjumarkis gagnvart atvinnutekjum sé að stuðla að aukinni atvinnuþátttöku aldraðra. Áfram segir:

„Sama er að segja um þau sjónarmið sem búa að baki ákvæði um að greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum skuli ekki skerða elli- og örorkulífeyri (grunnlífeyri). Jafnframt má taka undir að það sé mikilvægt, og raunar grundvallarforsenda þess að sátt ríki áfram um skylduaðild að lífeyrissjóðum hér á landi, að þeir einstaklingar sem hafa verið á vinnumarkaði njóti betri lífeyrisréttinda með því að greiða hluta atvinnutekna sinna í lífeyrissjóð en væri ef þeir hefðu verið utan vinnumarkaðar.“

Þetta kom til umræðu hér áðan og ég held að við séum öll sammála um að það þurfi að vera ávinningur af því að greiða í lífeyrissjóð.

Ýmsir hafa goldið varhuga við tillögu um lagabreytingar á starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sem varða leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu stofnunarinnar og eðlilegt eftirlitshlutverk, og að starfsemi hennar eigi að lögfesta. Ég tel það því rétt, eins og kemur fram í breytingartillögu meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar, að fresta þessum lið og skoða betur.

Mig langar þó að vekja athygli á því að það kom fram í máli Tryggingastofnunar að erfitt væri að framkvæma slíka breytingu á miðju ári. Það tæki allt upp undir þrjár vikur að breyta í kerfinu og það kom líka fram að nauðsynlega fjármuni vantaði til að breyta kerfinu og að kynna þessa breytingu fyrir bótaþegum.

Sem fyrrverandi sveitarstjórnarkona hlýt ég að taka undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur, með leyfi forseta, að brýnt sé „að koma á skilvirkri upplýsingamiðlun milli Tryggingastofnunar, Vinnu- málastofnunar og félagsþjónustu sveitarfélaganna, svo stemma megi stigu við tvígreiðslu eða útgreiðslu bóta og fjárhagsaðstoðar á grundvelli rangra, villandi eða ófullnægjandi upplýsinga.“

Þeir krefjast þess að fá heimild til samkeyrslu skráa og telja að það mundi veга þungt í þessum efnun, en sambandið stýður þó í grunninn það markmið frumvarpsins,

eins og fram kom hjá öðrum aðila hér áðan, að almenningur njóti þess að greiða í lífeyrissjóð.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Hætta er hins vegar á því að ef frumvarpið verður að lögum dragi úr því svigrúmi sem stjórnvöld hafa til að knýja í gegn frekari umbætur á almannatryggingakerfinu.“

Það er það sem við höfum kannski helst verið að ræða hér, það eru áhyggjur okkar og mjög margra umsagnaraðila af því að þetta verði okkur dýrara þegar upp er staðið.

Í frumvarpinu sem lagt var fram síðastliðið vor af fyrrverandi velferðarráðherra, og er lagt aftur fram nú hér á þessu sumarþingi, er gert ráð fyrir að sameina í ein lög rétt til bóta og aðstoðar vegna elli, skertrar starfsgetu, andláts eða framfærslu barna með það að markmiði að gera lögin einfaldari og skýrari en núgildandi löggjöf. Þetta eykur mjög gagnsæi og gefur betri yfirsýn yfir réttindi einstakra hópa sem er vel.

Í frumvarpinu eru lagðar til gagnngerar breytingar á bótakerfi ellilífeyrisþega þar sem fjórir bótaflokkar verða meðal annars sameinaðir í einn með einu skerðingarlutfalli gagnvart öllum tekjum. Breytingin er vissulega viðamikil en einfaldar bótakerfi ellilífeyrisþega til muna, en í frumvarpinu er líka gert ráð fyrir innleiðingu í áföngum næstu fjögur árin.

Virðulegi forseti. Mér finnst afar mikilvægt sem konu að vekja athygli á því sem fram kemur í umsögn Femínistafélags Íslands þar sem sagt er að eðlilegra hefði verið að hækka grunnlífeyri almannatrygginga, sem hefði nýst fleirum, en að hækka frítekjumark þeirra sem hafa atvinnu- og fjármagnstekjur. Það er því algjörlega ómögulegt að vera sammála þeirri fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að það hafi ekki bein áhrif á jafnrétti kynjanna.

Í umsögn Femínistafélagsins eru áhugaverðar niðurstöður rannsóknna þar sem fram kemur, og flest okkar hér inni vitum, með leyfi forseta:

„... að konur hafa unnið sér inn minni tekjur hjá lífeyrissjóðum og með viðbótarlífeyrissparnaði en karlar. Þær þurfa því að reiða sig meira á ellilífeyri og réttindi almannatrygginga. [...] Hugsanlega einfaldasta og minnst umdeilda leiðin væri að hækka grunnlífeyri og tekjutryggingu og uppbætur til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar þannig að öruggt væri að lífeyrisþegar gætu framfleytt sér á þeim greiðslum. Sú leið myndi í grunninn vera kynhlutlaus þar sem hún kæmi þeim sem hefðu lægst tekjurnar vel, burtséð frá kyni. Í raun væri þetta þó jafnréttisáðgerð þar sem konur eru meiri hluti þeirra sem að reiða sig á grunnlífeyri og uppbætur vegna lítilla eða engna tekna frá lífeyrissjóðum. Slík áðgerð myndi þar af leiðandi auka efnahagslegt jafnrétti kynjanna.“

Vert er að vekja athygli á því að konur eru nú um 58% þeirra sem fá greiddan ellilífeyri og um 62% þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri frá Tryggingastofnun.

Í umsögn Jafnréttisstofu er hvatt til þess að yfirlýsing um tilgang hækkunarinnar á frítekjumarki verði endurskoðuð og þar eru lagðar fram gagnrýnar spurningar, með leyfi forseta, sem ég vil hér endurtaka:

„Eru til upplýsingar um það hversu lengi konur vinna almennt og hversu lengi karlar vinna almennt? Eru til upp-

lýsingar um það hvort konur og karlar vilja vinna lengri starfsævi en þau gera nú? Eru þetta helstu rökin fyrir hækkun frítækjumarks, þ.e. að hvetja fólk til að vinna enn þá lengur?“

Við þessu væri gott að fá svör því að það er jú þannig að þó að við viljum öll geta unnið eins lengi og mögulegt er þá er rétt að halda því til haga að það er fleira sem getur aukid lífsgæði en að lengja starfsævina.

Virðulegi forseti. Sem nefndarmaður í fjárlaganefnd get ég ekki annað en rætt kostnað ríkissjóðs við frumvarpið. Aætlaður kostnaður í ár er um 850 milljónir og um 4,6 milljarðar á því næsta en gæti hækkað eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytis. Hæstv. ráðherra sagði hér í umræðu á dögnum að hún treysti sér til að mæla fyrir slíku frumvarpi þrátt fyrir að í umsögn fjármálaráðuneytisins kæmi fram að þetta bryti í bága við nógildandi fjárlög og afkoma ríkissjóðs mundi versna að sama skapi.

Þá verð ég að spyrja hvort hæstv. ráðherra treysti sér til þess að segja þingheimi hvar hún hyggst fá fjármuni til að brúa þetta bil. Það hefur ekki komið fram hér í umræðunni, af hálfu forustumanna ríkisstjórnarinnar, að staðan sé svo góð og aukinheldur eru hér lögð fram tekjulækkandi frumvörp hvert á fætur öðru. Hvar á að afla tekna og hvar ætla hæstv. ríkisstjórn að skera niður? Boðaður hefur verið flat-ur 1,5% niðurskurður. Dugar hann til til að brúa fjárlagagatid? Það stækkar hér með hverjum degi vegna framkominna frumvarpa.

Það er því ekki nema von, og ég skil það mætavel, að mönnum hrjósi hugur við því að koma saman tekju- og fjárlagafrumvarpi og leggja það fram á tilskildum tíma.

Hér var rætt áðan um að standa við loforð. Í Morgunblaðsgrein sem Lilja Þorgeirsdóttir er höfundur að, en hún er framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, kemur fram, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra tilkynnti að standa skyldi við gefin loforð. Í kvöldfréttum RÚV 25. maí sl. sagði hann að strax á sumarþingi myndu leiðréttingar á tekjutengingum og réttindaskerðingum lífeyrisþega sem tóku gildi 1. júlí 2009 verða að veruleika.“

Síðar segir:

„Samkvæmt því virðast stjórnvöld ekki ætla að standa við gefin loforð strax á sumarþingi nema að hluta til. Notast er við smáskammtalækningar sem nýtast ekki þeim sem eru með lágur tekjur.“

Þetta er umsögn þeirra sem þar koma að máli. Ég tek undir það að þetta kemur á óvart.

Virðulegi forseti. Ég átti þess kost að sitja fund velferðarnefndar á dögnum og þar komu margir gestir sem flestallir voru sammála um að þeir sem minnst hafa, ellilífeyrisþegar og öryrkjar, eru ekki þeir sem njóta góðs af þessu frumvarpi og vekur sú forgangsroðun furðu flestra.

Einnig var það almenn skoðun að starfshópurinn sem fyrrverandi hæstv. velferðarráðherra skipaði í apríl 2011 til að vinna að lokafrágangi heildarendurskoðunar almannatryggingalöggjafarinnar ætti að halda áfram vinnu sinnu og á því ætti framtíðarhugsunin um almannatryggingar að byggja.

Hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hefur sagt að hún sé hvergi nærri hætt og trúi ég því að hún leggi þetta

frumvarp fram af góðum hug. En eftir stendur að flestallir sem skiluðu inn umsögnum telja þetta ekki bestu forgangsroðunina, þá leið sem hér er verið að fara, og að horfa eigi á heildarmyndina til framtíðar. Það er það sem minni hlutinn leggur áherslu á.

Við gleðjumst yfir hverju skrefi sem stigið er til að bæta tekjur þessa hóps sem í sjálfu sér hefur minnst í samfélaginu og þurfti að taka á sig byrðar eins og aðrir. Það breytir því ekki að við hefðum gjarnan viljað forgangsraða með öðrum hætti og erum ekki ein um það. Eins og ég las hér upp áðan kemur það fram, bæði í umsögnum um málið sem bárust nefndinni og í áður nefndri blaðagrein — og það kom líka fram hjá Lilju Þorgeirsdóttur, þegar hún kom á fund nefndarinnar, að hún fengi mörg símtöl frá öryrkjum sem byggjust við því að fá hækkun strax í sumar, en það gerist ekki, ekki samkvæmt þessu frumvarpi, því miður. Við höfum viljað forgangsraða þannig að þeir sem minnst hafa hefðu fengið fyrst, með þeim hætti hefði verið farið inn í þetta, í staðinn fyrir að byrja á þeim sem mest hafa í þessum geira, þó að lítið sé.

[14:16]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur fyrir ágæta yfirferð yfir málið. Hún sagði nokkrum sinnum að þeir sem ekki ættu rétt í lífeyrissjóðum væru berskjaldaðir.

Þá vil ég spyrja hana: Hverjir eru það sem ekki eiga rétt í lífeyrissjóðum? Árið 1974 voru sett lög frá Alþingi um að allir launþegar skyldu greiða í lífeyrissjóði, allir. Árið 1980 var það víkkað út á sjálfstæða atvinnurekendur líka, að allir Íslendingar sem stunda vinnu skuli greiða í lífeyrissjóð. Það þýðir að í 33 og upp í 39 ár hafa Íslendingar verið skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóð.

Nú er ákveðinn hluti þjóðarinnar utan vinnumarkaðar, sem eru fatlaðir. Gert hefur verið mikið átak í að laga stöðu þeirra þó að mikið verk sé enn óunnið, þeir eru á vissan hátt sér á báti. Ég vil spyrja hv. þingmann: Hvaða fólk er það sem stendur fyrir framan Tryggingastofnun, hefur verið á vinnumarkaði og á ekki rétt? Gæti það verið fólk sem hefur búið í útlöndum sem hefur valið erlent velferðarkerfi alla sína starfsævi, kemur svo til Íslands — og þá er það spurningin: Eigum við að horfa mikið til þess að það hafi þá ekki tryggt sig í útlöndum og stendur berskjaldað fyrir framan Tryggingastofnun? Eða er þetta sá hópur manna sem ég sem formaður Landssambands lífeyrissjóða á sínum tíma vissi að borgaði ekki í lífeyrissjóð þó að hann ætti að gera það? Það voru 40 þúsund manns. Við vissum að á vinnumarkaði voru 40 þúsund manns sem ekki borguðu í lífeyrissjóð. Þá spyr maður það fólk: Hvað gerði það við iðgjöldin? Því að væntanlega hefur það fengið iðgjöldin greidd út, þessi 10% sem hinir greiða, og spurningin er sú: Hvað gerði það við iðgjöldin og af hverju er það svona berskjaldað fyrir framan Tryggingastofnun?

[14:18]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara fyrir þá sem borguðu ekki í lífeyrissjóðina af einhverjum annarlegum

ástæðum sem þingmaðurinn var hér að telja, þ.e. greiddu ekki það sem þeim bar að greiða. En spurningin um það hverjir það eru sem fá ekki bætur — hann svaraði því eiginlega sjálfur, hv. þm. Pétur Blöndal, og þakka ég honum fyrir þessa fyrirspurn. Það eru sérstaklega heimavinnandi konur, það kom fram í umsögnum sem fylgdu frumvarpinu inn í nefndina. Þær eru enn til í töluvert miklum mæli og við vitum að þær eru fjölmennasta stéttin, heimavinnandi konur, sem hafa ekki notið lífeyrisréttinda, þ.e. voru ekki úti á vinnumarkaðnum fyrir þennan tíma og enn er til fólk sem er bótaþegar og hafa ekki farið út á vinnumarkaðinn, öryrkjar, eins og hér var réttilega nefnt.

Þetta er stór hópur fólks og það er til dæmis það sem Öryrkjabandalagið er að gagnrýna í umsögn sinni. Ekki er verið að koma til móts við þann hóp með þessum aðgerðum. Það er því fyrst og fremst þessi hópur og ef þingmaðurinn les nú nefndarálit minni hluta nefndarinnar er ágætur listi yfir ellilífeyrisþega með lífeyristekjur og svo atvinnutekjur þar sem er farið yfir þetta. En það er þessi hópur sem við erum enn þá með sem nýtur ekki þessa réttar, þ.e. lífeyrisréttar, hann er enn til staðar. Meðan svo er þurfum við að taka tillit til hans.

[14:20]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Upp úr 1950 til ársins 1970 verður ákveðin þjóðfélagsbreyting á Íslandi. Það þykir ekki lengur eðlilegt að karlmenn séu fyrirvinnur eingöngu heldur fara konur í auknum mæli út á vinnumarkað. Lausleg könnun okkar hjá Lands sambandi lífeyrissjóða á sínum tíma leiddi í ljós að konur fæddar eftir 1955 væru velflestar eða ættu að vera með lífeyrisréttindi vegna þess að þær væru á vinnumarkaði. Oft og tíðum, því miður, með mikri lægri laun. En það er annað mál, þær eiga að eiga lífeyrisrétt.

Ég spyr því enn: Hverjir eru það sem standa fyrir framman Tryggingastofnun, hafa verið á vinnumarkaði, eftir að lífeyrissjóðirnir hafa starfað í 33 ár, hverjir eru það sem ekki hafa greitt í lífeyrissjóð og af hverju ekki? Það getur vel verið að lífeyrisréttindin séu mjög lítil og rýr og sérstaklega varðandi öryrkja, það kemur í ljós að þeir hafa sumir hverjir greitt af mjög lágum launum í lífeyrissjóð. En að einhver sé ekki með nein réttindi, það finnst mér vera fullmikil fullyrðing þegar við undanskiljum þá sem eru fatlaðir, sem eru eitthvað 4 til 5% af þjóðinni, ef við göngum út frá reynslutölum annarra þjóða.

[14:21]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég tel mig nú ekki geta svarað þessu betur en ég gerði áðan. En ég vek athygli þingmannsins á rannsókn sem vitnað er í í umsögn Femínistafélagsins, sem var mjög fagleg og vel gerð. Þar var meðal annars upplýst það mál sem hann nefndi, þ.e. þetta með minni tekjur kvenna hjá lífeyrissjóðum þar sem kemur fram að þær reiða sig meira á ellilífeyri, og réttindi almannatrygginganna þannig, en hafa ekki tekjur af lífeyrissjóðum.

Ég tel mig ekki hafa sagt mörgum sinnum — ég þarf nú að lesa ræðu mína aftur ef hann telur mig hafa fullyrt það mörgum sinnum — að ég hafi sagt að það væru einhverjir

sem hefðu engan rétt. En það er alveg klárt mál að þetta kemur niður á konum, þetta frumvarp, það kemur niður á þeim sem hafa minna. Um það erum við kannski svölftíð að takast á, að konur reiða sig mest á ellilífeyrinn en eru ekki með háar lífeyrissjóðstekjur og um það fyrst og fremst snýst gagnrýni okkar á frumvarpið.

[14:23]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni varð tíðrætt um þá vinnu sem fram fór varðandi endurskoðun á almannatryggingakerfinu þar sem sátu í sameiningu fulltrúar atvinnulífsins og launþega og jafnframt fulltrúar úr öllum stjórn málaflökkum. En fjármálaráðuneytið kom ekki að þeirri vinnu og heldur ekki fulltrúar öryrkja, þ.e. þeir sögðu sig frá þeirri vinnu.

Telur hv. þingmaður að það frumvarp sem lagt var fram af þáverandi ráðherra, Guðbjarti Hannessyni, á síðasta þingi og svo á þessu sumarþingi, sé fullbúið? Telur hv. þingmaður það raunhæft að frekar hefði verið farið í að löggesta það frumvarp en það sem við erum hér með í umfjöllun? Telur hv. þingmaður það ekki vera galla á málinu að Öryrkjabandalagið kom ekki að vinnunni undir lokin og að málið hefur ekki verið fjármagnað?

[14:24]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að svara því sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir spurði um og þakka henni fyrir það — af því að lokaorð mín voru einmitt á þá lund að halda skyldi áfram vinnu í nefndinni sem velferðaráráðherra setti á laggirnar og var búin að skila skýrslu um þessa heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfni. Hún er ekki fullbúin en það er ástæða til þess, og hefði hugsanlega verið hægt, eins og hér hefur komið fram, að ná saman um að klára hana, mál sem var búið að vinna þó þetta mikið, frekar en að koma hér með eitthvað út úr frumvarpinu sem er ekki beint í þeirri forgangsröð og í upplægningu, eins og þar var lagt til.

Mér þykir það miður líka að Öryrkjabandalagið skyldi hafa sagt sig frá þessu. Ég þekki ekki þá sögu, ég játa það, hvers vegna það gerðist. Það er að sjálfsögðu markmið okkar að fá Öryrkjabandalagið að borðinu aftur, það er ekki spurning.

Ég held líka að aðkoma fjármálaráðuneytisins að öllum svona stórum málum eigi að vera til staðar, það á ekki að þurfa að spyrja að því eða óska eftir því, það á að vera þannig. Hvers vegna það var ekki, það veit ég ekki heldur.

Að sjálfsögðu, eins og ég sagði í lokaorðum mínum, og kom fram í nefndinni sem við hv. þingmaður sátum báðar í og hlustuðum á, vildi fólk almennt sem þar kom og hefur hagsmunna að gæta að haldið yrði áfram með vinnu þessarar nefndar, á henni byggt, og það er það sem ég er fyrst og fremst að leggja til. Það að frumvarpið sem var lagt fram á síðasta þingi og er búið að leggja hér fram aftur — ég hefði verið tilbúin til að vinna í því á þessu þingi og tel að við hefðum komist lengra áleiðis með það.

[14:27]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. nefnd fyrir vinnu að þessu mikilvæga máli og hæstv. ráðherra fyrir að hafa loksins flutt það á sumarþinginu. Engum blöðum er um það að fletta að nokkur ljón voru í vegi ráðherrans og trúlega var lagt af stað með þetta mál ögn gildara en það sem nú liggur á borðinu. Það stoppaði jú lengi í kostnaðarmati í fjármálaráðuneytinu og síðar í þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem kunnugt er.

Hér er þó verið að bæta nokkuð í ellilífeyri til ákveðinna hópa og það er þakkarvert og auðvelt út af fyrir sig að styðja það. Þó verður að segjast eins og er að verið er að byrja á kolröngum enda í því að létta af þeim skerðingum sem allir flokkar voru sammála um að þyrfti að létta af og væri forgangsverkefni á þessu kjörtímabili að gera, hvort sem þeir skipa stjórn eða stjórnarandstöðu.

Hér er fyrst og fremst verið að leggja áherslu á þá hópa sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi barist fyrir í þessum málaflokki — annars vegar fyrir þeim sem hafa nokkuð umtalsverðar tekjur úr lífeyrissjóði og hins vegar fyrir þeim sem hafa atvinnutekjur en í því tilfelli eru það oftast ekki aðilar sem eru með félög á sínum vegum sem þeir hafa atvinnutekjur af, rekstrarfélög eða félög um eignir sínar, og eru þess vegna kannski ekki endilega í hópi þeirra sem verst eru settir eða mest þurfa á því að halda að skerðingunum sé af þeim létt.

Þó að ástæða sé til að þakka fyrir skref í rétta átt verður um leið að segja að hér er verið að byrja á vitlausum enda og á vitlausum hópum. Það er verið að efna það sem hefur verið sérstakt áhugamál Sjálfstæðisflokksins í þessum málaflokki, hinir tekjuhærrí hópar aldraðra hafa löngum verið áhersluatriði þeirra í almennatryggingunum, miklu síður aðrir hópar aldraðra eða öryrkjar. Þeir hafa jafnan lagt mikla áherslu á tekjuhærrí hóp ellilífeyrisþega og þá sem eru með atvinnutekjur og þá einn af eigin rekstri eða eigin eignum. Þetta vita þeir sem hafa fylgst með þessari umræðu lengi.

Ég held að við höfum kannski verið að vonast eftir því að aðrir hópar væru hér í forgangi og að þær áherslur sem Framsóknarflokkurinn hafði fyrir kosningar yrðu fyrirferðarmeiri, þeir hópar sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt áherslu á. Því er ekki að leyna að í hægri stjórninni, sem nú er við völd á Íslandi, eru ekki alveg sömu áherslur hjá báðum flokkunum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Það eru öllu félagslegri áherslur hjá Framsóknarflokki þrátt fyrir allt og hann hefur lagt heldur meiri áherslu en Sjálfstæðisflokkurinn á þá hópa sem verst eru settir. En þess sér kannski ekki mikinn stað í þeim áherslum sem eru í þessu frumvarpi þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn fari með það ráðuneyti sem málið flytur. Það er væntanlega bara niðurstaðan úr samningaviðræðum flokkanna að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft sínar áherslur fram í þessu og Framsóknarflokkurinn kannski ekki haft erindi sem erfiði.

Við hljótum hins vegar að horfa til þess að aðeins eru nokkrir mánuðir liðnir af þessu kjörtímabili og haustþing er fram undan. Við hljótum að binda vonir við að skerðingunum verði létt af eins og lofað var á haustþinginu. Við verðum kannski að hafa skilning á því að ekki sé meira gert á

þessu stutta sumarþingi. Ég held þó að þeir hópar sem hér er verið að grípa til aðgerða fyrir séu kannski ekki þannig staddir að þurft hafi að setja alveg sérstakan forgang á þetta hér á sumarþinginu, það hefði eins mátt leysa úr þessu á haustþinginu á annað borð og láta það bara gilda frá 1. júlí. En það er eins og með margt annað í málalíbúnaðinum hér á sumarþingi að í nokkuð mikið er ráðist fyrir fremur lítinn ávinning þegar upp er staðið.

Því að í sjálfu sér hefði þetta sumarþing getað staðið svo sem einn eða tvo daga þar sem kjörið hefði verið í nefndir og gengið frá þessum leiðréttingum og gerðar nauðsynlegar breytingar til að koma í veg fyrir að einhver dagsetningarmál tækju gildi 1. september, bæði hvað varðaði veiðigjald og virðisaukaskatt. Að því búnu hefði þing einfaldlega getað farið heim og menn farið að hefja vandaðan undirbúning að þeim málum sem ættu að koma hér inn í haust. En það hefur því miður ekki verið verklagið heldur hafa menn komið hingað inn með hvert málið á fætur öðru, bæði seint og málin vanbúin þannig að þurft hefur að vinna vikum saman í því að gera eitthvað úr málum sem þegar upp er staðið eru, fyrir utan gjafabréfið til LÍÚ, í raun hvorki fugl né fiskur, eða ekki af þeirri stærðargráðu að það skipti neinu máli hvort þau eru lögfest í júlí eða í september. Það gildir út af fyrir sig um þetta mál.

Þetta er þó það þeirra mála sem fram hafa komið á sumarþinginu sem sannarlega er jákvætt og hefur beinlínis í för með sér að ákveðinn hópur í landinu er betur settur eftir en áður og vissulega nær þetta ekki bara til hátekjufólks, það eru auðvitað lífeyrissjóðstekjur þarna sem fólk hefur sem eru það lágar í sjálfu sér að sá hópur þarf sannarlega á kjarabótum að halda. Það er þó ánægjuefni að hægt sé að stíga þetta skref núna, en við hefðum haft aðrar áherslur í þessu og lagt áherslu á þá hópa sem höllustum fæti standa til að auka jöfnuð í samfélaginu.

Það sem þó helst truflar mann við frumvarpið eins og það kemur fram — af því að það er um svo afmarkaðar breytingar og breytir í sjálfu sér ekki kerfinu, almennatryggingakerfinu, sem er allt of flókið og óskilvirkt eins og við þekkjum — eru áhyggjur af því að það gæti spillt því að það tækist að endurskoða kerfið í heild sinni, að menn hafi það ekki lengur í hendi, þegar þeir hafa stigið þetta skref, hverju er úr að spila til að ná fram endurskoðun á kerfinu í heild sinni. Það vekur okkur til umhugsunar um það hversu óskaplega föst við erum í að stunda meirihlutapólitík og skipta alltaf um kúrs í hvert sinn sem kosið hefur verið til þings. Þetta gerum við miklu meira en þjóðirnar í kringum okkur og er það ein af ástæðunum fyrir þeirri átakastjórn-málahefð sem hér hefur þróast.

Á síðasta kjörtímabili gætti sannarlega, af hálfu hv. þm. Guðbjarts Hannessonar, viðleitni til að gera breytingu á. Þess vegna var í samstarfi allra flokka, í samstarfi við hagsmunasamtökin og í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa frá lífeyrissjóðunum og aðra þá sem að málum þessum koma, farið í mjög víðamikla endurskoðun á ellilífeyrinum og það var líka ætlunin að gera það á örorkulífeyrinum. Það urðu hins vegar deilur við Öryrkjabandalagið sem öllu því að þeir sögðu sig frá þessu ferli en hitt sem tókst var samstaða um endurskoðun á ellilífeyri, á öllu kerfinu; samstaða fulltrúa allra flokka í nefndinni, Sjálfstæðis-

flokks, Framsóknarflokks og okkar hinna sem vorum við stjórnvölinn þá; samstaða með bæði verkalýðshreyfingunni og Samtökum atvinnurekenda; samstaða með lífeyrissjóðunum og samstaða með Landssambandi eldri borgara.

Þegar þessu var náð nú í vetur hélt ég að okkur hefði loksins tekist það sem fjölmargir flokkar höfðu talað fyrir í mörg herrans ár, að það væri mikilvægt að ná fram heildarendurskoðun á þessu kerfi og heildarendurskoðun sem einfaldaði það, auðveldaði það fyrir þá sem þurfa að sækja í þetta kerfi, bæði aldraða og öryrkja — auðvitað hefur líka verið eindreginn vilji til þess að einfalda örorkulífeyrskerfið. En að þetta hefði núna tekist hvað varðaði ellilífeyrinn þannig að allir flokkar stæðu að því, aðilar vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðirnir og eldri borgarar og það væri þá bara mál sem kæmi hér inn í þingið, fengi þinglega meðferð og tæki einhverjum breytingum í þeirri meðferð eftir því sem menn átta sig á agnunu og yrði síðan að lögum.

En því er ekki að heilsa. Þegar alþingiskosningar hafa farið fram virðist það vera okkar pólitíska hefð að stjórn-málaflokkar, bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, sem hafa örfáum vikum áður staðið að þverpólitísku samkomulagi um tillögur í þessum málaflokki, fara bara frá því eins og vinnan hafi aldrei átt sér stað, eins og ekkert hafi verið sagt og ekkert hafi verið gert og þeir hafi aldrei staðið að einu eða neinu. Nú ætla þeir bara, gjöríð svo vel og veskú, að keyra sína stefnu og sínar ákvarðanir og sína forgangsröðun og það er engin samráðsvinna, ekki fulltrúar allra flokka, ekki aðilar vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðanna eða eldri borgara. Það er bara svona ráðherraraði, frumvarp frá ráðherraum um hvað honum finnst vera brýnast að gera núna. Meiri hlutinn keyrir það svo bara áfram hér í þinginu og þingið fer ekkert heim, eins og lýst hefur verið yfir, fyrr en búíð er að afgreiða þessa ráðherraákvörðun.

Ég held að alveg óháð allri flokkapólitík þá sé þetta miður og ekki eftirbreytnivert. Ég held að við þurfum miklu meira á því að halda að fulltrúar ólíkra sjónarmiða setjist saman yfir mikilvæg úrlausnarefni, eins og einföldun á almannatryggingakerfinu, og nái þar sameiginlegri niðurstöðu, nái þar sameiginlegum skilningi með aðilum vinnumarkaðarins og standi síðan að þeim breytingum og að jafn mikilvægir hlutar samfélagsins, eins og ellilífeyririnn, geti þá staðið tryggilega um lengri tíma, óháð því hvaða ríkisstjórn er við völd í landinu hverju sinni. Það sé bara búíð að leysa úr helstu ágreiningsefnum og síðan sé það hið pólitíska verkefni frá einu kjörtímabili til annars hvað menn ætla á hverjum tíma að setja af peningum inn í þetta kerfi. Menn geta þá tekist á um það á milli vinstri og hægri hvað eigi að setja mikið inn í þetta, hve mikla skatta eigi að leggja á til að setja inn í þetta, en að um kerfið sjálft, fyrirkomulag almannatrygginganna, og um grunnhugsunina í kerfinu, sé víðtæk sátt ólíkra flokka.

Þannig reyna menn að vinna í nágrannalöndunum og þannig reyndi hv. þm. Guðbjartur Hannesson, þá sem velferðarráðherra, að vinna í þessu efni. Ég hefði talið það miklu farsælla, bæði fyrir málaflokkinn og líka fyrir stjórn-málamenningu í landinu, að þau vinnubrögð hefðu haldið áfram í ráðuneytinu en ekki bara að ráðherrann ákveði hvaða atriði hann vilji setja í forgang og svo sé hann bara með einhverja þingmenn hér í þinginu sem keyri þá meiri-

hlutaákvörðun í gegn og það eigi sér engan aðdraganda, sé ekki hluti af neinni stærri sýn, sé ekki neitt sem haft hefur verið samráð um eða aðilar allir staðið að.

Hitt á maður líka erfitt með að skilja hvernig stjórn-málaflokkar eins og Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn geta tekið þátt í svona vinnu með formlegum hætti og tilnefnt inn sína fulltrúa; farið í gegnum mikla rýni og marga fundi — ég sat í þessari vinnu sjálfur, lengi — tekist á um deiluefni, náð úrlausn, miðlað málum, mætt sjónarmiðum, staðið að niðurstöðu, skrifað undir hana og svo bara gert eitthvað allt annað nokkrum mánuðum síðar. Mér finnst það ekki vera til þess fallið að auka manni trú á að hér megi þróa og efla þverpólitíska samvinnu og samráð um mikilvæg málefni sem ég held þó að sé það sem við þurfum ekki hvað síst á að halda og sé það sem almenningur kallar eftir af okkar hálfu.

Ég verð líka að segja að ég hef nokkrar áhyggjur af því að aftur sé kominn svona forgangur sem ég man eftir frá fyrri öld, skulum við orða það, þegar þessir tveir flokkar voru líka í meiri hluta. Ég fæ ekki betur séð en að þessar breytingar — sem eru jákvæðar, ég ítreka það, og skref fram á við — ívilni fremur okkur körlum en konum. Mér sýnist að það sé nokkuð augljóst af því hvaða hópur eru undir að þetta sé, út frá sjónarmiðum um kynjaða hagstjórn, karlapólitík. Ég man það býsna vel, þegar ég var að byrja að starfa í Öryrkjabandalaginu á sínum tíma og kynntist þeim gamaldags og karllægu sjónarmiðum sem réðu ríkjum í almannatryggingakerfinu, að þá varð ég algjörlega undrandi.

Þá kynntist ég því fyrst að skipulag almannatrygginga var þannig að ef maður átti maka sem hafði einhverjar tekjur þá fékk maður bara nánast engan lífeyri. Maður fékk þetta, held ég, 15 þús. kr. á þeim tíma á mánuði. Maður þurfti að biðja maka sinn um að gefa sér fyrir fötum, bara brýnustu nauðþurftum, af því að maki manns var í vinnu. Hverjir voru það sem voru settir í þessa stöðu? Það voru fyrst og fremst konur. Konur sem áttu mann sem hafði einhverjar meðaltekjur og á þeim tíma var eiginlega enginn skilningur á því að þetta væri ósanngjarnt. Þetta þótti bara mjög sanngjarnt af stjórnmálamönnum í ýmsum flokkum og af kerfinu sem slíku.

En þegar við fórum áfram með þetta mál og rákum það til enda felldi Hæstiréttur Íslands að lokum þann merka dóm sem sagði alveg skýrt og ótvírætt að þannig mætti ekki ganga fram gagnvart fólki. Ekki mætti taka svo persónuréttindi af einstaklingum að þeir hefðu ekki lífsframtæri eða lífsbjörg, það einfaldlega stríddi gegn stjórnarskránni. Þessar óréttlátu skerðingar voru í framhaldinu, sem betur fer, aflagðar að hluta og síðan að fullu þegar við fórum í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og það kom í ljós að þeir sem fyrst og fremst höfðu ávinning af því voru konurnar. Þess vegna hefði maður kannski gjarnan viljað sjá forgangsröðun í þessum ráðstöfunum núna sem hefði ekki hallað svona á kynin eins og þetta gerir.

En ég áréta að þetta er skref fram á við, það er verið að setja aukna fjármuni í ellilífeyrinn en það hefði mátt forgangsráða öðrum hópum og sannarlega hefði mátt taka kjör öryrkja föstum tókum um leið. Ég hvet meiri hlutann sérstaklega til að samþykkja breytingartillögu minni hlutans

um að fastsetja frítekjumark öryrkja sem nú er aðeins bráðabirgðaakvæði. Ég held að það sé einfalt sanngirnismál og eigi að vera útlátalaust fyrir meiri hlutann að fallast á þá breytingu og það sé til bóta. Ég vona að við höfum þroska til að samþykkja breytingartillögur og tillögur hvert frá öðru sem eru til bóta og ég mun fyrir mitt leyti samþykkja þetta mál.

[14:47]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Helga Hjörvar fyrir ræðuna. Sem endranær þarf hann nú að hnjóða í LIÚ í tengslum við eitthvert allt annað mál og svo talar hann um Sjálfstæðisflokkinn og fullyrðir að hann gæti tekjuhárna, fjármagnseigenda og annarra slíkra og einnig talaði hann um meirihlutapólitík sem væri óbreytt frá síðasta kjörtímabili. Mér þótti þetta allt miður vegna þess að ég átti von á því að breyting yrði með þessu þingi, að menn yrðu ekki svona mikið í sandkassaleik eða í skotgröfunum. Það er ekki bara meirihlutapólitík, það er líka minnihlutapólitík og mér finnst hv. þingmaður ekki fara vel í gang með hana.

Ég vil spyrja hv. þingmann, fyrst hann talaði um Sjálfstæðisflokkinn sem flokk sem gætti hagsmuna þeirra sem hefðu háar tekjur, ættu miklar eignir og annað slíkt: Af hverju eru fjármagnstekjurnar ekki inni í þessu? Einu sinni skertu þær lífeyri til helmings en núna skerða þær hann að fullu, það er ekki lagað. Hvernig stendur á því að Sjálfstæðisflokkurinn, sem gætir hagsmuna fjármagnseigenda, lagar þetta ekki? — Fyrir utan það að fjármagnstekjur eru yfirléitt neikvæðar að raungildi og þeir sem fá þær tekjur eru að tapa og svo er það skattlagt, hv. þingmaður stóð að því að tvöfalda skatta á neikvæðar fjármagnstekjur. Hvernig stendur á því, í ljósi þess sem hv. þingmaður heldur fram um varðstöðu Sjálfstæðisflokksins um fjármagnseigendur, að það fékkst ekki í gegn?

[14:49]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að ég undraðist það líka að einmitt þetta atriði skyldi ekki vera að finna í frumvarpinu. Ég átti allt eins von á því að Sjálfstæðisflokkurinn næði því líka fram strax í fyrstu umferð að efna þetta kosningalof sitt. Það er nefnilega rétt, eins og hv. þingmaður bendir á, að það er einmitt áherslan á þessa hópa, þá sem hafa fjármagnstekjur, þá sem hafa viðbótartekjur, þá sem eiga eignir, sem einkennir Sjálfstæðisflokkinn í þessum málaflökki og það er ekkert óeðlilegt við það. Það eru ákveðnir hópar sem hann hefur ákveðið að standa vörð um og beita sér fyrir. Það eru aðrir hópar sem við jafnaðarmenn höfum ákveðið að tala fyrir og beita okkur fyrir í þessu efni. Ekkert óeðlilegt við það en ég geri ráð fyrir því að við munum tiltölulega fljótlega sjá komið til móts við þennan hóp, fjármagnseigendur sérstaklega, sem hv. þingmaður nefnir ef ég þekki Sjálfstæðisflokkinn rétt. En það fáum við að sjá þegar fjárlögin koma fram ef þeim verður þá ekki frestað enn meira en orðið er.

[14:50]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Þeir sem hlýða á ræðu hv. þingmanns skynja ákveðna fordóma. Ég skynja ákveðna fordóma gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Nú er það þannig að á þeim 18 árum sem menn segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ráðið einn á Íslandi var velferðarkerfið aukið sem aldrei fyrr. Framlög í velferðarkerfið jukust gífurlega og mér er sérstök ánægja af því að framlög til málefna fatlaðra jukust sem aldrei fyrr; var ekki vanþörf á og enn má bæta. Þetta tal um það að Sjálfstæðisflokkurinn gæti bara hagsmuna fjármagnseigenda og ríkra, staðreyndir sýna annað. Hv. þingmaður getur kannað hvað ríkisútgjöld til velferðarmála jukust mikið þegar Sjálfstæðisflokkurinn var, að því er sagt er, einn við völd. Ég veit náttúrulega betur, hann var ekki einn við völd en því hafa menn haldið fram.

Varðandi frumvarpið þá snýst það um að grunnlífeyrir er ekki skertur. Ég get ekki séð að það sé til hagsbóta fyrir þá sem eru ríkir eða tekjuháir. Það gengur líka út á það að atvinnutekjur skerða ekki lífeyri eins mikið og áður, þ.e. að eldra fólk og þeir sem eru sprækir geti unnið eitthvað áfram án þess að það komi beint niður á lífeyri frá Tryggingastofnun. Er það eitthvert sérstakt áhugamál tekjuhárna eða Sjálfstæðisflokksins? Þessir fordómar hv. þingmanns falla um sjálf sig og ég hefði viljað sjá þingið byrja öðruvísi með minnihlutapólitíkna, hvernig hún bregst við og hvernig hún svarar og kemur inn í mál sem hér eru lögð fram. Ég hefði viljað að umræða hefði orðið málefnaleg — og að mörgu leyti var ræða hv. þingmanns málefnaleg, ef hún hefði verið það eingöngu hefði ég verið ánægður með hana.

[14:52]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. Pétur H. Blöndal lítur svo á að það sé málefnaleg umræða að fara hér í ræðustól Alþingis og kalla mig fordómafullan verður hann að hafa skilgreiningar sínar á málefnalegri umræðu fyrir sjálfan sig. Ég held að það séu ekki margir sem deila því að svoleiðis sleggjudómar um starfsfélaga séu málefnalegir.

Um það sem við ræðum er það að segja að þeir sem eru á strípuðum bótonum fá ekki neitt í þessu máli. Það eru þeir sem eru með tekjur sem eru í forgangi og það lýsir forgangsröðun — það lýsir engum fordómum í garð Sjálfstæðisflokksins að fara í gegnum þá forgangsröðun, það eru bara þeir hópar sem betur eru settir sem eru í forgangi í leiðréttingunum. Engu að síður er hér um að ræða leiðréttingar og ég er búinn að segja að við styðjum það að þessir hópar fái þessar leiðréttingar. En við vonumst til þess að sjá leiðréttingar fyrir aðra hópa sem allra fyrst.

Það á svo að vera okkur í Framsóknarflokknum og Samfylkingunni til nokkurrar umhugsunar þegar langreyndur þingmaður Sjálfstæðisflokksins fer hér í ræðustól og lýsir því yfir að í þau ár sem Sjálfstæðisflokkurinn starfaði, tólf ár með Framsóknarflokknum og sex ár með Samfylkingunni, hafi hann ráðið Íslandi einn.

[14:54]

**Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil eiginlega byrja á því að lýsa undrun minni á því að ég sitji hér í nánast tómunum þingsal

þegar verið er að ræða um frumvarp til laga sem snertir lífs-  
viðurværi stórs hóps á Íslandi. Það er kannski bara dálítil  
barnaskapur af mér að vera undrandi af því að það lýsir því  
kannski mjög vel hver staða okkar sem tilheyrum þeim  
hópi sem hér er verið að ræða um er. Mér þykir mjög leitt  
að sjá hve fáir gefa sér tíma í það eða sýna því áhuga að  
taka þátt í þessari umræðu en ég verð bara að lifa í þeirri  
von að þeir sitji allir límdir við skjáinn þarna frammi og  
komi svo hlaupandi hingað inn á eftir til að taka þátt í mál-  
efnalegum umræðum. Einhvern veginn hef ég á tilfinningu-  
inni að það sé kannski heldur ekki alveg rétt hjá mér.

Þjört framtíð styður minnihlutaálit velferðarnefndar og  
gleðst yfir því að ríkisstjórnin vilji verja auknum fjármun-  
um til almannatrygginga eins og gert var ráð fyrir í áætlun-  
um fyrri ríkisstjórnar. Við viljum því styðja frumvarpið  
með breytingartillögum en eins og kemur fram í minni-  
hlutaálitinu hörmum við það hve þröngur hópur nýtur góðs  
af þessu frumvarpi og þessum lagabreytingum.

Við gerum jafnframt alvarlegar athugasemdir við það að  
frumvarp hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra, Eyglóar  
Harðardóttur, gagnist nær eingöngu þeim lífeyrisþegum  
sem hafa hæstu tekjurnar og sem hafa greitt hvað lengst í  
lífeyrissjóði. Þrátt fyrir að frumvarpið kveði á um að staða  
kynjanna sé jöfn hvað varðar umbætur er líka ljóst að konur  
á ellilífeyrisaldri eiga minni uppsöfnuð réttindi í lífeyris-  
sjóðum en karlar þar sem sagan sýnir að þær hafa meðal  
annars unnið ólaunuð heimilisstörf en þar að auki vegna  
langvarandi kynbundins launamunar eins og kemur fram í  
umsögn Jafnréttisstofu og hefur komið fram í umræðu um  
þetta mál.

Þjört framtíð vill að öllum tiltækum ráðum verði beitt til  
að binda enda á kynbundinn launamun en með þessu frum-  
varpi teljum við þvert á móti verið að viðhalda honum sem  
hlýtur að teljast ólíðandi. Taka þarf þetta til sérstakrar at-  
hugunar, líkt og Jafnréttisstofa bendir á, í frekari vinnu á  
þessu sviði. Mikilvægt er í því tilliti að til dæmis hækka  
grunnlífeyri sem ekki hefur fylgt verðlagi þar sem það  
mundi stuðla að jafnari breytingum fyrir bæði kynin og  
ólíka hópa, t.d. öryrkja og eldri borgara.

Ljóst er að öryrkjar munu finna lítið fyrir breytingum til  
hins betra með þessu frumvarpi. Vekur sú staðreynd undrun  
okkar í ljósi háværra radda öryrkja um áhrif slæms efnahags  
á líf þeirra. Jafnframt benda rannsóknir til þess að öryr-  
kjar búi við fátækt og félagslega einangrun á Íslandi en  
árið 2011 var unnin rannsókn af Rannsóknarsetri í fötlu-  
narfræðum í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands um fátækt  
og félagslegar aðstæður öryrkja í tilefni af Evrópuári gegn  
fátækt og félagslegri einangrun 2010.

Í skýrslunni um rannsóknina kemur fram að markmið  
hennar var að afla þekkingar á efnahagslegum aðstæðum  
öryrkja frá þeirra eigin sjónarhorni. Í rannsókninni var ein-  
blínt á fjölskyldufólk með börn en þó var rétt við fjöl-  
breyttan hóp öryrkja. Í rannsóknarniðurstöðum kemur fram  
að þátttakendur áttu það sameiginlegt að þurfa alfarið að  
treysta á örorkubætur til lífsviðurværis. Bæturnar eru það  
lágar að þátttakendur búa við mjög erfiðan fjárhag og eiga í  
miklu basli við að tryggja lífsviðurværi sitt frá degi til dags  
og sumir hafa ekki efni á að versla mat eða aðrar nauðsynj-  
ar síðasta hluta mánaðarins.

Í rannsókninni kom fram að samkvæmt margvíslegum  
viðurkenndum viðmiðunum, sem notuð eru til að mæla og  
meta fátækt, býr stór hluti öryrkja við fátækt eða fátæktar-  
mörk. Þátttakendurnir í rannsókninni litu kannski ekki allir  
á það þannig enda, eins og ég þekki sjálf af því að búa við  
skerðingu, verður maður oft samdauna þeim aðstæðum sem  
maður er í. Þátttakendurnir tóku fram að fjárhagsstaða  
þeirra væri mjög viðkvæm og lítið þyrfti til þess að yta  
þeim yfir fátæktarmörk. Sá hópur sem var verst staddur  
samkvæmt þessari rannsókn voru barnafjölskyldur. Kom  
fram að sá hópur býr við mikla streitu og hefur stöðugt  
áhyggjur af afkomu fjölskyldunnar en sú staða öryrkja hef-  
ur neikvæð áhrif á fjölskyldulífið og börnin að þeirra eigin  
sögn.

Við höfum í þessu ljósi áhyggjur af endanlegri útgáfu af  
frumvarpi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra. Ekki  
síst vegna þess að ekkert samráð var haft við aldrað fólk  
eða öryrkja í ferlinu né hagsmunasamtök þeirra og frum-  
varpið ber þess svo sannarlega merki.

Við teljum algjört grundvallaratriði að haft sé samráð  
við hópa sem verið er að taka ákvarðanir um eða fyrir.  
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,  
sem Ísland hefur undirritað og þar með skuldbundið sig til  
að ganga ekki gegn, kveður skýrt á um viðunandi lífskjör  
og félagslega vernd í 28. gr. sinni og aðkomu fatlaðs fólks  
að ákvarðanatöku á öllum stigum stjórnsýslunnar.

Í greininni um viðunandi lífskjör og félagslega vernd  
segir í 1. lið, með leyfi forseta:

„Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjöl-  
skyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa, meðal  
annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis,  
og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi  
ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur  
verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.“

Í 2. lið er kveðið á um þær ráðstafanir sem aðildarríki  
þurfa að gera til að ná fram þessum rétti. Þar kemur meðal  
annars fram að tryggja þurfi fötluðu fólki, einkum konum,  
stúlkum og öldruðu fólki, rétt til þátttöku í áætlunum til að  
draga úr fátækt og á sviði félagslegrar verndar almennt. Þar  
að auki að tryggja þurfi fötluðu fólki og fjölskyldum þess  
sem lifa í fátækt aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta  
útgjöldum vegna sérstakra aðstæðna. Jafnframt að tryggja  
eigi fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum og eftir-  
launasjóðum.

Í 4. gr. sammingsins, sem fjallar um samráð, segir meðal  
annars orðrétt, með leyfi forseta:

„Aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf  
sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna  
að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náði sam-  
ráð við og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks.“

Eins og komið hefur fram lagði velferðarráðherra á síð-  
asta þingi fram tvö frumvörp sem voru afrakstur mikillar  
þverpólítískrar vinnu en þar var einmitt haft samráð við  
helstu hagsmunaaðila. Kom þá fram, í umsögnum margra  
við frumvarpið, sem er nú hér til umræðu, undrun yfir því  
að þeirra vinnu hefði verið ýtt til hliðar en í henni hefði  
falist heildarendurskoðun sem krafa hefði verið um til að  
einfalda flókið almannatryggingakerfi.

Við leggjum mikla áherslu á að mótuð sé langtímastefna



um mál og forðast sé að stunda plástursaðgerðir sem duga eingöngu til skamms tíma eins og í þessu tilviki eða eins og í þessu tilviki til afmarkaðs hóps. Við teljum að gæta þurfi skynsemi og gerum okkur grein fyrir að framfarirnar nást í skrefum en grundvallaratriði er að skrefin til umbóta í almannatryggingakerfinu séu að einfalda kerfið, auka skilvirkni þess, stuðla að því að það hvetji fólk til virkni og hafi forvarnagildi, bæði fyrir aldrað fólk og öryrkja.

Eins og kemur fram í minnihlutaálitni er ljóst að það frumvarp sem hér er til umfjöllunar getur sett þá vinnu sem hefur falist í heildarendurskoðuninni í ákveðið uppnám þar sem sá kostnaður sem fylgir frumvarpinu var ekki hluti af kostnaðaráætlun heildarendurskoðunarinnar.

Í frumvarpi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra er kveðið á um í 2. gr. að auka þurfi eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar. Færa má sterk rök fyrir því að svo sé, til þess að auka gagnsæi stofnunarinnar og koma í veg fyrir að umbjóðendum hennar fái rangar greiðslur. Jafnframt til þess að draga úr bótasvikum. Okkur finnst mikilvægt að benda á að þetta þarf að skoða í heildarsamhengi. Í velferðarnefnd hefur komið fram umræða, bæði í umsögnum og í okkar hópi, að gengið sé lengra á Norðurlöndum í eftirlitsluttverki og rannsóknarskyldu og refsiaðkvæðum. Þarna tel ég okkur enn og aftur vera að bera okkur saman við Norðurlöndin í einu máli en ekki í heildarsamhenginu. Fatlað fólk á Íslandi til dæmis, þar með öryrkjar, býr við mjög slaka réttarvernd. Það getur beint málum sínum, ef það er ósátt við gang mála innan Tryggingastofnunar, fyrir úrskurðarnefnd almennatrygginga en það tekur langan tíma og getur verið flókið ferli en svona mál þola almennt ekki mikla bið.

Við höfum réttindagæslumenn á vegum velferðarráðuneytis sem er kveðið á um í réttindagæslulögum fatlaðs fólks en það er enn þá í raun nýtt úrræði sem þarf að slípast og gagnrýnisráddir hafa verið uppi um það að þar sem það sé á vegum velferðarráðuneytisins sé það ekki mjög óháð réttindagæsla. Í mínu umhverfi kemur oft skýrt fram í máli fatlaðs fólks að því finnst óþægilegt að leita þangað þar sem velferðarráðuneytið ber í raun bæði ábyrgð á því að setja stefnu í málinu og að gæta réttinda fólksins. Það er kannski dálítið ankannalegt, ef við hugsum um það, að vera manns eigin lögregla.

Réttindavernd er líka kostnaðarsöm fyrir öryrkja og aldrað fólk og maður þarf að hafa mjög lágar tekjur til að geta til dæmis fengið gjafsókn til að fara með mál fyrir dómstóla. Að mörgu leyti er því ekki heldur verið að uppfylla skilyrði mannréttindasamninga um að þessir hópar geti leitað réttar síns. Allt þetta verður að skoða í heildarsamhengi þegar verið er að tala um að auka eftirlitsluttverk, rannsóknarskyldu og refsheimild til Tryggingastofnunar.

Þess vegna hafa ákveðnar efasemdir verið uppi, bæði innan velferðarnefndar en ekki síst meðal umsagnaraðila, þar sem um vandmeðfarnar heimildir er að ræða. Mikilvægt er að vanda vel til verka í þessum efnunum svo að auknar eftirlitsheimildir þjóni tilgangi sínum og gangi ekki á rétt aldrads fólks og öryrkja til persónuverndar og friðhelgi einkalífs.

Í áðurnefndri rannsókn, um fátækt og félagslega stöðu öryrkja frá 2011, kom fram í máli öryrkja að margir ættu

erfitt með að átta sig á hvernig kerfið virkar þar sem útreikningar bóta eru oft mjög flóknir og erfitt að átta sig á þeim. Þetta hefur þær afleiðingar að margir þátttakendur hafa verið rúkkadír um endurgreiðslur ef þeir höfðu haft meiri tekjur en áætlað var sem settu fjárhag flestra í mikið uppnám, einfaldlega vegna þess að þeir áttuðu sig ekki á því hvernig þeir áttu að bera sig að. Kvörtuðu jafnframt margir í rannsókninni yfir því að fá bréf sem erfitt er að skilja vegna skrifræðilegs orðalags. Sumir þátttakendur ræddu almennt um mikla bið í kerfinu öllu eftir þjónustu, dónalega framkomu starfsmanna, skort á upplýsingum og rangar upplýsingar. Þátttakendur töldu einnig að stöðugar endurskipulagningar og nafnabreytingar á stofnunum gerðu kerfið enn þá flóknara. Þeir upplifðu sig sem vanmáttuga og hjálparlausa gagnvart því, bæði vegna hindrana, árekstra í samskiptum og skorti á samræðu og möguleikum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það kom fram í máli sumra þátttakenda að þeir upplifðu gagnsæisskort hjá þjónustustofnuninni sem ýtti undir að þá grunaði að ákvarðanir um bætur eða þjónustu væru teknar af handahófi og geðþótta. Þátttakendurnir töldu einnig að sú vanlíðan sem fylgdi því að eiga í samskiptum við kerfið hefði átt þátt í veikindum þeirra, ekki síst geðrænum erfiðleikum. Mörgum fannst niðurlægjandi að búa við þessar aðstæður, að flókið væri að koma sér út úr þeim og þeir upplifðu ákveðna höfnun af hálfu samfélagsins.

Þessar lýsingar undirstrika mikilvægi þess að eftirlit sé á báða bóga og markmiðið með því sé að auka gæði þjónustunnar, öryggi starfsemi stofnana og efla skilvirkni svo hægt sé að koma í veg fyrir að almennatryggingakerfið sé misnotað og að það brjóti á umbjóðendum sínum. Reynslan hefur sýnt að það getur verið flókið fyrir aldrað fólk og öryrkja að fóta sig í kerfinu en jafnframt að leita réttar síns eins og ég kom inn á áðan. Í skýrslu um rannsóknina eru dregnar fram tillögur og ábendingar til úrbóta sem mér finnst vert að benda á hér en þar kemur fram að endurskoða þurfi bótakerfið og einfalda það í heild sinni. Ekki bara parta og parta úr því og eins og ég kom inn á áðan, ekki að vera í plástursaðgerðum. Það þarf að minnka tekjutengingar og gera fólki þannig mögulegt að eiga auðveldara með að losa sig úr fátæktargildrum. Jafnframt er talið mikilvægt að grunnlífeyrir hækki.

Tillögurnar beina sjónum fyrst og fremst að kerfislagnum um umbótum en bæta þarf samskiptin milli kerfisins og þeirra sem nota það. Þörf er á því að hægt sé að skjóta málum til óháðs aðila og að notendur hafi aðgang að talsmanni. Huga þarf sérstaklega að barnafjölskyldum og endurskoða reglur með þeim hætti að ekki sé alltaf gengið út frá því að öryrkjar séu einhleypir einstaklingar. Tryggja þarf betra aðgengi að upplýsingum sem eru aðgengilegar og á auðskildu máli. Mikilvægt er að heildarendurskoðun almennatryggingakerfisins fari fram í verki á grunni fyrirbyggjandi vinnu og þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru svo að hægt sé að móta kerfið þannig að það sé til þjónustu fyrir fólkið en ekki að fólkið sem notar það sé í þjónustu við kerfið. Skoða þarf meðal annars auknar eftirlitsheimildir í því ljósi og með skýr markmið að leiðarljósi.

Þrátt fyrir ýmsa annmarka sem við sjáum í fyrirbyggjandi frumvarpi munum við þó styðja það þar sem við teljum

mikilvægt að koma ekki í veg fyrir að kjarabætur verði fyrir þann hóp sem þó er um að ræða. Við stöðjum jafnframt og hvetjum til þess að breytingartillögur sem gerðar eru til þess að þeim hópi sem hefur lægstu tekjur sé betur mætt. Breytingarnar eru í anda heildarendurskoðunarinnar frá síðasta kjörtímabili. Við bindum vonir okkar við að þetta frumvarp sé eingöngu fyrsta skrefið af mörgum í þá átt að tryggja bæði öldruðu fólki og öryrkjum, og þá bæði konum og körlum, þau mannréttindi að búa við félagslegt öryggi og án fátæktar á Íslandi.

[15:12]

### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég tek undir með þeim fjölmörgu hv. þingmönnum sem hér hafa talað, og þá helst hv. þingkonu Freyju Haraldsdóttur, sem fór vel í gegnum það hvernig þetta allt getur verið. Ég verð að segja, nýkomin í velferðarnefnd, hef samt starfað að málefnum öryrkja áður, að þetta almannatryggingakerfi er eitthvað sem ég skil ekki. Og ég held að ég sé ekki ein um það.

Ég held í raun, og það er svona gantast með það, að það sé einn maður í velferðarráðuneytinu sem skilur almannatryggingakerfið. Það er náttúrulega ekki gott. Ég er ekki að gera lítið úr þekkingu hv. þingmanna og annarra, ég er að lýsa því hvernig þetta slær mig. Ég skil þetta ekki nógu vel.

Þegar við erum farin að vinna með eitthvert form eða kerfi sem er illskiljanlegt og erfitt í framkvæmd, kerfi sem er þannig að þeir sem þurfa að stöðjast við það skilja það ekki og þeir sem veita þjónustu í því ekki heldur, eða þegar oft er vafi á hinum ýmsu hlutum — ég held að þá séum við komin lengst út í vitleysu. Ég held að þá þurfum við að stíga skref til baka og hugsa málið, eins og sagt er á leikskóla hjá syni mínum. Ef maður er að gera einhverja vitleysu þarf maður að hugsa málið og kemur til baka þegar maður er tilbúinn að takast á við verkefnið aftur. Það er ekki vanþörf á því.

Ég er ánægð með að farið var í það á síðasta kjörtímabili að reyna að endurskoða almannatryggingakerfið. Það er ekki komið til framkvæmda. Auðvitað veit ég að það er dýrt og ýmsir vankantar eru á. Annað í því er líka að stórir hagsmunahópar eins og Öryrkjabandalagið sáu sér ekki fært að halda áfram í þeirri vinnu. Ekki var sátt um hvert stefndi og það er mikilvægt að hafa það hagsmunafélag með sem og önnur. En það sem er athyglisvert — og kannski svolítið kaldhæðnislegt, því miður — við þetta frumvarp til laga, þó að það sé ágætt, er einmitt slagorð Öryrkjabandalagsins: Ekkert um okkur án okkar.

Því miður er hér ekkert um þá og það er líka án þeirra og það þykir mér miður. Ég hef fullan skilning á því að verið er að reyna að plástra og gera eins gott og hægt er í stöðunni en ég verð að segja að ég hefði viljað byrja á hinum endanum. Ég hefði viljað byrja á þeim sem hafa það allra lakast. Það er svo mikill ósömi að þeirri fátækt sem við-gengst í samfélagi okkar hjá þeim hópi. Það er grátlegt og mér finnst sárt að við séum ekki að fjalla um þau hér. Þetta frumvarp er gott og gilt, ég neita því alls ekki, og ég hef fullan skilning á því að við þurfum að passa upp á að fólk hafi hvatir til að borga í lífeyrissjóð, að sjálfsögðu, og það fái það til baka eins og verið er að passa upp á hér. En ég er

með smá óbragð í munni samt sem áður yfir því að við séum ekki að standa okkur betur gagnvart þeim sem hafa það verst. Ég verð bara að segja það eins og er og ég veit að margir eru sammála því. En gott og vel, fólk er að gera eins vel og það telur fært á þessum tímamarki en við bíðum spennt og sjáum hvað setur.

Við í Bjartri framtíð leggjum mikla áherslu á að stuðst verði við þá vinnu sem til er og búið var að vinna á síðasta kjörtímabili. Mér skilst að það hafi verið ágæt vinna að einhverju leyti alla vega, að haldið verði áfram með heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu. Við þurfum að gera betur. Mér fannst vinnan í nefndinni ágæt. Fólk er sammála um að það þurfi að gera betur. Það voru einhver ákvæði, um persónuvernd, upplýsingalöggjöf og annað, í frumvarpinu sem allir voru sammála um að þyrftu að bíða aðeins; ákvæði sem meiri hluti nefndarinnar ákvað að leggja til að yrðu tekin út að sinni. Það er mjög ánægjulegt og gott að ekki sé verið að þvinga einhverju í gegn sem fólk er ekki sátt með. Það var sameiginleg niðurstaða nefndarmanna, að mér heyrðist.

Það er kynjavinkill sem ekki er hugað að í frumvarpinu og forgangsöröðun sem við gagnrýnum og leggjum áherslu á í breytingartillögu okkar og nefndarlíti minni hlutans. En við stöðjum þetta frumvarp eins og hv. þingkona Freyja Haraldsdóttir talar um hér því að það bætir vissulega stöðu aldraðra og það er þarf. Ég verð að segja fyrir sjálfa mig að þegar maður stendur frammi fyrir tveimur slæmum valkostum, þarf að velja á milli, hefði ég kosið að við byrjuðum á hinum endanum, að við byrjuðum á þeim sem hafa það allra verst.

[15:20]

### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu og ágæta yfirferð og alveg sérstaklega þegar hún getur þess að kerfið sé flókið. Það er eitthvað sem margir hafa bent á, og ég svo sem í gegnum tíðina, að það gengur ekki þegar kerfið er orðið þannig að sérfræðingarnir skilja það ekki, hvað þá almenningur. Mér finnst mjög brýnt að almenningur viti hvað hann er að fá í bætur og af hverju þannig að hann geti gert athugasemdir ef eitthvað er rangt reiknað eða rangt skilið. Ég legg áherslu á það.

Ég vildi spyrja hv. þingmann um afstöðu Öryrkjabandalagsins, þeir hafa slagorð sem mér finnst afskaplega gott: Ekkert um okkur án okkar. Mér finnst það mjög skemmtilegt og athyglisvert slagorð en þeir sögðu sig samt úr nefndinni þar sem verið var að fjalla um þessi mál vegna þess að þeir blönduðu því saman við önnur mál, þ.e. að hækka lífeyri almennt eins og verðlag eða laun sem ekki hefur verið gert.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Er hann sammála þeirri afstöðu Öryrkjabandalagsins að hverfa frá vinnu þar sem verið er að fjalla um framtíð kerfisins sem átti ekki að valda auknum kostnaði — þannig var það hugsað en svo breyttist það reyndar — og vera að blanda inn í það mikilvægum hlutum reyndar, en meira dægurmálum, um að hækka grunnlífeyrinn eins og verðlag eða laun?

[15:22]

**Björt Ólafsdóttir (Bf)** (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Já, takk fyrir andsvarið, fyrsta andsvarið sem ég fæ eftir að ég tók sæti á Alþingi. Þetta var mjög pent og huggulegt, takk fyrir það. Ég er alls ekkert hrædd við að stíga upp í ræðustólinn. Ég get ekki tekið afstöðu til þess hvort ég sé sammála því eða ekki, Öryrkjabandalaginu, með þessa samningstaktík eða strategíu. Ég veit ekki nákvæmlega hvað þeim gekk til þegar þau sögðu sig frá þessari vinnu. Væntanlega voru þau bara alls kostar ósátt við hvert stefndi, mér heyrðist það þegar við í velferðarnefnd fórum um hittum Öryrkjabandalagið, þeim fannst ekki hlustað á sig. Þá er kannski hreinlega að vera ekki partur af samkomulaginu ef maður er ekki sáttur við það. Ég veit það ekki. Nú er ég bara með getgátur, er bara að hugsa þetta upphátt.

[15:23]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg)**:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingar á lögum um almennatryggingar. Miklar væntingar hafa verið hjá elli- og örorkulífeyrisþegum um hækkun lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja og ekki að undra þar sem þeir hópar hafa þurft að bera kjaraskerðingu sem erfitt hefur verið að búa við.

Á síðasta kjörtímabili lögðu þáverandi stjórnvöld mikla áherslu á að verja tekjulægstu hópanna í röðum aldraðra og öryrkja og hækkuðu sérstaka framfærsluuppbot svo að hægt væri að verja kjör þessara hópa. Það voru rúmar 200 þús. kr. sem ég tel hafa verið rétta forgangsroðun við þær forðómalausau aðstæður sem urðu í kjölfar hrunsins. Ég hef alltaf talað fyrir því að það ætti að vera fyrsta verk okkar, þegar ríkissjóður færi að rétta úr kútnum, að koma til móts við þá hópa sem verst væru settir í þjóðfélaginu. Það tel ég rétt að gera og tel nú tækifæri til þess í kjölfar þess að gífurlega góður árangur hefur náðst á síðasta kjörtímabili við að endurreisa landið úr rústum frjálshyggjunnar. Nú höfum við möguleika til að koma til móts við þá hópa sem verst eru settir í þeim málaflokkum sem við erum að tala um, elli- og örorkulífeyrisþega.

Báðir núverandi stjórnarflokkar lofuðu að það yrði forgangsmál að afturkalla þær kjaraskerðingar sem óhjákvæmilegt var að fara í þegar ríkissjóður var á hliðinni. Nú kemur fram frumvarp sem á að mæta hinum digru kosningaloforðum beggja stjórnarflokkanna og þá kemur í ljós að einungis er verið að mæta litlu broti af því sem lofað var fyrir kosningar. Í frumvarpinu er um að ræða verulega hækkun á frítekjumark og vegna atvinnutekna fyrir elli- og lífeyristekjur munu ekki lengur skerða grunnlífeyri almennatrygginga. Það er vissulega til bóta en það er ekki endilega rétt forgangsroðun. Það er kannski það sem stendur upp úr varðandi þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að mæta kosningaloforðum sínum og því, sem ég held að við sem sitjum hér á þingi séum í grunninn sammála um, að bæta kjör þeirra sem verst eru settir meðal öryrkja og hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Þetta útspil þýðir að þeir sem verst eru settir í hópi elli- og örorkulífeyrisþega fá ekki neinar kjarabætur við þessa aðgerð að óbreyttu. Minni hlutinn leggur til, það kemur

fram í nefndarliti hans í velferðarnefnd, að komið verði til móts við þá sem lægst hafa tekjurnar. Þannig leggjum við til, í álit okkar og breytingartillögu, að sú skerðing sem verið hefur króna á móti krónu á framfærsluuppbotinni verði lækkuð þannig að 80% annarra tekna komi til skerðingar uppbotarinnar í stað 100% frá og með 1. júlí 2013 og 70% frá og með 1. júlí 2014.

Þessar tillögur eru í samræmi við tillögur starfshóps sem unnið hefur að endurskoðun laga um almennatryggingar. Við leggjum einnig til að fram nái að ganga sú réttláta breyting að frítekjumark atvinnutekna örorkulífeyrisþega verði fært til samræmis frítekjumark elli- og lífeyrisþega, sem er um 1,3 milljónir á ársgrundvelli. En sú forgangsroðun ríkisstjórnarinnar er einkennileg, að mér finnst, að þær leiðréttingar sem frumvarpið felur í sér nái ekki til þeirra sem þurfa að framfleyta sér á lægstu bótnum og hafa engar eða litlar tekjur. Það eru einmitt þeir hópar sem eiga langerfiðast með að ná endum saman en þeir eru ekki settir í forgangshóp ríkisstjórnarinnar. Þeir mega bíða áfram í óvissu um hvenær þess megi vænta að kjör þeirra verði leiðrétt og bætt ef það þá verður gert.

Ég tel mjög brýnt að hækka bætur almennatrygginga verulega og það þarf vissulega að koma öllum til góða en þó sérstaklega þeim hópum sem verst eru settir. Það er vissulega rétt að bæturnar hafa hvorki náð að halda í við verðlagshækkunar né almenna launapróun í landinu og jafnvel ekki algjörlega við hækkun á lægstu launum. Við þurfum vissulega að skoða það að hækka ýmis tekjuviðmið og frítekjumörk sem hafa verið fryst frá árinu 2009 sem ekki er tekið á í þessu frumvarpi. En allt kostar það peninga og allt er það spurning um forgangsroðun eftir getu ríkissjóðs og hvar þörfin brennur heitast hjá þessum hópum.

Ég fer til stuðnings þessu yfir nokkrar umsagnir sem borist hafa vegna frumvarpsins en vil undirstrika að minni hluti velferðarnefndar fagnar þeim vilja núverandi ríkisstjórnar, sem birtist í frumvarpinu, að auka útgjöld til almennatrygginga eins og áætlanir fyrri ríkisstjórnar gerðu ráð fyrir. Minni hlutinn tekur hins vegar undir með fjölmörgum umsagnaraðilum velferðarnefndar sem telja að verið sé að byrja á öfugum enda.

Frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra mun, að álit minni hlutans, helst gagnast þeim lífeyrisþegum sem hafa hæstu tekjurnar og meðal annars þeim sem hingað til hafa ekki fengið neinar greiðslur frá almennatryggingum vegna of hárra tekna. Minni hlutinn tekur undir með þeim umsagnaraðilum sem telja að eðlilegra hefði verið að grípa til aðgerða sem kæmu tekjulægstu og verst settu lífeyrisþegunum til góða fremur en þeim tekjuhærrí. Eðlilegast væri að fyrstu aðgerðir til leiðréttinga næðu til allra lífeyrisþega, svo sem með hækkun grunnlífeyris enda liggur fyrir að hann hefur ekki fylgt verðlagi að fullu síðustu ár.

Með leyfi forseta vísa ég í nokkrar umsagnir um þetta mál og byrja á umsögn sem kom frá Landssamtökum lífeyrissjóða:

„Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem meðal annars leiða til hækkunar á elli- og örorkulífeyrisgreiðslum. Sú breyting sem einkum varðar lífeyrissjóðina er að tekjur úr lífeyrissjóðum skerði ekki lengur grunnlífeyri elli- og örorkulífeyrisþega. Landssamtök lífeyrissjóða

fagna þessari breytingu enda mikilvægt að fólk sjái ávinning af því að greiða í lífeyrissjóði. Eftir stendur þó enn tekjulægsti hópurinn sem hefur lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum en frumvarpið varðar ekki réttindi þeirra sem fá greidda sérstaka framfærsluþpót.“

Þá vil ég, með leyfi forseta, vitna í umsögn Alþýðusambandsins:

„Alþýðusambandið fagnar þeirri fyrirætlun að bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega með auknum framlögum til almennatrygginga en lýsir jafnframt verulegum vonbrigðum yfir því að það skuli gert í algjörrí andstöðu við þá heildarendurskoðun á lögum um almennatryggingar og félagslegan stuðning sem unnið hefur verið að um margra ára skeið og breið samstaða var um meðal fulltrúa þingflokka og hagsmunaaðila í vor. Breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru settar fram án alls samráðs. Þær ganga alfarið gegn þeim hugmyndum sem ríkjandi hafa verið um nauðsyn þess að einfalda og skýra almennatryggingakerfið og gera enn erfiðara en nú er að vinna ofan af margflæktu almennatryggingakerfi. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu munu vissulega gagnast hluta lífeyrisþega en þó aðeins þeim sem eru tekjuhærri. Þeir lífeyrisþegar sem þurfa að reida sig eingöngu á tekjur almennatrygginga eða hafa lífeyrissjóðstekjur undir 215.000 kr. á mánuði og/eða lágur atvinnutekjur hafa engan ávinning af boðuðum breytingum. Samkvæmt tölum frá TR eru elli- og örorkulífeyrisþegar ríflega 46.000 en breytingin mun, samkvæmt athugasemdum við frumvarpið, hafa áhrif á tekjur um 7.000 þessara lífeyrisþega eða um 15%.“ — Þetta er athyglisvert og undirstrikar það sem ég hef sagt í ræðu minni.

Ég vitna, með leyfi forseta, í umsögn frá Samtökum atvinnulífsins:

„Þess í stað hvetja SA til þess að Alþingi taki til umfjöllunar frumvarp til laga um lífeyrissjóði almennatrygginga og félagslegan stuðning, lagt fyrir Alþingi á 141. lögjafarþingi 2012–2013. Það frumvarp var byggt á tillögum starfshóps um endurskoðun almennatryggingalaga sem skipaður var fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi, heildarsamtaka vinnumarkaðarins, samtaka aldraðra og annarra bótaþega. Starfshópurinn samþykkti samhljóða, þann 22.6.2012, tillögur um breytingar á elli lífeyri sem fela í sér mikla einföldun og minni víxlverkun tekna og bótagreiðslna. Í því frumvarpi er óvenjuþarlegt mat lagt á áhrif breytinga sem lagðar eru til, áhrif fjölgunar aldraðra á ríkisfjármál og samspil lífeyrissjóða og almennatrygginga. Það frumvarp felur vissulega í sér aukin útgjöld almennatrygginga en gildistaka ákvæða þess er áformuð í áföngum á löngum tíma og í samræmi við ríkisfjármálaáætlun á hverjum tíma.“ — Þetta er líka athyglisvert.

Þá vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna í umsögn Öryrkjabandalags Íslands:

„Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að stefnt sé að því að draga úr hlutfalli þeirra tekna sem hafa áhrif á útreikning framfærsluþpótá til tekjulágra einstaklinga. ÖBÍ hefur gagnrýnt mjög, meðal annars í umsögn um lífeyrissjóði almennatrygginga og félagslegan stuðning, útfærslu sérstakrar framfærsluþpótá sem skerðist krónu á móti krónu vegna skattskyldra tekna og bent á hvernig uppþót þessi heldur lífeyrisþegum í fátæktargildru. ÖBÍ leggur

áherslu á mikilvægi þess að sérstök uppþót vegna framfærslu verði afnumin og upphæð hennar felld inn í grunnlífeyri almennatrygginga og lúti sömu lögmálum og hann. 100% skerðingar, sem hafa tíðkast í gegnum árin, hmla meðal annars atvinnuþáttöku tekjulágra lífeyrisþega auk þess sem fólk sér ekki ávinning í því að greiða í lífeyrissjóð vegna samspils við almennatryggingar. Á þetta sérstaklega við um lífeyrisþega, sem eru með lágur lífeyrissjóðstekjur og engar aðrar tekjur nema bætur almennatrygginga. Sérstaka framfærsluþpótin er án frítekjumarks og þess valdandi að hópur lífeyrisþega getur ekki nýtt sér frítekjumörk almennatrygginga.“ — Og vísað er í töflu sem fylgir umsögninni.

Þessi sjónarmið veða líka mjög þungt og við í minni hlutanum teljum að með breytingartillögu okkar höfum við mætt þeim að hluta til. Að þessu sögðu lít ég þannig á að við sem störfum hér á hv. Alþingi verðum að sameinast um það þvert á flokka að ljúka þeirri endurskoðun sem hafin var á almennatryggingakerfinu og komin var vel á leið í lok síðasta kjörtímabils. Ég held að við getum öll verið sammála um að einfalda þurfi kerfið og fækka bótaflokkum svo að fjármagn til þessa málaflokks nýtist sem best og nýtist best þeim sem þurfa á bótum að halda eða búa við bætur úr almennatryggingum, eða laun — ég hefði frekar viljað að við skilgreindum þetta sem laun. Það er nú þannig að sumir hafa sökum örorku ekkert í annað að sækja en þá tryggingu sem felst í því að fá greiðslur úr almennatryggingakerfinu og ég vil líta á það sem laun.

Ég ætla ekki að orða það öðruvísi en svo að um sé ræða viðleitni hjá núverandi ríkisstjórn að leggja þetta frumvarp fram um hækkun frítekjumarka vegna atvinnutekna elli lífeyrisþega og afnám skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyrissjóðstekna. Mér finnst þetta vitlaus nálgun og miðað við þær væntingar sem búið var að byggja upp í aðdraganda kosninga — og kom meira að segja fram hjá sumum þingmönnum stjórnarliða, að menn ætluðu að bæta afturvirkir þær skerðingar sem orðið hefðu, sem hefði kostað ríkissjóð gífurlega fjármuni — finnst mér þetta vera rýrt og forgangsröðunin röng og ekki í anda jöfnuðar og félagshyggju. Enda er sú ríkisstjórn sem nú situr við völd hægrí frjálslyggjustjórn sem vinnur ekki á þeim grunni. En ég hef samt þá trú að þorri þingmanna vilji gera almennatryggingakerfið þannig úr garði að við getum með sóma búið að þjóðfélagsþegnunum þegar þeir eru hættir á vinnumarkaði eða hafa lent í því að verða öryrkjar sem enginn kys sér — að við höfum það efst á blaði að búa vel að þessum þjóðfélagsþegnunum og að við vöndum til verka svo að fjármagnið nýtist sem best hverju sinni og forgangsröðun verði rétt í þágu þessara hópa.

[15:44]

**Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að fjalla aðeins um þetta frumvarp og álit velferðarnefndar, meiri hluta og minni hluta, og gera að umtalsefni málið eins og það horfir við mér nú í ljósi umsagna sem um það hafa borist.

Það er orðið skýrara en nokkru sinni að viðvörðunorð okkar frá því í 1. umr. eiga við að fullu og öllu leyti. Hér er um að ræða frumvarp sem ívilnar þeim lífeyrisþegum mest

sem mest hafa á milli handanna og í sjálfu sér þeim mun meir sem þeir hafa meira á milli handanna. Öfugsnúnari aðgerð, ef markmiðið var að bæta kjör lífeyrisþega, er erfitt að ímynda sér. Ég óska þeim til hamingju sem munu njóta vegna þessara breytinga og breytingarnar eru út af fyrir sig fullkomlega réttlætanager. En það horfir mjög sérkennilega við, þegar maður sér þær í samhengi við annars vegar kostnaðinn vegna breytinganna og hins vegar aðra þá kosti sem voru tiltækir til að bæta hag lífeyrisþega, að menn skuli hafa valið nákvæmlega þessar aðgerðir og ekki aðrar.

Eins og ég rakti í 1. umr. munu þeir sem eru með lífeyristekjur undir 250 þús. kr. einskis njóta af þessum breytingum. Þeir sem eru með lífeyristekjur á bilinu 250–350 þús. kr. munu í flestum tilfellum uppskera einhvers staðar á bilinu 16–22 þús. króna. Þeir sem eru með lífeyristekjur yfir 350 þús. kr. munu fá 34 þús. kr. í viðbótargreiðslu. Þessi aðgerð kostar ríkissjóð meira en 1,5 milljarða á ársgrundvelli. En þrátt fyrir þann umtalsverða tilkostnað nýttist hún ekki að nokkru leyti þeim sem eru í lægri hluta tekjuskala lífeyrisþega.

Minni hlutinn hefur komið fram með mjög skynsamlega breytingartillögu sem er tilraun til þess að hjálpa ríkisstjórninni út úr því öngstræti sérhagsmuna sem hún er komin í, að moka stöðugt undir þá ríku og gera þeim sérstaklega greiða sem þurfa síst á þeim að halda eins og birtist í áherslum ríkisstjórnarinnar hvað varðar veiðigjald til dæmis. Tillögur minni hlutans fela í sér að mæta hinum mikla fjölda lífeyrisþega með því að horfa sérstaklega á að fólk njóti lítils lífeyris í vaxandi mæli. Þetta hefur verið markmið okkar lengi að það skipti mjög miklu máli að ná þessu markmiði fram. Minni hlutinn kemur með tillögu sem er vel framkvæmanleg og kostar ekki mjög mikið, kostar lítið meira en næturgjöfin sem færa átti útgerðinni hér í gærkvöldi í skjóli nætur með viðbótarafslætti á veiðigjaldi, óráðum algjörlega.

Ég tel mjög mikilvægt að láta á það reyna hvort ríkisstjórninni, og stjórnarmeirihlutunum, sé algjörlega fyrirmunnað að sjá réttláta leið til að nálgast þetta verkefni. Í 1. umr. um málið benti ég á að ef menn ætluðu að gera eitthvað sem nýttist þorra lífeyrisþega lægi beinast við að flýta þeirri ákvörðun sem við höfðum þegar tekið um að úmbundin hækkun skerðingarmarka gengi til baka fyrr en í árslok. Við höfðum ákveðið að það mundi gerast nú í árslok og það hefði verið hægt að flýta því. Það hefði verið skynsamleg aðgerð sem hefði nýst öllum þorra lífeyrisþega en hér koma menn með þessa aðgerð sem nýttist fáum. Eins og ég rakti í fyrstu ræðu minni njóta um 7 þús. lífeyrisþegar þeirra breytinga sem hér um ræðir. Um 2.500 sem koma nýir inn í almannatryggingakerfið, fólk sem ekki hefur notið neinna greiðslna frá hinu opinbera lífeyriskerfi vegna þess að það er með lífeyristekjur yfir 350 þús. kr. og 4.500 aðrir sem hafa verið í efri hluta tekjuskalans en samt fengið greiðslur frá hinu opinbera lífeyriskerfi, þeir hafa þá væntanlega verið með lífeyristekjur yfir 300 þús. kr. á mánuði, í flestum tilvikum.

En aðeins meira um forgangsroðunina. Stóri vandinn í lífeyriskerfinu stendur eftir þrátt fyrir þessa breytingu og það er aukið á hann ef eitthvað er. Svigrúmið sem menn ætluðu að skapa í breytingar- og umbótaferli á almanna-

tryggingakerfinu er nú varið til þessa hóps og það verður ekki aftur tekið. Þá er markmiðið um heildstætt almannatryggingakerfi, þar sem fólk skerðist ekki krónu á móti krónu eins og í dag, þar sem fólk getur ekki fallið á krónu og fengið hundruð þúsunda útgjöld við það eitt að fá einni krónu meira í tekjur úr lífeyrissjóði — þá halda þessir ókostir kerfisins áfram að vera til og við nýtum ekki þá fjármuni sem þarna voru til ráðstöfunar til að greiða fyrir nýju heildstæðu kerfi.

Það er til dæmis athyglisvert að sjá hina hörðu gagnrýni sem þessar hugmyndir fá frá skammstöfununum ESA og ASÍ, þar sem menn gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að hverfa frá samstarfi allra flokka og aðila vinnumarkaðarins um nýtt almannatryggingakerfi. Nú er þessi ríkisstjórn orðin ber að því á sínu fyrsta sumarþingi að rjúfa sátt í öllum málum. Þessi ríkisstjórn, sem áskafaði fyrri ríkisstjórn alltaf um að efna til ófriðar og gera ekkert í sátt, hefur feril sinn á því að rjúfa sátt á öllum sviðum og hvert mál hennar á fætur öðru fær algera fallelinkunn frá öllum umsagnaraðilum. Hún stígur út úr þverpólitísku samstarfi um nýtt almannatryggingakerfi sem er félagsleg nauðsyn því að enginn maður með réttlætis tilfinningu getur varið almannatryggingakerfi sem er þannig að fólk sem á lítinn lífeyri tapi honum öllum en fólk sem fái mikinn lífeyri, frá hinu opinbera sérstaklega, njóti hans til fulls og ekki bara það heldur fái, samkvæmt frumvarpinu, viðbótargreiðslu upp á 34 þús. kr., jafnvel þó að fólk sé með vel yfir 350 þús. kr. í lífeyristekjur. Þá felst ósanngirnin í því að fólkið með 30 þús. kr. í lífeyri, sem á ekki stærra lífeyrissjóð en það, skerðist krónu á móti krónu og sú ósanngirni verður óþolandi í samanburðinum.

Minni hlutinn býður ríkisstjórninni upp á leið út úr þeim siðferðislegu ógöngum sem hún er komin í með málið með því að byrja á að innleiða breytingu sem við ræddum og kynntum í tengslum við nýja almannatryggingafrumvarpið, sem felst í því að skerðingin á sérstöku framfærsluuppþóttinni, króna á móti krónu skerðingin, verði lækkuð úr 100% í 80% frá og með 1. júlí og 70% frá og með 1. janúar 2014. Þetta mun ekki kosta mjög mikla peninga. Þetta mun kosta rétt um milljarð. Í því heildarsamhengi að verið sé að stofna til nýrra útgjalda upp á 1,5 milljarða og verið að gefa útgerðinni hálfan milljarð með kvöldkaffinu í gærkvöldi er milljarður til að leysa þetta alvarlega vandamál fyrir þá lífeyrisþega sem minnst hafa milli handanna og minnst hafa borið úr bítum af ævistarfi og greiðslum í lífeyrissjóð alla tíð — þá finnst mér sá kostnaður réttlætanager og sanngjarn.

Eftir stendur að það er alveg óleyst hvernig menn ætla þá að taka á öðrum göllum almannatryggingakerfisins. Ríkisstjórnin ákveður þessa breytingu, hefur ekki samráð við nokkurn mann, hvorki kóng né prest, ræðir ekki við aðila vinnumarkaðarins sem hafa verið að vinna með stjórnvöldum að þróun almannatryggingakerfisins árum saman. Það gæti orðið gaman við atkvæðagreiðslu á eftir að taka upp hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar sem gagnrýndu fyrri ríkisstjórn harkalega fyrir að hafa ekki samráð um alla mögulega og ómögulega hluti við aðila vinnumarkaðarins. Svo er komið á þessu sumarþingi að öll mál ríkisstjórnarinnar hafa fengið fallelinkunn Alþýðusambandsins og ekki er hlustað á

athugasemdir í eitt einasta skipti. Stóra málið, jafnt þetta og skuldir heimilanna — algjör falleinkunn hvað varðar skort á samráði. Mér skilst að talsmenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins hafi sagt það skýrt fyrir velferðarnefnd að í þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar fælist einfaldlega ákvörðun um að slíta sig út úr samstarfi um endurskoðun almennatryggingakerfisins með aðilum vinnumarkaðarins, þverpólitísku samstarfi.

Þeir líta svo á að verið sé að ákveða að sprengja það allt í loft upp enda eru ekki lengur fyrir hendi þær forsendur sem gengið var út frá í vinnunni sem unnin hefur verið á síðustu missirum. Hverjar voru þær forsendur? Jú, að við hefðum verið nauðbeygð til tiltekinna skerðinga, að við vildum skila þeim aftur og að við vildum auka réttlæti í kerfinu. Þar sem við vorum að vinna á grunni sem við höfðum skert höfðum við ákveðna smurolú í þeim fyrirheitum sem gefin höfðu verið um frekari fjárframlög inn í kerfið. Það skiptir máli að nýta þá smurolú rétt þannig að þeir fjármunir fari ekki inn í gamalt kerfi og viðhaldi því heldur fari þeir í að greiða fyrir að nýju kerfi verði komið á og bæta sérstaklega þeim sem fara illa á einhverju tímabili út úr slíkri yfirfærslu. Það var grundvallarhugsunin í heildarendurskoðun almennatryggingakerfisins. Ríkisstjórnin er með ákvörðun sinni að slíta sig út úr því. Hún er orðin ríkisstjórn sem gengur ekki fram í sátt í nokkru máli. Hún veður áfram, kærir sig kollóttu um viðvörunarorð innlendra sem erlendra aðila og hún virðir enga samninga þvert á flokka eða við aðila vinnumarkaðarins. Þannig að þetta boðar nú ekki gott.

Virðulegi forseti. Ég vil trúa því að bráð geti af stjórnarmeirihlutunum. Einkanlega bind ég vonir við hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem genu mjög hart fram í aðdraganda kosninga og töluðu eins og þeim væri annað velferð lífeyrisþega, gáfu stór fyrirheit um að leiðrétta skerðingar og að bæta aftur hag lífeyrisþega. Frumvarpið sem hér er er ekki til þess fallið, það er frekar til þess fallið að brjóta niður samstöðuna sem var að myndast um úrbætur fyrir þorra lífeyrisþega. Eftir stendur fólkið, hinn venjulegi vinnandi maður, algjörlega varnarlaust og ríkisstjórnin hefur engan áhuga á að leiðrétta ósamngirminna í almennatryggingakerfinu.

Fólkið með minnst á milli handanna úr lífeyrissjóðunum, fólkið með lélegu lífeyrissjóðina, á áfram að skerðast krónu á móti krónu og ríkisstjórnin hefur ekki áhuga á að forgangsraða lausnum í þeirra þágu. Ríkisstjórnin forgangsradar lausnum í þágu þeirra sem hafa fyrir allra mest en mætir ekki þessum þörfum.

Ég bind einlæglega vonir við að ríkisstjórnarmeirihlutinn sjái ljósið og veiti brautargengi breytingartillögu okkar úr stjórnarandstöðunni sem flutt er af minni hluta velferðarnefndar við atkvæðagreiðslu hér á eftir. Það er lykilmátt að við höfum réttlátt almennatryggingakerfi og það er lykilmátt að hið vinnandi fólk, sem þarf með sköttunum sínum að standa undir ábyrgðinni á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, sé ekki líka sett í ósættanlega stöðu með sinn eigin litla lífeyri.

Almennt er fólk á almenna vinnumarkaðinum, í verkalýðsfélögunum, með lakari lífeyri en þeir sem njóta réttinda í opinbera kerfinu. Fólkið á almenna vinnumarkaðinum er

hins vegar í nógildandi kerfi skert krónu á móti krónu þegar það fær eitthvað úr hinu opinbera kerfi. Það á ekki að laga það. En til viðbótar ætlumst við til þess að fólkið í almennu lífeyrissjóðunum, hið venjulega vinnandi fólk, standi með sköttunum sínum undir því að tryggja og bak tryggja réttindi þeirra sem njóta réttinda úr opinberu sjóðunum.

Fólkið í opinberu sjóðunum nýtur ekki bara betri lífeyrisréttinda heldur ætlumst við líka til þess að fólkið á almenna vinnumarkaðinum borgi með sköttunum sínum og tryggji með sköttunum sínum að lífeyrisréttindi fólks með réttindi í opinbera kerfinu skerðist aldrei á meðan fólkið í almenna kerfinu getur skerst. Við leggjum fram hóflega tillögu sem er ekki dýr til þess að mæta þessu fólki. Það verður prófsteinn á réttlætiskennð meiri hlutans hvort hann sér ástæðu til að styðja okkur í þeim tillöguflutningi.

[16:01]

### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Það var haft á orði við umræðuna fyrir dag að almennatryggingakerfið væri flókið. Það væri varla á færi nokkurs manns að skilja það í þau og var sagt í grúni að hugsanlega væri einn maður í velferðarráðuneytinu sem kynni á því skil. Ekki held ég að þetta sé nú alveg rétt, þau eru mörg sem þekkja þetta kerfi vel. En það er rétt að kerfið er flókið og margir þættir þess eru illskiljanlegir. En flókið kerfi er ekki endilega ranglætt kerfi og ástæðan fyrir því að almennatryggingakerfið og þess vegna skattkerfið eða ýmsir þættir þess eru flókin kerfi er sú að menn hafa verið að reyna að ráðstafa fjármunum á réttlátan hátt, að ráðstafa takmörkuðu fé á réttlátan hátt. Þá vill það gerast að úr verði bútasamur. Bútasamurinn byggir ekki endilega á munstri ranglætis heldur á munstri réttlætis því að verið er að reyna að nýta fjármuni á sem hagkvæmastan hátt. Við höfum síðan öll okkar skoðanir á því hvað er réttlátt og hvað er ranglætt og kem ég að því hér síðar.

Nema hvað, fyrir fáeinum árum náðist um það samstaða í Stjórnarráði og hér á Alþingi að hafin yrði vegferð í þá átt að gera kerfið einfaldara. Þetta mun hafa verið á árinu 2007. Þá hófst umfangsmikið starf í þá veru og takmarkið, sem menn stefndu að, var að búa til kerfi þar sem bótaflokkunum yrði fækkað verulega og kerfið allt gert skiljanlegra og skilvirkara. Í stað þess að halda þeirri vinnu áfram og byggja á niðurstöðum hennar hefst núverandi ríkisstjórn handa um að halda bútasamnum áfram. Í stað þess að byggja á þeirri miklu vinnu sem fyrir lá og reyna að halda samstiga inn í framtíðina með breiðri aðkomu hagsmunaaðila og þverpólitískri samstöðu ákveður ríkisstjórnin að stíga þessi skref núna. Jú, hún segist vera að reyna að standa við þau loforð sem gefin voru í nýafstaðinni kosningabaráttu. Ef svo gott væri hefði ég skilning á því sem væri nú að gerast. En svo er ekki. Þetta er aðeins hluti af pakkanum sem er reiddur hér fram á borðið.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að stjórnarflokkarnir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, séu farnir að líkjast sjálfum sér. Nú eru þeir að verða það sem við öll könnumst við sem munum eftir stjórnarsamstarfi þeirra á árabílinu 1995–2007. Hvað var það sem einkenndi stjórnarfarið og áherslur í Stjórnarráðinu og hjá meiri hluta Alþingis á þeim tíma? Það var einkavæðingin, markaðsvæðingin, sala bankanna og síðan breytingar í skattkerfinu sem flestar

gengu í misréttisátt. Sköttum var létt af hátekjufólki, vörður staðinn um fjármagnseigendur og alla þá sem áttu digra sjóði en skattbyrðar auknar á millitekjuhópana og þá sem lakast stóðu að vígi. Hópar sem áður höfðu verið undanþegnr skatti voru nú farnir að greiða skatta.

Það var þetta sem einkenndi áherslurnar á þessum tíma og þegar Sjálfstæðisflokkurinn lýsti því yfir í aðdraganda síðustu kosninga að hann hefði í hyggju að létta skatta spurði ég margítreakað eftir því hvort það yrði gert í anda stjórnaáranna 1995–2007, hvort misréttisstefnunni yrði fylgt áfram, hvernig yrði forgangsraðað við framkvæmd þessa kosningaloforðs. Ég fékk engin svör en svörin höfum við síðan verið að fá hvert á fætur öðru í fyrstu forgangsmálum ríkisstjórnarinnar.

Er hún að létta sköttum af lágtekjufólki? Nei. Er hún að létta sköttum af millitekjufólki? Nei. Hún velur þær greinar atvinnulífsins sem best standa að vígi og léttr sköttum af þeim. Fyrirhuguð hækkun á virðisaukaskatti á ferðapjónustuna sem átti að fara í 14% nú í haust — það er fallið frá því. Þar er um að ræða hálfan annan milljarð á ársgrundvelli, rúmlega hálfan milljarð á þessu ári, sem fallið er frá. Og við þekkjum síðan gjafirnar sem menn eru nú að útteila til útgerðarinnar. Það mun verða á komandi ári og þeim mánuðum sem eftir lifir þessa árs og gjaldið hefði átt að koma til framkvæmda um 10 milljarðar kr.

Við erum með öðrum orðum að verða vitni að því að ríkisstjórnin hér á þessum örfáu fyrstu dögum, í upphafi vegferðar sinnar, sem ég veit nú ekki hve löng verður, er að afsala ríkissjóði um 12 milljörðum kr., bara á allra næstu mánuðum. Það verður fróðlegt að fylgjast með áherslunum í fjárlagaumræðunni í haust þegar við förum að ræða framlag til heilbrigðismála, til löggæslu, til landhelgisgæslu, til menntakerfisins og annarra þátta sem ég hélt að þverpólísk samstaða væri um að reyna að bæta og bæta í. En hvort tveggja verður ekki gert. Enda segir í greinargerð sem fylgir því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar um almennatryggingar frá fjármálaráðuneytinu, með leyfi forseta:

„Þar sem ríkissjóður er ennþá rekinn með halla þarf að óbreyttu að mæta þessum auknu bótaréttindum og útgjöldum með lántökum með tilheyrandi vaxtakostnaði. Má því leiða líkur að því að lögfesting frumvarpsins geti haft í för með sér skattahækkunar í framtíðinni til að standa skil á þeim skuldum. Í þessu sambandi er þó líka ástæða til að minna á að stóran hluta útgjaldanna leiðir af breytingum á bótakerfinu sem gerðar voru fyrir nokkrum árum með tímabundnu fyrirkomulagi og að ekki höfðu heldur verið sett fram áform um hvernig staðið yrði að þessum málum til frambúðar í ríkisfjármálaáætluninni af hálfu fyrri ríkisstjórnar. Telja verður vandséð hvernig staðið verði í reynd undir þeirri auknu fjárþörf almennatryggingakerfisins sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins eigi jafnframt að framfylgja stefnumörkun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árinu 2014 nema gerðar verði ráðstafanir til að draga úr framlögum til annarra málaflokka í sama mæli eða leggja á hærri skatta til tekjuöflunar.“

Þarna er vikið að því að bæði vegna þessara ákvarðana og ákvarðana fyrri ríkisstjórnar þurfi að horfa til tekjuöflunar með skattahækkun eða með lántöku á komandi árum. Þetta er verkefni.

Við ræðum hér um málaflokk sem ég held að flestir Íslendingar vilji standa vörð um, þ.e. greiðslur úr almennatryggingakerfinu til aldraðra og öryrkja. Þá kem ég að því sem ég vék að í upphafi um ríkisstjórnarflokkana, hvernig þeir eru farnir að líkjast sjálfum sér. Vegna þess að endinn sem byrjaður er á eru þeir sem standa í efri tekjuhlua samfélagsins og horfi ég þá sérstaklega til aldraðra. Það er hagur þeirra sem mest er bættur og fyrst er bættur. Ég hefði haldið að brýnast hefði verið á þessu stigi að byrja á hinum endanum, að byrja á því að bæta kjör þeirra sem lakast standa. Þær breytingartillögur sem stjórnarandstaðan hefur sett fram snúa einmitt að því.

Hæstv. forseti. Mig langar að vitna í grein sem framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands, Lilja Þorgeirsdóttir, skrifar í *Morgunblaðið* síðastliðinn þriðjudag 2. júlí. Þar segir, með leyfi forseta:

„Staðreyndin er sú að ef frumvarpið fer óbreytt í gegnum þingið mun einungis mjög fámennur hópur örorkulífeyrisþega njóta þess því ekki er um að ræða hækkun á fjárhæðum einstakra bótaflokka heldur minni tekjutengingar hjá þeim sem hafa einhverjar aðrar tekjur en bætur almennatrygginga. Hækkun á frítekjumarki á launatekjum varðar eingöngu ellilífeyrisþega og afnám skerðinga á grunnlífeyri vegna lífeyrissjóðstekna nær einungis til fámenns hóps öryrkja. Sú forgangsörðun vekur furðu að leiðréttingar á kjörum sem byrjað er á ná ekki til þeirra sem þurfa að framfleyta sér á lágum bóttum og hafa litlar eða engar aðrar tekjur. Þessi hópur á erfiðast með að ná endum saman en mun ekki fá leiðréttingar á sínum kjörum strax að loknu sumarþingi og mikil óvissa ríkir hvenær þeir megi vænta þess.“

Þetta eru þær áherslur sem ég vildi einnig slá í mínu tali og lýsa furðu minni á því og setja fram gagnrýni á áherslur ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar, að byrja á þeim endanum að bæta kjör þeirra sem hafa þau skár en ekki hinna sem eru með lægstu tekjurnar.

Á þensluárunum í byrjun þessarar aldar leið undarlega langur tími þar til farið var að huga að bættum kjörum öryrkja og aldraðra. Við munum hvernig það gerðist á tíunda áratugnum að hækkun á bóttum almennatrygginga var tekin úr sambandi við viðmiðun við lægstu launataxta á markaði. Það var ákveðin trygging í því, einfaldlega vegna þess að verkalýðshreyfingin samdi ídulega um hækkun lægstu taxta og fylgdu þá bætur almennatrygginga á eftir. Síðan var gerð ágæt breyting á því fyrirkomulagi með því að setja ákvæði í lög þess efnis að bætur almennatrygginga skyldu hækka, annaðhvort samkvæmt almennri launavísitölu eða verðbólgunni, eða neysluvísitölunni í landinu. Þar með átti að tryggja að lífeyrisþegar færu aldrei verr út úr þróuninni en næmi annarri hvorri þessari vísitölu.

Þessu kerfi var síðan stefnt í vandræði, eins og ýmsu öðru í efnahagslífinu, þegar efnahagshrunið reið yfir. Það sem við gerðum var að vinda ofan af breytingum sem þá voru nýkomnar til framkvæmda, komu til framkvæmda á árunum 2007–2008. Þær gengu út á að draga úr tekjutengingum, það voru breytingarnar sem gerðar voru á þessum árum. Þá hefur Samfylkingin sennilega verið farin að sparka eitthvað í ihaldið og fá Sjálfstæðisflokkinn til að liðka til í þessu efni en í langan tíma hafði hann reynst afar

tregur til þess. Þetta gerist en við efnahagshrunið er undið ofan af þessu aftur og byrjað á þeim enda gagnvart öldruðum — byrjað að skerða kjör þeirra sem eru með bestu kjörin, þ.e. að auka tekjutenginguna hjá þeim sem hafa bestu kjörin. Og það er þar sem ríkisstjórnin byrjar núna, ekki á lægsta fólkinu.

Það kemur mér ekki á óvart að framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins skuli skrifa þessa grein í *Morgunblaðið*. Ég hef heyrt ýmsar áherslur frá samtökum aldraðra og það vekur athygli mína líka að menn forðast að stýggja nokkurn mann og ekki heldur þá sem hafa sæmilegar tekjur og njóta þeirra og síðan almannatrygginga. Það kemur líka fram í máli framkvæmdastjóra Öryrkjabandalags Íslands að öllum skrefum sem tekin eru er fagnað en furðu lýst á því að áherslan skuli vera þessi.

Síðan er hitt sem mig langaði til að víkja að, það er varðandi framtíð þessa kerfis. Ég vil taka fram að ég er ekki að segja að skjóta eigi á frest öllum breytingum eða njóta kjarabótum áður en við erum búin að sjá framtíðarlandið fyrir okkur. Ég legg þó áherslu á að þegar breytingar eru gerðar á þessum kerfum, skattakerfi, almannatryggingakerfi, húsnæðiskerfi sem nú er mjög í brennidepli, þá þurfum við að reyna að sameinast um einhverja framtíðarsýn. Sú var tíðin að menn sáu fyrir sér að lífeyrissjóðirnir mundu leysa almannatryggingakerfið af hólmi og að einungis örfáir aðilar yrðu að reida sig á almannatryggingar, svo sterkir yrðu lífeyrissjóðirnir að það yrðu öryrkjar og þeir sem ekki færu út á vinnumarkaðinn sem mundu njóta góðs af almannatryggingum. Þetta var framtíðarsýn sem margir höfðu.

Ég hef skrifað um það, hef gert það á undanförmum árum og missirum, að ég hafi efasemdir um að söfnunarsjóðirnir, lífeyrissjóðirnir, í okkar smáa hagkerfi risi undir þeirri ábyrgð sem lögd er á herðar þeim. Ég hef hreyft þeirri hugmynd og gerði það í blaðagreinum að hluti af auðlindarentunni yrði látinn renna inn í sjóð sem staði straum af nýju lífeyriskerfi þar sem dregið yrði úr vægi söfnunarsjóðanna en gegnumstreymisþátturinn yrði aukinn. Þar yrði þá um reglulega tekjulind að ræða fyrir slíkt fyrirkomulag. Þetta hefur ekki fengist rætt enda kallar þetta á langa og mikla umræðu. En hitt hefur fengist rætt, og að því er vikið í nefndaráli minni hlutans, og ég kom að því áðan, að víðtæk endurskoðun á kerfinu hefur verið í gangi allar götur frá 2007 með það fyrir augum að einfalda kerfið og gera það á alla lund markvissara.

Ég lýsi eftir því að fá að heyra hvaða framtíðaráform ríkisstjórnin hefur hvað þetta snertir. Hyggst hún efna til samstarfs við alla stjórmálaflokka hér á þingi, við verkalyðshreyfingu, við samtök aldraðra, Öryrkjabandalagið og alla sem á einhvern hátt tengjast þessum málum eins og reynt hefur verið að gera á undanförmum missirum og árum? Eða á að fara þá braut, sem mér sýnist, með vinnubrögðunum í tengslum við þetta frumvarp, að ræða hvorki við kóng né prest og halda inn í misrættissmiðjuna gömlu að nýju sem við fengum illu heilli að kynnst hér á árunum 1995–2007?

Það væri fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. félagsmálaráðherra um þetta efni sem hefur oft og tíðum verið með áherslur sem hafa verið mér ágætlega að skapi um jöfnuð í

þessum kerfum. En ég auglýsi eftir því að fá að heyra viðhorf hennar um það hvernig hún hyggst standa að samstarfi við aðila innan þings sem utan um breytingar á almannatryggingakerfinu til frambúðar.

[16:21]

**Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka velferðarnefnd og hv. formanni hennar málefnalega umræðu og heilbrigð vinnubrögð. Það kom mér því á óvart að heyra tóninn í hv. formanni þeirrar nefndar, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, í ræðu sem hún hélt fyrr í dag. Hv. formaður velferðarnefndar hélt langa upprifjun um hvað flokksfélagar hennar hefðu gert fyrir þá sem minna mættu sín. Hún nefndi meðal annars að þeim sem verst voru settir hefði verið hlíft við skerðingunum sem nauðsynlegar hefðu verið eftir hrunið eða árið 2009. Hverjir voru þá skertir, spyr ég, hverjir voru mest skertir þá, voru það kannski eldri borgarar? Getur það verið?

Þetta frumvarp er aðeins eitt skref af mörgum. Mér heyrst flestir vera sammála um að það sé gott skref. Sumir vilja taka eitthvert skref á undan en allir eru sammála um að þetta sé gott skref. Markmið frumvarpsins er að leiðrétta þá sem voru skertir mest. Þetta snýst ekki um annað. Þeir sem urðu fyrir mestri skerðingunni, það er verið að leiðrétta þá. Stjórnarandstaðan hefur stáð af miklum bata í efnahagsmálum á sínu kjörtímabili. Er þá ekki kominn tími til að léttu aðeins byrðum á eldri borgurum, þeim sem tóku mestar skerðingar á sig?

Ekki minnst ég þess að femínistar eða aðrir hafi kvartað yfir því að fleiri karlar yrðu fyrir skerðingu en konur árið 2009. Ég gef mér að kynjahlutföll hafi verið svipuð þá. Varðandi 2. gr. frumvarpsins var öll nefndin sammála því að skoða hana örlítið betur til að taka af öll tvímæli um lög-mæti hennar en mikil áhersla var lögd á að halda áfram með þessa grein og þessa vinnu strax í haust því að hún er mjög brýn. Auðvitað viljum við öll gera vel við þá sem minnst mega sín.

Heildarendurskoðun almannatryggingakerfis mun halda áfram og vonandi með öllum flokkum. Ég geri mér grein fyrir því að á stuttu sumarþingi leysum við ekki þessi mál, ekki í heild sinni. Nokkrir umsagnaraðilar hafa bent á að greiðsluvilji lífeyrissjóða hafi minnkað verulega og það er áhyggjuefni, við þurfum að passa upp á það. Þann 1. júlí 2013 eru nákvæmlega fjögur ár frá því þessar skerðingar skulu á og mestar á eldri borgurum — það er vel við hæfi að nota þann dag til að leiðrétta það. Það er tími til kominn að stíga þetta farsæla skref. Ef menn vilja kalla þetta að hygla þeim ríku þá mega þeir það. Ég lít ekki á þá eldri borgara sem hafa þrek til að vinna sér inn aukapeninga sem auðmenn. Mér finnst kominn tími til að einhverjir aðrir taki þær byrðar af þeim.

[Fundarhlé. — 16:26]

[17:30]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við ræðum eitt af stærri málunum sem



komið hafa inn á sumarþingið, sem er leiðréttingar á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega, mál sem var töluvert mikið rætt í kosningabaráttunni, mál sem var fyrirheit og loforð voru gefin um. Ég vakti athygli á því í fyrri umræðu, þegar við vorum að ræða þetta mál í upphafi, að hægt er að nálgast þetta frá mörgum sjónarhornum. Í fyrsta lagi getur maður sagt að með frumvarpinu séu ákveðnir þættir varðandi ellilífeyrisþega leiðréttingar, frítækjumörk varðandi atvinnutekjur eru hækkuð og skerðing vegna lífeyrissjóðstekna afnumin. Í sjálfu sér er hægt að fagna því mjög að það skuli vera eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar að bæta í hvað varðar lífeyrissjóðstekjur eftir að umræddur hópur hafði verið skertur umtalsvert eftir hrunið.

Menn verða að átta sig á því að útgjaldaliðurinn, sem heitir í fjárlögum Greiðslur til lífeyrisþega, er í fjárlögum á árinu 2013 um 74 milljarðar, hafði hækkað frá árinu 2010 um 19 milljarða. Þá er ég að tala um á föstu verðlagi, var á milli 54 og 55 milljarðar árið 2010 en fór upp í 74. Ekki er því hægt að segja að fyrirverandi ríkisstjórn hafi ekki bætt verulega í kostnað vegna lífeyrisþega, en það skal sagt, til að gæta alls sannmælis, að þó að bætur hafi hækkað um rúm 16% á þessum tíma hefðu þær átt að hækka — ef fylgt hefði verið reglunni sem sett var um að fylgja annaðhvort launavísitölu eða neysluvísitölu eftir því hvort var hærra — um 22% á umræddu tímabili. Eitt af því sem vantar í leiðréttinguna við þessa hópa er um 6,2% að minnsta kosti. Ég hafði haft um það væntingar að menn færu kannski í þær prósentur þegar menn skilðu skerðingunum frá tímabili fyrri ríkisstjórnar þegar farið væri að vinna úr málum eftir hrunið.

Hægt er að skoða þessa hluti út frá þessu og fagna ég því að hér er verið að gefa til baka. En þegar maður skoðar það nánar er verið að auka útgjöld á þessu ári um 1,6 milljarða. Í samhengi við tillöguna sem valdið hefur dálitlu upphlaupi varðandi þinghaldið í dag — þá ætluðu menn vegna kvartana frá úterðarmönnum að færa til um 400 milljarða, bara með því að bæta því inn á nefndarfund í morgun. Mönnum er ekki annað um þá peninga, ekki heldur þegar verið er að breyta frá áformum um tekjur eins og var í sambandi við ferðamannskattinn. Ferðamannskatturinn var lækkaður þegar gengi krónunnar var hvað hæst, úr 14% í 7%. Þegar betur gengur, þegar ferðamönnum hefur fjölgað um 20%, svo að við erum í vandræðum með að taka sómasamlega á móti þeim, og ákveðið er að fara aftur í gamla formið — nei, þá má það ekki, það á að verja þann hóp sem nýttir gistipjónustu, sem eru 70% útlendingar eða þar um bil. Þá má það ekki. Þegar kemur að því að leiðrétta kjör eldri borgara og lífeyrisþega, og menn lofuðu því að það gengi til baka, er mikilvægt að stíga fyrsta skrefið, en ég átti von á því að það skref yrði miklu stærra.

Annað atriði og það sem mun skila mestu fyrir lífeyrisþega — skerðingarprósentan hafði verið 45% allt góðærið fram til 2007/2008, þá var hún lækkuð niður í 38,35%. Það var ekki nema eitt og hálf ár sem hún stóð svo lág, vegna hrunnsins var farið aftur upp í 45%. Það ákvæði átti að detta út nú um áramótin samkvæmt lögunum, það er bara í lögum að það fellur út og breytist 1. janúar 2014, því var ekki flýtt. Annars vegar getur maður fagnað umræddum breytingum, en ef þær eru skoðaðar í samhengi við kosningalof-

orðin og væntingarnar sem búið var að vekja er um hrein og klár svik að ræða. Mér finnst í sjálfu sér dapurlegt í ljósi væntinga, eftir að hafa verið velferðarráðherra og þurfa að skerða kjör þessa hóps til að bjarga ríkissjóði, eftir að hafa farið í gegnum kosningar þar sem menn lofuðu öllu fögru, að menn skuli ekki ganga harðar fram í að skila því til baka sem dregið hafði verið af.

Það olli mér líka vonbrigðum hvernig menn völdu að fara til baka. Menn velja ódýrustu kostina, þann hluta sem er ódýrastur og það sem kemur fæstum að gagni og þá fyrst og fremst þeim sem eru þó með skárri tekjur. Það er alveg hárrétt, sem hæstv. ráðherra sagði, og hefur komið fram í umræðunum, að þarna er hópur sem á rétt á að fá leiðréttingu. Í landinu eru um 45.000 lífeyrisþegar og er ég þá að tala um öryrkja og ellilífeyrisþega. Þarna fá 7.000 þeirra leiðréttingu, þar af eru ekki nema 4.500 af þessum 45.000 sem fá leiðréttingu, það er rétt rúmlega 10%, um 11% en 2.500 bætast við vegna þess að þeir eru með það góðar tekjur að hingað til hefur lífeyririnn skerast að fullu, nú fá þeir einhvern lífeyri greiddan þannig að þeir bætast við. Í heildina eru það sem sagt 7.000 manns sem fá leiðréttingu af þessum 45.000. Auðvitað hefur þetta valdið vonbrigðum, ekki síst hjá öryrkjum, vegna þess að tekjutenging við atvinnutekjur var fyrir hendi hjá öryrkjum, þess vegna gagnast breytingin þeim hópi ekki neitt.

Minni hluti velferðarnefndar, sem ég sit nú ekki í, fór yfir þetta mál og skoðaði forsendurnar. Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að minni hluti þingsins, Samfylkingin alla vega, mun styðja tillögur hæstv. ráðherra. Hún bætir við og gerir tillögu um það í gegnum minni hluta velferðarnefndar — eitt af þeim ákvæðum sem maður verður að líta á sem tímabundið ákvæði, þegar við lentum í hruninu og sáum fyrir okkur að erfitt yrði að verja kjör lífeyrisþega þegar atvinnutekjur minnkuðu og menn misstu líka fjármagnstekjur, töpuðu verulega miklu. Það er ástæðan fyrir því að kostnaður við lífeyri hefur hækkað mjög mikið af því að tekjur hafa hrunið hjá mörgum ellilífeyrisþegum. Þá var bætt inn svokallaðri sérstakri framfærsluþpót sem var til að tryggja að enginn fengi undir ákveðnum lágmarkum. Upphaflega var þetta um 180 þús. kr., í dag er þetta komið upp í 211 þús. kr.

Þá er þetta orðið þannig að það eru ferns konar bætur. Menn hafa grunnlífeyri, menn hafa tekjutryggingu, menn hafa heimilisuppbót og síðan hafa menn sérstaka framfærsluþpót sem er um það bil 37 þús. kr. En sú uppbót var sett þannig upp að króna skertist á móti krónu, þetta var sett upp sem öryggisákvæði, þ.e. að ef menn hefðu engar aðrar tekjur fengu þeir þetta álag óskert. Þetta sem ég er að nefna, 211 þús. kr., það skal tekið fram til að gæta allrar sanngirni að miðað er við einstakling sem býr í eigin húsnaði og hefur engar aðrar tekjur. Þá gat hann farið upp í 211 þús. kr.

Viðmið sem oft hefur verið notað þegar menn eru að skoða hvernig afkoma lífeyrisþega er er að bera það saman við lágmarkstrygginguna hjá ASÍ. Allt góðærið voru lífeyristryggingarnar — þ.e. þessi grunnlífeyrir eða hvað á að kalla það, þessi lífeyrir sem var lágmarkið fyrir einstakling í sömu aðstæðum og ég var að lýsa — um 90–95% af þessum lágmarkstekjumörkum ASÍ. Eftir breytingarnar

2007/2008 fór þetta upp í 110%, þannig að þessar lágmarksgreiðslur voru hærri en lágmarkstryggingar á vinnu- markaðnum. Nú er þetta þannig að lágmarkstryggingin hér er 211 þús. kr. hjá lífeyrisþegum, fyrir einstakling sem býr í eigin húsnæði og allt það, en hjá ASÍ er hún 204 þús. kr. Þannig að við erum enn þá þrjú fyrir allar skerðingar í 105% í þessum hópi.

Gagnrýnin hefur verið sú að þegar menn setja upp bótaflokk sem er skertur króna á móti krónu þýði það í reynd, eins og kerfið er byggt upp, að menn þurfa að fara yfir 70 þús. kr. í mánaðarlífeyristekjur, þ.e. greiðslur út úr lífeyrissjóðum, til að það skili sér til viðbótar við þessa upphæð. Sú gagnrýni er réttmæt vegna þess að eitt af því mikilvægasta fyrir okkur er að þeir sem greiða í lífeyrissjóð sjái hag af því að hafa borgað í lífeyrissjóð og fái viðbótargreiðslur vegna þess að þeir hafi safnað í lífeyrissjóði.

Þess vegna var mjög mikilvægt að eitt af fyrstu skrefunum í leiðréttingunni væri, og það er til dæmis í almannatryggingafrumvarpinu sem var lagt fram í vor og endurflutt á þessu þingi, að reyna að tryggja að sú vinna sem þar var unnin, þverpólítísk og þverfagleg, lifði. Þar var fyrsta hugmyndin að minnka þessa krónu á móti krónu skerðingu þannig að það sem áður var skert 100% færi niður í 80% og strax 1. janúar á næsta ári niður í 70%. Það er tillaga minni hluta nefndarinnar að gera þetta. Það kostar einhvers staðar á milli 800 og 1.000 milljónir, þ.e. tæpan milljarð, að gera þetta og nær til miklu fleiri einstaklinga en frumvarp hæstv. ráðherra og nær þar að auki betur til kvenna sem fara verr út úr þeim breytingum sem verið er að gera núna, einfaldlega vegna þess að konur hafa lægri tekjur af ýmsum ástæðum sem eru raktar í nefndaráli minni hluta velferðarnefndar.

Þessu til viðbótar hefði þurft að setja inn prósentuhækkun, en látum það nú bíða. Ekki er gerð formleg tillaga um það en vakin athygli á því í nefndarálitinu að það hefði verið æskilegasta breytingin vegna þess að það hefði skilað sér til allra.

Við skulum horfast í augu við það að eitt af því sem er sársaukafyllt fyrir þá sem hafa unnið að velferðarmálum og fyrir þá sem fylgjast vel með samfélaginu er að enn erum við á Íslandi með fátækt fólki, fólk sem hefur litlar tekjur, hefur litla og takmarkaða tekjumöguleika, þarf að framfleyta sér — kannski mundu þessi 211 þús. kr. í sjálfu sér duga, ef við byggjum ekki við það ástand að menn hafi ekki öruggt húsnæði fyrir eðlilegan pening. Ef þú þarft að borga húsnæði sem einstaklingur upp á 80–100 þús. kr. eða jafnvel meira, 120–150 þús. kr., hvað hefurðu þá í afgang af 180 þús. kr. útborguðum bótum eða 174–180 þús. kr.? Það sjá allir að ekki er hægt að lifa af því. Ég hefði viljað sjá menn glíma við það áfram að tryggja þessum hópi afkomu, að hinir hefðu verið látnir bíða örlítið lengur á meðan við höfum ekki meiri efni en þetta.

En miðað við þær peningaupphæðir sem rætt hefur verið um og miðað við þær upphæðir sem eru í spilinu, t.d. um niðurfellingu á gjöldum, þ.e. minnkandi tekjur ríkissjóðs, hefði ekki verið of mikið í lagt að menn hefðu sett svona 4–4,5 milljarða að minnsta kosti inn í almannatryggingakerfið strax og reynt að tryggja að fleiri fengju og reynt að tryggja að við gætum komið fleirum út úr þessum fátæktargildrum. Því miður var sú leið ekki farin.

Á sama tíma og maður fagnar þeim breytingum sem gerðar eru hryggir það mann að við skulum ekki gera betur við þennan hóp, gera betur í þessum hluta kerfisins. Þó við vitum að margir hafi tapað — það var markmið síðustu ríkisstjórnar, þegar við vorum að veða og meta hvernig gripið yrði inn í, menn vissu að hér varð kaupmáttarrýrnun upp á 25%, það tapaðist fjórða hver króna af tekjum heimila bara með hruninu í október 2008, þá voru góð ráð dýr. Ísland er eitt af fáum ríkjum — ef nokkurt annað ríki gerði það — sem breytti algjörlega um taktík, fór inn í þrepaskatta, hækkaði gjöld á þeim sem höfðu betri tekjur og varði eins og hægt var þá sem minnstu tekjurnar höfðu. Þessi sérstaka framfærsluuppbot var hluti af því.

Aðilar vinnuarkaðarins eiga heiður skilinn fyrir hvernig þeir komu inn í kjarasamninga, vegna þess að þeir voru líka þátttakendur í því að fara í krónutöluhækkunir, hækka lögstu laun, tryggja að menn hefðu þökkalega afkomu. Árangurinn varð sá að þessi kaupmáttarrýrnun var 9% samkvæmt útreikningum Hagfræðistofnunar Háskólans á lægsta hópinn, en allt upp í 35% á þá sem hærri voru. Það sem hefur verið svolítið sérkennilegt í umræðunni og gert að verkum að oft hefur verið dálítið erfitt að taka þátt í henni er að þegar menn eru að kvarta yfir breytingum hefur hávaðinn oft verið mestur í þeim sem voru hæstir fyrir. Það hefur verið hlutverk okkar, mín sem fyrirverandi ráðherra og annarra sem hafa viljað jafna kjörin eða verja hag þeirra sem minnst höfðu, að hlusta rétt. Því að fátæki einstaklingurinn sem býr einhvers staðar hér í Reykjavík, í úthverfunum, hann er ekki sá sem kvartar mest. Þeir sem voru að kvarta yfir niðurskurðinum í lífeyrskerfinu, það voru ekki þeir sem voru án þess að vera með lífeyri, það voru ekki konurnar sem höfðu aldrei fengið greiðslur úr lífeyrissjóði nema kannski makalífeyri sem var mjög takmarkaður. Það voru þeir sem voru með bestu lífeyrissjóðina frá opinberum starfsmönnum og sáu að ávinningurinn af því var ekki að skila sér að fullu eins og markmiðið var, það var að reyna að færa til á meðan við erum að fara í gegnum þessa erfiðleika. Skilaboðin núna eru þau að nú megi fara að gefa til baka til þess hóps. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Það er mikilvægt, en við máttum ekki við því að gleyma hinum. Ég harma að við skulum ekki hafa tekið betur þátt í þessu.

Þetta birtist ágætlega í nefndaráli frá minni hluta velferðarnefndar þar sem skoðaður er fjöldi ellilífeyrisþega sem eru með lífeyrissjóðstekjur. Það er ekki fyrr en menn eru komnir upp í tekjur um 300 þús. kr. sem hún fer að telja inn sem viðbót þessi breyting sem hér er á frumvarpi hæstv. ráðherra. Þeir sem eru með 250 þús. kr. og minna í viðbótartekjur fá ekki neinar viðbætur. Í þessu felast ákveðin skilaboð. Ef við skoðum aftur á móti ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur og svo með tilliti til atvinnutekna, bætist það fyrr við, þannig að strax og menn hafa 50 þús. kr. í atvinnutekjur bætast 5 þús. kr. við og svo koll af kalli, en mest hjá þeim sem eru með 250–300 þús. kr., þar sem þetta hækkar um 40 þús. kr. á mánuði. Ég er ekki að segja að það fólk sé ofsælt af því, langt í frá, og ég tel mikilvægt að gera þessa breytingu og styð það heils hugar að hún verði gerð. En ég held að við höfum ekki haft efni á því að gleyma hinum hópnum á sama tíma.

Örorkulífeyrisþegi sem er með lífeyrissjóðstekjur og

fryst metinn öryrki 35 ára — menn verða að tilgreina aldurinn vegna þess að aldurstengd örorka hefur áhrif á lífeyrisgreiðslur — þá er það sama, það er ekki fyrr en menn eru komnir upp í 250 þús. kr. að fer að bætast við, í viðbótar-tekjur.

Þannig virkar þetta kerfi, því miður. Minni hlutinn í hv. velferðarnefnd kemur með tillögur þar sem farið er út í að minnka skerðinguna krónu á móti krónu á sérstakri framfærsluþpót og ef maður skoðar fjöldann sem mundi fá slíka leiðréttingu sjáum við á þeim töflum sem fylgja nefndarálitinu — bara við það að fara í 80% fjölgar ellilífeyrisþegum sem fá greiðslur um 11.300 í staðinn fyrir 7.000 í hinu. Þar fjölgar konum um 7.800, körlum um 3.500. Þar rétta menn upp og taka kannski hlutfallið, vegna þess að það er þannig að lífeyrisþegar, bæði vegna aldurs-samsetningar en líka vegna örorkunnar, eru um 60% lífeyrisþega konur. En í frumvarpi hæstv. ráðherra fá karlarnir meiri hlutann af því sem bætt er við.

Án þess að leggjast gegn frumvarpi hæstv. ráðherra gagnrýna menn þetta, bæði út frá forgangsröðuninni, út frá því að þessar breytingar harmónera ekki og fara ekki beint saman með þeirri hugmyndafræði sem er í nýju frumvarpi um almannatryggingar sem mér finnst mikilvægt að vinna áfram. Sú vinna var komin mjög langt með aðilum vinnu-markaðarins, með öllum stjórnmálaflokkum, með hagsmunaaðilum, burt séð frá því að Öryrkjabandalagið mætti ekki á þá fundi en aðrir tóku þátt — það er auðvitað verk-efni út af fyrir sig að ná þeim að borðinu og vinna hlut öryrkja betur. Mörg atriði þar sem þarf að bæta við. Þetta er gagnrýnisvert og svo ekki síst þessi jafnréttisvinkill, að þeir sem eru með lægstu tekjurnar eru konur, þær eru meiri hluti, en samt ætlum við að bæta í fyrir karlana.

Þannig er forgangsröðunin í þessu. Síðan komu inn, og það er af öðrum ástæðum, eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar. Það segir okkur hvernig aðstæðum við erum að vinna í á þessu stutta sumarþingi, fram komu skarpar athugasemdir. Ég skal bera fulla ábyrgð á því því að í fyrra frumvarpi voru svipuð ákvæði, nánast eins — þannig athugasemdir komu fram að ekki vannst tími til að ljúka því. Vonandi verður hægt að auka eftirlitsheimildirnar þannig að það standist persónuverndarlög og öll mannréttindi, og það komi þá inn á septemberþinginu. Ágætissátt náðist í nefndinni, sé ég, um að fresta því ákvæði. Það er mjög mikilvægt.

Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til dáða varðandi það að vinna að endurskoðun almannatryggingafrumvarpsins. Ég treysti núverandi hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra mjög vel til að leiða slíka vinnu. Ég veit að allt veitir vöngum yfir því hvernig megi gera það svo að okkur takist sem allra fyrst að bæta hag þessara hópa.

[17:51]

#### **Höskuldur Þórhallsson (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Mig langaði að velta upp einum punkti. Á síðasta kjörtímabili var nauðsynlegt að fara í niðurskurð og öllum fannst sár sá mikli niðurskurður sem farið var í í velferðarmálum. Það sem gerðist hins vegar var að í gegnum niðurskurðinn í heilbrigðismálum sérstaklega var ákveðið að fara í svo-

kallaðar kerfisbreytingar þannig að þær sjúkrastofnanir sem voru úti á landi urðu hlutfallslega fyrir meiri niðurskurði en aðrar — ég nefni Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Austurlands og Skagafjarðar sérstaklega, það voru reyndar fleiri. Það sem gerðist var að þessi mikli niðurskurður bitnaði sérstaklega á þeim störfum sem frekar voru unnin af konum en körlum. Ég veit vel að það er erfitt, og var erfitt á síðasta kjörtímabili, að fara í einhverjar sérstakar greiningar á því á hverjum niðurskurðurinn mundi helst bitna.

Nú er gagnrýnt, reyndar á svipaðan hátt, að þetta frumvarp bitni frekar á konum en körlum — ég sé reyndar ekki að þetta bitni neitt sérstaklega á konum, en miðað við ákveðna hópa eftir einhverjum skilgreiningum geti það gerst. En ég vil bara velta þessu upp og spyrja hv. þingmann hvort ekki megi líkja þessu saman og hvort hann muni ekki (Forseti hringir.) styðja okkur áfram í því að reyna að gera eins vel við öryrkja og eldri borgara og við getum.

[17:53]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Fyrst það síðasta. Ég lauk ræðu minni og byrjaði hana raunar á því líka að taka fram að við mundum að sjálfsögðu styðja hæstv. ríkisstjórn og ráðherra í öllum lagfæringum á kjörum lífeyrisþega, eldri borgara og öryrkja.

Varðandi heilbrigðiskerfið, að tala um kerfisbreytingu. Í fyrsta lagi er það þannig að þegar við förum í harðan niðurskurð, sem bitnar á störfum og verður til að fækka ríkisstarfsmönnum, bitnar það á konum því að meira en 80% ríkisstarfsmanna eru konur. Í öðru lagi er launakostnaður á heilbrigðisstofnunum og á þessum þjónustustofnunum sem við reukum líka um 80% líka. Það er því erfitt að koma niðurskurði við án þess að það bitni á störfum. Aftur á móti gaf hv. þingmaður sér ranga forsendu þegar hann talaði um að niðurskurðurinn hefði orðið meiri úti á landi. Við reiknuðum það þannig í velferðarráðuneytinu að niðurskurðurinn á Landspítalanum hefði verið um 19% — sjálfir reiknuðu þeir hann 22%, það var af því þeir notuðu öðruvísi gengisviðmið í útreikningi sínum.

Heilbrigðisstofnanir úti á landi eru með 17–20% niðurskurð. Það voru tvær stofnanir sem áttu að sæta 40% niðurskurði í byrjun. Það voru Þingeyingar og Skagafjarðingar. Hv. þingmaður man, ég held við höfum verið saman í fjárlaganefnd þegar það var, að því var breytt í 10% árið 2010 þegar ég kom í ráðuneytið. Í september 2010 breyttum við fjárlögunum á þann veg að sett var þak, þ.e. að niðurskurðurinn yrði ekki meiri en 10%. Aftur á móti var svo haldið áfram. Það er alveg ljóst að mikil óánægja hefur verið á þessum stofnunum. Brugðist var við þessu af Þingeyingunum með sameiningu á milli hjúkrunarheimilis og heilbrigðisstofnunar. Það hefur gengið verr að ná sáttum í kringum Skagafjarðingana. En það verður gaman að skoða þetta þegar heildin er komin upp. Þá er það nú sem betur fer þannig að heilbrigðisstofnanir úti á landi hafa ekki sætt meiri niðurskurði, því ef farið er út í samanburð er ekki hægt (Forseti hringir.) að bera það saman við neitt annað en Landspítalan.

[17:55]

**Höskuldur Þórhallsson (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir hans svör. Það er vissulega rétt að lagt var af stað með 40% niðurskurð. Haldnir voru borgarafundir víðs vegar um landið. Ég veit að íbúar á Seyðisfirði hittust og tóku höndum saman utan um sína stofnun. Þannig var samhugur fólksins. Það er rétt að meiri hlutinn í fjárlaganefnd ákvað að minnka niðurskurðinn eftir harða og mikla baráttu stjórnarandstöðunnar hér á þingi. Ef ég man rétt var ákveðið að dempa þann niðurskurð úr 40% í 38% á árinu 2010. En ég þakka hv. þingmanni fyrir þau svör að hann sé reiðubúinn að aðstoða okkur við að bæta kjör eldri borgara, lífeyrisþega og öryrkja og ég vona að ánægjulegt samstarf sé fram undan.

[17:56]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að við eigum ánægjulegt samstarf og líka um að reyna að bregðast við í heilbrigðis-kerfinu af því það var nefnt. Það tengist líka því sem við erum að ræða hér um lífeyris- og örorkugreiðslur. Þar skiptir mjög miklu máli að við eigum eftir mikil verkefni eins og til dæmis að jafna læknaþjónustunni og tryggja að öryrkjar og aðrir búi ekki við háan læknaþjónustunni. Það er gríðarlega stórt verkefni sem við eigum eftir. Ég hef heyrt að hæstv. heilbrigðisráðherra sé að vinna í því að koma vinnu í gang aftur til að ljúka því verkefni. Hann á allan okkar stuðning í sambandi við það, því að þetta skiptir gríðarlega miklu máli.

Það er annað sem ég hef miklu meiri áhyggjur af úti á landsbyggðinni en ákkurat upphæðunum sem fara í rekstur stofnanna. Menn treysta sér ekki lengur til að veita ákveðna þjónustu, bæði vegna þess að ekki er hægt að fá lækna til að vinna á ákveðnum stöðum lengur og líka vegna þess að aðbúnaðurinn er ekki með þeim hætti að það sé hægt, og þá kemur aukinn ferðakostnaður til. Ég verð að viðurkenna að mér sárnar að hafa ekki náð að leiðrétta það að þeir sem þurfa einhverra hluta vegna að sækja þjónustu um langan veg fá þá ekki betur borgað, hvort sem það er frá Húsavík inn á Akureyri eða frá Sauðárkróki inn á Akureyri, t.d. að sækja þjónustu vegna fæðinga. Ég tel það mjög mikilvægt og þar þarf að bæta úr.

Eitt af verkefnum sem var komið í gang, og verður vonandi klárað, er að setja upp sjúkrahótel á Akureyri þannig að hægt sé að tryggja að fjölskyldur sem þurfa að sækja þjónustu um langan veg og þurfa að vera nálægt stórum spítölum, eins og á Akureyri og í Reykjavík, geti búið við ódýran kost. Það er sjúkrahótel í Reykjavík, en það þarf endilega að koma því á fót á Akureyri. Ég veit að verið er að vinna að því. Það var komið vel á veg áður en ég yfirgaf ráðherrastólinn.

Laust og fast er verkefnið þetta: Höldum vel utan um okkar fólk. Jafnrétti og jöfnuður er verðmæti í sjálfu sér. Í guðanna bænum látum ekki nýja ríkisstjórn eyðileggja það sem áunnist hefur í því að auka jöfnuð (Forseti hringir.) í samfélaginu á síðustu fjórum árum.

[17:59]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Mig langar örstutt að lýsa yfir ánægju með þær umræður sem átt hafa sér stað hér í þessum þingsal um þetta mál. Ég fagna því að þetta fyrsta skref á vegum ríkisstjórnarinnar í átt að því að bæta kjör aldraðra og öryrkja sést nú hér í þingsalnum og verður tekið til atkvæða á eftir.

[Fundarhlé. — 18:01]

**ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[18:35]

Brtt. 72,1 felld með 31:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, BirgJ, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHG, HHj, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, JMS, KPJ, LínS, PJP, PHB, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁsmD, HBK, IIG, JónG, KG, OH, REÁ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:34]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Þessi breytingartillaga er einföld. Hún felur í sér að ákvæði um 1.315.200 kr. í frítekjumark vegna atvinnutekna fyrir örorkulífeyrisþega verður fært úr bráðabirgðaákvæði inn í lagaákvæði. Við teljum það mikilvægt því að samkvæmt frumvarpi ráðherra er verið að hækka frítekjumark ellilífeyrisþega og við teljum að í sama lagaákvæði eigi þessi frítekjumörk að vera en frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna eigi ekki að vera í bráðabirgðaákvæði sem að öðru óbreyttu rynni þá út um áramót.

Ég hvet því þingheim til að mismuna ekki örorkulífeyrisþegum með þeim hætti sem yrði ef þessi breytingartillaga verður ekki samþykkt.

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JÞÓ, PHB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁsmD, HBK, IIG, JónG, OH, REÁ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 66,1 (2.–3. gr. falli brott) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskÞ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, PHB, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ,

SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

7 þm. (HBK, IIG, JónG, OH, REÁ, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:36]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Velferðarnefnd var sammála um að fresta bæri samþykkt þessara ákvæða. Það er svo að við erum öll sammála um markmiðið með þessum greinum frumvarpsins en ástæða þess að við leggjum til að þær verði ekki gerðar að lögum að þessu sinni er sú að við töldum nauðsynlegt að fá betri tíma til að fara yfir þær til að tryggja líka réttindi þeirra sem eru á greiðslum frá Tryggingastofnun og til að gæta að persónuvernd. En nefndin er sammála um að mikilvægt sé að vinna að þeim markmiðum sem greinarnar kveða á um þó að þeim sé frestað að þessu sinni.

4. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, Höskþ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (HBK, IIG, JónG, OH, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:38]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Eins og sjá má styður minni hlutinn þessa grein frumvarpsins enda viljum við ekki greiða atkvæði gegn því að einhverjir fái skerðingar sínar dregnar til baka. Við hefðum kosið samt, eins og kom fram í ræðum í dag, aðra forgangsreðun, þar sem byrjað væri á þeim sem minnst hafa og breytingartillögur okkar bera merki um það. En við styðjum þessa tillögu þrátt fyrir að í umsögnum margra umsagnaraðila hafi komið fram að þær séu óheppileg leið ef pólitískur vilji standi til að innleiða kerfisbreytingar almannatrygginga.

Brtt. í nál. 66,2 (ný 5. gr., verður 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, Höskþ, JMS, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (HBK, IIG, JónG, OH, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:39]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Þetta er sú tillaga sem ég talaði um að við hefðum boðað að koma með sem breytingartillögu. Hér er

um við að tryggja að þeir sem minnst bera úr bótum í samfélaginu séu ekki skertir króna á móti krónu vegna sérstakrar framfærsluuppþótar og skerðingin verði 80% vegna annarra tekna frá og með 1. júlí en frá og með áramótum verði skerðingarnar 70%.

Þetta er í anda þess frumvarps sem fyrrverandi velferðarráðherra lagði fram og þingflokkur Samfylkingarinnar nú á þessu sumarþingi. Við teljum sérstaklega mikilvægt að þessi breyting nái fram að ganga enda er þetta réttlætismál fyrir þá sem hvað minnst bera úr bótum innan almannatryggingakerfisins.

Brtt. 72,2 felld með 35:22 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, BirgJ, BjG, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHG, HHj, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, GÞP, GBS, HarB, HE, Höskþ, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (HBK, IIG, OH, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:41]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Ég biðst velvirðingar á þessum ruglingi en ég tel engu að síður mikilvægt að koma hér upp og vekja athygli á því að meiri hlutinn í þinginu er að hafna réttlætisbreytingum fyrir þá sem minnst hafa í samræmi við það frumvarp sem var unnið í þverpólitískri sátt um breytingu á almannatryggingakerfinu. Við teljum þetta mikilvægt réttlætismál. Við teljum óeðlilegt að við breytingar sem eru í samræmi við kosningaloford beggja flokka um að auka hag þeirra sem hafa framfærslu sína af almannatryggingum sé meiri hluti þingsins ekki tilbúinn til að veita innan við milljarð til að þeir sem minnst bera úr bótum í kerfinu fái hærri greiðslur mánaðarlega.

[18:43]

#### **Árni Páll Arnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Það er veikleiki þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar að þeir sem bera eitthvað úr bótum vegna þess eru einkanlega betur settu lífeyrisþegarnir. Með þessari breytingartillögu erum við að reyna að tryggja að fólkið sem hefur lélegan lífeyri, er á almennum vinnumarkaði, er með örfáa tugi þúsunda í lífeyri, fái eitthvað út úr breytingunni, og að það fái að njóta síns litla lífeyris í vaxandi mæli í friði.

Uppleggið frá ríkisstjórninni er það að fólk sem hefur unnið alla sína ævi á almennum vinnumarkaði, er með lítinn lífeyri, á að borga með sköttum sínum líka verulega hækkun á lífeyri til þeirra sem fyrir hafa mestan lífeyri og það er ekki sanngjarnt. (Gripid fram í.) Hér er ríkisstjórnin að falla á prófinu, hún er að falla á því prófi að tryggja venjulegu fólki með lítinn lífeyri einhvern ávinning af þessum breytingum.

Brtt. í nál. 66,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskÞ, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (HBK, HIG, OH, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

### *Árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk.*

Beiðni ÁPÁ o.fl. um skýrslu, 31. mál. — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:45]

Beiðni leyfð til félags- og húsnæðismálaráðherra með 56 shlj. atkv.

[18:45]

### **Útbýting:**

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, brtt. ÞórE o.fl., þskj. 79; brtt. SII, þskj. 82.

Kostnaður við fjölgun ráðherra, 21. mál, svar fjmrh., þskj. 81.

Seðlabanki Íslands, 20. mál, rökst. dagskrá JÞÓ o.fl., þskj. 80.

Út af dagskrá voru tekin 4.–14. mál.

Fundi slitið kl. 18:46.

## 23. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júlí,  
að loknum 22. fundi.

### Dagskrá:

1. Þingsköt Alþingis, frv., 30. mál, þskj. 85, nál. m. brtt. 75, nál. 76. — 2. umr. *Ef leyft verður*.
2. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 25. mál, þskj. 83, brtt. 79 og 82. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
3. Veidigjöld, stjfrv., 15. mál, þskj. 15, nál. m. brtt. 73. — 3. umr. *Ef leyft verður*.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 5. mál, þskj. 5. — 3. umr.
5. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 20. mál, þskj. 20, brtt. 68 og 74, till. til rökst. dagskrár 80. — 3. umr. *Ef leyft verður*.

### Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:49]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–3. og 5. dagskrármáls og/eða útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GPP, GBS, HarB, HE, HHG, HöskP, JMS, JónG, JÓÓ, KG, KJak, KPJ, KLM, LRM, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SJS, SSv, USB, ValG, VigH, VilB, WPP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁPS, HHj) greiddu ekki atkv.

6 þm. (HBK, IIG, KaJúl, OH, VBj, VilÁ) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 18:49]

### Tilhögun þingfundar.

[19:31]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka fram að fyrirhugað er að atkvæðagreiðslur um dagskrármál fundarins fari fram þegar umræðu um þau öll er lokið.

#### Þingsköt Alþingis, 2. umr.

Fr. forsrh., 30. mál (samkomudagur Alþingis haustið 2013). — Þskj. 67, nál. m. brtt. 75, nál. 76.

[19:31]

#### Frsm. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Brynjar Níelsson) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum með breytingartillögu, nefndarálitum 1. minni hluta um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköt Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum.

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. löggjafarþing).

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur fjallað um málið en með því er lagt til að næsta löggjafarþing, 143. þing, komi saman 1. október. Í 35. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að reglulegt Alþingi komi saman þann dag en jafnframt að samkomudegi þingsins megi breyta með lögum. Slík breyting var gerð á þingsköpum Alþingis með lögum nr. 84/2011 og samkomudagur Alþingis ákveðinn annar þriðjudagur í september ár hvert. Fyrsta þing samkvæmt hinni nýju reglu var 141. þing sem var sett 11. september 2012.

Samkvæmt 35. gr. stjórnarskrárinnar skal löggjafarþing standa „til jafnlengdar næsta árs“. Verði frumvarpið óbreytt að lögum ætti 143. löggjafarþing því að standa til 1. október 2014 og nýtt þing gæti þá ekki hafist í samræmi við 4. mgr. 1. gr. þingskapa. Ljóst er þó að ekki er ætlun að breyta samkomudegi Alþingis nema þetta eina sinn. Leggur nefndin því til breytingu á frumvarpinu til að tryggja að unnt verði að hefja 144. löggjafarþing annan þriðjudag í september 2014.

Breytingin er með þeim hætti að:

Við 1. gr. bætist ný efnismálgreini, svohljóðandi:

143. löggjafarþing skal standa fram til samkomudags reglulegs Alþingis 2014, annars þriðjudags septembermánaðar það ár, sbr. 4. mgr. 1. gr.

[19:34]

#### Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 1. varaformanni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar fyrir hans framsögu hér fyrir álitinu og fyrir árvekni sína. Við búum svo vel í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að hafa vel lögfróðan mann, Brynjar Níelsson, með okkur. Það var eins gott vegna þess að það frumvarp sem hæstv. forsætisráðherra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson flutti hér í gær — eða flutti raunar ekki því að annar ráðherra þurfti að mæla fyrir málinu fyrir hann, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands um breytingu á sjálfum samkomudegi þjóðþingsins sem var tekið hér inn með afbrigðum og með ofbeldi gagnvart minni hlutanum í þinginu — reyndist þegar í morgun vera svo illa úr garði gert að það samræmdist ekki ákvæðum stjórnarskrárinnar og gæti skap- að vafa um samkomudag þingsins að ári.

Um leið og ég þakka hv. þm. Brynjari Níelssyni fyrir að standa vaktina í þessu efni og fyrir glöggskyggni hans spyr ég hann, sem nýjan þingmann og mann sem er vanur að fást við að túlka og vinna með lagasetningu á Alþingi, hvort honum þyki það viðunandi við lagasetningu, og nægilega góður umbúnaður og verklag, að taka breytingar á lögum fyrir með afbrigðum dag eftir dag og að frumvörp frá forsætisráðherra, sem flutt eru fyrir hönd Stjórnarráðs Íslands og öllu því sérfræðistarfsfólki sem þar er, séu svo vanbúin að þau samræmist ekki grundvallarlögum ríkisins þegar til á að taka.

[19:36]

#### Frsm. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Brynjar Níelsson) (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég get svo sem sagt við hv. þm. Helga Hjörvar að ég eigi nú ekki allt þetta hrós skilið og ekkert af því kannski. En það er annað mál. Ég skal taka við öllu

hrósi. (**Gripið fram í:** Þetta er bara byrjunin.) Ég get hins vegar fullvissað þingmenn um að samin hafa verið verri og óljósari frumvörp en þetta frá forsætisráðherra. (**Gripið fram í:** Geturðu nefnt dæmi?) Ég er ekki með það í kollinum en ég gæti fundið mörg á skömmum tíma. Þetta er eingöngu gert til að hnykkja á hlutunum, svo að það sé enginn vafi. Það getur vel verið að frumvarpið eins og það var hefði alveg dugað og sloppið frá þessu öllu saman en þessi tillaga er eingöngu í þeim tilgangi að taka af allan vafa.

[19:37]

**Helgi Hjörvar (Sf)** (*andsvar*):

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að byrja á að hrósa hv. þingmanni á nýjan leik en í þetta skiptið fyrir högværðina. Ég þykist vita að glöggskyggni hans hafi átt hlut að máli og býsna athyglisvert að fyrrverandi formaður Lögmannafélagsins lýsi því yfir úr ræðustól Alþingis að hæstv. forsætisráðherra hafi í gærkvöldi flutt eða látið flytja frumvarp til laga um sjálfan setningardag Alþingis þar sem vafi lék á túlkun — var þannig úr garði gert að sá vafi hefði getað leitt til deilna um lögmæti eða gildi laganna og hvenær þingið ætti að koma saman.

Þetta er í besta falli vandræðaleg handvömm hjá hæstv. forsætisráðherra og er enn ein áminningin til stjórnarmeirihlutans um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið á þessu stutta sumarþingi. Komið er inn með mál seint og illa, þau eru iðulega tekin á dagskrá með afbrigðum og jafnvel breyting á sjálfum þingsköpunum, grundvallarreglunum hér í þinginu, þar sem við höfum um langt árabil forðast að beita meirihlutaofbeldi — að það sé gert með þessum hætti og reynist svo þegar á hólminn er komið svo illa gert að það samræmist ekki með góðu móti ákvæðum stjórnarskrárinna og skapar vafa um það hvenær þjóðþing landsins eigi að koma saman.

Virðulegur forseti, ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. Brynjars Nielssonar fyrir að hafa bjargað okkur frá því að samþykkja eitthvað þessu líkt hér í þinginu. Það hefði lítil sömi verið að því lokakvöldi hér í þinginu að ganga svo illa um löggjöfina um þingið sjálft.

[19:39]

**Frsm. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Brynjar Nielsson) (S)** (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Ég ætla að afþakka allt þetta hrós, en allt í lagi. Ég er að velta fyrir mér af hverju verið er að hafa svona miklar áhyggjur af þessu máli. Það er örugglega ekki einsdæmi að gera megi frumvörp betri en þau eru. Hér er bara verið að gæta betur að textanum, og það hefðu kannski margir betur gert áður en frumvörp hafa verið lögð fram, því að hér hafa margsinnis verið samþykkt frumvörp og gerð að lögum sem standast illa stjórnarskrána. Það er ekki nýmæli og sumt er svo á einhverjum mörkum þar um. Ég held því að ekki þurfi að gera mikið úr þessu máli, þetta er smávægilegt tæknilegt atriði að mestu. Vissulega hefði það getað haft einhverjar afleiðingar ef þannig hefði farið. En þetta er bara gert í þeim eina tilgangi að tryggja þetta og ég sé ekki ástæðu til að ræða það nánar.

[19:40]

**Frsm. 2. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Ögmundur Jónasson) (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum frá 2. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis.

Þingsköp Alþingis eru ramminn um starfshætti Alþingis og er mikilvægt að um þau sé einhugur milli þeirra stjórn-máláhreyfinga sem sæti eiga á Alþingi, óháð því hverjir sitja í ríkisstjórn og hverjir eru í stjórnarandstöðu. Þingsköpin eiga ekki að lúta breytingum sem eingöngu stafa af breyttum styrkleika flokka. 2. minni hluti átelur að nú sé ráðist í breytingar á þingsköpum án þess að um þær sé full samstaða.

Á síðasta kjörtímabili starfaði þingskapanefnd með fulltrúum allra flokka, þar sem bæði stjórn og stjórnarandstaða voru í forustu. Þá voru lagðar til og svo samþykktar margháttáðar breytingar á þingsköpum, en meginforsenda þeirra allra var að allir flokkar væru samstiga. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum og enginn þingmaður greiddi atkvæði á móti þeim. Fyrirliggjandi frumvarp fer gegn þessari þjóðingarmiklu samstöðu.

Breytingar sem unnar voru á þingsköpum voru í samræmi við skýrslu þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem skilað var í september 2010 á þingskjali 1501. Þar er meðal annars lagt til að þingsköp Alþingis verði endurskoðuð. Í skýrslunni leggur þingmannanefndin jafnframt áherslu á að Alþingi „verji og styrki sjálfstæði sitt og marki skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins.“ Þingmannanefndin taldi að endurskoða þyrfti verklagið sem tíðkast hefur við framlagningu stjórnarfrumvarpa með það að markmiði að auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og lagði til að ríkisstjórn yrði gert að leggja fram stjórnarfrumvörp með góðum fyrirvara þannig að þingmönnum gæfist gott ráðrúm til að taka þau til faglegrar skoðunar, upplýstrar málefnalegrar umræðu og afgreiðslu.

Meðal þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á starfsháttum Alþingis nýverið er að flytja samkomudag Alþingis að hausti fram til annars þriðjudags í september í stað 1. október sem verið hafði samkomudagur þingsins um langt skeið. Jafnframt var svokallað septemberþing lagt af. Einn megingilgangur þessara breytinga var að skapa þinginu meira svigrúm til að fjalla um fjárlagafrumvarp og tengd mál. Reynslan sýnir að það er mikilvægt að þingið hafi rúman tíma til þessa, enda fer Alþingi með fjárstjórnarvaldið. Ráðuneyti og ríkisstjórn hafa marga mánuði til að undirbúa fjárlagafrumvarp og önnur tengd frumvörp en þingið hefur aðeins nokkrar vikur í því skyni. Breytingin sem gerð var þegar samkomudegi Alþingis var flýtt var mikilvæg í því augnamiði að bæta vinnubrögð þingsins og styrkja stöðu þess. Sú breyting sem nú er lögð til er skref til baka til lakari vinnubragða þingsins.

Með lögum nr. 85/2012 varð sú breyting á þingsköpum að kveðið var á um að frumvörp um breytingar á lögum sem útgjöld og tekjur fjárlagafrumvarps byggjast á skulu lögð fram samhliða fjárlagafrumvarpi. Var það einnig gert í því augnamiði að vanda betur vinnu Alþingis við fjárlög ríkisins. Þar sem hér var um mikla breytingu að ræða sem



kallaði á verulegan undirbúning af hálfu fjármálaráðuneytis var ákveðið að þetta ákvæði tæki gildi 1. september 2013, en lögin tóku að öðru leyti gildi við upphaf 141. lögjafarþings. Með því var tryggt að nægur tími gæfist til að undirbúa þessar breytingar. Á grunni þeirrar vinnu sem farið hefur fram í ráðuneytum undanfarna mánuði við undirbúning fjárlagafrumvarps hefur ný ríkisstjórn nægan tíma til að koma sínum áherslum inn í þá vinnu og ekki á að stytta þann tíma sem þingið hefur til ráðstöfunar við fjárlaga-vinnu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið telur 2. minni hluti ekki fært að styðja þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Undir þetta rita Ögmundur Jónasson, Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

[19:45]

### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Frú forseti. Ég er einn af þeim þingmönnum sem hafa lýst harðri andstöðu við þetta frumvarp hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef farið vel yfir það í ræðum sem ég flutti hér allnokkrar í gær af þessu tilefni. Eitt af því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði, þegar hann mælti fyrir málinu fyrir hönd hæstv. forsætisráðherra, var að hans dómi væri illfrákvæmanlegt að ná fram fjárlögum eða koma fram fjárlagafrumvarpi í tíma. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra ítrekað eftir því í gær hvaða rök stæðu að baki þeirri fullyrðingu og þeirri afstöðu hæstv. fjármálaráðherra. Það var ákaflega fátt um svör og auðvitað þekkjum við svarið. Svarið er einfaldlega það að ríkisstjórnin sjálf gróf sér þá gróf að skera undan tekjustofnum ríkisins, sem nam hátt á annan tug milljarða, og þarf tíma til að stoppa upp í það gat.

Mig langar að spyrja þann ágæta þingmann, Ögmundur Jónasson, sem líka er formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, hvort nefndin hafi ekki, þegar hún skoðaði þetta mál í yfirferð sinni í dag, reynt að grafast fyrir um það hvaða rök eru þarna að baki. Ég tel að ekki síst stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eigi að kanna mjög vel nauðsyn þess að breyta lögum með hætti sem líklega mætti kalla ein-skjotisbráðabirgðaaðgerð.

Hv. þm. Brynjar Níelsson hefur sýnt þá árvekni að benda á mistök sem voru í hinu upphaflega frumvarpi. Ég tel að frumvarpið allt sé mistök.

Mig langar að spyrjast fyrir um það hvort stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hafi ekki að minnsta kosti gert veikburða tilraun til að grafast fyrir um það hvort ríkisstjórnin hafi einhver sérstök rök fyrir þessu frumvarpi.

[19:47]

### Frsm. 2. minni hluta stjórnsk.- og eftirl. (Ögmundur Jónasson) (Vg) (andsvar):

Hæstv. forseti. Jú, við höfum farið yfir þetta mál að sjálfsögðu, en að uppistöðu til hefur málefnaleg umræða um frumvarpið fyrst og fremst farið fram í þessum þingsal. Það sem upp á þingið stendur hvað þetta mál varðar er að okkar skylda, sem sitjum í þessum sal, er að styrkja stöðu þingsins, því eins og fram kemur í minnihlutaálitinu fer Alþingi með fjárstjórnarvaldið. Það skiptir mjög miklu máli að fjárlagafrumvarp og frumvörp sem því tengjast komi

fyrst inn á borð þingmanna þannig að þingið geti rækt skyldur sínar sem eftirlitsaðili og sem valdaaðili hvað fjárlögin áhrærir. Þess vegna er þetta ekkert smámál sem hér er á ferðinni. Það er fyrst og fremst í þessum þingsal sem tekist er á um málið. Nefndin tók hins vegar til skoðunar ýmis tæknileg úrlausnarefni sem þessu tengjast, en um grundvallaratriðin er tekist á í þessum þingsal.

[19:48]

### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis með síðari breytingum, nr. 55/1991, og fjallar um samkomudag reglulegs Alþingis haustið 2013. Um þetta mál hefur verið fjallað í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og fyrir liggja í málinu nefndarálit frá 1. minni hluta nefndarinnar sem hv. þm. Brynjar Níelsson hefur gert grein fyrir. Þar er einnig að finna breytingartillögu með viðbótarsetningu til þess, eins og hv. þingmaður orðaði það, að taka af allan vafa um að lagafrumvarpið eða lögin svo breytt mundu koma til framkvæmda með réttum hætti og að tryggt væri að þing mundi koma saman aftur eftir þetta þing í framtíðinni — dálítið kúnstugt að vísu, en einkum og sér í lagi hvernig um málið var búið af hæstv. forsætisráðherra sem lét hæstv. fjármálaráðherra flytja málið fyrir sína hönd. Síðan liggur hér fyrir nefndarálit frá 2. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, en undir það álit rita fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Samfylkingar og Pírata.

Ég vil segja það strax í upphafi að ég er sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í nefndarálini frá 2. minni hluta og þeirri niðurstöðu sem þar er að finna, þar sem segir að 2. minni hluti sjái sér ekki fært að styðja þær breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Nú er rétt að rifja það aðeins upp, eins og kemur reyndar fram í nefndarálini 2. minni hluta, að þingsköpin sjálf, þingskapalögin, eru sá rammi sem við störfum eftir hér í þinginu. Segja má að það séu leikreglurnar sem allir spila eftir, óháð því í hvaða stjórnmalahreyfingu þeir eru og óháð því hvort þeir eru í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu frá einum tíma til annars. Þess vegna er mjög mikilvægt að um þingsköpin sé góð samstaða og þeim sé ekki breytt öðruvísi en að um slíkar breytingar sé sömuleiðis samstaða í þinginu.

Sem betur fer hefur það nú oftast verið þannig að menn hafa ekki ráðist í breytingar á þingsköpum öðruvísi en að um það sé samstaða meðal þeirra stjórnmalahreyfinga sem sitja á Alþingi hverju sinni. Að vísu eru dæmi um hið gagnstæða, en það er hin almenna regla og má segja eins konar heidursmannasamkomulag í samskiptum stjórnmalaflokkanna að þannig sé staðið að málum. (Gripið fram í.) Nú veit ég ekki hvers virði heidursmannasamkomulag er, maður hefði ætlað að þegar menn gera samkomulag og handsala haldi slíkt. Því miður finnst mér það frumvarp sem hér er komið fram dæmi um hið gagnstæða. Það er mjög miður að ríkisstjórnin hafi ákveðið að fara fram með þetta mál án þess að allir stjórnmalaflokkar væru flutningsmenn málsins eða flutningsaðilar.

Á síðasta kjörtímabili var að störfum þingskapaneftir með fulltrúum allra flokka. Hún starfaði mjög vel, fundaði reglulega með hléum að vísu, en reglulega og flutti hér inn í

Þingið tillögur í tvígang um breytingar á þingsköpum. Þannig var um þá hnúta búið að allir flokkar stóðu að þeim breytingum sem þar var að finna. Af því ég leiddi nú þessa nefnd á síðasta kjörtímabili er mér mjög vel kunnugt um að á grundvelli þeirrar umræðu sem þar fór fram — auðvitað voru skoðanir skiptar um einstakar tillögur og hugmyndir sem komu inn í nefndina. Um sumar þeirra var alger samstaða þegar í upphafi, aðrar þurftu talsverðrar umræðu við. Ef menn urðu sammála um þær voru þær lagðar fram. Ef einhver einn fulltrúi í nefndinni var andsnúinn þeim voru þær ekki lagðar fram. Þannig var vinnulagið, einfaldlega vegna þess að við vildum að um þessar grundvallarleikreglur í þingsal og í þingsstöfum væri samstaða og ekki væri verið að fara gegn vilja einhvers eins.

Þannig má kannski segja að lægsti samnefnarinn hafi alltaf orðið ofan á og sumir segja að það sé ekkert alltaf gott. En í máli eins og þessu er það gríðarlega þýðingarmikið og verðmætt fyrir samskipti stjórnmálahreyfinganna óháð því hvort þær eru í stjórn eða stjórnarandstöðu frá einum tíma til annars.

Hér er verið að gera tillögu um breytingu á samkomudegi Alþingis í eitt skipti nú í haust. Rökstuðningurinn sem fram kemur í greinargerð, og kom einnig fram í máli framsögumanns, hæstv. fjármálaráðherra, í gær, lýtur einkum að þeim tíma sem ríkisstjórnin, sem tók til starfa í maímánuði síðastliðnum, hefur haft eða hefur fram að þingi í haust til að undirbúa fjárlagafrumvarp. Nú er það auðvitað ekki þannig að þeir stjórnmálaflokkar sem taka að sér að mynda ríkisstjórn í landinu eftir kosningar að vori setjist fyrst niður að afloknu pönnukökuaði og fari að semja fjárlagafrumvarp frá grunni. Þannig ganga hlutirnir ekki fyrir sig. Stjórnsýslan sem er ein og hin sama, óháð því hvaða flokkar eru í ríkisstjórn, hefur að sjálfsgöðu verið að vinna fjárlagafrumvarp í langan tíma, vikum og jafnvel mánuðum saman. Þannig að sjálfsgöðu liggur fyrir allur grunnur að fjárlagavinnunni þegar ný ríkisstjórn tekur við. Hún þarf að hafa svigrúm til að setja sitt mark á fjárlögin, eðlilega, það er enginn að tala um að hún eigi ekki að hafa það, en hún byrjar ekki að vinna fjárlagafrumvarp frá fyrsta staf. Það er ekki þannig. Hún getur komið áherslum sínum inn í þá vinnu og hefur til þess nokkra mánuði frá því í maí að hún var skipuð, þar til þingið kemur saman. Henni er engin vorkunn að gera það.

Fyrstu fréttir sem við í stjórnarandstöðunni höfðum af þessu máli lutu að vísu ekki að fjárlagafrumvarpinu sjálfu, heldur því ákvæði þingskapalaga að samhliða fjárlagafrumvarpi skuli lögð fram þau frumvörp önnur um tekjuöflunar ríkisins sem fjárlagafrumvarpið grundvallast á. Það er nýmæli. Það var orðað af hálfu stjórnarandstöðunnar að úr því svo væri í pottinn búið að ný ríkisstjórn teldi sig þurfa lengri tíma væri hugsanlegt að fresta gildistöku þess ákvæðis, um tekjuöflunarfrumvörpin, sérstaklega um einhvern tíma þannig að þing yrði sett á réttum tíma, þ.e. að fjárlagafrumvarpið kæmi fram en tekjuöflunarfrumvörpin kæmu eitthvað síðar. Þá var það ekki nógu gott og kom í ljós að það var auðvitað fjárlagafrumvarpið sjálft sem hæstv. ríkisstjórn er í vandræðum með að koma með í septembermánuði eins og þingsköp kveða á um.

Það hefur heyrst sagt í þessari umræðu að ákvæði um að

tekjuöflunarfrumvörpin komi samhliða fjárlagafrumvarpi hafi verið frestað. Það er ekki rétt, það er ekki nákvæm frásögn af sannleikanum. Það var þannig að þegar þingskapalögin tóku gildi vorið 2012, með ákvæði um samkomudag Alþingis, var strax frá byrjun gert ráð fyrir því að þetta ákvæði um tekjuöflunarfrumvörpin tæki gildi síðar, þ.e. 1. september 2013. Því ákvæði hefur ekkert verið frestað, gildistöku þess, það var upprunalega þannig í því frumvarpi sem lagt var fram vorið 2012 og varð að lögum með samþykkt Alþingis. Þannig að því ákvæði hefur aldrei verið frestað. Þannig var lagt upp með málið. Af hverju var það? Það var vegna þess að fjármálaráðuneytið upplýsti okkur í þingskapaneyndinni um það að ef það ákvæði ætti að taka gildi um leið og þingsköpin að öðru leyti væri svigrúmið til að undirbúa þá breytingu fyrir fjármálaráðuneytið býsna lítið, þeir þyrftu lengri tíma. Staðan var nefnilega sú að á vor mánuðum 2012 var búið að leggja mikla vinnu í fjárlagafrumvarpið, þá þegar eins og alltaf er. Þess vegna ákvæð þingskapaneyndin að leggja til að þetta ákvæði tæki gildi síðar, ári síðar, til að gefa þetta svigrúm fyrir ráðuneytið að undirbúa þær breytingar.

Það kom engin fram í nefndinni og sagði: Ja, 2013 er nú kosningarár og aðrir flokkar gætu verið í ríkisstjórn og þeir þyrftu lengri tíma til að undirbúa þetta. Þau sjónarmið heyrðust ekki í nefndinni, ekki einu sinni frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins sem höfðu áreiðanlega á þeim tíma væntingar um að komast í ríkisstjórn. Þannig að þetta er býsna seint fram komið, frú forseti, að mínu viti hér á allra síðustu dögum þingsins, að fresta þingsetningunni nú í haust. Ég tel að þær röksemdir sem færðar eru fram séu frekar léttvægar eins og rakið er í nefndaráliti 2. minni hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Nú er það viðhorf einnig uppi, og ég hef heyrt það í þessari umræðu, að það sé mikilvægara grundvallaratriði að fjárlagafrumvarpið og tekjuöflunarfrumvörpin komi fram samhliða heldur en hvort þau komi nákvæmlega fram 10. september eða 1. október. Þetta er sjónarmið sem á alveg rétt á sér, en ég er ekki sammála því. Ástæðan er þessi:

Það sem hér gerist er að það er fyrst og fremst dregið úr þeim tíma sem þingið sjálft hefur til að vinna fjárlagafrumvarpið og fara yfir það. Það er verið að stytta þann tíma um þrjár vikur. Það munar um þann tíma fyrir Alþingi sem hefur ekki nema örfáar vikur til að fjalla um fjárlagafrumvarpið allt. Í mínum huga hefði verið leikur einn að þingið hefði komið saman 10. september með fjárlagafrumvarpi og þó menn hefðu frestað gildistöku ákvæðisins um tekjuöflunarfrumvörpin, t.d. til 1. október, þannig að þau hefðu komið eitthvað seinna inn í þingið, hefði það ekki verið frágangssök að minni hyggu. Ég hefði stutt slíkar breytingar til að liðka fyrir þeim sjónarmiðum sem ríkisstjórnin heldur fram í þessari umræðu.

En mér finnst ekki hægt að taka þennan tíma af Alþingi og fjárlaganefnd Alþingis. Það er skref aftur á bak. Samkomudegi Alþingis var flýtt og septemberþingið tekið af, ekki síst í því augnamiði að tryggja betri og lengri vinnu fyrir þingið í fjárlagagerðinni. Okkur veitir ekkert af því. Þetta þýðir að sjálfsgöðu að fjárlagavinnan mun dragast eitthvað lengur og færast nær áramótum, geri ég ráð fyrir, frá því sem verið hefur. Nú er gert ráð fyrir því að fjárlög

seu afgreidd í annarri viku desembermánaðar, á bilinu 10.–15. desember. Þessi töl mun ugglaut þýða að sú vinna dregst enn frekar sem er slæmt fyrir alla þá sem búa við fjárveitingar af fjárlögum ríkisins, að fá ekki vissu fyrir því hvaða fjárveitingar þeir hafa á árinu 2014 fyrr en kannski er komið að jólum eða jafnvel milli jóla og nýárs.

Þetta er ávísun á lakari vinnubrögð af hálfu Alþingis. Það var það sem við vorum að reyna að fara frá með þeim breytingum sem gerðar voru á þingsköpunum á síðasta ári og á árinu þar áður. Af þessum sökum get ég ekki tekið undir og styð ekki þær breytingar sem hér eru lagðar fram, það eru bæði efnislegir þættir málsins, vinnutíminn sem Alþingi þarf á að halda og að sjálfsögðu sú staðreynd að hér er farið fram með breytingar á þingsköpum í andstöðu við stjórnarandstöðuna. Ekki er tryggt að allir flokkar komi að málum og flytji breytingar á þingsköpum eins og eðlilegt hefði verið.

Reglan hefur verið sú að forseti Alþingis og formenn þingflokka eða forsætisnefnd Alþingis eða þingskapanefnd, þegar hún hefur verið að störfum, flytji breytingartillögur við þingsköpin. (**Gripidd fram í:** Í sátt.) Í sátt. (Gripidd fram í.) Það var gert nákvæmlega með þingsköpum 2011 og 2012, hv. þm. Jón Gunnarsson. (Gripidd fram í.) Þess vegna harma ég að ríkisstjórnarflokkarnir taka ákvörðun um þetta nú. Mér finnst það ekki vera ávísun á þann vilja sem forustumenn ríkisstjórnarflokka létu koma fram strax í upphafi þegar þeir tóku við völdum og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að auka ætti samstarf og samvinnu á vettvangi Alþingis. Þegar fyrst reynir á það, í þingsköpunum sjálfum hér á Alþingi, reynast þau orð ekki mikils virði.

Ég vil þess vegna, frú forseti, hvetja stjórnarliða til að hugsa þetta mál mjög vandlega og rækilega. Hvort sem þeir gera, hvort sem þeir kjósa í þessari atrennu, ef svo má segja, að styðja þetta frumvarp, hvet ég þá engu að síður til að hugsa um það hvernig þeir vilja standa að þessum málum hér eftir í framtíðinni, inn á næsta þing. Hæstv. fjármálaráðherra lýsti því yfir í 1. umr. málsins að stefnt væri að því að þingskapanefnd verði starfandi á næsta þingi. Ég trúi því að við það verði staðið. Ég hef að minnsta kosti ekki reynt formann Sjálfstæðisflokksins að öðru en fullum heilindum í samstarfi við hann sem hefur verið nokkurt undanfarin ár, þannig að ég trúi því að við það verði staðið.

Við höfum líka lagt áherslu á það, og það var gert á síðasta kjörtímabili, að tryggja að allir stjórnmalaflokkar, allar stjórnmalahreyfingar sem eiga fulltrúa á Alþingi, eigi að komu að þingskapanefnd. Sömuleiðis var það tryggt á síðasta kjörtímabili að bæði stjórn og stjórnarandstaða skipuðu forustu nefndarinnar.

Ég ber þá von í brjósti að þetta sé, eins og breytingin sjálf á að vera, einskiptisaðgerð þannig að við þurfum ekki að búast við því að farið verð inn í framtíðina, inn í þetta kjörtímabil, með það að leiðarljósi að gera breytingar á þingsköpum öðruvísi en um þær sé samstaða.

Þetta vildi ég, frú forseti, láta koma fram í umræðunni um þetta mál hér og nú og ætla ekki að lengja mál mitt frekar. Ég harma að frumvarpið sé komið fram með þeim hætti sem raun ber vitni. Ég tel að í samtölum forustumanna stjórnmalaflokka um þetta mál hafi ýmis sjónarmið verði viðruð og ýmsar hugmyndir um aðra lausn sem

breiðari samstaða hefði getað tekist um, en því miður náðist það ekki. Skoðanir voru bersýnilega of skiptar til þess. Í öllu falli er það von mín að þetta sé ekki upphafið að samþætilegum vinnubrögðum til framtíðar. Ég reyndar trúi því eftir samtöl þingflokksformanna, sem ég tók þátt í og átti viðræður við þingflokksformenn annarra flokka, meðal annars stjórnarflokka, að þetta sé ekki það sem menn ætla að leggja upp með inn í kjörtímabilið. En ég er mjög ósáttur við það hvernig þetta mál er komið fram og treysti mér ekki til að standa að samþykkt þess.

[20:07]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Skoðun hv. þingmanns er þekkt. Hann talar gegn því að þessi einskiptisaðgerð eins og verið er að tala um — mér finnst reyndar svolítið sérstakt að ræða um breytingar á þingsköpum sem slíka, verið er að fara fram á að þessar breytingar verði gerðar fyrir það þing sem framundan er eða fyrir 142. þing. Hv. þingmaður talar hér um tvennt, bæði að rík samstaða þurfi að vera um breytingu á þingskapalögum og að helst eigi ekki að hverfa frá þingskapalögum. Samt hafa hv. þingmaður og þeir sem standa með honum í flokki verið tilbúnir til að víkja frá þingsköpum í þá veru að halda sig við dagsetninguna 10. september og boða þá til nýs þings, en veita engu að síður afslátt af því að tekjufrumvörp fjárlaga megi koma síðar.

Ef okkur er stundum annað um að þetta sé allt kórrétt, samkvæmt þingskapalögum, af hverju er það boð, að heimila að hvika frá þingskapalögum á þann hátt að fjárlög verði lögð fram og nýtt þing komi saman 10. september — slítum núna, en við megum hvika frá því þannig að fjárukaulögin komi síðar þó að skýrt sé kveðið á um að þetta tvennt eigi að fara saman. Fyrst hv. þingmaður er svona ósáttur við þá breytingu sem hér er lögð til, hvernig getur hann þá verið sáttur við að boða hina breytinguna?

[20:09]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég útskýri það í ræðu minni áðan að stjórnarandstöðuflokkarnir, m.a. minn flokkur, hefðu verið reiðubúnir til að greiða fyrir því að þetta mál gæti fengið einhverja afgreiðslu eins og ríkisstjórnin hafði átt á aðalgað með þeim hætti sem ég lýsti. Ástæðan fyrir því — og það þýðir ekki að við séum alltaf á móti öllum breytingum á þingsköpum, ég hef ekki sagt það. Ég sagði ekki að við værum á móti öllum breytingum á þingsköpum, en ég legg áherslu á að þær séu gerðar í sátt og samlyndi.

Það sem fyrir okkur vakir með því að vilja þingsetningardag 10. september og fjárlagafrumvarpið er að stytta ekki þann tíma sem fjárlaganefnd og Alþingi hefur til að fara yfir það mál. Við viljum auðvitað helst að tekjuöflunarfrumvörpin komi á sama tíma, en það hefði kannski verið til samkomulags frágangssök eins og ég sagði að þau hefðu hugsanlega komið 1. október ef það er dagurinn sem ætlað er að þau verði tilbúnir, þannig að fjárlaganefnd gæti í öllu falli hafið vinnu sína við fjárlagafrumvarpið, hægt væri að mæla fyrir því, hægt væri að byrja að fá inn umsagnir og annað slíkt eins og gert er og undirbúningsvinna fjárlaganefndar gæti hafist. Ég tel að það hefði alla vega verið betri niðurstaða og betri lausn en sú sem hér er boðið upp á.

[20:11]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni þessa skýringu. Við erum tilbúin að breyta þingsköpum ef þau eru í aðra veru en tillagan sem liggur fyrir af því það er betur í takt við það sem við kjósum. Það yrði hugsanlega meiri sátt í kringum það. Fínt, við erum hins vegar sammála um það, ég og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, að mikilvægt er að fá fjárlagafrumvarpið og tekjufrumvörpin saman inn til að hægt sé að ræða þau saman. Það þekkja allir sem setið hafa í fjárlaganefnd að það mun skipta máli. Undanfarið hafa fjárlaganefndarmenn þurft að sæta því að vinna með fjárlagafrumvarpið sjálf frá því það er lagt fram — ég tek dæmi frá síðasta þingi, fjárlagafrumvarpið er lagt fram í september, tekjufrumvörpin sem með því áttu að vera komu fram í lok nóvember. 2. umr. um fjárlögin fór fram án þess að tekjufrumvörpin hefðu legið fyrir.

Virðulegi forseti. Ég legg á það áherslu, samhliða því sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson nefnir, að það er mikilvægt fyrir fjárlaganefnd að fá þessi tvö frumvörp inn samhliða til að vinna með. Ég er líka sammála hv. þingmanni um að auðvitað væri æskilegast að ekki þyrfti að standa í breytingum á þingsköpum á þann veg sem óskað er eftir hér og nú. Ég tek undir það að þeim eigi að breyta sem sjaldnast og þeim eigi að breyta í sátt allra eða flestra sem sitja á Alþingi.

Mér finnst hins vegar, ég verð að segja það, töluvert mikið gert úr þeirri einstöku breytingu sem hér er lögð til á sama tíma og menn tala um að þeir væru tilbúin til að hliðra til og breyta bara ef það væri gert öðruvísi.

[20:13]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir snúa dálítið út úr orðum mínum. (**Gripjið fram í:** Það getur ekki verið.) (**RR:** Finnst þér það?) — Já, mér þykir það, frú forseti. Það kom skýrt fram í máli mínu að ég teldi að það ætti að halda sig við samkomudag Alþingis 10. september. Fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörpin ættu að koma þar fram og ég hef ekki verið sammála þeim viðhorfum að ríkisstjórnin hafi ekki haft nægan tíma.

En eins og hv. þingmaður veit er ég nú í hópi lausnamiðaðra þingmanna. Þegar ríkisstjórnin kom fram með þau sjónarmið að vegna kosninga og vegna þess að það hefði tekið tiltekinn tíma að mynda ríkisstjórn o.s.frv. þyrfti hún lengri tíma þá skelli ég ekki aftur eyrunum og neita að hlusta á það. Það þýðir ekki að ég sé endilega sammála, en maður getur verið reiðubúinn til að leita lausna.

Mér finnst alla vega betra fyrir vinnu Alþingis við fjárlagafrumvarp og tekjuöflunarfrumvörpin að þingið komi saman 10. september og fjárlagafrumvarpið verði lagt fram, það er alla vega sá áfangi, jafnvel þó tekjuöflunarfrumvörpin kæmu 1. október — eins og er greinilega dagsetningin sem miðað er við, það eru þá einhverjar þrjár vikur — frekar en að hvort tveggja frestist í þrjár vikur. Ég tel að það séu alla vega minni frávik frá því sem lagt er upp með.

Svo verð ég að minna á að ákvæðið um að tekjuöflunarfrumvörpin skyldu fylgja fjárlagafrumvarpi kom fyrst inn í þingsköp vorrið 2012 með gildistöku 1. september 2013.

Fram að þeim tíma, fram að þessu ári, hefur sá háttur verið á um langt skeið að tekjuöflunarfrumvörpin hafa verið að koma talsvert á eftir fjárlagafrumvarpinu. Það er ekkert bara í tíð síðustu ríkisstjórnar, þannig hefur það verið lengi. Þessu vildum við breyta og vildum koma þessu fyrir inn í þingið. Ég var reiðubúinn til að teygja mig, eigum við að segja til hálfis, (Forseti hringir.) til móts við hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, en ekki alla leið, en hún kys, (Forseti hringir.) og hennar þingmeirihluti, að ganga alla leið.

[20:15]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Frú forseti. Það er spurning með flutningsmann málsins, hæstv. forsætisráðherra, hvort hann ætlar að halda sig alveg fjarri, hann náði ekki að vera hér að mæla fyrir málinu og maður hljóp í skarðið fyrir hann eins og stundum hefur áður gerst á undanföllum dögum. Þannig að hæstv. forsætisráðherra heiðraði okkur ekki með nærveru sinni við 1. umr. og gerir það heldur ekki nú við 2. umr. Mér finnst heldur miður að þetta frumvarp sé algjörlega munaðarlaust nema að því leyti að hæstv. félagsmálaráðherra heiðrar okkur með nærveru sinni, sem er að sjálfsögðu gott.

Þetta er frekar vandráðlegt og eiginlega dapurlegt, finnst mér satt best að segja, að við skulum þurfa að vera hér 4. júlí að ræða mál af þessu tagi þar sem ný ríkisstjórn biðst vægðar og játar sig sigraða gagnvart því að geta starfað samkvæmt lögum sem hafa legið fyrir um skeið og búið er að prufukeyra í framkvæmd á síðasta ári og eru ekki að tilefnislausu. Það er ekki eins og hér sé verið að víkja einhverju frá sem hafi bara dottið af himnum ofan. Þetta á sér langan aðdraganda, þetta hefur verið liður í því að styrkja umgjörðina um fjárlagagerðina og fjárreiður ríkisins og er hluti af samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta ættu hv. þingmenn, að minnsta kosti þeir sem einhverja reynslu hafa hér, að þekkja.

Lögð hefur verið í það talsverð vinna undanfarið ár að styrkja þessa umgjörð. Að einhverju leyti var það á dagskrá fyrir hrun en alveg sérstaklega eftir hrun þegar mönnum varð ljóst að veikleikar voru í þessari aðferðafræði hjá okkur. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom og veitti sérstaklega ráðgjöf um þetta, nefndir og starfshópar hafa unnið og búið er að hrinda í framkvæmd þó nokkru af því sem menn urðu ásáttir um að þyrfti að gera til að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna og bæta vinnuna í aðdraganda fjárlagagerðar árlaga.

Segja má að hrygglegjan í því sem þar hefur verið undir sé í fyrsta lagi að flýta ferlinu og hefjast handa strax upp úr áramótum að baki nýsamþykktum og í gildi gengnum fjárlögum með undirbúningi undir næstu fjárlög.

Í öðru lagi að leggja fram ramma og ætlunin hefur verið að komast í það form að samþykka helst bindandi útgjaldaramma með þingsályktun að vori. Þá er eftirleikurinn mjög auðveldur til þess að gera því að þá leggja útgjaldarammar málaflokkanna fyrir og inn í þá er fyllt, frá og með vorinu og fram á sumar. Fjárlagafrumvarp á þá auðveldlega að geta komið fram í byrjun september. Að sjálfsögðu hefur svo verið hugsað að þessu tengdust að lokum ný fjárreiðulög og nefnd er búin að vera að störfum líklega talsvert á annað ár við að semja frumvarp til nýrra fjárreiðulaga. Um

Það hefur verið samstarf milli fjármálaráðuneytis og fjárlaganefndar. Þannig átti að reka smiðshöggð á þetta verk til að ná betur og traustar utan um þessi mál.

Þetta er nauðsynlegt að rifja upp vegna þess að við erum komin á undanhald gagnvart þessari aðferðafræði, þessari hugsun, þessari vinnu. Það er vandræðalegt fyrir nýja hæstv. ríkisstjórn að þurfa að játa sig sigraða í þessum efnu og biðjast hér gríða. Sérstaklega vegna þess að maður fær það óneitanlega á tilfinninguna að stærstur hluti vandan sé ríkisstjórnin sjálf. Hún og stjórnarflokkarnir hafi notað tímunn illa frá kosningum. Það var tiltölulega fljótt ljóst, strax fáeinum dögum eftir kosningar, að þessir flokkar stefndu á samstarf og af hverju hófust menn þá ekki handa? Af hverju gengu menn ekki í verkið? Nei, við horfðum öll upp á þetta, þjóðin, það voru tveir menn sem léku sér í hátt í fjórar vikur að borða pönnukökur. Engir starfshópar voru settir í gang, engir vinnuhópar út úr tilvonandi þingflokkum stjórnmálafólks voru virkjaðir eða nokkur skapaður hlutur (Gripíð fram í.) og hefur kannski ekki verið enn þá, ég horfi hér á menn sem hefðu kannski getað verið liðsmenn í því og verið fulltrúar í starfshópum stjórnarflokkanna til undirbúnings því að taka völdin í landinu. Hvað voru menn að hugsa? Menn sóuðu tímanum fram undir lok máf, komu sér þá loksins saman og síðan virðist eitthvað lítið hafa gerst, satt best að segja.

Þetta er vandræðagangur sem ríkisstjórnin virðist að mestu leyti hafa búið sér til sjálf. Svo bætist það við sem hverjum má ljóst vera að ríkisstjórnin er að reisa gríðarlega þröskulda framan við sjálfa sig varðandi það að koma saman hallalausum fjárlögum á næsta ári. Það er það sem hefur meðal annars verið á dagskrá þessa þings og efni yfirlýsinga frá forustumönnum stjórnarflokkanna. Á borðum okkar liggja annaðhvort frumvörp um tekjutap hjá ríkinu eða ný útgjöld upp á um 4,5 milljarða á þessu ári, sem verður þá aukinn halli á ríkissjóði í ár, og 12 milljarða hið minnsta næsta ár auk yfirlýsinga af því tagi að auðlegðarskattur verði ekki framlengdur. Þá er stærðargráðan orðin 20 milljarðar plús á gatinu sem ríkisstjórnin er sjálf að búa til í forsendur fjárlaga ársins 2014.

Það er von að þetta standi í þeim. Ég skil það út af fyrir sig, en ég held að vandinn sé ekki sá að tímunn sé orðinn naumur heldur að ríkisstjórnin á eftir að taka ákvarðanir. Hún er ekki komin að niðurstöðu um það hvaða pólitískar áherslur og ákvarðanir eru nauðsynlegar til þess að skrufa saman fjárlögin. Það óttast ég að sé mesti vandinn.

Ég velti því fyrir mér hvernig þessari ríkisstjórn með þetta verklag hefði gengið á árinu 2009, hvernig þá hefði gengið að gera allt sem þurfti að gera. Þá voru kosningar líka. Þá fórum við inn í fjárlögin á fyrri helmingi ársins, á miðju ári, fyrir júní og fórum í viðamiklar ráðstafanir í ríkisfjármálum innan fjárlagaársins upp á á þriðja tug milljarða króna í tekjuöflun og sparnaðaraðgerðir, þ.e. stærðargráðan var milli 40 og 50 milljarðar á ársgrundvelli. Við lögðum líka fram fyrstu ríkisfjármálaáætlunina til meðalangs tíma og þá stóð þing til 28. ágúst linnulaust. Samt komum við fjárlögum fram á réttum tíma með gríðarlega viðamiklum bandormum sem tengdust áframhaldandi ráðstöfunum í ríkisfjármálum — tvö stykki ef ég man rétt, stundum var talað um góða og vonda bandorminn. Vissu-

lega var þá framlagningardagurinn 1. október en þetta hafði ist allt með mikilli vinnu.

Þess vegna ætla ég að segja að það er einn aðili sem ég hef samúð með í þessu máli og það er starfsfólkið í fjármálaráðuneytinu. Ég verð að játa að það er veikur blettur í hjarta mínu gagnvart því. Ég veit, vegna þess hversu illa tímunn hefur verið notaður af hæstv. ríkisstjórn, að það yrði mikil vinnutörn hjá því góða fólki að ná þessu saman og koma því fram og ná því út úr prentvélunum fyrir 10. september. En ég er algerlega viss um að það duglega fólk mundi skila sínum hlut ef það fengi pólitískar ákvarðanir strax til að vinna úr. Þess þarf. Það getur að sjálfsgöðu ekki tekið hinar pólitísku ákvarðanir um niðurskurð, tekjuöflun eða aðrar slíkar ráðstafanir, þær verða ráðherrarinn og ríkisstjórnin að taka og þeirra þingflokkar. Mig grunar að þar liggji hundurinn grafinn, að það sé eftir. Það vekur manni dálítinn ugg. Það er dálítill hrollur í manni, það er vandræðablær á því.

Svo er alveg rétt sem hér kom fram áðan að hinn endinn í málinu er sá að liður í þessari bættu aðferðafræði hefur verið að afgreiða fjárukaölög og fjárlög eins tímanlega á haustþinginu og mögulegt er. Það skiptir miklu máli. Varðandi fjárukaölögin er mjög æskilegt fyrir stofnanir að fá þau afgreidd — best væri í október, en í öllu falli ekki seinna en í nóvember og fjárlögin sjálf ekki seinna en um mánaðamótin nóvember/desember. Það er til gríðarlegs hæððar- auka fyrir forstöðumenn opinberra stofnana að þetta sé eins tímanlegt og hægt er. Það hefur nákvæmlega verið liður í því að komast út úr því gamla fari að vera með afgreiðslu fjárlaga kannski rétt fyrir jól eða jafnvel milli jóla og nýárs eins og stundum gerðist á árum áður. Við eðlilegar aðstæður á auðvitað ekki að vera nokkur minnsti vandi að standa þannig að málum. Þarna fórum við aftur á bak með tillögu hæstv. forsætisráðherra, því miður, og það er dapurleg byrjun. Það veit ekki á gott, satt best að segja.

Varðandi glímuna við fjárlögin og að koma þeim saman er það ekkert flókið verk nema menn ætli að fara í miklar breytingar á gildandi tekjuöflunarlögum og/eða þeim útgjaldarömmum sem menn hafa lagt bæði í fjárlögum yfirstandandi árs og ríkisfjármálaáætlun til meðalangs tíma. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn sent út bréf um að draga eigi saman um 1,5% í rekstri, aðhald upp á 1,5%, sem mun nú taka í ofan á allt sem á undan er gengið, en gott og vel. Ég ætla síðastur manna fyrir fram að segja að ekki kunnir að þurfa ýmislegt til til að ná markmiðinu fram um hallalaus fjárlög 2014. En hvað halda menn að það sé lengi gert að reikna inn í fjárlagagrunninn 1,5% sparnað ef ekkert annað er á dagskrá? Það tekur enga stund. Það er ekki þannig að það þurfi endilega einhver viðamikil tekjuöflunarfrumvörp eða einhverja mikla bandorma til að koma saman fjárlögum. Ef allt er með felldu þarf nánast ekki neitt nema eitt, sem er sáraeinfalt líka, að uppfæra krónutölufjárhæðir slíkra gjalda eins og árlega er gert, að láta ýmiss konar gjaldtöku fylgja verðlagi. Það er gert með einföldum krónutöluuppreikningi í sáraefnöldu þingmáli.

En ef menn ætla í viðameiri aðgerðir þá að sjálfsgöðu getur það tekið meira pláss. Ég er þó algerlega sannfærður um að það að vandamálið núna sé að láta tekjuöflunarfrumvörpin fylgja fjárlögunum er viðbára því að þau ekki

tímafrek. Það eru fjárlögin sjálf sem hljóta að vera hér vandinn og einhver vandráðgangur við að taka pólitískar ákvarðanir sem embættisfólk þarf til að geta lokið vinnunni. Það er alveg rétt að rúman mánuð þarf í afstemmingar, greinargerðarskrif og svo umbrot og prentun fjárlagafrumvarps. Það er rétt. Það sem hér er á dagskrá er ósköp einfaldlega yfirlýsing um að ríkisstjórnin þörir ekki að treysta því að hún verði komin til botns í slíkum málum fyrir júliflok. Vegna þess að ef svo væri er ekkert vandamál að klára þetta á 40 dögum frá og með byrjun ágúst og fram til 10. september. Það veit ég upp á mína tíu fingur að það mundi hið duglega lið ráðuneytanna, en auðvitað koma að þessu fleiri en fjármálaráðuneytið, leika sér að að gera. Með fjármálaráðuneytinu vinnur fjárlagafólk að minnsta kosti stærri ráðuneytanna og semur kaflana um þau ráðuneyti inn í greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Með góðri samvinnu er þetta allt saman hægt og ætti ekki að þurfa að vefjast svona óskaplega fyrir mönnum af því að þetta hefur orðið léttara með hverju árinu sem hefur liðið frá og með 2011. En nú virðist þetta því miður vera að fara í hina áttina og það er ákaflega dapurlegt.

Ég segi svipað og síðasti ræðumaður að þegar þessar beiðnir komu fram og við ræddum þær í mínum þingflokkum fannst mér ekki annað hægt en að taka til skoðunar þessa ósk frá hæstv. ríkisstjórn að hún væri í vandræðum og væri að biðja um gott veður. Ég vona að það sé nú ekki bara til þess að leika sér í sumar og éta meiri pönnukökur heldur til að fara í það af alvöru að koma saman sómasamlegu fjárlagafrumvarpi. Við settumst yfir þetta og ræddum málin og niðurstaða okkar varð sú að við mundum eftir atvikum vera tilbúin til samkomulags að bjóða upp á að tekjuöflunarfrumvörpin mættu koma kannski eitthvað seinna fram. Ég sagði sjálfur við hæstv. fjármálaráðherra ef það mætti verða til málamíðunar að bæta við viku, að við mættumst þá um miðjan september, 15. eða 18., mundi ég vera tilbúinn til að skoða það en mér finnst alveg ómögulegt að fara alla leið aftur til 1. október. Mér finnst það of mikil uppgjöf og eftirgjöf, get ekki sætt mig við það. Ég mun fylgja félögum mínum í því að greiða atkvæði gegn því úr því að ríkisstjórnin af óbilgirmi er ekki fánæg til að mætast einhver staðar á miðri leið.

Frú forseti. Svona er þetta. Ég sé að hæstv. forsætisráðherra situr hér ... [Hlátur í þingsal.] Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra situr hér í hliðarsal, hann má ekki alveg við bindast í þingsalnum en kemst þó hálfa leið með því að sitja þarna í sófa. Ég læt það óatalið að hann virði þá ósk mína að vera í þingsalnum undir umræðunni með þeim hætti.

[20:29]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eyddi bróðurpartinum af sínum tíma í að ræða fjárlög og hvernig fjárlög eru unnin leyfi ég mér, virðulegur forseti, að fara í andsvar við hann út af ræðu hans en ekki umræðuefninu sem hér er á dagskrá.

Mig langar að biðja hv. þingmann um að útskýra fyrir mér tvennt. Hvað átti hann við með því að það hefði verið þrúfulegt í fyrria, að leggja fjárlög og fjárlagalög fram

saman samhliða, samanber 25. gr., ef ég skildi hv. þingmann rétt? Svo hitt þegar hann talaði um að bindandi tekjuúthlutunarrámmi ætti að vera til í apríl. Langar mig að spyrja hv. þingmann sem átti sæti í ríkisstjórn þar til 27. apríl síðastliðinn: Var þessi bindandi tekjuúthlutunarrámmi tilbúinn? Er hann tilbúinn? Og ég vil gjarnan fá útskýringu á því hvernig þetta var þrúfulegt í fyrria.

[20:30]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Nei, það hefur þá orðið einhver smámískilningur milli okkar, en samkomudagur Alþingis var samkvæmt nýju ákvæðunum í fyrria annan þriðjudag í september. Þá var ekki komið í gildi ákvæði um að tekjujöfnunarfurmvörp skyldu fylgja með. Það var það sem ég átti við. Þannig að fjárlagagerðinni og vinnunni við hana var allri hraðað í fyrria. Settar voru upp nýjar tímalínur og ný tímaáætlun var undirbúin og samin í fjármálaráðuneytinu, meira að segja fyrir áramótin 2012/2013, 2011/2012, áður en ég yfirgaf það. Síðan tók arftaki minn við og við keyrðum nýja tímalínu í fjárlagaundirbúningnum á árinu 2012 sem var um fjórum til sex vikum framar að öllu leyti heldur en áður hafði verið gert. Það gekk bara ágætlega. Það krafðist þess að vísu að við lentum nánast að öllu leyti niðurstöðutölum og afstemmingum fyrir júliflok 2012. Að því leyti til, úr því kominn er júlí og ríkisstjórninni hefur unnist svona hægt, virðukenni ég vissan vanda.

Varðandi rammafjárlagagerðina lítum við í raun og veru svo á og höfum gert í kannski tvö, þrjú, fjögur ár, á vissan hátt lengur, að við keyrum tiltekna fjárlagaramma. Þeir hafa fylgt í greinargerð fjárlagafrumvarpanna um allmörg ár. En samkvæmt þeirri vinnu sem hefur verið í undirbúningi á að festa þetta ferli betur og betur í sessi með því að lokum að rammarnir fái sjálfstæða afgreiðslu, t.d. eins og er gert á sænska þinginu, um það bil í apríllok og þeir séu bundnir eftir það. Framkvæmdarvaldið er þá bundið af römmunum sem Alþingi hefur staðfest og getur ekki farið út fyrir þá í framlagningu fjárlagafrumvarpsins.

Þetta er auðvitað ekki komið svona langt. Meiningin er og vonir hafa verið bundnar ný, voru það alla vega fyrir einu og hálfu ári síðan, að við gætum kannski á árinu 2014 keyrt fjárlagagerð algerlega til enda á þessum forsendum og þá vonandi að settum nýjum fjárræðulögum.

[20:33]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég hef fengið að hlýða á hvernig hugsanlegt fjárræðufurmvörp á að líta út og hvernig menn ætla sér í þá vinnu. Ég tel það til farsældar fyrir fjárlögin í heild sinni sem og þingið sjálft og fjárlaganefnd sem á að fjalla um það og fagna því að við erum langt komin með að vinna slíkt.

Ég ætla að halda áfram, virðulegur forseti, í tengslum við ræðu hv. þingmanns um fjárlögin. Hann lýsti því líka hér og nú að afstemmingin fyrir fjárlögin hefði verið á síðasta ári tilbúin og henni lokið í júní. Þá spyr ég hv. þingmann, sem reyndar var nú ekki fjármálaráðherra á síðasta ári heldur höfðum við tvo aðra: Hvernig stendur þá á því, að hans mati, ef þetta er klárt í lok júní, að tekjufrumvörpin

koma ekki fyrr en í lok nóvember? Að það þurfi júlí, ágúst, september, október og nóvember, um fimm mánuði frá því afstemmingin á sér stað, til að leggja fram tekjufrumvörpin sjálf sem komu inn í þingið í nóvember 2012 fyrir fjárlagaárið 2013?

[20:34]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er hárrétt, ég var ekki fjármálaráðherra á árinu 2012 en ég var efnahags- og viðskiptaráðherra og sat í ráðherranefnd um ríkisfjármál þannig að ég var ekki mjög langt í burtu og við unnum þetta í góðu bróðerni.

Það er rétt, við lukum nokkurn veginn algerlega afstillingum í júnílok, minni háttar fínstillingar fóru fram í byrjun ágúst. Það gerðum við m.a. til þess að starfsfólk fjármálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta þyrfti ekki að liggja í greinargerðarskrifum í júlí, að menn gætu átt eitthvert lágmarkssumarfrí og komið svo aftur í byrjun ágúst. Þá nægði tíminn frá ágústbyrjun fram til 10. september til að ljúka því öllu saman hvað og varð.

Hluti tekjuöflunarmálanna kom mjög seint í fyrrihaust, það er rétt, ekki öll. Mér finnst ekki sanngjarnt að segja það. Það er tæknileg útfærsla. En veruleikinn er sá að um leið og maður lokar fjárlagafrumvarpinu og afstemmir það er maður væntanlega búinn að ákveða hvað maður þarf að gera í tekjuöflun. Það verður hvort sem er að liggja fyrir. Það er ekki svo tafsöm vinna að mínu mati. (Gripið fram í.)

Ég tel því að hæstv. ríkisstjórn sé að gera mikið úr þessum vandræðum sínum, nema þetta sé alvarlegra ástand á bænum en við höfum hugmynd um og meira sé á bak við þetta en mætti ætla, þetta sé ávísun á einhvern enn þá djúpstæðari vandræðagang á stjórnarheimilinu en enn hefur komið á daginn.

Hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. fjármálaráðherra ætti að sjá sóma sinn í að koma aðeins inn í þessa umræðu og upplýsa okkur um þetta, hvar flöskuhálsarnir eru, útskýra og rökstyðja hvers vegna þarf þessa miklu seinkun.

[20:36]

**Frsm. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Brynjar Niélsson) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það kann að vera af því að ég er nýr þingmaður að mér finnst eins og verið sé að gera svolítið fjadrafok út af litlu. Mér er þessi umræða svona nokkurn veginn óskiljanleg. Hún er að mörgu leyti tæknilegs eðlis. Staðan hefur ekki alltaf verið góð hjá fyrri ríkisstjórnunum. Hér er einfaldlega verið að leggja þetta til og gefnar eru ástæður fyrir því. Mér er alveg óskiljanlegt af hverju stjórnarandstaðan setur sig upp á móti þessu þegar aðstæður eru þannig, ríkisstjórnin tekur seint við. Af hverju setur hún sig á móti þessu á sama tíma og hún segist reyna að vinna í sátt og samlyndi? Mér finnst eins og stjórnarandstaðan sé að hengja sig í prinsippum þegar maður hlustar á málflutning hv. þingmanna Árna Þórs Sigurðssonar og Steingríms J. Sigfússonar. Þannig upplifi ég þetta.

Hér er verið að gera mikið úr litlu. Það er ekki eins og þetta sé stórkostlegur tími. Aðstæðurnar eru þessar. Ríkisstjórnin tók seint við. Það kann að vera að þingið þurfi þá að vera fram í miðjan desember eða síðustu viku fyrir jól í

stað þess að ljúka yfirferðinni í byrjun desember. Ég segi bara: Hvað með það?

Ég held að það sé ekkert mál að gera sátt um þetta ef menn vilja sátt. En mér sýnist ekki vera mikill sáttahugur. (ÁBS: Er boðið upp á það?)

[20:38]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill áminna þingmenn um að þegar vikið er að nöfnum annarra þingmanna séu þeir nefndir fullu nafni.

[20:38]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Brynjari Niélssyni, það var a.m.k. eitt rétt í ræðu hans, að við erum að hengja okkur í ákveðin prinsipp, það er alveg hárrétt. Þetta er nefnilega ekki prinsiplaus stjórnarandstaða eins og sú síðasta var. Okkur er ant um að leikreglurnar á þingi séu haldnar og virtar, þeim sé ekki breytt nema helst í samstöðu. Það skiptir líka máli að passa upp á hlut Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Auðvitað snýst þetta líka um það að þinginu sé ekki skammtaður naumari tími en ástæða er til. Þess vegna þarf hæstv. ríkisstjórn að rökstyðja það vel að hún geti ekki lagt frumvarpið fram á réttum tíma. Ég tel þau rök ekki hafa komið fram, bara almenn orð. Getur ekki hæstv. fjármálaráðherra eða flutningsmaður málsins rökstutt þetta? Það væri nú gaman að flutningsmaður málsins tæki einu sinni til máls, hæstv. forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Það er afar sjaldgæft að flutningsmenn mála taki aldrei til máls í umræðum um þau. Ég þekki þess ekki mörg dæmi í þingsöggunni. Kannski verður nú brotið í blað og flutningsmaður málsins muni aldrei taka til máls í umræðu um sitt eigið mál. Það væri frekar óvenjulegt.

Vill hæstv. forsætisráðherra koma hér og reyna að færa fram einhver sómasamleg rök fyrir því að þetta þurfi að vera svona? Að framkvæmdarvaldið þurfi að hafa af þinginu þrjár vikur af tíma þess, þeim tíma sem því er ætlað að fara yfir fjárlagafrumvarpið? Þetta er ekki titlingaskítur. Þetta eru ekki smámunir, hv. þingmaður, að mínu mati, en okkur getur greint á um hversu mikilvægir þeir eru. En það er hárrétt hjá hv. þm. Brynjari Niélssyni og ég þakka honum fyrir að vekja athygli á því að núverandi stjórnarandstaða er ekki prinsiplaus eins og sú síðasta.

[20:40]

**Frsm. 1. minni hluta stjórnsk.- og eftirln. (Brynjar Niélsson) (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég er heldur ekki prinsiplaus maður (SJS: Nú, jæja.) og hef aldrei verið og oft verið skammaður fyrir það að halda í prinsippin. (ÖS: ... í Framsókn ... heppilega valið.) En menn mega ekki vera svo fastir í prinsippunum þegar litlu er verið að hnika, örlitlu er verið að hnika og það er ekki einu sinni þannig að það sé stórvægilegt eða gengið lengra fram í haustið en áður hefur verið gert hér árum og áratugum saman. Þess vegna finnst mér menn ganga ansi langt í að halda í prinsippin hvað þetta varðar, sérstaklega þegar aðstæður eru þannig að ríkisstjórnin tók tiltölulega seint við eftir kosningar og var í þessari aðstöðu. Þetta er of mikið prinsipp meira að segja.

[20:41]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil bara vísa til þess sem kom fram í ræðu minni og mér finnst ekki sanngjarnt að reyna að afgreiða umræðuna þannig að stjórnarandstaðan hafi sýnt einhvern alveg sjaldgæfan ósveigjanleika og að við séum að hengja okkur í þetta með ómálefnalegum og ómaklegum hætti, án þess að ég segi að neinn hafi beinlínis sagt það.

Ég upplýsti hér úr ræðustóli hvað ég hefði sagt í mínum þingflokki, tala þar fyrir sjálfan mig. Ég tók það fram fyrir mína hönd að ég væri alveg til í:

a. að fallast á að tekjuöflunarfrumvörpin, bandormarnir, fengu að koma eitthvað seinna fram,

b. jafnvel að skoða það að mætast á miðri leið og seinka samkomudeginum til 15., 18. september, en lengra vildi ég ekki ganga.

Kanski voru sumir félaga minna í stjórnarandstöðunni herskárri en þetta, en ég hefði verið tilbúinn til að skoða málin á þeim nótum. En það er ekki vottur af vilja til slíks af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er bara 1. október eða dauði. Þannig er ástandið á þennum. Þá náum við ekki saman.

[20:42]

**Össur Skarphéðinsson (Sf):**

Herra forseti. Hér hefur vaskasti fjármálaráðherra síðustu áratuga tekið hv. þingflokksformann Sjálfstæðisflokksins í dálitla kennslustund um hvernig á að koma saman fjárlögum og reyndar okkur öll hin. Ég hef litlu við það að bæta. Ég hef það hins vegar umfram hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að ég er miklu sáttfúsari en hann og eftir því sem ég hnig að aldri verð ég blíðlyndari og ég get sagt það við hv. þm. Brynjar Níelsson að ég þarf ekkert nema rök. Eins og hv. þingmenn vita, að minnsta kosti hin seinni árin, hefur alltaf verið hægt að koma tauti við mig ef menn nenna að tala við mig, ef menn nenna að gefa mér rök fyrir sinni afstöðu. (Gripið fram í.) Ég spurði í gær hæstv. fjármálaráðherra hvers vegna þyrfti að fresta þingi með þessum hætti og framlagningu fjárlagafrumvarps og tekjuöflunarfrumvarpa. Ég færði ákveðin rök fyrir því af hverju ég teldi að þess þyrfti ekki. Það voru engin svör.

Nú sá ég áðan gægjast í gættina hæstv. forsætisráðherra sem á allan frumburðarrétt að þessu frumvarpi. Hann er sá sem formllega óskar eftir því gagnvart þinginu að fjárlagafrumvarpi verði frestað. Kanski gæti hann tyllt tám sínum niður örستutta stund í ræðustólinn og reynt að skýra það út fyrir mér sem ég hafði ekki greind til að skilja hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það þarf ekki annað en að skýra út af hverju þarf þessa frestun og þá er ég með.

Eins og þingmenn vita af fyrri ræðum mínum kom ég til þessa sumarþings til að greiða fyrir málum. Ég átti von til þess að geta hjálpað til dæmis hæstv. forsætisráðherra og ýmsum öðrum, meðal annars hæstv. húsnæðis- og félagsmálaráðherra eins og ég hef reynt, að koma fram ákveðnum frumvörpum.

Ég lýsti því yfir að ég kæmi hér meðal annars til að reyna þá að hafa vit fyrir ýmsum í mínum þingflokki sem voru ekki alveg jafn vinsamlegir eða leyfðu sér þann mun að að minnsta kosti að vilja skoða þau frumvörp og þær

hugmyndir sem Framsóknarflokkurinn hafði fram að færa varðandi skuldaniðurfærslu með jafn jákvæðu viðmóti. Ég fékk hins vegar ekkert tækifæri til þess. Það komu engin frumvörp. Það kom bara þingsályktunartillaga að vinnuáætlun sem í reynd var hrein sýndarmennska vegna þess að hún þyrfti ekkert stimpil þingsins til að forsætisráðherra gæti látið þá vinnu fara af stað. Reyndar get ég fyrir hans hönd glaðst yfir því að hæstv. fjármálaráðherra alla vega leyfir það af náð sinni og umburðarlyndi að tiltekna hugmyndir sem Framsóknarflokkurinn háði kosningabaráttu sína á verði skoðaðar. Lengra komst Framsóknarflokkurinn því miður ekki.

Ég kom líka til þess að styðja hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra í því að hjálpa henni að hrinda í framkvæmd þeim yfirlýsingum sem hún gaf. Hún komst hálfra leiðina, ég gleðst yfir því, greiddi atkvæði með því og gerði ekkert nema tala vel um það og studdi hana í baráttu hennar til að losa stífluna í þingflokki Sjálfstæðisflokksins með því að benda á að hún kom ekki fram frumvarpi hér hálfra viku vegna þess að það var stopp hjá Sjálfstæðisflokknun. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra benti reyndar á ákveðnar tekjuöflunarleiðir sem ég tók undir og reifaði í kosningabaráttunni, en það er nú ekki efni minnar ræðu.

Herra forseti. Ég kom bara til þess að benda á að þegar hv. þm. Brynjar Níelsson, sem illu heilli er nú horfinn úr þingsal, segir að þetta sé í reynd ekkert nema hjóm eitt sem við erum að slást um er það ekki að öllu leyti rangt hjá hv. þingmanni. Það er rétt hjá honum því ég er viss um það að ég og stjórnarandstaðan öll, þingheimur allur, mun lifa gott haust jafnvel þó að fjárlagafrumvarpinu seinki um þrjár vikur. Það verður ekki héraðsbrestur í okkar liði en við þurfum eða ég að minnsta kosti þarf að fá rök fyrir frestunni.

Hv. þm. Brynjar Níelsson gaf gíska góð rök fyrir því í framsögu sinni fyrir álitu félaga hans í nefndinni sem um þetta fjallaði vegna þess að hann benti á að flaustríð og handarbakavinnubrögðin við að koma þessu frumvarpi fram á síðustu stundu, greinilega án nokkurs undirbúnings, var slíkt að lá við borð að hér yrði stórslys. Hv. þm. Brynjar Níelsson, sem hefur dálítið glæsta fortíð sem hæstaréttarlögmaður og formaður Lögmannafélags Íslands, benti á að frumvarpið eins og það var lagt fram braut í bága við stjórnarskrána. Þannig eru vinnubrögðin. Svo segir hv. þingmaður að við eigum bara að flýta okkur með málið og keyra það í gegn. Ja, ef það hefði ekki verið fyrir árvekni hans hefði stefnt í stórslys. Og þó að hv. þingmaður hafi afþakkað lof og prís vil ég nú segja við hv. þingmann að þegar hv. þm. Helgi Hjörvar lofar einhvern mann eiga menn að meðtaka það í þökk því að það gerist sjaldan.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson tók síðan þá rökleiðslu sem hv. þm. Brynjar Níelsson kom með áðan einu skrefi lengra og benti á að ef þessi skavanki hefði farið í gegn hefðum við getað lent í því sem sá ágæti stjórnmalaleiðtogi sem enn er á dögum í Havana á Kúbu og reykir vindla gerði þegar hann frestaði jólnunum. Þá hefði þingi hugsanlega af tæknilegum ástæðum verið frestað um aldur og eilífð. Það var það sem undir lá. Þess vegna var ég ekki sáttur við það fyrir í þessari umræðu þegar ég innti eftir því hvernig menn hefðu rannsakað þetta máli. Það kom í ljós að það hafði ver-



ið tæknilega vel rannsakað af því að það vill svo til, sem er bara hamingjan sem örlögin færa okkur, að hv. þingmaður með sína reynslu sat í nefndinni. En hann hefur enga reynslu af því að koma saman fjárlögum og þess vegna gat hann ekki upplýst nefndina um hvort það væri rétt sem hæstv. fjármálaráðherra sagði í gær að væru ástæður fyrir því að frumvarpið kom fram og ég ætla að fara í síðar í minni ræðu, en þannig þurfa menn að vinna.

Það dugar ekki bara að hafa af tilviljun sérfræðing í há-tæknilegum efnunum sem varða hina lagalegu gerð frumvarpa, menn þurfa líka að leita ráða hjá þeim sem hafa reynslu af framkvæmd málanna. Það var ekki gert. Auðvitað hefði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd átt að fá til sín starfsmenn fjármálaráðuneytisins til að spyrja út í fullyrðingar hæstv. fjármálaráðherra. Ein af þeim að minnsta kosti var tæknilegs og fjárlagagerðarlegs eðlis. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að það væri illfrankvæmanlegt að koma fram fjárlögum á réttum tíma. Ég gæti haldið langa ræðu um þetta alveg eins og sá maður sem nú rekur sitt fagra andlit í gættina, hæstv. heilbrigðisráðherra, sem var einmitt sá sem gekk fram fyrir skjöldu til að fá þingið til að fallast á að þingskapalögum yrði breytt þannig að tekjuöflunarfrumvörpin kæmu fram með fjárlagafrumvarpinu. Hann er upphafsmaður alls þessa og tók hann tvö þing að sannfæra mig um að það væri rétt. Ég er eins og Tómas, ég þarf að leggja höndina í sárið til að trúa. Ég trúði.

En hv. þm. Steingrímur Jóhann Sigfússon, svo hann sé nú ávarpaður fullu nafni, fór rækilega yfir það hér áðan af hverju það er tóm vitleysa að það sé illfrankvæmanlegt af tímalegum orsökum að koma saman fjárlagafrumvarpi. Hann útskýrði það ákaflega vel.

Það voru tvenn önnur rök sem hæstv. fjármálaráðherra færði. Önnur voru þau, ef ég man rétt, að það væru sérstakar aðstæður. Hverjar voru þær sérstöku aðstæður? Jú, það var ný ríkisstjórn. En herra trú, það eru ekki 20 mánuðir frá því að þessi lög voru samþykkt að frumkvæði Sjálfstæðisflokksins. Þá hljóta menn, jafnvel á þeim tíma þó að þeir hafi hugsanlega verið uppteknir af öðru þá, að hafa gert sér grein fyrir því að innan skamms yrðu kosningar og allar líkur eru á því að það kynni að verða ný ríkisstjórn. Ég get ekki kallað það sérstakar aðstæður sem detta af himnun ofan án þess að upphafsmenn málsins hafi gert sér grein fyrir því. Það eru því rök sem ég blæs á.

Síðustu rökin voru þau að þingið hefði tafist. Það þarf enginn að segja mér neitt um það, ég hef verið hér áður á sumarþingum og þetta sumarþing er ekkert orðið lengra en áður og ríkisstjórnarmyndunin tók ekkert lengri tíma en áður. Eina frávikid, herra forseti, var auðvitað það að svoltíll tími var tekinn í sumarbústaðferðir og það var rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þeir hefðu etið pönnukökur. Það voru vöflur eins og margoft kom fram í fjölmíðlum.

Sem sagt, af þeim röksemdum sem hæstv. fjármálaráðherra flutti fannst mér bara ein þess virði að ræða og ég gekk fast eftir því við hæstv. fjármálaráðherra af hvaða ástæðum það væri illfrankvæmanlegt að koma fram fjárlagafrumvarpi. Hann gat ekki svarað því þá. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon svaraði því af sinni reynslu giska vel áðan og flutti fyrir því sterk rök að það væri auðvelt.

Ástæðan er kannski fyrst og fremst tvennis konar. Í fyrsta lagi hefur hæstv. ríkisstjórn sjálf grafið sér fúlt diki sem hún hefur steipt sjálfri sér ofan í með því að leggja fram frumvörp sem samanlagt geta þýtt að til hefur orðið gat upp á 17–20 milljarða, hugsanlega meira, sem þarf að stoppa upp í. Vitaskuld er það erfitt og til þess eru bara þrjár leiðir. Það er í fyrsta lagi að draga úr útgjöldum ríkisins, í öðru lagi að finna einhverjar leiðir til þess að auka tekjurnar, í þriðja lagi — og það sem mér fannst dyljast í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar — að auka skuldir ríkisins. En það þarf ekkert marga mánuði, alla vega ekki fleiri en þrjá til þess að velja leiðina, einhverja af þessum þremur leiðum eða blöndu þeirra allra. Svo einfalt er það nú.

Þess vegna hefði ég kosið það af því að ég veit að hæstv. forsætisráðherra, flutningsmaður málsins formlega, er staddur hér einhvers staðar nærri að hann skýrði út fyrir þingheimi hvað það er sem þessir háu herrar og frýr líta á sem ófrankvæmanlegt. Ég hygg að seinni röksemdin, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni áðan, gæti allt eins átt rétt á sér og jafnvel verið réttari; að það sé ekki samkomulag um hvaða leið eigi að fara innan ríkisstjórnarinnar. Við höfum séð það að ríkisstjórnin kemur mjög vanbúin til þessa sumarþings. Allar þær áætlanir sem átti að sýna okkur og að minnsta kosti annar stjórnarflokka lófaði að leggja fram strax eftir kosningar hafa ekki verið sýndar.

Kannski er þetta ástæðan fyrir því að einn af leiðtogum lífs fyrrverandi margra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessum sal, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og reyndar fyrrverandi forsætisráðherra, gaf ríkisstjórninni þá einkunn í grein sem hann skrifaði í *Fréttablaðið* að hann minnst þess ekki að nokkur ríkisstjórn hefði farið verr af stað. Það er algjörlega hárrétt hjá honum.

Hafi það sannast í einhverju sannaðist það í þeirri prýðilegu ræðu sem hv. þm. Brynjar Nielsson flutti í upphafi umræðunnar. Hann sýndi fram á hversu flausturslega ríkisstjórnin stígur sín fyrstu skref á þinginu, leggur fram frumvarp til að fresta framlagningu fjárlagafrumvarps, fresta samkomudegi þings og það kemur í ljós að það brýtur stjórnarskrána með þeim hætti að ef hans skyggnu augu hefðu ekki komið auga á hnökran væri ólíklegt, af tæknilegum ástæðum, að hér væri hægt að halda þing næstu þúsund árin. [Hlátur í þingsal.] Svona var málið. Þannig tekur hæstv. ríkisstjórn sinn fyrsta vals hér.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi skýrt komið fram þeirri afstöðu sem ég lét koma fram algerlega strax og líka í mínun þingflokki að þetta mál mundi ég því aðeins styðja að menn færðu rök fyrir því að það væri nauðsynlegt. Það hafa menn ekki gert enn þá og varla gert tilraun til. Að þeim rökum óframlögðum mun ég greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

[20:56]

#### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Það er óhætt að taka undir með þingmönnum sem hér hafa talað í síðustu ræðum um að það skortir algjörlega á að ríkisstjórnin hafi skýrt hverjar þær miklu raunir eru sem stæða að ríkisstjórninni við að koma saman fjárlagafrumvarpi sem kalla á þessa frestun. Þegar málið var í upphafi kynnt fyrir okkur í stjórnarandstöðunni

var óskað eftir að við veittum fyrirgreiðslu til þess að hin nýja krafa um að fylgifrumvörp, tekjuöflunarfrumvörp, fylgdu fjárlagafrumvarpi yrdi ekki að veruleika nú. Þegar við tókum vel í það, hjarteyg eins og við nú erum og viljum gjarnan hjálpa ríkisstjórninni með hvaðeina, kom í ljós að annað lá undir, að menn treystu sér ekki heldur til að koma saman fjárlagafrumvarpi. Það felur í sér mikla vangetu ríkisstjórnar, skort á verkstjórn á upphafsmetrunum. Það á að vera hægt að koma saman fjárlögum og það á að vera vandalaust við þessar aðstæður.

Ég hef tekið þá afstöðu að leggja ekki gegn þessu máli og ég mun sitja hjá. En ég vil beina því alveg skýrt til hæstv. forseta að þegar gengið er fram með þessum hætti og ríkisstjórnin treystir sér ekki til að gefa þinginu þann tíma til að fjalla um fjárlög og tekjuöflunarfrumvörp sem það á rétt á og kveðið er á um nú í þingsköpum felur það í sér að verið er að taka þriggja vikna vinnutíma við fjárlög af þinginu. Því segi ég: Þessi ríkisstjórn getur ekki vænst þess að frumvörp sem hún leggur fram í nóvember, eftir að vika er liðin af nóvember, nái samþykkt fyrir júl. Þó svo að hún geti samkvæmt þingsköpum í dag lagt fram frumvörp allt fram til 30. nóvember er hún að taka af okkur vinnutímamann sem við ættum þá að hafa til að sinna slíkum málum. Það verður meira álag á þinginu og það verður flóknara að glíma við fjárlögin á þeim skamma tíma. Því bið ég ríkisstjórnina um að gera sér högværar væntingar um afgreiðslu mála fyrir júl ef þau koma fram seinna en þegar vika er liðin af nóvembermánuði.

[20:59]

### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Þó að ég hafi ekki mikla þingreynslu, en þó meiri en margir, hygg ég að það sé harla óvenjulegt að farið sé fram á slíka beiðni. Eg vil því taka undir orð þingmanna minni hlutans sem hafa tjáð sig hér og eru margir hverjir með töluvert meiri reynslu af þingsköpum og hefðum á Alþingi.

Mér finnst svolítið skringilegt að verið sé að leggja upp með og í raun og veru segja þinginu að fjárlögin verði ekki tilbúin á tilsettum tíma af því að það var minn skilningur að þau yrðu það. Þegar formaður Sjálfstæðisflokksins fór þess á leit við mig sem og aðra í minni hlutanum að sýna skilning á því að það væri erfitt að koma með fylgifrumvörpin á tilsettum tíma sá ég ekkert að því að sýna því skilning. En nú þegar á sumarþingi virðist það ætla að verða sorgleg hefð að manni er sýnd ein mynd og síðan er eitthvað allt annað að baki hennar. Mér líst ekkert á það.

Ég kom inn á þetta þing staðráðin í því að vinna út frá málefnum, vera málefnaleg og sýna sanngirmi en mér finnst mjög erfitt að vera sanngjörn þegar strax er farið út í það að — ja, mér finnst leiðinlegt að nota stór orð, en í tvígang í dag hafa komið upp þannig mál að ég upplifi að gengið sé á bak þess sem var búin að sammælast um og mér finnst það ömurlegt upphaf á þessu þingi. Mér finnst það hvernig þetta hefur þróast í þinginu líka vera ömurlegt og sorglegt og gefur manni tilefni til að hafa verulega þungar áhyggjur af því hvernig næstu fjögur ár verða. Ég vona að þetta sé ekki upphafið að samfelldum svikabrögðum, ég vona það, en það sem ég hef orðið vitni að í dag finnst mér vera þess eðlis að þingið verði fullt af tortryggni, það verði fullt af átök-

um sem eru óþörf. Við erum hér öll samankomin til að gera einn hlut og það er að tryggja hagsmuni þjóðarinnar og við höfum val um það hvernig við vinnum saman. Við höfum valkost og það sem er að gerast hér núna og búin er að gerast er ekki til þess fallið að hér ríki sá góði andi og þau góðu fyrirheit sem lagt var upp með. Það hryggir mig.

Ég hef skilning á því að þegar ný ríkisstjórn tekur við sem er að taka við ágætisbúi og ætla síðan að breyta mjög miklu sem lýtur að fjárlögum þurfi mikla vinnu við að endurstilla allt. En ég verð samt að segja að þetta er á þýringframtíðarvaldsins og ef framkvæmdarvaldið hefur ekki tök á því að fá starfsfólk — það getur bara ráðið fólk í aukavinnu ef það vantar svona mikið upp á til að klára málin — getur fólk frestað því eða sleppt því að fara í frí og gert það seinna, eins og hæstv. ráðherra sem hér fer með málið, ef mikið vantar upp á til að klára þetta. Við höfum alltaf verið vertíðarþjóð og ef það koma mikil uppgrip eru bara ráðnir fleiri, þá koma fleiri upp á dekk eða inn í frystihús.

Mér finnst þetta ekki nógu góð afsökun til þess að fresta fjárlögum. Ég skil þetta með fylgifrumvörpin en að fresta sjálfum fjárlögum mun stela tíma frá okkur þingmönnum til vinnunnar. Ég hef gagnrýnt vinnubrögðin mjög í gegnum tíðina. Mér finnst mjög leiðinlegt að standa hér og vera eins og rispuð plata, en vinnubrögðin, sem allir gagnrýna en enginn er tilbúinn til að gera neitt í þegar þeir taka við stjórnartaumunum, eru ekki boðleg. Það er ekki boðlegt að við séum að taka mál hér í gegn með þessum hætti. Auðvitað hefði þetta mál átt að fara fyrir þingskapanefnd, auðvitað hefðum við átt að vera búin að setja saman þingskapanefnd til að fara yfir málið. En nei, það er ákveðið að gera allt eftir nákvæmlega sömu formúlum og hafa verið notaðar hér um allt of langa hríð, áratug eftir áratug.

Þetta snýst í raun og veru um að viðhalda valdinu. Illa upplýstir þingmenn eru ágætisstimpilpúðar. Viljum við vera þannig þingmenn, hvort sem fólk er í stjórn eða stjórnarandstöðu eða minni hluta eða meiri hluta? Er þetta það sem við þingmenn buðum okkur fram til að gera? Það held ég ekki. Það gerist allt of oft í þessum sal að farið er í gegnum mál og greidd atkvæði um mjög mikilvæg lög sem snerta þúsundir Íslendinga og hv. þingmenn hafa ekki hugmynd um, vita ekki neitt hvað það er sem þeir eru að greiða atkvæði um. Lögin eru oft svo illa gerð og það er nú sagt að ein ástæða fyrir því að við erum svona rosalega lengi hér sé sú að við vinnum lögin svo illa. Það er kominn tími til að breyta vinnubrögðunum.

Ég á mjög erfitt að styðja þetta mál eins og þetta er en ég mun ekki standa í vegi fyrir því. Jú, kannski. Jú. Hæstv. forseti. Ég held að ég muni bara segja nei.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### **Almannatryggingar og málefni aldraðra, 3. umr.**

Stjfrv., 25. mál (frítækjumörk, tekjutengingar). — Þskj. 83, brtt. 79 og 82.

[21:08]

### **Frsm. meiri hluta vefn. (Þórunn Egilsdóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir breytingartillögu á

þskj. 79, mál nr. 25, við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, um frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir.

Breytingartillagan er svohljóðandi:

„Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað ártalsins „2013“ í 14. tölulíð ákvæðis til bráða- birgða í lögnum kemur: 2014.“

Með tillögunni er lagt til að bráðabirgðaákvæði um hækkun á frítekjumarki öryrkja í 1.315.200 kr. vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar verði framlengt um eitt ár, til 2014. Ástæða þess að þetta er lagt til er mikilvægi þess að jákvæðir hvatar séu til atvinnuþátttöku aldradra og öryrkja. Er það í samræmi við þá hugsun sem fram kemur í frumvarpinu. Talið er rétt að gera þetta ákvæði ekki varanlegt þar sem mörkuð hefur verið sú stefna að innleiða nýtt kerfi sem byggist á því að koma betur til móts við þá sem mest þurfa á þessu að halda. Með því að staðfesta framlenginguna núna eru gefin skýr skilaboð um að unnið skuli áfram að þeirri heildarskoðun sem gera þarf á almannatryggingakerfinu og koma í veg fyrir að óvissa skapist um þessi mál.

Flutningsmenn eru, ásamt þeirri sem hér stendur, hv. þingmenn Ásmundur Friðriksson, Elín Hirst, Páll Jóhann Pálsson og Unnur Brá Konráðsdóttir.

[21:09]

#### **Þorsteinn Magnússon (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær árnáðaróskir sem mér hafa verið færðar eftir að ég tók sæti á Alþingi. Það er mér ánægjuefni að verja minni fyrstu ræðu í að segja nokkur orð um það frumvarp sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hefur lagt fram og er hér til umræðu.

Frá árinu 2009 þurftu lífeyrisþegar að sæta verulegum kjaraskerðingum vegna aðgerða sem gripið var til í kjölfar þeirrar erfiðu stöðu sem þá var komin upp í ríkisfjármálum. Verði frumvarp þetta að lögum mun það fela í sér fyrsta skrefið í þá átt að draga þær skerðingar til baka. Þannig munu greiðslur til um 7 þús. lífeyrisþega hækka, frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækka verulega og lífeyristekjur munu ekki lengur skerða grunnlífeyri almannatrygginga.

Jafnframt hefur komið fram að þegar sé hafinn undirbúningur að afnámi annarra skerðinga sem lífeyrisþegar þurftu að sæta. Það er mikilvægt að hafa í huga að væntanlega verða fleiri skref stigin í þessa sömu átt.

Því ber að fagna að nú sé unnt að stíga það skref sem hér er lagt til og forgangsraða þannig í þágu hóps lífeyrisþega sem þurftu að sæta miklum kjaraskerðingum í kjölfar þeirra efnahagsþrenginga sem riðu hér yfir haustið 2008.

[21:11]

#### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að hafa þetta mjög stutt. Ég finn mig knúna til þess að bregðast við tveimur atriðum sem komu fram í fyrri umræðum. Í fyrsta lagi ummælum hv. þm. Péturs Blöndals um samráð, í tengslum við að Öryrkjabandalagið hafi kosið að draga sig frá samráði í vinnu

að heildarendurskoðun á almannatryggingafrumvarpinu fyrir kosningar. Mér finnst mikilvægt að áréttu að það er ekki afsökun fyrir því að samráð geti ekki gengið að einhver hagsmunasamtök hafi talið best að draga sig frá samningaviðræðum eða mótunarvinnu. Það draga legið margar ástæður að baki því. Ég þekki málið ekki, þar af leiðandi get ég ekki metið það, en ég þekki hins vegar að standa frammi fyrir því að þurfa að verja hagsmuni stórs hóps. Það getur verið mjög flókið. Ég vil hins vegar segja að það er gríðarlega mikilvægt í öllu starfi sem fram undan er og varðar almannatryggingar að haft sé samráð við öryrkja og aldrað fólk og þá sem málið varðar.

Jafnframt sló það mig í umræðunni allri í dag að mikil áhersla var lögð á það í sumum ræðum að tala um að bæta lífeyriferfið og bæta almannatryggingakerfið sem eitthvað sem fólst í því að vera góður við vesalings fólk sem ætti bággt. Ég er orðin mjög þreytt á því að við þurfum að tala svona. Mér finnst mjög mikilvægt að við áttum okkur á því að þetta snýst ekki um að það sé hópur af fólkum sem sé svo óheppið að vera eins og það er og við þurfum að vera góð við það. Þetta snýst um að við berum ábyrgð á því að skapa samfélag sem gerir ráð fyrir öllum, sem skapar aðstæður þar sem allir geta tekið þátt, geta búið við eðlileg lífskjör og líðið vel.

Mig langar að lokum að vitna í orð manns sem flutti fyrirlestur á ráðstefnu á Írlandi sem ég sat á fyrir tveimur vikum síðan. Ég ætla ekki að vitna beint í orð hans en hann sagði að maður þyrfti að átta sig á því að helstu hindranir í lífi fatlaðs fólks eða öryrkja og að öllum líkindum aldraðra líka, væru þær sem samfélagið skapaði, ekki endilega í formi umhverfis eins og aðgengis eða einhvers slíks heldur vegna ákvarðana sem eru teknar um að hafa hlutina eins og þeir eru. Við þurfum að átta okkur á því að ef okkur langar til að fólk sem tilheyrir hópum sem við köllum minnihlutahópa líði vel og það geti búið við þau mannréttindi sem fólk gerir almennt í samfélaginu, berum við ábyrgð á því að taka þannig ákvarðanir hér inni sem gera það að verkum að það sé hægt.

Því miður þjónar þetta frumvarp eins og það er núna eingöngu ákveðnum hópi. Þá erum við að taka ákvörðun um að sinna ekki mjög stórum hópi af t.d. öryrkjum. Þar með er það það sem er mest fatlandi í þessari stöðu, ekki manneskjumar sjálfar eða líkami þeirra, greindarvísitala eða andlegt ástand, heldur þær ákvarðanir sem hér eru teknar um að bæta eingöngu kjör ákveðinna hópa og mjög lítils hóps af öldruðu fólk og öryrkjum.

[21:15]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Freyju Haraldsdóttur fyrir hennar orð og ræðu. Ég talaði um samráð í þeirri nefnd sem ég sat í sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem hafði það verkefni að samræma lífeyri frá lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum. Öryrkjabandalagið byrjaði að vinna með okkur en síðan hurfu þeir á braut. Það þótti mér mjög miður vegna þess að við vorum að vinna að framtíðarskipulagningu þessa samspils á milli lífeyrissjóða og almannatrygginga, en þeir settu fyrir sig það að lífeyrir hafði ekki verið hækkaður. Það finnst mér vera allt annað mál.

Ég var eingöngu að kvarta yfir því að þeir hefðu ekki fylgt eigin einkunnarorðum sem eru: Ekkert um okkur án okkar, sem mér finnst vera afskaplega góð einkunnarorð.

Það voru fleiri fulltrúar fatlaðra í nefndinni, þeir stóðu vaktina til enda. En vegna þess arna var ekki hægt að taka á einu veigamesta atriði öryrkja sem ég tel vera, sem er að hætta að líta á vangetuna og fara að líta á getuna, þ.e. líta á það hvað einstaklingurinn getur en ekki hvað hann getur ekki. Það tel ég vera eitt almikilvægasta verkefnið fyrir bæði öryrkja og þjóðfélagið í heild að þjóðfélagið nýti getu öryrkja, sem eru afskaplega verðmætir starfskraftar, nýti getu öryrkja þeim til hagsbóta og þjóðfélaginu til hagsbóta.

Það var þetta sem ég átti við þegar ég kvartaði undan því að Öryrkjabandalagið hefði farið út, vegna þess að þetta var hluti af því að leysa vandamál hvað varðar öryrkja sem er óleyst í dag.

[21:17]

### **Freyja Haraldsdóttir (Bf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétur Blöndal fyrir gott andsvar. Ég er hjartanlega sammála flestu sem þar kom fram og tel að sjálfsgöngu mjög mikilvægt að við sem störfum innan hagsmunasamtaka eða einhvers konar fyrirtækja sem hafa það að markmiði að berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks komum að borðinu og tökum ábyrgð á þeirri vinnu með því að krefjast þess að koma þar að og vera við borðið.

Það sem ég vildi kannski meina var að þó maður ákveði að stíga frá er það kannski ákveðin leið samráðs. Þá gefur maður ákveðin skilaboð um að maður telji að það sem á sér stað gangi ekki nógu langt eða maður treystir sér ekki til að vera með í einhverju verkefni sem maður telur ekki þjóna nógu vel hagsmunum þeirra sem barist er fyrir.

Hins vegar er ég hjartanlega sammála því að í lengstu lög eigum við að reyna að vinna saman og ná sátt. Ég held að þetta sé bara mjög gott dæmi um mikilvægi þess að við tölum saman.

Ég vil sérstaklega fagna því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði um að nýta og í rauninni fagna mannauði fatlaðs fólks og annarra sem flokkast sem öryrkjar og horfa á getu okkar og það sem við höfum hæfileika til að gera en ekki það sem er ekki hægt. Það er klárlega aðalatriðið í heila málinu.

[21:19]

### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka lofið og vil endurgjalda það vegna þess að hv. þm. Freyja Haraldsdóttir kenndi mér að segja fatlað fólk en ekki fatlaðir. Á því er reginmunur. Þegar maður talar um fatlað fólk er verið að vísa til einstaklingsins, en þegar talað er um fatlaða er það einhvers konar samheiti sem getur verið og er stundum niðurlægiandi.

Vaðandi það sem hér er um að ræða, vinnu þessarar nefndar sem vann gott og mikið starf og ræddi mikið alls konar hluti, upplifi ég það þannig að það sé stefnumótun til framtíðar að samræma almannatryggingar, lífeyrissjóði og greiðslur úr þeim sem og að líta á 75% örorkumatið. Ég tel örorkumatið vera arfavitlaust, það hindrar alla endurhæfingu og kemur í veg fyrir að menn geti starfað. Það undirstríkar það viðhorf að líta á hvað maðurinn getur ekki, 75%

öryrki — ör-yrki — í staðinn fyrir að segja: Hann hefur svo og svo mikið starfsgetumat.

Það sem mér fannst miður var að Öryrkjabandalagið leit á skammtímavandamál sem er vissulega til staðar, um að lífeyrir hafi almennt ekki hækkað eftir hrun eins og skyldi, og þeir fórnðu í raun langtímahagsmunum fyrir skammtímahagsmunum sem hefði mátt leysa annars staðar og er t.d. núna til umræðu, þ.e. hvernig við getum bætt öryrkjum — ég er farinn að nota orðið öryrkjar — hvernig við getum bætt því fólki sem hefur ekki fulla vinnugetu það tjón sem það hefur orðið fyrir eftir hrun.

[21:21]

### **Freyja Haraldsdóttir (Bf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég held að við séum bara nokkuð sammála, að minnsta kosti held ég að við getum fundið einhverja fleti til þess að vinna með, ég og hv. þm. Pétur Blöndal. Þannig að ég þakka bara fyrir þessa góðu umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### **Veidigjöld, 3. umr.**

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15. nál. m. brtt. 73.

[21:22]

### **Forseti (Þorsteinn Sæmundsson):**

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar og munu fulltrúar hvers flokks tala allt að 10 mínútur.

[21:22]

### **Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Þetta mál var, eins og áður hefur komið fram, tekið til meðferðar í hv. atvinnuveganefnd milli 2. og 3. umr. Eins og ég gat um í lokaræðu minni við 2. umr. lágu fyrir hugmyndir um ákveðnar breytingar á frumvarpinu fyrir 3. umr.

Það hefur komið í ljós við vinnu á þessu frumvarpi, og hefur svo sem verið ljóst, að sá megingalli er á núverandi kerfi okkar, eða gildandi lögum um veiðileyfagjald, að gjaldið leggst með þeim hætti á marga útgerðar- eða veiðiflokka að það er hreinlega ekki hagkvæmt, borgar sig ekki, fyrir útgerðir að sækja þann afla í sjó.

Við getum séð afleiðingar þess í hendi okkar, virðulegi forseti. Ef við erum farin að leggja svo mikil veiðigjöld á ákveðna stofna, sem hreinlega gerir að verkom að ekki borgar sig fyrir útgerðarmenn að sækja þann afla, er mikil hætt á að þjóðarþúið verði af miklum tekjum. Þetta er raunveruleg hætt á og er alveg ljós í tilfelli kolmunna og á við nánari skoðun væntanlega við um fleiri tegundir. Nefndar hafa verið í því sambandi keila, langa, úthafsækja, gullax og mögulega flestir þeir flatfiskar sem við erum að sækja. Það geta allir séð að þetta er mjög letjandi og má líkja við að skattheimta á okkur sem launafólk í landinu væri orðin þannig að það borgaði sig alls ekki að vinna, borgaði sig að hætta að vinna. Þannig skattheimta gengur ekki upp. Skattheimta verður í eðli sínu alltaf að vera það

sanngjörn og eðlileg að það borgi sig að skapa verðmæti með vinnu eða framleiðslu.

Meiri hluti atvinnuveganefndar komst að þeirri niðurstöðu, í vinnu sinni milli 2. og 3. umr., að kolmunninn, sem klárlega er mikilvægur í þessu samhengi, þ.e. þar eru upphæðirnar hæstar — að ástæða væri til að undanleggja þá tegund sérstöku veidigjaldi. Þetta hefur valdið miklu uppnámi hér í þinginu og stór orð fallið og talað um að við í meiri hlutanum séum að lækka enn frekar veidigjöldin. Vissulega lækkar upphæðin um þetta en á móti kemur að ákveðinn frádráttarliður í frumvarpinu mun ekki leiða til þeirrar lækkunar sem reiknað var með, við endurskoðun kom það í ljós. Þannig hefði frumvarpið og lögin verið að skila mjög svipuðu veidigjaldi, nánast sama veidigjaldi, og lagt var upp með í frumvarpi hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Til að greiða fyrir þingstörfum — við höfum verið sökud um það af hálfu minni hlutans í þinginu að rjúfa eitt-hvert samkomulag, að mínu mati reyndar gert allt of mikið úr því — fjadrafok, stormur í vatnsglasi, úlfaldi úr mýflugu — vegna þess að þetta eru nú í öllu stóra samhenginu sáralitlar breytingar en gætu verið mjög mikilvægar. En til þess að leita sátta um þau þinglok sem stefnt er að í kvöld höfum við í meiri hlutanum ákveðið að draga til baka breytingartillögu okkar, þ.e. a-lið breytingartillögunnar við 2. gr., þar sem segir:

„Við 1. efnismgr. b-liðar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Kolmunnaafli er undanþeginn sérstöku veidigjaldi samkvæmt lögum þessum.“

Við drögum þennan hluta breytingartillögunnar til baka og vonum að minni hlutinn kunni að meta þá sáttarhönd sem við réttum fram. Þetta er líka gert í ljósi þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra mun skoða þetta mál mjög vel á milli þinga og fara þá mögulega yfir aðra stofna sem hér liggja undir á sömu forsendum. Við munum þá væntanlega sjá nýtt frumvarp líta dagsins ljós á haustdögum eða næsta vetur til að leiðrétta þetta og tryggja að útgerðarmenn í landinu reyni að sækja allt það sem hægt er til að hámarka arð þjóðarinnar af þessari mikilvægu auðlind.

Í tilfelli kolmunnans er staðan þannig að veiðar á honum eru mjög seint á fiskveiðiarinu. Þær veiðar munu ekki hefjast fyrir en vorið 2014 og standa fram eftir sumri eða fram á haust. Því er svigrúm til breytinga næsta vetur til að leiðrétta fyrir þessari skekkju og ég tel mjög mikilvægt að það verði skoðað ítarlega. Breytingar í þessu frumvarpi fela meðal annars í sér að leiðrétta enn eina ósanngirnina sem er í gildandi lögum en hún er sú að gjalddagar á veidigjaldi taka ekki tillit til þess hvenær verðmæti eru sköpuð. Þannig er það í tilfellum margra útgerða í landinu, stórra og smárra, að menn eru oft búnir að borga veidigjöldin að fullu til ríkissjóðs áður en þeir fara á veiðar og skapa verðmætin og fá tekjur af þeim veiðum.

Við erum að breyta þessu atriði í því frumvarpi sem liggur fyrir, einn af þeim agnámum sem við erum að leiðrétta, sem gerir að verkom að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur seinkað gjalddögum þannig að meiri sanngirnri ríki og innheimtan eigi sér þá stað um það leyti sem verðmætin eru sköpuð. Það getum við öll heimfært upp á okkur sjálf, hversu ósannjarnt okkur þætti ef verið væri

að innheimta af okkur skatt af tekjum okkar sem væru væntingartekjur fram í tímann. Við værum búnir að borga það. Margt getur komið upp í millitíðinni, hvort sem er hjá einstaklingum eða fyrirtækjum, breytingar í rekstri, bilanir og margt sem veldur því að menn ná jafnvel ekki þeim verðmætum sem í hlut eiga en eru samt sem áður búnir að leggja út fyrir veidigjöldunum.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra muni skoða þetta af fullri sanngirni og innheimta gjöldin eftir því sem verðmætin skapast hjá okkar fyrirtækjum. Ég vona að sú sáttarhönd sem við í meiri hluta atvinnuveganefndar réttum fram í þessu máli megi verða til þess að greiða fyrir þingstörfum.

[21:31]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. atvinnuveganefnd, formanni og meiri hluta og minni hluta, fyrir ágætt starf við þetta frumvarp um veidigjöld. Ég skil vel þá niðurstöðu sem hv. formaður, Jón Gunnarsson, kom hér með og yfirlýsingu þess efnis að draga breytingartillöguna til baka.

Það er ljóst að við erum að fara hér fram með bráðabirgðaákvæði til eins árs í anda stjórnarsáttmálans um að lækka veidigjöld, sérstaklega á þá sem gátu illa staðið undir þeim, koma til móts við minni og meðalstór fyrirtæki. Út af stendur að í ákveðnum fiskstofnum, ákveðnum tegundum, er ljóst að veidigjaldið sjálft er mjög hátt hlutfall af kostnaði við veiðarnar. Sérstaklega má nefna kolmunna sem er að stóru leyti veiddur utan íslenskrar lögsögu og er mjög dýrt að sækja. Það má líka nefna tegundir eins og gulllax, keilu, blálöngu, rækju, úthafsrækju, og jafnvel mætti nefna fleiri tegundir.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu finnst mér gott tækifæri til að koma hér upp og lýsa því yfir að strax í sumar muni ég skoða ásamt veidigjaldsnefnd hvernig þessu er háttáð varðandi þessar tegundir og hugsanlega fleiri tegundir sem þar eru undir og leggja fram frumvarp strax á fyrstu dögum haustþings til að bregðast við því ef við metum það svo, sem mjög líklegt er, að í einstökum tegundum sé veidigjaldið óhóflega hátt miðað við kostnaðinn við veiðarnar.

Þetta geri ég, hæstv. forseti, einfaldlega vegna þess að mikilvægasta verkefni okkar, ríkisstjórnarinnar og Alþingis, er að skapa grundvöll fyrir allar atvinnugreinar, ekki síst sjávarútveginn, að sækja fram, geta farið í nýsköpun, geta farið í nýfjárfestingar sem skapa meiri arð til lengri tíma sem standa undir veidigjöldum framtíðarinnar, auðlindarentu sem skilar sér til þjóðarinnar til lengri tíma. Það er mjög mikilvægt.

Ég mun hefja þessa vinnu. Vinnan við ný veidigjöld, nýtt frumvarp til veidigjalda sem tekur þá gildi frá og með næsta fiskveiðidári, í það minnsta ekki seinna, er þegar hafin í ráðuneytinu. Við munum í ljósi þessa leggja fyrstu áhersluna á að skoða þær sérstöku tegundir þar sem kostnaður við veiðarnar er óhóflegur og veidigjöldin geta lagst of þungt á. Ég vil fullvissa þingheim um að við munum skoða það í ráðuneytinu og ég fullvissa hv. atvinnuveganefnd um fullan vilja ráðherra til að skoða þessi mál og skila frumvarpi þess efnis á fyrstu dögum haustþings.

[21:35]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Í dag á lokametrum þessa máls kom fram breytingartillaga frá meiri hlutanum þess efnis að lækka ætti enn þann hlut sem kemur til þjóðarinnar, í þetta skipti um 400 millj. kr. króna. En þetta er litla atriðið. Þessi gjöld munu lækka á næsta ári um minnst 3 milljarða, mögulega 4, þeir eru alla vega 3, um það deila menn ekki. (Gripið fram í.) Þetta er kannski 15% af lækkuninni sem var lagt upp með í dag.

Ég talaði einmitt um það fyrr í ræðu minni í dag hvað það þýddi að leggja þessa tillögu fram á lokametrunum í trássi við það samkomulag sem Píratar stóðu ekki að en aðrir minnihlutaflokkar stóðu að um að ljúka þinginu núna í kvöld og hvers vegna er verið að koma með hana á lokametrunum og setja samkomulagið allt saman í uppnám.

Ég velti fyrir mér hvort þetta væru einhver mistök, hvort hv. formaður atvinnuveganefndar, Jón Gunnarsson, hefði mögulega farið fram með tillögunu sjálfur eða einhverjir aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eða hvort þetta væri einhver stærri leikur eða leikflétta í gangi. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort það var í raun og veru. En við sjám hvernig þeir spila úr þessu núna. Það að draga tillöguuna til baka er kallað að leggja fram sáttarhönd. Í upphafi eru menn búnir að minnka þann hlut sem kemur til þjóðarinnar um 3 milljarða og reyna svo alveg á lokametrunum að minnka hann örlítið meira, um að minnsta kosti 400 millj. kr. og draga það svo til baka og kalla það sáttarhönd í málinu.

Það er mjög skemmtilegt að heyra þetta, en ég mundi ekki kalla þessi vinnubrögð sáttarhönd, alls ekki. En mögulega má spinna það þannig og kannski munu fjölmiðlar pikka þetta upp og kalla það að Sjálfstæðisflokkurinn eða ríkisstjórnin hafi rétt fram sáttarhönd í málinu. Það verður áhugavert að sjá. Maður er alltaf að læra eitthvað.

Þannig er staðan með málið núna. Það verður líklega samþykkt í kvöld af meiri hlutanum og þá endar það á borði forseta sem er á landinu. Samkvæmt nýlegri könnun eru 70% þjóðarinnar á móti þessari lækkun á veiðigjaldi — þá erum við að tala um þessar 3 milljónir á næsta ári og kannski upp í 9 milljónir í heildina á árinu þar á eftir. (JónG: Milljarða.) Fyrirgefið, milljarða. Ég þakka formanni atvinnuveganefndar, Jóni Gunnarssyni, fyrir að leiðrétta mig þarna. Að sjálfsögðu milljarðar. Þetta eru engar smátölur eins og hann veit.

En 70% þjóðarinnar eru á móti þessari lækkun á þeim hlut sem kemur til þjóðarinnar. Þjóðin á auðlindina, þjóðin á að eiga lokaorðið um sinn hlut af nýtingu auðlindarinnar og það sagði forsetinn á síðasta ári. Við skulum vona að hann sé sama sinnis í dag og svari kalli 35 þús. Íslendinga sem hafa núna með undirskrift sinni skorað á forsetann að synja þessum lögum staðfestingar og vísa þeim til þjóðarinnar.

Við píratar erum að sjálfsögðu hlynntir því að fólk eigi að koma að ákvörðunum sem vardar það. Sú ákvörðun að minnka hlut þjóðarinnar um 9 milljarða á næstu tveimur árum, um 3 milljarða á næsta ári, er að sjálfsögðu ákvörðun sem þjóðin á að fá að koma að og þjóðin á að fá að eiga lokaorð um.

Við píratar munum funda með forsetanum á morgun um framgöngu beins lýðræðis og hvernig er best hægt að vinna að vegferð þess á Íslandi. Við munum náttúrlega ræða um þetta atriði eins og önnur þó að við séum að ræða sterra samhengi hlutanna. Það verður áhugavert að heyra hvað forsetinn hefur að segja.

[21:40]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að mér finnst hv. þm. Jón Þór Ólafsson, sem á sæti í atvinnuveganefnd sem áheyrnarfulltrúi og hefur setið þar ötullega fundi með okkur að undanförmu til að fjalla um þetta mál, fara ansi frjállega með tölur þegar kemur að því að fara yfir þær.

Ég vil spyrja hv. þingmann aðeins út í þetta. Hann talar um að tekjurnar minnki núna strax um allt að 4 milljarða, þegar það kemur greinilega fram í umsögn fjármálaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, að teknu tilliti til aukinna tekjuskattsgreiðslna, að talan sé 2,6 milljarðar. Sú upphæð sem ríkið hefur minna í tekjur á næsta ári af veiðigjöldum er talin samkvæmt frumvarpinu vera um 6,4 milljarðar. Fjármálaskrifstofan í sinni umsögn nefnir ekki þar töluna um auknar tekjuskattsgreiðslur sem kæmu í ríkissjóð á móti. Ef við gefum okkur að tekjurnar minnki um 6,4 milljarða á næsta ári og 3,2 á þessu ári, og það sé í sama hlutfalli, eru það tæpir 2 milljarðar sem dragast frá þessum 9,6 milljörðum. Þá erum við komin niður undir 7,5 milljarða.

Ég vil bara vita hvort hv. þingmaður sé ekki sammála mér um þessar tölur, vegna þess að það er mikilvægt að við förum ekki hér með fleipur heldur höldum okkur við staðreyndir.

Það má síðan færa mikil og sterk rök fyrir því að minnkandi gjaldtaka muni leiða til mjög aukinnar fjárfestingar í sjávarútvegi. Það mun síðan skila sér með auknum gjöldum til ríkissjóðs í gegnum atvinnusköpun og verðmætasköpun (Forseti hringir.) sem þar verður.

Þess vegna hefði verið mjög gott að fá álit Hagfræðistofnunar (Forseti hringir.) sem treysti sér reyndar ekki til að skila slíku álitinu á sumariþingi. En þetta mundi auðvitað verða niðurstaðan (Forseti hringir.) hjá hvaða hagfræðingi sem er sem fjallaði um þetta af sanngirni.

[21:42]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Herra forseti. Já, 9 milljarðar eða 7, 3 milljarðar eða 2,6, þetta eru náttúrlega allt stórar tölur, en rétt skal vera rétt. Þess vegna talaði ég við m.a. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og þingmenn Framsóknarflokksins. Talan 3 milljarðar sem ég kem með er sú sem ég heyrði m.a. frá þingmönnum stjórnarflokkanna, hana heyrði ég þar. Svo hef ég heyrt aðrar hærri tölur annars staðar. (Gripið fram í.)

Ég hef ekki þá menntun og er ekki það vel inni í þessum málum að ég geti sjálfur farið og skoðað þetta í þaula, þess vegna reiði (Gripið fram í.) ég mig á það sem m.a. aðrir þingmenn segja og það sem gestir atvinnuveganefndar hafa sagt. Mönnum ber ekkert saman um þessar tölur, það er alveg ljóst. Mönnum ber ekki saman um tölurnar.

Þannig að ég var bara hógvær og reyndi að vera heiðar-

legur og fara ekki í 4 milljarða kr. töluna, sem hv. Jón Gunnarsson þingmaður hefur bent mér á, og fór frekar í 3 milljarða. En ef þetta eru 2,6 milljarðar og 6,4 milljarðar, eins og hv. þingmaður segir, samtals um 7,5 milljarðar, er það samt sem áður skerðing sem því nemur. Það er verið að skerða hlut almennings um það, hlut þjóðarinnar sem á auðlindina, og þjóðin að fá að taka lokaákvörðun um það hvort hún sætti sig við þá skerðingu.

[21:44]

**Frsm. meiri hluta atvinnuvn. (Jón Gunnarsson) (S)**  
(*andsvar*):

Virðulegi forseti. Það þarf nú ekki að vera neinn sérfræðingur í þessum málum, maður þarf bara að vera læs, og það gef ég mér að hv. þingmaður sé, vegna þess að þessar tölur standa skýrum stöfum í frumvarpinu í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þetta eru því 2,6 milljarðar. Þar er ekki tekið tillit til þess hvað minni gjaldtaka muni þýða fyrir atvinnugreininna og hversu mikið hún muni örva fjárfestingu í greininni. Þá eigum við eftir að meta þau efnahagslegu áhrif, en þau eru umtalsverð. Þetta mun koma fram í sterkari grein þar sem fjárfest er meira. Það munu auðvitað allir hagfræðingar sem um málið mundu fjalla geta reiknað út fyrir okkur, en það tekur lengri tíma en við höfum núna.

Það er annað sem mig langar að spyrja hv. þingmann um. Hann tilkynnir okkur það hér að Þratar hyggist funda með forseta Íslands á morgun og hvetja til þess að málið verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú vil ég inna hv. þm. Jón Þór Ólafsson eftir því hvað hann hyggist fá út úr slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef forsetinn neitar að staðfesta lög-in yrði að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu. Það tæki okkur einhverjar vikur, sennilega mánuði, tvo mánuði, það krefst mikils undirbúnings að halda þjóðaratkvæðagreiðslu og kostar um 250 milljónir.

Ef lögin yrðu felld í þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að þeim yrði synjað staðfestingar, sætum við uppi með að ekki yrði hægt að innheimta neitt sérstakt veiðigjald á næsta fiskveiðiári. Það yrði margra milljarða tjón. Heldur hv. þingmaður að það sé vilji þeirra sem skrifuðu undir? Eða getur verið að þeir séu meira að lýsa skoðunum sínum, sem ég ber fulla virðingu fyrir og tek fullt mark á og finnst vera skýr skilaboð til okkar þingmanna og hef aðeins farið (Forseti hringir.) yfir það í ræðum mínum, en heldur hv. þingmaður (Forseti hringir.) að það yrði ásætlanleg niðurstaða?

[21:46]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*andsvar*):

Herra forseti. Hafandi talað við marga þá sem hafa skrifað undir þessa áskorun til forsetans er nokkuð ljóst að það sem fólk blöskraði var að í þessu árferði sé verið að skerða hlut almennings, skerða það sem rennur til ríkissjóðs um marga milljarða, 2,6 milljarða, 3 milljarða, 4 — sama hver raunverulega talan er. (Gripidd fram í.) Gestum sem komu fyrir nefndina bar ekki saman um upphæðina. Þá er spurningin: Hverjum á ég að treysta? Ég er greinilega ekki nógu fróður til að vita hverjum eigi að treysta í þessu máli, hvort ég eigi að treysta stjórnarliðum eða hvort ég eigi að

treysta gestum nefndarinnar og þá hvaða gestum. En þetta er það sem fólk blöskraði, að verið að minnka gjaldið til ríkisins, gjaldi til þjóðarinnar í þessu árferði. Það er það sem fólk blöskraði.

Hv. þm. Jón Gunnarsson nefnir að þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta taki svo og svo langan tíma. Rétt. Þar af leiðandi verði ekki hægt að innheimta sérstakt veiðigjald. Það verður ekki hægt að innheimta sérstakt veiðigjald eftir þessum lögum, það er alveg rétt. Ég hjó eftir því og þess vegna spurði ég gesti nefndarinnar trekk í trekk, nánast hvern einasta hóp, hvort ekki væri hægt að innheimta einhver önnur gjöld og fá það sama til þjóðarinnar. Líú nefndi m.a. að hægt væri að auka tekjuskattinn. Það eru fullt af öðrum atriðum sem væri hægt að auka til að fá það sama, þ.e. þannig að þjóðin fengi sama fyrir sinn hlut. (**JónG**: ... allt annað mál.) Þú ert að tala um ákveðið gjald, ákveðið gjaldakerfi, við erum að tala um að sá hlutur komi til þjóðarinnar sem hún vill, að þjóðin eigi lokaorðið um sinn hlut. Það er það sem við erum að tala um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### **Stjórnarskipunarlög, 3. umr.**

Frv. ÁPÁ o.fl., 5. mál (tímabundið ákvæði um breytingu á stjórnarskrá). — Þskj. 5.

[21:49]

**Vigdís Hauksdóttir (F)**:

Virðulegi forseti. Hér fer fram 3. umr. um það frumvarp sem liggur fyrir þinginu um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Það er rétt að taka það fram í upphafi að Framsóknarflokkurinn hefur ávallt stutt stjórnarskrárbreytingar og þess ber að geta að það er ákvæði í stjórnarsáttmála Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um að auðlindaákvæði skuli koma inn í stjórnarskrána og hefur það verið skoðun Framsóknarflokksins um langa hrifð.

Mig langar, virðulegi forseti, að leiðrétta hér villandi umræður sem hafa átt sér stað um þetta frumvarp. Flutningsmenn þess hafa látið líta svo út fyrir að ekki sé hægt að halda áfram vinnu við breytingar á stjórnarskránni á þessu kjörtímabili nema þetta frumvarp verði samþykkt.

Virðulegi forseti. Ég hafna slíkum röksemdafærslum sem hafa trekk í trekk komið fram í fjölmiðlum á meðan þetta frumvarp hefur verið til umræðu. Það er skylda lög-gjafans, skylda þeirra 63 þingmanna sem sitja á þingi hverju sinni, að hafa sífellt gætur á breytingum á stjórnarskránni og vinna að þeim breytingum, því löggjafinn fer með stjórnarskipunarvaldið sem telur tvö þing samtals. Stjórnarskipunarvaldið er stærra en löggjafarvaldið eins og ég hef svo oft farið yfir.

Mikið af gögnum liggur fyrir nú þegar. Þau gögn liggja fyrir sem stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd, sem nú hefur látið af störfum og starfaði á síðasta þingi, hafði víðað að sér varðandi það ferli sem fór af stað á síðasta kjörtímabili. Að sjálfsögðu liggja þau gögn til grundvallar áframhaldandi endurskoðun á þeim ákvæðum sem þarf að breyta í stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem nú liggur fyrir breytir

því ekki að vinnan haldi áfram. Þess vegna vil ég leiðrétta þann halla sem er á umræðunni um stjórnarskipunarmál landsins. Hins vegar er frumvarpið sem nú liggur fyrir byggt upp á þann hátt að gerir er ráð fyrir bráðabirgðabreytingarákvæði við stjórnarskrána sem á að gilda næstu fjögur ár. Það á að standa jafnfætis breytingarákvæði stjórnarskrárinnar eins og það er í dag. Verði þetta frumvarp samþykkt koma því til með að vera í gildi tvö breytingarákvæði að stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Stjórnarskráin er æðstu lög landsins. Um hana ber að standa vörð og stjórnarskránni á ekki að vera hægt að breyta auðveldlega. Það er einlæg skoðun mín, virðulegi forseti, að stjórnarskránni eigi að vera mjög erfitt að breyta svo hún standist áhlaup pólitískra hugrenninga og pólitískra álitamála sem upp koma. Það er nákvæmlega það sem stjórnarskráin stóðst á síðasta kjörtímabili.

Þetta breytingarákvæði er líklega lagt fram svo hægt sé að fara í hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni innan þeirra fjögurra ára sem kveðið er á um í stjórnarskránni eins og hún er nú. Ég er því afar mótfallin í ljósi þess að stjórnarskráin á að standa af sér pólitískar árásir, ef svo má segja. Hér á eftir verða greidd atkvæði um frumvarpið og vil ég skýra frá því hér í ræðustól, og ætla því að sleppa atkvæðaskýringu þegar greidd verða atkvæði um frumvarpið, að ég kem til með að greiða því mótakvæði mitt.

Það vill svo til, virðulegi forseti, að ekki hafa verið færð rök fyrir því að brýn nauðsyn krefji að setja þetta breytingarákvæði í stjórnarskrána að svo stöddu vegna þess að það eru engin brýn mál eða aðkallandi sem þjóðin stendur frammi fyrir sem gera að verkum að breyta þurfi stjórnarskránni innan fjögurra ára. Í það minnsta hafa slík rök ekki borist til minna eyrna og þau hef ég ekki heyrt hér í umræðunni. Þess vegna lít ég svo á að þetta bráðabirgðabreytingarákvæði sé mjög til óþurftar og geri raunverulega það að verkum að þingið hafi sífellt inni í þingsal öll næstu fjögur ár einhvers konar hugsanlegar breytingartillögur. Það truflar að mínu mati þingstörf því að það er jú sérstök nefnd í þinginu, skipuð þingmönnum, sem á að fjalla um þessi mál.

Því segi ég, virðulegi forseti, að það er ekki réttlætunlegt að frumvarpið verði samþykkt að mínu mati, miðað við gildandi stjórnarskipunarrétt og stjórnarskipunarrétt í nágrannalöndunum sem við berum okkur saman við, því að sú brýna nauðsyn sem þyrfti að vera rökstuðningur fyrir breytingarákvæðinu, sem er þar að auki bráðabirgðaa kvæði, er ekki til staðar. Því undrast ég mjög að þetta skuli vera komið fram, en að vísu, eins og flestir vita, þarf frumvarpið að koma fyrir nýtt þing eins og verið er að gera hér. Ég vonast til að það fái frekar lítinn stuðning í þinginu, því að þetta frumvarp var samþykkt með einungis 25 atkvæðum á fyrra þingi, ekki einu sinni meiri hluta þingmanna. Það er einnig kennilegt að svo veikir stuðningur sé við breytingar á stjórnarskránni því eins og ég hef alltaf sagt verður að vera víðtæk sátt í þinginu um breytingar á stjórnarskránni svo að friður skapist um þetta æðsta plagg þjóðarinnar, sjálfa stjórnarskrána.

[21:55]

**Birgir Ármannsson (S):**

Hæstv. forseti. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir minni af-

stöðu til þessa máls sem byggir fyrst og fremst á því að ég tel að með þeirri breytingu sem hér er lögð til sé tryggt að stjórnarskrárbreytingar muni ekki eiga sér stað nema um þær verði allvíðtæk samstaða. Með þessari breytingu er verið að setja tvo mikilvæga þröskulda við stjórnarskrárbreytingum. Annars vegar er gerð krafa um samþykkt 2/3 í þinginu sem er meira en er í dag. Í dag getur einfaldur meiri hluti þingsins samþykkt stjórnarskrárbreytingu, reyndar kallar það á kosningar og síðan annað þing þar sem einfaldur meiri hluti getur líka samþykkt. Með 2/3 reglunni er sett inn fyrra skilyrðið sem hlýtur auðvitað að kalla á allvíðtæka samstöðu í þinginu til að stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga. Síðara skilyrðið er auðvitað krafa um að mál gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu og krafan þar byggir á því að meiri hluti greiddra atkvæða og þó aldrei minna en 40% þeirra sem eru á kjörskrá samþykki stjórnarskrárbreytingu. Það er í mínum huga líka trygging fyrir því að menn muni ekki ráðast í stjórnarskrárbreytingar nema um þær sé allgóð sátt.

Það leiðir af þessari reglu að vissulega er hægt að koma stjórnarskrárbreytingu í gegn ef til þess næst 2/3 stuðningur í þinginu og ef a.m.k. 40% segja já. Það þýðir þá væntanlega í umdeildum málum að kosningaþáttaka þarf að vera ansi mikil, nær 80%, sem er allmikil krafa. Ég held að með þessu, þó að aðferðin sé ekki fullkomin, sé engu að síður þannig frá málum gengið að stjórnarskrárbreytingar verði ekki gerðar nema að vel yfirlögðu ráði og um þær sé sátt.

Ég legg líka áherslu á að ákveðinn tímafrestartarþáttur er í ákvæðinu sem gerir að verkum að ákveðinn tími þarf að líða frá því að mál er afgreitt í þinginu og þar til þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram. Það dregur úr hættunni á því að stjórnarskrárbreytingar séu keyrðar í gegn á óhæfilega skömmum tíma.

Ég segi um þá þröskulda sem hér um ræðir að ég hefði persónulega kosið að það væru enn þá harðari skrifur eða hærri þröskuldar í þessum efnunum. Ég hefði alveg getað hugsað mér að hindranirnar væru fleiri. Ég lít hins vegar svo á að þarna sé engu að síður um að ræða verulegar tryggingar gegn því að lítill meiri hluti keyri stjórnarskrárbreytingar í gegn gegn harðri andstöðu.

Ég vil hins vegar líka leggja töluvert upp úr þeirri yfirlýsingu sem forustumenn flestra stjórnsmálaflokka á Alþingi hafa fallist á í tengslum við framhald málsins. Þar er kveðið á um að forsætisráðherra skipi níu manna nefnd, tilnefnda af fulltrúum þingflokka hér í þinginu, sem muni vinna áfram að stjórnarskrárbreytingum. Þetta er atriði sem við sjálfstæðismenn kölluðum mjög mikið eftir á síðasta kjörtímabili, að mál veru sett í þennan farveg, þannig að unnið væri í samráði og samvinnu milli flokka í þinginu að breytingum í þessum efnunum. Ég legg töluvert upp úr því að mál-in hafi farið í þann farveg.

Ég legg líka mikið upp úr því að ég get ekki séð betur en að það sé sameiginlegur skilningur þeirra sem að þessu standa, þar á meðal þeirra þriggja formanna stjórnsmálaflokka, stjórnarandstöðuflokka, sem eru flutningsmenn frumvarpsins, að unnið verði að breytingum í sem víðtæk-astri sátt. Ég segi fyrir sjálfan mig að ég er ekki á móti því í grundvallaratriðum að gera breytingar á stjórnarskrá, ég er hins vegar á móti því að gera breytingar á stjórnarskrá í



bráðræði. Ég er á móti því að gera of miklar og róttækar breytingar í einu. Ég er á móti því að reynt sé að keyra í gegn stjórnarskrárbreytingar sem veruleg andstaða er við. Ég held að stjórnarskrá eigi einfaldlega að vera þökkalega óumdeilt plagg og menn eigi, hvort sem þeir eru á hægri væng stjórn mála, vinstri væng stjórn mála, á miðjunni eða annars staðar, að geta lifað með stjórnarskránni, að hún sé ekki þannig að nýr meiri hluti á þingi telji sig á hverjum tíma þurfa að breyta stjórnarskrá til að hrinda stjórn mála-skodunum sínum í framkvæmd. Það á ekki að vera þannig.

Mér finnst útfærslan eins og hún liggur í þessu frumvarpi alls ekki fullkomin og ég hef áður bent á að mér finnst ankannalegt að mörgu leyti, þó að það sé hægt, að hafa tvö ákvæði í gildi á sama tíma sem geta leitt til stjórnarskrárbreytinga. Mér finnst líka ankannalegt að hafa ákvæði um stjórnarskrárbreytingar um stundarsakir, tíma-bundið ákvæði, eins og þarna er gert ráð fyrir. Mér finnst þetta vera gallar á málinu. Ég get engu að síður fallist á þetta vegna þess að þarna er um að ræða tryggingar sem ég tel allöruggar gagnvart því að ráðist sé í stjórnarskrárbreytingar í trássi við ríkan vilja bæði innan þings og utan.

Það sem mér finnst jákvætt í þessum breytingum er að með því að setja málið í þennan farveg, varðandi það ákvæði sem hér um ræðir, á lít ég að í því felist töluvert mikil viðurkenning á því af hálfu a.m.k. flestra stjórn mála-flokka í þinginu að rétt sé að ganga þannig frá stjórnarskrárbreytingum að ekki sé of létt að gera það, að það séu þröskuldar, bæði hjá þingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem hindri gáleysislegar stjórnarskrárbreytingar eða dragi úr hættunni á þeim. Mér finnst mikilvægt að sá skilningur hefur nú orðið töluvert víðtækari en var löngum á síðasta kjörtímabili þegar menn töldu að slíkar kröfur væru fullkomin fásinna. Þáverandi meiri hluti vildi gera breytingar að sínu skapi hvað sem minni hluta þess tíma fannst. Það fannst mér ekki rétt nálgun. Ég fagna því að afstaða manna hefur breyst að þessu leyti.

Raunar er efnislegt inntak ákvæðisins, eins og ég rakti í ræðu minni við 2. umr., þ.e. þeir þröskuldar sem þar er að finna, í nokkru samræmi, ekki eins, en í nokkru samræmi við tillögur sem ég átti þátt í að flytja á fyrri árum og sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ítrekað flutt um nýja aðferð við stjórnarskrárbreytingar með ákveðnum þröskuldum sem sumir hafa kallað belti og axlabönd í þessu sambandi.

Þetta eru efnisleg atriði sem ég get fellt mig við þótt ég hefði persónulega, ef ég hefði setið einn við borðið til að skrifa þetta, gert þetta með einhverjum öðrum hætti. Ég tel að þetta sé eitthvað sem má lifa við. (Gripið fram í.)

Það verður síðan að koma í ljós hvort áhyggjur hv. þm. Vigdísar Hauksdóttur og fleiri eru réttar um að þetta muni leiða til þess að menn muni demba hér inn stjórnarskrárbreytingum í gríð og erg til að reyna að skapa sem mestan ófrið um stjórnarskrána. Ég trúí því hins vegar að þeir forustumenn stjórnarflokka sem undirrituðu yfirlýsinguna í fyrradag meini það sem þeir segi, að þeir vilji setja stjórnarskrárbreytingar á þessu kjörtímabili í farveg þeirrar nefndar sem hæstv. forsætisráðherra mun skipa. Þar verði unnið að þessum málum og tillögum sem koma upp í þinginu verði vísad í þann sameiginlega farveg frekar en að menn noti stjórnarskrárbreytingar til skylminga í þinginu, eins og hv.

þm. Vigdís Hauksdóttir hefur augljóslega áhyggjur af og er kannski alveg ástæða til að hafa áhyggjur af í ljósi fortíðarinnar.

Ég treysti því að góður vilji búi að baki yfirlýsingum forustumanna flokkanna. Ég treysti því að þegar menn standa saman að því að afgreiða þessa breytingu í allvítækri sátt, reyndar ekki fullkominni en allvítækri sátt, meini menn það sem þeir segja um að stjórnarskráin verði ekki notuð til að búa til pólitísk átök með þeim hætti sem við höfum kynnst á síðustu fimm árum.

[22:05]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Herra forseti. Ég varð þeirrar lífsreynslu aðnjótandi að sitja einu sinni með hv. þm. Birgi Ármannssyni í stjórnarskrárnefnd. Ég minnst þess að hann var gíska fastur og harður í ístaðinu þegar kom að breytingum á stjórnarskrá. Ég spurði hann einu sinni hversu oft hann teldi að það væri í reynd eðlilegt að breyta stjórnarskrá. Hann sagði: Ekki mjög oft. Ég spurði: Hvað oft? Ja, sagði hann, svona einu sinni á öld. Þetta ágæta svar lýsir kannski íhaldssemi þessa hv. þingmanns gagnvart stjórnarskrá. Ég er auðvitað sammála honum um að það á ekki að vera of auðvelt að breyta stjórnarskrá. Ég er líka sammála honum um að það eigi að reyna að setja niður þær deilur sem hafa um hana hafa spottit. Ég tel ekki að sú þessi breyting sem við erum vonandi að fara að samþykkja leiði til neinna langvarandi deilna eða menn misnoti hana með einhverjum hætti.

Hv. þingmaður sagði hins vegar að í ljósi þess að hér væru þingmenn og þingflokkar að samþykkja þetta ákvæði væri komin víðtæk sátt um þröskuldana. Ég vil þá a.m.k. af því tilefni segja að menn fara eins langt og þeir geta. Við töldum nokkur mjög mikilvægt að ná ákvæðinu fram og það var ekki gerlegt nema fallast á þennan þröskuld. Ég tel að hann sé of hár, en ég kaupir hann að þessu sinni því verði að ná ákvæðinu í gegn.

Að öðru leyti vil ég segja alveg skýrt af minni hálfu að ég tel að ef þetta ætti t.d. að vera einhvers konar fordæmi gagnvart þjóðaratkvæðagreiðslum í framtíðinni er ég ekki á því máli. Ég vil að það sé algjörlega skýrt.

Svo segi ég það að ég tel að það sé happaferð hjá hv. þingmanni að taka þátt í að breyta stjórnarskránni. Ég held að innan tveggja ára muni þessi ríkisstjórn standa frammi fyrir því að hún þurfi annaðhvort að breyta stjórnarskránni eða silast með Ísland hægt og hægt út úr EES.

[22:07]

#### Birgir Ármannsson (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég held að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson eigum það sameiginlegt í þessu máli að hafa báðir gefið nokkuð eftir af yrtuðu kröfum. Það má því segja að sú niðurstaða sem hér birtist sé með vissum hætti mála-miðlun og kannski er það einmitt þannig sem menn eiga að vinna að stjórnarskrárbreytingum; að menn reyni að mætast á miðri leið þar sem skoðanir eru skiptar.

Það er ekkert launungarmál að ég hef verið íhaldssamari og tregari til stjórnarskrárbreytinga en margir í þessum sal, bæði nú eftir kosningar og fyrir þær. Ég er hins vegar tilbúinn til að taka þátt í þessari breytingu undir þeim formverk-

um að þarna er, þrátt fyrir að breytt sé út frá núgildandi fyrirkomulagi, engu að síður um að ræða ákveðnar tryggingar gagnvart því að lítill meiri hluti geti knúð fram stjórnarskrárbreytingar eða að breytingar sé hægt að gera hugsanlega með tilstilli tiltölulega lítils hóps kjósenda.

Hér er bæði gerð krafa um mikinn stuðning í þinginu og krafa um að stuðningur í samfélaginu sé víðtækur. Ef mál er mjög umdeilt og þjóðin skiptist í tvær fylkingar er í ákvæðinu raunverulega falin krafa um að verulegur hluti, allt að 4/5 hluti, kjósenda á kjörskrá taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Mér finnst það mikilvægt vegna þess að mér finnst ekki að menn eigi að breyta stjórnarskránni nema það sé góður stuðningur í þinginu og nema það sé mikill stuðningur og áhugi á málinu hjá þjóðinni.

[22:09]

#### Össur Skarphéðinsson (Sf) (andsvar):

Herra forseti. Ég held að það sé rétt sjálfsmynd sem hv. þingmaður dregur hér upp, að hann sé í hópi þeirra íhaldssamari í þessum þingsal þegar kemur að breytingum á stjórnarskrá. Ég leyfi mér jafnvel að fullyrða að hann sé manna íhaldssamastur í þeim efnum. Það kemur okkur sem þekkjum hv. þingmann af daglegri umgengni og samstarfi auðvitað mjög á óvart, því endranær er hann frjálslyndastur í flestum öðrum efnum eins og við líka þekkjum.

Afstæða hv. þingmanns til stjórnarskrárbreytinga í gegnum tíðina hefur verið fróðleg, og er í sjálfu sér sjálfstætt rannsóknarefni. En fyrst við erum á annað borð að ræða þetta langar mig til þess að spyrja hv. þingmann um eitt, í tilefni af því að hann sagði að hann hefði slegið verulega af sínum kröfum. Í ljósi þess að það þarf samþykki 40% í þjóðaratkvæðagreiðslu, þ.e. ákvæðið er þannig að í reynd þurfa 80% atkvæðisbærra manna að taka þátt í kosningunni til að mál nái samþykki, hverjar hefðu verið ýrustu kröfur að hans mati? Það væri fróðlegt að heyra það hjá hv. þingmanni.

[22:11]

#### Birgir Ármannsson (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég gæti hugsað mér ýmsar leiðir. Ein leiðin til dæmis byggir á nokkru fráviki frá þeirri leið sem hér er til umræðu, en eftir að hafa skoðað þessi mál og velt þeim fyrir mér í mörg ár er ég hrifnastur af dönsku leiðinni sem er núverandi fyrirkomulag hér á landi plús þjóðaratkvæðagreiðsla í lokin. Þegar þingið hefur samþykkt málið hið síðara sinni sé efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég held að ef ég ætti að velja mér lausn algjörlega út frá eigin óskum væri leiðin einhvern veginn í þá veru.

[22:11]

#### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég vil aftur slá á áhyggjur þeirra sem óttast að það verði tíðar stjórnarskrárbreytingar út af þessu ákvæði. Það gerist ekki vegna þess að hlutfallið er svo hátt að það má kalla þetta frumvarp móðgun við þjóðina. Að halda virkilega að þessi breyting muni gera það auðveldara að gera breytingar á stjórnarskránni er, með fullri virðingu, hlægilegt ef það væri ekki svona sorglegt. En það er eins og frumvarpið sé alveg sérstaklega gert til að gera það erfitt.

Vinnubrögðin við þetta frumvarp hafa oft verið nefnd. Þau voru hræðileg í einu orði sagt og ekki bjóðandi. Þegar við píratar fórum að tala við grasrótina okkar um þetta mál vegna þess að okkur fannst við vera í svolitlum bobba — við gátum eiginlega ekki sagt já, gátum ekki setið hjá, gátum ekki sagt nei — varð ljóst eftir mjög stutta umræðu að allir voru á því að segja nei við þessu vegna þess að þetta er ekki bjóðandi. Þetta er ekki til bóta. Þetta er bara illa unnið, gagnslaust í skásta falli, getur líka gefið stjórninni tækifæri til að þykjast vera lýðræðisleg með þessum ógnarháu kröfum um að 40% allra kjörbærra manna á landinu segi já við stjórnarskrárbreytingu. Þetta er svo óhugsandi að meira að segja Sjálfstæðisflokkurinn er til í þessar breytingar. Ég held að það þurfi ekki að segja mikið meira en það. (ÖS: Meira að segja Birgir Ármannsson.)

[22:13]

#### Vigdís Hauksdóttir (F) (andsvar):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni fyrir ræðu hans. Fyrirspurn mín er mjög stutt. Hann telur að þetta frumvarp sé móðgun við þjóðina. Því spyr ég þingmanninn: Treystir hann sér til að samþykkja frumvarpið?

[22:14]

#### Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (andsvar):

Virðulegi forseti. Nei.

[22:14]

#### Freyja Haraldsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Ég ætla að vera stuttur. Við viljum fagna því að þetta frumvarp skuli liggja fyrir og vonum og gerum ráð fyrir því að það verði samþykkt svo hægt sé að halda áfram vinnu með stjórnarskrána. Við teljum að með þessu sé hægt að skapa rými fyrir alla, óháð því hvar þeir standa í málinu, til að halda áfram vinnu við breytingar á stjórnarskrá. Með því sé einnig hægt að hefja nýjan kafla í þessu máli sem er jákvæðari og þannig að fólk geti talað saman af virðingu og komist að niðurstöðu sem sátt er um, sem síðan er hægt að bera fyrir þjóðina og sjá hvað hún vill gera þegar sátt hefur náðst í málinu.

[22:15]

#### Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu en ég má til með að taka rétt aðeins til máls. Við ræðum hér frumvarp sem á að einhverju leyti uppruna sinn í frumvarpi sem ég flutti, þannig að ég gleðst yfir því. Reyndar eru mörkin eilítið lægri. Ég gerði ráð fyrir að 50% þjóðarinnar þyrftu að samþykkja af því ég vil nefnilega að almenn sátt sé um stjórnarskrána. Það eigi bara að vera þannig, það eigi ekkert að keyra ofan í kokið á einhverjum minni hluta breytingar á stjórnarskrá. En ég sætti mig við 40% vegna þess að það er nokkuð hátt og menn geta ekki farið að breyta stjórnarskránni í hverjum mánuði.

Það sem ég vildi segja er að það hafa verið miklar væntingar hjá vissum hópi í þjóðfélaginu um breytingar á stjórnarskrá. Það er búið að vinna óskaplega mikla vinnu, óskaplega mikið starf í stjórnlagaráði og svo hér á þingi o.s.frv.,

og það væri virkilega sorglegt, herra forseti, ef allt það starf tapaðist.

Nú er ekki víst að allir séu sammála um allt, alls ekki. Ég geri ráð fyrir að menn séu ekkert sammála, en það eru viss atriði sem ég hygg að allir þingmenn geti verið sammála um, t.d. að taka upp eitthvert ákvæði í stjórnarskrá um Hæstarétt. Það er ekki orð um hann í stjórnarskránni. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það.

Hv. þm. Birgir Ármannsson fór ítarlega í gegnum það sem ég vildi sagt hafa, þannig að ég er ekkert að segja það aftur. Vegna þess sem hv. þm. Vigdís Hauksdóttir sagði að hér kæmi skriða af frumvörpum um breytingar á stjórnarskrá þá hefur hingað til verið skriða af frumvörpum um breytingar á stjórnarskrá. Þær hafa verið ræddar hérna ör-stutt um miðja nótt, svo hafa þær farið í nefnd og sofnad þar. Ég geri ekki ráð fyrir að það verði mikil breyting á því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

### **Seðlabanki Íslands, 3. umr.**

Stjfrv., 20. mál (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). — Þskj. 20, brtt. 68 og 74, till. til rökst. dagskrár 80.

[22:17]

#### **Jón Þór Ólafsson (P)** (um fundarstjórn):

Herra forseti. Þetta frumvarp, ef það nær fram að ganga, mun mögulega opna heimildir Seðlabankans til að vinna með víðfeðmar upplýsingar um einstaklinga og mögulega ganga gegn friðhelgi einkalífsins. Þetta er, með leyfi forseta, það sem Persónuvernd hefur um málið að segja:

„Þrátt fyrir að athugasemdir með frumvarpinu beri ekki annað með sér en að ætlunin sé að afla almennra upplýsinga um stöðu fjármálafyrirtækja telur Persónuvernd að afmarka þurfi ákvæði 4. gr. frumvarpsins nánar þar sem núverandi orðalag hennar gæti ella falið í sér opnar heimildir til að vinna með víðfeðmar upplýsingar um einstaklinga. Þá telur stofnunin rétt að umrætt ákvæði verði takmarkað við upplýsingar um lausafjárstöðu og gjaldeyrisjöfnuð.“

Persónuvernd leggur því til breytingu á b-lið 4. gr. frumvarpsins og það er breytingartillaga okkar píráta við þessa grein. En við leggjum núna til að þetta mál verði tekið af dagskrá og unnið betur. (Forseti hringir.) Við leggjum til við forseta að hann taki málið af dagskrá og þetta verði unnið betur í haust.

[22:19]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Þar sem forseti hefur greinilega ekki orðið við bón okkar píráta um að taka málið af dagskrá á þessum þingfundi og unnið verði betur í því á haustdögum þegar verður svokallaður stubbur, þing mun hefjast 10. september, leggjum við til vara fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um að málinu verði vísað frá. Þá væri hægt að taka það aftur upp í haust og vinna það betur, í ljósi athugasemda Persónuverndar um að frumvarpið gæti opnað á heimildir til að vinna með víðfeðmar upplýsingar um einstaklinga. Það er möguleiki á því með þessu frumvarpi,

verði það að lögum, að friðhelgi einkalífsins verði brotin. Meðan það er vafi ætti friðhelgi einkalífsins sem varin er í stjórnarskrá, sem við öll erum eiðsvarin til þess að halda, að njóta vafans.

Fyrsta tillaga okkar er því að málinu verði bara vísað frá. Hún gengur víst lengst þannig að hún kemur fyrst til álita og verður greitt atkvæði um hana líklega áður en greidd verða atkvæði um frumvarpið sjálft.

Svo erum við með breytingartillögu við lagafrumvarpið til vara. Sú breytingartillaga er samhljóða tillögu Persónuverndar, en ég las upp úr umsögn hennar áðan. Tillagan hljómar svo, með leyfi forseta:

„B-liður 4. gr. orðist svo: Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Framangreindum lögaðilum er skylt, að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr., að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem eru bankanum nauðsynleg í tengslum við eftirlit og athaganir á lausafjárstöðu og gjaldeyrisjöfnuði. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessu ákvæði.“

Það sem bætist við frumvarpið eins og það liggur fyrir hér með tillögu Persónuverndar eru orðin „framangreindum lögaðilum“. Í frumvarpinu er ekkert nefnt um framangreinda lögaðila og b-liður 4. gr. væri þannig óbreyttur, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Skylt er, að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr., að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.“

Þarna segir að skylt sé að viðlögðum viðurlögum að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg til þess að ná fram tilgangi laganna. Tilgangur laganna er mjög góður. Hann er að veita Seðlabankanum auknar heimildir m.a. til upplýsingasöfnunar til að tryggja fjármálastöðugleika á Íslandi. Það er mjög gott. Það er mjög göfugt markmið. Það er góður tilgangur. En tilgangurinn má ekki helga meðalið. Það má ekki vera þannig að í góðum tilgangi og í góðum ásetningi vörðum við veginn að því að brjóta friðhelgi einkalífs fólks. Það er það sem við stöndum frammi fyrir núna. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt er möguleiki á því, samkvæmt Persónuvernd, að þessar heimildir séu það víðar að við gefum Seðlabankanum heimild til að ganga það langt að hann brjóti friðhelgi einkalífs fólks. Það er möguleiki.

Önnur breytingartillagan okkar er því að fara að tillögu Persónuverndar og breyta b-lið 4. gr. á þann hátt að við bætist þau atriði sem Persónuvernd telur nauðsynleg til þess að skjóta loku fyrir að frumvarpið gefi svo opnar heimildir til að vinna með víðfeðmar upplýsingar um einstaklinga að það brjóti gegn friðhelgi einkalífsins.

Til vara við þetta, að við förum að tillögu Persónuverndar um b-lið 4. gr., erum við með breytingartillögu sem segir einfaldlega að b-liður 4. gr. falli brott. Þá væri hægt að taka það upp seinna. Það væri hægt að klára þessi lög en taka upp þetta atriði seinna. Ég veit að þetta er hryggjastykkið í lögunum, en það væri hægt að taka það seinna og þegar búið væri að afgreiða þetta væri hægt að taka litla

breytingartillögu og hafa til hliðsjónar og tryggja bæði persónuvernd og tilgang laganna; að Seðlabankinn geti kallað eftir upplýsingum til að tryggja fjármálastöðugleika. Það væri hægt að gera það í haust og fyrir því eru forðemi á þessu þingi. Í nefndarálitinu meiri hluta velferðarnefndar með breytingartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur ljóst að stofnunin þurfi á auknum heimildum að halda en í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið við meðferð málsins telur meiri hlutinn að vinna við ný ákvæði um eftirlitsheimildir þurfi aukinn tíma og leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði felld brott ...“

Þetta er það sem við erum að kalla eftir. Við köllum eftir lengri tíma við að vinna þetta þannig að við getum fengið Persónuvernd aftur til fundar við efnahags- og viðskipta-nefnd í haust og getum tryggt að við náum fram báðum þessum markmiðum, að Seðlabankinn fái þær upplýsingar sem hann þarf til að tryggja fjármálastöðugleika og að við verndum friðhelgi einkalífins.

Hvað höfum við gert til að reyna að vekja athygli á þessu máli og reyna að sannfæra þingmenn um að greiða ekki atkvæði á þann veg að farið gætu í gegn lög sem brjóta friðhelgi einkalífins? Við byrjum á að kalla eftir því með athugasemdum við fundarstjórn forseta að hann vísi málinu fram á haustþing. Hann getur enn þá gert það og þá tókum við það bara upp á haustþingi. Það er ekkert að því að fresta þessu. Eða kannski er það ekki rétt að ekkert sé að því að því að það þýðir að Seðlabankinn hefur ekki þessar heimildir strax til að ná fram markmiði sínu. Það er rétt. Það frestast, en við vinnum á móti að við fáum í gegn lög sem er sátt um af fagaðilum, m.a. Persónuvernd, að brjóti ekki friðhelgi einkalífins.

Í nefndarálitinu um frumvarpið segir, með leyfi forseta:

„Umsagnaraðilar hafa gagnrýnt að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að fá Seðlabanka Íslands auknar heimildir til að afla upplýsinga. Virðast sumir þeirra telja að heimildirnar séu annars vegar of rúmar og hins vegar ekki nægilega ítarlega útfærðar.“

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Þannig beri að skilja þá viðbót sem felst í a-lið 4. gr. frumvarpsins á þann veg að ætlunin sé að heimila að Seðlabanka Íslands að afla upplýsinga vegna hlutverks síns við að stuðla að fjármálastöðugleika.“ — Þetta er það sem ég hef nefnt.

Áfram segir í álitinu:

„Í erindi til nefndarinnar kom það mat fram að 29. gr. laganna, að teknu tilliti til 4. gr. frumvarpsins, beindist að mun þrengri hópi en samsvarandi eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og ríkisskattstjóra. Skilningur nefndarinnar er að 4. gr. frumvarpsins feli ekki í sér heimild til að afla upplýsinga hjá einstaklingum og lögaðilum almennt heldur aðeins þeim sem eru í viðskiptum við Seðlabanka Íslands ...“

Þetta er skilningurinn, skilningur nefndarinnar. Mér var tjáð að nefndarálitinu væri nógu sterkt, að það þyrfti ekki að taka þetta fram í lögunum sjálfum, í lagatextanum sjálfum, og nefndarálitinu mundi þar af leiðandi tryggja þetta.

Við höfum farið yfir þetta með okkar lögfræðingi og það kemur hér fram að skilningur nefndarinnar sé sá, svo

ég fari aftur yfir þetta, með leyfi forseta, „að 4. gr. frumvarpsins feli ekki í sér heimildir til að afla upplýsinga hjá einstaklingum og lögaðilum almennt“ — hjá þeim — „heldur aðeins þeim sem eru í viðskiptum við Seðlabanka Íslands.“

Þetta orð „hjá“ í textanum er mjög skýrt dæmi um að þetta hefur greinilega ekki verið hugsað nógu langt. Má þá afla upplýsinga um einstaklinga og lögaðila? Það er sagt að ekki megi ekki afla upplýsinga hjá þeim, en það má afla upplýsinga hjá þeim aðilum sem eru í viðskiptum hjá Seðlabanka Íslands. En má afla upplýsinga hjá þeim um einstaklinga og lögaðila? Nú verða lögfróðari menn en ég að skýra það út. Þarna mundi ég segja að væri stór vafi. Þetta eina orð. Meðan vafi er til staðar skulum við láta friðhelgi einkalífins njóta hans.

[22:30]

**Frsm. efn.- og viðskn. (Ragnheiður Ríkharðsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Öll nefndin stóð að nefndarálitinu efnahags- og viðskipta-nefndar og hv. þm. Jón Þór Ólafsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni fyrir þingflokk Pírata. Nefndin hefur í tvígang fundað með fulltrúum Pírata um nefndarálitinu og áhyggjur þeirra af því að hér sé verið að fela Seðlabankanum of ítarlegar heimildir til þess að afla upplýsinga um einstaklinga. Nefndarálitinu er að sjálfsögðu lögskýringargagn með þeim lögum sem hér verða hugsanlega samþykkt.

Ég ítreka enn og aftur að öll nefndin stendur að álitinu. Ég ætla að fá að lesa nöfn nefndarmanna en þeir eru Frosti Sigurjónsson, Vilhjálmur Bjarnason, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Árni Páll Árnason, Róbert Marshall, Willum Þór Þórsson, Líneik Anna Sveinsson og Edward H. Huijbens. Öll nefndin stendur að álitinu og það er skilningur nefndarinnar að nauðsynlegt sé að veita Seðlabankanum þessar heimildir. Það er líka skilningur nefndarinnar að 4. gr. frumvarpsins feli ekki í sér heimild til að afla upplýsinga hjá einstaklingum og lögaðilum almennt, heldur aðeins þeim sem eru í viðskiptum við Seðlabanka Íslands samkvæmt 6. gr., samanber 7. gr. laganna, fyrirtækjum í greiðslumiðlun og öðrum fyrirtækjum eða aðilum sem lúta opinberu eftirliti samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Ég virði skoðanir Pírata og ég virði frelsi og friðhelgi einstaklinga, en ég tel að í þessu nefndarálitinu sem er svo öflugur meiri hluti með sé þetta skýrt og þar hefur verið farið yfir þetta og skoðað. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem verið er að skoða mál af þessum toga. Ég tel að hér liggi fyrir frumvarp sem er hluti af því frumvarpi sem við treystum að áfram verði unnið með um fjármálastöðugleika og fjármálastöðugleikaráð. Þetta sé hluti af stærri heild.

Virðulegi forseti. Sem framsögumaður nefndarinnar, sem ég ítreka enn og aftur er einhuga að baki nefndarálitinu, legg ég til að frumvarpið verði samþykkt.

[22:32]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Nú undir lok þessarar umræðu vil ég

þakka nefndinni fyrir hennar störf. Ég vil jafnframt þakka öðrum þeim sem hafa ekki í öllum atriðum verið sáttr við efnisatriði frumvarpsins eins og þau liggja fyrir þinginu fyrir að hafa tryggt málinu framgang á þessu tiltölulega stutta þingi sem við höldum hér að sumarlagi.

Eins og umræðan hefur borið með sér hafa ýmis álítamál verið rædd, ekki síst hvað varðar stjórnarskrávarin réttindi, og hafa þau verið með í umræðunni allt frá 1. umr. málsins og á þeim verið tekið eða þau skoðuð sérstaklega í nefndarstarfinu.

Ég tel að það hafi verið nægilega vel gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem taka þarf tillit til og lýsi ánægju minni með að málið stefni nú í að fást afgreitt á þinginu. Ég vísa til þess sem ég sagði strax í framsöguræðu minni sem var að það aukna eftirlit með lausafjárstöðu í kerfinu sem Seðlabankanum er gert kleift að stunda er mikilvægt, meðal annars vegna þeirra veikleika sem komu fram haustið 2008 eða í aðdraganda þess og ekki reyndist vera nægjanleg yfirsýn yfir hjá eftirlitsaðilum en ekki síður vegna þess að áform eru uppi um að afnema gjaldeyrishöft, við skulum segja á komandi missirum, næstu árum, eins fljótt og auðið er. Þá er gríðarlega mikilvægt að allar heimildir séu til staðar til að eyða óvissu og áhættu áður en ákvarðanir eru teknar.

[22:35]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Þegar hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir þessu máli þakkaði ég honum fyrir að hafa augun á boltanum, þ.e. þeim mikilvægustu viðfangsefnum sem við Íslendingar eigum við að glíma um þessar mundir. Það að efla heimildir Seðlabankans í þessu efni er ákaflega brýnt. Ég þekki þau álítaefni sem eru uppi varðandi Persónuvernd sem fyrirverandi formaður efnahags- og viðskiptanefndar og við fjölluðum um þau á nefndarfundi í dag. Ég tel að um þau sé búið eins vel og kostur er og vil nota þetta tækifæri og fagna því að enn og aftur hefur tekist í þinginu góð samstaða þvert á flokka þar sem allir standa saman sem einn um að treysta heimildir Seðlabankans til að taka á sínum stóru viðfangsefnum.

Þar eru gríðarlegir þjóðarhagsmunir undir og auðvitað ekki síður í því að efla bankann sem eftirlitsstofnun. Ég hvet ráðherrann til að halda áfram að efla þær eftirlitsstofnanir sem nú heyra fleiri en Seðlabankinn undir ráðherrann því að frá því að 1. umr. um þetta mál fór fram hefur komið fram skýrsla um Íbúðalánasjóð sem sýnir okkur að 270 milljarða reikningur varð á endanum fyrir það að við höfðum ekki nægilega gott eftirlit og aðhald með fjármálastarfsemi af hálfu hins opinbera. Það á að vera okkur enn sterkari áminning um skyldu okkar að vinna að málum sem þessum hratt og vel í þinginu, þó vanda allan málatilbúnað en standa saman um sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar í einu og öllu.

[22:37]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég get tekið undir að það skiptir máli að náist þverpólitísk samstaða um stór og mikilvæg mál sem

eru ekki í eðli sínu pólitísk. Varðandi eftirlitsstofnanirnar sem hér hafa komið til umræðu í þessu samhengi og víðara samhengi vegna annarra mála sem vísað er til tel ég að við munum áfram þurfa að taka það kerfi til skoðunar og velta því fyrir okkur hvort við höfum byggt upp það stofnanafyrirkomulag, stofnanastrúktúr sem best tryggir að upplýsingar flæði þangað sem þeirra er þörf og að yfirsýn sé á einum stað yfir hina kerfislægu áhættu.

Í því sambandi get ég ekki neitað því að það hefur orðið mér mikið umhugsunarefni að Seðlabankinn hefur ítrekað á undanförmum árum kallað eftir heimildum til að fá frekari upplýsingar á sama tíma og slíkar upplýsingar er hægt að sækja inn í Fjármálaeftirlitið. Þetta er þekkt umræða þar sem hnökkrar hafa reynst vera á því að upplýsingar flæði síðan áfram innan stofnanastrúktúrsins. Þetta eru málefni sem hljóta að gefa okkur tilefni til að spyrja hvort enn þurfi að gera betur þannig að tregða innan kerfisins til að deila upplýsingum verði ekki til þess að hlutir falli milli stafs og hurðar.

[22:39]

#### **Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Ég þakka hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fyrir svarið og deili áhyggjum hans af upplýsingamiðlun á milli stofnana. Nú erum við hæstv. ráðherra til margra ára í þinginu áhugamenn um það að einfalda stjórnkerfi ríkisins og fækka opinberum stofnunum og sameina þær til að gera þær skilvirkari. Ég lýsi þeirri eindregnu skoðun minni eftir að hafa í fjögur ár haft forustu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í þinginu að sameining Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins er því sem næst einboðin. Við erum 330 þúsund manns í þessu landi og það er einfaldlega takmarkað hvað það er skynsamlegt fyrir okkur að byggja upp margar stofnanir.

Þetta eru þær tvær stofnanir sem eiga að hafa eftirlit með fjármálakerfinu. Þær voru áður eitt og ég held að það tryggði betur upplýsingaflæði á milli þeirra, árangur og skilvirkt eftirlit ef fyrirkomulagið væri einfaldað með því að sameina þær. Geti menn náð sama árangri með því að auka samstarfið skal ég ekki standa í vegi fyrir því. Ég fagna viðleitni ráðherrans til þess að fluga þessi mál og gera úrbætur til að efla þær eftirlitsstofnanir sem skipta okkur svo miklu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 22:40]

[22:40]

#### **Útbýting:**

Sóknargjöld, 34. mál, fsp. SilG, þskj. 84.

#### **Varamenn taka þingsæti.**

[22:53]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Borist hafa tvö bréf frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar Helga Hjörvar. Annars vegar um að Oddný G. Harðardóttir, 6. þm. Suðurk., geti ekki gegnt þingmennsku

á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Samfylkingar í kjördæminu Björgvin G. Sigurðsson en hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Hins vegar um að Valgerður Bjarnadóttir, 11. þm. Reykv. n., geti ekki sinnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í kjördæminu Skúli Helgason. Hann hefur einnig áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Borist hafa tvö bréf frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, Ragnheiði Ríkharðsdóttur. Annars vegar um að Hanna Birna Kristjánsdóttir, 1. þm. Reykv. s., geti ekki gegnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Sigríður Á. Andersen, en hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Hins vegar um að Vilhjálmur Árnason, 9. þm. Suðurk., geti ekki sinnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Oddgeir Ágúst Ottesen, en 1. varamaður á lista í kjördæminu hefur boðað forföll. Kjörbréf Oddgeirs hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Oddgeir Ágúst Ottesen, 9. þm. Suðurk., undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[22:54]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Oddgeir Ágúst Ottesen hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

**Dagskrártillag.**

[22:55]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Borist hefur dagskrártillaga um dagskrá næsta fundar frá Birgittu Jónsdóttur sem hljóðar svo:

„Alþingi, 4. júlí 2013.

Ég undirritað geri það að tillögu minni, í samræmi við 1. mgr. 77. gr. þingskapalaga, að fyrst á dagskrá næsta fundar verði eftirfarandi þingmál: Frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Flutningsmenn: Helgi Hrafn Gunnarsson, Birgitta Jónsdóttir, Jón Þór Ólafsson, Ögmundur Jónasson, Páll Valur Björnsson, Helgi Hjörvar. Mál 33, þingskjal 78, 1. umræða, og síðan þau mál sem forseti hefur kynnt að verði á dagskrá síðasta fundar fyrir sum-arhlé.

Ég óska eftir því að þessi tillaga verði borin upp til afgreiðslu í lok þessa þingfundar.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata.“

Fer nú fram atkvæðagreiðsla um tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:56]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Forseti. Ég óska einfaldlega eftir því að fá að taka málið

á dagskrá til að mæla fyrir því, það mun taka um það bil eina mínútu, og vísa því síðan til allsherjar- og menntamálanefndar. Ég óska eftir því út af alvarleika málsins sem er á bak við þessa ályktun að þingmenn taki tillit til þessarar óskar og veiti málinu brautargengi.

[22:57]

**Pétur H. Blöndal (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Herra forseti. Sú persóna sem við hér ræðum um hefur ekki óskað eftir ríkisborgararétti. (**BirgJ:** Það er ekki rétt.) Maðurinn hefur hins óskað eftir því að fá hæli og Alþingi veitir ekki hæli.

[22:57]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Forseti. Ég vil gjarnan upplýsa þingheim um að við þingmenn sem lögðum fram þessa tillögu fengum í pósti áðan ósk um íslenskan ríkisborgararétt frá Edward J. Snowden.

[22:57]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Málið sem hér er farið fram á að greidd verði atkvæði um er í alla staði afskaplega óvanalegt. Mér er til efs að það hafi nokkru sinni áður gerst að þingmenn hafi lagt fram þingmál um að þingið ætti að veita einstaklingi ríkisborgararétt. Það hefur gerst að allsherjarnefnd hafi tekið slík mál til meðferðar enda hafi (**BirgJ:** ... formaður?) fram komið beiðni frá viðkomandi einstaklingi.

Í eðli sínu geta þessi mál ýmist verið mikil fjölmiðlamál, mjög persónuleg mál, erfið viðfangs fyrir þingin. Þess vegna skiptir miklu máli að þau séu unnin sem allra mest í þverpólískri samstöðu, eigi sér uppruna í nefndum, en sá aðdragandi sem hér er boðið upp á er að mínu áliti algjörlega á skjön við allar hefðir í þinginu. Að mínu áliti kemur ekki til greina að verða við beiðninni.

[22:59]

**Róbert Marshall (Bf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegur forseti. Vissulega er hér óvenjulegt mál á ferðinni, en það eru líka mjög óvenjulegar aðstæður og mjög óvenjuleg og mikil grundvallarprinsipp sem þetta mál snýst um.

Það hefur, þrátt fyrir það sem hæstv. fjármálaráðherra segir hér, komið fyrir að Alþingi hefur tekið þá ákvörðun að veita einstaklingi íslenskan ríkisborgararétt án þess að hann hafi beiðni um það. Það var gert á síðasta kjörtímabili, fyrir júlín 2011 ef ég man rétt, nýfæddur drengur á Indlandi með íslenska foreldra sem ekki komust heim. Það eru því vissulega fordæmi fyrir því að Alþingi bregðist við óvanalegum aðstæðum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þetta mál sé tekið á dagskrá og vísað til nefndar.

[23:00]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Já, þetta eru óvenjulegar aðstæður, þetta er óvenjulegt mál og þetta eru óvenjulegir tímar almennt sem við lifum núna. Okkur hefur borist umsókn frá

herra Snowden, hún barst áðan, og við viljum gera þetta í þverpólitískri sátt. Það hvarflar ekki að okkur að gera þetta öðruvísi vegna þess að við vitum að þetta virkar ekki án þess. Þess vegna viljum við fá málið í nefnd þar sem nefndin skoðar öll gögn málsins og tekur síðan upplýsta ákvörðun eftir það.

Við höfum engan tíma, það er það sem einkennir þetta mál, tímapressa af ýmsu tagi, og það eru ekki það mikið af upplýsingum akkúrat núna. Það er nokkuð sem við þurfum bara að skoða í nefnd. Hendum þessu bara inn í nefnd. Við erum búin að eyða meiri tíma núna í að tala um atkvæðagreiðsluna en við vildum eyða í að drífa málið inn í nefnd og vinna það síðan í þeirri nefnd eftir því sem hún getur.

[23:01]

**Helgi Hjörvar (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Forgöngumenn í ríkisstjórn Íslands hafa flutt um það þingmál hér á Alþingi Íslendinga að upplýsingafrelsi sé mikilvægt. Öll erum við sammála um að persónuvernd sé mikilvæg og að vernda borgarana fyrir njósum.

Þetta mál er vissulega sérstakt, en ég spyr hv. þingmenn hvort það sé ekki einmitt vönduð málsmeðferð að gefa tillögunni færi á því að fara til nefndar sem þá hefur færi á því í leyfi þingsins að kanna alla málavöxtu vel og gaumgæfilega áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar í skyndi. Ég minni hv. þingmenn á að sá einstaklingur sem hér á í hlut kann að eiga yfir höfði sér refsingu, fái hann hvergi skjól, sem er af því tagi sem við Íslendingar höfum lýst algerri andstöðu við um allan heim og er það helgasta sem nokkur maður á, sem er líf hans. **(BirgJ: Heyr, heyr.)**

[23:02]

**Ögmundur Jónasson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem formaður Sjálfstæðisflokksins sagði hér áðan, um er að ræða mjög óvenjulegt mál. Komið hefur fram að bandaríska leyniþjónustan hefur krafði öll helstu fyrirtækin á netinu, allar helstu veiturnar sem svo eru kallaðar, um persónuupplýsingar um okkur öll, ekki bara um Bandaríkjamenn. Það hefur verið upplýst og staðfest að njósnad hefur verið um íslenska borgara.

Við erum að tala um Facebook, Google, Skype, og hvað þetta allt saman heitir. Heimsbyggðin stendur öll á öndinni, en það þorir nánast enginn að gera neitt vegna þvingana sem stórveldið Bandaríkin beitir heimsbyggðina. Það er við þær óvenjulegu aðstæður sem Íslendingar eiga að sýna hugrekki (Forseti hringir.) og slá skjaldborg um þann aðila sem ljóstrad hefur þessu upp í þágu (Forseti hringir.) mannréttinda og lýðræðis (**HHG: Og okkar allra.**) og okkar allra. **(BirgJ: Heyr, heyr.)**

[23:04]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Bara stuttlega til að hressa upp á minni hæstv. fjármálaráðherra, formanns Sjálfstæðisflokksins. Á 139. löggjafarþingi var lagt fram mál, mál nr. 470 á þskj. 761, frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisborgararétt skal öðlast:

Madina Salamova, f. 1985 í Rússlandi.“

Og í 2. gr. segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Með því frumvarpi var lagt til að Alþingi veitti rússneskættuðu konunni Madinu Salamovu, sem þekkt er undir höfundarnafninu Marie Amelie, íslenskan ríkisborgararétt. Flutningsmaður frumvarpsins var Árni Johnsen.

[23:05]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Það eina sem er verið að biðja um hér er að þetta mál sé tekið fyrir og fái þinglega meðferð. Við getum þá tekið upplýsta ákvörðun um það, víðað að okkur upplýsingum, séð hvað er satt og logið í málinu.

Það sem við vitum, það sem við höfum fengið frá Amnesty International, virtustu mannréttindasamtökum heims, er að það sem Edward Snowden gerði var að afhjúpa mannréttindabrot á samborgurum sínum og njósnir á borgurum annarra ríkja, m.a. á Íslandi.

Þetta vitum við. Amnesty International segir að hann hafi verið að upplýsa um og afhjúpa mannréttindabrot leyniþjónustu Bandaríkjaforseta, NSA, og njósnir um íslenska borgara. Eigum við ekki að skoða það að veita þessum manni pólitískt hæli? Hann er pólitískur flóttamaður, hann upplýsti um mannréttindabrot stjórnvalda á borgurum sínum. Eigum við ekki að fhuga það, skoða í nefnd, hvort við séum til í að veita honum pólitískt hæli og gera það með ríkisborgararétti í þessu tilfelli, skoða það?

[23:06]

**Freyja Haraldsdóttir (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Mig langar til að lýsa afstöðu minni í þessu máli. Því hefur lengi verið haldið fram að jafnrétti snúist um að eitt gangi yfir alla, en það bara virkar einfaldlega ekki vegna þess að hvert og eitt okkar er einstakt. Við búum við ólíkar aðstæður. Mér finnst ekkert eiga að geta verið því til fyrirstöðu í landi sem kennir sig við mannréttindi og lýðræði að þetta mál verði skoðað og ég mun því greiða því atkvæði.

Dagskráritillaga felld með 33:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** KJak, KaJúl, LRM, BjörgvS, BSB, PVB, RM, SII, SJS, Ssv, SkH, ÖJ, ÖS, ÁPÁ, ÁÞS, BirgJ, BjG, BjÓ, BP, GuðbH, FrH, HHG, HHj, JÞÓ.

**nei:** KÞJ, LínS, PHB, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, OO, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, ELA, EyH, GÞÞ, GBS, SÁA, HarB, IIIG, JónG, KG, EKG.

5 þm. (PJP, ÞM, HE, HöskÞ, JMS) greiddu ekki atkv.

1 þm. (KLM) fjarstaddur.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:08]

**Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Það var að upplýsast rétt áðan að umrædd persóna hefði óskað eftir ríkisborgararétti. Þvílíkur er hraðinn og flumbrugangurinn. Nú geta nefndir þingsins tekið upp mál að eigin frumkvæði og ég legg þá til að umrædd nefnd sem fengi þetta mál taki bara málið upp að eigin

frumkvæði. Hún getur gert það, hefur heimild til þess samkvæmt þingsköpum. En ég sé enga ástæðu til þess, með þessum mikla hraða, að vísa málinu til nefndarinnar eða taka það yfirleitt upp eða á dagskrá. (**ÖJ:** Ertu ekki að leggja það til?) Nei, ég er að leggja til að nefndin taki málið upp á sína arma. (**ÖJ:** Þú ert að leggja það til.) Já, hún geti gert það og þarf ekki til atbeina þingsins með þessum hraða þar sem ég veit ekki einu sinni hvort viðkomandi persóna óskar eftir ríkisborgararétti. Og eins og ég gat um áðan veitir Alþingi ekki hæli. Ég greiði því atkvæði gegn þessari tillögu.

[23:10]

**Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Hvað er hér á ferðinni? Það er verið að flytja tillögu um að setja mál til nefndar til að fjalla um það og skoða frá öllum hliðum. Það er ákvörðunin sem Alþingi er að taka í þessari atkvæðagreiðslu. Það er ekki verið að veita ríkisborgarétt, það er verið að ákveða að tillagan fari til nefndar og hljóti þar þinglega meðferð. Þetta er tillaga um að veita manni sem kom á framfæri upplýsingum sem öll heimsbyggðin hefur tekið þátt í að hneykslast á Bandaríkjunum út af. Maður sem gengur inn í það hlutverk að verða afhjúpari, uppljóstrari, sýn kemur á framfæri við okkur og heimsbyggðina alla upplýsingum sem varða alla mjög miklu máli, skipta miklu máli.

Ég skil ekki tregðu sumra þingmanna til að taka þetta mál til að minnsta kosti efnislegrar umfjöllunar. Það felst ekki meiri skuldbinding í því en það, að ræða málið. Ég segi já.

[23:11]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Ég held að það hafi verið í dag frekar en í gær sem Evrópuþingið samþykkti í mikilli samstöðu að hefja opinbera rannsókn á nýsnumum sem Evrópuþingið og stofnanir Evrópusambandsins hafa sætt af hálfu bandarískra leyniþjónustuaðila eða öryggisaðila á grundvelli upplýsinga sem nefndur maður kom á framfæri. Þeir taka það mál nokkuð alvarlega og ég frábið mér útúrsmúninga og sérstaklega frá hæstv. utanríkisráðherra Íslands við þessar aðstæður.

Mér finnst lítil reisin yfir því, óskaplega lítill hugur í mönnum, ef tillaga um þetta, þ.e. frumvarp sem flytjendur væru væntanlega tilbúnir að láta ganga umræðulaust til nefndar ef það fengist tekið hér á dagskrá, fái að vera í nefnd fram á haustið. Það er nú meira jarkleysið og aum-ingjádómurinn (Gripið fram í.) ef menn geta ekki einu sinni lofað málinu að fara til skoðunar í þingnefnd.

Ég segi já, herra forseti. Mér blöskrar að menn skuli vera svo mjúkír í hnjáliðunum, væntanlega gagnvart stórveldinu, að þeir þori ekki einu sinni að leyfa skoðun á málinu.

[23:13]

**Skúli Helgason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega því frumkvæði sem kemur frá þingmönnum í þessum sal að sinna þessu mikilvæga máli sem lýtur að því að gagnsæi sé í samskipt-

um þjóða og við fáum, almenningur, í alþjóðlega samfélaginu mikilvægar upplýsingar sem varða almannahag.

Það er mikilvægt að Alþingi taki sér stöðu í málum eins og þessum. Við höfum í gegnum árin skapað farveg um veitingu ríkisborgararéttar sem kveður á um að þingnefnd skoði með opnum huga og fari vel yfir hvert mál af þessu tagi. Ég tel að góður bragur sé á því að þingnefnd taki þetta mál og skoði frá öllum hliðum. Ég segi með stolti já.

[23:15]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Edward Snowden hefur ekki vegabréf. Það var tekið af honum, alveg eins og vegabréf var tekið af Bobby Fischer og gert ógilt. Þá var tekin pólitísk ákvörðun á Alþingi þar sem Davíð Oddsson ákvað að Bobby Fischer fengi íslenskan ríkisborgararétt og þingið gerði eins og því var sagt.

Þannig var það. Það vita allir hvernig þetta var. Þá var formaður í allsherjar- og menntamálanefnd hæstv. fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson. Núna vilja þessir háu herrar ekki einu sinni leyfa okkur að taka málið á dagskrá til að koma því í nefnd. Þvílíkur gunguháttur. Hugsjið ykkur hvað þið eruð að gera, hv. þingmenn og ráðherrar. Meira að segja hæstv. forsætisráðherra hefur ekki dug í sér. Ég hélt að aðeins meiri kjarður byggi í hæstv. forsætisráðherra, en því miður virðist hver einasti dagur á þingi valda mér dýpri vonbrigðum með gunguháttinn og valdaofstækið í þessum sal.

[23:16]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Líkt og ég greindi frá við umræðu um málið fyrr í kvöld eru þessi mál ávallt afskaplega sérstök, viðkvæm, geta verið mjög persónuleg. Ég held að við vitum öll sem erum hér inni um hvað þetta mál snýst. Það snýst að sjálfsögðu um það að hér á í hlut einstaklingur sem á yfir höfði sér ákæru og handtökuskipun. (Gripið fram í.) Þingið hefur í hendi sér að bregðast við því ástandi sem upp er komið eftir uppljóstranir hans með þingsályktun og ýms- um öðrum hætti en þeim að taka á dagskrá Alþingis mál sem snýst um að veita ríkisborgararétt.

Ég held að það hljóti að vera okkur öllum verulega mikil umhugsunarefni hvers konar fordæmi væri sett af stað með því í svona máli hjá einstaklingi sem á engin tengsl við Ísland með nokkrum hætti. Ég vísa því til föðurhúsanna að einn einstaklingur (Forseti hringir.) hafi á fyrri árum tekið ákvarðanir um ríkisborgararétt annarra manna. Það hefur að sjálfsögðu aldrei gerst nema með stuðningi Alþingis. (Gripið fram í.)

[23:18]

**Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Mig langaði að bæta við það sem ég sagði áðan. Það að hafa hugrekki til að afhjúpa óþægilegar staðreyndir finnst mér bara frekar aðdunarvert. Fólk sem hefur slíkt hugrekki er yfirleitt fólkíð sem breytir heiminum mest. Það að við getum ekki einu sinni í þessu verndaða umhverfi hér inni sýnt okkar hugrekki og tekið ákvörðun



um að láta skoða málið er mjög magnað. Í virðingu við þetta hugrekki vil ég segja já.

[23:20]

### Helgi Hrafn Gunnarsson (P):

Virðulegi forseti. Ég vil aftur segja að þetta eru ekki venjulegir tímar sem við búum við. Við búum við það að nýsónir eru orðnar mjög eðlilegur hluti að mati margra. Eitt það hræðilegasta við þetta mál allt saman er það hversu mörgum finnst það eðlilegt.

Edward Snowden fórnaði öllu til þess að upplýsa um nýsónir Bandaríkjastjórnar, öllu. Hann fórnaði fjölskyldu sinni, hann fórnaði góðri vinnu, hann fórnaði frelsi sínu — fyrir okkur, fyrir fólkið í þessum sal, fyrir hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. forsætisráðherra, fyrir hverja einustu manneskju í þessum sal. Það er ekki meira sem þarf að taka tillit til.

[23:21]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Manni verður hugsað til þess að næst þegar þingmenn í þessum sal horfa á myndir um menn eins og Gandhi, Dalai Lama, Martin Luther King og aðrar frelsis- og mannréttindahetjur — munið það þá bara að þið þurfið að eiga það við ykkar samvisku að geta ekki lengur samsamað ykkur hetjunni. Næst þegar þið horfið á slíkar myndir getið þið ekki lengur, ef þið segið nei, samsamað ykkur hetjunni.

Ég vona að þið hugsið það. Þið getið breytt atkvæði ykkar núna. Þó að það sé erfitt að gera það núna og þið viljið fara eftir flokksaganum og flokkslífunni, hugsið það, sofið á því. Það verður hægt að bera þetta aftur upp í haust, ég vona að það nái fram að ganga þá, en hugsið þetta.

### Þingsköp Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. forsrh., 30. mál (samkomudagur Alþingis haustið 2013). — Þskj. 67, nál. m. brtt. 75, nál. 76.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[23:24]

Brtt. í nál. 75 samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHj, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, SkH, Ssv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖS.

**nei:** ÖJ.

8 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, BjG, BjörgvS, HHG, JÞÓ, KaJúl, SJS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (BirgJ, KJak, SII) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖS.

**nei:** ÁÞS, BjG, JÞÓ, KJak, LRM, SJS, Ssv, ÖJ.

9 þm. (ÁPÁ, BjörgvS, GuðbH, HHG, HHj, KaJúl, KLM, SII, SkH) greiddu ekki atkv.

1 þm. (BirgJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 44:10 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁÞS, BjG, JÞÓ, KJak, LRM, SII, SJS, Ssv, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁPÁ, BjörgvS, GuðbH, HHG, HHj, KaJúl, KLM, SkH) greiddu ekki atkv.

1 þm. (BirgJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

### Almannatryggingar og málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 25. mál (frítækjumörk, tekjutengingar). — Þskj. 83, brtt. 79 og 82.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[23:30]

Brtt. 79 samþ. með 62 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, Ssv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÞÓ) greiddi ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:26]

#### Freyja Haraldsdóttir (Bf):

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að gera grein fyrir atkvæði mínu eða tala um atkvæðagreiðsluna almennt. Var ég þá ekki að gera einhverja vitleysu núna?

(**Forseti** (EKG): Atkvæðagreiðslan verður endurtekin. Forseti hafði litið svo á að hv. þingmaður vildi fá að gera grein fyrir atkvæði sínu.)

Já, afsakið.

(**Forseti** (EKG): Hv. þingmaður gerir þá grein fyrir atkvæði sínu. Atkvæðagreiðslan heldur áfram.)

Virðulegur forseti. Við munum styðja þetta frumvarp og viljum ekki standa í vegi fyrir því vegna þess að við teljum að þær breytingar sem eru þó gerðar í því séu þess eðlis að við viljum ekki koma í veg fyrir þær. Við mundum þó vilja sjá að frumvarpið þjónaði fleiri hópum og gerði heldur ekki upp á milli kynjanna.

Nú held ég samt að ég eigi að vera að gera grein fyrir atkvæði mínu um breytingartillöguna. Er það ekki rétt? (Gripið fram í.)

Já, einmitt, þá er ég bara formlega búin að klúðra þessu

máli. (**Gripíð fram í:** Nei.) En ég vil nýta tækifærið og hvet ykkur til þess að samþykkja þær breytingartillögur sem liggja fyrir um að gera frumvarpið þannig að það þjóni stærri hópi fólks en það gerir án breytingartillagnanna.

[23:28]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Hér gerir meiri hluti nefndarinnar að tillögu sinni að bráðabirgðaákvæði um frítekjumark á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega verði framlengt út næsta ár, árið 2014. Ég fagna því, en samtímis finnst mér óeðlilegt að frítekjumark á atvinnutekjur örorkulífeyrisþega sé í bráðabirgðaákvæði en sams konar ákvæði um ellilífeyrisþega sé í lögunum, lagatextanum. Af hverju þessi mismunur á þessum tveimur hópum lífeyrisþega er nú lögfest er mér hulin ráðgáta, en ég fagna því að bráðabirgðaákvæðið sé þó framlengt og (Forseti hringir.) mun styðja það.

[23:29]

#### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Báðir stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningar að það yrði forgangsmál að hækka lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja. Hér er verið að mæta litlu broti af því sem lofað var fyrir kosningar og gagnast fyrst og fremst þeim tekjuhærri. Það er ekki rétt forgangsröðun. Þeir verst settu í hópi elli- og örorkulífeyrisþega fá ekki neinar kjarabætur. Stjórnarandstaðan lagði til að komið yrði til móts við þá hópa en það var fellt, því miður. Ég styð samt þetta skref, þótt ég telji það ekki vera rétta forgangsröðun, og brýni þingmenn til að halda áfram þeirri heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu sem hafin var og þeir nýti þá miklu vinnu sem búið er að leggja í þá endurskoðun og stórir hópar eins og Samtök atvinnulífsins, ASÍ og fleiri hafa mælt með að yrði haldið áfram.

Brtt. 82 samþ. með 63 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHJ, HöskÞ, IIIG, JMS, JónG, KPÓ, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:31]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Ég kem hér upp því að í dag hefur meiri hlutinn því miður ekki stutt tillögur minni hlutans, en þetta er tillaga þess eðlis, hún er formtillaga varðandi fyrirsögn frumvarpsins. Úr fyrirsögn frumvarpsins falla orðin „og eftirlitsheimildir“ af því að við vorum sammála um það í nefndinni að samþykkja ekki breytingar á lögunum hvað varðaði eftirlit stofnunarinnar heldur ætlum að vinna að því nánar í haust og erum sammála um markmiðin að því. Þetta er formtillaga um fyrirsögn frumvarpsins og ég taldi rétt að koma hér og skýra það út.

Frv., svo breytt, samþ. með 62 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHJ, HöskÞ, IIIG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:32]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég fagna því að líta yfir atkvæðatöfluna og sjá að hér er næstum því komið 63:0, en það eru 62 sem virðast ætla að styðja málið og það er mjög þakkarvert.

Ég vil þakka samstarfið við velferðarnefnd og vinnuna þar. Það hefur margítrekað komið fram að þetta er fyrsta skrefið hjá ríkisstjórninni að bæta kjör lífeyrisþega, aldraðra og öryrkja og annarra sem þiggja greiðslur frá Tryggingastofnun. Þetta mun bæta kjör þúsunda lífeyrisþega og að sjálfsögðu, eins og kom fram í framsögu minni, munum við halda áfram að vinna að heildarendurskoðun á almannatryggingunum þannig að nýtt kerfi muni gagnast öllum lífeyrisþegum, öldruðum og öryrkjum og við getum tryggt að við verðum áfram með gott öryggisnet fyrir þá sem á því þurfa að halda.

[23:33]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég greiði atkvæði með frumvarpinu en með semingi vegna þess að ég var í þeirri nefnd sem vann að því að samræma lífeyrisgreiðslur almannatrygginga og lífeyrissjóða og sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu, eftir mikla yfirlegu, umhugsun og umræðu, að hverfa skyldi frá öllum frítekjumörkum, taka heldur upp lægri prósentu og horfa til framtíðar og þess kostnaðar sem lífeyriskerfið og Tryggingastofnun mun mæta á næstu árum sem er umtalsverður og háttvirt Alþingi verður að taka afstöðu til innan tíðar.

Þess vegna er það með semingi sem ég samþykki þetta en þetta eru góð mál svona hvert fyrir sig og hugsuð til skamms tíma.

[23:34]

#### **Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að skandalísra ekki aftur núna, en mér finnst ég knúin til að segja að þrátt fyrir að vilja styðja þetta frumvarp, vegna þess að ég tel að það sem er þar í geti stutt við ákveðinn hóp og ég vil ekki koma í veg fyrir það, þykir mér afar flókið og það hefur mikið togast á innra með mér að greiða því atkvæði mitt vegna þess að það tekur ekki tillit til allra hópa. Það er ekki í rauninni mjög heildstætt og ég hefði viljað sjá miklu markvissari aðgerðir sem þjónuðu hópnum öllum. Jafnframt finnst mér mjög flókið að greiða atkvæði með frumvarpi þar sem jafnræði kynjanna er ekki gætt. Ég hef því ákveðið, eins og hefur komið fram, að greiða því atkvæði en þó af miklum trega.

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég vil taka undir allt það sem hér var sagt á undan og mér líður nákvæmlega eins. Mér finnst mjög sárt hve margir hópar sitja eftir og það eru þeir hópar sem þurfa hvað mest á stuðningi og betri kjörum að halda frá okkur á Alþingi. Það er því miður svo oft á þessum vinnustað að tilfinningarnar eru blendnar gagnvart þeim ákvörðunum sem maður þarf að taka. Ég vil alls ekki taka möguleikann frá þeim sem fá bætur en á sama tíma mótmæli ég því harðlega að ekki sé tekið tillit til þeirra sem hafa hvað minnst og hafa beðið hvað lengst og áttu von á því að kjör þeirra yrðu rétt hér í dag.

[23:36]

Það væri hægt að halda lengi áfram í þessu máli en kjarni þess (Forseti hringir.) er óskaplega einfaldur, (Forseti hringir.) það er verið að bæta kjör eldri borgara og öryrkja sem fráfarandi ríkisstjórn hafði skert. (**Gripið fram í:** Skammastu þín.) (**Gripið fram í:** Skætingur.)

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 86).

**Veidigjöld, frh. 3. umr.**

Stjfrv., 15. mál (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). — Þskj. 15, nál. m. brtt. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[23:41]

**Arni Páll Arnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að styðja þetta frumvarp því að margir fá úrlausn sem ekki eru ofhaldnir. Hitt er sérkennilegra að frumvarpið færir þeim allra, allra mest sem hafa allra, allra mest fyrir og meiri hlutinn hefur látið fram hjá sér fara í kvöld tækifæri til að gefa eitthvað til þeirra sem minna hafa milli handanna. Fólksins sem fær lítinn lífeyri úr hinum almennu lífeyrissjóðum. Þess bíður núna að borga þennan reikning og fá ekkert í sinn hlut.

Það er líka áhyggjuefni að aðferðafræðin sem valin er af hálfu hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra gengur, eins og hv. þm. Pétur Blöndal rakti áðan, þvert gegn því sam- mæli sem hefur verið að myndast á milli aðila vinnu- mark- aðarins og þvert á alla flokka um nýtt almannatrygginga- kerfi. Það verkefni er sett í uppnám og ábyrgðin á því er kirfilega í höndum ríkisstjórnarinnar.

[23:37]

[23:38]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts- son) (S):**

Virðulegi forseti. Það er svo sannarlega oft sem við í þessum þingsal viljum geta gert betur við þá sem minna mega sín. Því er haldið fram um þetta mál að það komi einkum þeim til góða sem hafa skásta stöðuna meðal eldri borgara og öryrkja. Þá er rétt að halda því til haga að fyrr- verandi ríkisstjórn hafði einmitt skert kjör þessara og hlíft hinum sem voru með mestu réttindin. Það er verið að vinda ofan af því með þessum aðgerðum (Gripið fram í.) og koma þannig til móts við þann hóp.

Hér er því haldið fram að þetta sé ekki nóg. Þeir eru rétt nýfarnir frá völdum sem hæst láta í þeirri umræðu og not- uðu ekki tímann til að hrinda sínum hugðarefnum í fram- kvæmd. (**SI:** Þú veist að þetta er rangt.) (**Gripið fram í:** Það er allt annað ...) Síðan er því haldið fram að núverandi ríkisstjórn hafi fallið frá áformum um að endurskoða trygg- ingakerfið. Það er einfaldlega úr lausu lofti gripið (Gripið fram í.) en það verður ekki gert á einu sumarþingi. Engu að síður koma þessir sömu þingmenn og styðja frumvarpið en segja það ganga í berhöggt við málið sem þeim er svo hjart- fólgið. (Forseti hringir.)

Þessi umræða er alveg óskaplega grunn, öfugsnúin og (Gripið fram í.) rökin öll á hvolfi. (Forseti hringir.) (**SI:** Skætingur.) Nú er kallað fram í að ég sé með skæting. Reyni að benda á einfaldar staðreyndir. (Forseti hringir.)

**Arni Páll Arnason (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Það er gott að geta gert grein fyrir at- kvæði sínu um þetta mál og fjallað um þessa atkvæða- greiðslu rétt á eftir atkvæðagreiðslunni um hin sviknu fyrir- heit í garð lífeyrisþega sem við vorum að ganga frá áðan, þar sem ríkisstjórnin stóð ekki við stóru orðin og mætti ekki þeim stóra hópi sem er úrlausnar þurfi. Hér lagði ríkis- stjórnin hins vegar lykkju á leið sína til að mæta þeim sem hún taldi helst í þörf fyrir aðstoð hins opinbera á samdrátt- artímum, (Gripið fram í.) stórutgerðinni. Hún fær hér gjafa- pakka sérhannaðan frá ríkisstjórninni á sumarþingi. Og hérna sjáum við forgangsroðunina alveg klára. Hér er ekk- ert hik. Hér er engin nefnd sett niður. Hér er ekkert verið að agnúast út í einar skammstafanir sem kvarta yfir fram- göngu ríkisstjórnarinnar. Ó nei, hér er haldið áfram á fullri ferð.

Við gáfum ríkisstjórninni tækifæri til að bæta málið og mæta sannanlega vandkvæðum minni útgerðanna. Við komum með raunverulega úrlausn í því efni. Henni var hafnað, (Forseti hringir.) vegna þess að ásetningurinn var svo einbeittur. Nú í dag (Forseti hringir.) tókst okkur að stöðva viðbótina þegar með kvöldkaffinu (Forseti hringir.) í gærkvöldi (Forseti hringir.) átti að koma með viðbótargjaf- ir. (**SI:** Sumargjöf ríkisstjórnarinnar.)

[23:43]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benedikts- son) (S) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að lýsa þeirri von minni að umræðan um mikilvægi íslensks sjávarútvegs og mikilvægi þess að greinin búi við almenni- leg skilyrði og sæti ekki ofurskattlagningu, (Gripið fram í.) heldur verði hér þróað kerfi sem nálgist að sækja það sem við höfum kallað auðlindarentu fram til þessa, verði aðeins þroskaðri en hún hefur verið um þetta mál.

Hér eru veiðigjöldin sett í samhengi við bætur til öryrkja og aldraðra. Hér eru veiðigjöldin sett í samhengi við bága stöðu ríkissjóðs. Stjórnarandstaðan í þessu máli hefur verið gjörsamlega prinsíplaus, algerlega, Samfylkingin alveg sérstaklega. Hún er algerlega búin að yfirgefa hugmynda- fræðina að baki auðlindarentu og hófsömum sanngjörnum sköttum á grundvelli þess að menn njóti forgangs að tak- markaðri auðlind. Það hefur ekki eitt einasta skynsamlegt

orð fallið í umræðunni á þeim grundvelli. [Háreysti í þingsal.] Þetta hefur einungis snúist um stöðu ríkissjóðs. Stjórnarandstaðan er algerlega prinsiplaus í þessu máli. [Frammköll í þingsal.]

**(Forseti (EKG): Þögn í þingsalnum.)**

Ef ég gæti fengið að klára. Menn verða bara að þola það sem hafa verið algjörlega prinsiplausir í umræðu (Forseti hringir.) um veiðigjöld og grundvöll þeirra ... [Frammköll í þingsal.] (Forseti hringir.) — Ef ég gæti fengið hljóð, virðulegi forseti. Menn verða bara að þola það, þeir sem hafa verið svona gjörsamlega prinsiplausir, að þurfa að spóla til baka á byrjunarreit. [Frammköll í þingsal.] (Forseti hringir.) Þegar við höldum áfram þessari umræðu næsta vetur. **(Gripíð fram í:** Það er enginn hagfræðingur í landinu ...)

[23:45]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumönnum hljóð til að geta lokið máli sínu (Gripíð fram í.) Þannig að forseti geti haft stjórn á fundinum. **(Gripíð fram í:** Þú ættir að nota bjölluna á ráðherra.) **(Fjmrh.:** Gefa forseta hljóð.) Forseti hefur notað bjölluna óspart á ráðherra jafnt sem þingmenn, en hins vegar verður auðvitað að gefa þingmönnum og ráðherrum hljóð og tækifæri til þess að gera grein fyrir sínu máli.

[23:45]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst það aukunarvert hvernig sumir fara með vald sitt. Mér finnst það sorglegt. Að sjá forgangsröðun ríkisstjórnarinnar núna er líka aukunarvert. **(BirgJ:** Heyr, heyr.) Þessar tugmilljarðalækkanir á veiðigjöldum eru ekki til marks um mikinn sáttahug við þjóðina um sjávarútveg landsins. Það hafa yfir 35 þús. manns skrifað undir mótmæli við lækkan á veiðigjaldi. **(HöskP:** Tugmilljóna.) Stjórnvöld hunsu það algjörlega og segja stríði á hendur réttlætiskennd landsmanna. Það væri hægt að nýta þessa fjármuni til að styðja við þá hópa sem verst hafa í þjóðfélaginu. Það er hræsni að tala eins og hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra talar. Það er ljótur leikur að tala svona við þjóðina og lofa og lofa en þegar til stykkisins er komið eru það bara svik við þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, en stórúterðinni, sem á ekki salt í grautinn, henni er hampað. **(Gripíð fram í:** Kjaftæði.) **(Gripíð fram í:** Heyr, heyr.)

[23:47]

**Róbert Marshall (Bf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegur forseti. Auðvitað þurfa menn að reyna að ná einhverri yfirvegum til að geta rætt þetta mál. Því miður er það þannig að með þessu máli erum við að færast frá sáttinni. Það hefði verið tækifæri fyrir ríkisstjórnina til að nálgast hana. Það er ekki svo langt í land. Þau sjónarmið sem þarf að mæta er að þjóðin njóti eðlilegs arðs af sinni auðlind. Það er klárt mál og greinilegt af þeirri undirskriftasöfnun sem fór af stað á dögum að þjóðin er þeirrar skoðunar að svo sé ekki með þessari lækkan.

Það er sjálfsgöð krafa líka að þeir sem stunda útgerð og

sjávarútveg á Íslandi njóti arðs af sinni vinnu. Við þurfum að mæta því líka og tryggja það. Við þurfum að gæta að því að það sé eðlileg verðmyndun á kvóta, að það sé kvótamarkaður. Og við þurfum að gæta þess að nýliðar geti nálgast þessa atvinnugrein og tekið þátt í henni.

Þetta er nú allt og sumt sem þarf að nálgast í þessum efnum. En þá verða menn að temja sér að fara upp úr skotgröfunum og upp úr þessari tilfinningasemi (Forseti hringir.) og ná lausn í málinu.

[23:48]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (um atkvæðagreiðslu):**

Forseti. Það er ljóst að þetta frumvarp verður samþykkt. Það sem ekki er ljóst er hvað verður um það eftir að það verður samþykkt. Það er mikið ákall úti í samfélaginu um að lögin verði ekki samþykkt af forseta lýðveldisins. Það er ákall um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið. Við píratar vonum einlæglega að það fari í þjóðaratkvæðagreiðslu út af því að 70% landsmanna vilja það.

Því hefði verið lag fyrir ríkisstjórnina að breyta þessu frumvarpi um lækkan á veiðigjaldinu, sem er nota bene ekki skattur heldur er gjald af arði sem hefði svo sannarlega nýst vel við fjárlagagerðina. Nú þarf hún að bíða fram í október út af því að ríkisstjórninni tekst ekki að finna leiðir til að minnka þetta risastóra gat sem meira að segja (Forseti hringir.) Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gagnrýnt hæstv. ríkisstjórn harkalega fyrir.

[23:49]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Okkur Íslendingum sem þó byggjum efnahagslíf okkar meira og minna á nýtingu náttúruauðlinda hefur ekki enn þá tekist að temja okkur hugsunarháttinn á bak við auðlindarentu, eðlilega, hóflega auðlindarentu sem þeir greiða eingöngu sem hafa sérleyfi til nýtingar á náttúruauðlindum Íslands. Það er, virðulegi forseti, eðlileg krafa að þjóðin fái hlutdeild í þeim umframhagnaði sem myndast hjá þeim aðilum sem hafa þessi sérleyfi.

Virðulegi forseti. Hér er verið að víkja af þeirri braut að taka hófleg veiðigjöld, fá hóflega auðlindarentu fyrir sérleyfi á nýtingu á auðlindum sjávar. Það hljótum við öll að harma. Þetta sýnir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar og sýnir líka að hún er að kasta stríðshanska inn í samfélag okkar sem hefur deilt um þetta mál áratugum saman. Það er kominn tími til að sjávarútvegurinn fái stöðuga umgjörð en sé ekki settur með þessum hætti af núverandi ríkisstjórn milli stríðandi fylkinga um þessi mál. Það er það sem er að gerast hér, virðulegi forseti. **(Gripíð fram í:** Heyr, heyr.)

[23:51]

**Björt Ólafsdóttir (Bf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að rekja þetta mál fram og til baka, við höfum gert það nægjanlega, held ég. En ég verð að segja, hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar, þið eruð okkur nýju þingmönnum ekki gott fordæmi. Við verðum að geta talað betur um þessa hluti. Þetta er ofboðslega lítið flókið. Þegar fólk gargar á hvert annað nennir enginn að hlusta. Það er bara þannig. Ef það á að nást einhver sátt um sjávarútveginn skulum við fara að tala saman eins og fólk.

[23:52]

**Skúli Helgason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Því miður hefur það verið þannig um áratugaskeið að heiftúðugar deilur hafa verið um kvótakerfið, um stjórn fiskveiða á Íslandi. Það er afar mikilvægt verkefni fyrir þingheim að taka það verkefni alvarlega að reyna að byggja brú á milli andstæðra sjónarmiða. Ég held að það hafi verið afar mikilvægt skref sem fyrri ríkisstjórn steig með því að taka upp þá skipan, í fyrsta sinn, að útgerðin borgaði sanngjörn veidigjöld til þjóðarinnar. Það er þjóðin sem á nytjastofna sjávar samkvæmt lögum, en því miður hefur skipanin verið með þeim hætti að útgerðin hefur eingöngu greitt málamyndagjald til eiganda auðlindarinnar, gjarnan á bilinu 1–2% af hagnaðinum.

Það er dapurlegt að verða vitni að því að hér er ný ríkisstjórn að stíga skref til baka og þannig draga úr líkunum á því að sátt myndist í sjávarútvegi. Vonandi er það eingöngu bráðabirgðaráðstöfun sem verður tekin til baka í hinni endanlegu skipan.

[23:53]

**Þjörgvin G. Sigurðsson (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Hún er vissulega vandfundin, hin eina rétta aðferð við að finna út sanngjarnt gjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. En vitundin úti í samfélaginu er sú að hér sé gengið allt of langt, hér sé allt of bratt farið í það að lækka auðlindagjöldin sem voru tekin upp fyrir skömmu síðan. Þess vegna er sú tortryggni sem einkennir umræðuna. Þess vegna söfnuðust á örfáum dögum 35 þúsund undirskriftir, ákall til forseta lýðveldisins um að vísa þessu máli til þjóðarinnar.

Sjálfur hefur forsetinn sagt að engin mál séu betur til þess fallin en þau sem lúta að nýtingu auðlindanna og sjávarútvegsins til að greiða um atkvæði. Þess vegna verður vandfundin sú leið fyrir forseta Íslands að undirrita þessi lög og vísa þeim ekki til þjóðarinnar. Það er ástæða til að nota atkvæðagreiðsluna og atkvæðaskýringarnar til þess að skora á forseta lýðveldisins að standa nú við stóru orðin um lýðræðisvakninguna og verða við ákalli 35 þúsund Íslendinga um að vísa þessu máli til þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[23:54]

**Jón Gunnarsson (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Hér hrópa þeir hæst sem síðastliðin fjögur ár hafa farið með völd, síðastliðin fjögur ár hafa skert hlut minnihlutahópa í samfélaginu, [Frammíköll í sal.] hafa í fjögur ár hafa nánast skipulega unnið að því að draga mátt úr íslensku atvinnulífi með þeim afleiðingum að hér horfum við á einhverja minnstu fjárfestingu á lýðveldistímnum í íslensku atvinnulífi. (Gripið fram í.)

Þessi ríkisstjórn er að sýna á sín spil. Hún er að fara þá leið að efna þau kosningaloforð sem hún gaf í kosningabaráttunni. (**Gripið fram í:** Við LíÚ.) Hún er að byrja að stíga þau skref að bæta kjör þeirra sem minna mega sín. (Gripið fram í.) Hún er að byrja á að stíga þau skref ... [Hlátur í þingsal.] (Forseti hringir.) Hún er að byrja að stíga þau skref að efla íslenskt atvinnulíf þannig að það megi verða í framtíðinni sá grunnur að öfluglu samfélagi sem þarf að

vera. En með þeirri helstefnu sem fráfarandi ríkisstjórn rak hér hefur íslenskt atvinnulíf farið svo niður að það á sér engin fordæmi. Þetta er hin alvarlega staða. (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) Við munum núna spyrja að leikslökum. (Forseti hringir.) Við erum bara að byrja. [Hlátur í þingsal.]

[23:56]

**Guðbjartur Hannesson (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra segir að ekkert skynsamlegt orð hafi fallið frá stjórnarandstöðunni. Sá sem hér stendur hefur m.a. sagt að sjávarútvegur sé mikilvægasta atvinnugrein landsins og greinin eigi að búa við hagstæð skilyrði, það eigi að ná sátt í sjávarútvegi og það eigi að losa hann undan því að hér sé kosið um eina atvinnugrein á fjögurra ára fresti. Hér kemur hæstv. fjármálaráðherra og segir að þetta sé bull. (**Gripið fram í:** Um veiðigjöld.) Það var greinin um veiðigjöld.

Við höfum talað fyrir sátt, ekki bara við útgerðarmenn, heldur við þjóðina sem hefur ítrekað talað fyrir því að við fáum auðlindagjald. Af hverju? Jú, vegna þess að við ætlum að nota það í samfélagsneysluna. Það er þess vegna sem þetta tengist. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni að gera þetta svona skýrt af því að hann veit hverjir það eru sem þurfa mest á aðstoð að halda. Við höfum aðrar skoðanir á því. Við vorum hér að greiða atkvæði um almannatryggingar. Við berum hag þeirra fátæku fyrir brjosti og þeirra sem eiga undir högg að sækja. Fyrir því ætlum við að berjast. (Gripið fram í.) Það gengur fram af mér hvernig menn ganga fram hér í (Forseti hringir.) málf lutningi, í hagsmunagæslu fyrir sérhagsmunum gegn almannahagsmunum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) (**JónG:** ... fyrir fjórum árum.) (Forseti hringir.)

[23:57]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa hv. þingmönnum sem eru hér að halda ræður sínar hljóð.

[23:58]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Ég er andvígur þessu máli vegna þess að ég tel að hér sé allt of, allt of langt gengið. Ég hefði verið tilbúinn til að skoða ýmsar lagfæringar á þessu fyrirkomulagi. Ég er hér að gera grein fyrir afstöðu minni. Það hélt ég að ætti almennt að gera í atkvæðaskýringum, að menn útskýrðu hvernig þeir greiddu atkvæði. En hæstv. fjármálaráðherra gekk hér áðan í ræðu eiginlega lengra en maður á að venjast í því að nota þetta tækifæri til að ráðast hér að þeim sem ekki eru sammála honum í salnum.

Ég segi bara þetta: Ég frábið mér geðvonskulega og skætíngslega einkunnagjöf hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra um málf lutning annarra í salnum. (Gripið fram í.) Ég hélt hér 40 mínútna ræðu þar sem ég fór nákvæmlega yfir það sem fjármálaráðherra sagði að enginn hefði talað um grundvöllinn og hugmyndafræðina á bak við það að sækja auðlindarentuna og að þjóðin eigi að fá sanngjarna hlutdeild í henni. Ég hef mín rök og mín sjónarmið fyrir því að hér sé allt of langt gengið til baka í þeim efnum. Maður á ekki að þurfa að sitja undir einkunnagjöf af þessu tagi.

Hæstv. fjármálaráðherra ætti að reyna að vera hér í aðeins betra skapi, jafnvel þótt klukkan sé orðin tólf (Forseti hringir.) og hann sé kannski ekki alveg sáttur við ýmislegt á sínum eigin bæ.

[23:59]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Fyrir í dag áttum við í smá orðaskaki, ég og hv. formaður atvinnuveganefndar, Jón Gunnarsson. Við vorum að spjalla um það sem ég var að velta fyrir mér, hvers vegna skyldi alveg á lokametrunum í málinu öllu eiga að bæta við hlunnindin og lækka hlut þjóðarinnar enn frekar í því sem kemur til hennar af auðlindanýtingunni. Ég velti því fyrir mér hvað þetta gæti verið. Varla væru þeir að meina það að láta þetta standa út af því að þá væru meiri líkur á að málinu yrði vísað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðan velti ég fyrir mér hvort þetta yrði dregið til baka. Svo kemur hv. þm. Jón Gunnarsson upp í pontu og talar um sáttarhönd. Þá hugsa ég: Já, hann er, eins og við ræddum um, líklega að reyna að fá það í fjölmiðla að ríkisstjórnin hafi rétt út sáttarhönd í málinu. Hún er búin að lækka gjaldið um 3 milljarða, svo skyndilega á lokametrunum ætlar hún að taka örflítið meira, en nei, ég er hættur við, hérna er sáttarhöndin. (Forseti hringir.) Og þetta er komið í fjölmiðla. Sáttarhöndin er í fjölmiðlunum. [Hlátur í þingsal.]

[00:01]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst um það hvað sé sanngjörn og eðlileg auðlindarenta. Þegar frumvarpið kom inn á þingið á síðasta kjörtímabili stóð til að taka um 23 milljarða út úr greininni. Sú tala lækkaði niður í 13 milljarða. Við sögðum þá að það væri of langt gengið gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum og við teldum að hægt væri að lækka þessa tölu um einhver prósent. Nú erum við að tala um um það bil 10 milljarða auðlindarentu sem eru gríðarlega miklir fjármunir. Stjórnarliðar þá voru ekki reiðubúnir að koma til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki sem lá fyrir að mundu fara á hausinn. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Nú hins vegar koma þeir fram með breytingartillögu þess efnis.

Við sögðum líka að þetta væri (Forseti hringir.) landsbyggðarskattur. Það er þess vegna sem er ráðist (Forseti hringir.) í þessar breytingar. Okkar mat (Forseti hringir.) er að nú sé verið að taka eðlilega og sanngjarna auðlindarentu (Forseti hringir.) Ég virði það alveg að menn hafi á því mismunandi skoðanir, herra forseti. (**Gripið fram í:**)

[00:02]

**Páll Valur Björnsson (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Þetta er búin að vera aldeilis lífleg umræða. Í kosningabaráttunni var talað um það alls staðar þar sem maður kom að það vantaði peninga í heilbrigðisferfið, það vantaði peninga í löggæsluna, það vantaði peninga í menntakerfið. Í raun var bara öll grunnþjónusta að hrúni komin í þessu landi. Það er ekkert skrytið miðað við það sem á hefur gengið hér síðustu árin. Á sama tíma og þetta er að gerast er verið að lækka veiðileyfagjald á útgerð í landinu sem aldrei hefur staðið betur — aldrei.

Ég vil líka minna ykkur á að á síðustu áratugum hefur gengið á Íslandi verið fellt trekk í trekk til að bjarga útgerðinni frá gjaldþroti. Hverjir báru þær byrðar? (**Gripið fram í:** Almennungur í landinu.) Almennungur í landinu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Núna þegar svona vel gengur hjá þessari atvinnugrein eiga þeir bara að vera menn til þess að borga þetta og vera stoltir af því. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Það er það sem á að gerast. Þannig er það. Svo getum við rætt það seinna að lækka.

[00:04]

**Páll Jóhann Pálsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

[Kliður í salnum.]

(**Forseti** (EKG): Það er aðeins einn fundur hér í gangi í einu.)

Virðulegi forseti. Mér finnst nafni minn, hv. þm. Páll Valur Björnsson, fljótur að skipta um skoðun því við skiluoðum sameiginlegu (**PVB:** ... ekki til þess.) álitu fyrir ári síðan um veiðigjöld þar sem við vorum báðir sammála um að þetta væru allt of há veiðigjöld á bolfiskinn. (**Gripið fram í:** Það voru mistök.) Jæja, hvað um það.

Nú er verið að greiða atkvæði um auðlindarentu. Auðlindarentan er reiknuð með sömu formúlu á uppsjávarfisk og botnfisk. Ef við ætlum að nota sömu formúlu, sömu auðlindarentu úr báðum greinum, hækka báðar eða lækka báðar. Við getum ekki bara komið inn og hækkað botnfiskinn af því okkur finnst gjaldið vera of lágt. Ef við ætlum að vera með auðlindarentu og reikna út hvaða prósentu við ætlum að hafa út úr auðlindinni skulum við bara gera það þannig. Látum jafnt yfir báðar greinar ganga.

[00:05]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Mér finnst það hafa komið ágætlega fram í þessari umræðu um atkvæðagreiðsluna á hversu ótrúlega miklum villigötum umræðan er í reynd. Það getur verið sagt hvað auðlindarenta er í raun og veru og hvað gengið er að taka af greininni. Flöt krónutala miðað við þorskígildi reiknast út frá meðaltölum, tekur ekkert tillit til afkomu einstakra félaga og leggst með ósanngjörnum hætti á suma meðan hún er kannski eitthvað sanngjarnari fyrir aðra. Ef það á eitthvert vit að komast í þessa umræðu þarf að spóla til baka. Við erum með stórkostlega gallaða löggjöf um veiðigjöld eins og hún er í dag.

Ríkisstjórnin er á fáum dögum undir mikilli tímapressu að reyna að gera sitt besta. En ég frábið mér að umræðan eigi að snúast um það hversu mikið vantar í ríkiskassann vegna þess að þá ætti, ekki satt, eins og mér heyrast á sumum þingmönnum, að taka bara allan hagnaðinn af greininni. Af hverju bara ekki þessari grein? Af hverju ekki öðrum greinum? Þetta er umræða ... [Frammíköll í þingsal.] Má ég fá að klára mál mitt, (Forseti hringir.) virðulegi forseti? [Frammíköll í þingsal.] Þetta er umræða ...

(**Forseti** (EKG): Gefið ræðumanni hljóð til að ljúka máli sínu.)

Ef þingmenn gæfu mér eina mínútu til að fá að tala í friði. (Forseti hringir.) Þetta er einmitt umræðan sem mun

ekki skila okkur neinu, umræðan um að greinin verði (Forseti hringir.) að borga eftir því hvernig ástandið er í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

Brtt. í nál. 73,a kölluð aftur.

Brtt. í nál. 73,b samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IIIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, OO, PVB, PHB, REÁ, RR, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE.

25 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, BirgJ, BjG, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHG, HHj, JÞÓ, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PJP, RM, SII, SkH, SJS, SSv, ÓJ, ÓS) greiddu ekki atkv.

Fr.v., svo breytt, samþ. með 37:25 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HöskÞ, IIIG, JMS, JónG, KG, KÞJ, LínS, OO, PHB, REÁ, RR, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁPÁ, ÁÞS, BirgJ, BjG, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, FrH, GuðbH, HHG, HHj, JÞÓ, KJak, KaJúl, KLM, LRM, PVB, RM, SII, SkH, SJS, SSv, ÓJ, ÓS.

1 þm. (PJP) greiddi ekki atkv.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:08]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá að gera grein fyrir atkvæði mínu og jafnframt okkar hjá Bjartri framtíð. Við munum ekki greiða atkvæði með frumvarpinu, ekki með þessari lækkun á veiðileyfagjaldinu. Ég vil samt að það komi fram að það er margt ágætt í þessu frumvarpi sem við komumst að í vinnu atvinnuveganefndar. Ég held að við höfum ekki reynt nóg, svo vægt sé til orða tekið, að komast að sameiginlegri niðurstöðu um frumvarpið. Ég held að það hefði vel verið hægt. Ég held, eins og ég sagði áðan, að ef við tökum pólitíkina aðeins út fyrir sviga getum við gert það. (ÓJ: Þetta er hagsmunabarátta.)

[00:09]

#### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. atvinnuveganefnd fyrir gott starf við vinnu þessa frumvarps. Ég verð að segja eins og er að umræðan á kóflum hefur verið afar ómálefnaleg og í miklu ójafnvægi. Hér er farið mjög frjállega með tölur, vægast sagt, og hugtök einnig (Gripið fram í.) og mun litlu skila (Gripið fram í.) ef við höldum áfram á þeirri braut. Við höfum lagt af stað í vegferð að hefja vinnu nú þegar við nýtt veiðigjald sem tekur gildi frá og með næsta fiskveiðiári sem og nýtt fiskveiðistjórnarkerfi.

Þau lög sem hér eru sett eru til eins árs vegna þess að þau lög sem áttu að taka gildi 1. september voru óframkvæmanleg.

Það er líka mikilvægt að skoða að þær einstöku fisktegundir sem er dýrast að sækja sæta hugsanlega of háu veiði-

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. lögjafarþing).

gjaldi sem gerir að verkum að það er óhagkvæmt að sækja þær. Það munum við skoða í ráðuneytinu í sumar í samstarfi við veiðigjaldsnefnd (Forseti hringir.) og koma með tillögu til þingsins á upphafsðögum þess. (Forseti hringir.) Ég vona að þingheimur taki umræðuna upp á herra og málefnalega plan þegar við hefjum þá viðræðu síðar í haust.

[00:11]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég styð þetta mál. Ég tel að nefndin hafi unnið gott verk. Hún þurfti að fást við ýmis álitamál eins og t.d. það sem kom upp í dag hvort einstakar tegundir stæðu einfaldlega undir veiðigjaldi. Ég tel að nefndin hafi komist að rétttri niðurstöðu í tilfelli kolmunnans, að það ætti við um hann að verulega vafasamt væri hvort hann gerði það. Nú hefur sú tillaga verið dregin til baka til þess að við gætum lokið þingstörfum, en vinnan heldur áfram, skoðunin heldur áfram. Þá hljóta jafnframt fleiri tegundir að koma til skoðunar, aðrar tegundir sem mikill vafi er um að standi undir því gjaldi sem hér verið að greiða atkvæði um.

Mér finnst þetta sumarþing ekki gefa góðar vonir um það sem er fram undan í málefnalegri umræðu um það hvernig við nálgumst gjaldtöku af greinum sem njóta forgangs til nýtingar á sameiginlegum auðlindum og eru takmarkaðar þannig að við (Forseti hringir.) þróum kerfi til að nálgast auðlindarentuna.

[00:12]

#### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Hin unga ríkisstjórn sýnir nú vald sitt og forgangsroðun. Þeir hafa tryggt sér stjórnina yfir dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins og eru með þessu frumvarpi að beygja sig undir ægivald útgerðarmanna. Almennigur greiðir fyrir þá sumargjöf ríkisstjórnarinnar. Á sama tíma treystir hæstv. ríkisstjórn sér ekki til að leggja fram fjárlagafrumvarp á réttum tíma. Herra forseti. Ég kvíði fjárlagafrumvarpinu loksins þegar það mun koma fram. Ég segi nei, herra forseti.

[00:13]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Sem áður greiði ég atkvæði með þessu frumvarpi með semingi vegna þess að umræðan segir mér að það er eitthvað mikið að. Menn eru að tala um að kolmunninn eigi að borga mikið, eða þeir sem veiða kolmunna. Menn eru að tala um einstakar útgerðargreinar og einstök fyrirtæki. Hvers vegna í ósköpunum ákveðið þið ekki verð á brauði, herra forseti? Það er eins og öll markaðshyggja og allt slíkt sé horfið út úr dæminu. (Gripið fram í: Heyr, heyr.) Ég legg til að menn skoði alvarlega þetta fiskveiðistjórnarkerfi, eignarhald á kvótanum o.s.frv. Ég hef reyndar flutt um það frumvarp sem byggir á algerri markaðssetningu, en það hefur ekki hlotið umræðu enn þá. Ég segi já.

[00:14]

#### **Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Forgangsroðun ríkisstjórnarinnar er

núna ljós. Við sjáum að ríkisstjórnin og ríkisstjórnarflokkarnir standa einhuga að baki þessari sumargjöf. Hitt ætla ég að segja að mér finnst það svolítið skrytinn bragur á þessari atkvæðagreiðslu að hér komi ráðherra með útásetningar, skens og gildishlaðnar yfirlýsingar um gæði umræðu sem hvorugur þeirra hefur látið svo lítið að sýna sig í.

Við höfum staðið hér í efnisríkri umræðu um veidigjöld í vikunni og þessir háu herrar hafa ekki einu sinni haft fyrir því að mæta í þingsalinn en koma nú og telja sig þess umkomna að gefa okkur og umræðunni sem hér fer fram ein-kunn. Ég vil bara biðja menn í fullri vinsemd um að hemja sig í steigurlætinu og eiga málefnalega umræðu við okkur um veidigjöld. Hér hefur verið rætt nefnilega af miklu viti í langri umræðu (Forseti hringir.) um veidigjöld og grunn þeirra. Það er eðlilegt (Gripið fram í.) og fullkomlega málefnalegt. (Forseti hringir.)

[00:16]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vonar að hann hafi náð óskum hv. þingmanna um að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[00:16]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari lækkun á hlutum sem rennur til þjóðarinnar vegna þess að mér þykir þetta vera óaþbyrg efnahagsstjórn. Það á að lækka hlut sem rennur til þjóðarinnar upp á að minnsta kosti 2,6 milljarða á þessu ári og (Gripið fram í: Rétt.) 7 í heildina næstu tvö árin. Það er ekki búið að finna út hvar á að taka þetta annars staðar.

Stjórnarliðum er tíðrætt um og kemur fram í stefnuyfirlýsingu flokkanna og stefnuræðu forsætisráðherra um jákvæða hvata. Eins og hefur komið fram alveg skýrt fyrir nefndinni er þessi gjaldtaka á umframingnað eftir lágmarksfjárfestingu upp á 8%, og fleiri atriði eru tiltekin, ekki vinnuletjandi. En þá þarf að taka þetta mögulega annars staðar, með gjaldtöku annars staðar, og hvar ætlið þið að finna það gjald sem er ekki vinnuletjandi? Eða á kannski bara að skera niður þjónustu (SII: Já.) eða auka við skuldir ríkisins? (Forseti hringir.) Mér finnst þetta mjög óaþbyrg efnahagsstjórn. (Forseti hringir.)

[00:17]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Hér kemur ráðherrabekkurinn og talar um að þessi umræða sé ómálefnaleg og frjállega sé farið með tölur. Hvaða tölur er farið frjállega með og hver gerir það? eru það 6,4 milljarðarnir sem er verið að lækka veidigjöldin um á ársgrundvelli samkvæmt mati fjármálaráðuneytisins sjálfs? eru það tölurnar sem við erum að fara frjállega með? Um hvað eru menn að tala? (Gripið fram í.) Hvað er ómálefnalegt? Er það ómálefnaleg umræða, virðulegi forseti, þegar minni hluti nefndarinnar tekur mark á umsögunum hagfræðinga sem sýna okkur fram á að veidigjaldið er núna að lækka á bolfiski þannig að þegar tekið hefur verið tillit til afsláttá og annars er það nánast komið niður í núll? Er það ómálefnaleg umræða? Virðulegi forseti. Þetta er ekki boðlegt.

Virðulegi forseti. Ég verð líka að segja að það tryggir mig að hér séu menn að fara af braut sátta, fara af braut hóflegar auðlindarentu (Gripið fram í.) og inn á braut sýndarauðlindarentu.

Virðulegi forseti. 70% þjóðarinnar vilja ekki lækka (Forseti hringir.) veiðileyfagjaldið. 15% kosningarbærra manna hafa ritað undir áskorun til (Forseti hringir.) Alþingis um að lækka ekki veidigjöldin. (Gripið fram í.) Á engan þessara aðila er hlustað. (Gripið fram í.) Engan.

[00:19]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu höfum við orðið vör við ótrúlega hatursfulla umræðu í garð einnar atvinnugreinar, undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar og þeirra sem starfa í þeirri grein. Á hverju byggist sú hatursfulla umræða? Jú, á upphrópunum um að með því að lækka gjöld á þessa grein, eða réttara sagt að leiðrétta þau í sumum tilvikum, sé verið að færa gjafir, sé verið að færa mönnum, sem eru svo uppnefndir, gjafir. Hvers vegna var ekki veidigjaldið bara 10 milljörðum herra á hverju ári undanfarin ár? Var þá verið að gefa 10 milljarða á hverju ári á síðasta kjörtímabili? Eða voru menn búnir að hitta á (Gripið fram í.) akkúrat rétta jafnvægið í gjaldtökunni? [Frammiköll í þingsal.] Nei, það er ekkert sem bendir til að það hafi verið, vegna þess að við sjáum að nú er ...

Virðulegur forseti. Er hægt að ræða þetta mál án þess að verða fyrir stöðugum upphrópunum úr þingsal? [Frammiköll í þingsal.]

(Forseti (EKG): Hæstv. forsætisráðherra hefur orðið.)

Augljóslega var ekki búið að finna jafnvægi vegna þess að eins og kerfið var var verið að setja fyrirtæki í prot. Sum fyrirtæki, ekki hvað síst minni fyrirtæki, voru látin borga meira en nam öllum hagnaði. Það sem átti að leysa þetta af hólmi var óframkvæmanlegt veidigjald. (Forseti hringir.) Þegar menn reyna að leiðrétta þetta til eins árs, bjarga klúðri (Forseti hringir.) síðustu ríkisstjórnar, sæta menn endalausum upphrópunum sem minna helst (Forseti hringir.) á ofsafengna orðræðu millistríðsárunna. Þetta er ósættanleg umræða um undirstöðuatvinnugrein (Forseti hringir.) þjóðarinnar.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 87).

**Stjórnarskipunarlag, frh. 3. umr.**

Fr. ÁPÁ o.fl., 5. mál (tímabundið ákvæði um breytingu á stjórnarskrá). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[00:26]

Fr. samþ. með 42:15 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, FrH, GuðbH, GÞP, HarB, HHJ, HöskÞ, IILG, JónG, KJak, Kajúl, KPJ, KLM, LRM, OO, PVB, PHB, REÁ, RR, RM, SII, SkH, SJS, SSv, ValG, ViIB, WÞP, ÞM, ÖJ, ÖS.

**nei:** ÁsmD, BirgJ, ELA, GBS, HHG, JMS, JÞÓ, KG, PJP,



SÁA, SigrM, SIJ, VigH, ÞorS, ÞórE.

6 þm. (EyH, HE, LínS, SDG, SilG, UBK) greiddu ekki atkv.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:21]

**Sigríður Á. Andersen (S):**

Virðulegi forseti. Stjórnarskráin frá 1944 hefur sætt stöðugri endurskoðun sem hefur, í sumum tilfellum, leitt til breytinga á stjórnarskránni allt frá 1944. Stjórnarskráin hefur staðist vel tímans tönn, meira að segja ákvæði hennar um breytingar hafa ekki komið í veg fyrir breytingar á stjórnarskránni. Það kann þó vel að vera að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskránni um einhver atriði. Mikilvægt er að slíkar breytingar séu gerðar í nokkurri sátt og án allrar geðshræringar.

Þetta frumvarp er komið til vegna ómaklegra ásakana í garð stjórnarskrárinnar á kjölfar hruns fjármálastofnana á árinu 2008. Frumvarpið heimilar einhvers konar flýtimeðferð á stjórnarskrárbreytingum og hins vegar breytingar á stjórnarskránni (Forseti hringir.) einungis í þágu einhvers konar uppdiktaðra þarfa (Forseti hringir.) einhvers konar atvinnuprefara. Með þessari breytingu er vikið til hliðar þeirri yfirvegun sem nauðsynleg er, að ég tel, við breytingar á stjórnarskránni. Í því ljósi greiði ég ekki atkvæði með frumvarpinu.

[00:23]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Þetta er með erfiðari málum, hefur mér fundist, að greiða atkvæði um. Maður vill auðvitað sem þrátt greiða atkvæði með því sem auðveldar þjóðaratkvæðagreiðslur og stjórnarskrárbreytingar til að vinna áfram að mikilvægum stjórnarskrárbreytingum. En þetta tiltekna frumvarp býður hins vegar ekki upp á raunhæfa leið til þess að breyta stjórnarskránni, þetta er ekki raunhæf aðferð. Það er þess vegna sem svona margir stjórnarliðar samþykkja þetta. Þeir vita að þetta er í skásta falli gagnslaust, í versta falli hræðilegt fordæmi og í reynd vopn til að finna afsakanir til að bjóða upp á einhverjar stjórnarskrárbreytingar, sem væru kannski til gagns, fara þessa leið og tryggja þar með að þær gangi aldrei í gegn. Þetta frumvarp er slæmt, við segjum nei, þráttar allir.

[00:24]

**Freyja Haraldsdóttir (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með það að eitt af mínum síðustu verkum hér meðan ég sit hér fyrir hönd hv. þm. Guðmundar Steingrímssonar sé að greiða þessu frumvarpi atkvæði mitt. Ég vona að það muni leiða til jákvæðrar þróunar við áframhaldandi vinnu við stjórnarskrána.

[00:25]

**Björgvin G. Sigurðsson (Sf):**

Virðulegi forseti. Það voru vissulega mikil vonbrigði á síðasta kjörtímabili að ekki skyldi takast að ljúka þeirri heildarendurskoðun sem sett var af stað á stjórnarskrá lýðveldisins. Það var gríðarlega merkt ferli frá upphafi og þar til að það strandaði hér á Alþingi á lokadögum síðasta kjör-

tímabils. Ljósið í því myrkri var svo sannarlega frumvarp formannanna þriggja um tímabundið ákvæði um breytingu á stjórnarskránni. Það ákvæði og samþykkt þess nú er mikil fagnaðarefni og gefur vonir um að það takist að ljúka að minnsta kosti hluta af þeirri miklu og merkilegu vinnu sem var unnin af þjóðfundinum, stjórnlagaráði og á Alþingi í kjölfarið. Vonandi tekst þinginu að ljúka að minnsta kosti mikilsverðustu breytingartillögnum, þeim sem snúa að sameign þjóðarinnar á auðlindum sínum og þjóðaratkvæðagreiðslum. Það er mjög ánægjulegt að þetta gangi til atkvæða nú og verði samþykkt.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 88).

**Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.**

Stjfrv., 20. mál (varúðarreglur, aðgangur að upplýsingum o.fl.). — Þskj. 20, brtt. 68 og 74, till. til rökst. dagskrár 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[00:27]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 80 felld með 57:3 atkv. og sögðu

**já:** BirgJ, HHG, JÞÓ.

**nei:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHJ, HöskÞ, IIG, JMS, JónG, KG, KJák, Kafúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OO, PJP, PHB, REÁ, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PVB) greiddi ekki atkv.

2 þm. (BjÓ, RR) fjarstaddir.

Brtt. 68 felld með 56:4 atkv. og sögðu

**já:** BirgJ, HHG, JÞÓ, SÁA.

**nei:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHJ, HöskÞ, IIG, JónG, KG, KJák, Kafúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OO, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BSB, JMS, PVB) greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:28]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Við skiljum tilgang þessa frumvarps, hann er að tryggja fjármálastöðugleika. Þar af leiðandi fær Seðlabankinn heimildir til þess að afla upplýsinga, en Persónuvernd hefur komið með athugasemdir við þetta og sagt að þessar heimildir séu svo víðfeðmar að hægt verði að vinna með víðfeðmar upplýsingar um einstaklinga.

Okkur finnst rétt að beita öllum þeim ráðum og heimildum sem kjósendur okkar hafa gefið okkar til að vekja athygli á þessu og reyna að stöðva það. Við kölluðum eftir því að þingforseti frestaði málinu fram á haust þannig að hægt yrði að taka málið almennilega fyrir.

Við kölluðum eftir því að málið yrði tekið af dagskrá og núna með þessu að það yrði að minnsta kosti farið að tillögu Persónuverndar í nefndarálitni en það virðist ekki sátt um það. Menn hafa tekið ákvörðun um þetta. Ég vona þá bara að þið hafið rétt fyrir ykkur, að þetta muni ekki brjóta á persónuvernd fólks.

Brtt. 74 felld með 57:3 atkv. og sögðu

**já:** BirgJ, HHG, JÞÓ.

**nei:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHj, HöskP, IllG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

3 þm. (OO, PVB, SÁA) greiddu ekki atkv.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:29]

### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Þessi tillaga var til þrautavara ef allt annað brygðist, það að forseti frestaði þessu fram á haustið eða að málinu yrði vísað frá í heild. Það þurfti að taka fyrir fyrst vegna þess að það gekk lengra í þeim breytingartillögum og málum sem eru nú til atkvæðagreiðslu, tillögunni sem þið fellduð rétt í þessu. Við vildum að það yrði að minnsta kosti tekið tillit til breytingartillögu sem Persónuvernd kom sjálf með og svo lögðum við núna til að þessi grein yrði felld út, b-liður 4. gr.

Það er það síðasta sem við lærðum hjá starfsmönnum Alþingis að væri hægt að gera. Við vonum bara aftur að þið hafið rétt fyrir ykkur, að Persónuvernd hafi rangt fyrir sér, að það sé ekkert að óttast í þessum málum og að á persónuvernd fólks verði ekki gengið. (Gripið fram í.)

Frv. samþ. með 59:2 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHj, HöskP, IllG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

**nei:** BirgJ, JÞÓ.

1 þm. (HHG) greiddi ekki atkv.

1 þm. (SÁA) fjarstaddur.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 89).

Fundi slitið kl. 00:31.

## 24. FUNDUR

fimmtudaginn 4. júlí,  
að loknum 23. fundi.

### Dagskrá:

1. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.

2. Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

3. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

4. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

5. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

6. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

7. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

8. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis.

9. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

10. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.

11. Kosning níu manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins, fjölmiðils í almannabágu, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. nýsamþykktum lögum um breytingu á 9. gr. laga nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

12. Frestun á fundum Alþingis, stjóll., 32. mál, þskj. 77. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

13. Þingsköp Alþingis, frv., 30. mál, þskj. 85. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

### Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[00:39]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 12. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁÞS, ÁsmD, BÁ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðBH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HHG, HHJ, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSV, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BirgJ, JÞÓ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁsF, BjÓ, BSB, BP, SDG, SII) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 13. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 41:9 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, BÁ, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GÞÞ, GBS, HarB, HE, HHG, HöskÞ, IILG, JMS, JónG, KG, KPJ, LínS, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞÞ, ÞM, ÞorS, ÞórE.

**nei:** ÁÞS, BirgJ, BjG, JÞÓ, LRM, SJS, SSV, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BjörgvS, GuðBH, HHJ, KJak, KLM, SkH) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁsF, BjÓ, BSB, BP, KaJúl, OO, SII) fjarstaddir.

***Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 26. gr. laga 36/2001, um Seðlabanka Íslands.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Ólöf Nordal (A),  
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),  
Ingibjörg Ingvadóttir (A),  
Ragnar Árnason (A),  
Björn Valur Gíslason (B),  
Jón Helgi Egilsson (A),  
Auður Hermannsdóttir (B).

*Varamenn:*

Ingvi Hrafn Óskarsson (A),  
Sigrún Elsa Smáradóttir (B),  
Linda Björk Bentsdóttir (A),  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (A),  
Hildur Traustadóttir (B),  
Leó Löve (A),  
Sunna Jóhannsdóttir (B).

**Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 47/2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.**

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Birgir Ármannsson (A),  
Oddný G. Harðardóttir (B),  
Sigrún Magnúsdóttir (A),  
Unnur Brá Konráðsdóttir (A),  
Svandís Svavarsdóttir (B),  
Haraldur Einarsson (A),  
Róbert Marshall (B).

*Varamenn:*

Ásmundur Friðriksson (A),  
Valgerður Bjarnadóttir (B),  
Silja Dögg Gunnarsdóttir (A),  
Elín Hirst (A),  
Steingrímur J. Sigfússon (B),  
Vigdís Hauksdóttir (A),  
Björt Ólafsdóttir (B).

**Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.**

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Katrín Olga Jóhannesdóttir (A),  
Unnur Kristjánsdóttir (B),  
Adolf H. Berndsen (A),  
Sigurjón Örn Þórssón (A),  
Lára Hanna Einarsdóttir (B).

*Varamenn:*

Bryndís Haraldsdóttir (A),  
Katrín Theodórsdóttir (B),  
Davíð Þorláksson (A),  
Anna María Elíasdóttir (A),  
Jón Þórisson (B).

**Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Kristín Edwald (A),  
Sigrún Benediktsdóttir (B),  
Þórir Haraldsson (A),  
Gunnar Sturluson (A),  
Ástráður Haraldsson (B).

*Varamenn:*

Hrafnhildur Stefánsdóttir (A),  
Sigurjón Sveinsson (B),  
Halldóra Kristín Hauksdóttir (A),  
Haukur Guðmundsson (A),  
Sigurður Kári Árnason (B).

**Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Kristján G. Jóhannsson (A),  
Guðný Ársælsdóttir (B),  
Ríkarður Mássón (A),  
Guðrún Sighvatsdóttir (A),  
Björg Gunnarsdóttir (B).

*Varamenn:*

Kolfinna Jóhannesdóttir (A),  
Líney Árnadóttir (B),  
Halla Bergþóra Björnsdóttir (A),  
Kjartan Kjartansson (A),  
Stefán Ólafsson (B).

**Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.**

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Gestur Jónsson (A),

Inga Þöll Þórgnýsdóttir (B),  
Ólafur R. Ólafsson (A),  
Katy Bjarnadóttir (A),  
Páll Hlöðvesson (B).

*Varamenn:*

Jóhann Pétur Hansson (A),  
Sigurjón Bjarnason (B),  
Eva Dís Pálmadóttir (A),  
Áslaug Magnúsdóttir (A),  
Kristinn Árnason (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Óskar Herbert Þórmundsson (A),  
Unnar Þór Böðvarsson (B),  
Karl Gauti Hjaltason (A),  
Ólafía Ingólfssdóttir (A),  
Björn Þór Jóhannesson (B).

*Varamenn:*

Elín Einarsdóttir (A),  
Sólveig Adolfsdóttir (B),  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir (A),  
Kristinn Þór Jakobsson (A),  
Smári Páll McCarthy (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Jónas Þór Guðmundsson (A),  
Guðrún Sesselja Arnardóttir (B),  
Elín Jóhannsdóttir (A),  
Ástríður Grímsdóttir (A),  
Svavar Kjarrval (B).

*Varamenn:*

Berglind Svavarsdóttir (A),  
Pétur Óskarsson (B),  
Arnar Kristinsson (A),  
Birgir Tjörvi Pétursson (A),  
Björn Leví Gunnarsson (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Sveinn Sveinsson (A),  
Sjöfn Ingólfssdóttir (B),  
Þuríður Jónsdóttir (A),  
Fanney Birna Jónsdóttir (A),  
Þóra Hallgrímsdóttir (B).

*Varamenn:*

Elísabet Júlíusdóttir (A),  
Garðar Mýrdal (B),  
Rakel Dögg Óskarsdóttir (A),  
Heimir Örn Herbertsson (A),  
Margrét Hafsteinsdóttir (B).

***Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.***

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

*Aðalmenn:*

Erla S. Árnadóttir (A),  
Katrín Theódórsdóttir (B),  
Fanný Gunnarsdóttir (A),  
Arnar Þór Stefánsson (A),  
Tómas Hrafn Sveinsson (B).

*Varamenn:*

Teitur Björn Einarsson (A),  
Páll Halldórsson (B),  
Sigfús Ægir Árnason (A),  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir (A),  
Jón Trausti Sigurðsson (B).

***Kosning níu manna og jafnmargra varamanna í stjórn Ríkisútvarpsins, fjölmiðils í almannabágu, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. nýsamþykktum lögum um breytingu á 9. gr. laga nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.***

[00:48]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Mér hafa borist tveir listar, en áður en við höldum hér áfram hafa nokkrir þingmenn óskað eftir að taka til máls.

Á einum lista sem ég merki A eru aðalmenn: Guðrún

Nordal, Magnús Stefánsson, Magnús Geir Þórðarson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Ingvi Hrafn Óskarsson, Guðlaugur G. Sverrisson. Varamenn: Jón Hákon Magnússon, Gabriela Friðriksdóttir, Jóhanna Pálsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Árni Gunnarsson, Birna Kristín Svavarsdóttir.

Á öðrum sem ég merki B eru aðalmenn: Margrét Frímannsdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Pétur Gunnarsson. Varamenn: Árni Gunnarsson, Hlynur Hallsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Lára Hanna Einarsdóttir.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[00:50]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þetta mál er hið dapurlegasta því að í gær voru hér greidd atkvæði eftir 3. umr. um lög um Ríkisútvarpið. Greidd voru atkvæði um breytingartillögu um að fjölga stjórnarmönnum um tvo á grundvelli þess að breikka ætti grundvöll stjórnar, fjölga sjónarmiðum, efla lýðræði. Fram kom í máli hv. þingmanns, formanns allsherjar- og menntamálanefndar, Unnar Brár Konráðsdóttur, sem hún byggði á samtölum við þingflokksformenn stjórnarflokka, að samkomulag væri um það að þessir tveir nýju menn mundu skiptast milli meiri hluta og minni hluta. Nú hafa þau tíðindi borist að svo verði ekki, að þessi fjölgun hafi verið til þess að stjórnarflokkarnir fari úr ríflega helmingi upp í 2/3 hluta stjórnarmanna Ríkisútvarpsins. (Gripið fram í.) Þetta eru samvinnustjórnmálin. (Gripið fram í.)

Því miður þurfum við að horfa upp á það að hv. þingmenn fara ekki með rétt mál í pontu og ég lýsi þeirri ábyrgð á hendur formönnum stjórnarflokka, sem ég gerði grein fyrir þessu máli, því að ég tel það talsvert alvarlegt þegar við teljum að ákveðið samkomulag sé í gildi sem staðfest hefur verið af þingflokksformönnum að ekki sé staðið við það.

Ég spyr hv. þingmenn hvort það sé svona sem við viljum vinna, hvort þetta séu samvinnustjórnmálin sem er búið að boða hér. Er þetta það sem koma skal fyrir komandi kjörtímabil, svona vinnubrögð? Snýst þetta virkilega bara um helmingaskipti, að stjórnarflokkarnir hafi þurft sex sæti en (Forseti hringir.) ekki fimm í stjórn Ríkisútvarpsins? Og ef svo er þykir mér þetta ansi hreint dapurlegt. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

(**Forseti** (EKG): Forseti biðst afsökunar á því að klukkan gekk eitthvað rangt í púltinu þannig að klukkan og púltið gáfu af örlæti sínu hv. þingmanni nokkuð ríflegan tíma.)

[00:53]

#### **Sigrún Magnúsdóttir (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Leið mistök leiddu af spjalli á göngum Alþingishússins fyrir nokkrum dögum. Umræðurnar snerust um stjórnarkjör í stjórn Ríkisútvarpsins þegar breytingartillaga var flutt um fjölgun stjórnarmanna úr sjö í níu. Sú sem hér stendur taldi líklegt að skiptingin yrði fimm frá stjórnarflokkunum og fjórir frá stjórnarandstöðunni. Þessar upplýsingar byggðust á misskilningi eins og fram kemur í frumvarpinu og bið ég hv. þingmenn afsökunar.

[00:53]

#### **Helgi Hjörvar (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið lýsti hv. formaður allsherjar- og menntamálanefndar því yfir að hér í þinginu væri samkomulag um að allir þingflokkar ættu að eiga a.m.k. einn fulltrúa í stjórn Ríkisútvarpsins, stjórnin fimm og minni hlutinn fjóra. Það var að höfðu samráði við formenn þingflokka. Það samkomulag hefur nú verið svikið. Það er ekki við hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur að sakast. Hún er orðhaldin og raungóð í samstarfi í þinginu. Það er hæstv. forsætisráðherra sem hefur lagst svo lágt að svíkja samninginn og gera þingmenn stjórnarliðsins ómerka að orðum sínum í ræðustól Alþingis.

Ég vek athygli þingmanna á því að þessi kosning er leynileg og það er í höndum hvers og eins stjórnarliða hvort ráðherraráðið gildir eða hvort þingmenn ætla að standa að baki forustu sinni hér í þinginu, því að greiði einn stjórnarliði í leynilegri kosningu atkvæði með okkur í minni hlutanum þá heldur samkomulagið og þá standa orð formanns allsherjar- og menntamálanefndar í ræðustól Alþingis. Það þarf bara kjark eins manns í (Forseti hringir.) leynilegri atkvæðagreiðslu.

[00:55]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Það er rétt að taka fram að tilgangurinn með þessari breytingartillögu kom fram í umræðum. Hann var sá að mæta þeirri gagnrýni og þeim áhyggjum sem voru uppi um að vegna þess að ekki væri farin leið valnefndarinnar, sem átti samkvæmt þeim hugmyndum sem þar lágu að baki að tryggja sem breiðastan hóp í stjórn Ríkisútvarpsins, með því að fjölga úr sjö í níu, þá væri auðveldara fyrir Alþingi að tryggja einmitt þessa breidd. Það var hugsunin sem lá að baki.

[00:55]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Í dag átti sér stað ákaflega furðuleg atburðarás. Ég fékk skeyti frá starfsmanni þingsins þar sem mér var bent að við þyrftum að tilnefna fulltrúa í þessa stjórn, sem við gerðum. Ég eyddi öllum deginum í dag að finna hæfan óflokkspólitískan fulltrúa og á endanum völdum við Pétur Gunnarsson sem aðalmann í þessa stjórn. Það hryggir mig síðan að þurfa að tilkynna fólki sem við báðum um að taka að sér erindi fyrir Alþingi til að tryggja lýðræðislega stjórn hjá RÚV og þurfa að segja: Nei, þér er hafnað í annað sinn.

Glymum því ekki hvernig er verið að breyta þessari stjórn. Þetta er ömurlegt. Það á að vera þannig að sá sem gerir mistökin á að axla ábyrgðina á þeim, ekki varpa þeim á hina bara út af því að hann valdi þau. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[00:57]

#### **Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Ekki veit ég hvers vegna hv. þingmaður Helgi Hjörvar kys að blanda mér í þetta mál með sérstaklega heiftuðlegum hætti. Hv. þingmaður fer með

rangt mál. Hann segir ósatt þegar hann fullyrðir að ég hafi gert einhvern samning sem ég hafi síðan svikið. Það er ekki rétt. Ég gerði engan sérstakan samning um þetta mál. Þeim reglum sem gilda um kjör stjórnarmanna í stjórn Ríkisútvarpsins er lýst í lögnum og þeim reglum verður fylgt. Ég hef ekki gert neitt samkomulag við nokkurn mann utan þessara laga og að fullyrða hér að ég hafi svikið samkomulag, samkomulag sem var aldrei til staðar, er óheiðarlegt. (Gripið fram í.)

[00:58]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Ég tók þátt í samtölum við þingflokksformenn stjórnarflokkanna um þetta mál. Það er rétt að fyrir mína hönd gerði ég ekkert samkomulag við forsætisráðherra þannig að hann hefur ekki svikið neitt samkomulag við mig um þetta mál. En það var gert samkomulag og það var forsendan fyrir því að frumvarpið yrði afgreitt með þeim hætti sem gert var. Það var forsendan fyrir því að málið gekk hér til lokaafgreiðslu eins og gert var vegna þess að við höfðum vissu fyrir því og orð þingflokksformanna stjórnarflokkanna og formanns allsherjar- og menntamálanefndar fyrir því að fyrirkomulagið yrði með þeim hætti að tveir viðbótarstjórnarmenn skiptust milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Pegar kemur síðan í ljós að það samkomulag heldur ekki hlýtur maður að spyrja: Hvað veldur? Hver er það sem kippti í spottana? Einhver kippti í spotta. Það hljóta að vera formenn stjórnarflokkanna sem gerðu það, formaður Sjálfstæðisflokksins og formaður Framsóknarflokksins, (Forseti hringir.) annar hvor eða báðir. Það eru ekki miklir menn sem gera (Forseti hringir.) félag sína að ómerkingum með þeim hætti sem þeir hafa gert í dag. (**BirgJ**: Vísa svo á hvor annan, það er enn ómerkilegra.)

[00:59]

**Guðbjartur Hannesson (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Allt frá því að þetta mál kom inn í þingið sem fyrsta mál hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra gagnrýndum við að hér væri verið að taka fram fyrir hendurnar á þinginu sem afgreiddi lög fyrir örfáum vikum. Rök-in fyrir því að taka þetta mál inn í þingið voru þau að það væri lýðræðislegra, 63 þingmenn fengju að afgreiða málið, þeir fengju að hafa eitthvað um það að segja hverjir væru valdir. Það væri gaman að kanna hjá hverjum og einum hverjir hafa skoðað þau nöfn sem hér eru birt, hverjir hafa fjallað um þau, hverjir fóru í að velja.

Það mátti ekki setja niður valnefnd sem átti að reyna að gæta ákveðins jafnræðis heldur hefur verið ákveðið að fara í pólitískan hráskinnaleik og styrkja stöðu stjórnarflokka á Ríkisútvarpinu. Það er algjörlega í andstöðu við allt sem við erum búin að vinna að í sambandi við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og þá þróun sem við viljum sjá í samfélaginu um hlutlæga afgreiðslu mála. Síðan, undir því yfirsýni að hér eigi að auka lýðræðið, er fjölgað í stjórninni og svo eru menn gerðir ómerkir orða sinna af einhverjum, ég hef ekki hugmynd (Forseti hringir.) um hverjum, og menn skipta þannig að það eigi að vera 6:3. Ég ætla að vona að það verði ekki niðurstaðan úr atkvæðagreiðslunni

sem hér fer fram (Forseti hringir.) og þetta verði leiðrétt af þeim þingmönnum sem eiga að greiða leynilega atkvæði.

[01:01]

**Róbert Marshall (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Ég efast ekki um að mistök þingflokksformannanna og hv. þm. Unnar Brár Konráðsdóttur séu ærleg. Það er hins vegar þannig að þegar orð eru látin falla í samstarfi verða þingmenn og þingflokksformenn á fundi sínum að geta treyst því að þau standi. Það var á grundvelli þeirra orða sem við þingmenn Bjartrar framtíðar studdum í gær breytingartillögu sem fól í sér fjölgun úr sjö upp í níu.

Í öllu þessu máli höfum við tekist á um hvort hér sé verið að auka pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu. Stjórnarliðar hafa fullvissað okkur um að svo sé ekki. Hvernig rímar það við þá staðreynd að hér ræsa menn út varaþingmenn hvaðanæva að af landinu til að geta komið í atkvæðagreiðslu til að tryggja það (**Gripið fram í**: Hjá Samfylkingunni?) að sex fulltrúar stjórnarflokkanna geti setið í stjórn Ríkisútvarpsins. Það gengur engan veginn upp. Þetta er sorglegt, því miður, og hefur slæm áhrif (Forseti hringir.) á starfsandann hér. (**Gripið fram í**: Heyr, heyr.)

[01:02]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að ekki er annað hægt en harma það að atkvæðagreiðsla skuli hafa farið fram um þetta mál á grundvelli einhvers misskilnings sem mér finnst að hafi verið hreinsaður upp og útskýrður af þingflokksformanni Framsóknarflokksins, nákvæmlega eins og málið lá fyrir. (Gripið fram í.) Ef ég mætti halda orðinu, herra forseti, þá get ég eiginlega ekki orða bundist yfir umræðunni að öðru leyti. Hér er verið að greiða atkvæði á grundvelli niðurstaðna kosninga í stjórn, eða öllu heldur að tilnefna í stjórn.

Fyrir fjórum árum síðan komu hér saman Samfylkingin og Vinstri grænir og kölluðu til liðs við sig nýkjörna þingmenn Hreyfingarinnar sem þá voru í stjórnarandstöðu. Til hvers? Til að lágmarka hlut Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í öllum þingnefndum, í öllu alþjóðlegu starfi, (Gripið fram í.) út allt kjörtímabilið (Gripið fram í.) í fjögur ár. (**Gripið fram í**: Eruð þið að hefna ykkar?) Hversu vel samrýmist það (Forseti hringir.) þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Guðbjartur Hannesson var að tala hér fyrir, eins og (Gripið fram í.) upp úr heilögu riti væri lesið, (Forseti hringir.) og vísa í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?

[01:04]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Það kemur manni í opna skjöldu að til þessara kosninga skuli þurfa að koma. Mér finnst þetta mál aðeins snúast um eitt: Getum við átt hér samskipti og forustufólk okkar, formenn þingflokka, formenn þingnefnda, eftir atvikum formenn flokka, og að orð standi? Þannig var það nú lengi á þessum vinnustað (**Gripið fram í**: Þú þekkir það nú.) að orð stöðu eða handtök og það þurfti ekki að

vera skrifað á blað. Menn gerðu það sem kallað var stundum gluggasamkomulag og það stóð (Gripíð fram í.) og menn lögðu metnað sinn í það, forustumenn flokka, [Kliður í þingsal.] að orð stæðu til að hægt væri að vinna hér (Forseti hringir.) saman á þeim grunni. (Gripíð fram í.)

Ég hlustaði á formann allsherjar- og menntamálanefndar lýsa því að samkomulag væri um að fjölga í stjórninni og að stjórn og stjórnarandstaða mundu skipta þeim tveim viðbótarmönnum á milli sín. Það ságrætilega er að síðan lýkur umræðu um málið og það lokast inni og verður að lögum án þess að hægt sé að láta þessa fjölgun ganga til baka úr því samkomulagið var svikið, því að það er absurd að fjölga í stjórninni, setja tvo menn í viðbót (Forseti hringir.) á laun frá ríkisstjórnarflokkunum þannig að (Forseti hringir.) þeir geti hert tökin á Ríkisútvarpinu á (Forseti hringir.) grundvelli þess að hafa svikið samkomulag. (**Gripíð fram í:** Þáratar eiga bara ekkert mann ...)

[01:05]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég hef lært svolítið hérna. Það er kannski ekkert þörf á miklu meira gagnsæi, manni sýnist þetta allt mjög skýrt, allt mjög gagnsætt, maður sér mjög vel hvað er í gangi. Það þarf ekki að auka gagnsæið í þessu máli. Það sem mér þykir mjög sárt er að í atkvæðagreiðslunni um RÚV-málið sat ég hjá. Núna þarf ég að fara í matarboð til hæstvitrar móður minnar og útskýra fyrir henni hvers vegna ég sagði ekki nei, sem mér finnst mjög miður. (**Gripíð fram í:** Þú varst varaður við.) Ég var varaður við, já, og ég þroskaðist aðeins í dag.

[01:06]

**Ögmundur Jónasson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Fyrst ein staðreynd. Lögum um Ríkisútvarpið var nýlega breytt, m.a. á þann veg að stjórn stofnunarinnar fær meira vald yfir dagskrárstefnu. Þetta er staðreynd. Síðan kemur röksemd, röksemd stjórnarmeirihlutans, sem segir: Það er lýðræðislegt að æðsta fulltrúasamkunda þjóðarinnar, Alþingi Íslendinga, kjósi alla stjórnina. Það er lýðræðislegt. Gagnrök stjórnarandstöðunnar eru að við þessar aðstæður og þá lagabreytingu sem ég gat um er hættu fyrir hendi að flokkspólitísk stjórnun ráði meira um dagskrárstefnuna. Æskileg eða hugsanleg millilending eða málamiðlun hefði verið sú að minni hlutinn á Alþingi, stjórnarandstaðan, skipaði meiri hluta í stjórn Ríkisútvarpsins, vegna þess að Ríkisútvarpið er ekki bara menningarstofnun, heldur fréttamiðill sem á að gegna ákveðnu lýðræðislegu aðhaldshlutverki í þjóðfélaginu.

Það sem hins vegar er að gerast núna er að fjölgað er (Forseti hringir.) fulltrúum kosnum á Alþingi og stjórnarmeirihlutinn fær þá (Forseti hringir.) alla. Framsóknarþingmenn vituðu (Forseti hringir.) um daginn um ágæti þess að (Forseti hringir.) fylgja íhaldinu í þessu máli. Á enn að vitna? (Forseti hringir.)

[01:08]

**Arni Páll Arnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Við úr stjórnarandstöðunni gengum hér til atkvæða í gær og studdum fjölgun úr sjö í níu. Það

gerðum við á grundvelli samtala við fólk sem við höfum hingað til bara reynt af heiðarleika einum. Ég mun aldrei efast um heiðarleika þess góða fólks.

Þegar þessi staða kemur upp ber auðvitað formönnum stjórnarflokkanna að axla ábyrgð. Þeir passa að gera það ekki. Þeir kasta henni yfir á félagi sína. Það er ekki stórmannlegt. Þeir máttu vita að við værum ekki að styðja við lýðræðislegan fjölbreytileika í stjórn Ríkisútvarpsins með því að fjölga þeim sem voru þar fyrir. Hvernig í ósköpunum átti að vera hægt að koma því heim og saman að við værum að styðja við lýðræðislegan fjölbreytileika með því að passa að það yrði enginn meiri fjölbreytileiki í stjórninni?

Þetta mál snýst ekki um hagsmuni einstakra flokka í stjórnarandstöðunni, þetta snýst um það að fjölbreytileiki sé tryggður með því að allir flokkar á Alþingi eigi aðkomu að stjórn Ríkisútvarpsins. Það er mikilvægt verkefni í þágu lýðræðis í landinu. Þessir tveir (Forseti hringir.) flokksformenn eru að bregðast trausti.

[01:10]

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Ég er formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Ég á minn hlut í þeim misskilningi sem olli því að hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir kemur í pontu og lýsir yfir að það sé samkomulag um að það verði 5:4.

Ég ætla fyrst og síðast að biðja samherja minn, Unni Brá Konráðsdóttur, afsökunar á því að ég skuli með þessum hætti hafa fært henni boð sem aðrir tala síðan um og gera hana að ósannindamanni í pontu. Fyrst og síðast bið ég hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur afsökunar á því.

Mér þykir leiður þessi misskilningur. Ég ræddi hann á þingflokksformannafundi í morgun og get litlu um hann breytt. Ég bið jafnframt aðra þingflokksformenn sem ég ræddi við um þetta mál afsökunar á þeim orðum mínum að fyrir lægi samkomulag sem ekki var fyrir hendi.

[01:11]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Í mínum huga snýst þessi uppákoma fyrst og fremst um það að við viljum byggja hér upp andrúmsloft þar sem lágmarkstraust er fyrir hendi. Það er gríðarlega mikilvægt að það sé hægt að eiga samskipti þar sem menn treysta því sem sagt er. Ég veit að hv. þingflokksformenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eru sama sinnis og ég trúi því að þær séu það.

Þess vegna er það alvarlegast við uppákömunu í dag að stjórnarmeirihlutinn sem slíkur hefur gengið á bak orða sinna. Ég áréttu að hér eru tveir listar í kjöri þar sem stjórnarminnihlutinn leggur til fjögur nöfn í samræmi við það samkomulag sem var hér fyrir hendi. Sá listi er merktur B í leynilegri atkvæðagreiðslu þar sem reynir á afstöðu hvers einasta þingmanns til þess hvort orð skuli standa.

[01:12]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það var stórmannlegt af hv. þm. Sigurínu Magnúsdóttur að koma í ræðustól og biðjast afsökunar á þeim mistökum sem urðu hér í dag. Það sama má segja



um hv. þm. Ragnheiði Ríkharðsdóttur. Engu að síður veður stjórnarandstaðan hér upp, hver þingmaðurinn á fætur öðrum, og ásakar jafnvel hæstv. forsætisráðherra sem átti ekki hlut að neins konar samkomulagi með stóryrðum um að orð skuli standa. Ég hef á síðustu klukkutímum fengið sent frá Creditinfo, Fjölmiðlavaktinni, fullt af gömlum fréttum. Ég drap niður í eina fyrir tilviljun. Hún ber heitið „Orð skulu standa“ og er frá 29. nóvember 2011. Þar segir:

„ASÍ segir í heilsíðuauglýsingum í blöðunum í dag að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) hafi svikið þá sem lökust hafa kjör.“ (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Bara tilviljun. Ég held að menn ættu að líta sér nær áður en þeir viðhafa stór orð úr þessu ræðupúlti.

[01:14]

**Kristján L. Möller (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Það er leiðinlegt að heyrja þann ágreining sem er hér á síðustu mínútum þingsins. Þess vegna vil ég leggja fyrir formenn stjórnarflokkanna þá hugmynd að þeir stígi hér upp til sátta í þessu deilumáli með því að þeir fái að sjálföögðu fimm í stjórnina, sá flokkur sem fær formenn hefur tvo, hinn flokkurinn hefur þrjá. Þá fá allir hinir þingflokkarnir á þingi einn hver.

Ég hvet formenn stjórnarflokkanna til að íhuga þetta til sátta hér á þingi þar sem töluvert mikið hefur verið unnið til sátta, sem ég þurfti að taka á sem starfandi forseti í fjarveru hæstv. forseta. Ég hvet formennina jafnframt til að óska kannski eftir fimm mínútna þinghléi til að ljúka þessu máli. Ég held að vel fari á því, virðulegi forseti, að þessi leið verði farin hér á lokamínútum þingsins. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[01:15]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Áður en ég byrja vil ég taka undir með hv. þm. Kristjáni L. Möller. Ég held að hann hafi komið hér með góða tillögu. Ég tel að við búum nú í einhvers konar lýðræðisríki. Í þessu lýðræðisríki er nýtekin við stjórnvöld sem ákveða að gera breytingu á lögum þannig að þau hverfi frá faglega skipaðri stjórn yfir ríkisútvarpi allra landsmanna yfir í stjórn sem endurspeglar valdahlutföll á Alþingi. Það eitt og sér finnst mér ömurleg staða.

Að auki nýta menn sér mistök sem hér eru gerð og hér hafa verið rædd til að koma sér í þá stöðu að geta skipað sex af níu fulltrúum, tvo þriðju stjórnar. Það voru ekki úrslit kosninga. (Gripið fram í.) Þessir flokkar eru með 51% atkvæða. Ég veit ekki betur. Það er algjörlega nýtt fyrir mér ef þeir eru komnir með tvo þriðju í þinginu, virðulegi forseti.

Mér finnst þetta leiðinlegt mál. Það er til mikils vansa fyrir Alþingi en ekki síst (Forseti hringir.) er skömmin þessarar ríkisstjórnar fyrir að ætla að ganga svona fram og (Forseti hringir.) gera þetta að sínu mikilvægasta máli í upphafi ferilsins.

[01:16]

**Skúli Helgason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Frumvarp um Ríkisútvarpið varð að

lögum á Alþingi skömmu fyrir þingkosningarnar síðastliðið vor með stuðningi allra þingflokka hér í salnum nema Sjálfstæðisflokksins. Það mikilvægasta við það frumvarp var að þar voru stigin mikilvæg skref til þess að treysta bæði faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins.

Af hverju skiptir það máli? Af því að þetta er sá fjölmiðill í landinu sem almenningur treystir hvað best til þess að flytja áreiðanlegar, hlutlægar fréttir af því sem er að gerast í þjóðmálaumræðunni og standa vörð um lýðræðishlutverkið í landinu. Það skýtur því skökku við að eitt af fyrstu málum nýrrar ríkisstjórnar sé að flytja frumvarp sem vikur frá þessu verki og kemur á beinni pólitískri stjórn þingflokka á yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Það vekur sérstaka athygli að sá ríkisstjórnarmeirihluti sem fékk rétt ríflega 50% atkvæða hyggist nú festa í lög að hann fái 2/3 stjórnarmanna. Þetta grefur undan trausti (Forseti hringir.) almennings á að ný ríkisstjórn muni virða faglegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins. (Forseti hringir.) Það er grafalvarlegur hlutur. (**BirgJ:** Heyr, heyr.)

[01:18]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég fór til starfsfólks Alþingis sem er með afbrigðum hjálplegt eins og við öll þekkjum og spurði hvort hægt væri að breyta atkvæði sínu vegna þess að ég er svolítið forvitinn og á það til að spyrja mjög heimskulegra spurninga ef ég er ekki alveg 100% viss. Það sagði mér að hægt væri að skrá það þannig að í þingtíðindum komi fram leiðrétting þótt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar sé ekki hægt að breyta. Mig langaði bara að allt fólk í þessum góða sal væri meðvitað um þennan möguleika. (**Gripið fram í:** Þú verður að hlusta betur.) Það er rétt.

[01:18]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Ég vil bara halda því til haga að ég hef hvorki ásakað þingflokksformennina tvo né formann allsherjar- og menntamálanefndar. Mér finnst aftur á móti mjög mikilvægt að það komi fram að það eru aðrir valkostir en þeir sem við stöndum frammi fyrir núna.

Mér finnst tillaga hv. þm. Kristjáns L. Möllers mjög góð og legg til og skora á að hinir ungu formenn stjórnarflokka grípi tækifærið og sýni að vinnubrögðin hér næstu fjögur ár verði ekki af þessu tagi.

Mér finnst líka mikilvægt að það komi fram út af tíma- setningum í dag að fundurinn sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir vísaði í var ekki í morgun heldur um eftirmiðdag. Ég fékk ekki ábendingu um að þurfa að skipa í þessa nefnd fyrir en eftir hádegi.

[01:20]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Ég vil bara að það komi fram hér, vegna þess að hæstv. forsætisráðherra lét þau orð falla við mig þegar ég fór úr ræðustól áðan að ég ætti ekki að vera að tjá mig um samkomulag eða ekki samkomulag sem ég hefði ekki komið nálægt. Það vill þannig til að ég starfaði sem þingflokksformaður VG í byrjun þessarar viku þegar við áttum þessi samtöl og ég átti því aðild að því samkomulagi

sem þingflokksformenn, bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hafa nú staðfest hér af miklum myndarskap að var gert og hv. formaður allsherjar- og menntamálanefndar gerði einnig hér í ræðustól. Ég vil þakka þeim öllum fyrir það sem þær hafa lagt fram í þessu efni. Mér finnst þeirra framganga vera stórmannleg, en kannski heldur síðri framganga annarra forustumanna þessara flokka.

[01:21]

**Helgi Hjörvar (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Vegna orða forsætisráðherra hér áðan er rétt að minna hann á að fyrir hönd stjórnarflokkanna gera formenn þingflokka stjórnarflokkanna samninga á Alþingi í hans umboði. Þegar þeir samningar hafa verið gerðir hafa þeir verið í hans umboði. Það er stórmannlegt hvernig þingflokksformennirnir hafa gert grein fyrir því og staðfest hvernig allt fór fram. Það er jafn stórmannlegt og hitt er smátt að rjúfa þann samning sem gerður er í umboði forsætisráðherra hér í þinginu. (**Gripið fram í:** Þú sagðir ósatt ...) Það er hann sem svíkur samninginn og gerir sína eigin þingmenn að ómerkingum orða sinna.

Ég hvet til þess að formenn stjórnarflokkanna sjái einfaldlega að sér og taki undir þá tillögu sem Kristján L. Möller hefur fært fram. Kristján L. Möller hefur verið ákaflega farsæll undanfarna daga við að leiða ólík sjónarmið saman (Forseti hringir.) og ná fram góðri sátt og samkomulagi og átti stóran hlut í því (Forseti hringir.) að okkur tekst farsælega að ljúka þingstörfum hér í kvöld. Takið þeirri góðu tillögu og ljúkum þessu (Forseti hringir.) sumarþingi vel. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[01:22]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)** (**F**) (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar sagði ósatt í ræðu áðan. Hann breytir því ekki með því að koma aftur í ræðustól og æpa á þingmenn að hann hafi á einhvern hátt sem hann reynir að skilgreina sjálfur sagt satt. Það er einfaldlega ósatt sem hv. þingmaður sagði hér áðan. Hann verður að setta sig við það.

Það er líka rangt sem hv. þingmaður fullyrðir, eins og komið hefur fram í máli annarra þingmanna, m.a. hv. þingflokksformanna, að gert hafi verið um þetta formlegt samkomulag. Það er sagt frá því að menn hafi misskilið hlutina hér á göngunum. Svo kemur hv. þm. Helgi Hjörvar hingað upp og reynir að bjarga sér frá fyrri ósannindum (**HHJ:** ... enda þótt maður sé ...) með því að ... (**HHJ:** ... göngunum ...) (**BirgJ:** Heyr, heyr.)

Virðulegur forseti. Nú (Forseti hringir.) vil ég í þessari stuttu ræðu benda hv. þm. Helga Hjörvar á það að hann geti ekki komist undan því að hafa sagt ósatt með því að æpa á þingmenn. Hann heldur þá áfram að æpa úr sæti sínu. Ég geri athugasemd við þetta, virðulegur forseti. Það liggur fyrir að hv. þingmaður sagði ekki satt áðan.

[01:24]

**Björt Ólafsdóttir (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Þetta mál er allt hið undarlegasta og leiðinlegasta. Mig langar að beina þeim orðum, sérstaklega

til stjórnarflokkanna, til Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að þeir styðji sínar þingkonur sem hafa sannað það fyrir okkur öllum að þær eru vel starfi sínu vaxnar og ekki vanar að gera mistök. Ég held við vitum öll hvernig í pottinn er búið og ég mundi styðja þær, ég mundi sýna það. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[01:24]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Það er nú heldur dapurlegt að þurfa að enda sumarþingið á þessum nótum ef svo fer að þetta samkomulag standur ekki í kosningunni. Ég þakka formönnum þingflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fyrir að hafa núna algjörlega skýrt hvernig þetta mál liggur fyrir. Það er staðfest að þingflokksformenn töldu sig hafa gengið frá samkomulagi og í þeim krafti fer formaður allsherjar- og menntamálanefndar upp og gefur þá yfirlýsingu sem hún gefur. Þannig að þeirra hlutur liggur fyrir. En af einhverjum ástæðum er ekki hægt að efna þetta samkomulag og hvar er nú líklegt að valdataumarnir endi sem gera það að verkum að það er ekki hægt? (Gripið fram í.)

Það eru auðvitað tveir menn sem hafa það algjörlega í hendi sinni að neyða ekki formenn þingflokka sinna til þess að þurfa koma hér upp og biðjast afsökunar. Uppástunga hv. þm. Kristjáns Möllers er ágæt, er ekki hægt að leysa þetta þannig að sá flokkanna sem fær stjórnarformanninn láti sér nægja tvö sæti? Eins er kosið í þessa stjórn árlega og stjórnarflokkarnir gætu þá skipst á sitt hvort árið að vera með þrjá og tvo menn. Það eru ýmsar leiðir til þess. (Forseti hringir.) Það eina sem vantar er viljinn hjá tveimur mönnum í þessum sal. (Forseti hringir.) Sýni þeir hann ekki í verki þá segi ég bara: (Forseti hringir.) Ekki mundi ég vilja vinna fyrir svona menn.

[01:26]

**Katrín Júlíusdóttir (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Mér þykir það miður að þegar hér kemur fram ágætistillaga um leið til sátta í málinu fyrir þingheim, þannig að við getum farið heim nokkuð björt og glöð með það sem hér hefur farið fram, sé eina framlag hæstv. forsætisráðherra að fara með einhverjum hætti í hv. þm. Helga Hjörvar út af einhverju sem hann sagði og fór rétt með. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað að hæstv. forsætisráðherra kæmi hér upp, væri maður að meiri og reyndi að skera á þennan hnút með málefnalegum hætti vegna þess að hér fer um eina konu hrollur yfir því hversu fast ríkisstjórnarflokkarnir sækja að fá að vera með sex af níu manns í stjórn Ríkisútvarpsins sem leggur línurnar þegar kemur að dagskránni. Í lýðræðisríki, herra forseti. Það fer um mig hrollur.

[Fundarhlé. — 01:28]

[01:41]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseta hafa borist tveir listar sem á eru fleiri nöfn en kjósa skal, listi A og listi B. Því þarf að fara fram kosning, samanber 86. gr. þingskapa. Kosningin fer þannig fram að

þingverðir útbyta seðlum til þingmanna sem skrifa annaðhvort A eða B á seðilinn. Þingverðir munu síðan safna seðlunum saman. — Ég bið þingverði að útbyta seðlunum.

Forseti vill endurtaka að þeir sem kjósa fulltrúa á A-lista riti A. Þeir sem kjósa fulltrúa á B-lista riti B á seðilinn.

[01:55]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Niðurstaða kosningarinnar liggur nú fyrir. A-listi fékk 37 atkvæði og B-listi 26. Aðalmenn af A-lista eru Guðrún Nordal, Magnús Stefánsson, Magnús Geir Þórðarson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Ingvi Hrafn Óskarsson og af B-lista Margrét Frímansdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Sigurður Björn Blöndal og Pétur Gunnarsson. [Lófatak í þingsal.]

Varamenn af A-lista eru Jón Hákon Magnússon, Gabriela Friðriksdóttir, Jóhanna Pálsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Árni Gunnarsson og af B-lista Árni Gunnarsson, Hlynur Hallsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Lára Hanna Einarsdóttir.

*Aðalmenn:*

Guðrún Nordal (A),  
Margrét Frímansdóttir (B),  
Magnús Stefánsson (A),  
Björg Eva Erlendsdóttir (B),  
Magnús Geir Þórðarson (A),  
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (A),  
Sigurður Björn Blöndal (B),  
Ingvi Hrafn Óskarsson (A),  
Pétur Gunnarsson (B).

*Varamenn:*

Jón Hákon Magnússon (A),  
Árni Gunnarsson (B),  
Gabriela Friðriksdóttir (A),  
Hlynur Hallsson (B),  
Jóhanna Pálsdóttir (A),  
Katrín Sigurjónsdóttir (A),  
Lilja Nótt Þórarinsdóttir (B),  
Árni Gunnarsson (A),  
Lára Hanna Einarsdóttir (B).

**Frestun á fundum Alþingis, ein umr.**

Stjttill., 32. mál. — Þskj. 77.

[01:56]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 4. júlí 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 10. september 2013.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.  
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

[01:57]

Till. samþ. með 63 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPŠ, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BjörgvS, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GuðbH, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HHj, HöskP, IIG, JMS, JónG, JÞÓ, KG, KJak, KaJúl, KPJ, KLM, LRM, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SII, SigrM, SIJ, SilG, SkH, SJS, SSv, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE, ÖJ, ÖS.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 90).

**Þingsköp Alþingis, 3. umr.**

Stjfrv., 30. mál (samkomudagur Alþingis haustið 2013). — Þskj. 85.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[01:58]

Frv. samþ. með 44:10 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BjÓ, BSB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FrH, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskP, IIG, JMS, JónG, KG, KPJ, LínS, OO, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, RM, SDG, SÁA, SigrM, SIJ, SilG, UBK, ValG, VigH, VilB, WÞP, ÞM, ÞorS, ÞórE.  
**nei:** BirgJ, BjG, HHG, JÞÓ, LRM, SII, SJS, SSv, ÖJ, ÖS.  
9 þm. (ÁPÁ, ÁPŠ, BjörgvS, GuðbH, HHj, KJak, KaJúl, KLM, SkH) greiddu ekki atkv.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 91).

**Þingfrestun.**

[01:59]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Háttvirtir alþingismenn. Komið er að lokum síðasta fundar Alþingis að þessu sinni. Sumarþingi, sem við köllum svo, lýkur nú með þingfrestun til 10. september. Það hefur staðið í rétt tæpan mánuð og þingfundadagar orðið 19. Haldnir hafa verið 24 þingfundir á þessum dögum. Þeir hafa staðið í 110 klst. Lengst var umræðan um veiðigjöldin sem stóð í röska 21 klukkustund og umræðan um Ríkisútvarpið sem stóð í rúmlega 13 tíma.

Tíu sérstakar umræður fóru fram og ráðherrar svörðuðu 31 fyrirsögnunum óundirbúið og þremur fyrirsögnunum á þingskjölum var svarað á fyrirsögnafundi. 34 þingmál voru lögð fram, þar af voru 15 frumvörp og hafa 11 þeirra orðið að lögum. Sjö tillögur hafa komið fram og hlutu tvær þeirra samþykki þingsins.

Fastanefndirnar hafa haldið 66 fundi samtals, flesta í atvinnuveganefnd eða 18, og stóðu nefndarfundir í u.p.b. 100 klst. Á fundina komu 315 gestir.

Af þessu yfirliti má sjá að sumarlota Alþingis hefur verið annasöm og snörp og afgreidd hafa verið allmörg mál á þessum mánaðartíma.

Við alþingismenn erum nú að hefja nýtt kjörtímabil og í ræðu minni við forsetakjörið á þingsetningardaginn setti ég fram sjónarmið mín um störf og starfshætti Alþingis. Mér sýnist í megindráttum að við förum vel af stað þó óneitanlega hafi ég grillt í kunnuglega takta á þessu sumri og sumir meira að segja kunnuglegir úr eigin fari á umliðnum árum.

Ég hef hug á því að ræða við forustumenn þingflokkaanna í sumar um reynsluna af sumarþinginu og hvernig þeim umbótum megi koma á sem ég gerði að umtalsefni við þingsetningu. Enn fremur vil ég vinna að því með formönnum flokkaanna að koma sem fyrst á lagginnar þingmannanefnd sem haldi áfram því starfi sem unnið hefur verið að undanfarin misseri við að endurskoða þingsköpin.

Ég vil við lok þessa fundar þakka háttvirtum alþingismönnum samstarfið og þá sérstaklega varaforsetum, formönnum þingflokka og formönnum stjórn mála flokka.

Starfsfólki Alþingis þakka ég sömuleiðis fyrir þeirra mikilvægu störf.

Hlé verður nú á þingstörfum til 10. september og ég óska þess að hv. alþingismenn, svo og starfsfólk þingsins, geti hvílst og notið sumarsins áður en við komum til starfa á ný að loknu sumarhléi og þingmenn sinnt sínum mikilvægu verkefnum og skuldbindingum utan veggja Alþingis.

[02:01]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**

**(F):**

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 142. löggjafarþings, frá 4. júlí 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 10. september 2013.

Gjört á Bessastöðum, 4. júlí 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég yfir því að fundum Alþingis, 142. löggjafarþings, er frestað.

Ég þakka háttvirtum alþingismönnum og starfsmönnum þingsins fyrir samstarfið á umliðnu sumarþingi og óska þeim og landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

Fundi slitið kl. 02:03.

---

## 25. FUNDUR

Þriðjudaginn 10. september,  
kl. 1.30 miðdegis.

### Dagskrá:

Störf ríkisstjórnarinnar, munnleg skýrsla forsætisráðherra. — Ein umr.

### Fjarvistarleyfi:

Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest.

### Framhaldsfundur Alþingis.

[13:32]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)

(F):

Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

„Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 10. september 2013 kl. 13:30.

Gjört í Reykjavík, 3. september 2013.

Sigmundur D. Gunnlaugsson, Kristján L. Möller,  
Markús Sigurbjörnsson.

\_\_\_\_\_  
Sigmundur D. Gunnlaugsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.“

Ég býð hæstv. forseta og hv. þingmenn velkomna til þingfunda að nýju að afloknu sumarhléi.

[13:33]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra góðar óskir til okkar þingmanna og býð alþingismenn jafnframt velkomna til framhaldsfunda Alþingis, 142. löggjafarþings. Samkvæmt starfsáætlun er gert ráð fyrir þingfundum í þrjá daga í þessari viku og síðan jafn mörgum í þeirri næstu. Eins og þingmönnum er kunnugt varð það niðurstaða þingflokka eftir að þing kom saman að loknum alþingiskosningum að efna til þingfunda nú í september með þessu sniði. Nýtt þing hefst svo þriðjudaginn 1. október. Þá verður fjárlagafrumvarp lagt fram svo sem kveðið er á um í 42. gr. stjórnarskrárinnar en í fyrsta sinn mun nú reyna á nýtt ákvæði þingskapa um að samhliða fjárlagafrumvarpi verði lögð fram frumvörp um breytingar á lögum sem útgjöld og tekjur fjárlagafrumvarpsins byggjast á.

Gera má ráð fyrir að þinghaldið nú í september muni litast af pólitískri umræðu, ekki síst þeirri sem hæst ber nú á vettvangi dagsins. Hæstv. forsætisráðherra gerir á eftir grein fyrir störfum ríkisstjórnarinnar og fara fram umræður í framhaldi af því. Á fimmtudaginn verða sömuleiðis umræður um munnlega skýrslu hæstv. utanríkisráðherra um

Evrópumál. Auk hefðbundinna þingmála verða á dagskrá þingsins sérstakar umræður sem þingmenn hafa óskað eftir, óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra og umræður um störf þingsins auk annarra hefðbundinna þingstarfa.

[13:34]

#### Útbýtt utan þingfundar 4. júlí:

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 25. mál, þskj. 83.

Þingsköp Alþingis, 30. mál, þskj. 85.

#### Útbýtt á fundinum:

Afsláttur af veiðigjöldum, 24. mál, svar sjútv.- og landbrh., þskj. 93.

Almannatryggingar, 35. mál, frv. velfn., þskj. 94.

Bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, 40. mál, þáttill. ÁPÁ o.fl., þskj. 102.

Brunavarnagjald og stuðningur við sveitarfélög, 41. mál, fsp. KLM, þskj. 103.

Ferjusiglingar í Landeyjahöfn, 29. mál, svar innanrrh., þskj. 98.

IPA-styrkir, 27. mál, svar utanrrh., þskj. 92.

Landhelgisgæslan og sjúkraflog, 42. mál, fsp. SilG, þskj. 104.

Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, 37. mál, þáttill. SSv o.fl., þskj. 96.

Skipun nefndar um málefni hinsegin fólks, 39. mál, þáttill. KJak o.fl., þskj. 101.

Sóknargjöld, 34. mál, svar innanrrh., þskj. 99.

Tekjulækkun ríkissjóðs, 28. mál, svar fjmrrh., þskj. 97.

Tekjuskattur, 38. mál, frv. KJak o.fl., þskj. 100.

Viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, 36. mál, frv. SJS og KaJúl, þskj. 95.

#### Störf ríkisstjórnarinnar, munnleg skýrsla forsætisráðherra, ein umr.

[13:36]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Á grundvelli 2. mgr. 86. gr. þingskapa er samkomulag um að umræðan standi yfir í um þrjár klukkustundir og er umræðutímanum skipt milli þingflokka eftir reglum þingskapa.

[13:36]

#### Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)

(F):

Virðulegi forseti. Það er mér mikil ánægja að fá tækifæri til að gera Alþingi grein fyrir störfum ríkisstjórnarinnar, nú þegar þing kemur saman í septembermánuði. Öll ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands hafa undanfarnar vikur og mánuði unnið að verkefnum sem tengjast stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi haustþings og einnig er á hverjum tíma unnið að fjölmörgum reglulegum og lögbundnum verkefnum í öllum ráðuneytum.

Ekki er mögulegt að gera grein fyrir þessari vinnu allri í umræðu sem þessari. Ég mun því stikla á stóru og nefna nokkur dæmi til að veita innsýn í störf ríkisstjórnarinnar.

Mörg af verkefnum stjórnvalda eru stór og munu verða viðfangsefni næstu mánaða og ára. Sum þeirra eru þess eðlis að þau munu jafnvel endast út kjörtímabilið og halda áfram á því næsta. Vinna við flest þessara verkefna hófst þegar á fyrstu vikum nýrrar ríkisstjórnar. Rétt er að geta þess að í sumum tilvikum hefur verið haldið áfram með vinnu sem hófst í ráðuneytum í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Grundvallarsýn stjórnvalda á hverjum tíma verður að vera til langrar framtíðar, og á liðnum áratugum hafa miklar framfarir og bætt lífskjör á Íslandi byggst á samvinnu og slíkri framtíðarhugsun. Þannig verður ríkisstjórn að horfa lengra en bara til loka eigin kjörtímabils og spyrja á hverjum tíma: Hvaða breytingum viljum við að samfélagið taki til góðs í framtíðinni og hvaða ákvarðanir þurfum við að taka í dag til að það gerist?

Með slíkri hugsun getum við lagt grunn að lausn helstu verkefna þjóðfélagsins í sameiningu, með trú á tækifæri Íslands og sóknarfæri framtíðarinnar í fyrrirúmi.

Í sumar voru skipaðir sérfræðihópar í samræmi við ályktun Alþingis um aðgerðir vegna skuldavanda íslenskra heimila. Skipaður var sérfræðingahópur sem nú vinnur að tillögum um höfuðstólslækkun verðtrygðra húsnæðislána og mun gera úttekt á kostum og göllum þess að stofna sérstakan leiddréttingsjóð vegna húsnæðislána. Einnig hefur verið settur á fót sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytendalánum og undirbúningur verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála er hafinn. Þá er unnið á grundvelli þingsályktunarinnar í innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, m.a. vegna afnáms stimpilgjalds, en ég mun nánar gera grein fyrir vinnu í tengslum við þingsályktunina á haustþinginu.

Í samhengi við þetta er hafin vinna við að meta möguleika á því að leggja gjald á fjármála fyrirtæki vegna umtalsverðra tafa á endurútreikningi lána. Það er ljóst að vinnan sem tengist skuldavanda heimilanna er eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar og mun, þegar hún er til lykta leidd, verða til þess að íslensk heimili ná aftur hluta af þeim eignum sem töpuðust í verðbóluskoti árána 2007–2010. Það er samfélaginu í heild til framdráttar að koma til móts við þessar fjölskyldur. Þar má ekki horfa aðeins í kostnaðinn sem aðgerðirnar hafa í för með sér því að kostnaður samfélagsins verður enn meiri til framtíðar ef ekkert verður gert. Frá þessu verkefni má ekki hvika.

Eitt af stóru málunum fram undan er gerð kjarasamninga. Viðræður aðila vinnumarkaðarins hafa verið undirbúnar og settar í markvissan farveg og ráðherra munu funda með forustumönnum atvinnurekenda og launþega á morgun þar sem farið verður yfir stöðuna á þeim vettvangi. Engum dylst að ákaflega mikilvægur hluti þess að bæta kjör á almennum vinnumarkaði er að styrkja stöðu atvinnulífsins og bæta starfsumhverfi fyrirtækja. Eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að hefja vinnu við aðgerða-áætlun um einfalt og skilvirkt regluverk fyrir atvinnulífið í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Sú vinna felur í sér ýmsar aðgerðir sem unnið er að í ráðuneytunum, m.a. í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og Viðskiptaráð Íslands.

Kaflaskil urðu í þessari vinnu með ráðstefnu í síðustu viku þar sem erlendir sérfræðingar miðluðu meðal annars af

reynslu nágrannalandaanna í þessum efnum. Einnig hefur verið skipaður ráðgjafarhópur um opinberar eftirlitsreglur til að vinna með ráðuneytunum að innleiðingu verkefnisins. Þessi vinna byggir undir það markmið ríkisstjórnarinnar að skapa starfsumhverfi sem ýtir undir fjárfestingu og fjölgun starfa, ekki síst hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Henni er einnig ætlað að hjálpa til við að ýta undir nýsköpun og nýtingu vaxtartækifæra framtíðarinnar, enda er ein grunnforsenda vaxtar í atvinnulífinu að óskilvirkar og þyngjandi reglur verði ekki nýjum og vaxandi fyrirtækjum fjötur um fót. Eitt af því sem einnig skapar skilyrði fyrir aukinn hagvöxt er bætt framleiðni, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum.

Með aukinni framleiðni í opinberri þjónustu má nýta fé betur og styrkja þannig enn frekar undirstöður þeirrar grunnþjónustu sem við viljum að samfélagið veiti. Til að vinna að þessu markmiði hefur verið settur á fót sérstakur hagræðingahópur sem mun leggja til við ríkisstjórnina leiðir til að hagræða, forgangsraða og auka skilvirki í ríkisrekstrinum.

Hagræðingahópnum hafa nú þegar borist mörg hundruð tillögur frá almenningi sem sýnir vel áhuga fólks á því að gera ríkisreksturinn betri og skilvirkari.

Virðulegi forseti. Ekki hefur farið fram hjá neinum að gert hefur verið hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Bæði ég og utanríkisráðherra höfum hitt forustumenn og fulltrúa Evrópusambandsins og gert þeim grein fyrir stöðu mála. Á haustþinginu verður kynnt úttekt á aðildarviðræðunum og þróuninni innan ESB. Utanríkisráðherra mun gera nánari grein fyrir þessum málum á vettvangi þingsins.

Í utanríkisráðuneytinu er unnið að fleiru en Evrópumálum. Þar hefur meðal annars verið unnið að greiningu á áhrifum fyrirhugaðs samnings um viðskipti og fjárfestingar milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna á viðskiptatengsl Íslands og þingsályktunartillaga um fullgildingu fríverslunarsamnings Íslands og Kína verður lögð fyrir Alþingi í upphafi haustþings í október.

Þá er einnig hafin vinna við að meta hvernig megi auka útlutning til ríkja og heimshluta þar sem eftirspurn vex hröðum skrefum. Hefur þar sérstaklega verið horft til Asíu og annarra vaxandi markaðssvæða og utanríkisráðherra mun hafa forgöngu um að farið verði með heildstæðum hætti yfir skipulag markaðsstarfs og landkynningar á erlendri grundu.

Þá hófst vinna við tillögugerð um styrkingu á norðurslóðastarfi stjórnvalda í upphafi þessa kjörtímabils þar sem meðal annars verður leitað leiða til að tryggja að verkefni tengd norðurslóðum verði vistuð á Íslandi. Utanríkisráðherra mun í næsta mánuði kynna ný skref sem ríkisstjórnin hyggst taka í norðurslóðamálum. Viðskiptaráð norðurslóða tók til starfa í lok maí og það er sérstakt ánægjuefni að í haust verða haldnar stórar og mikilvægar ráðstefnur um norðurslóðamál í Reykjavík og á Akureyri.

Mikið hefur verið rætt um stjórn fiskveiða síðustu mánuðina og árin. Í sumar setti sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra af stað vinnu við endurskoðun á fiskveiðistjórnkerfinu í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að skapa sátt um það til framtíðar. Vinnan grundvallast meðal

annars á því að samningsbundin réttindi leysi af hólmi ótímabundnar úthlutanir. Þá er einnig hafin vinna við nýtt frumvarp til laga um veiðigjald og er sú vinna leidd af veiðigjaldsnefnd. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skal almennt gjald endurspeglja afkomu útgerðarinnar í heild en sérstakt gjald taka sem mest mið af afkomu einstakra fyrirtækja.

Þá hefur verið hafist handa við að breyta og einfalda kerfi við leyfisveitingar í fiskeldi þannig að leyfisveitingin fari í gegnum skipulagsferli í stað flókans umsagnar- og leyfisferlis. Þessi vinna er hluti af víðtækari vinnu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þar sem unnið er sérstaklega að því að bæta regluverk og draga úr kostnaði atvinnulífs og almennings með aðgerðum sem í fyrstu munu beinast að almennu viðskiptaumhverfi og þá einkum út frá hagsmunum neytenda og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í framhaldinu er ráðgert að fara kerfisbundið yfir allt regluverk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins með þarfir notanda í huga og meta hvort þær kröfur sem gerðar eru skili árangri.

Eitt af því sem íslenskt efnahagslíf þarfnast mest er fjárfesting og aukin samkeppnishæfni. Aukin fjárfesting styrkir atvinnulíf og kemur heimilum í landinu til góða með fjölgun starfa og betri afkomu. Fjárfestingarvaktin hefur nú skilað til iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillögum um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands varðandi beina erlenda fjárfestingu og eflingu markaðs- og kynningarstarfs í því skyni.

Í morgun setti ég ráðstefnu um framtíð ferðapjónustu á Íslandi. Þar voru kynntar niðurstöður umfangsmikillar vinnu Boston Consulting við að greina tækifærin sem liggja í ferðapjónustu. Hækkun skatta á gistingu var þar hafnað sem skaðlegri aðgerð en þess í stað lögð áhersla á að finna skynsamlegar leiðir til gjaldtöku, leiðir sem tryggi samkeppnishæfni landsins í ferðapjónustu og nauðsynlega uppbyggingu ferðamannastaða til framtíðar.

Það er afar mikilvægt að við hlúum vel að þessum vaxtarprota þannig að þeir sem sinna ferðapjónustu og samfélagið í heild njóti þess sem landið okkar gefur. Þar verða að fara saman til langs tíma uppbygging og náttúruverndar-sjónarmið. Þessari vinnu miðar vel í atvinnuvegaráðuneytinu.

Vinna við gerð nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu er langt komin en kjarni stefunnar gengur út á það hvernig auka megi hagvöxt og útflutningsverðmæti. Unnið er að endurskoðun fjögurra ára áætlunar í ríkisfjármálum, með raunhæfum markmiðum um heildarjöfnuð í ríkisfjármálum og lækkun skulda sem hlutfall af landsframleiðslu. Niðurstaða þeirrar vinnu birtist senn í frumvarpi til fjárlaga 2014.

Þá hefur verið unnið áfram að undirbúningi frumvarps til nýrra laga um opinber fjármál þar sem mælt er fyrir um grundvallarbreytingar á framsetningu fjárlaga, ítarlegri stefnumörkun og áætlanagerð í opinberum fjármálum og markvissara eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Verið er að gera heildarúttekt á skattkerfinu með það að markmiði að hámarka verðmætasköpun í samfélaginu og auka tekjur ríkisins. Sem dæmi um fjölmargar breytingar sem nú eru til skoðunar má nefna mat á forsendum þess að taka upp afslátt af tekjuskatti til þeirra sem fjárfesta í litlum fyrirtækjum í vexti. Einnig má nefna drög að breytingum á skattlagningu nauðsynlegra barnavara.

Ný áætlun um afnám fjármagnshafna er í vændum. Þar er sérstaklega litið til þess að lágmarka möguleg neikvæð áhrif vegna uppgjörs föllnu bankanna og að styrkja umgjörð fjármálakerfisins sem er ein forsenda árangursríks afnáms hafta. Á næstu mánuðum verða lögð fyrir Alþingi frumvörp að nýrri löggjöf um fjármálafyrirtæki og nýtt fjármálastöðugleikaráð.

Í innanríkisráðuneytinu er meðal annars hafin vinna sem snýr að því að stytta þann tíma sem hælisleitendur bíða í óvissu um framtíð sína og einnig að því að nýta betur fjármagn ríkisins með því að fækka dvalardögum hælisleitenda hér á landi. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um eflingu löggæslu er unnið að greiningu á því hvernig betur megi tryggja öryggi og þjónustu við almennings og hvernig sjá megi til þess að viðbótarfjármagn sem veitt er til lögreglunnar skili sér í raunverulegri eflingu lögreglu þar sem þörfin er brýnust.

Þá hefur verið skipuð nefnd til að undirbúa millidómstig, en höfuðmarkmið þeirrar vinnu er að tryggja almennings nauðsynlegar umbætur á dómsskerfinu, auka skilvirkni og gera íslenska dómsskerfið sambærilegt dómsskerfum nágrannahjóða.

Innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins er nú unnið að því að stytta nám fram að stúdentsprófi um eitt ár. Einnig er unnið er að því að leggja mat á hvernig samþætta megi og styrkja háskólanám á Íslandi. Áhersla verður lögð á eflingu iðn- og tæknigreina og sú vinna unnin í samráði við menntastofnanir, vinnuveitendur og launþega.

Verkefnastjórn rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða hefur hafið störf við 3. áfanga rammaáætlunar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur nú ásamt fleiri aðilum að undirbúningi umhverfisþings sem fjalla mun um sjálfbæra þróun. Það fer fram í Hörpu þann 8. október næstkomandi.

Virðulegur forseti. Allir þegnar samfélagsins þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda á lífsleiðinni. Mikilvægt er að tryggja réttlátari, einfaldari og gegnsærri skiptingu á hlutdeild einstaklinga og hins opinbera í kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Með þetta markmið í huga er nú unnið að samræmdu greiðsluþáttókakerfi vegna heilbrigðisþjónustu. Þar verður meðal annars kannað hvort og hvernig megi fella allan heilbrigðiskostnað einstaklinga undir eitt niðurgreiðslu- og afsláttarfyrirkomulag þannig að þátttaka fólks í heilbrigðiskostnaði verði takmörkuð. Þá er hafinn undirbúningur að innleiðingu á þjónustustýringu í heilbrigðiskerfinu með áherslu á bættu þjónustu sem tryggi sjúklingum veiðeigandi úrræði, aukna skilvirkni og betri nýtingu fjármuna. Samhliða verður heilsgæslan eflað sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu, enda mun hún gegna lykilhlutverki í þjónustustýringunni.

Í samræmi við markmið stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er nú unnið að stefnumörkun um lýðheilsu og forvarnastarf. Víðtæk innleiðing hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu hefst eftir áramót og sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir til að sporna við offitu og tengdum sjúkdómum. Þá er stefnumörkun í áfengis- og vímuvörnum á lokastigi. Fyrr í sumar voru tekin fyrstu skrefin til afnáms skerðinga í almannatryggingakerfinu.

Haldið verður áfram á þeirri braut á komandi mánuðum

og einnig er stefnt að því að ljúka heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Breytingar munu fela það í sér að tekið verði upp starfsgetumat í stað örorkumats og starfsendurhæfingarúræði verði eflað til að fyrirbyggja ótímabæra skerðingu starfsorku. Lífeyrisgreiðslur til aldradra og öryrkja verða endurskoðaðar og áhersla lögð á einfaldari og skýrari löggjöf. Þá verður lögð áhersla á sveigjanleg starfslok og samræmingu viðmiða í almannatryggingakerfinu og almenna lífeyrissjóðakerfinu.

Ég hef óskað eftir tilnefningum frá öllum stjórnmalaflokkum í nýu manna nefnd um endurskoðun stjórnarskránnar sem skal vinna á þessu kjörtímabili. Ég bind miklar vonir við þá vinnu en hún byggist á samkomulagi þingflokka frá því í sumar. Ekki hafa enn borist tilnefningar frá öllum stjórnmalaflokkum en ég vona að þær berist sem fyrst þannig að unnt verði að hefja þetta mikilvæga starf. Vinna við endurskoðun stjórnarskrár hlýtur að teljast eitt af mikilvægustu verkefnum löggjafans. Ég treysti því að alþingismenn úr öllum flokkum taki það verkefni alvarlega og vinni af heilindum að því að ná samstöðu um ágreiningsmál sem upp kunna að koma á þeirri leið.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í upphafi er ekki unnt að veita tæmandi skýrslu um störf ríkisstjórnarinnar á þeim 15 mínútum sem gert er ráð fyrir í umræðu sem þessari. Hér hefur því aðeins verið stiklað á stóru varðandi nokkur þeirra verkefna sem unnið hefur verið að í ráðuneytum síðan ríkisstjórnin tók við í lok maímánaðar.

Nú fyrir upphaf fyrsta reglulega þings nýs kjörtímabils er staðan sem sagt þessi: Í undirbúningi eru róttækustu aðgerðir stjórnvalda nokkurs staðar í veröldinni í þágu skuldssettra heimila. Rekstrarumhverfi fyrirtækja mun taka stakkaskiptum með breyttu og skilvirkara regluverki og jákvæðum hvötum sem ýta undir fjölgun starfa, auka verðmætasköpun og bæta kjör. Skattkerfið allt er til endurskoðunar til að tryggja hámarksávinning samfélagsins.

Um leið og ríkisstjórnin undirbýr sókn íslenskra útflutningsgreina á nýja markaði er unnið að því að nýta þau stórkostlegu tækifæri sem eru að skapast vegna þróunarinnar á norðurslóðum. Verið er að laga heilbrigðis- og almannatryggingakerfin á þörfum landsmanna með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning og aðstöðu starfsfólks. Hafin er endurskipulagning menntakerfisins til að tryggja íslenskum ungmennum menntun í hæsta gæðaflokki og samfélaginu þá þekkingu sem þarf til að sækja fram á 21. öldinni.

Þetta eru aðeins fáein dæmi um þá undirbúningsvinnu sem hefur verið í gangi í sumar.

Ríkisstjórnin mun við upphaf nýs þings leggja fram fjölmörg frumvörp til að ná þeim markmiðum sem hún hefur sett sér. Mörg þessara frumvarpa verða umdeild, sum vegna þess að með þeim er horfið frá stefnu síðustu ríkisstjórnar, sum vegna þess að einhverjir munu telja sig þurfa að leggja gegn sem flestu af því sem frá ríkisstjórninni kemur. Vonandi mun þó umræðan bera svip uppbyggilegrar rökraðu og vonandi getum við í sameiningu gert næsta þing að miklu framfarþingi.

[13:53]

### Árni Páll Arnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir skýrslu hans og vil lýsa sérstakri ánægju með þann tón sem hann sló í ræðu sinni um mikilvægi samstöðu og samvinnu á þeim viðsjárverðu tímum sem við lifum. Ég vil hins vegar óhjákvæmilega minna á það í upphafi máls míns að við höfum fengið frekar lítið að sjá af þeirri samvinnu og samstöðu á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstjórnar. Ég vil þó undanskilja tvo ráðherra, hæstv. heilbrigðisráðherra sem óskað hefur eftir tilnefningu stjórnarandstöðunnar í hóp um greiðsluþáttökukerfi í heilbrigðiskerfinu og hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra sem lýst hefur vilja til þess að vinna áfram á þeim grunni sem unninn hefur verið á síðustu árum í stefnumótun á sviði húsnæðismála og óskað eftir aðkomu stjórnarandstöðunnar að því verki. Það er fagnaðarfeni að svo sé unnið. Við viljum gjarnan vinna með þeim hætti. Við leggjum því á þessu stutta þingi fram tillögu til þingsályktunar um bráðaðgerðir til lausnar því alvarlega ástandi sem upp er komið á leigumarkaði og þolir ekki bið eftir heildarendurskoðun húsnæðisstefnu.

En það er stærra sem ekki er sátt um og ekki er boðið upp á sátt eða samstarf um. Ekki hefur verið leitað samstarfs við stjórnarandstöðuna um vinnu við skuldamálaþrátt fyrir beiðni okkar þar um og horfir þar mjög öfugu við það sem tíðkaðist í tíð síðustu ríkisstjórnar þar sem þverpólitískt samstarf var um alla þætti úrvinnslu í skuldamálum heimilanna. Ekkert um ríkisfjármál og er það annað en boðið var upp á í upphafi síðasta kjörtímabils þegar fulltrúum stjórnarandstöðu var boðið að borðinu í Karphúsinu við undirbúning áætlunar um ríkisfjármál og undirbúning kjarasamninga. Og ekkert höfum við heyrt um afnám hafta annað en skens og sprog úr Stjórnarráðinu.

Síðan sjáum við í fjölmíðlum að ætlunin er að rjúfa sáttina sem þegar hefur verið byggð. Ætlunin er að rjúfa sáttina um rammaáætlun. Ætlunin er að rjúfa sáttina sem var óumdeild á vettvangi faghópanna um að verja Þjórásarver. Það eru skilaboðin sem við heyrum. Það á að brjóta upp þá sátt sem unnið hefur verið að áratugum saman til að tryggja samstöðu á Íslandi um vernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Virðulegi forseti. Ég sagði að við lifðum viðsjárverða tíma og þeir eru það ekki síst vegna þess að við búum við heimatilbúinn vanda. Í upphafi síðasta kjörtímabils tókumst við á við erfiðleika sem voru skapaðir af ytri aðstæðum. Núna hefur ríkisstjórnin verið dugleg að skapa sér vandamálín. Hún hefur verið dugleg með yfirlýsingum sínum og framgöngu að auka á vandann. Þar er hægt að nefna margt. Við sjáum lækkuð lánshæfismats landsins vegna þess að ekki hefur verið útfært hvernig er hægt með ábyrgum hætti að efna kosningaloforð jafnt í skuldamálum heimila sem á sviði ríkisfjármála.

Við sjáum að Seðlabankinn heldur að sér höndum við lækkuð vaxta af nákvæmlega sömu ástæðu. Við sjáum að væntingavísitala hrapar. Við sjáum að aðilar vinnumarkaðarins treysta sér ekki til að gera langtímakjarasamninga vegna þess að þeir vita ekki hvert ríkisstjórnin ætlar að fara. Bólur myndast á mörkuðum og þær munu auðvitað springa eins og allar aðrar bólur og einhverjir sitja eftir með sárt enníð í boði núverandi ríkisstjórnar.



Virðulegi forseti. Hin ranga forgangsröðun ríkisstjórnarinnar sem birtist á sumarþinginu hefur haldið áfram að birtast okkur með skýrari og skýrari hætti á síðustu mánuðum. Lækkun veiðigjalda og afturköllun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, ákvörðunin um að halda ekki áfram með auðlegðarskatt eru allt hlutir sem verða að skoðast í sambengi við aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Markmið hennar er að hlaða undir þá sem mest hafa fyrir og svo mjög bregður að þessu að auðmenn eru farnir að skrifa í *Morgunblaðið* og afþakka frekari atbeina ríkisstjórnarinnar til að lækka skatta þeirra og óska eftir því að hún fari frekar að einbeita sér að því að leysa þau velferðarverkefni sem við blasa hvarvetna.

Þessi mynd birtist á sama tíma og við sjáum vandann á Landspítalanum. Við sjáum vandann hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna þar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur verið gerður afturreka með illa ígrundaðar tillögur en virðist samt ætla að reyna að halda þeim til streitu til að unnt sé að niðurgreiða eftirgjöf handa þeim sem mest hafa milli handanna. Og lífeyrisþegar bíða enn eftir efnudum á lofordunum sem þeim voru veitt fyrir kosningar.

Eins og þessi ranga forgangsröðun væri ekki nóg þá blasir síðan við algjört ráðleysi í ríkisfjármálum. Hæstv. fjármálaráðherra hefur gefist upp á því verkefni að forgangsráða í ríkisrekstri. Hann hefur endurvakið áratugagamla úrelta aðferðafræði við aðhald í ríkisrekstri sem felst í flötum niðurskurði upp á 1,5%.

Við vissum sem var á síðasta ári að komið var að þolmörkum í heilbrigðisþjónustunni og skárum ekkert niður þar. Við höfum heyrt þingmenn Sjálfstæðisflokksins í aðdraganda kosninga tala um ástandið í löggæslunni, við höfum heyrt hæstv. heilbrigðisráðherra tala um nauðsynina á því að auka framlög til heilbrigðisþjónustunnar. Við höfum heyrt framþjóðendur Sjálfstæðisflokksins lofa úrlausn fyrir lífeyrisþega. Hvernig á að vera hægt að mæta 1,5% hagræðingarkröfu við slíkar aðstæður? Er einhver hér inni sem telur að löggæslan sé aflögufær að þessu leyti? Eða að heilbrigðiskerfið sé aflögufært? Ó, nei. Ráðleysið er algjört. Hæstv. fjármálaráðherra hefur hins vegar útvístað forgangsröðun í ríkisrekstri til fjögurra manna vitringakvartetts sem hefur fengið það verkefni að koma með tillögur til ríkisstjórnarinnar. Þar heyrum við aftur mörgum ólíkum hugmyndum fleytt eins og til að athuga hver viðbrögðin verði við þeim svo hægt verði að draga þær til baka ef þær vekja of mikla samfélagslega óánægju.

Við höfum heyrt hugmyndir um niðurskurð í Kvikmyndasjóði og núna síðast heyrðum við frá einum hv. þingmanni að eftirlitsiðnaðurinn væri stóra vandamálið. Eins og sé ekki búíð að hlaða nóg undir forréttingastéttirnar í landinu, þá eru það sem sagt skilaboð þessarar ríkisstjórnar að nú beri að veikja Samkeppniseftirlitið til að tryggja að kolkrabbar, gamlir og nýir, geti setið einir að hlut landsmanna og að meðalstór fyrirtæki muni enga leið eiga til þess að keppa við forréttingahöpana.

Með sama hætti á að veikja Fjármálaeftirlitið. Erum við ekki öll hér í þessum sal sammála um það hversu illa hafi gengið að láta bankana ganga fram til að mæta hagsmunum skuldugra heimila? Við getum rétt ímyndað okkur hvernig hefði gengið ef Fjármálaeftirlitið hefði þó ekki verið að reka á eftir þeim. Skatteftirlitið virðist ekki vera ofarlega á

forgangslistanum hjá ríkisstjórninni ef marka má orðaskipti hv. þm. Karls Garðarssonar og hæstv. fjármálaráðherra hér í sumar.

Virðulegi forseti. Þegar kemur að Evrópumálum blasir sama ráðleysið við. Klunnalegar tilraunir hæstv. utanríkisráðherra til þess að spilla samningsferlinu runnu þó í strand í sumar og mikið til fyrir tilverknað hæstv. forseta þingsins, sem ég vil þakka sérstaklega fyrir að hafa staðið vörð um þingræðið, þegar ráðherrann lét sér detta í hug að hægt væri að ganga gegn skýrri ályktun Alþingis um stefnumörkun í utanríkismálum. Það er virðingarvert að forseti þingsins skyldi ganga fram með þeim hætti og ég þakka honum fyrir það. (Gripið fram í.)

Með nákvæmlega sama hætti finnur maður enduróma um allt samfélag kröfuna um að þjóðin fái að koma að endanlegri ákvörðun í þessu máli. Að það verði þannig, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga stjórnarflokka beggja í aðdraganda kosninga, að engin óafturkræf skref verði tekin í þessu efni nema þjóðin fái að koma þar að. Það er óþarfi að loka dyrum ef til þess rekur engar nauðir. Land í óvissri stöðu þarf á því að halda að eiga alla kosti opna.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi er staða Íslands alvarleg. Við horfum á Ísland í höftum. Við horfum á glötuð tækifæri. Almennt er nú spáð 1% vexti. Atvinnuskiðun er engin meðal fólks með starfsmenntun. Atvinnuleysið minnkar hjá ófaglærðu fólki. Við blasir ógnin um þá framtíðarsýn að Ísland verði verstöð hráefnisútflutnings. Ísland verði ekki staðurinn þar sem fjölbreytt störf verði til, þar sem verðmikil störf verði til, þar sem þekkingarstörf verði til. Það vantar algjörlega sóknarstefnuna í þessa ríkisstjórn. Við vitum hvaða viðhorf hún hefur gagnvart atvinnusókn og fjölbreyttri atvinnusókn. Nú eru IPA-styrkir í uppnámi sem gáfu fyrirheit um fjölbreytta atvinnubrúun vítt og breitt um landið. Skilaboð ríkisstjórnarinnar til landsbyggðarinnar eru: Ykkar bíður einhæft atvinnulíf og fáir kostir. Á sama tíma sjáum við tækifæri sem hægt væri að nýta. Við sjáum fréttir af því að Mjólkursamsalan njóti arðs af því að framleiða í öðrum löndum, á Norðurlöndunum, skyr til neyslu vegna þess að þar er bullandi eftirspurn eftir íslensku skyrri. En vegna þess að við erum bundin höftum, höfum ekki aðgang að hinum evrópska markaði sem við hefðum með aðild að Evrópusambandinu þá flytjum við þessi störf úr landinu. Íslenskt skyr: Made in Sweden.

Af hverju fá ekki íslenskar hendur að vinna þessi störf? Af hverju fá ekki íslenskir bændur að vinna þessa mjólk? Með nákvæmlega sama hætti eru vaxtarmöguleikum sjávarútvegs veruleg takmörk sett vegna þess að markaðsaðgangur okkar í dag fullnægir ekki útflutningsþörfum sjávarútvegsins eins og þær hafa þróast á undanförunum árum.

Virðulegi forseti. Við þurfum sóknarstefnu þar sem alvörutækifæri eru nýtt, þar sem við sækjum fram vegna þess að okkar sterkustu fyrirtæki vaxa ekki hér í höftum og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hafa gert haftaafnám flóknara og erfiðara viðfangs en þurft hefði að vera. Ísland er land tækifæranna, við þurfum ekki ríkisstjórn sem eyðir öllu afli sínu í að þjóna fámennri forréttingastétt. Við þurfum ríkisstjórn sem treystir sér til að nýta tækifærin, opna þjóðinni nýja útflutningsmarkaði og leggja allt kapp á að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og almenna hagsæld.

[14:06]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir verkefnayfirlitið sem hann fór yfir í ræðu sinni. Það minnti mig að einhverju leyti á ferðasögu sem ég las einhvern tímann þar sem áfangastaðir og viðkomustaðir voru taldir upp en ekkert var um það hvert ferðin stefndi, af hverju hún væri farin, hverjar væru stóru línurnar í ferðasögunni. Það er kannski sú umræða sem ég hefði vonast eftir að fá fram hér í dag, hvert stefnir í raun en ekki bara upptalning verkefna, mörg hver ágæt og verðug svo að það sé nú líka sagt.

Ríkisstjórnin sem við sjáum nú hér í þinginu að loknu sumarhléi á auðvitað við það að stríða að stuðningur við hana dalar. Það er um margt skiljanlegt því að boginn var spennur hátt fyrir síðustu kosningar. Við vitum það öll sem erum stödd í þessum sal að margir áttu von á feittum tækka inn um lúguna strax eftir kosningar, að minnsta kosti daginn eftir stjórnmýndun, og að sá tækki mundi jú ekki kosta ríkissjóð krónu. Nú eru 100 dagar liðnir, ekkert hefur gerst svo sem enn þá en hæstv. forsætisráðherra er nokkuð hjart-sýnn. Hann hefur kannski ástæðu til að vera það enda kemur á daginn, bara með fréttum í dag, að skuldastaða heimilanna hefur batnað verulega, að vísu ekki vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar heldur vegna þess að íslenskt samfélag er á uppleið, hér hefur verið tekist á við vandann á undanförmum árum. Þetta undirstrika nýjar tölur Hagstofu Íslands. Í gögnum Hagstofunnar kemur fram að umfang skuldavanda heimilanna eftir hrun fer minnkandi. Íslenskum heimilum sem hafa neikvætt eigið fé í fasteign sinni hefur fækkað um tæplega 7.500 síðan fjöldi þeirra náði hámarki 2010. Heimili í þessari stöðu hafa ekki verið færri síðan 2008. Sama þróun endurspeglast í samanlögðu neikvæðu eigin fé þessara heimila sem hefur helmingast frá árinu 2010 úr því að vera rúmur 166 milljarðar í að vera rúmur 81 milljarður. Þetta er jákvæð þróun og það er eðlilegt að við gleðjumst yfir henni á meðan nefndir ríkisstjórnarinnar skoða frekari skuldaleiðréttingar.

Það var gott að hæstv. forsætisráðherra nefndi kjarasamninga sem eru fram undan því að þar eru sannarlega blikur á lofti. Þar mun skipta gríðarlegu máli hvernig tekst til, bæði fyrir fólkið í landinu og fyrir almennt efnahagslíf. Við vitum það öll í þessum sal að á árunum fyrir hrun jókst ójöfnuður mjög. Það var réttlætt með því að góðærið væri slíkt að öllum gengi betur en áður. Síðan eftir hrun, þegar aðgerðir þáverandi ríkisstjórnar skiluðu auknum jöfnuði, var því stundum svarað af hálfu hægri manna: Ja, nú hafa það allir jafn skítt. Þar var hins vegar lítið fram hjá því í fyrsta lagi að við vorum samfélag sem var að berjast við að koma sér upp úr djúpri kreppu og í öðru lagi því að jöfnuður getur verið mikilvægt tæki til þess að bæta samfélagið, til þess að efla velsæld. Allar rannsóknir sýna að samfélögum þar sem jöfnuður er lykilorðið farnast betur en þar sem ójöfnuður er mikill. Til þess þarf að horfa við gerð komandi kjarasamninga. Þar þarf að horfa til þess hvernig við getum bætt kjör hinna verst settu í hópi almennings. Það þýðir lítið að tala um verðbóluskrið þegar kemur að þeim sem lægst hafa launin, hvort sem það er verkafólk eða leikskólakennarar eða aðrir í umönnunarstéttum, þegar sama fólk sér þær hækkanir sem hafa orðið á toppunum á hinum almenna

vinnumarkaði. Þess vegna er að sjálfsögðu mikilvægt að stjórnvöld gangi fram af ábyrgð þannig að það verði raunveruleg kaupmáttaraukning sem fylgi nýjum kjarasamningum, en horfi jafnframt til þess að þeir samningar verði nýttir til að auka jöfnuð.

Horfum líka til þess að vaxandi launaskrið meðal fjármálafyrirtækja er áhyggjuefni þar sem þarf að fylgjast vel með þróuninni, ekki síst þar sem ríkið hefur lagt í mikinn kostnað við að endurskipuleggja íslensk fjármálafyrirtæki. Það er óviðunandi að þar skammti topparnir sér ofurlaun að nýju. Kjör almennings í landinu ættu hins vegar að vera stóra viðfangsefnið. Það ræddum við fyrir kosningar. Við vitum að margir kvíða hverjum mánaðamótum. Þar skiptir miklu að jafnaðarmennskan verði höfð að leiðarljósi.

Það eru ekki bara blikur á lofti við gerð kjarasamninga, það eru líka blikur á lofti í ríkisrekstrinum þar sem mér finnst stundum hvað rekast á annars horn í málflytningi stjórnarliða. Við fengum að sjá forgangsmál ríkisstjórnarinnar, að skerða tekjur ríkisins um 10 milljarða á þessu ári og því næsta með því að breyta sérstaka veiðigjaldinu, og almenningur horfði á útgerðarmann í stærstu útgerðum landsins greiða sér milljarða í arð í kjölfarið og þannig sýndu þeir okkur í verki að allt þetta tal um að sérstaka veiðigjaldið mundi valda hér atvinnumissi hundruð sjómanna var ekki rétt. Sérstaka veiðigjaldið hefði vissulega skert arðgreiðslur þessa tiltekna forréttindahóps.

Þetta var forgangsmálið, fyrir utan það jú að falla frá hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustuna sem hefur blómstrað sem aldrei fyrr í sumar og skerða þannig tekjur ríkisins um einhverja milljarða til viðbótar, auk þess að boða það að auðlegðarskatturinn yrði ekki framlengdur. Gott og vel ef staða ríkissjóðs þyldi slíkar skatta- og gjalda-lækkanir, en nei, um leið og einn tekjustofn er skertur er talað um aukinn niðurskurð í rekstri ríkisins. Þar er ekki verið að tala bara um einhverja fitu sem má missa sín því að það er búið að skera verulega niður í rekstri ríkisins á undanförmum árum. Ef við höldum áfram á þeirri braut að skerða hér samneysluna gætum við horft fram á eðlisbreytingu á samfélaginu þar sem samneyslana er jú komin ansi langt niður eftir baráttu síðustu ríkisstjórnar við að ná frumjöfnuði.

Virðulegi forseti. Það er engin leið fyrir hæstv. ráðherra að réttlæta frekari niðurskurð á meðan þeir gefa frá sér tekjur upp á marga milljarða. Þessi niðurskurður finnst mér vera í anda forkólfa Evrópusambandsins sem ég hefði ekki trúað að óreyndu að hv. þingmenn í stjórnarflokkunum vildu fylgja að málum. Heyrst hefur frá lykilmönnum á borð við Olli Rehn að niðurskurður sé eina leiðin til að ná frumjöfnuði og andmæli hann þeirri blönduðu leið sem Frakkar hafa farið, þ.e. blandaðri leið skattahækkana og niðurskurðar. Ég hefði seint trúað því að hv. þingmenn Vigdís Hauksdóttir og Ásmundur Einar Daðason yrðu Olli Rehn Íslands en það lítur allt út fyrir það miðað við það sem heyrst frá hagræðingarhópnum. (Gripid fram í.)

Þetta snýst ekki aðeins um niðurskurð því að ég heyrir hæstv. heilbrigðisráðherra tala um fjölbreyttari rekstrarform í heilbrigðiskerfinu og segja: Ja, ég er nú ekki að tala um einkavæðingu heldur fjölbreyttara rekstrarform. Erum við þá að tala um að færa stærri hluta sameignarinnar undir lög-

mál markaðarins hvort sem það eru heilbrigðisstofnanir, skólar eða veitukerfi með þjónustusamningum við einkaaðila sem eiga svo að græða en taka í raun takmarkaða ábyrgð? Þetta er nefnilega boðað, útvistun og minna eftirlit ofan á allt saman eins og menn muni ekki eftir þeirri umræðu sem hér fór fram í kjölfar útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og vinnu þingmannanefndar þar sem allir voru sammála um að mikilvægt væri að stjórnsýslan væri í stakk búin til að standa almennilega að eftirliti.

Við þurfum nefnilega, kæru þingmenn, að spyrja lykilspurninganna. Ég er sammála hæstv. forsætisráðherra, það skiptir máli að umræðan sé málefnaleg, hún sé uppbyggileg, að við séum ekki að hreyta hér ónotum hvert í annað, en það breytir því ekki að við erum ekkert sammála og við þurfum að leyfa okkur að takast málefnalega á um hvaða leiðir eru fram á við.

Virðulegur forseti. Ég tel að aukinn niðurskurður á samneynslu geti haft óafturkræf áhrif á samfélag okkar. Ég tel að aukinn niðurskurður í heilbrigðiskerfi geti hreinlega birst með áhrifum á heilbrigði landsmanna. Það er ekki bara eitt-hvað sem ég er að finna upp hér og nú. Það sjáum við á þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar á samfélögum sem hafa gengið í gegnum kreppu og tekið of stóra bita í niðurskurð á velferðarkerfinu, þar sjást beinar afleiðingar á heilsufari landsmanna. Þannig erum við að búa til aukinn kostnað seinna meir. Ég tel líka að aukinn niðurskurður í menntun og rannsóknum sé kolrangur á þessum tímamarki. Þegar við lítum til rannsókna skilar fjárfesting í menntun og rannsóknum sér beint í aukinni hagsæld fyrir samfélög. Ég tel líka að þær leiðir sem hafa verið nefndar, að skera niður með því að breyta rekstrarformum, séu varhugaverðar vegna þess meðal annars að ég tel það ekki endilega rétt, hreinlega siðferðilega rétt að einkaaðilar geti hagnast á þeim grunnstöðum sem samfélagið í heild hefur byggt upp því að sá hagnaður á að vera samfélagsins alls.

Að lokum vil ég nefna þær blikur sem eru á lofti í atvinnuuppbyggingu. Við heyrum að fjárfestingaráætlun síðustu ríkisstjórnar sé sérstaklega til skoðunar í niðurskurðaráformum. Hæstv. fjármálaráðherra nefndi það í fréttum að hún hefði ekkert verið almennilega fjármögnuð. Hæstv. fjármálaráðherra stóð að því að skerða tekjur ríkisins sem áttu beinlínis að fara í fjárfestingaráætlunina, 10 milljarðar á þessu ári og því næsta. Þessar tekjur voru eyrnamerktaðar í fjárfestingaráætlun. Og svo kemur hæstv. fjármálaráðherra — það er ekki hægt að borða kökuna kvöldið áður og koma að morgni dags og segja: Hvar er kakan? Þó að það sé stundum gert á heimilum þessa lands.

Horfum líka til þess að þú hugmynd sem einna helst hefur verið á lofti til atvinnuuppbyggingar er ekki fjölbreytt atvinnuuppbygging í anda þess sem lagt var fram í fjárfestingaráætlun, þ.e. fleiri álver, á sama tíma og blikur eru á lofti um heim allan í þeim geira. Ég trúi því ekki fyrir en ég tek á að núverandi ríkisstjórn ætli að fara þá leið. Ég trúi ekki öðru en að ríkisstjórnin ætli sér að byggja hagnöxt á hugviti, fara leið fjölbreyttrar atvinnusköpunar. Ég trúi því ekki fyrir en ég tek á að ætlunin sé að skerða samneynsluna eins og við heyrum fréttir af án þess að fá þær staðfestar. En vonandi munum við fá einhver svör á þessu þingi í september.

[14:17]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið flutt um störf ríkisstjórnarinnar þar sem farið var yfir verkefni sem unnið hefur verið að í einstökum ráðuneytum, aðgerðir sem til bæði skamms tíma og langs tíma eru líklegar til þess að hjálpa okkur að brjóta út úr þeirri stöðu sem við búum við í dag.

Ég tek eftir því að það á sér stað tiltölulega lítil umræða í upphafi umræðunnar um stöðu ríkissjóðs. Hér er látið sem svo að við höfum úr öllu því að spila sem til þurfi til að gera betur á flestum sviðum samfélagsins. Því miður er það ekki svo. Viðskilnaður fyrri ríkisstjórnar er ekki sá sem stefnt var að. Það er ekki svo. Þó að fjárlög hafi verið samþykkt með um það bil 3 milljarða halla stefnir í rúmlega 30 milljarða halla á yfirstandandi ári. Hér er hefur verið klifað á því aftur og aftur að ríkissjórnin sem tók við í vor hafi byrjað á því að skemma tekjustofna ríkisins. Heyr á endemi. Fjárfestingaráætlun, að hún hafi verið vel fjármögnuð. Það er ekki svo, því miður. Tökum það dæmi eitt og sér þar sem átti að byggja á tekjum sem áttu að koma einhvern tímann í framtíðinni sem aldrei skiluðu sér á síðasta kjörtímabili, eignasölu sem var óraunhæf og aldrei gekk eftir, arði sem aldrei kom. En það var auðvitað létt verk að setja saman áætlunina og ráðstafa henni inn á kjörtímabilið sem nú er rétt nýhafið og koma svo hér og segja: Hvers vegna er ekki staðið við það sem við höfum tiltölulega nýlega ákveðið?

Veidigjaldið, hvert hefur veiðigjaldið verið undanfarin ár? Er veiðigjaldið sem ríkisstjórnin hefur nú ákveðið fyrir næsta ár langt frá því sem fyrri ríkisstjórn hafði ákveðið? Ég hvet þingmenn til að líta á svar sem ég hef dreift á þinginu við fyrirspurn tveggja þingmanna um nákvæmlega það efni. Fyrri ríkisstjórn tók ekki nema rétt um 10 milljarða á ári síðastliðin tvö ár. Það er nákvæmlega sama talan og nýja ríkisstjórnin er að taka í veiðigjald — en menn höfðu uppi áform um að fara miklu hærra. Vissulega hafði fyrirverandi fjármálaráðherra áform um að fara upp í 25 milljarða á sínum tíma en var rekinn til baka með það hér í þinginu. Á næsta ári átti vissulega að fara upp fyrir 16 milljarða en það gerði ríkisstjórnin hins vegar aldrei. Hún skildi þannig við það mál að lögin voru óframkvæmanleg svo að á næsta ári eru nákvæmlega sömu veiðigjöld tekin af þessari ríkisstjórn og hafa verið tekin síðustu tvö árin. Það er ágætt að hafa það í huga þegar menn tala um að nýja ríkisstjórnin sé að kasta frá sér tekjustofnunum. Staðreynd málsins er sú að útgerðin í landinu hefur líklega aldrei greitt hærri gjöld og skatta til samfélagsins en einmitt í dag. Aldrei áður.

Það er grundvallaratriði að gera sér grein fyrir því ef menn vilja fara út í fyrstu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar. Eitt mikilvægasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að eyða pólitískri óvissu um með hvaða hætti við ætlum að standa að stjórn fiskveiða til framtíðar, pólitískri óvissu um hvernig stjórnvöld hyggjast styðja við áform um iðnaðaruppbyggingu í landinu, sama á hvaða sviði það er. Sannarlega eru tækifærin, eins og hér hefur aðeins verið komið inn á, til þess að byggja upp iðnað á nýjum sviðum, sviðum sem

tengjast tækni nútímans og þess sem mun gerast í framtíðinni og fyrirjárnlegt er. Ég nefni sem dæmi að gagnamagnið um strengina sem liggja til Íslands frá einstökum viðskiptamönnum hefur náð því að fara yfir heildarmotkun allra Íslendinga. Einn viðskiptavinur í gagnaveri flytur meira gagnamagn um strenginn til Íslands en allt Ísland að öðru leyti sem sýnir okkur hvaða tækifæri geta legið til dæmis í þeim iðnaði. Ríkisstjórnin mun sannarlega styðja við uppbyggingu á því sviði eins og öllum öðrum sviðum þar sem við getum ýtt undir þekkingariðnaðinn, nýtingu tækninnar og eflingu menntunar á þeim sviðum sem atvinnulífið mun kalla eftir á komandi árum.

Allt verður þetta að haldast í hendur við þá stöðu sem við horfum upp á í opinberum fjármálum. Staða sveitarfélaganna hefur verið tiltölulega veik. Þau keppast nú við að greiða skuldir sínar og hafa lítið fjárfest undanfarin ár. Ríkið hefur óskaplega lítið fjárfest og fyrri ríkisstjórn ákvað að draga fyrst og fremst úr fjárfestingunni til þess að verja samneysluna. Hér hafa menn sagt að hægt sé að gera kerfisbreytingar til að ná betri nýtingu á skattfé borgaranna. Það skiptir máli hvernig við notum þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum úr að spila. Nú þegar hefur í framsögu forsætisráðherra verið vísað í fjölmörg dæmi um mál, ekki bara á heilbrigðissviðinu heldur í fleiri ráðuneytum, þar sem ný ríkisstjórn hyggst, með því að gera kerfisbreytingar, ná fram meira hagræði og betri þjónustu til lengri tíma þannig að við getum betur mætt væntingum fólksins í landinu og byggt betra samfélag með þeim fjármunum sem við höfum úr að spila sem eru, eins og ég segi, takmarkaðir.

Aftur að stöðu ríkissjóðs. Mér sýnist blasa við um 30 milljarða halli á þessu ári. Sú er staðan, að hluta til vegna ákvarðana sem teknar hafa verið eftir að fjárlög voru samþykkt og við höfum fengið í fangið og þurfum sumar hverjar að taka til endurskoðunar, að hluta til vegna þess að hagvöxturinn hefur verið veikari en við vonuðumst til. Ég held að enginn hafi það sem sérstakt markmið að sjá hagvöxtinn hér lágan en hann hefur verið lágur, eftirspurn í samfélaginu er óskaplega takmörkuð. Það er sama hvort við horfum til einkaaðila eða atvinnulífsins, eftirspurnin hefur verið óskaplega lítil. Fjárfesting á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 dróst saman um 13% að raungildi borið saman við fyrstu sex mánuði ársins 2012. 13% samdráttur að raungildi í fjárfestingum.

Það er samdráttur sem bætist við annan samdrátt sem hefur verið undanfarin ár. Fjárfestingarstiggið í landinu er algerlega óviðunandi. Þess vegna er það eitt af forgangsverkefnum nýrrar ríkisstjórnar að grípa til aðgerða sem geta laðað fram nýja fjárfestingu í atvinnulífinu, fjárfestingu sem mun skila verðmætari störfum, aukinni framleiðni og færa okkur framár í samkeppnishæfni borið saman við aðrar þjóðir.

Par er af mörgu að taka. Það mun þurfa aukna fjárfest-

ingu í grunnatvinnugreinunum. Ég verð að segja að það eru mér alltaf mikil vonbrigði þegar þingmenn koma hér upp og tala til gömlu atvinnugreinanna eins og þær séu eitthvað sem við getum verið án, gömlu rótgrónu atvinnugreinanna sem við höfum byggt Ísland upp á og skila okkur mestri verðmætasköpun einmitt í dag.

Ég tel að við eigum að byggja nýjar greinar á þeim stöðum og sannarlega verður svigrúm fyrir nýja tækni og ný svið. Sumt af því er nokkuð sem ég get ekki einu sinni látið mér detta í hug að geti orðið til á Íslandi en unga kynslóðin mun finna út úr því hvernig ný tækni og nýir heimar, t.d. á tölvuöld, geta fært okkur ný tækifæri hingað heim til Íslands.

Það þarf ekki að gerast með því að við hverfum frá verðmætasköpun í hefðbundnum greinum, þvert á móti. Þetta styður allt hvert annað. Það er lykillinn að því að við getum lokað fjárlagagatinu og byrjað uppgreiðslu skulda. Það sem slær mann þegar maður sókkvir sér ofan í tölur um fjármál ríkisins er hversu hár vaxtakostnaðurinn er orðinn og hann mun ekkert minnka fyrr en við erum farin að skila afgangi á fjárlögum. Menn geta talað sig hása hér úr þessum stól um það hvernig við eigum að verja meira fé til hinna ýmsu samfélagssviða, allt frá skólum yfir í heilbrigðiskerfi og allt þar á milli, inn í samkeppnisjóði af hverju tagi, en það breytir því ekki að meðan við tökum fyrir því lán og erum ekki með neitt plan í gangi um það hvernig við lokum fjárlagagatinu og byrjum síðan í framhaldinu að greiða niður skuldir munum við á endanum rekast á vegg og þá munu menn upplifa það sem í daglegu tali er kallað hrun. Það er það sem gerist.

Þetta ætlum við að fyrirbyggja. Við ætlum á sama tíma að vinna að því að loka fjárlagagatinu, lækka skuldabyrði ríkisins og þar með vaxtakostnað þess, örva fjárfestingu og byggja þannig undir getu okkar til að gera betur á þeim sviðum sem ég held að við séum langflest sammála um, þvert á alla flokka, að við þurfum að styrkja. Á heilbrigðissviðinu, í almannatryggingum, í stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki, í því að gera Ísland að frambærilegum ef ekki hreinlega frábærum fjárfestingarkosti fyrir erlenda aðila.

Við vitum að það er hindranir á veginum en við getum vel ráðist á þær. Höftin hafa verið nefnd til sögunnar og svo sannarlega eru þau hrikalegt efnahagslegt vandamál. Ég vil meina að gjaldþyrshöftin séu líklega stærsta einstaka efnahagsvandamál okkar um þessar mundir en ég tel að það sé leysanlegt vandamál. Það er leysanlegt, ekki síst vegna þess að það eru svo miklir hagsmunir í húfi hjá öllum þeim sem málið varðar, hjá þeim sem eiga eignir í þrotabúum, hjá þeim sem eiga aflandskrónur í landinu, hjá þeim sem eiga kröfur á íslensk fyrirtæki sem fyrirsjáanlega munu lenda í vanda með að útvega gjaldþyrri til greiðslu þeirra skuldbindinga og hjá samfélaginu öllu til þess að tryggja að við byggjum upp nýja framtíðarsýn fyrir landið þannig að hægt verði að afnema höftin án þess að um leið myndist innlendur þrýstingur þegar við erum búin að leysa öll hin verkefni.

Hagsmunirnir eru svo miklir og ég leyfi mér að beina orðum mínum til kröfuhafa í þrotabú hinna föllnu banka. Þar eru hagsmunir upp á á þriðja þúsund milljarða. Menn geta rétt gert sér í hugarlund hversu miklir fjárhagslegir

hagsmunir eru undir því komnir að farsælega leystist úr þannig að hægt sé að veita aðgang að eignunum í þeim mæli sem raunhæft er þegar tekið hefur verið tillit til greiðslufafnaðar Íslendinga til framtíðar án þess að krónan lendi í frjálsum falli.

Ég tek undir með þeim sem hafa nefnt kjarasamninga í umræðunni sem eru gríðarlega mikilvægt mál í heildarsamhengi efnahagsmálanna. Kjarasamningarnir sem fram undan eru, bæði á almenna markaðnum og opinbera markaðnum, geta gegnt lykilhlutverki í því að styðja við þann efnahagslega bata sem við viljum öll sjá. Við viljum að sjálf-sögðu sjá meiri stöðugleika, við viljum sjá hægna en ákveðinn vöxt, vöxt sem er sjálfbær og er studdur af raunhæfri verðmætasköpun í landinu. Þegar menn taka út of miklar kjarabætur á skömmum tíma munu þeir að öllum líkindum þurfa að skila þeim aftur fyrr en varir. Kannski er það einmitt það sem gerðist hér í aðdraganda þess að íslensku bankarnir fellu.

Við höfum tekið út of mikil verðmæti af reikningi framtíðarinnar. Hér hafa eftirlitsstofnanir komið til umræðu og því er haldið fram að ný ríkisstjórn hyggist ráðast sérstaklega gegn þeim. Ég hef tekið eftir því í umræðu í fjölmiðlum undanfarna daga. Það er af og frá að til standi að kippa stöðunum undan mikilvægum eftirlitsstofnunum í landinu. Það er af og frá.

Hins vegar er það svo að margar eftirlitsstofnanir voru styrktar verulega, beinlínis í þeim tilgangi að taka á þeim atburðum sem áttu sér stað hér haustið 2008. Þær þurftu að styrkja til þess bæði að rannsaka mál og endurskoða verklag og ferla, lög og reglur — tímabundið. Nú er árið 2013, nú hljótum við öll að vera sammála um að við þurfum að fara að vinna okkur í átt að því að finna nýtt jafnvægi í því hver umsvif eftirlitsstofnanna eiga að vera til framtíðar. Það er ekki umræða sem snýst um að kippa stöðunum undan eftirlitsstofnunum í landinu. Það er umræða sem snýst um hvar við finnum hið nýja jafnvægi í þeim efnunum. Ég get ekki ímyndað mér ef menn horfa á forsendurnar sem lágu því til grundvallar að margar af þeim voru styrktar verulega á árinu 2009 og áfram, beinlínis til að takast á við þann vanda sem þá var nýrisinn, að þeir ætli að halda því fram að við þurfum að halda úti þeirri miklu starfsemi sem verið hefur undanfarin ár.

Reyndar mun það hafa lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs hvort eð er vegna þess að flestar þessar stofnanir eru bornar uppi af sérstökum gjöldum, t.d. sem greidd eru af fjármála-fyrirtækjum í landinu.

Virðulegi forseti. Ég tel að í upphafi umræðunnar hafi verið komið inn á velfest verkefni sem ríkisstjórnin hefur nú þegar sett af stað, en eðli málsins samkvæmt get ég ekki farið út í nein smáatriði þess máls sem ég hyggst mæla fyrir í upphafi nýs mánaðar. Ég get ekki rakið fjárlagafrumvarpið í neinum smáatriðum eða þær meginlínur í ríkisfjármála-stefnunni sem ég hyggst kynna þar, en í stjórnarsáttmálanum, í fyrstu verkefnum ríkisstjórnarinnar og í þeirri umræðu sem fer fram hér í dag og margir ráðherrar eiga eftir að taka þátt í tel ég að menn muni komast vel á snodir um hvert ríkisstjórnin hyggst stefna.

[14:32]

### Guðmundur Steingrímsson (Bf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir skýrsluna. Ég vil líka segja að mér finnst eðlilegt og ég sýni því fullan skilning að ríkisstjórn taki sér einhvern tíma eftir kosningar til þess að reyna að marka aðgerðir sínar og reyni að móta stefnuna skýrar. Við í Bjartri framtíð vorum sammála því og studdum það að ríkisstjórnin fengi meiri tíma til þess að klára fjárlagafrumvarpið og leggja það fram með tekjuöflunarfrumvörpum og fengi tíma til 1. október til að gera það. Ég verð hins vegar að vera alveg hreinskilinn með það að eftir að hafa hlustað á ráðu hæstv. forsætisráðherra hafa grunsemdir mínar um dálítið viðtækt úrræðaleyssi vaxið til muna.

Mér fannst skýrslan bera þannig yfirbragð að hæstv. forsætisráðherra væri í raun og veru að segja að starfshóparnir sem við ákváðum meðal annars hér inni að stofna í byrjun sumars hefðu hafið störf og búið væri að manna þá. Og síðan voru þeir starfshópar raktir. Engin frekari tíðindi fannst mér vera í skýrslu hæstv. forsætisráðherra. Það er bara búið að manna starfshópana. Gott og vel. Ég held að þetta sé hugsanlega og mjög líklega í síðasta skipti sem hægt er að halda svona ráðu. Nú verðum við í þessum sal og fólkið úti í þjóðfélaginu að fara að fá skýrari línur. Við verðum að fara að sjá á spilin. Hver verða úrræðin? Hvað á að gera? Það eru hvarvetna mjög stór viðfangsefni í íslensku samfélagi eftir allt sem á undan er gengið. Ég ætla að rekja þau aðeins.

Heilbrigðismálin. Við í Bjartri framtíð fögnum því að fara eigi inn í heilbrigðismálin og reyna að stokka þau upp, endurskipuleggja. Við þurfum að byggja upp heilsugæslu sem ódýrari úrræði. Við þurfum að beina fólki úr dýrum úrræðum í ódýrari. Við þurfum að byggja upp hjúkrunarrými til að losna við fólk úr legurýmum á sjúkrahúsi, sem er dýrt. Það styðjum við. Hins vegar var ekki neitt um það í skýrslu hæstv. forsætisráðherra að núna ríkir neyðarástand á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Það er neyðarástand á lyflækningsviði. Deildarlæknar ráða sig ekki til starfa. Þetta er ein hryllilegasta birtingarmynd atgervisflóttu í samfélaginu. Þetta er fólk sem starfar í alþjóðlegu starfsumhverfi og það ræður sig einfaldlega ekki inn á sjúkrahúsin á Íslandi. Það fer annað. Það eiga að vera starfandi 25 deildarlæknar en þeir verða að öllum líkindum sjö og ef deildarlæknar fást ekki til starfa á lyflækningsviði þá vex álagið á sérfræðinga og ef sérfræðingar ákveða að fara líka þá hrynur þjónustan. Hér þarf að fara inn með skýra stefnu. Hér þarf að hlusta á allar lausnirnar sem starfsmenn Landspítalans hafa sett fram. Hér þarf að taka afstöðu til þeirra. Hér þarf að taka afstöðu til þess hvort byggja á nýjan Landspítala eða ekki. Ef ekki á að byggja hann hvað á þá að gera? Stefnuörkun vantar, skýr svör vantar og þetta er spurning um daga.

Hvarvetna í þjóðfélaginu er beðið eftir áætlun um losun gjaldeyrishafta. Hvað á að gera? Ekki vantar hugmyndirnar. Nú vantar ákvörðunina. Gott og vel, kannski fáum við að heyra hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í þessum málum í stefnuræðu sem verður eftir nokkrar vikur. Ég er ekki úrkula vonar um það en þarna er orðið gríðarlega mikilvægt að fá skýrar línur.

Eins og staðan er núna er ástandið nokkuð þversagnar-kennt vegna þess að annars vegar segir ríkisstjórnin að gjaldeyrishöftin séu eitt helsta vopnið í því að reyna að ná hagstæðum samningum við kröfuhafa en hins vegar er það alveg skýrt að gríðarlega mikilvægt er — og það kemur fram í máli ríkisstjórnarinnar — að losna við gjaldeyrishöftin. Þau markmið í umræðunni, annars vegar mikilvægi gjaldeyrishaftanna til að ná góðum samningum og hins vegar mikilvægi þess að losna við þau, verða einhvern veginn að fara saman í skýrri stefnumörkun.

Skýr svör hafa ekki borist að mínu mati um það hvað á að gera við aðildarviðræðurnar við ESB. Við ræðum það hérna á fimmtudaginn. Ég held að ráðamenn í ESB viti ekki alveg hvað við erum að hugsa. Það hlé sem hefur verið gert hefur einhvern veginn enga lögformlega stöðu. Mér finnst í því máli þurfa rökræðu um það, meginatriði málsins, af hverju ekki að klára samningana? Og ef menn vilja ekki klára samningana og leggja þá fyrir dóm þjóðarinnar, hvaða aðrar leiðir hafa menn þá til að útljá þetta áratugalanga deilumál á Íslandi? Geta menn komið með einhverja aðra leið? Ég auglýsi eftir þeim svörum.

Fjárfestingaráætlun fyrir ríkisstjórnar sem Björt framftíð hafði ríkt frumkvæði að hefur aðeins borið á góma í umræðunni. Hér eru mjög óskýrar línur, finnst mér. Mér finnst forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar tala eins og þeir skilji ekki almennilega um hvað fjárfestingaráætlun snýst. Fjárfestingaráætlun er byggð á mjög skýru prinsippi, þ.e. að réttlætlanlegt væri að nota arð sem skapast í eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum — ríkið á eitthvað um 40% af fjármálakerfinu á Íslandi og fjármálakerfið hefur verið að sýna mjög mikinn hagnað — að réttlætlanlegt væri að nota hluta af þeim arði til fjárfestinga og hinn hlutann til að greiða niður skuldir. Er eitthvað flókið í þessu? Ríkisstjórnin talar á sama tíma um nauðsyn þess að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf. Þarna var mynduð leið til þess að nota hluta af arðinum sem skapast í fjármálafyrirtækjum til þess að fjárfesta í fjölbreyttu atvinnulífi sem skapar okkur meiri tekjur.

Það vekur undrun mína að hæstv. fjármálaráðherra skuli núna segja að þessi arður sé enginn, eða ég skildi hann svo. Þetta er mjög óskýrt. Hvarvetna þurfum við svör. Heimilinn bíð. Það verður fróðlegt að sjá hver umræðan verður í samfélaginu ef ákveðið verður á sama tíma og ástand ríkisfjármála er svona ískyggilegt og á sama tíma og harður kjarasamningavetur blasir við að verja verulegum fjárhæðum til að greiða niður skuldir heimilanna. Hver verður umræðan þá? Þá þurfa að vera skýr svör við því af hverju þeir peningar eru ekki notaðir til að mæta fjársveltinu í samfélaginu, til að mæta ömurlegri stöðu ríkissjóðs og til að bæta kjör með öðrum hætti. Við þurfum að fá þau svör.

Ég hef nefnt nokkur dæmi, það er til þess að leggja áherslu á að mér finnst tíminn vera að renna út fyrir ríkisstjórnina. Hún verður að fara að svara skýrt hvað hún ætlar að gera. Við getum ekki heyrt fleiri ræður um að starfshópar hafi verið stofnaðir. Það slær mig dálítið eins og stefna ríkisstjórnarinnar á fyrstu mánuðunum geti borið yfirskriftina: Afsakið – hlé. Mér finnst blasa við risastórt skilti: Afsakið – hlé. Ég vona heitt og innilega að útsendingin fari braðum að hefjast aftur.

[14:40]

### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Í aðdraganda kosninga er yfirleitt lofað miklu meiru en innstæða er fyrir og því eru þingmenn dæmdir til að vera ómerkir orða sinna þegar til starfa er komið. Það hefur nú þegar sýnt sig með þessa ríkisstjórn að henni mun reynast mjög erfitt að standa við loforð þau sem flokkarnir gáfu kjósendum sínum í aðdraganda kosninga og því fellur fylgi hennar án afláts.

Eina leiðin út úr þessum ógöngum er að viðurkenna vanmátt sinn. Völd eru nefnilega oft þess eðlis að auðmýkt er styrkur, ekki veikleiki. Hrunið er ekki búið. Við erum í miðri á. Fram undan er annaðhvort átakavetur eða tímabil stöðugleika.

Af hverju hefur ríkisstjórnin nú þegar valið veg sundrunar og ófriðar þegar hægt er að fara aðrar leiðir? Ég var í minni hluta á síðasta kjörtímabili með forsvarsmönnum núverandi ríkisstjórnar og tók alla jafna undir með þeim þegar kvartað var undan samvinnuleysi þáverandi ríkisstjórnar. Við upplifðum oft að vera kölluð til samráðs sem endaði með því að okkur leið sem verið væri að véla okkur til samsektar, án samvinnu, við óvinsæl málefni. Við töldum í einlægni, að því er ég hélt, að raunveruleg þverpólitísk samvinna væri eina leiðin til að koma okkur út úr þeim ógöngum sem íslenskt samfélag stóð frammi fyrir.

Vegna þessa, herra forseti, er ég frekar hissa á því hve þétt núverandi ríkisstjórn heldur vandamálunum og úrlausnum á þeim að sér án þess að láta reyna á raunverulegan samvinnuvilja þingheims við úrlausn verkefna. Þau munu ef til vill reynast þrautin þyngr ef ekki er viðurkennt að samvinna er forsenda úrlausna því að ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu af miklu örlæti ýmsu sem jafnvel krónískir bjartsýnismenn gátu ekki séð að gæti orðið að veruleika þegar búið var setja saman í pott loforð beggja flokkanna. Ef til vill getum við leyst saman í samábyrgð þessi vanda- mál, hæstv. forsætisráðherra.

Auðvitað vildi ég lofa því ofar öllu að hægt yrði að rétta stöðu heimilanna sem mörg hver riða á barni örvæntingar og hafa gert um langa hríð. Óvissan er viðvarandi þegar fólk er kannski með óraunsæjar væntingar um skuldaleiðréttingar. Ef þær væntingar eru óraunsæjar miðað við raunverulega stöðu mála hlýtur það að vera skylda hæstv. forsætisráðherra að upplýsa um nokkur mikilvæg atriði.

1. Hvenær stendur til nákvæmlega að fólk geti átt von á skuldaleiðréttingu í samræmi við loforð Framsóknarflokksins?

2. Hverjir geta átt von á slíkum leiðréttingum er tengjast forsöndubrestinum?

3. Af hverju er enn verið að bera fólk út á götu?

4. Hvenær verða skrifuð lög sem vernda réttarstöðu þeirra einstaklinga sem taka óverðtryggð lán?

5. Er alveg öruggt að enginn annar hópur muni þurfa að verða fyrir skerðingu vegna skuldaleiðréttingarinnar?

Mig langar líka til að fá svör frá hæstv. ríkisstjórn um það af hverju svo mörg hitamál hafa nú þegar komið frá henni þar sem gengið er fram með stríðsöxi í stað friðarvilja þegar engin ástæða er til að skapa úlfúð, t.d. eins og þegar kemur að Norðlingaölduveitu. Af hverju og til hvers eru málin strax sett í þann farveg? Er það kannski vegna

langrar átakahefðar? Er það kannski vegna þess að stjórnmál eiga samkvæmt einhverjum stöðlum að snúast um að koma vilja sínum fram frekar en að vinna markvisst að samvinnu um málefni þar sem vel er hægt að ná sameiginlegu markmiðum án mikilla fórna við stefnu og strauma? Er það kannski vegna þess að á þessum vinnustað, Alþingi, hefur alla tíð verið hefð að skipa verkum á þann veg að stjórn og minni hluta er stillt upp hvoru gegn öðru. Myndlíkingar stríðs og andstöðu eru einatt dregnar upp.

Ég verð svo sem að viðurkenna að mig langar að grafa upp stríðsöxina eftir það sem á undan er gengið í sumar og fara beint í skotgrafirnar. Mér mundi líða miklu betur á meðan á því stæði að höggva í ímyndaða andstæðinga og láta allt flakka sem hefur komið upp í huga minn í sumar þegar ég hef fylgst í forundran með verkum ríkisstjórnarinnar. En vil ég standa á vígvelli í næstu fjögur ár þar sem spilað er inn á lægstu hvatir mannlægs eðlis? Nei, herra forseti. Ég vil ekki láta það eftir mér.

Ég held að ég haldi frekar áfram að höfða til betri vitundar þingheims og vona að ef ég endurtek nægilega oft viljann til að breyta grunninum í lýðræðinu okkar að það síst í gegn. En upphafið lofar ekki góðu og því kalla ég eftir því að ríkisstjórnin hverfi af villu síns vegar og muni sín eigin áköll um breytt vinnubrögð þegar formenn ríkisstjórnarflokkanna voru hinum megin við borðið og sýni að það var ekki sjónarspil heldur raunverulegur vilji.

Þrátar munu vinna á sambærilegan máta og Hreyfingin. Við skilgreinum okkur ekki sem andstöðu heldur minni hluta sem vinnur út frá málefnum hverju sinni. Ef málefni eru algerlega andstæð okkar stefnu munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að spyrna við fótum og leita uppbyggilegra lausna.

Látum þetta kjörtímabili ekki einkennast af sundrunu. Finnum þau stef sem ríma saman. Það hljóta allir að vera sammála um að við þurfum að laga grunnstoðirnar. Sú mikla vinna sem lögð var t.d. í heildarendurskoðun á stjórnarskránni okkar á síðasta kjörtímabili má ekki glatast. Ég óska eftir svörum um það hvernig ríkisstjórnin sér fyrir sér að þeirri vinnu verði fram haldið. Þá á ég ekki við að setja fram einhverja áætlun um hvernig það verður gert án nokkurrar tímasetninga. Það er gríðarlega mikilvægt að eigi síðar en í dag komi fram tímasetningar á því hvernig við ætlum að haga þeirri vinnu.

Ég vil að lokum benda á eitthvað sem má hrósa hjá núverandi ríkisstjórn. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra, sem er reyndar ekki í salnum, fyrir þá ákvörðun að gera stýrihópi um framgang þingsályktunar um að Ísland taki sér afgerandi lagalega sérstöðu að því er varðar upplýsinga- og tjáningarfrelsi kleift að halda áfram störfum sínum næstu tvö árin. Eins og kemur fram á vef ráðuneytisins var mennta- og menningarmálaráðherra falið að vinna að framgangi þingsályktunarinnar. Þann 3. maí á síðasta ári skipaði fyrirverandi ráðherra stýrihóp sem var ætlað að hafa forsögn um að leiða vinnu ráðuneytisins við greiningu og úttekt á lagaumhverfi hér á landi og erlendis með tilliti til efnis þingsályktunarinnar og eftir atvikum undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar eða nýja löggjöf, meðal annars með því að líta til löggjafar annarra ríkja með það fyrir augum að sameina það besta til að skapa Íslandi sérstöðu á sviði tján-

ingar- og upplýsingafrelsis. Í greinargerð með þingsályktuninni segir m.a.:

„Upplýsingasamfélagið má sín lítils ef stöðugt er vegið að leiðum til að koma á framfæri upplýsingum sem viðurkennt er að almenningur eigi rétt á. Þótt sum lönd hafi lögfest fyrirmyndir á þessu sviði hefur ekkert ríki enn sameinað allt það besta til að skapa sér sérstöðu svo sem [...] hér er kynnt. Ísland hefur því einstakt tækifæri til að taka forustu með því að búa til traustvekjandi lagamma sem væri byggður á bestu löggjöf annarra ríkja.“

Það er með sannri ánægjulegt að hæstv. menntamálaráðherra hefur ákveðið að stýrihópurinn muni halda áfram störfum sínum næstu tvö ár og það er nauðsynlegt ef við ætlum að fara í þá mikilvægu vinnu að bjóða gagnaverum aðstöðu til að hýsa gögn á Íslandi.

Ég vona að allir þingmenn hafi fylgst með því sem komið hefur fram í þeim upplýsingum sem Edward Snowden hefur komið á framfæri við almenning, ekki bara í Bandaríkjunum heldur um heim allan. Þar hafa komið fram væleg tíðindi sem sýna að grunninum er kippt undan lýðræðisríkjum. Þó svo að við séum með bestu lög til að vernda heimildarmenn, þó svo að læknar eigi að geta varið þær upplýsingar sem sjúklingar veita þeim þá er það ekki þannig í raun. Því er mjög mikilvægt að við leitum allra leiða til að tryggja friðhelgi einkalífsins fyrir Íslendinga og annað fólk ef svo ber undir með því að finna bestu mögulegu leiðir til að vinna sameiginlega á alþjóðavettvangi, í þeim alþjóðasamtökum sem við eigum aðild að, til að finna lausnir á þessu gríðarlega mikla vandamáli.

Ég vil hvetja ríkisstjórnina til góðra verka og samvinnu og minna hæstv. forsætisráðherra á þær samræður sem ég átti við hann á síðasta kjörtímabili og umvandanir okkar í garð þáverandi ríkisstjórnar og minna hæstv. forsætisráðherra á að gera betur.

[14:51]

### Þórunn Egilsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Eins og við öll vitum þurfum við Íslendingar að búa okkur undir hlutfallslega fjölgun aldraðra á komandi árum og áratugum. Sá undirbúningur þarf í senn að taka til fjölgunar háaldraðra og þarfa þess hóps fyrir þjónustu á ýmsum sviðum, en einnig þarf að gæta þess að aldraðir séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Afar mikilvægt er að aldraðir njóti jafnræðis og samgírni og að virkni þeirra sé tryggð. Liður í því er að tryggja búsetu fólks í heimabyggð og að þar sé þjónusta sem mætir þörfum þessa hóps svo ekki komi til þess að fólk þurfi að flytjast úr heimabyggð sinni þegar aldur ferist yfir.

Á nokkrum stöðum úti um land hafa sveitarfélög yfirtekið rekstur dvalarheimila aldraðra. Sú sem hér stendur hefur tekið þátt sem sveitarstjórnarmanneskja á Vopnafirði í því verkefni að yfirtaka rekstur dvalarheimilis aldraðra í sveitarfélaginu.

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið hér og þakka þeim sem greiddu því götu.

Samningur hefur verið gerður til tveggja ára þar sem sveitarfélagið tekur að sér að samþætta þjónustu við aldraða með heimahjúkrun, heimilishjálp og aðkomu félagsþjónustu. Verið er að móta heildstætt þjónustumódel sem mætir

þörfum íbúanna og samfélagsins. Með þessu er verið að færa þjónustuna í nærsamfélagið og auka íbúalýðræði með beinni þátttöku heimamanna í skipulagningu þjónustunnar. Þetta tel ég jákvæða þróun þar sem heimamenn þekkja sitt umhverfi, þarfir þess og væntingar og eru tilbúnir að leggja verkefninu lið.

Með því að halda þjónustunni heima er ekki einungis verið að tryggja lífsgæði og öryggi aldraðra heldur er einnig verið að styrkja byggðina með fjölbreyttari störfum og herra þjónustustigi. Fólk sem hefur menntað sig til umönnunar- og hjúkrunarstarfa hefur áframhaldandi möguleika á að starfa í heimabyggð, búa heima á sínu eigin heimili. Við erum því ekki eingöngu að tala um heilbrigðismál heldur einnig atvinnu- og byggðamál sem auka lífsgæði íbúanna og tryggja áframhaldandi búsetu. Þetta er spennandi verkefni fyrir sveitarstjórnina þar sem markmiðið er að veita þjónustu sem mætir þörfum samfélagsins á sem skilvirkastan hátt, nýta fjármuni betur og styrkja byggðarlagið.

Verkefni sveitarfélaga verða sífellt viðameiri og fyrirhuguð yfirfærsla þessa málaflokks mun enn auka álag á þau. Því er afar mikilvægt að vel takist til svo áframhald verði og lærdóm megi draga af þessu verkefni og öðrum viðlíka sem nýta má annars staðar þegar að yfirfærslu kemur.

Í sumar voru fyrstu skrefin tekin til að afnema þær skerðingar sem farið var í árið 2009. Við munum svo halda áfram þar til skerðingarnar hafa verið afnumdar. Ég var sérstaklega ánægð með að frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna var hækkað aftur og gert sambærilegt frítekjumark í öryrkja auk þess sem við framlengdum frítekjumark atvinnutekna öryrkja um eitt ár.

Með hækkun á frítekjumark atvinnutekna ellilífeyrisþega er stuðlað að aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara en mikilvægt er að fólki sé gert kleift að stunda atvinnu á meðan það hefur heilsu til enda eykur það almennt lífsgæði fólks þótt margt annað komi þar einnig til.

Verðmætin sem felast í þekkingu og reynslu eldri kynslóðanna eru okkur afar dýrmæt og mikilvægt að stuðla að sveigjanlegum starfslokum og lífeyristökualdri þannig að þekking og starfsreynsla ráði í meira mæli starfslokum en lífaldur.

Jafnframt tel ég mjög mikilvægt að þegar hefur verið hafist handa við undirbúning þess að breyta lögum um almannatryggingar. Mikilvægt er að sú vinna gangi hratt og örugglega fyrir sig.

Þegar við horfum til landsins alls hljótum við að vera sammála um mikilvægi þess að íbúar þessa lands hafi val um hvar þeir setja niður heimili sitt til frambúðar og mikilvægi þess að fá að eldast í heimabyggð sinni með fjölskyldunni kjósi maður svo.

Virðulegi forseti. Ef okkur tekst vel upp í þessum þætti þjónustunnar við íbúa verður það mikilvægur þáttur í eflingu byggðar og byggðaþróunar um land allt. Við þurfum að vanda vel til verka og óska ég okkur góðs gengis í þessu verkefni sem og öðrum sem fyrir liggja.

[14:56]

### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegur forseti. Fyrstu verk hæstv. ríkisstjórnar voru að gefa erlendum ferðamönnum afslátt af neyslusköttum og útgerðarmönnum afslátt af veiðigjaldi. Í sömu andrá kvörtuðu þau undan slæmri stöðu ríkissfjármála og boðuðu niðurskurð.

Það sýnir ekki mikinn skilning á stöðu ríkissfjármála að afsala ríkissjóði tekjum og boða um leið niðurskurð í ríkisrekstri vegna slæmrar stöðu. Það er ekki trúverðugt eða líklegt til að auka skilning á uppsögnum ríkisstarfsmanna, skertri þjónustu við þá sem reiða sig á velferðarkerfið og frestun atvinnuskapandi verkefna.

Þegar stjórnarliðar verja afsláttinn af veiðigjaldinu fullyrða þeir að það hafi þurft að gera til að koma til móts við lítil og meðalstór fyrirtæki. Sú fullyrðing er röng. Minni hluti þingsins gerði tillögu á sumarþingi sem leitt hefði til þess að 324 litlar útgerðir greiddu ekkert sérstakt veiðigjald og 102 aðeins hálf gjald á meðan stóru útgerðirnar greiddu áfram fullt gjald. Þessari leið höfnuðu stjórnarþingmenn og stærstur hluti afsláttarins kom í hlut stóru útgerðarfyrirtækjanna, fyrirtækja sem standa afar vel og skila miklum arði til handhafa sérleyfanna.

Óréttlætið í þessari aðgerð stjórnvalda er mikið því að útgerðarfyrirtækin skila miklum arði til eigenda sinna, fyrst og fremst vegna falls krónunnar og ódýrs sérleyfis sem veitir aðgang að auðlindum þjóðarinnar. Almennings tapaði hins vegar umtalsvert á falli krónunnar og það gerði ríkissjóður einnig og samdráttur á þjónustu við almenning varð óhjákvæmilegur. Það er því hollur hljómur í þeim orðum stjórnarliða að nú þurfi þjóðin að standa saman og dreifa þurfi þungum byrðum á axlir fólksins í landinu. Auðmenn eru undanþegnir þeirri skyldu.

Fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi er fagnað, einkum vegna þeirra gjaldeyriskatna sem þeir skila, en um leið er kvartað undan ágangi, að erfiðleikar fylgi því að taka á móti miklum fjölda og skorti á uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum. Á sama tíma er virðisaukaskattur á hótulgistingu ekki í almennu þrepi heldur með afslætti eins og virðisaukaskattur á matvæli. Stjórnvöld ræða gjaldtöku við ferðamannastaði en líta fram hjá einföldum leiðum í gegnum neysluskatta.

Athyglisvert er að í skýrslu Ferðamálastofu um fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða er sýnt fram á að frá árinu 2004 hafa tekjur til ríkisins af hverjum ferðamanni lækkað um 40%. Það er sláandi mikil lækking og nauðsynlegt að leita skýringa og skoða allt umhverfi ferðaþjónustunnar með framtíðarstefnumótun í huga. Best er að gera breytingar í uppsveiflu og þá stefnu hafði fyrri ríkisstjórn markað en núverandi hafnað. Markmiðið til framtíðar hlýtur að vera að atvinnugreinin styrkist, skapi verðmæt störf og skili um leið góðum tekjum til samfélagsins.

Rammaáætlun og náttúruverndarlög eru tengd þróun ferðamála órjúfanlegum böndum. Það gladdi mig þegar hæstv. umhverfisráðherra gaf það út á heimasíðu ráðuneytisins að vinna samkvæmt rammaáætlun væri í fullum gangi eins og gert var ráð fyrir við samþykkt hennar. Því varð ég undrandi þegar lögbundið friðlýsingarferli um stækkun



friðlandsins í Þjórsárverum var stöðvað að beiðni hæstv. iðnaðarráðherra. Stjórnarliðar hafa réttlætt stöðvunina með því að fyrri ríkisstjórn hafi fært Norðlingaölduveitu til í rammaáætlun, en sannleikurinn er sá að formenn faghópa og formaður verkefnisstjórnar gerðu tillögu um flokkun Norðlingaölduveitu í verndarflokk. Það er grátbroslegt að stjórnarliðar, sem sumir hverjir stunduðu málþóf klukkustundum saman um rammaáætlun, þekka ekki hvernig vinnan þar að baki var. Tilgangur og markmið rammaáætlunar eru að engu höfð ef stjórnvöld ætla að taka hana upp með reglulegu millibili og hafa allt undir, eins og sagt er, og stjórnarliðum er tíðrætt um í hverju málinu á fætur öðru.

Virðulegi forseti. Mikíð er rætt um bættu umræðuhefð og að forsendan fyrir því að Alþingi endurheimti virðingu sé að tekist sé á af háttprýði og með málefnalegum hætti. Ætla mætti að hæstv. forsætisráðherra gengi þar fremstur og gæfi gott fordæmi, en svo er ekki. Það sýna meðal annars nýleg og ófgafull viðbrögð hæstv. forsætisráðherra við málefnalegri gagnrýni formanns Samfylkingarinnar síðustu helgi á stefnu hæstv. ríkisstjórnar og áhyggjur formannsins af þeirri óvissu sem hún skapar. Viðbrögð hæstv. forsætisráðherra minntu á mállutning stjórnarandstæðings frá síðasta kjörtímabili og voru engan veginn við hæfi. Staðreyndin er sú að algjör óvissa ríkir nú um stór mál og áhrif þeirra á ríkissjóð, fyrirtæki og heimili í landinu. Hæstv. forsætisráðherra verður að svara gagnrýni á stefnu stjórnvalda skýrt og málefnalega því að skætingur dugir ekki.

[15:01]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra flutti okkur hér ræðu undir yfirskriftinni Störf ríkisstjórnarinnar. Í sjálfu sér tókst hæstv. forsætisráðherra ágætlega að fylla út í 15 mínútur eða svo undir þeirri yfirskrift en í reynd var þetta að minnsta leyti um störf ríkisstjórnar í eiginlegri merkingu, þ.e. hvaða verkum ríkisstjórnin hefði lokið, heldur var þetta mikil upptalning á nefndaskipana- og verkefnalistum sem hæstv. ríkisstjórn hefur greinilega sett sér fyrir. Ég tek undir að margt er þar ágætlega vel hugsað, málefni sem eru mikilvæg.

Ég verð að gera þá játningu að mér finnst hæstv. ríkisstjórn hafa farið rólega af stað, svo að ég orði það mjög pent. Ég hefði haldið, miðað við mállutning ríkisstjórnarforkólanna á síðasta kjörtímabili, sem eru nú lítið hér til staðar, t.d. hvorugur þeirra drengjanna, hæstv. forsætisráðherra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra Bjarni Benediktsson, sem væri þó sérstaklega áhugavert að hafa hér, formenn stjórnarflokka, að þeir hefðu brett upp ermar og staðið við eitthvað af stóru orðunum. Þá á ég ekki við kosningaloforðin heldur er mér mjög minnisstæður mállutningur þeirra á síðasta kjörtímabili að í raun væri allur vandi landsins ónýtri ríkisstjórn að kenna eins og þá væri komið, á árunum 2010, 2011 og 2012, inn á árið 2013 og það þyrfti ekkert annað en þá til, hina vösku menn með þeirra hugmyndafræði. Þeir mundu smella fingrum og þar með færi allt á fulla ferð. Af hverju sjáum við þess þá ekki stað að þeir hefjist handa af krafti?

Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég er í þeim hópi sem óskar hæstv. ríkisstjórn af heilum hug góðs gengis við

að halda áfram að vinna Ísland út úr erfiðleikum því að það er verkefnið. Það verður ekki gert með því að smella fingrum. Það eru engin slík ofurmenti til í stjórn málum sem geta látið djúprættan og uppsafnað mikinn vanda hverfa á einni nóttu. Þetta er þrotlaus vinna, við þurfum hægt og bitandi að vinna okkur áfram út úr þeim erfiðleikum sem við rötudum í á árinu 2008 með löngum aðdraganda. Þetta snýst um úthald og að vera á réttri leið, að sjá að hlutirnir séu þó að þokast í rétta átt. Og við eigum að gleðjast yfir því, þó að við getum alltaf óskað okkur þess að klárinn væri á meiri ferð.

Dvöl hæstv. fjármálaráðherra hefur greinilega ekki verið alveg án þess að hafa áhrif. Það var hógværi og raunsærri maður sem talaði hér áðan en við heyrðum stundum í á síðasta kjörtímabili, vil ég meina. Hann sagði að lítið hefði verið fjallað hér um stöðu ríkissjóðs. Hann skal ekki verða svikinn í þeim sem hér stendur að taka þátt í umræðunni um það.

Það er hárrétt, staða ríkissjóðs Íslands er erfið. Á hann hlóðust gríðarlegar skuldir í hruninu og undan því varð ekki vikist. Það varð að takast á við útgjöldin sem bankahrunið og bullandi hallarekstur ríkissjóðs, endurfjármögnun bankakerfisins og allt þetta kallaði á. Hún er erfið og hún verður það um áralangt bil. Staðreyndin er sú að staða Íslands mun markast af hruninu langt inn í framtíðina, því miður. Þeim mun mikilvægara er að við förum ekki út af sporinu. Þeim mun mikilvægara er að hæstv. ríkisstjórn komist sem fyrst niður á jörðina, átti sig á því að nú á ekki við digurbarkahátturinn sem uppi var hjá þessum háttvirtu mönnum á síðasta kjörtímabili.

Ég sakna þess enn að það komi raunsær tónn, sérstaklega í mállutning hæstv. forsætisráðherra. Því miður virðast ferðalög hans til útlanda og fundir með frægum mönnum ekki hafa dugað honum til þess að komast almennilega niður á jörðina. Ég held að hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra sé nær því að átta sig á hvað fram undan er og hvað bíður hæstv. ríkisstjórnar.

Þess vegna er það mér mikíð áhyggjuefni að hæstv. ríkisstjórn hefur afsalað ríkissjóði tekjum upp á um 20 milljarða kr. á ársgrundvelli strax á næsta fjárlagaári. Svo tala menn um niðurskurð og sækja í það verkefni þingmenn. Hagræðingarhópur var hann kallaður hér áðan, einhverjir aðrir hafa gefið honum önnur og kaldranalegri nöfn, alveg í áttina austur að kamikaze-kenningum. Hann á að koma með tillögur í þessum efnunum. Og ég er í hópi þeirra sem mæla varnaðarorð gagnvart því að menn haldi að það sé hægt að sækja mikla viðbótarfjármuni í frekari niðurskurð og skerðingu samneyslunnar á Íslandi af veimur ástæðum. Vegna þess sem þegar hefur verið að gert og er ekkert lítið og á því berum við mörg hér ábyrgð, að draga verulega úr fjárveitingum til margþættrar starfsemi og velferðarkerfið jafnvel ekki undanskilið þó að við reyndum að hlífa því eins og við gátum. En ég er líka í hópi þeirra sem vara við þessu af efnahagslegum ástæðum.

Það að sleppa út 20 milljörðum í tekjum frá ríkinu í beinum sköttum og mæta því með sambærilegum niðurskurði hefur verulega neikvæð efnahagsleg áhrif, eftirspurnaráhrif í hagkerfinu. Það er þannig. Við megum ekki við því að kæla það hagkerfi frekar niður. Hæstv. fjármála-

ráðherra kvartaði einmitt undan því að hér væri lítil eftirspurn. Alveg rétt, hún þarf að örvast og fjárfestingar og allt það. En það er margsannað mál að það er betra að afla tekna í ríkari mæli en minni með beinum sköttum og endurráðstafa því strax í umferð út í gegnum samneysluna en að gera það ekki og skera meira niður á móti. Það hefur miklu meira kælandi áhrif á hagkerfið að gera það.

Þarna óttast ég að hæstv. ríkisstjórn sé á rangri leið og hún á að hugsa sig vel um áður en hún vikur frá þeirri blönduðu leið sem fyrri ríkisstjórn fylgdi í þessum efnum og skilaði, hverju? Skilaði því að Ísland náði athyglisverðum árangri að mati þeirra sem greina stöðu landsins utan frá og miklu meiri en flest önnur lönd sem glímdu við samdrátt á sama tíma vegna þess að okkur auðnaðist að gera hvort tveggja: að ná tökum á hallarekstri ríkissjóðs og halda hagkerfinu þó í því horfi að hér er hagvöxtur þriðja árið í röð. Vissulega ekkert kraftmikill en hann er þó með því mesta sem mælist innan OECD og fegnir mundu margir skipta við okkur. Við erum að sjá fimmta og sjötta og sjöunda samdráttarárið í röð í sumum Evrópulöndum sem rötudu í vandræði um svipað leyti og við.

Herra forseti. Það er enginn tími til að segja neitt af viti í svona stuttri ræðu. Nú sakna ég gömlu þingskapanna [Hlátur í þingsal.] þannig að maður gæti rætt hér við hæstv. ríkisstjórn — og sérstaklega ef hún væri nú í salnum. Ég þakka að vísu þeim hæstv. ráðherrum sem hér eru en málshefjandi og formaður hins stjórnarflokksins mega nú lítt við bindast hér í salnum.

Að lokum bið ég þess að hæstv. ríkisstjórn komist niður á jörðina. Þjóðin er komin niður á jörðina. Tiltrú hennar á ríkisstjórninni hefur dalað merkilega hratt þessa sumarmánudi, eins ágætir og þeir hafa nú verið, a.m.k. fyrir norðan, og væntingarnar hrífðallið með. Hæstv. ríkisstjórn verður að horfast í augu við þetta eins og mjög margt annað, koma sér niður á jörðina og koma sér til verka. Það vinnst ekkert með tömu þönnukökuái.

[15:10]

### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég held að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verðum ekki sammála um skattapólitík. Við erum ekki sammála um aðferðafræði eða hugmyndafræði en ég get verið sammála hv. þingmanni — ég held við séum sammála um það — um að við viljum bæði Íslandi allt hið besta. Síðan er það bara það hvernig við förum að því. Nú höfum við fengið tækifæri til að nota okkar aðferðafræði, aðferðir sem við höfum trú á, ólíka þeirri aðferðafræði sem við gagnrýndum á síðasta kjörtímabili.

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að hafa frumkvæði að þessari umræðu. Það er mjög gott og vel til fundið að fara yfir stöðuna. Þetta er ekki umræða um stefnuræðu forsætisráðherra. Þetta er ekki fjárlagaumræðan. Þetta er stutt umræða á stuttu haustþingi í aðdraganda fjárlagafrumvarps og hún verður alltaf lituð af því.

Það sem við höfum verið að gera í sumar — það sem ég hef verið að gera í sumar er að kynna mér þá stöðu sem við komum hér að. Ég hef verið að tala við fólk í öllum atvinnugreinum. Ég hef tekið á móti fjölda fólks og ég hef

farið víða. Ég hef verið upptekin af því að skoða hver staðan er, ég hef verið upptekin af því að hlusta á skilaboðin sem okkur eru færð.

Ég sagði það, held ég, hér í sumar í umræðu að atvinnustefnu þessarar ríkisstjórnar, eða stefnu mína í mínu ráðuneyti, megi meitla í eina setningu: Ég vil laga það sem er bilað og efla það sem er í lagi. Sem betur fer er fullt af hlutum í lagi og þá þarf að efla. Stundum þarf bara rétt aðeins að yta af stað hlutum sem komnir voru á reksþöl. Og það var ekkert allt ómögulegt sem seinasta ríkisstjórn gerði en ég tek skýrt fram að margt hefði ég gert öðruvísi.

Fólk kemur inn í ráðuneytið og kynnir hugmyndir, kynnir verkefni, kynnir áform á ýmsum sviðum — það eru skilaboð frá stjórnvöldum sem það fólk er að leita eftir. Mér hefur líðið stundum eins og — ja, ekki sálusorgara heldur hópstjóra í sjálfshjálpargrúpu sem er að taka á móti fólki sem vill bara fá svör. Fólk vill bara fá svör. Ég er hér með tækifæri, ég er tilbúinn að hætta peningunum mínum, og þetta verkefni íslensku stjórnvöldum þóknanlegt? Mitt svar hefur verið þetta: Ég ætla ekki að ákveða hvaða verkefni eru íslenskum stjórnvöldum þóknanleg og hver ekki. Ef fólk er tilbúið til að koma hingað, taka þátt í fjárfestingu, taka þátt í að byggja upp þetta góða samfélag skal ekki standa á okkur. Við munum vinna með atvinnulífínu til að koma hinum margumræddu hjólum atvinnulífsins af stað.

Það er nefnilega málið, það ætti að vera hið sameiginlega verkefni sem við stöndum frammi fyrir, að koma fjárfestingu í gang. Það hefur verið rætt hér í dag og það er stórt áhyggjuefni að fjárfesting dróst saman um 13% á fyrstu tveimur ársfjórðungum þessa árs. Landsframleiðslan jókst um 2,2% en það er ekki nóg, við þurfum meira til. Góðu fréttirnar eru þær að það er fjöldi tækifæra, fjöldi möguleika, sem við þurfum í sameiningu að vinna að.

Mig langar rétt að hlaupa á nokkrum atriðum eins og í málefnum nýsköpunar, sprotafyrirtækja. Ég hef lagt mig sérstaklega fram um að kynna mér vel þá stöðu sem þar er nú í sumar, heimsótti vel á þriðja tug sprotafyrirtækja og sé að það er ýmislegt sem hið opinbera er að gera sem kemur þeim fyrirtækjum vel. Opinber stuðningur í formi framlaga eða styrkja úr samkeppnissjóðum eins og Tækniþróunarsjóði, skattaávilnanir vegna rannsókna og þróunar. Þetta er allt saman að gera frábæra hluti á réttum tíma fyrir þessi fyrirtæki. Síðan erum við að glíma við það stóra vandamál sem eru gjalddeyrishöftin og þar erum við því miður að missa dýrmæt og verðmæt lítil fyrirtæki, sem eru vaxandi, úr landi, á þeim tíma sem við gætum verið að fá til baka árdinn af fjárfestingunni ef við mætum orða það þannig. Þessu þurfum við að bregðast við. Við þurfum að finna leið innan haftanna, á meðan við búum við þau. Það var uppörvandi að heyra í hæstv. fjármálaráðherra áðan þegar hann sagði að það væri vel leysanlegt verkefni, ég hvet ég hann til dáða í þeim efnunum. En á meðan við búum við höftin þurfum við að passa upp á að þau standi ekki nýsköpunarþróun fyrir þrifum. Það er sameiginlegt verkefni.

Ferðaðþjónustan hefur verið nefnd. Bæði í dag og í gær, og líka á morgun, flutti ég ávörp á stórum ráðstefnum á vegum ferðaðþjónustunnar. Þar eru hlutirnir að gerast og við erum að fá fjöldann allan af ferðamönnum hingað til lands. Það eru áskoranir sem því fylgja. Við þurfum að huga að

því hvernig við byggjum upp fleiri áfangastaði og hlúum að þeim sem við höfum til að vernda náttúruna og tryggja öryggi ferðamanna. Sú vinna er í fullum gangi og ég mun vonandi leggja fram frumvarp eftir jólin, á vorþinginu.

Ég er með um það bil 20 önnur mál sem ég ætlaði að fara yfir í þessari ræðu en tíminn er á þrotum en við fáum væntanlega tíma til þess fljótlega.

[15:16]

### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Kæru alþingismenn og hæstv. ráðherrar. Takk fyrir síðast. Vonandi áttuð þið gott sumar með fjölskyldum ykkar og ykkar nánustu. (Gripðið fram í.) Sumarið hjá mér var alveg frábært, það var nóg að gera privat og nóg að gera við að koma formi á áframhaldandi vinnu á Alþingi, afla sér upplýsinga og tala við fólk sem við alþingismenn höfum með lagasetningu áhrif á á hverjum degi.

Við höfum heyrt að ríkisstjórnin hefur verið upptekin í sumar við að útfæra upplegg næstu fjögurra ára. Hagræðingarhópurinn sömuleiðis. Forsætisráðherra talaði áðan um hvernig ákvarðanir sem nú eru teknar hafa áhrif á ókomna framtíð. Það vottaði fyrir langtímapælingum og er það vel. Veruleikinn hefur verið sá að við erum ávallt að vinna eftir fjögurra ára plani sem svo oft umturnast að þeim árum liðnum með nýjum aðilum í stjórn. Það er ekki boðlegt fyrir fyrirtæki og almennig. Fólk getur ekki gert langtímaplön, framþróunin verður allt of svifasein og hagræðingin þar af leiðandi minni. Þetta skrifast á okkur stjórnáramenn og þá stjórnáramenningu sem hér hefur verið við lýði. Það kom bersýnilega fram í skýrslunni um traust til Alþingis sem forseti kynnti fyrir nokkru. Við megum ekki taka þeim skilaboðum með léttúð heldur þurfum að beita okkur hörðu við að breyta þessari ásýnd og það gerist ekki sjálfkrafa.

En aftur að ríkisstjórninni. Í kosningabaráttunni heyrðist nýtt stef frá nýjum röddum sem fljótlega varð flestum stjórnáramönnum tamt í munni. Samræðustjórnámál. Samvinna þvert á flokka. Alveg dásamlegt. Hljómar eins og sínfónía í mínum eyrum en ég verð að segja að það hefur ekki borið mikið á þessu í vinnu ríkisstjórnarinnar í sumar. Við getum að minnsta kosti gert miklu betur.

Hér á þingi sitja til dæmis ráðherrar fyrrverandi ríkisstjórnar, VG og Samfylkingar, með dýrmæta reynslu og vitneskju um opinberar stofnanir og ráðuneytin sem þau styrðu áður. Hefðu þau ekki verið tilvalin í samvinnu og samráð hjá hagræðingarhópnum svokallaða? Hvernig er annars uppleggið á þeirri vinnu? Er verið að kalla fólk að? Við höfum heyrt að almenningur geti komið með ábendingar og er það vel, en hvað meira? Er verið að gera fræðilegar greiningar á stöðunni? Það væri ágætt að fá að vita meira um þetta mál. Það væri ágætt að fá fréttir.

Ég hef í sumar eins og aðrir landsmenn spert eyrun er gamalkunnugt útvarpsstef heyrist sem tilkynnir mér að fréttir séu að berast. Mig hefur þyrst eftir þeim frá ríkisstjórninni en fréttatímarnir hafa því miður ekki svalað þorsta mínum. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur þó verið dugleg að mæla sér mót við mig í gegnum fréttamiðla landsins. Þar gefur hún til kynna að Norðlingaölduveita sé á dagskrá þrátt fyrir að vera í verndarflokki rammaáætlunar. Ég tók líka eftir því að umhverfisráðherra hafði á síðustu

stundu, þegar búið var að bera fram rjómaterturnar í Árnesi, hætt við að kvitta upp á stækkun friðlands Þjórsárvera. Þetta helst víst allt í hendur. Svo heyrði ég að Helguvík sé alveg að komast í gang því að Century-menn séu tilbúnir í slaginn og aðeins að bíða. Ég vona að hæstv. ráðherra orkumála sé ekki að bíða eftir því að HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur keyri í gegn samninga sem kveði á um of lágt orkuverð til Century í Helguvík. Samninga sem þessi íslensku fyrirtæki telja sér ekki í hag. Það væri vissulega skrytín staða fyrir orkugeirann hér á landi, skrytíð innlegg í umræðu og markmiðasetningu um arð af auðlindum til þjóðarinnar.

Heilbrigðisráðherra hefur líka verið í fréttum. Ég eins og svo margir aðrir, þar með talið starfsmenn Landspítalans sem margir eru byrjaðir að pakka ofan í kassa, bíð í ofvæni eftir því að heyra hvað muni gerast í málefnum spítalans. Heilbrigðisráðherra hefur verið myrkur í máli, vill kannski ekki gefa neinum falsvönir, en ég verð að biðja hann um að fara að svara, koma með planið þar sem ég vona að hjarta hans og skyldur snúi frekar að þeim málaflokki sem honum hefur verið falinn, en að velja þægilegan heimilisfrið innan ríkisstjórnarinnar.

Já, herra forseti. Það er þetta með menninguna á Alþingi, samráðið og samvinnuna. Að sjálfsögðu verða flokkar á Alþingi með mismunandi áherslur og skoðanir. Það er eðlilegt og þarft en við komumst miklu skemur til langtíma ef við hrökkumst undan því að ræða málin og velta upp mismunandi hliðum. Það leiðir til betri skilnings á báða bóga og meiri sáttar og okkur veitir ekki af henni.

[15:21]

### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Það er verulega ánægjulegt að heyra atvinnuuppbyggingarstefnu Sjálfstæðisflokksins. Ég vona að þeim gangi mjög vel í þeim efnum og í raun og veru treysti ég Sjálfstæðisflokknum alveg til þess að efla atvinnulíf. Mikilvægt er að sá efnahagsvöxtur sem fylgir sé sjálfbær og byggður á traustum grunni og þá langar mig að grípa niður í ályktun um efnahags- og viðskiptamál á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem fjallað er um að verja eignarréttinn og að eignarrétturinn sé grundvöllur verðmætasköpunar.

Mig langar líka að grípa niður annars staðar í sama plaggi, með leyfi forseta, þar sem segir að Sjálfstæðisflokkurinn leggi áherslu á að virðing fyrir eignarrétti sé nauðsynleg undirstaða blómlegs efnahags.

Þetta kemur ekkert á óvart því að í skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kemur alveg skýrt fram hver grunn-gildi Sjálfstæðisflokksins eru. Þar segir að grunn-gildi Sjálfstæðisflokksins séu frelsi og trú á einstaklinginn og að eignarréttur, réttur til frelsis og jafnréttis séu frumréttindi sérhvers einstaklings. Þar er ég alveg sammála.

Takið eftir því að eignarrétturinn er settur fremstur þarna, eignarrétturinn sem er frumréttur sérhvers einstaklings, eignarrétturinn sem er nauðsynleg undirstaða blómlegs efnahags. Eignarrétturinn þarf öflugan kyndilbera.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið að sér það mikilvæga hlutverk að vera kyndilberi eignarréttarins. Flokkurinn nefnir eignarréttinn fyrstan af frumréttindum einstakling-

anna en þá spyr maður sig: Hvað með eignarrétt lántakenda? Landsmenn gerðu lánasamninga við fjármálafyrirtæki og fengu fé til að kaupa sér eign. Þeir fengu fé, þeir keyptu sér eign, þeir eiga eignina, þeir eiga heimili síns. En það er ágreiningur milli samningsaðila um þá lánasamninga og það er framkvæmdar- og dómsvalds að framfylgja samningalögum og skera úr um vafaatriði. Samningalög segja skýrt að neytandinn skuli njóta vafans, að lántakandinn skuli njóta vafans. Landslög segja því að framkvæmdarvaldinu beri að vernda eignarrétt lántakenda þar til dómstólar taka af allan vafa um hvernig skuli fullnusta lánasamninga.

Samt gera sýslumenn frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra eignir upptækar og selja til þriðja aðila sem þýðir að réttmætir eigendur þeirra geta ekki fengið þær aftur og jú, þeir eru sýslumenn hennar af því að þeir eru undir hennar forræði. Samt er fólk gert gjaldþrota sem þýðir verulega skerðingu á eignarrétti þess. Þegar fólk er gert gjaldþrota þýðir það að eignarréttur þess og réttur til eigna og athafna er verulega skertur. Það er óafturkræf aðgerð. Það er ekki hægt að færa klukkuna aftur og segja að fólk sé ekki lengur gjaldþrota eða að þetta hafi ekki gerst. Það þarf að fara fram í tímann þangað til menn geta fengið eignarrétt sinn aftur, rétt sinn sem fullgildir borgarar með eignarréttar- og atvinnuréttindi.

Eitt af meginverkum okkar pírata það sem eftir er af sumarþinginu og á komandi haustþingi er að minna Sjálfstæðisflokkinn á að standa undir nafni. Það eru ekki sjálfstæðir einstaklingar sem eru fastir í réttaróvissu með dýrustu eign sína, heimili sitt. Það er ekki sjálfstæð þjóð sem nýtur ekki öruggs eignarréttar og það er ekki sjálfstæðisflokkur sem stendur á hliðarlínunni meðan fjármálafyrirtækin senda sýslumenn frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur til að slökva elda eignarréttarins hjá fjölskyldum landsins. Ef Sjálfstæðisflokkurinn ákveður að leggja frá sér kyndil eignarréttarins þegar kemur að lántakendum munu píratar taka hann upp og halda honum á lofti.

Við píratar erum ekki stór flokkur en sem þingmenn höfum við sterka rödd og munum halda áfram að minna þingmenn Sjálfstæðisflokksins á grunngildi sín, á eina af meginástæðum fyrir tilvist flokksins: Að vera kyndilberi eignarréttarins, líka eignarréttar lántakenda. Til að verja eignarrétt lántakenda þarf fyrsta verk Sjálfstæðisflokksins að vera að stöðva eignaupptöku hjá lántakendum þar til dómstólar taka af allan vafa um lánasamningana þeirra. Ég mun spyrja frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra nánar um málið í sérstökum umræðum á næstu dögum og ég vænti þess að það verði mjög fróðlegt og skemmtilegt.

[15:27]

**Forseti (Kristján L. Möller):**

Forseti minnir hv. þingmann á að hafa í heiðri rétt ávarpsorð til ráðherra og þingmanna.

[15:27]

**Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Hæstv. forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur gengið einbeitt til verka allt frá því að til hennar var stofnað. Verk-

efni stjórnarinnar eru skýr, bætt staða íslenskra heimila og uppbygging atvinnustarfsemi. Ein fyrsta ákvörðun ríkisstjórnarinnar laut að því að virðisaukaskattur á hótelligstingu yrði óbreyttur, í samræmi við og líkur því sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Ákvörðunin var tekin vegna þeirra gífurlega áhrifa sem ferðamennskan hefur á gjaldeyr-istekjur þjóðarinnar og lífsafkomu fjölda fólks og heimila úti um land allt. Ríkisstjórnin taldi rétt að skattheimta þessarar undirstöðu atvinnugreinar væri með líkum hætti og í helstu samkeppnislöndum meðan greinin stækkar og eflist.

Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Nú er hafin vinna við uppbyggingu nýrra hótela; á Höfðatorgi, við Hörpu og víðar í Reykjavík svo og úti um land. Nú í morgun bárust fréttir af því í nýútkominni skýrslu Boston Consulting Group sem kynnt var í Hörpu að gert væri ráð fyrir því að á næstu tíu árum mundi fjöldi ferðamanna sem sækir Ísland heim tvöfaldast og verða um 1,4 milljónir gesta. Talið er í skýrslunni að störfum í greininni muni fjölga um 5 þúsund á tímabilinu. Stærsta fyrirtæki Íslands í ferðamennsku, Icelandair, ætlar enn að bæta við áfangastöðum á næsta ári með tilheyrandi aukningu flugvélakosts líkt og fyrirtækið gerði á þessu ári.

Allt eru þetta góðar og ánægjulegar fréttir en nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að ferðamennska er í eðli sínu ekki vistvæn atvinnugrein. Því þarf þegar að grípa til ráðstafana til að tryggja innviði viðkvæmra fjölsóttara ferðamannastaða til að tryggja að einstök náttúra Íslands bíði ekki skaða af ágangi ferðamanna. Nauðsynlegt er í þessu skyni að skipuleggja ferðir gesta um landið og auka komur ferðamanna utan háannatíma eða skapa nýjan háannatíma að hausti og vetri.

Báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafa skýra sýn á nauðsyn þess að taka upp gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruperlum þannig að þeir fjármunir sem inn koma renni til uppbyggingar og verndar. Nú er leitað leiða til að gjaldtaka geti hafist sem fyrst. Í áður nefndri skýrslu Boston Consulting er tekið undir hugmyndir okkar framsóknarmanna um útgáfu náttúrukorta eða -passa í þessu skyni.

Herra forseti. Stóriðjutækifærin á Íslandi eru fjölmörg. Tvö eru þó sýnu nærtækust, þ.e. stóraukin matvælaframleiðsla og fullvinnsla afurða svo og uppbygging áburðarverksmiðju. Möguleikar gróðurhúsaræktar á Íslandi eru nær óendanlegir. Ræktun grænmetis án þess að eiturefni komi við sögu í framleiðsluferlinu er ávísun á tekjur af þeim enda markaðarins sem hæst verð greiðir. Á Suðurlandi einu starfa nú rúm 600 manns við ylrækt. Hægur vandi er að fjölda störfum í greininni stórlega, auka framboð nýrra tegunda og hefja útlutning. Skapa þarf greininni skilyrði til vaxtar með lækkun raforkuverðs til ylræktar og nýta miklu meira af rafmagnsframleiðslu landsins í þessa starfsemi. Stefna þarf að auknum niðurgreiðslum raforkuverðs á næsta ári til bænda en lokatakamarkið hlýtur að vera að einingarverð raforku til ylræktar verði líkt og til annarrar stóriðju.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin mun stíga skref í þá átt að einfalda reglugerð um atvinnulíf, m.a. í því skyni að auðvelda uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þannig mun til dæmis ferill uppbyggingar fiskeldisfyrirtækja verða einfaldaður og þar með komið í veg fyrir að fyrirhuguð

uppbygging á því sviði tefjist líkt og gerst hefur á undanföllum árum.

Fullvinnsla sjávarafurða er veigamikill þáttur í framtíðaruppbyggingu Íslands. Það er djárft markmið sem fram hefur komið í sjávaroklasanum að auka verðmæti hvers þorsks úr 2 þús. kr. á einingu í 5 þús. kr. Ríkisstjórnin hefur sýnt í verki vilja sinn til að skapa útgerð og fiskvinnslu eðlilegan og sanngjarnan rekstrargrundvöll.

Aukin framleiðsla landbúnaðarafurða er mikilvægur þáttur atvinnuuppbyggingar til framtíðar. Heimurinn kallar sffellt á meiri matvæli og ljóst er að erfiðara verður í náinni framtíð að anna eftirspurn. Landbúnaðarvörur okkar eru af hæstu gæðum og eiga því að seljast á hæsta verði.

Hæstv. forseti. Á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins var samþykkt að stefna að byggingu áburðarverksmiðju á Íslandi. Heimsmarkaðsverð á áburði hefur margfaldast á undanföllum árum, mest vegna aukinna kaupa Kínverja og Indverja. Með byggingu áburðarverksmiðju er hægt að slá margar flugur í einu höggi. Hráefnið er að mestu leyti heimaþingið, köfnunarefni unnið úr loftinu og brennistein má vinna úr útblæstri gufuafslivirkjana, t.d. á Hellisheiðarvirkjun. Þannig má vinna verðmæti úr úrgangi sem nú liðast um loftið til óþurftar. Kalk er svo hægt að fá á Vestfjörðum og því má segja að öll skilyrði séu til að byggja hér heimaþingið áburðarverksmiðju til útflutnings til að skapa okkur gjaldveiristekjur.

Við skulum vera bjartsýn, herra forseti.

[15:32]

### **Karl Garðarsson (F):**

Virðulegur forseti. Við höfum orðið vitni að áhugaverðum orðaskiptum hér í dag og það sem hefur vakið sérstaka athygli er ópolinnæði stjórnarandstöðunnar. Hér erum við í mörgum tilvikum að tala um fólk sem sat við stjórnvöllinn í heil fjögur ár undir kjörorðinu „sláum skjaldborg um heimilin“. Það verður að segjast eins og er að málf lutningurinn verður hólur og í raun dapurlegur þegar haft er í huga að á degi hverjum í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar voru að meðaltali þrjár fjölskyldur bornar út af heimilum sínum, þrjár á dag, hv. þingmenn.

Núverandi ríkisstjórn hefur tekið að sér að efna loforð sem gefin voru fyrir rúmum fjórum árum en voru svikin á eftirminnilegan hátt. Þá bregður svo við að stjórnarandstaðan á ekki orð, ekki orð yfir að ekki skuli vera búið að efna öll helstu kosningaloforðin á fyrstu þremur til fjórum mánuðum stjórnarsamstarfsins. Þetta er ömurlegt lýðskrum sem almenningur sér sem betur fer í gegnum, lýðskrum sem miðar að því að ná stundarathygli fjölmiðla.

Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er á áætlun. Heimilin eru í forgangi og þau verða í forgangi. Verðtrygging á neytendalánum verður afnumin. Það svigrúm sem myndast við uppgjör föllnu bankanna verður nýtt í þágu heimilanna í landinu. Þúsundir fjölskyldna ná ekki endum saman um hver mánaðamót. Þessu verður að linna. Við verðum að koma í veg fyrir að fólk flytji í stórum stíl til annarra landa í leit að betra lífi. Það verður bara gert með tryggri atvinnu og líf skjörum sem eru sambærileg við það sem þekkest annars staðar.

Í gegnum árin höfum við verið stolt af því góða heil-

brigðiskerfi sem við höfum búið við. Nú er það að molna innan frá með þeim afleiðingum að hrun kerfisins er óhjákvæmilegt ef ekki verður gripið strax inn í. Hér þurfum við sem þjóð að meta hvers konar heilbrigðisþjónustu við getum sætt okkur við til framtíðar og hvað við erum tilbúin til að verja miklum peningum í hana. Sú umræða hefur ekki verið tekin.

Eitt er víst, uppstokkun verður að eiga sér stað. Við erum ekki nema rétt rúmlega 300 þúsund og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að gera. Hins vegar skulum við hafa eitt á hreinu: Heilbrigðiskerfið og heimilin, þetta er það sem þarf að vera í forgangi þegar kemur að úthlutun fjármuna úr ríkissjóði. Við getum ekki horft á sjúklinga deyja einungis vegna þess að ekki er boðið upp á fullnægjandi þjónustu á sjúkrahúsum landsins.

Á sama tíma og mikill niðurskurður var á framlögum fráfarandi ríkisstjórnar til heilbrigðismála var varið ótöldum milljörðum í steinsteypu og gler. Kári Stefánsson dregur þetta ágætlega saman í grein í *Morgunblaðinu* í morgun. Þar dregur hann saman og segir að á meðan heilbrigðiskerfið hafi brunnið hafi fjármunir verið veittir í verkefni eins og Hörpu og í hana hafi farið ótaldir milljarðar. Fyrrverandi ríkisstjórn reisti 700 fermetra hús í Vatnajökulsþjóðgarði, hún reisti 3.000 fermetra hús yfir Náttúrufræðistofnun upp í Heiðmörk. Hún reisti menningarmiðstöðina Hof á Akureyri og hún stóð fyrir því að byrjað var að bora göng í gegnum Vaðlaheiði sem eiga að stytta leiðina milli Akureyrar og Húsavíkur um 14 mínútur. Hún byrjaði að reisa hús yfir stofnun norræna fræða við Háskóla Íslands og veitti 3,5 milljarða til að hlúa að uppbyggingu á kísilverksmiðju á Bakka. Hvað eru þetta margir milljarðar sem hægt hefði verið að veita í heilbrigðisþjónustuna? (Gripið fram í.)

Mönnum hefur orðið tíðrætt um forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Nú er það svo að mál eru misjafnlega flókin, þau þurfa misjafnan undirbúningstíma. Sum eru þess eðlis að það tekur óhjákvæmilega langan tíma að skipuleggja þau, það er eðlilegt. Við höfum fengið nóg af hroðvirknislegum vinnubrögðum sem kalla á uppstokkun og breytingarsins voru til komin vegna þess að fyrrverandi ríkisstjórn vandaði ekki nóg til verka. Það þurfti því að taka mál upp að nýju svo að ríkið fengið sínar eðlilegu tekjur.

Ópolinnæði fólks eftir efndum er skiljanleg. Þetta er sama fólkíð og er búið að bíða í rúm fjögur ár eftir efndum loforða sem ætíð voru svikin. Þau verða ekki svikin í þetta sinn, það er komið nóg af slíku. Það lá hins vegar strax fyrir að ekki yrði hægt að efna öll loforð á fyrsta degi nýrrar ríkisstjórnar. Það þarf að vanda undirbúning að þeim stóru aðgerðum sem fram undan eru og það verður gert, hvort sem stjórnarandstöðinni líkar betur eða verr.

[15:37]

### **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Herra forseti. Nýrri ríkisstjórn fylgdu miklar væntingar, ekki aðeins þær væntingar sem fylgja nýjum ráðherum í stað þeirra gömlu heldur væntingar byggðar á loforðum um aðgerðir. Fylgi við ríkisstjórnina hefur dvínað mjög á fyrstu fjórum mánuðunum og flokkur hæstv. forsætisráðherra er í frjálsum falli í skoðanakönnunum. Flokkarnir sem lofuðu

skuldaniðurfellingu, skattalækkunum, samráði og aðgerðum virðast aðallega ráðalausir og flaumósa. Skuldavandanum var hagarlega komið fyrir í nefndum sem eiga að skila tillögum í lok árs en enginn veit hvenær von er á aðgerðum. Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu átaki í heilbrigðismálum en hafa ekki bein í nefinu til að leysa bráðavanda á Landspítalanum, hvað þá að byggja upp til framtíðar.

Á sumarþingi voru fyrstu verk nýrrar ríkisstjórnar að lækka veiðigjald á útgerðina og neysluskatta á erlenda ferðamenn. Tekjur ríkissjóðs voru með þessu lækkaðar að ástæðulausu. Fréttir um stórgróða útgerðarfyrirtækja og mikla fjölgun erlendra ferðamanna grafa undan málstað ríkisstjórnarinnar. Flest bendir til að hækka beri veiðigjaldið fremur en að lækka það. Það er því holar hljómur í kröfum um niðurskurð og frestun framkvæmda þegar skattar eru lækkaðir á þá sem sannarlega geta greitt þá. Það stoðar lítt fyrir hæstv. fjármálaráðherra að setja upp alvarlegan svip og krefjast ráðdeildar í ríkisfjármálum þegar hann síðan gengur í fararbroddi þeirra sem krefjast skattalækkana fyrir þá efnamestu í samfélaginu. Æsingurinn var svo mikill að hygla þeim efnameiri að þegar líða tók á júnímánuð áttaði hæstv. fjármálaráðherra sig á því að illa mundi ganga að koma fjárlagafrumvarpinu saman. Með réttu hefðum við átt að fá fjárlagafrumvarpið í hendur í dag.

Það er ástæða til að kvíða því frumvarpi. Búið er að boða 1,5% flatan niðurskurð sem og sértækar aðgerðir. Miðað við það sem hægt er að ráða af orðum hæstv. fjármálaráðherra á að skera niður um 3,5 milljarða í velferðarmálum. Fregnir berast brotakennt af skotmörkum ríkisstjórnarinnar. Á skurðarborðinu liggja nýr landspítali, hús íslenskra fræða, Norðfjarðargöng, Kvikmyndasjóður, grænn fjárfestingarsjóður og fleiri þjóðþrifamál. Við bíðum öll með öndina í hálsinum. Við höfum áttað okkur á því að ný ríkisstjórnin er ekki með neina áætlun og getur því ekki átt samráð um neitt, aðgerðirnar brjótast fram að því er virðist eftir geðþótta nýju ráðherranna. Innviðauppygging er ekki á dagskrá nýrrar ríkisstjórnar.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur slegið umbótum í almannatryggingum á frest. Svæfa á umbætur í nefnd eins og önnur kosningaloforð Framsóknarflokksins. Í stað umbóta voru almannatryggingar hækkaðar til þeirra tekjuhæstu og best gert við þá sem áður heyrðu ekki undir kerfið því að þeir voru of tekjuháir. Meiri hluti lífeyrisþega fékk ekkert í sinn hlut.

Stjórnarflokkarnir höfðu uppi stór orð um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í kosningarátunni — og hvar eru efnidarnar? Boðuð er lokun skurðstofu í Vestmannaeyjum og óánægja á Landspítalanum hefur aldrei verið meiri. Starfsfólk Landspítalans sem hefur lagt hart að sér síðustu ár batt miklar vonir við nýjan landspítala. Hin unga ríkisstjórn treystir sér ekki í það verkefni þrátt fyrir að þörfin sé knýjandi, en gömul umræða um frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu er hafin á ný.

Ég get fært hæstv. heilbrigðisráðherra fréttir. Íslenskur almenningur vill ekki frekari einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Landspítalinn er hjartað í íslenskri heilbrigðisþjónustu og sterkur landspítali styður við heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Frekari einkavæðing í heilbrigðiskerfinu gerir það ekki en eykur á kostnað í kerfinu.

Það er skynsamlegt af nýju ríkisstjórninni að hafa ákveðið að halda áfram með mörg af þeim fjölmörgu verkefnum sem voru í gangi frá tíð fyrri ríkisstjórnar. Ekkert í ræðu hæstv. forsætisráðherra gefur til kynna að ríkisstjórnin sé í stakk búin til að leggja fram eigin raunhæfa áætlun til framtíðar. Hlutverk okkar í minni hlutanum verður því að lágmarka tjónið á líftíma hægri stjórnar hæstv. forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

[15:43]

### Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Stærsta verkefni stjórnmalanna á öllum tímum er hagsæld í samfélaginu, hamingja fólks og þjóða. En hvernig á að meta árangur af þeirri vegferð? Þarna greinir pólitískar hreyfingar og flokka oft verulega á, hægrið og vinstrið eiga nefnilega í raunverulegum átökum og þau átök snúast um grundvallaratriði.

Vinstrið telur að reisa þurfi skorður við peningaöflum á opnum markaði, markaðinn þurfi að temja og laga að þörfum samfélagsins, hlúa þurfi að félagslegum rötum, gæta að þeim sem lítið hafa á milli handanna og byggja upp á samfélagslegum grunni, beina markaðsöflum, einstaklingsframtaki og samtakamætti í rétta farvegi. Hægrið aftur á móti vill gjarnan trúa því að markaðsöflin muni allt leysa og færa allt til betri vegar með töframætti fjármagnsins. Umræðan verður stundum trúarbragðakennd eins og þegar talið er um að eftirlitsiðnaðurinn stoppi allt, hjól atvinnulífsins þurfi að smyrja og að hvetja þurfi þegar stóriðja er annars vegar en kannski síður þegar um er að ræða skapandi greinar eða athafnalíf eða rekstur á félagslegum grunni.

Hagvöxtur er hugtak sem okkur er flestum tamt að nota þegar rætt er um hagsæld og hamingju samfélaga. En er þetta gott hugtak til að lýsa þroska samfélags og vellíðan íbúanna? Lýsir það í reynd hagsæld og hamingju? Sífellt fleiri efast um að svo sé, ekki bara í stjórnmalum heldur ekki síður í allri samfélagsumræðu og rannsóknnum. Félagslegt öryggi, kynjajafnrétti, góð menntun, heilnæmt umhverfi eru ekki mæld með hagvexti. Hagvöxtur segir til um hreyfingu fjármagns í samfélaginu en ekki hvað það er sem kemur hreyfingunni af stað eða hvert hún leiðir. Fjöldun slysa eykur hagvöxt og sömuleiðis fasteignabólur, þær auka hagvöxt, ágeng nýting náttúruauðlinda gerir það líka og í raun öll ofneysla og öll sóun eykur hagvöxt.

Ný markaðssvæði í heiminum þar sem hagvöxturinn er mestur er um leið mesta áhyggjuefni þegar lítið er til framtíðar mannkynsins. En hvernig metum við þá hvort við erum á réttri leið? Hvernig metum við líðan almennings, fólksins í landinu, hvernig metum við raunveruleg lífsgæði? Hvernig líður fólkinu í frítímanum og í félagslífinu, í vinnunni og á heimilinu? Hvernig er heilsan? Hvernig er andinn í samfélaginu og hvernig er menningin? Hver eru gæðin í umhverfi og náttúru, hvernig líður börnum? Hvernig líður gömlu fólki?

Tölur eru góðar og gagnlegar en þær segja ekki alla söguna. Hagvöxturinn virðist stundum vera eina pólitíska markmiðið en það dugar ekki. Í góðu samfélagi þarf að líta til fleiri þátta. Frelsi fylgir ábyrgð og það þarf að ná til allra. Við lítum til þess að nýting auðlindanna verði að vera sjálfbær og náttúran njóti vafans. Við verðum að stuðla að

félagslegum jöfnuði, opnu og lýðræðislegu samfélagi án fordóma og setja raunveruleg lífsgæði íbúanna í forgrunn. Þetta eru markmiðin í stóra samhenginu, jöfnuður og græn framtið.

Hagvaxtarhyggjan nálgast trúarbrögð en er í raun og veru afstaða sem ógnar framtið mannkyns ef hún ræður ein för. Við þurfum að halda stjórnvöldum alls staðar við efnið og taka fleiri þætti með í reikninginn fyrir framtiðina.

Oft hefur það einkennt hægri flokka að ýta undir skammsýni og vilja ekki halda stóra samhenginu til haga. Allt of oft hafa ákvarðanir verið teknar án fyrirhyggju og allrar varúðar. Um það vitna best skuldaklafar og umhverfisslys sem allir þekkja frá seinni árum. Skammsýni er hættuleg ef við eigum ekki að taka valmöguleikana af komandi kynslóðum. Við getum ekki ákveðið hvað er komandi kynslóðum fyrir bestu en við höfum heldur ekki leyfi til að svipta þær möguleikanum til að velja og hafna og skapa sína eigin framtið og samtíð.

Í góðu samfélagi þarf græn framtið að vera bæði leiðarljós og mælikvarði. Þess vegna vekur áhyggjur nú þegar ný ríkisstjórn hefur setið í rúma 100 daga að nánast allar hennar ákvarðanir hafa aukið á mismunun í samfélaginu, fært auð og völd til þeirra sem nóg hafa fyrir, veiðigjöld, vaskurinn á ferðaþjónustuna, auðlegðarskatturinn, og svo talar heilbrigðisráðherra um gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu. Menntamálaráðherra herðir pólitísk tök á Ríkisútvarpinu, sker niður hjá lánasjóðnum, dregur úr jafnrétti til náms og þannig mætti lengi telja. Tekjur hafa verið stórlega skertar. Og hvað er til ráða?

Aðþrengdur ríkissjóður og ríkisstofnanir sem tóku á sig gríðarleg högg í hruninu, en voru tekin að rétta úr kútnum, eiga enn að þrengja að sér. Þar er enginn undanskilinn, allt er undir, eins og sagt er. Óróleiki og óvissa hafa hreiðrað um sig í hugum landsmanna og enginn veit hvar ríkisstjórnin ber niður í viðleitni sinni við að auka enn á óvissuna í samfélaginu. Spurningarnar hrannast upp, nefndunum fjölgar, frestirnir lengjast, lausnirnar eiga að vera miklar en bara fyrir suma, ekki fyrir alla sem tóku við stóra högginu frá hægri. Orð eins og forsendubrestur á bara við stundum og bara við suma. Ekki þegar rætt er um leigjendur, ekki þegar rætt er um námsmenn, einstæða foreldra eða öryrkja. Af hverju ekki?

Virðulegur forseti. Um þetta var kosið. Um þetta snýst umboð núverandi ríkisstjórnarflokka, umboð til að fá að spreyta sig á því að uppfylla heimsmet í kosningaloforðum og kannski helst fyrir þá sem mest eiga og mest tóku að láni. Loforð sem fjöldamargir sjálfstæðismenn meira að segja sjá að er engin leið að efna, segja líka sumir að ef falli til fé eigi það að fara í ríkissjóð og nýtast okkur öllum, hverju einasta mannsbarni í landinu. Ríkissjóður í vanda setur samfélag í vanda. Það er okkar fyrsta verkefni.

Virðulegur forseti. Þegar ákvarðanir eru teknar um skipulag, um orkumál eða mennta- og velferðarmál þarf að hugsa til framtíðar og standast freistingar til skamms tíma. Það þarf að huga að sjálfbærni í landnýtingu, sjálfbærni í samfélagi, fjölbreytni, sköpun og litadýrð. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ítrekað sýnt að hún þorir og að hún óttast ekki gagnrýni, er flokkur sem byggir á sjálfbærni, leggur áherslu á félagslegan jöfnuð og efnahagsleg-

an stöðugleika á öllum sviðum. Jafnrétti kynslóðanna er markmiðið. Lífsgæði og gott samfélag til framtíðar skiptir ekki minna máli en aðstæður okkar sem nú byggjum þetta samfélag.

Allar kosningar snúast um framtíðina, ekki bara næstu framtíð heldur langa framtíð, því að sérhvert skref, sérhver ákvörðun hefur áhrif langt fram í tímann. Nú er okkar að halda þessari umræðu á lofti því að stjórnsmál snúast um raunverulega hagsmuni, forgangsörðun og gildi en ekki óábyrg loforð. Almennur er landinu þarf að eiga von. Það eru öll tækifæri fyrir hendi í landi sem býr við öflugna náttúru og sköpunarkraft. Þessi tækifæri eru okkar.

[15:50]

### Haraldur Benediktsson (S):

Herra forseti. Við komum saman á ný til starfa hér í sal Alþingis eftir sumar sem eins og oft áður hefur verið misgjöfult á sólríka daga eftir því hvar á landinu hefur verið mælt. Við þekkjum vel slíka misskiptingu á landinu okkar.

Við ræddum hér í vor um vanda sem margir bændur stóðu frammi fyrir vegna kalskemmda og fór sannarlega ónotatilfinning um mann allan fyrir þremur vikum þegar spáð var illviðri og margir brugðu á það ráð að flýta göngum og réttum minnugir afleiðinga óveðurs sl. haust, en ég trúi að nú horfi mun vænlegar til í þeim sveitum sem verst urðu þar úti.

Virðingu Alþingis höldum við þingmenn á og það er okkar að gæta hennar. Hver þingmaður hlýtur að spyrja sig hvert framlag hans verður til betri ásýndar og virðingar Alþingis. Ég tek því alvarlega og segi: Ég hef reyntslu af ágætu og árangursríku samstarfi við fólk hvar í flokk sem það skipar sér. Ég átti til að mynda ágætt samstarf við ríkisstjórnina sem var hér síðasta kjörtímabil um málefni landbúnaðar. Ekki er þar með sagt að ég hafi verið ánægður eða sammála áherslum hennar á öllum sviðum og því miður var ekki sama hægt að segja um samstarf hennar við margar aðrar atvinnugreinar. En þar sem er friður og samstaða ber okkur að varðveita hana og breiða út og þar sem er ófriður ber okkur að sækja fram og stilla til friðar.

Hin kalda staðreynd er sú að ekki er hægt að búast við að endurreisa hratt kaupmátt launa í stórum stökkum, ekki frekar en hægt er að bæta allt sem hefur þurft að draga saman á undanförunum árum. Það má samt með margvíslegum hætti feta nýjar slóðir til að hefja hér endurreisn kaupmáttar og kjara. Í samfélaginu er ekki mikill ágreiningur um hvað beri að hafa í forgang og hverju beri fyrst að hlúa að. Ég gæti talið upp alla þá málaflokka, en ég tel að við getum orðað það með því einu að segja: Við viljum hlúa að heimilinu og fjölskyldunni. Undirstaða velferðar fjölskyldu er öflugt atvinnulíf. Það er ekki hægt að búast við viðsnúningi í þjóðfélaginu nema takist að efla enn betur og bæta atvinnulíf okkar en atvinnulífið sýnir ekki nægilegan friskleika til þess að okkur takist að fá almennilegan byr í seglin.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur undanfarna daga heimsótt fyrirtæki. Ég vil fyrst nefna að sóknarhugur og framfarahugur er almennt hjá fólki. Margir hafa á teikni-borðinu arðsamar framkvæmdir og eru tilbúnir til sóknar. Ótrúlega margir gátu hins vegar ekki sagt okkur hvenær

þeir gætu hafist handa vegna þess hve stjórnýsla okkar er þung og erfið, umsókn um byggingarleyfi, breytingar á skipulagi og slíkir þættir taki of langan tíma. Það er hreinlega farið að hamla framförum og sókn hve þunglamaleg stjórnýslan er hér. Það er ekki einleikið að upplifa sömu athugasemd í mörgum atvinnugreinum og þarna er greinilega verk að vinna.

Fyrir um áratug kynntist ég álíka viðhorfi við umræðu í einu af nágrannalöndum okkar. Þar var hrundið af stað miklu einföldunarátaki til aukinnar skilvirkni. Mögulega var þar verðmætasta breytingin sú að lofað var ákveðnum afgreiðslutíma innan stjórnýslunnar, að ef ekki tækist að standa við tímafresti af hálfu hins opinbera ætti umsækjandi rétt á skaðabótum í formi dagsekta. Hið opinbera kerfi lofaði sem sagt ákveðnum gæðum á þjónustu sinni og skilvirkni.

Annað sem stóð upp úr var eftirlitskostnaður. Það fer ekki fram hjá þeim sem rekur fyrirtæki að leyfargang og eftirlitskostnaður hefur blásið út á nokkrum árum, enda kemur það nú í ljós í skýrslu OECD um landbúnað að eftirlitskostnaður hefur vaxið í landbúnaði um 50% af hálfu hins opinbera á undanföllum árum, fyrir utan gríðarlega hækkun ýmissa leyfisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðendur beint. Samkvæmt þeim furðulegu rétttrúnaðarreglum sem OECD notar mælist hæri eftirlitskostnaður sem aukinn opinber stuðningur við landbúnað.

Ég hef nefnt hér tvö dæmi sem ég upplifi að atvinnulífið telji hamla sér til sóknar, stjórnýslu og eftirlitsiðnað. Enginn má samt skilja orð mín svo að slíkir þættir eigi ekki að vera öflugir og sterkir, en minna og hóflegra er oft betra.

Mér er hugleikið að nefna hér nýsköpun og sóknarhug fyrirtækja. Gleymum samt ekki því sem við þegar eigum og getum byggt á. Við þurfum atvinnugreinar sem skapa gjaldreyri og spara gjaldreyri. Við þurfum innihaldsríkari umræðu um atvinnuvegi okkar, hvort sem við tölum um iðnað, sjávarútveg, landbúnað eða þjónustugreinar. Umræðan um veiðileyfagjald á að vera umræða um hvernig sjávarútveg við viljum hafa. Það þarf sem dæmi að endurnýja og bæta fiskiskipafлотann. Það getum við meðal annars gert með því að hlúa að íslenskum skipasmíðaiðnaði. Þar eru mikil færi til aukinnar atvinnu og aukinnar verðmætasköpunar.

Virðulegi forseti. Með tilvísan í það sem ég hef áður sagt um nauðsyn samstöðu vil ég segja almennt um það stjórnástandið sem blasir við okkur nú á fyrstu dögum þessa hausts að ástandið er viðkvæmt, fjárhagur margra heimila og fyrirtækja er viðkvæmur. Þess vegna er okkur svo mikilvægt að vera raunse. Við erum ólík, hagsmunir eru mismunandi, viðhorfin eru ólík. Það er okkar að virða þau og leiða saman. Því segi ég: Við þurfum að ganga í takt og við skulum ekki láta það angra okkur þó að skórnir séu hvor af sínu tagi ef við berum gæfu til þess að ganga leið til sóknar.

[15:56]

### Valgerður Gunnarsdóttir (S):

Herra forseti. Ég treysti hæstv. ráðherra okkar til að vinna af heilindum að því að unnt verði að efna eins og kostur er þau fyrirheit sem Íslendingum voru gefin í kosningabaráttunni í vor. Ríkisstjórn hæstv. forsætisráðherra

Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur unnið í sumar að undirbúningi fjölda lagafrumvarpa og mála sem munu koma fyrir 143. löggjafarþing, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, þar sem lagður er grunnur að nýju verklagi og breytingum sem eru til hagsbóta fyrir landsmenn.

Forgangsverkefni er að rjúfa þá stöðun sem ríkt hefur undanfarin ár og horfa með bjartsýni, dug og þrótti til framtíðar, takast á við þann vanda sem fyrir hendi er og byggja upp að nýju. Nauðsynlegt er að auka tekjur ríkissjóðs með auknum og nýjum tækifærum til atvinnuuppbyggingar svo að vinna megi hraðar á vandanum. Ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að skapa tækifæri fyrir atvinnuuppbyggingu og fjárfestingar. Það er farsæla að ríkið veiti fjármagn til framkvæmda sem veita atvinnu frekar en að draga úr framkvæmdum og atvinnu og lengja með því lista atvinnulausra, sem aftur hefur í för með sér að veita þarf æ meira fjármagn í atvinnuleysisbætur.

Næg atvinna og uppbygging haldast í hendur. Mannlíf blómstrar og fólk fyllist krafti og bjartsýni og er tilbúið til að leggja á sig til að ná markmiðum og árangri meðan atvinnuleysið dregur úr þrótti og trú á framtíðina. Allt í kringum landið í smærri sem stærri byggðarlögum eru vinnufúsar hendur sem taka fagnandi tækifærum til að styrkja sína byggð og eignir sínar á staðnum sem ævitekjurnar eru oftar en ekki bundnar í.

Lögum um veiðigjald sem breytt var á 142. löggjafarþingi nú í vor miðuðu að því að styrkja lítil og meðalstór útgerðarfyrirtæki sem víða eru burðarásinn í atvinnulífi sjávarbyggða með allri strandlengjunni og hafa margfeldisáhrif í samfélaginu þegar vel gengur. Við viljum búa í samfélagi bjartsýni og velgengni, samhygðar og trausts. Við viljum skapa hagvöxt, við viljum ná árangri til uppbyggingar til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Að því vinnur ríkisstjórn okkar sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. En Róm var ekki byggð á einum degi. Það þarf tíma og þolinmæði til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Ýmislegt þarf að taka til gagnrýnnar endurskoðunar og fyrirsjáanlegt er að ýmsar breytingar í stjórnkerfinu eru nauðsynlegar. Sumt af því getur orðið erfitt og sársaukafullt tímabundið en þegar þær breytingar eru yfirstaðnar mun staðan verða skilvirkari og auðveldari, skila okkur meiri hagsæld og betra samfélagi.

Það er líka mikilvægt að við hugum að þeim miklu tækifærum sem felast í áhuga erlendra fjárfesta á að reisa fyrirtæki hér. Með þeim kemur aukið fjármagn inn í landið, aukin atvinna og gnótt annarra tækifæra. Við getum ekki hnoðað okkur inn í eilíft vantraust á öllu útlendu og talið að við munum verða á allan hátt undir í þeim samskiptum. Við eigum að kappkosta að eiga viðskipti sem eru beggja hagar með áherslu á að vernda landið okkar samhliða skynsamlegri nýtingu þess.

Hæstv. forseti. Það hefur verið gott að fylgjast með hæstv. ráðherra okkar að störfum í sumar. Þeir hafa sett sig afar vel inn í málaflökka sinna ráðuneyta. Stór hluti vinnu þeirra er ekki sýnilegur eðli máls samkvæmt, en nauðsynleg undirbygging fyrir verkin sem munu tala. Það var afar ánægjulegt fyrir mig sem þingmann Norðausturkjördæmis að vera viðstödd fyrstu formlegu sprengingu Vaðlaheiðarganga í júlí síðastliðnum en þar var hæstv. for-



sætisráðherra okkar vel sýnilegur þar sem hann sprengdi fyrstur, einbeittur og ákveðinn í að ná árangri til heilla fyrir Íslendinga eins og öll okkar líðsheild.

[16:01]

### **Róbert Marshall (Bf):**

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að sjá að sumarið hefur, þrátt fyrir að það hafi verið hart, farið mildum höndum um forseta. Sama verður ekki sagt um suma ráðherra ríkisstjórnarinnar sem manni hefur virst í fréttum hugsa með sér að starfið sé ekki jafn skemmtilegt og það hafi litið út fyrir að vera í upphafi.

Mig langar að segja nokkur orð um fossa og nokkur orð um þá tilhneigingu stjórnámálanna, og aðallega ráðherra, að fara í vettvangsferðir, skoða svæði, styðja hönd á hné og mæla út hæðir, ása og hóla og segja: Ja, ég er búinn að skoða þetta svæði, mér finnst að það megi skoða virkjunarhugmyndir þarna. Þetta gerði hæstv. iðnaðarráðherra í sumar þegar hún skoðaði fyrirhugað svæði miðlunarlóns Norðlingaölduveitu.

Sams konar ferðum urðum við vitni að í aðdraganda að virkjunum fyrir austan og mér finnst þetta sýna ákveðinn misskilning um það hvernig taka eigi ákvarðanir í þessum efnum. Það er mikilvægt að menn átti sig á því að í sjálfu sér er hægt að byggja álver í jaðrinum á þjóðgarðinum við Þingvöll án þess að það hafi beinlínis áhrif á Þingvelli. Og hægt væri að hugsa sér hjólhýsabyggð í kringum hífýli hæstv. iðnaðarráðherra án þess að það hefði beinlínis áhrif á íbúaskilyrði hæstv. ráðherra. Það mundi samt sem áður rýra verðmæti þeirra svæða sem um ræðir. Það verður að vera alveg klárt í þessari umræðu að ekki er hægt að fara í virkjunarframkvæmdir á jaðrinum í friðlandinu við Þjórsárver án þess að rýra verðmæti þess svæðis, það er algjörlega útilokað. Verðmæti þess svæðis byggir á því að það er í miðri auðn, að Þjórsárver eru í miðjunni á engu. Þess vegna eru þau sérstök á heimsæmlikvarða og þess vegna ber okkur að vernda þau.

Ég vil líka segja þetta um fossa sem eru á svæðinu: Það er þessi stöðugi niður, þessi beljandi, þessi óstöðvandi flaumur og þetta óstöðvandi mótnarafl landsins, sem gerir þá sérstaka. Það er þess vegna sem ferðamenn fara og skoða þá alveg eins og þeir vilja frekar upplifa náttúruna úti í náttúrunni en í dýragörðum. Það að ætla að taka fossa á borð við Gljúfurleitarfoss og Dynk og kveikja á þeim yfir sumartímann er svipað og að bjóða fólki upp á skoða uppstoppaðan örn í staðinn fyrir að verða vitni að því hversu stórkostlegur hann er í sínum náttúrulegu heimkynnum.

Pegar menn eru búnir að fara í gegnum þá vinnu sem felst í rammaáætlun og setja Þjórsárver og Norðlingaöldu í verndarflokk er það mér fullkomlega óskiljanlegt að það mál skuli hafa verið dregið aftur upp til umræðu í samfélagi okkar nú í sumar. Ég vil einfaldlega vara ríkisstjórnina við að halda áfram á þeirri braut. Ég held að margir hafi undrast þau fjölmennu mótmæli vegna umhverfismála sem urðu við Stjórnarráðið aðeins fjórum eða fimm dögum eftir að ný ríkisstjórn tók við í vor. Ég held að þau mótmæli lýsi mjög vel þeirri undiröldu sem er í samfélaginu gagnvart þeim málaflokki. Ef ríkisstjórnin heldur áfram á þeirri braut varðandi Norðlingaöldu held ég að þau mótmæli verði eins

og sunnudagaskóli við hliðina á þeirri reiðöldu sem mundi vaxa og rísa í samfélaginu og dynja á ríkisstjórninni, þ.e. ef svo fer sem fram horfir. Slík áform eru ekki tímabundin frávik frá rammaáætlun verkefnastjórnarinnar fyrirverandi, eins og flutningur virkjunarhugmynda í neðri hluta Þjórsár í biðflokk á meðan aflað væri frekari gagna, heldur væri verið að henda rammaáætluninni í heild sinni í ruslið. Sá mikli árangur sem þar hefur náðst á einum og hálfum áratug yrði fyrir bí.

Núverandi ríkisstjórn getur lært mikið af þeirri fyrirverandi, t.d. að rækta góð almennatengsl, tala við þjóðina, útskýra reglulega hvert förinni er heitið. Ég held að flestir geti verið sammála um að síðasta ríkisstjórn stóð sig ekki nægilega vel í þeim efnum þó að hún hafi gert margt ágætt — tala ekki í hálfkveðnum vísnum, ræða við þjóðina. Komið hefur í ljós að stór hluti þjóðarinnar treystir því miður ekki Alþingi. Svar meiri hluta Alþingis getur ekki verið: Sömu leiðis, við treystum ykkur ekki.

Því er spurt að endingu: Á ekki að treysta þjóðinni fyrir stórum álitafnum eins og aðild að Evrópusambandinu? Hvenær verður boðað til þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem báðir stjórnarflokkarnir hafa sagt að verði framkvæmd? Hvenær verður það gert? Ég held að það væri farsælt fyrir núverandi ríkisstjórn að láta vita hvenær slíkt fari fram og gera það hið allra fyrsta, og auðvitað væri langskynsamlegast að ljúka samningunum einfaldlega strax. Núverandi ríkisstjórn þarf að hugsa vel um kettina, villikettina, sem mögulega láta sjá sig, og líka hina og passa að strjúka þeim ekki öfugt. Það er gríðarlega mikilvægt.

Ég held að menn mættu líka hafa í huga að hafa ekki of mörg járn í eldinum, kveikja ekki of marga elda, því að það er óljóst hvort núverandi ríkisstjórn endist tími til að slökkva þá alla.

[16:07]

### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Jæja, þá eru þingfundir aftur byrjaðir og ég verð að segja að þingbúningurinn er ekki jafn óþægilegur og mig minnti. Hann er talsvert óþægilegri, ekki bara vegna þess að þessi merkilega karlatíska á hinu háa Alþingi neyðir mann til að vera í mjög óþægilegum fötum, sem í þökkabót krefjast sérmeðferðar við hverja hreinsun, heldur er líka á köflum hálfþægilegt að vera þingmaður á meðal almennings.

Þetta veit ég auðvitað ekki bara persónulega, heldur sé ég þetta á samfélagsmiðlunum, ég hef heyrt þetta á fólki bæði fyrir og eftir kosningar. Það heyrir nefnilega til algjörra undantekninga að vel sé talað um hið háa Alþingi. En við erum heppin, virðulegi forseti, það er nefnilega til skýrsla um þetta mál og það var enginn annar en hinn háæruverðugi Háskóli Íslands sem gaf hana út, nánar tiltekið Félagsvísindastofnun hans. Í þessari skýrslu kemur fram að það sem fólk vill að batni hjá okkur er að starfið verði gagnsærra, meira verði um afsagnir þingmanna í kjölfar mistaka, að málþóf verði minna, að hv. þingmenn sýni hver öðrum meiri virðingu og síðast en ekki síst að starfið verði markvissara.

Ég verð að viðurkenna að ég er ekki alveg með á hreinu hvað er átt við með því að starfið verði markvissara en sjálfsagt er til greinargóð útskýring á því.

Hvernig getur það verið, virðulegi forseti, að almenn- ingur vilji að við sýnum hvert öðru meiri virðingu? Í hvert sinn sem við minnumst á hvert annað er tíundað hvað þessi sé háttvirtur og hinn sé hæstvirtur. Hér kemur fólk snyrti- lega klætt og það heyrir til algjörra undantekninga að fú- yrði heyrir úr þessari merkilegu pontu. Það er eins og þjóðinni sé hreinlega sama um allar þessar hefðir, þessi fal- legu orð og þessi fínu jakkaföt, virðulegi forseti. Maður spyr því: Hvað gæti almenningur hugsanlega átt við með „meiri virðingu“? 89% aðspurðra nefna þetta, virðulegi for- seti, næstum því allir, næstum því allt fólk vill að við sýn- um hvert öðru meiri virðingu.

Er þjóðin bara svona vitlaus? Eða getur verið að allt þetta umstang okkar við útlit og hefðir sé í augum lands- manna yfirborðskennt þvaður sem sé ekki einu sinni ætlað að láta eitthvað gott af sér leiða heldur til að sannfæra okk- ur, hv. þingmenn sjálfa, um að við eigum meinta virðingu skilið?

Nú spyr ég til að svara, virðulegi forseti, ég held nefni- lega að ég sé búinn að finna út úr þessu. Ég held að al- menningur vilji að við vinnum betur saman þrátt fyrir ólík sjónarmið, að afraksturinn sé ekki eingöngu afleiðing sáttar eða átaka heldur stundum einhvers staðar á milli, að eitt- hvað geti gerst á Alþingi án þessara stanslausu klækja- bragða, þessarar þingskapaleikfimi svokölluðu, þessarar hörðu orðræðu. Þingmenn tínast upp í pontu og eru hver öðrum hneykslaðri á háttarni annarra, þar á meðal sá sem hér stendur, en hvað annað á hv. þingmaður að gera?

Málum er nefnilega háttáð þannig, hvort sem fólk líkar það betur eða verr, að öll völdin eru í höndum naums meiri hluta. Naumur meiri hluti kjósenda greiddi atkvæði með stjórnarflokkunum tveimur en þeir hafa samt sem áður 100% valdsins. Hæstv. forsætisráðherra nefndi fyrir kosn- ingar að hann hefði áhyggjur af kúgun meiri hlutans yfir minni hlutanum þegar kæmi að þjóðaratkvæðagreiðslum. Hvergi er sú áhyggja réttmætari en hér, á hinu háa Alþingi.

Stóra kaldhæðnin í þessari ræðu minni er að hún gerir í sjálfu sér lítið gagn vegna þess að valdakjarnar vilja halda sínum völdum. Til að dreifa valdinu þarf sá sem þau hefur að afsala sér þeim með tilheyrandi óvissu um framtíðina eða, það sem verra er, vissu um framtíðina. Hér verður því áfram blessað þingræðið eins og við öll vitum hvernig það verður. Stjórnarandstaðan mun senda inn frumvörp og veit að þeim verður hafnað á þeirri einu raunverulegu forsendu að þau koma frá rögum flokkum. Nýliðar stjórnarmeiri- hlutans fá síðan eitt mál í gegn sem hluta af einhvers konar busunarferli, allt samkvæmt hefðum, allt samkvæmt venju — allt samkvæmt þingsköpum en ekki af virðingu, hæstv. virðulegi forseti.

[16:12]

#### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðar- dóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Alþingi er komið saman á ný til sex daga framhaldsfunda þar sem frá var horfið í sumar. Fram undan er annasamt þing þar sem fjölmörg mál verða tekin fyrir sem öllum er ætlað að leiða til breytinga til að bæta stöðu þjóðarbúsins og vera til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Mörg stór verkefni brenna mér á hjarta sem félags-

og húsnæðismálaráðherra. Húsnæðismál og skuldamál heimilanna ber þar hæst því að þar er þörf fyrir veigamiklar breytingar og úrbætur.

Í lok júní samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna og eðli málsins samkvæmt eru þar ýmis verkefni á ábyrgð velferðarráðuneytisins. Á vegum þess hefur í sumar verið unnið að verkefni sem snýr að lausnum fyrir eigendur yfirskuldsettra íbúða í samvinnu við innanríkisráðuneytið og markmiðið er að gera eigend- um yfirskuldsettra íbúða kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið stendur ekki undir. Gangi þetta eft- ir er um að ræða tímabundna aðgerð til að leysa vanda tengdan afleiðingum efnahagshrunsins. Niðurstaða ætti að liggja fyrir undir lok þessa mánaðar.

Annað verkefni snýr að aðstoð við eignalaus einstak- linga vegna gjaldþrots sem gerir þeim kleift að greiða nauð- synlegan kostnað sem fellur til þegar einstaklingur óskar eftir gjaldþrotaskiptum á búi sínu. Niðurstöðu er einnig að vænta í þessum mánuði.

Stærsta verkefnið til að rétta stöðu heimilanna felst auð- vitað í þeim loforðum sem stjórnvöld hafa gefið um að leið- rétta stökkbreytt verðtryggt lán heimilanna. Það verkefni er algjört forgangsmál ríkisstjórnarinnar og mikið réttlætis- mál. Við höfum alltaf lítið svo á að órlagavaldarnir sem með óábyrgu framferði sínu ollu því að verðtryggðar skuld- ir stökkbreyttust eigi að standa skil á sínu og greiða fyrir sjálfsgaða leiðréttingu sem heimilin eiga rétt á. Það er mik- ill misskilningur að setja beri kröfuhafana í forgang og tryggja þeim hámarksað af eignum sínum á kostnað ríkis- sjóðs og heimilanna. Með uppgjöri protabúanna mun skap- ast svigrúm sem verður nýtt til hagsbóta fyrir íslensk heim- ili. Það er hið eina rétta.

Fátt er nefnilega fólk mikilvægara en að eiga öruggt þak yfir höfuðið, að eiga tryggn samastað fyrir sig og sína þar sem fjölskyldan á sinn griðastað og getur notið stjórnar- skrárvarins réttar síns til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þetta er einn af hornsteinunum í hugmyndum okkar og verkefnum stjórnvalda fram undan. Verkefna- stjórn á mínum vegum mun í byrjun næsta árs í samræmi við ályktun Alþingis skila mér tillögum um framtíðarstefni- na í húsnæðismálum sem meðal annars eiga að taka til hagkvæmasta fyrirkomulagsins við fjármögnun almennra húsnæðislána, leiðir til að tryggja virkan leigumarkað og tillögu um hvernig best verði staðið að skilvirkum félags- legum úrræðum fyrir þá sem þess þurfa með.

Ég legg ríka áherslu á vídtækt samráð í þessari vinnu og ég fagna þeirri þingsályktunartillögu sem hér er komin fram frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og snýr að ástand- inu á leigumarkaðnum. Það er líka einkar ánægjulegt að geta sagt það hér að nánast allar þær hugmyndir sem þar birtast eru þegar til skoðunar eða í vinnslu hjá ríkisstjórn- inni. Það er nefnilega þannig að húsnæðismálin eru mál sem varða okkur öll. Aftur á móti eru aðstæður fólks mis- jafnar og því hef ég lagt mikla áherslu á að valkostir í húsnæðismálunum verða að vera fjölbreyttir og mæta ólíkum þörfum og fjárhagslegum burðum fólks.

Virðulegi forseti. Húsnæðismál, skuldamál og kjaramál eru okkur landsmönnum ofarlega í huga nú um stundir, sem er afar skiljanlegt því að á öllum þeim sviðum hefur þrengr

að hjá okkur flestum á undanförunum árum. Að sjálfsögðu munum við ekki á augabragði endurheimta þær skerðingar sem urðu á lífskjörum í kjölfar efnahagshrunsins. Aftur á móti er full ástæða til hjartsýni. Við stefnum ótraud fram á við. Margt horfir þegar til betri vegar og þær aðgerðir sem stjórnvöld vinna að núna og verður hrint í framkvæmd á næstu mánuðum eiga eftir að skila heimilum landsins betri kjörum og auknum lífsgæðum.

Í dag hafa samtök öryrkja og ellilífeyrisþega haldið hvatningarfund framan við Alþingishúsið sem er einfaldlega ætlaður til þess að halda okkur sem hér sitjum við efnid um að bæta kjör þeirra hópa líkt og stefnt er að. Ég tek þessari hvatningu fegins hendi og mun leggja kapp á að gera mikilvægar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem skilar lífeyrisþegum þeim auknu lífsgæðum sem við höfum talað um líkt og kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Fyrsta skrefið til afnáms fyrri skerðinga var tekið í sumar og við munum halda áfram þar til skerðingarnar hafa verið afnumdar.

Ég legg líka áherslu á að ljúka við heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Þegar hefur farið fram mikil vinna til undirbúnings þeirri endurskoðun og að sjálfsögðu verður henni ekki kastað á glæ heldur byggt á því sem vel hefur verið gert. Starfsgetumat verður tekið upp í stað örorkumats og starfsendurhæfingarúrræði stórefld til að fyrirbyggja ótímabæra skerðingu á starfsorku. Eins verður áhersla lögð á aukna möguleika fólks til sveigjanlegra starfsloka ásamt einföldun sem var megináhersla þeirrar nefndar sem vann í tíð fyrri ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Uppbygging er til framtíðar fyrir fólk og fjölskyldur með áherslu á vinnu, velferð og öruggt heimili fyrir alla. Um þetta snúast þau verkefni sem ríkisstjórnin leggur áherslu á, þau verkefni sem ég legg áherslu á í störfum mínum fram undan, og við munum í sameiningu vinna að framgangi allra þeirra stóru mála sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála og munum skila þjóðinni áfram til bjartari og betri tíðar.

[16:19]

### Kristján L. Möller (Sf):

Virðulegi forseti. Hér í upphafi þings, þegar við komum saman til að klára það þing sem nú stendur yfir og komum svo saman aftur 1. október til hefðbundinna þingstarfa með fjárlagaframsætningu á fyrsta degi, tekjuöflunarfrumvarpi og öðrum frumvörpum sem er nýtt, ber að þakka það að hæstv. forsætisráðherra skuli á fyrsta degi á septemberstubbnum koma í raun fram eins og skólástjóri sem fær kennara og nemendur til sín og leggur fram áform um hvernig þetta eigi að vera í vetur.

Þannig leið mér við yfirferð hæstv. forsætisráðherra yfir öll þau mál sem hann tæpti þar á og sagði að væru í vinnu. Hann talaði um nefndir og ég taldi. Þegar ég var kominn upp í níu nefndir missti ég þráðinn en ég held að ein hafi bæst við í lokin þannig að hér var boðað að eftir 100 daga starf hæstv. ríkisstjórnar væru komnar tíu nefndir til að vinna í hinum ýmsu málum.

Eðlilega gerði forsætisráðherra sérfræðingahóp um höfundstólslækkun húsnæðislána og leiðréttingarsjóð að fyrsta atriði sínu, enda fékk þessi ríkisstjórn það fylgi sem nægði

fyrir meiri hluta á Alþingi út á þau loforð sem þar voru sett fram sem biða nú í einn eða tvo mánuði í viðbót eftir framkvæmdum vegna þess að allir eru að biða. Allt kerfið er kalt vegna þess að fólk er að biða eftir að núverandi hæstv. ríkisstjórn uppfylli þau loforð sem hún setti fram um höfundstólslækkun lána. Það er synd að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki vera í salnum vegna þess að ég mundi leggja fyrir hann spurningu um það hvort hæstv. fjármálaráðherra er sammála þeirri leið sem hæstv. forsætisráðherra setti fram um stofnun leiðréttingarsjóðs upp á 200–250 milljarða kr. sem aðgerð til að fara strax í þær aðgerðir sem Framsóknarflokkurinn lofaði á haustinu vegna þess að einhver bið er í að uppgjör þrotabús bankanna gangi eftir og það verði hægt að tosa einhverja peninga þar út.

Þetta verður mál málanna þegar þing kemur saman í október, þegar þær nefndir hafa skilað af sér sem hæstv. forsætisráðherra hefur sett og við höfum tíma fram að jölu til að klára það verkefni. Vonandi gengur það eftir.

En það er annað sem hæstv. forsætisráðherra talaði um, fjárfesting. Fjárfestingarþörf er mikil. Það er áhyggjuefni hve mjög hefur dregið úr fjárfestingu á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Á helmingi líftíma ríkisstjórnarinnar hefur fjárfesting dregist mikið saman.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði ekki alls fyrir löngu að það þyrfti að kæla hagkerfið. Svo kvarta menn hér yfir því að fjárfestingar séu að dragast saman. Hvað átti hæstv. fjármálaráðherra við? Er hæstv. forsætisráðherra sammála því að nauðsynlegt sé að kæla hagkerfið núna? Af hverju kemur þá hæstv. forsætisráðherra og kvartar yfir að fjárfesting sé að dragast saman og það þurfi að gefa í? Því er ég alveg sammála. Þá er alveg sama hvort það er með ágætum tillögum sem Samfylkingin leggur fram um bráðaaðgerð í byggingu leiguíbúða, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni, stórátak í þeim málum, ekki veitir af, eða byggingu landspítala svo ég taki dæmi.

Mér finnst allra verst í fari þessarar ríkisstjórnar hvernig hún hefur slegið af allar hugmyndir um byggingu nýs landspítala. Við eigum það inni og þjóðin þarfnast þess að byggja nýjan landspítala utan um þá starfsemi. Fjárfesting í byggingu er allt annað en rekstur. Þess vegna hika ég ekki við að segja að núna liggur fyrir hjá okkur og við eigum að einhenda okkur í það, og ég hygg að það geti orðið full samstaða um það, að breyta fjárreiðulögum þannig að bókhald ríkissjóðs breytist hvað landspítala varðar. Við getum sótt í og fengið lán hjá lífeyrissjóðunum sem eru í vandræðum með að koma peningum sínum í vinnu í dag og eru í kringum 150 milljarðar kr. á ári. Hvar er betra að nota þá peninga en til dæmis í að byggja nýjan landspítala sem við öll eigum að geta sameinast um, byggja gott hús utan um þá miklu og góðu starfsemi við viljum hafa þar?

Virðulegi forseti. Ég ætla að enda á því að segja að ég fagna mörgu af því sem forsætisráðherra lagði fram, en ég bið hann aðeins um eitt. Forsætisráðherra þarf að átta sig á því að hann er ekki lengur leiðtogi stjórnarandstöðu. Honum ber að skipta um fót og fara að ganga í takt við það sem honum sæmir sem forsætisráðherra, tala við stjórnarandstöðuna sem og aðra um það að koma málum fram á þann farsæla hátt (Forseti hringir.) sem við þurfum með samvinnu.

[16:25]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunum í dag, sem ég vil þakka sérstaklega fyrir og þakka hæstv. forsætisráðherra kærlega fyrir hans góðu yfirferð og öðrum þingmönnum fyrir umræðurnar hér, þá er alveg ljóst og má vera stjórn og stjórnarandstöðu ljóst, alveg sama hvaða hugmyndir menn hafa um þau verkefni, að ríkisstjórnin hefur frá því að hún tók við sett langflest ef ekki öll stærstu málin sem voru til umræðu á vettvangi stjórnmálanna fyrir nokkrum mánuðum í farveg. Það er þess vegna eilítið kostulegt að hlusta t.d. á formann Samfylkingarinnar sem fór hér mikinn áðan í ræðustóli tala um ráðaleysi stjórnvalda. Ég veit ekki alveg hvort það er vegna þess að þeim ráðum sem hann gaf var ekki fylgt, en hann talar eins og lítið hafi gerst. Það hefðu þótt ansi stór tíðindi fyrir Samfylkinguna fyrir nokkrum mánuðum ef menn hefðu tekið ákvörðun um að snúa af þeim vegi sem varðar Evrópumálin, ef búið væri að víkja af þeirri leið að ganga til liðs við Evrópusambandið. Það hefur Samfylkingin talað um sem eitt stærsta mál lýðveldisins. Af þeirri braut hefur verið vikið og það eitt og sér ætti að teljast talsverð tíðindi í huga formanns Samfylkingarinnar.

Annað sem menn tala hér um eins og fyrrverandi fjármálaráðherra og ég held að hann sé að meina það þegar hann segir að ríkisstjórnin afsali sér tekjum með skattalækkunum, hún afsali sér tekjum. Sá grundvallarmunur er á hugmyndum þeirra sem eru við stjórnvölinn og eru hluti af ríkisstjórn í dag og hinna sem sitja hinum megin við borðið núna, en sátu við ríkisstjórnarborðið fyrir nokkrum mánuðum, að tala um skattalækkanir eins og afsal ríkisvaldsins af tekjum en ekki eins og við séum að taka fjármuni af almenningi, sem er ráðstöfunarfé almennings. Það er alveg stórfurðulegt.

Eitt af þeim risastóru verkum sem ríkisstjórnin hefur sinnt á undanförunum vikum og mánuðum, auðvitað ekki þannig að allir séu sammála því, er að tryggja það að undirstöðuatvinnugreinarinnar í landinu, sjávarútvegur og ferðahjónusta, geti starfað áfram. Það skiptir ekki bara fyrirtækin í sjávarútvegi máli heldur fólkið í landinu sem þarfnast atvinnu og uppbyggingar. Aftur er stórfurðulegt að hlusta á forustumenn stjórnarandstöðunnar tala um það eins og það sé merki um að ekkert hafi gerst. Risastór mál sem er búið að rifast um á vettvangi landsmála í langan, langan tíma.

Svo eru það skuldamálin. Aftur talar stjórnarandstaðan eins og ekkert hafi gerst. Samt var samþykkt hér fyrir ekki svo mörgum vikum aðgerðaáætlun um að taka á skuldavanda heimilanna, aðgerðaáætlun sem er með því yfirbragði að slík áætlun hefur aldrei áður verið samþykkt á þingi Íslendinga. Engu að síður leyfa menn sér að segja að lítið sem ekkert hafi gerst, þrátt fyrir að hugsanlega þrjú af stærstu málum síðasta þings, sem eru skuldamál heimilanna, skattar á grunnatvinnuvegi og innganga Íslands í Evrópusambandið, séu komin á allt annan stað en fyrir nokkrum vikum. Samt segja menn að lítið hafi gerst. Ég held, með mikilli virðingu fyrir stjórnmalunum og fyrir því að tala hvert við annað af virðingu og af ákveðinni skynsemi, að þetta sé á mörkum þess að vera boðlegt. Það hefur svo margt hefur breyst í íslensku samfélagi.

Síðan er hægt að tala um öll hin málin sem hafa verið sett í farveg, mörg hver sem hafa verið tekin upp frá síðustu ríkisstjórn og fullt af góðum málum haldið áfram af krafti í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hér var nefnt að menn töluðu ekki saman í stjórn málum og að það væri kannski skynsamlegt fyrir núverandi ráðherra að ræða við fyrrverandi ráðherra. Ég hef átt mikil og kröftug og öflug og góð samskipti við fyrrverandi ráðherra í mínu ráðuneyti, Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra, sem hefur farið með mér yfir málin. Ég hef hitt hann reglulega og við höfum farið yfir þau og ég á von á því að margir aðrir hafi gert það sama.

Ég held að þingið verði að treysta því og ég get fullvissað landsmenn um það að ríkisstjórnin er svo sannarlega að setja stóru verkefnið öll í farveg. Þau eru öll komin í farveg og eru á áætlun og önnur mál sem skipta líka máli eru komin mjög vel á veg. Það breytir þó engu um það að við verðum seint sammála um nákvæmlega hvernig á að vinna þau, en það að leyfa sér eftir fjögur ár í ríkisstjórn að tala um að ekkert hafi gerst er meira en ósanngjarn og lyktar af dálítið leiðinlegri pólitík svo að ég sé alveg ærleg hér.

Mig langar, hæstv. forseti, að víkja aðeins að þeim málafnum sem heyra undir mitt ráðuneyti og þau mikilvægu verkefni sem ég tekst á við á hverjum degi og lúta að innviðum í samfélaginu og auknu öryggi fólks í landinu. Þar eru mjög stór og mikilvæg verkefni sem hefur að mörgu leyti verið sinnt mjög vel á undanförunum árum á Íslandi — mjög vel — og við búum að því í ráðuneytinu. Það sem við erum sérstaklega að huga að og ég vil upplýsa þingið um er að við erum að skoða hvernig við getum minnkað umfangið, þ.e. hraðað málsmeðferð og bætt þannig nýtingu fjármuna og tryggt af afgreiðsla gagnvart almenningi sé fljórtari og skilvirkari en hún hefur verið og um leið getum við vonandi nýtt fjármagnid betur. Við erum líka að skoða hvernig við getum fækkað stofnunum. Við höldum áfram með þær hugmyndir sem hafa verið lengi í gangi, um fækkun á embættum sýslumanna, fækkun á embættum lögreglustjóra. Allt er þetta í góðu sambandi við þessa aðila og góður grunnur hefur verið lagður að því. Ég vona og treysti því að okkur takist vel í þeim málum. Einnig erum við að skoða það hvernig við getum hægt á ákveðnum fjárfestingarverkefnum sem eru þess eðlis að við ráðum ekki við þau nákvæmlega núna. Það þekkir fyrri ríkisstjórn líka. Við höfum gengið frá leigu á þyrlum sem skiptir miklu máli fyrir Landhelgisgæsluna. Við höfum verið að skoða og ég hef talað fyrir því að við höldum áfram við uppbyggingu á fangelsi á Hólmsheiðinni til að tryggja að við getum sinnt því verkefni vel og örugglega og reynum að gera það líka eins hagkvæmt og mögulegt er. Eins þurfum við að skoða mjög kostnaðarsöm rekstrarverkefni sem eru mikilvæg og grundvöllurinn að ákveðnum mannréttindum í okkar góða samfélagi en við verðum að vinna með öðrum hætti til að ná að nýta fjármagnid fyrir þá sem raunverulega þurfa á því að halda.

Kannski er efling löggæslunnar stærsta og mikilvægasta öryggisverkefnið sem við stöndum frammi fyrir í mínu ráðuneyti nákvæmlega núna. Ég hef lagt alla áherslu á það að fá tækifæri til þess að vinna í samræmi við stjórnsáttmálann sem lýtur að því að efla löggæsluna. Þar er algert

hyggjarstykki í þeirri vinnu mjög góð þverpólítísk vinna sem unnin var á síðasta kjörtímabili og lögd fram í mars sl. sem er fimm ára plan til að efla löggæslu í landinu og tryggja að fólk búi við meira öryggi. Á þeim grunni viljum við vinna. Ég mun halda áfram og kynna það á þingi á hausti komanda hvernig við sjáum það fyrir okkur og mun óska eftir aðkomu fulltrúa allra stjórnmalaflokka að þeirri vinnu líkt og verið hefur í þessu mikilvæga verkefni.

Síðan er það, eins og hæstv. forsætisráðherra kom inn á hér áðan, millidómstigið sem hefur þegar verið sett í farveg með stofnun nefndar til að tryggja að við getum innleitt millidómstig á þessu kjörtímabili. Það stendur til að gera það og efla þannig dómskerfið á Íslandi og tryggja að það verði sambærilegt við það sem best þekktist.

Samgöngurnar skipta auðvitað ótrúlega miklu máli fyrir okkur öll, sveitarfélögin og aðila um allt land. Þar reynum við að vinna í samræmi við samgönguáætlun en um leið erum við að skoða nýjar lausnir, nýja möguleika til fjármögnunar, aukid val hvað varðar samgöngukosti o.s.frv. Ég er ekki viss um að við verðum öll endilega sammála um það en ég vil og mun beita mér fyrir því að við skoðum nýjar leiðir til að tryggja að við getum farið í ákveðin verkefni þrátt fyrir að þau verði ekki endilega öll fjármögnuð af hálfu ríkisins.

Svo eru það stórmál sem ég hef lagt mikla áherslu á að við náum góðri sátt um og hef leitað til margra frjálsra félagasamtaka og annarra í því efni. Það eru málefni hælisleitenda sem er risastór málaflokkur sem við viljum sinna vel og tryggja að við þjónustum þá sem raunverulega þurfa á að halda. Það þýðir hins vegar að við þurfum að breyta því hvernig við vinnum í málunum. Við þurfum að stytta málsmeðferðina og gæta þess að þeir sem raunverulega þurfa á pólitísku hæli að halda fái slík svör skjótt og örugglega og aðrir fái nei-íð skjótt og örugglega. Í þessu sambandi höfum við litið sérstaklega til Noregs þar sem þetta hefur verið gert mjög vel og afgreitt mun fyrr en við gerum og betur og hefur jafnframt dregið úr kostnaði og þannig hefur fjármagnið nýst betur til þeirra sem þurfa raunverulega á því að halda.

Síðan eru verkefnin sem eru stöðugt í vaktinni. Það eru verkefni sem tengjast Landhelgisgæslunni. Það eru verkefni sem tengjast fangelsismálum sem því miður eru ekki í nægilega góðri stöðu hér á landi. Við fáum of margar áminningar frá of mörgum alþjóðlegum stofnunum um að of víða sé pottur brotinn í þessum málum á Íslandi og við viljum beita okkur fyrir því að tryggja að við náum betri árangri þar svo að staðan verði meira viðunandi.

Netöryggið hefur komið upp í umræðunni í dag og er gríðarlega brýnt mál, mál sem ég held að þingið þurfi að taka til mun alvarlegri umræðu en við höfum gert að undanförmu. Við þekkjum það flest sem fylgjumst með umræðu í erlendum stjórnmalum að fæst mál eru eins ofarlega þar og einmitt umræðan um það hvernig við getum tryggt almenningi að tækin sem við nýtum og notum á hverjum einasta degi séu örugg og menn geti treyst því að þeir njóti persónuverndar í því samhengi.

Síðan eru það málefni sem lúta að sveitarfélögunum. Ég mun flytja frumvarp í samræmi við stjórnarsáttmálann um það að lágmarksútsvar verði afnumið þannig að frelsi sveit-

arfélaganna verði aukid hvað það varðar. Þetta er verkefni sem við hyggjumst fara í fljótt og örugglega og tryggja þannig að sveitarfélögin geti ráðið ráðum sínum meira og þeim verði umbunað með einhverjum hætti fyrir þá ábyrgð sem þau hafa sýnt í fjármálum á undanförmum árum sem er eftirtektarverð og mörg sveitarfélög hafa gert það afar vel, að ríkisvaldið segi að við treystum þeim til að fara með sín mál.

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og síðast þakka fyrir umræðuna hér. Ég fullvissa þingheim og aðra um að ríkisstjórnin og þingheimur stendur sig vel miðað við aðstæður. Það er þröngt í búi eins og við þekkjum öll en menn geta treyst því að þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin var kosin til að fara í verði sannarlega sinnt.

[16:35]

### Brynhildur Pétursdóttir (Bf):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir yfirferðina. Það er greinilegt að margt er í gangi og við bíðum spennt eftir að sjá nánar hvað felst í þessum málum, hvað kemur út úr nefndum og starfshópum. Ég ef-ast ekki um að margt mun þokast í rétta átt.

Það sem mér finnst kannski vanta í umræðuna, í stefnu ríkisstjórnarinnar, er: Hver er staðan varðandi efnahagslegan stöðugleika, hver er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar? Erum við sátt við gjaldmiðilinn okkar eða er ríkisstjórnin með einhverja gjaldmiðlastefnu? Mér finnst það vera risastórt mál sem þarf að ræða.

Ég veit að hæstv. forsætisráðherra er þeirrar skoðunar að krónan hafi bjargað okkur í hruninu. Ég er þeirrar skoðunar að krónan sé hluti vandans og að hún verði það áfram. Ég hef heyrt hæstv. forsætisráðherra halda því fram að verðtryggingin sé vandamálið, að krónan verði nothæf um leið og við verðum búin að afnema verðtrygginguna. Ég er þeirrar skoðunar að verðtryggingin sé óhjákvæmileg ef við ætlum að vera áfram með krónuna, einn minnsta gjaldmiðil í heimi, gjaldmiðil sem enginn vill eiga nema hann raunverulega neyðist til þess. Ég held því miður að það sé þannig að á meðan við notum þennan gjaldmiðil sitjum við uppi með verðtrygginguna. Nú vona ég að enginn saki mig um að vera að tala krónuna niður, ég er ekki viss um að ég hafi svo mikið vægi í umræðunni. En það er kannski einmitt málið, við þurfum gjaldmiðil sem hvorki er hægt að tala upp né niður.

Hæstv. forsætisráðherra hefur boðað skuldaleiðréttingu fyrir heimilin. Fyrir kosningar var ekki annað að skilja en að sú leið væri nokkurn veginn útfærð, ég skildi það alla vegna þannig. En það er ekki svo og nú bíðum við eftir niðurstöðu starfshópanna í þessu máli. Ég ef-ast reyndar um að slík skuldaniðurfelling sé skynsamleg eða jafnvel réttlát. Ríkið á ekkert aflögu og við verðum að meta hvað við ætlum að gera við peningana sem við fáum út úr kröfuhöfum — ef við fáum einhverja peninga — hvort þeir nýtist þá best í almenna skuldaniðurfellingu eða í að greiða niður lán ríkisins.

Ég er ekki sammála ríkisstjórninni um að hætta við aðildarviðræður við Evrópusambandið. Ég vil fá að sjá samninginn. Stjórnvöld telja sig vita hvernig hann muni líta út, segja að ekki sé um neitt að semja. Ég er ósammála því. 28

Evrópuþjóðir hafa ákveðið að það þjóni hagsmunum þeirra að vera aðilar að Evrópusambandinu. Ég vil sjá svart á hvítu af hverju það þjónar ekki hagsmunum okkar. Mér fyndist það mjög ólýðræðislegt ef stjórnvöld leyfa þjóðinni ekki að hafa neitt um það mál að segja.

Ég á líka erfitt með að skilja þá kenningu stjórnvalda að skattalækkanir skili sér alltaf í auknum tekjum. Fyrsta mál sem kom hér inn á þing var ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hætta við að hækka virðisaukaskatt á gistingu og verða þannig af einum og hálfum milljarði kr. á ári. Á sama tíma höfum við áhyggjur af því hvernig við getum byggt upp innviði ferðaþjónustunnar. Ég spyr: Hvar ætlum við þá að fá peninga í það? Einhverjir þurfa að borga skatta til að hægt sé að fara í að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar. Það verður þá almennigur, geri ég ráð fyrir.

Það liggur ljóst fyrir að staða ríkissjóðs er mjög erfið. Við þurfum áfram að hagræða og forgangsraða. Það getur orðið erfitt núna vegna þess að víða er búið að skera niður að beini, eins og það er kallað, niðurskurðurinn er farinn að segja til sín. Við í Bjartri framtíð teljum að við getum notað tækifærið núna og hugsað málin alveg upp á nýtt. Við verðum að spyrja okkur: Hvaða þjónustu á ríkið að veita? Hvernig getum við bætt þjónustuna án þess að skerða gæðin? Getum við minnkað sóun? Getum við minnkað flækjustigið í kerfinu? Ef við værum að setja upp kerfi í dag, eins og landbúnaðarkerfi, menntakerfi, heilbrigðiskerfi, eftirlitakerfi, mundum við þá fara eins að?

Hæstv. forsætisráðherra talaði um framtíðarsýn og það var gott, ég var glöð að heyra það, því að við viljum gjarnan sjá meiri langtímahugsun, bæði í ríkisfjármálum en líka á öllum sviðum. Við erum öll sammála um mikilvægi þess að koma á stöðugleika en við náum aldrei stöðugleika ef við hugsum aldrei lengra en nokkra mánuði fram í tímann. Við þurfum langtímahugsun, það er gríðarlega mikilvægt.

Við í Bjartri framtíð erum tilbúin að aðstoða við öll góð mál, ekki mun standa á okkur. Ég óska ríkisstjórninni velfarnaðar og vona að við eigum eftir að eiga góðar samræður hér í þingsal.

[16:40]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég þakka á köflum ágæta umræðu og lengst af fremur hófstíllta og þakka árnaðaróskir frá síðasta ræðumanni. Það var svo sem ekki við því að búast að ný stjórnarandstaða mundi byrja á því á fyrsta degi að lofsyngja nýja ríkisstjórn og afrek hennar, við verðum að gefa því einhvern tíma enn. Það hefði þó verið ágætt ef nýja stjórnarandstaðan hefði kynnt til sögunnar eigin hugmyndir um hvað hún vildi gera. Í staðinn virtust flestar ræðurnar eða margar þeirra a.m.k. byggja á hugmyndafræðilegri umvöndun og orðræðu sem minnti helst á orðræðu Alþýðubandalagsins seint á sjöunda áratugnum. Áhugamenn um stjórnmalasögu geta haft gaman af slíku og ekkert að því ef þetta er trúin að menn geri grein fyrir henni hér, en ef okkur er alvara um að vilja vinna meira saman og leita lausna hvaðan sem þær koma þurfa menn líka að vera ófeimnir við að finna nýjar lausnir í stað þess að hengja sig í gamla pólitíska frasa.

Það sem mér þótti þó verst var sú tillheinging sem hefur aðeins gert vart við sig upp á síðkastið hjá nýju stjórnarandstöðinni að skálda upp hvað nýja ríkisstjórnin ætli að gera og hvað fulltrúar stjórnarmeirihlutans hafi sagt eða vilji gera. Því var haldið fram hér að til staði að veikja Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið. Til sögunnar hafa verið kynnt alls konar niðurskurðaráform sem stjórnarliðar kannast ekkert við. Því var meira að segja haldið fram að til staði að einkavæða heilbrigðiskerfið. Hv. þm. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs, hélt því fram að flestir hefðu átt von á að fá ávísun í pósti daginn eftir kosningar. Þetta er umræða sem við heyrðum aðeins fyrst eftir kosningarnar og ég hélt að menn væru hættrir að reyna að halda fram. Að öðru leyti var ég þó nokkuð sáttr við málflokkning hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur. Hún féll reyndar aðeins í sömu gryfju og hv. þm. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, að gera tiltölulega lítið úr gömlu undirstöðuáttvinnugreinum þjóðarinnar. Hv. formaður Samfylkingarinnar talaði um að Ísland mætti ekki verða einhvers konar verstöð sem byggði á þeim greinum.

Ég hugsa að fáir flokksformenn t.d. í Ástralíu mundu leyfa sér að tala þannig um Ástralíu að hún væri einhvers konar verstöð vegna þess að stöðir atvinnulífsins þar byggja á útflutningi hráefnis að nokkru leyti. Ég er þó sammála hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur og fleirum sem nefndu sérstaklega mikilvægi þess að atvinnulíf hér yrði fjölbreytilegra. Þar meðal annars og ekki hvað síst koma undirstöðuáttvinnugreinarinnar að gagni, því að upp úr þeim sprettur oft sú nýsköpun sem nær mestum árangri, eins og við höfum auðvitað fjölmörg dæmi um á Íslandi.

Hvað varðar almennar áhyggjur af niðurskurði er svolítið sérstakt að heyra þessar miklu áhyggjur núna eftir að síðasta ríkisstjórn hélt ár eftir ár áfram að skera niður, ekki hvað síst í heilbrigðiskerfinu. Ég er hins vegar sammála því að þegar kemur að niðurskurði verða menn að fara varlega, sérstaklega hvað varðar heilbrigðis- og velferðarkerfið. Ekki stendur til neitt annað en að passa sérstaklega upp á það.

Það viðhorf sem birtist hér til skattlagningar er hins vegar mjög sérkennilegt og útgangspunkturinn virðist vera sá að öll skattlagning sem er undir 100% sé sérstök gjöf frá ríkinu til þeirra sem borga minna en 100% skatt. (Gripið fram í.) Þetta kom berlega í ljós í umræðunni um skattlagningu á ferðaþjónustu. Nokkrir hv. þingmenn töluðu um að ný ríkisstjórn væri að gefa fólki sem starfar í ferðaþjónustu peninga með því að ráðast ekki í þær skattahækkningar sem síðasta ríkisstjórn hafði fundið upp á.

Nú síðast í morgun var verið að ræða þessi mál á gríðarstórri ráðstefnu í Hörpu þar sem kynntar voru niðurstöður Boston Consulting Group vegna rannsókna þeirra á íslenski ferðaþjónustu. Þar var sérstaklega mælt gegn því að menn réðust í slíka skattlagningu vegna þess að hún fældi frá ferðamennina. Ef þeir kæmu ekki til landsins þá í fyrsta lagi keyptu þeir enga gistingu en þeir færu ekki heldur á veitingastaði eða í skoðunarferðir eða gerðu annað sem skilar tekjum til ríkisins. Þar voru lagðar til skynsamlegri leiðir til að ná inn tekjum af ferðamönnum og standa undir nauðsynlegri uppbyggingu í ferðaþjónustu. Reyndar hafði

einn hv. fyrirverandi fjármálaráðherra gert sér grein fyrir þessu fyrir síðustu kosningar. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hafði lýst því yfir að áform um skattahækkun á gistingu væru ekki skynsamleg. En sú yfirlýsing eins og margar aðrar sem núverandi stjórnarandstaða gaf rétt fyrir kosningar virðist gleymd nú.

Hvað varðar þróun efnahagsmála almennt höfum við ástæðu til að vera, eins og nokkrir stjórnarandstæðingar bentu á, þar með talið hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, bjartsýn og bjartsýnni en margar Evrópuþjóðir aðrar. En það er háð því að við nýtum þau tækifæri sem hér eru til staðar og gefum meðal annars atvinnurekendum tækifæri til að nýta þau tækifæri. Að sjálfsögðu þarf hið opinbera að nýta þau tækifæri sem blasa við því en við þurfum líka að gefa öðrum frelsi til þess, meira en var á síðasta kjörtímabili eins og sú stöðnun sem við horfðum upp á þá sýndi því miður.

Reyndar voru nefndar nokkrar skyndilausnir eins og að taka hagnað eða tekjur ríkisins af fjármálafyrirtækjum og nota í eitt og annað. En þar gleymist eins og hefur iðulega gleymst í þessari umræðu að það fjármagn sem ríkið setti inn í bankana var tekið að láni. Gríðarlega háar upphæðir voru teknar að láni og þau lán þarf að endurgreiða með vöxtum og þess vegna þarf illu heilli að nota það fjármagn til þess.

Hv. þm. Kristján L. Möller minnti á, eins og fleiri hafa reyndar gert, mikilvægi samstarfs og samráðs. Ég get ekki annað en tekið undir margt í málflutningi hv. þingmanns. Það skýtur reyndar svolítið skökku við að svo skuli nokkrir hv. þingmenn koma hér og nánast heimta að ríkisstjórnin klári öll mál meðan þingið er í sumarleyfi. Að sjálfsögðu verður ríkisstjórnin að leita til þingsins og vinna málin með þinginu og þar vona ég að fulltrúar sem flestra flokka komi að. Það má læra margt af mistökum síðasta kjörtímabils þegar kemur að samráði, það er hárrétt hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller.

Almennt vona ég að flestir í þinginu og í samfélaginu öllu verði sem glaðastir á þessu kjörtímabili og ég mun leitast við að sú geti orðið raunin. Ef aukið samráð og samstarf má verða til þess og vonandi að við skilum hér betri vinnu mun ég ekki láta mitt eftir liggja í því.

Umræðu lokið.

[16:49]

#### Útbýting:

Veiðigjöld, 43. mál, fsp. KLM, þskj. 105.

Fundi slitið kl. 16:49.

## 26. FUNDUR

miðvikudaginn 11. september,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Almennatryggingar, frv., 35. mál, þskj. 94. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Málefni Reykjavíkurlflugvallar (sérstök umræða).
4. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 107, brtt. 108. — 2. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Ögmundur Jónasson, 8. þm. Suðvest.

[15:02]

### Útbýtt utan þingfundar 10. september:

Hagstofa Íslands, 14. mál, nál. meiri hluta allsh.- og menntmn., þskj. 107; brtt. meiri hluta allsh.- og menntmn., þskj. 108.

### Útbýtt á fundinum:

Hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orku-auðlindum, 44. mál, þáttill. OH o.fl., þskj. 106.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[15:03]

### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru fjármála- og efnahagsráðherra, heilbrigðisráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.

### Þverpólíttískt samstarf um afnám gjaldeyrishafta.

[15:03]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjármálaráðherra lét þess getið nokkrum sinnum þegar hann var í forustu fyrir stjórnarandstöðu á liðnum árum að höft yrðu ekki afnumin nema með víðtækri pólitískri samstöðu. Þar er ég honum algjörlega sammála. Við unnum í þá veru í síðustu ríkisstjórn og ég kom á fót þverpólíttískri samráðsnefnd um afnám gjaldeyrishafta haustið 2011 og í tíð hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur sem fjármálaráðherra var enn frekar unnið með þeim hætti og formenn stjórnmalaflokkanna kallaðir að borði.

Nú er það svo að frá því að hæstv. ráðherra settist í fjármálaráðuneytið höfum við ekkert heyrt af fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar frá fjármálaráðherra. Við höfum hins vegar heyrt yfirlýsingar frá forsætisráðherra um það að í bígerð sé að endurskoða áætlun um afnám gjaldeyrishafta en öfugt við þá stefnu sem við höfum markað á síðustu árum hefur stjórnarandstaðan hvergi komið þar að. Nú síðast í gær sagði hæstv. forsætisráðherra að vænta mætti nýrrar áætlunar um afnám gjaldeyrishafta á næstu mánuðum.

Alþt. 2013 (sumarþing). B. (142. lögjafarþing).

Við heyrum líka á skotspónum fréttir af einhvers konar starfshópum og svo heyrum við einhvers konar skens frá forsætisráðherra þar sem hann segir berum orðum meira að segja að stjórnarandstöðuflokkar, þá sérstaklega Samfylkingin, beri ekki hag þjóðarinnar fyrir brjósti í samskiptum við kröfuhafa eða við afnám gjaldeyrishafta.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hver er raunverulega stefna ríkisstjórnarinnar um þverpólíttískt samstarf um afnám gjaldeyrishafta? Stendur til að þjóða stjórnarandstöðunni að borðinu og fjalla um þá endurskoðun á áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem forsætisráðherra hefur boðað eða er hann að tala frítt og án þess að fjármálaráðherra hafi markað einhverja stefnu? Auðvitað er það fjármálaráðherra sem fer með stefnumörkun í þessu efni.

[15:05]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Það getum við verið sammála um, ég og hv. þingmaður, að þverpólíttíska samráðið sem efnt var til á síðasta kjörtímabili skilaði góðum árangri. Ég sé fyrir mér að það sé einn af lykilþáttum þess að áfram verði unnið í góðri sátt að afnámi haftanna. Þverpólíttíska samráðið skipti gríðarlega miklu máli á síðasta kjörtímabili, m.a. til þess að deila upplýsingum um umfang vandans, en lengi framan af stóð mikill ágreiningur í þinginu um þörfina fyrir höftin, hvers vegna tímafrestir sem menn höfðu sett sér stæðust ekki, hvers vegna verið væri að herða höftin o.s.frv. Í mínum huga stóð sá ágreiningur að verulegu leyti hér í þinginu vegna þess að menn deildu ekki sömu sýn á vandamálið og það byggdist á mjög ólíkum aðgangi að upplýsingum. Til að tryggja betri samstöðu en framan af var um þessi mál tel ég að pólitíska samráðið geti gagnast okkur mjög vel. Það getur hins vegar ekki verið nein örugg trygging fyrir því að menn séu sammála um allar leiðir sem síðan verða valdar til þess að takast á við vandann.

Eflaust er það svo og við finnum fyrir því í þjóðfélags-umræðunni að uppi eru skiptar skoðanir um það með hvaða hætti eigi að fást við þennan vanda, enda er hann margþættur. Ég vil undirstrika það að ég tel að þverpólíttískt samráð verði einn af lykilþáttum þess að við höldum áfram þessari vinnu. Ég hef skilning á því ef mönnum þykir að liðið hafi of langur tími milli funda en við vinnum það upp fljótt þegar við hefjumst handa. Ég get sagt frá því að eitt af því sem við höfum verið að gera, ég og forsætisráðherra, er að glöggva okkur á stöðunni á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja í ráðuneytinum. (Forseti hringir.) Það hefur reynt okkur mjög mikilvægt, og nauðsynlegur aðdragandi að því sem fram undan er.

[15:08]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég skil hæstv. ráðherra svo að ekki sé kominn endanlegur botn í þá endurskoðun á áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem forsætisráðherra boðaði hér í gær.

Ég treysti því þá að stjórnarandstaðan komi að borðinu áður en endurskoðuð áætlun um afnám gjaldeyrishafta lítur dagsins ljós. Annað væri í mínum huga brigð á þeim fyrir-



heitum sem gefin hafa verið um þverpólítíska samstöðu í þessu efni og algjörlega í fullkomnu ósamræmi við það sem hæstv. fjármálaráðherra sagði sjálfur ítrekað þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Þetta er mikilvægt hagsmunamál. Þjóðin er í helgreipum gjaldeyrishafta. Efnahagslífið er í miklum vanda vegna þeirrar stöðu og það skiptir máli að við róum öll í sömu átt í því efni.

[15:09]

### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Það að setja saman stefnu um afnám hafta er verkefni sem í sjálfu sér er ekkert unnið í eitt skipti fyrir öll, enda hefur afnámsáætlunin verið tekin til endurskoðunar aftur og aftur. Mér finnst mestu skipta í hinu þverpólítíska samræði að menn deili upplýsingum og geri grein fyrir fyrirætlunum. Ég hef alltaf litið á þverpólítísku nefndina sem vettvang þar sem trúnaður þyrfti að ríkja, þar sem menn gætu treyst því að það sem þar færi fram mundi ekki, þegar það ætti við, fara í opinbera umræðu. Það er ekki rétt hjá mönnum að hafa væntingar um að í þverpólítísku nefndinni verði samin ný afnámsáætlun en þar er hins vegar vettvangur til þess að bera hana upp og taka hana til umræðu og fá á hana gagnrýni eftir því sem ástæða er til. Að þessu leytnu til held ég að við munum bara halda áfram þar sem frá var horfið. Lengi framan af var fyrrverandi ríkisstjórn ekki með neitt slíkt samræð.

*Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.*

[15:10]

### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ein umdeildustu mál á síðasta kjörtímabili voru án efa breytingar á stjórn fiskveiða og heildar-endurskoðun á löggjöfnni og lög um veiðigjöld. Það fór fram mikil vinna við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og álítaefni skilgreint að undangengnu samræði við fjölda hagsmunaaðila og sérfræðinga og aðkomu fulltrúa stjórnmalaflokkanna og ýmissa ólíkra sjónarmiða sem komu inn í þá vinnu. Afurð þessa vinnuhóps var skýrsla sem liggur fyrir. Í máli hæstv. ráðherra á sumarþinginu og einnig í máli hæstv. forsætisráðherra í umræðum hér í gær um störf ríkisstjórnarinnar kom fram að hafin væri vinna við endurskoðun á lögum um veiðigjöld og nýtt fiskveiðistjórnarkerfi. Það hefur komið fram að mikill hagnaður er í sjávarútvegi sem sýnir að greinin getur með góðu móti greitt veiðigjald, en enn fremur hefur þessi mikla samþjöppun haft áhrif á margar byggðir og veikt þær sem sýnir fram á að endurskoða þurfi núverandi kerfi.

Ég vil því spyrja hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra: Hvað líður endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjöld? Hverjir koma að þeirri vinnu og hyggst hæstv. ráðherra kalla þverpólítískan hóp til starfa líkt og gert var hjá síðustu ríkisstjórn? Telur hæstv. ráðherra að greinin og byggðirnar þoli meinta óvissu um hvaða breytingar komi til með að verða í framhaldinu miðað við boðaða endurskoðun á veiðigjöldum og lögum um stjórn fiskveiða?

[15:12]

### **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að taka þessa umræðu hérna upp við hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur. Eins og kom fram í máli þingmannsins hef ég nú þegar sett af stað vinnu, og það þegar á sumarþingi, við veiðigjöldin. Lykilvinnumenn í því verki eru veiðigjaldsnefndin sjálf, auk þess sem bætt hefur verið við endurskoðanda og einnig starfsmönnum í ráðuneytinu. Síðan er skýrslan sem við töluðum um sem varð niðurstaða sáttanefndarinnar eða samráðshópsins frá haustinu 2010 sem einnig hefur komið fram í stjórnarsáttmálanum að við munum byggja framtíðarskipulagið á. Sú skýrsla liggur auðvitað fyrir og var unnin í mjög þéttu samræði og var mjög gott að ná öllum aðilunum þar saman. Það var ánægjulegt að þar náðist þó sá samhljómur sem þar varð. Ég held að það komi mörgum á óvart að slík sátt hafi náðst í þeim hópi og þess vegna er mjög áhugavert að reyna að byggja áfram á þeirri vinnu.

Við höfum verið að skoða þetta í ráðuneytinu og sett ákveðna vinnu af stað sem mun þá fara í hraðari vinnslu núna á haustdögum með það að markmiði að bæði frumvarp um veiðigjöld og frumvarp um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi liggja fyrir einhvern tímann síðla í vetur. Þá verður vonandi hægt að fjalla í þinginu málefnalega og af yfirvegun um þessa mjög mikilvægu atvinnugrein. Ég tek undir að það er mjög gott að sjávarútvegurinn standi vel. Hann er í alþjóðlegri samkeppni eins og við þekkjum, í samkeppni við mjög stór alþjóðleg matvælafyrirtæki. Það er mikilvægt að við höfum burðug fyrirtæki til að standa undir því sem og að standa undir veiðigjöldum sem skila sér til þjóðarinnar en einnig fjárfestingar í greininni. Ég hef átt talsvert af samtölum við ýmsa aðila sem tengjast sjávarútveginum og horfa til framtíðarinnar (Forseti hringir.) á bjartari hátt ef við náum þeim stöðugleika og eyðum þeirri óvissu sem verið um greinina (Forseti hringir.) undanfarin ár.

[15:15]

### **Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér fannst ekki koma skýrt fram í máli hans hvort hann hygðist kalla breiðan, þverpólítískan hóp til þeirrar vinnu sem er fram undan. Ég brýni hæstv. ráðherra til þess af því að þetta stóra mál hefur verið deilumál og verður deilumál ef mönnum tekst ekki að ljúka því í nokkurri sátt. Sáttin verður auðvitað aldrei nema fleiri sjónarmið komi að.

Sú niðurstaða sem lá fyrir í lok þingsins í vor var orðin mikil málamiðlun svo ég brýni hæstv. ráðherra til að kalla fleiri að þessari vinnu til að ná sátt. Þetta verður áfram þrætuepli hjá þjóðinni, álíka þrætuepli og innganga í Evrópusambandið, ef við vöndum okkur ekki í þessu verkefni og köllum til ólík sjónarmið og reynum að ná niðurstöðu. Niðurstaða skýrslunnar var ekki einróma. Menn voru á sömu braut en höfðu alls kyns bókanir í lokin (Forseti hringir.) um endanlega útfærslu og hæstv. ráðherra veit það.

[15:16]

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Það er rétt að samráð skiptir mjög miklu máli og það verður að segjast eins og er að á síðustu fjórum árum hafa menn gjarnan upplifað það, sérstaklega hvað varðar endurskoðun á þessum tveimur þáttum, fyrir utan samráðshópið sem ég hef oft sagt að væri sérstaklega jákvætt fyrirbæri og ánægjuleg niðurstaða, að það hafi ekki verið neitt samráð. Þess vegna hef ég lagt mig í líma á sumarmánuðum og haustdögum, þeim sem komnir eru, að heimsækja sem flest fyrirtæki, eiga samtöl við sem flesta hagsmunaaðila og tengda aðila í greininni og hyggst halda því áfram í þeim hópum sem munu vinna að endurskoðuninni sem og að upplýsa auðvitað atvinnuveganefnd, þar sem allir flokkar sitja, um vinnuna af því að það er mikilvægt að ná sem víðtækastri sátt.

Stærsta gagnrýnin sem hefur orðið á veiðigjöldin, auðlindagjaldið, er að þau renni öll til Reykjavíkur. Það er mikilvægt að horfa til þess hvernig við getum skilið hluta af því eftir, t.d. í sjávarbygðunum, og ég hef þess vegna átt fundi með þeim samtökum sjávarbyggða sem voru sett á laggirnir í fyrra. Ég vænti mjög mikils af (Forseti hringir.) samráði allra aðila um þetta til að ná víðtækri sátt um greinina og tek undir með þingmanninum í því efni. (LRM: Er það stóra ....?)

*Ástandið á lyflækningasviði LSH.*

[15:17]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess að ég hef verulegar áhyggjur af ástandi mála á lyflækningasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ég efast ekkert um að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur áhyggjur af þeirri stöðu líka. Það getur vel verið að við og margir aðrir séu orðnir ónægir fyrir fregnum af slæmu ástandi og neyðarástandi á Landspítalanum en ég held því fram að núna sé hreinlega komið að ákveðnum mörkum.

Staðan er þannig á lyflækningasviði að þar á að ráða 25 deildarlækna en einungis hefur tekist að ráða sjö. Það þýðir að gera þarf neyðaráætlun á lyflækningasviði sem felur það meðal annars og einkum í sér að sérfræðingar taka á sig auknar byrðar og aukid starf innan spítalans og eru langþreyttir fyrir. Þetta er alþjóðlegt starfsumhverfi sem birtist í því að deildarlæknarnir hafa einfaldlega ákveðið að fara annað. Ef sérfræðingarnir ákveða að fara annað út af miklu álagi þá hrynur þessi starfsemi, þessi þjónusta. Það er gríðarlega alvarlegt. Lyflækningasviðið er eins og við vitum þungamiðjan í starfsemi spítalans.

Eins og ég sagði áðan hlýtur hæstv. heilbrigðisráðherra að hafa af þessu gríðarlega miklar áhyggjur og ég vil fyrir enga muni ræða þetta mál á þeim nótum að fara í einhverjar fingrabendingar hér eða saka einhvern um að vera orsakavaldur að þessu. Hér þurfum við að ræða saman í lausnum, við þurfum að viðurkenna þennan vanda. Læknar hafa bent á lausnir sem ég ætla að fara yfir í síðari hluta andsvarsins en mér þætti vænt um að heyra hvaða augum hæstv. heilbrigðisráðherra lítur þessa stöðu.

[15:20]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina og einnig fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli. Ég deili vissulega áhyggjum hv. þingmanns af þeirri stöðu sem hefur skapast á Landspítalanum, sérstaklega á lyflækningasviðinu. Ég legg áherslu á að þeir stjórnendur Landspítalans sem ég hef rætt við, starfsfólk, stjórnvöld og ráðuneyti hafa líka verulegar áhyggjur af þessari stöðu.

Við erum að leita lausna og þiggjum allar góðar ábendingar þar að lútandi. Ég hef vissulega fengið ábendingar frá læknum og stjórnendum í þá veru. Við erum að vinna að ákveðinni tillögugerð í þeim efnum þessa dagana. Ég ætlast til þess að stjórnendur Landspítalans greini skilmerkilega frá því sem þar er efst á baugi.

Í mínum huga eru ýmsar leiðir til. Þetta ástand stafar af ýmsum ástæðum, m.a. gríðarlegu álagi á deildina sem staðið hefur yfir nú í fjögur, fimm ár. Það eru leiðir til þess að mæta því og þær kalla á fjármuni sem við erum að leita leiða til að sækja. Það er ekki í digra sjóði að sækja. Ég hef kappkostað að rækja mitt starf á grunni þeirra heimilda í lögum sem Alþingi veitir í fjárlögum þannig að ef við eigum að bregðast við með fjárútlátum þarf til þess aukafjárveitingu. Sömmuleiðis eru þarna atriði sem starfsfólk lyflækningasviðsins hefur bent á og kalla á breytt samskipti stjórnenda og starfsfólks, skipulagsbreytingar og tiltölulega einfaldar en líka flóknar leiðir til þess að bæta starfsaðstöðu og starfsskipulag þess fólks sem á Landspítalanum vinnur. Það er því allt undir í þeim efnum. Allar góðar ábendingar eru vel þegnar og ég heiti á þingið allt að styðja okkur við það verkefni að standa vörð um þetta flaggskip íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

[15:22]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Virðulegur forseti. Ég fagna því að verið sé að vinna að tillögum til að taka á þessu vandamáli á Landspítalanum. Ég hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til að vinna hratt í þeim efnum. Ég held að það sé spurning um vikur, jafnvel daga áður en eitthvað mjög alvarlegt gerist á Landspítalanum, sérstaklega á lyflækningasviði.

Ég hef verið að kynna mér þessi mál og hvað menn telja sigurstranglegar lausnir á því. Það er náttúrulega augljóst að hér er um langvarandi vanda að ræða vegna langvarandi niðurskurðar. Það er stjórnunarvandi þarna, einhver mannaútsjórnunarvandi í raun og veru, samskiptavandi sem þarf að fara í og reyna að leysa. Það þarf auðvitað líka einhvers konar þjóðarsátt um mikilvægi Landspítalans, einfaldlega til að fólk um allt land átti sig á því hversu mikilvæg þessi stofnun er. Það þarf að tala skýrt í húsnæðismálum og hafa eitthvert plan í þeim efnum. Það eru ákveðnar stjórnskipulagsbreytingar sem þarf að gera eins og hæstv. heilbrigðisráðherra nefndi, (Forseti hringir.) t.d. vantar faglega yfirstjórn á lyflækningasviði. (Forseti hringir.) Það er eitt og annað. Þetta er marghliða vandi og ég fagna því að það sé verið tala (Forseti hringir.) á honum.

[15:23]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Hv. þingmaður nefnir mörg af þeim álítaefnum sem uppi eru varðandi starfsemi Landspítalans. Ég vil engu að síður leggja mikla áherslu á það sem hv. þingmaður sagði hér í fyrri andsvari sínu, að hann væri farinn að óttast að margir væru orðnir ónæmir fyrir erfiðum fréttum af starfsemi Landspítalans. Þá legg ég áherslu á það að Landspítalinn er að vinna gríðarlega gott verk og fyrir utan lyf-lækningsviðið eru hundruð lækna og sérhæfðs starfsfólks í heilbrigðisþjónustu sem vinna mikla og góða vinnu. Ég fullyrði að heilbrigðisþjónusta á Íslandi stendur mjög fram- arlega í dag. Við viljum hins vegar og eigum að geta gert betur.

Ég fagna þeim áhuga sem hv. þingmaður sýnir í þessum efnunum og treysti á liðsinni hans við það að ná fram bótum á því ástandi sem þarna er við að glíma og allir vilja koma út úr heiminum.

*Aukið skatteftirlit.*

[15:25]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Það hefur verið nokkur umræða í vikuinni um eftirlitsiðnað og kostnað við hann. Hv. þm. Framsóknarflokksins, Karl Garðarsson, hefur meðal annars rætt efnið á samfélagsmiðli og vakið athygli á því að sumar eftirlitsstofnanir hafa vissulega í för með sér kostnað en eru til þess að tryggja ríkissjóði tekjur. Hann vekur athygli á því að hann hafi tekið skatteftirlit upp hér á sumarþinginu og lagt áherslu á það við fjármálaráðherra að verulega auknu fjármagni yrði varið til skatteftirlits. Hann virtist ekki vera þeirrar skoðunar, segir hv. þingmaður síðan og á þá væntanlega við hæstv. fjármálaráðherra. Ég vildi af því tilefni inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvort það geti verið rétt að fjármálaráðherra telji það ekki vera mikilvægt forgangsverkefni að verja auknu fé í bæt skatteftirlit eins og við höfum verið að gera á undanförunum árum. Og hvort við megum ekki eiga von á því á komandi vetri að skatteftirlitið verði eftir því að ég held að víðtæk samstaða sé um það í samfélaginu að það sé sannarlega mikilvægt verkefni og sannarlega borgi það sig fyrir ríkissjóð vegna þess að margsinis hefur verið sýnt fram á að hver króna sem varið er í skatteftirlit skilar sér margfalt í auknum skatttekjum í ríkissjóð. En auðvitað líka í sanngjarnara samfélagi og eðlilegri samkeppnisáðstæðum fyrir venjuleg fyrirtæki og fólki í landinu.

Mér hefur þótt það til fyrirmyndar hvornig hv. þm. Karl Garðarsson hefur tekið þessi mál upp hér á fyrstu dögum þings á nýju kjörtímabili og vona svo sannarlega að ekki sé ágreiningur á milli stjórnflokkanna um það hvort efla eigi skatteftirlit. Það getur varla verið svo að það séu þingmenn Framsóknarflokksins einir sem hafi áhuga á því að efla skatteftirlit og hæstv. fjármálaráðherra sé á móti því að efla skatteftirlitið í landinu. Eða hvað, hæstv. fjármálaráðherra?

[15:27]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Á þinginu í sumar tók ég fram að í fjármálaráðuneytinu yrði ekki gerð sama hagræðingarkrafa gagnvart eftirlitsaðilum líkt og skatteftirlitinu eins og víða væri annars staðar í stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Með því er ég fyrir mitt leyti meðal annars að taka undir mikilvægi þess að skatteftirlit í landinu sé skilvirkt.

Ég get hins vegar ekki tekið undir þau orð hv. þingmanns að hver króna sem við verjum til viðbótar í skatteftirlit muni alltaf skila sér, ef ég skildi hann rétt, margfalt til baka. Einhvern tíma hljótum við að vera komin á ytri mörkin í þeim efnunum. Ég held líka að við eigum að nálgast þessa umræðu kannski ekki út frá því hvort við eigum endalaust að auka við skatteftirlit heldur að horfa á þetta aðeins í breiðara samhengi og spyrja okkur hvornig við getum tryggt skilvirka skattframkvæmd, hvornig við getum hagað skattareglum þannig að það lágmarki líkurnar á undanskotum. Við erum síðan öll sammála um að huga þarf að samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í landinu og einstaklinga reyndar líka, tryggja það þannig að í framkvæmd komist menn ekki auðveldlega með að skjóta sér undan skattskyldum. Ég vil segja fyrir mitt leyti að það sem ég hef séð til skatteftirlits í landinu undanfarin ár virðist hafa verið að skila góðum árangri eins og hv. þingmaður kom inn á. Það þýðir hins vegar ekki að við eigum alltaf að halda endalaust áfram í að bæta fjármunum þangað.

Við eigum einnig að horfa til fleiri kerfisbreytinga sem við getum gripið til. Skatteftirlit birtist ekki bara í því sem gerist hjá ríkisskattstjóra, það birtist líka víða annars staðar; í því hvornig við förum með rannsókn mála, hversu langan tíma slík mál taka, hversu skýr eru fordæmin sem fyrir liggja í dómskerfinu, hversu fljótt er svarað beiðnum (Forseti hringir.) um bindandi álit o.s.frv. (Forseti hringir.) Skattkerfið í heild sinni verður að svara slíkum spurningum.

[15:29]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Svör hæstv. fjármálaráðherra valda mér nokkrum vonbrigðum, ég átti ekki von á því að fjármálaráðherra staðfesti það héðan úr ræðustól að hann teldi ekki að það ætti að auka og efla skatteftirlit frá því sem nú er og að hæstv. ráðherrann tali um það að menn geti þar verið komnir að ytri mörkum. Er það rétt skilið að hæstv. fjármálaráðherra telji að við séum komin að ytri mörkum í skatteftirliti?

Er það ekki hafið yfir allan vafa að skattundanskot eru veruleg og að aukið eftirlit mun klárlega skila auknum skatttekjum í ríkissjóð í miklu meiri mæli en kostað er til? Hefur hæstv. fjármálaráðherra kannski hugsað sér að draga úr skatteftirliti frá því sem nú er? Telur hann að við séum komin of langt í því efni eða hvornig á að skilja hæstv. fjármálaráðherra í þessum efnunum?

[15:30]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég hélt að það væri ekki hægt að snúa út úr þeim orðum sem ég hafði hér áðan að ég gerði ekki sömu hagræðingarkröfu á ríkisskattstjóra, sem fer með skatteftirlit, eins og aðrar stofnanir. Í því felst ákveðin stefnumörkun og með því er tekið undir það að skatteftirlit í landinu skipti verulega miklu máli.

Ég trúi því hins vegar ekki að fyrir hverja krónu sem við mundum í framtíðinni bæta í skatteftirlit fengjum við ávallt margfalt fleiri krónur til baka. Einhvers staðar hljóta ytri mörkin að vera. Eða hvers vegna eigum við þá ekki bara endalaust að auka við skatteftirlit í landinu til að stórgræða á því þegar upp er staðið? Hvers vegna ekki að setja 10 milljarða til að græða 100? Slík röksemdafærsla gengur ekki upp.

Það eru engin áform uppi um að draga úr skatteftirliti. Ég hef hins vegar áhuga á því að skoða þessi mál í breiðara samhengi og skoða hvað við getum gert í skattframkvæmdinni, þar með talið í lagasetningunni, til þess að lágmarka undanskot, tryggja betra jafnræði (Forseti hringir.) og hámarka tekjur ríkisins.

*Hjúkrunarrými á Suðurnesjum.*

[15:31]

**Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Verulega hallar á Suðurnesin þegar fjöldi hjúkrunarrýma og framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru borin saman við aðra landshluta. Á tímabilinu 2000–2010 voru úthlutanir úr framkvæmdasjóðnum til Suðurnesja aðeins 1,5% af heildinni en 5% aldraðra búa á Suðurnesjum. Úthlutanir til svæðisins nema því aðeins 30,4% af því sem fjöldi aldraðra gefur tilefni til.

Fæst hjúkrunarrými eru á Suðurnesjum á landinu á hverja þúsund íbúa, 5,4, en landsmeðaltalið er 7,4.

Með tilkomu nýs 60 rýma hjúkrunarheimilis á Nesvöllum í Reykjanesbæ er áætlað að hjúkrunarrýmum á Suðurnesjum fjölgi um sjö og verður þar með heimild fyrir 121 hjúkrunarrými á öllum Suðurnesjum. Umræðan hefur snúist um hvort loka eigi Garðvangi í Garði þegar rýmin á Nesvöllum hafa verið tekin í notkun. Samkvæmt skýrslu frá Haraldi L. Haraldssyni hagfræðingi sem kynnt hefur verið fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra verður áfram skortur á rýmum á Suðurnesjum þrátt fyrir tilkomu hjúkrunarheimilis á Nesvöllum.

Samkvæmt samþykkt svæðisskipulags Suðurnesja sem öll sveitarfélög á Suðurnesjum luku við að staðfesta í desember 2012 er stefnan meðal annars sú að fjölga hjúkrunarrýmum til samræmis við aðra landshluta og byggja upp öldrunarþjónustu á hverjum stað fyrir sig.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja á við alvarlegan rekstrarvanda að etja. Hingað til hefur stofnunin fengið greitt fyrir hjúkrunarrými sem ekki hafa öll verið nýtt. Þegar þetta fjármagn flyst frá HSS til reksturs hjúkrunarheimilisins á Nesvöllum eykst rekstrarvandi stofnunarinnar hættulega mikið.

Því spyr ég ráðherra: Ætlar hann að beita sér fyrir því að fjölga hjúkrunarrýmum á Suðurnesjum svo að þau nái að

minnsta kosti meðaltali á landsvísu? Væri ekki rétt að setja reglur um úthlutun hjúkrunarrýma og fjárheimilda til uppbyggingar hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða til landshluta þannig að hún sé sanngjarnari og jafnari? Hvernig ætlar ráðherra að beita sér í málefnum HSS? Hver er hans sýn á heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum? Mun hann beita sér fyrir því að tryggja (Forseti hringir.) rekstur þeirrar stofnunar til framtíðar?

[15:34]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Fyrst varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra; þar sem rætt er um að úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra hafi á síðustu árum verið mjög lágar á Suðurnesin er því til að svara að fyrst er að sækja um framlög úr framkvæmdasjóðnum áður en menn fara að ræða það að úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra hafi verið lágar inn á svæðið. Sum árin koma engar umsóknir í Framkvæmdasjóð aldraðra frá Suðurnesjunum og ég fullyrði að þeir sem eru í forsvari fyrir þann málaflokk hefðu mátt standa sig betur í því að sækja í sjóðinn.

Varðandi biðlistana eftir hjúkrunarrýmum á Suðurnesjum vill svo til að Suðurnesin eru tiltölulega vel úr garði gerð varðandi aldurssamsetningu. Þetta er tiltölulega ungar landshluti. Þegar maður horfir á landið allt í heild sinni og skoðar þá aldursflokka, 80 ára og eldri, sem eru í mestri þörf fyrir hjúkrunarrýmin kemur í ljós að biðlistarnir á Suðurnesjum eru umtalsvert hærri en annars staðar á landinu. Til dæmis má nefna að árið 2012 voru 5,5% af 80 ára einstaklingum og eldri á Suðurnesjum á biðlista eftir hjúkrunarrými en landsmeðaltalið var 1,9%. Þarna eru einhverjir þættir sem þarf að skoða. Það breyttist örlítið núna á árinu 2013 en hins vegar er alveg ljóst að eftirsurnin eftir hjúkrunarrýmum er mikil víðs vegar um land.

Ég fullyrði að brýnasta þörfin liggur núna á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega vegna samþættingar starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss og öldrunarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Það er í mínum huga forgangsmál þar inni en með því er ég ekki að segja að við eigum ekki að horfa til annarra svæða landsins líka þar sem þörfin er brýn.

Ég fæ tækifæri til að svara fyrir málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í síðara andsvari.

[15:36]

**Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra mjög skýr og greinargóð svör og ítreka bara hér með þá spurningu mína sem hann ætlar að svara næst, þ.e. um stefnu hans í málefnum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem á við hættulega mikinn rekstrarvanda að glíma og hvort hann ætli að beita sér fyrir því að tryggja reksturinn til framtíðar.

[15:37]

**Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Forseti. Varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er því til að svara að hún hefur, rétt eins og hv. þingmaður nefnir réttilega, átt við töluverðan rekstrarhalla að stríða. Þannig háttar til að til Suðurnesja er úthlutað sennilega 18–25 rým-

um — ég man ekki töluna nákvæmlega, 18 væntanlega — fleiri í hjúkrun en rými eru til að sinna. Þetta stafar af því að hluti hjúkrunarrýma hefur verið nýttur til að aðstoða stofnunina við að greiða niður hallareksturinn og er í mínum huga þess eðlis að það beri að aflétta því ástandi.

Ég bind vonir við það að heilbrigðisstofnunin sé á réttu róli núna í því erfiða verkefni að eiga við og ná tökum á þessum hallarekstri. Í það minnsta benda mínar upplýsingar til þess. Ég hef fullan hug á því að beita mér fyrir því að heilbrigðisþjónusta og heilsugæsla á öllum svæðum landsins verði sem best, ekkert síður á Suðurnesjum en annars staðar. Að því (Forseti hringir.) ber okkur öllum að vinna.

[15:38]

**Útbýting:**

Hagstofa Íslands, 14. mál, nál. minni hluta allsh.- og menntm., þskj. 109.

**Afbrigði um dagskrármál.**

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

**Almannatryggingar, 1. umr.**

Frv. velfn., 35. mál (breytt orðalag ákvæðis til bráða- birgða). — Þskj. 94.

[15:41]

**Frsm. velfn. (Þórunn Egilsdóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem velferðarnefnd í heild sinni flytur. Þegar afgreitt var á sumarþingi frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingu á lögum um almannatryggingar var samþykkt breytingartil-laga mín og annarra þingmanna velferðarnefndar þess efnis að núgildandi frítekjumark atvinnutekna örorkulífeyrisþega yrði framlengt til loka árs 2014. Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var tekið tillit til breytingartil-lögunni sem lagt er til að verði nú lagaður með því að ártal-inu 2013 verði skeytt inn í 14. tölulið ákvæðis til bráða- birgða í lögnum þannig að frítekjumarkið haldist það sama út þetta ár og fram yfir það næsta.

Þar sem nefndin stendur öll að frumvarpinu, þingflokks- formenn hafa fundað um málið og það er eingöngu tækni- legs eðlis, til lagfæringar á mistökum sem gerð voru fyrr í sumar, legg ég til að málinu verði vísað beint til 2. umr.

[15:42]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Hér er verið að bæta inn í samþykkt frá því í sumar einu ártali, 2013, til þess að ljóst sé um hvað lögin eigi að fjalla og ekki verði ágreiningur um það og ég mun að sjálfsögðu styðja þá breytingu. En það er tilefni til að vekja athygli á því að með þessu er enn og aftur verið að undirstrika að öryrkjar búa við það að árlega er verið að framlengja ákvæði sem varða frítekjumörk og tekjutenging- ar.

Ný ríkisstjórn tók þá ákvörðun, og ég fagna henni, að taka aftur upp frítekjumörk varðandi launatekjur og aðrar tekjur hjá ellilífeyrisþegum. Á þeim tíma þegar það var samþykkt var flutt tillaga um að því yrði breytt líka — og það er ótímabundið — hjá öryrkjum. Ég harma það að menn skuli ekki hafa stigið skrefið til fulls og tekið þetta inn varanlega hjá öryrkjum. Ef þessi lög falla úr gildi falla menn niður í 29 þús. kr., það sem þeir mega hafa í frítekjur, en eru í þessum breytingum 110 þús. kr. Nú er það komið hjá ellilífeyrisþegum og það er ótímasett. Það hefði verið eðlilegast að stíga skrefið til fulls og breyta því hjá öryrkj- um. Um það náðist ekki samkomulag síðast en ég vildi vekja athygli á því að það er óviðunandi með öllu ef þessu verður ekki breytt líka í náninni framtíð samhliða leiðrétting- um á kjörum þessara hópa.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu.

[Fundarhlé. — 15:44]

**Sérstök umræða.**

Málefni Reykjavíkurlflugvallar.

[16:01]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Málefni Reykjavíkurlflugvallar eru í brennidepli eins og svo oft áður og kannski enn meira nú en oft áður. Ég held að málefni Reykjavíkurlflugvallar hafi ver- ið á borði síðustu fimm samgönguráðherra að minnsta kosti, þeirra Steingrims J. Sigfússonar, Halldórs Blöndals, Sturlu Böðvarssonar, þess sem hér stendur, Ögmundar Jón- assonar og svo núverandi hæstv. innanríkisráðherra.

Það má segja að Reykjavíkurborg og borgaryfirvöld hafi dregið lappirnar og tafið málin leynt og ljóst og svikið ým- iss konar samkomulag sem gert hefur verið. Nægir þar að nefna sem dæmi samkomulag samgönguráðherra og borg- aryfirvalda um byggingu samgöngumiðstöðvar eða flug- stöðvar. Við lesum um það nú í fréttum að það hefur tekið mjög langan tíma að veita Isavia heimild til að stækka hús- næði sitt sem það notar undir hina miklu alþjóðlegu flug- stjórnarmiðstöð.

Sem betur fer, og það ber að þakka fyrir, hafa nokkrir framtakssamir menn hafið undirskriftasöfnun sem ber heit- ið *Hjartað slær í Vatnsmýri*. Á nokkrum dögum eða tveim- ur vikum hafa rúmlega 66 þús. manns skrifað sig á þennan lista, meiri hluti af höfuðborgarsvæðinu. Nokkrar skoðana- kannanir hafa verið gerðar sem sýna að 85% landsmanna vilja völlinn áfram í Vatnsmýrinni og 82% borgarbúa vilja völlinn áfram í Vatnsmýri og þar af leiðandi eru aðeins 18% andvíg því.

Til upprifjunar er tímasetningin 2016, þegar loka á tveimur flugbrautum, og 2024, þegar allt á að vera farið. Því má segja, virðulegi forseti, að lokaorrustan um Reykja- víkurlflugvöll sé hafin og hún mun standa yfir næstu mán- uði og næstu árin ef með þarf og ef til vill ná hámarki í næstu borgarstjórnarkosningum. Að mínu mati og fjöl- margra annarra er þetta ekki einkamál borgarstjórnar Reykjavíkur. Hér er um almannahagsmuni að ræða sem

snúa að öllum landsmönnum. Þar ber að taka inn í myndina alla hagsmuni en ekki bara takmarkaða hagsmuni Reykjavíkurborgar eða nokkurra borgarfulltrúa.

Þetta er sem betur fer ekki flokkspólitískt mál. Það eru skiptar skoðanir og andstæð sjónarmið í öllum flokkum. Aðrir hagsmunir koma þarna inn í eins og almennt farþegaflug, sjúkraflug — það má nefna að næstum því tvö sjúkraflug eru á Reykjavíkflugvöll á degi hverjum allt árið um kring, hátíðisdagar meðtaldir. 50% af þeim eru bráðatilvik og oft og tíðum eru skilin milli lífs og dauða, að mati lækna sem ákveða sjúkraflug, þarna. Ef sjúkraflug færast til Keflavíkur skulum við hafa í huga að flutnings tími lengist um allt að 60 mínútur, að minnsta kosti. Ég minni líka á þyrluflug með slasaða sem skiptir sköpum í öryggi þeirra. Þess vegna segi ég að ef borgaryfirvöld ætla að halda uppi þeim einstrengingshætti að Reykjavíkflugvöllur fari tel ég að bygging Landspítalans eigi ekki að vera við Hringbraut heldur eigi að færa þá byggingu á Vífilstaði.

Vatnsmýrin er mikilvæg og flugið er mikilvægt í atvinnulegu tilliti. Þegar um 1.000 störf, sem tengjast fluginu í Vatnsmýri, og 5.000 störf á Landspítalanum eru tekin með í reikninginn er það einstakt í sögunni ef ein sveitarstjórn ætlar að beita sér fyrir því að allt að 6.000 störf fari burt úr þeim bæ. Að mínu mati eru bara tveir kostir í stöðunni, núverandi staða þar sem völlum er í eitthvað breyttu formi eða Keflavíkflugvöllur. Flugvöllur á Hólmsheiði verður aldrei gerður.

Þá kem ég að samkomulagi ríkis og borgar frá í vor, sem var óheiliskref að mínu mati. Það var leynd og pukur sem enginn vissi af, það sem gert var, en sem betur fer var það háð samþykki innanríkisráðherra. Fyrirvari fyrirverandi innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, er alveg skýr. Þar var sett fram að ef ekki næst lausn hvað varðar framtíð Reykjavíkflugvallar og byggingu flugstöðvar og aðra þá þætti til langs tíma sem þar eru nefndir er það samkomulag ekki í gildi. Þetta er mikilvægt. Þarna var hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem þáverandi innanríkisráðherra, í raun og veru að framfylgja stefnu sem margir undanfarnir samgönguráðherrar hafa sett fram, sá sem hér stendur úr Samfylkingu, aðrir úr Sjálfstæðisflokki, úr Vinstri grænum og úr Framsóknarflokki. Þarna var hann að setja það fram.

Það er því meðal annars spurning mín til hæstv. innanríkisráðherra hvort þeir fyrirvarar í samkomulaginu sem hann undirritaði séu ekki alveg skýrir og hvort núverandi hæstv. innanríkisráðherra muni ekki halda það í heiðri.

Ég spyr hæstv. innanríkisráðherra líka út í það sem við heyrum í fréttum um viðræður hæstv. innanríkisráðherra við Reykjavíkurborg um framtíð (Forseti hringir.) Reykjavíkflugvallar. Hvernig ganga þær viðræður? Hver er staðan?

Og ég spyr hæstv. innanríkisráðherra (Forseti hringir.) út í viðbrögð hennar við þeirri miklu undirskriftasöfnun sem þegar liggur fyrir en ég veit að á þeim lista á nöfnum eftir að fjölga.

[16:07]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristján

L. Möller fyrir að taka upp umræðu um þetta mál hér á Alþingi. Það er mikilvægt að hafa í huga það sem hv. þingmaður nefndi að þetta er mál sem snertir alla þjóðina með einhverjum hætti enda um að ræða eina stærstu samgöngumiðstöð landsins. Það sem skiptir hins vegar mestu í mínum huga hvað varðar þetta mál, og er lykilhlutverk mitt sem samgönguráðherra, er að reyna að ná sátt um framtíðarskipulag innanlandsflugvallar í Reykjavík. Það kemur skýrt fram í stefnuýrfrýsingu ríkisstjórnarinnar, og ég hef sjálf ítrekað sagt það sem mína skoðun, að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera í Reykjavík. Það hvort flugvöllurinn verður um alla framtíð í Vatnsmýrinni eða annars staðar í höfuðborginni eða á höfuðborgarsvæðinu er mál sem við verðum að leysa í góðri sátt við ríkið, Reykjavíkurborg og ekki síður við landsbyggðina.

Þess vegna tek ég nú ekki alveg undir það sem nefnt var hér af hv. þingmanni um alla erfiðleikana sem Reykjavíkurborg hefur skapað í málinu. Ég hef verið hinum megin líka og tel að tveir hafi verið að tala saman um þetta og get ekki alveg tekið undir að Reykjavíkurborg hafi alla tíð og alltaf hagað sér með óábyrgum hætti í þessu máli. Ég ítreka þá skoðun mína, líka sem ráðherra sveitarstjórna, að skipulagsvaldið er hjá Reykjavíkurborg í þessu máli. Skipulagsvaldið er heilagt vald sveitarfélaganna og við verðum sem ríkisvald að virða það þrátt fyrir að við séum ekki endilega sammála áherslum Reykjavíkurborgar í þessu máli.

Það hefur hins vegar ekki farið fram hjá neinum, eins og nefnt var, að nú stendur yfir undirskriftasöfnun þar sem skorað er á stjórnvöld að tryggja að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni í óbreyttri mynd. Ég fagna því sérstaklega að almenningur láti til sín taka með þessum hætti og finnst jákvætt að almenningur láti í sér heyrna þegar um er að ræða mál sem varða hag allra landsmanna. Ég get líka, líkt og spurt var um hér af hv. þingmanni, upplýst þingheim um það, og þar með svarað spurningunni, að allt frá því að aðalskipulag Reykjavíkur var auglýst í byrjun sumars hef ég átt í viðræðum við forsvarsmenn borgarinnar, aðallega formann borgarráðs, um mikilvægi þess að völluminn fái að starfa með fleiri en einni braut lengur en gert er ráð fyrir í auglýstu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar sem er til ársins 2016.

Eins og við þekkjum í þessari aðalskipulagstillögu sem Reykjavíkurborg hefur auglýst stendur til að taka norður/suðurbrautina af árið 2016. Það má öllum vera ljóst að flugvöllurinn verður þannig illa notaður og því hef ég verið, og mun áfram beita mér fyrir því sem samgönguráðherra, að ræða við Reykjavíkurborg, og við höfum átt mjög góðar viðræður um að vinna að því að við getum tryggt það að leysa þessa stöðu.

Ég get að öðru leyti ekki upplýst nákvæmlega um þær viðræður. Miðað hefur verið við að þær standi þar til að fresti til að skila inn athugasemdum lýkur, sem er 20. september. Viðræðurnar ganga vel og markmið ríkisvaldsins í þeim er alveg skýrt. Það er að tryggja að völluminn fái að vera fullvirkur í lengri tíma en nú er gert ráð fyrir, þ.e. að tvær brautir verði opnar lengur en til ársins 2016. Mér hefur þótt Reykjavíkurborg sýna ríkisvaldinu skilning í þessum viðræðum og talandi um auglýsingar er varða til dæmis uppbygginguna í kringum Isavia þá hefur það þegar verið

auglýst — var auglýst í júní — þannig að Reykjavíkurborg hefur líka verið að koma til móts við ríkið í því. Ég get fullvissað hv. þingmann og þingheim um að ég mun gæta almannahagsmuna í því og þeim skyldum sem ég ber sem samgönguráðherra, sem er að tryggja að völlumurinn geti virkað. Vísað var til samkomulagsins sem undirritað var síðasta vor. Fyrirvararnir sem þar eru standa og það er einmitt ein af undirstöðum þess að við séum að ræða málið, þ.e. að til þess að það samkomulag geti að fullu tekið gildi þurfum við að ná samkomulagi um þessa hluti líka.

Ég þekki mjög vel þær aðvaranir sem hafa verið í gangi og varða öryggissjónarmið og lúta að sjúkraflugi og öðru sem tengist flugvellinum, sem er mjög mikilvægt. Þær atugasemdir sem koma fram til dæmis í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru til sérstakrar skoðunar í innanríkisráðuneytinu. En við verðum líka, finnst mér, í þessari umræðu — og ég sakna þess stundum sem fyrrverandi borgarfulltrúi í Reykjavík að menn ræði ekki líka öryggisþáttinn er lýtur að staðsetningu vallarins í miðborg Reykjavíkur. Það er líka öryggissjónarmið sem lýtur að því hvar völlumurinn er staðsettur í Reykjavík og það lýtur að öryggissjónarmiðum er varða þá sem búa í borginni. Að þeim öryggisþáttum þarf líka að huga. Með því er ég ekki að gera lítið úr hinum öryggisþáttunum en finnst mikilvægt að við tökum þetta allt til skoðunar.

Ég ítreka að viðræðurnar við Reykjavíkurborg hafa staðið í þennan tíma, í allt sumar. Þær ganga vel og markmið ríkisvaldsins eru alveg skýr þar og eru í takt við það sem áður hefur verið sagt. En skipulagsvaldið er hjá Reykjavíkurborg og með þeim viljum við þess vegna vinna í málinu. Ég er sannfærð um að hægt er að ná sátt, að hægt er að ná góðri niðurstöðu og tryggja að völlumurinn gegni því hlutverki sem hann gegnir í dag. Það verðum við að gera í sem bestri sátt við Reykjavík og það er markmiðið.

[16:12]

### Arni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Reykjavíkurlflugvöllur er nú til umfjöllunar í tengslum við tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur að nýju aðalskipulagi. Um málið eru að vonum afar skiptar skoðanir vítt og breitt um land. Því miður hefur umræða um málið þó einkennst af gagnkvæmum upphrópunum skoðanaandstæðinga allt of lengi. Nú heyrast jafnvel lagt til að borgarstjórn verði rænd forræði skipulagsmála flugvallarsvæðisins og það flutt til Alþingis. Ég er í hópi þeirra sem telja að flugvallarsvæði í sjálfri miðborginni sé tímasekkja en vil um leið undirstrika mikilvægi allra samgangna til höfuðborgarsvæðisins. Það eru hins vegar margar hliðar á málinu sem allar eiga rétt á að vera teknar alvarlega í umræðunni eins og hæstv. innanríkisráðherra rakti.

Ég nefni öryggismálin í kringum flug og þá hættu sem fíuðum höfuðborgarsvæðisins kann að stafa af flugrekstrinum. Það eru skipulagshagsmunir borgarinnar, einkum sá mikli samfélagslegi kostnaður í formi vannýtttra innviða og umhverfis- og slysakostnaður sem er fylgifyiskur dreifðar byggðar. En það eru líka sjónarmið um greiðan aðgang landsmanna að höfuðborginni, hagsmuni sjúkraflugs og fleira mætti uglaust tína til.

Í mínum huga er sérstaklega brýnt að tryggja hagsmuni

sjúkraflugsins. En þarf sjúkraflugið á að halda fullkomnum þriggja flugbrauta innanlandsflugvelli? Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að sjúkrafluginu sé tryggð góð flugbraut í Vatnsmýrinni þó að dregið sé úr umfangi flugvallarins að öðru leyti og þannig komið til móts við sjónarmið borgarinnar um uppbyggingu á svæðinu. Um það á að geta tekist sátt.

Það er því mín tillaga, sem ég hef áður talað fyrir hér í þingsal, að hafin verði vinna við að skipuleggja flugvallarsvæðið þannig að sem best sé komið til móts við ólík sjónarmið. Að þeirri vinnu komi borgaryfirvöld, samgönguyfirvöld, Samtök sveitarfélaga og ýmsir hagsmunaaðilar sem láta sig málið varða, bæði af höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Markmiðið á að vera að ná sátt. Hún gæti falist í því að áfram verði flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri, flugbrautum verði fækkað og þeim hnikað til og byggðin verði þétt. Fyrsta skrefið í þá átt væri að fresta ákvörðun um skipulag flugvallarsvæðisins um nokkur ár enda verði sá tími nýttur til að finna viðvarandi lausn til frambúðar að teknu tilliti til hinna ólíku hagsmuna. Ég vona að borgaryfirvöld og samgönguyfirvöld taki vel í sáttahugmyndir í þessa veru (Forseti hringir.) því að það er okkur öllum mikilvægt að nálgast þetta viðfangsefni með opnum og lausnamiðuðum huga í stað þess að rífa hvert annað á hol í heiftuðugum deilum.

[16:14]

### Óttarr Proppé (Bf):

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur er sérstakur áhugamaður um flugvelli og sérstakur áhugamaður um borgir. Ef það er eitthvað sem ég hef lært þá er það að þessi tvö fyrirbæri eru með því flóknasta í mannheimi og mörg sjónarmið sem þarf að skoða þegar maður hugsar um borgir og flugvelli. Þess vegna finnst mér leiðinlegt að umræðan um Reykjavíkurlflugvöll hefur tilhneigingu til að snúast um hina einu sönnu lausn. Það er gjarnan talað um að finna þurfi sátt en allir virðast sammála um að sú sátt geti bara falist í því að allir sættist á þeirra eigin tillögu. Mín reynsla er að samtal sem fjallar bara um það sem mér finnst er ekki alvörusamtal og ekki líkur á að það leiði til sáttar þó svo að það geti leitt til lausnar.

Reykjavíkurborg hefur skipulagsvaldið eins og hæstv. innanríkisráðherra benti á í góðri ræðu sinni. Það er ekki bara réttur borgarinnar heldur skylda að setja fram aðalskipulag þar sem eru framtíðarlausnir, framtíðarhugsun í skipulagi borgarsvæðisins. Við höfum margoft heyrt það í umræðunni að staðsetning Reykjavíkurlflugvallar hafi ýtt á dreifða byggð sem hefur margt neikvætt í för með sér fyrir borgina. Við skulum ekki gleyma því að það búa 20 þús. manns fyrir vestan flugvöllinn og það eru líka Íslendingar. Það er ekki fólk af annarri tegund en fólk sem býr úti á landi. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál Reykvíkinga og þeirra sem búa úti á landi, hvort sem þeir eru að fljúga burt eða til borgarinnar.

Ég vildi bara þakka innanríkisráðherra kærlega fyrir góða ræðu og þær góðu fregnir sem hún bar okkur um uppbyggilegt samtal (Gripið fram í.) við borgina og ég vænti góðs af því.

[16:17]

**Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að taka þessa brýna mál upp hér á Alþingi. Spurningin er þessi: Er flugvöllurinn í Vatnsmýrinni einkamál Reykvíkinga og borgarfulltrúa þeirra? Nei er svarið og mér heyrir að þeir sem talað hafa í þessari umræðu séu sammála um það. Þetta snýr að almannahagsmunum, þetta snýr að öllum landsmönnum.

Í raun er um að ræða eitt stærsta hagsmunamál hinna dreifðu byggða á landinu. Hvernig sem fer, ef einhverjar flugbrautir verða teknar í burtu, mun það rýra lífsgæði stórs hluta landsmanna. Í raun eigum við ekki að vera að ræða þetta mál hér á Alþingi ef þetta er einkamál Reykvíkinga. En okkur kemur þetta við og þess vegna erum við að ræða þetta og þess vegna tel ég eðlilegast að skipulagsvaldið sé hjá kjörnum fulltrúum allrar þjóðarinnar en ekki kjörnum fulltrúum borgarinnar. Ég held að það sé eðlilegt.

Ég held að flestir séu sammála um að það sé eðlilegast að skipulagsvaldið sé hjá Alþingi hvað snertir Keflavíkurlflugvöll, þ.e. að einstakir fulltrúar Reykjanesbæjar geti ekki hlutast til um framtíð landsins sem hann hvílir á. Ég held líka að flestir séu sammála um að þau sveitarfélög sem ná inn fyrir mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum hafi ekki ein eitt-hvað um það að segja hvernig hlutast verði til um málefni þjóðgarðsins. Til þess höfum við Þingvallanefnd, ekki satt?

Ég mun leggja fram frumvarp þar sem ég legg til að þetta skipulagsvald verði fært til fulltrúa Alþingis. Ég tel eðlilegt að við ræðum það hér í rölegheitum hvar best sé að skipulagsvaldið sé. Ég er sannfærður, (Forseti hringir.) eftir að hafa kynnt mér þetta mál, um að best sé að það sé í höndum kjörinna fulltrúa allra landsmanna. En ég vil taka það fram (Forseti hringir.) að Framsóknarflokkurinn er einarður (Forseti hringir.) í þeirri afstöðu að flugvöllurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni og fyrir því liggja samþykktir flokksins.

[16:19]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að taka það saman að allir þingmenn og ráðherrar sem ræða málið í þingsalnum í dag virðast vera sammála, það varðar almannahagsmuni. Herra Kristján L. Möller, þm. Samfylkingarinnar, bendir réttilega á að það eru tvö sjúkraflug sem lenda á Reykjavíkurlflugvelli á hverjum degi. Frú Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra, segir í ræðu sinni að hún fagni, að málið varði hag allra landsmanna og ég fagna því að hún fagni. Hún segir að almenningur hafi látið til sín taka með undirskriftasöfnun.

Herra Árni Þór Sigurðsson, þm. VG, talar líka um sjúkraflug en hann talar einnig um hættuna hvað varðar borgarbúa. Herra Óttarr Proppé, þm. Bjartrar framtíðar, bendir á að þetta sé sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna og herra Höskuldur Þórhallsson, þm. Framsóknar, segir það snúast um almannahag. Við virðumst því öll vera sammála um að málið varði almannahag. Stefna Pírata er mjög skýr varðandi ákvarðanir almennings, að allir eigi að hafa rétt á að koma að ákvörðunum sem varða þá og þetta mál varðar almannahag. Ég fagna líka frumvarpi herra

Höskuldur Þórhallssonar um að færa skipulagsvaldið til að skera úr um málið til Alþingis, það varðar almannahag. Það þarf vandaða og upplýsta umræðu um málið.

Við þekkjum tvar leiðir til þess að fá þjóðina til að koma að slíkri umræðu. Það er annars vegar þjóðfundur, sem hefur reynst mjög vel á síðustu árum, að fá alla þjóðina að málinu sama hvernig hún skiptist eftir efnahag og aldri o.s.frv. Svo er önnur leið og það eru þjóðaratkvæðagreiðslur. Við vitum að í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslna á sér stað mjög vönduð umræða. Við þekkjum að í upphafi getur orðið ákveðið skítkast, (Forseti hringir.) en við þekkjum einnig að umræðan hefur þróast í að verða vönduð, djúp, yfirgripsmikil og þegar það hefur verið kosið næst þjóðarsátt.

[16:21]

**Forseti (Silja Dögg Gunnarsdóttir):**

Forseti minnir þingmenn á að ávarpa aðra þingmenn sem háttvirtur og ráðherra sem hæstvirtur. (Gripnið fram í.)

[16:22]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Við upphaf og lok vinnudags er umferðarteppa á stoðbrautunum frá nágrannasveitarfélögum og úthverfum Reykjavíkur frá austri til vesturs vegna þess að stórir vinnustaðir eru vestar í borginni en íbúabyggðin meiri í austurhlutanum og nágrannasveitarfélögunum. Fram til ársins 2030 er áætlað að íbúum höfuðstaðarins fjölgi um 25 þús. manns og það þurfi 14.500 íbúðir til að hýsa þetta fólk. Það kostar bæði peninga og tíma að ferðast langt í vinnu. Það þarf að þetta byggðina, það er beinlínis kjaraatriði fyrir fólknið hér í kring.

Á kjörbyggingslandi höfuðborgarinnar er flugvöllur sem með vissu árabili verður uppspretta heiftúðlegra deilna sem reynt er að snúa upp í deilur á milli landsbyggðar og höfuðborgar, jafnvel svo að taka eigi skipulagsvaldið af Reykjavíkurborg. Það er ekki hættulaust að hafa flugvöll í miðri borg og óhjákvæmilega takmarkar staðsetningin vaxtarmöguleika starfseminnar. Ef umferð um flugvöllinn eykst mun slyshættan aukast og ég furða mig á því að sá þáttur skuli ekki vera meiri í umræðunni. Hægt er að hafa jákvæð áhrif á dreifingu ferðamanna um landið með því að gera þeim kleift að skipta um vél á alþjóðaflugvöllum í Keflavík og ég trúi því að margir íbúar landsbyggðarinnar mundu fagna því að þurfa ekki að hafa viðkomu í höfuðborginni á leið til útlanda.

Hér hefur ýmislegt verið sagt og ég tek sérstaklega undir það sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson sagði, að hér er hægt að ná sátt. Hvað varðar öryggi sjúklinga hef ég meiri áhyggjur af því rannsóknarleysi (Forseti hringir.) sem er á hugsanlegum læknamistökum (Forseti hringir.) á spítalanum en á staðsetningu flugvallarins og tel að hægt sé að ná sátt (Forseti hringir.) eða viðunandi niðurstöðu um staðsetningu sjúkraflugs (Forseti hringir.) í nágrenni Reykjavíkur.

[16:25]

**Jón Gunnarsson (S):**

Virðulegi forseti. Þessi ágreiningur um staðsetningu



miðstöðvar innanlandsflugs á landinu hefur verið allt of lengi. Það er löngu tímabært að höggvið verði á þann hnút og reyndar alveg nauðsynlegt allra hluta vegna, ekki síst auðvitað vegna flugstarfsemi en ekki síður vegna þeirra hagsmuna sem Reykjavíkurborg hefur af því hvernig hún skipuleggur framtíð sína varðandi byggingarland.

Það er gott að horfa bara á staðreyndir máls og gera sér grein fyrir því að við erum ekki að fara að byggja nýjan flugvöll á næstu árum eða áratugum. Til þess höfum við ekkert svigrúm. Við erum ekki að fara að flytja innanlandsflugid til Keflavíkur á næstu árum eða áratugum. Það er ósköp einfalt. Ef við flytjum flugið til Keflavíkur erum við að skerða þjónustuna, um það getur aldrei orðið sátt. Út frá þeim staðreyndum verðum við að vinna, virðulegi forseti. Við verðum að einfalda þetta fyrir okkur og vinna út frá þessu. Borgarfulltrúar jafnt og aðrir verða bara að vinna út frá þeim staðreyndum. Þá leiðir það okkur að því að við þurfum að ná einhverju samkomulagi um að flugvöllurinn verði á næstu árum eða áratugum í Reykjavík og í Vatnsmýrinni. Hann verður ekki annars staðar. Það verður að reyna að laga byggðina að því. Það er mikilvægt að gera í skipulagsmálum innan núverandi svæðis frá Reykjavíkurlflugvelli og Reykjavíkurborg hefur vissulega mörg önnur tækifæri til að þetta byggð. Þetta verða menn bara að fara að sætta sig við og horfa á.

Það leysir ekki stöðuna að framlengja þetta um örfá ár. Það leysir ekki stöðuna að fara örfá ár fram í tímann vegna þess að það verður að hefja þá uppbyggingu sem nauðsynleg er á Reykjavíkurlflugvelli til að miðstöðin standi undir því að vera miðstöð innanlandsflugs, geti þjónað farþegum og starfsfólki (Forseti hringir.) sómasamlega. Það er góð reynsla margra annarra þjóða af því að hafa flugvöll í borgum. Við getum nefnt Stokkhólm (Forseti hringir.) þar sem teknar voru ákvarðanir um að framlengja leyfi fyrir flugvöllinum um 30 ár. Það eru slíkar leiðir sem við þurfum að horfa til, virðulegi forseti.

[16:27]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það er í senn mikilvægt og merkilegt hlutverk sveitarfélags að vera höfuðborg. Því fylgja mikil forréttindi og fátt er eins mikil lyftistöng mannlífs og þróunar og að hafa slíkt hlutverk með höndum. Í höfuðborginni okkar er stærsti hluti opinberrar stjórnsýslu, mennta- og menningarstofnanir, þjóðarspítalinn sem og margvísleg önnur sérhæfð þjónusta sem landsmenn þurfa á að halda og vilja sækja.

Umræða og átök um Reykjavíkurlflugvöll undanfarna áratugi hafa sýnt að nauðsynlegt er að treysta undirstöður Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands. Til að höfuðborg standi undir nafni þarf hún að axla þá ábyrgð sem því fylgir. Höfuðborg þarf að vera síkvik og lifandi, íbúar hennar og þeir sem kosnir hafa verið til ábyrgðarverka verða í starfsháttum og skipulagi að taka tillit til þjónustuhlutverks borgarinnar fyrir alla landsmenn. Að sjálfsögðu á höfuðborgin sín réttindi, þar á meðal þau að samráð sé haft við stjórnendur hennar um þær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar og þings sem snerta mikilvæga hagsmuni borgarbúa, svo sem atvinnutækifæri, skipulag og yfirbragð.

Afar mikilvægt er að höfuðborg sé í nánum tengslum við alla staði landsins og þangað verða allir íbúar að eiga góðan og greiðan aðgang. Þess vegna geta ráðamenn höfuðborgar ekki tekið einhliða og þröngt ígrundaðar ákvarðanir. Af þessu leiðir að vegasamgöngur, flugsamgöngur og samgöngur á sjó þurfa að vera góðar. Fyrir landsbyggðar-fólk snýst flugvallarmálið ekki um það hvort það taki jafn langan tíma að komast úr Vesturbænum í Reykjavík á Kjalarnesið eða að aka úr Grafarholtinu til að komast í innanlandsflug eða umferðaröngþveitið í Reykjavík eða þörfina fyrir nýrri miðborg. Bygðir á Vestfjörðum, Norðurlandi og annars staðar verða áfram og um ókomna tíð verulega háðar góðum og öruggum flugsamgöngum til og frá höfuðborginni. Flugvöllur í Vatnsmýrinni í Reykjavík er spurning um það hvort fólk á landsbyggðinni eigi áfram kost á að njóta þeirrar þjónustu sem það kemst ekki hjá að sækja til höfuðborgarinnar með skjóttum og öruggum hætti að því marki sem flugið býður upp á. Höfuðborg getur ekki vísað á dyr þessum skyldum sínum, höfuðborg án vega, flugvallar eða (Forseti hringir.) hafnar rís ekki undir nafni. Ég treysti því að Alþingi og borgarstjórn sjái til þess að við öll, íbúar þessa lands, getum áfram verið stolt af höfuðborginni okkar sem axlar vonandi alla þessa miklu ábyrgð með þarfar allra landsmanna að leiðarljósi.

[16:30]

### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjání Möller fyrir að hefja þessa umræðu. Við sem búum úti á landi og notum flugvöllinn höfum auðvitað sterkar skoðanir á þessu máli og þekkjum af eigin raun hversu mikilvægt það er að hafa gott aðgengi að höfuðborginni. En ég hef líka fullan skilning á því að Reykjavíkurborg vilji nýta þetta landsvæði í Vatnsmýrinni undir byggð. Að sama skapi vænti ég þess að höfuðborgarþúari geri sér grein fyrir mikilvægi flugvallarins fyrir okkur sem sækjum þjónustu hingað suður, hvaða nafni sem hún kann að nefnast, og jafnvel vinnu.

Ég held að það sé til mikils að finna lausn sem allir geta sætt sig við. Sú leið er ekki að flytja innanlandsflugid til Keflavíkur eða langt út úr borginni. Ótal lausnir hafa verið nefndar. Sumar miða að því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni í einhverri mynd, t.d. með lengingu austur/vesturbrautar út í sjó en að sama skapi styttingu norður/suðurbrautar. Ef við horfum til framtíðar hefur verið talað um að byggja upp flugvöll á Lönguskerjum, jafnvel á Álftanesi. Ég horfi gjarnan á Álftanesið þegar ég flýg heim. Þar finnst mér vera stórt og mikið svæði ónýtt og svo mætti bara vera brú beint yfir.

Ég tel mikilvægt að við skoðum allar lausnir með opnum huga og setjum plan til langs tíma. Mér finnst ekki ásættanlegt fyrir okkur sem treystum á þessa samgönguleið að fá ítrekað fréttir af því að flugvöllurinn sé að fara án þess að nokkur geti svarað því hvert fönni sé heitið.

Ég vona að við finnum lausn sem allir geta sætt sig við. Ég fagna þeim sáttatön sem ég heyrir hjá hæstv. innanríkisráðherra.

[16:31]

**Sigrún Magnúsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég tilheyr þeim stóra hópi Reykvíkinga sem vilja að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Flugvöllurinn styrkir óneitanlega stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar landsins, ekki síst vegna mikilvægis þess að samgöngur séu sem greiðastar við stjórnsýslustofnanir landsins. Þá eru Reykvíkingar svo lánsamir að hafa Landspítala – háskólasjúkrahús í borginni. Viljum við ekki veita öllum Íslendingum sem bestan aðgang að því öryggi sem er að komast á sem stytum tíma á spítala ef neyð knýr dyra?

Flugvöllurinn er í mínum huga líka nauðsynlegur með tilliti til þess að við viljum efla atvinnustarfsemi um land allt, eins og til dæmis ferðaþjónustuna.

Þó að ekki verði byggt í Vatnsmýrinni í fyirsjáanlegri framtíð verður Vatnsmýrin áfram á sínum stað. Erfitt er að spá hvort þar verður flugvöllur, byggð eða votlendi, ef við viljum endurheimta votlendið, um alla framtíð. En út frá öryggissjónarmiðum sem og stöðu ríkissjóðs er það fráleit hugmynd að ætla að flytja flugvöllinn í Reykjavík í bráð. Ég tel því meiri hluta borgarstjórnar á villigötum í þessu máli.

[16:33]

**Kristján L. Möller (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka bæði hæstv. innanríkisráðherra og þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu fyrir hana. Hér hefur auðvitað endurspeglast það sem ég hef áður sagt, skoðanaágreiningur milli manna og innan flokka. Svo er og það er allt í lagi með það.

Ég fagna því sem hæstv. innanríkisráðherra sagði hér um undirskriftasöfnunina, að almenningur hefði sitt að segja. 66 þúsund manns hafa þegar skrifað undir og ég hygg að þeim eigi eftir að fjölga töluvert þegar allt verður komið fyrir 20. september.

Ég vil taka upp hér það sem nokkrir hafa rætt um hvað varðar almannahagsmuni og vitna þar í grein sem hv. þm. Brynjar Níelsson skrifaði nýlega á Facebook-síðuna sína, sem er um skipulagsvald. Þar talar lögmenntaður maður. Ég get tekið dæmi: Eigum við að setta okkur við það að ef sveitarfélagið sem hefur til dæmis Búrfellsvirkjun mundi taka þá ákvörðun að breyta skipulagi sínu og segja að Búrfellsvirkjun ætti að fara eftir þrjú ár, eða tvö og hálf ár? Nei, það er ekki hægt. Þá þarf einhver annar að grípa inn í og þá er það æðsta lýðræðisstofnun landsins, Alþingi. Ef Mosfellsbær mundi allt í einu segja: Þjóðvegurinn til Reykjavíkur á ekki lengur að liggja í gegnum sveitarfélag okkar, hann verður að fara í burtu eftir tvö ár. Nei, það gengur ekki. (Gripið fram í.)

Um stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar langar mig að spyrra hæstv. ráðherra, vegna þess að hún talar um að miðstöðin eigi að vera áfram í Reykjavík: Er það ekki alveg skýrt, virðulegi forseti, að þá erum við að tala um völlinn í Vatnsmýri? Að mínu mati er það svo. Eða er verið með einhverjar hártoganir hér? Er Hólmshéið í Reykjavík? Að mínu mati er hún það ekki.

Hér hefur verið talað um deilu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Það er rétt, það er svoleiðis, en fyrst og fremst sýnist mér þetta vera deila 82% höfuðborgarbuá

gagnvart 15 borgarfulltrúum sem sitja í borgarstjórn í dag. Það eru þeir sem hlusta ekki á (Forseti hringir.) hvað meiri hluti Reykvíkinga vill. Mörg okkar á landsbyggðinni sem höfum þá skoðun að völluminn eigi að vera áfram (Forseti hringir.) í Vatnsmýri erum sammála þessum 82%.

[16:36]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég vil líkt og aðrir þingmenn þakka fyrir þessa ágætu umræðu og ítreka það sem ég hef sagt um málið í umræðunni í dag, að ég tel að hægt sé að ná sátt um það.

Verkefnið er skýrt, það er að reyna að tryggja það, alla vega yfir stóran hluta af þeim tíma sem þetta aðalskipulag nær, að völluminn verði virkur og hægt sé að nýta hann til fulls. Það er verkefnið og það er mín vegferð og von að það takist í góðri sátt við Reykjavíkurborg. (Gripið fram í.) Það er verkefnið sem við stöndum frammi fyrir og ég vona og mun auðvitað upplýsa þingheim um það hvenær niðurstaða liggur fyrir í því og að það takist í sem bestri sátt við borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég minni hins vegar aðeins á það, af því að aftur slær hjartað eilítið í borgarfulltrúanum fyrrverandi, að borgarstjórn Reykjavíkur er líkt og Alþingi Íslendinga lýðræðislega kjörin af fólkinu í Reykjavík sem ég held að hafi alveg vitað hvað var verið að kjósa og hverja var verið að kjósa. Það fólk fer með hið lýðræðislega umboð. Ég hef heldur aldrei heyrt borgarfulltrúana í Reykjavík tala þannig, en hér tala menn dálítið eins og borgarfulltrúar vilji völlinn endilega út úr Reykjavík. Það hefur ekkert verið afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur heldur hefur það verið afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur að ekki sé óeðlilegt að sveitarfélagið sé reiðubúið að skoða aðra staðsetningu í Reykjavík en bara þessa einu. Reykjavíkurborg hefur aldrei talað hátt og skýrt fyrir því að innanlandsflugvöllur skuli vera annars staðar. Reykjavíkurborg hefur alveg verið reiðubúin að axla sitt höfuðborgarhlutverk en hefur óskað eftir því að fá að skoða aðrar staðsetningar. Ég kannast ekki við þá umræðu í borgarstjórn Reykjavíkur að það sé vilji fyrir því að innanlandsvöllurinn fari úr Reykjavík heldur að möguleiki sé á að hann verði annars staðar.

Ég ítreka það sem ég hef oft sagt í þessu máli: Ég er mjög sáttfús í því. Ég held að það sé hægt að ná góðri sátt við borgarstjórn Reykjavíkur, alveg sama hvort það er núna eða eftir næstu kosningar. Ég held að borgarstjórn Reykjavíkur sé hópur af skynsömu fólki eins og hér er líka þannig að ég treysti því og vona að við náum sameiginlegri niðurstöðu sem tekur auðvitað mið af því sem menn hafa nefnt hér, hagsmunum allra landsmanna.

**Um fundarstjórn.**

Ávarpsorð í þingsal.

[16:38]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Frú forseti. Ég stíg í pontu til þess að lesa aðeins upp úr bókinni *Háttvirtur þingmaður* þar sem segir um ávarpsorð og upplestur, með leyfi forseta:

„Það er föst þingvenja að alþingismenn eru ávarpaðir á þingfundum „háttvirtur þingmaður“ ... og hafa forsetar jafnan gert athugasemdir ef út af er brugðið“ eins og athugasemdin sem var gerð við mig rétt áðan.

Við þetta vil ég gera athugasemd. Ég vil að við sýnum hvert öðru virðingu sem þingmenn og ráðherra og ég mun ávarpa alla þingmenn eins og ég ávarpa forseta Alþingis sem er herra, frú eða jafnvel fröken. Tökum okkur ekki sjálfkrafa virðingartil sem þjóðinni finnst ekki að við eigum skilið.

[16:39]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Virðulegur forseti. Ég er sammála hv. þingmanni sem talaði um að við yrðum að vinna okkur inn virðingu. Þegar hins vegar á samkundu eins og þessari hafa viðgengist í áratuganna rás ákveðnar hefðir og venjur er líka spurning hvort eigi að breyta þeim af einstökum þingmönnum eða hvort þingmenn eigi að vera sammála um að hefðum og venjum verði breytt.

[16:40]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Frú forseti. Já, grunngildin eru góð. Þau eru þau að tryggja að við séum kurteis við hvert annað, að við þar af leiðandi notum ávarpið herra eða frú eða fröken. Háttvirtur, hæstvirtur — við höfum ekki unnið fyrir því. Þjóðin segir að við höfum ekki unnið fyrir því. Við ættum því kannski að taka þetta upp eins og frú Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir. (**Gripið fram í:** Er hún frú?) Það er góð spurning. Er hún frú? spyr hún. Ég þarf að tékka á þessu. En þetta er gott, við þurfum að taka þetta upp.

[16:40]

#### **Forseti (Silja Dögg Gunnarsdóttir):**

Forseti bendir á að það er föst þingvenja með stöð í 66. gr. þingskapa að þingmenn ávarpi hver annan sem háttvirta og ráðherra sem hæstvirta. Beinir forseti þeim orðum til allra þingmanna að virða þá venju og hafa hana í heiðri.

#### **Hagstofa Íslands, 2. umr.**

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). — Þskj. 14, nál. 107 og 109, brtt. 108.

[16:42]

#### **Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndarálit meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, með síðari breytingum (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja).

Nefndin hefur rætt frumvarpið á allmörgum fundum, fengið til sín yfir 30 gesti og fyrir liggja umsagnir frá 18 aðilum.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um þær breytingar sem

frumvarpið felur í sér og varða heimildir Hagstofu til að safna saman upplýsingum um einstaklinga og lögaðila. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um fjölmörg álitafni sem frumvarpið felur í sér, m.a. varðandi stjórnarskrárvanir réttindi um fríðhelgi einkalífs, hversu víðfeðma söfnun persónuupplýsinga það felur í sér, hverju hafi verið ætlað að ná fram með því og hvers vegna og hvort meðalhöfs sé gætt við útfærsluna, þ.e. hvort unnt hefði verið að fara einfaldari og viðurhlutaminni leið til að ná fram því markmiði sem að er stefnt. Þá var einnig rætt hvort upplýsingarnar mundu í reynd nýtast stjórnvöldum til stefnumótunar um viðbrögð við skuldavanda heimilanna og við mat á árangri þeirra úrlausna. Einnig fjallaði nefndin sérstaklega um þá almannahagsmuni sem í húfi eru svo að vel takist til við framkvæmdina auk öryggisþáttarins sem tengist meðferð gagnanna.

Þegar nefndin hafði farið yfir öll álitafni málsins var niðurstaða meiri hluta að leggja fram breytingartillögu við frumvarpið þar sem komið er til móts við þau álitafni sem fram komu, og fyrir liggur ítarlegt nefndarálit meiri hlutans þar sem gerð er grein fyrir því hvernig einstökum athugasemdum er mætt. Nefndarálitid er kaflaskipt og þar er fjallað um söfnun persónuupplýsinga, fríðhelgi einkalífs, almannahagsmuni, tengsl við vinnu sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna, tímanlegar upplýsingar, meðalhöf, alþjóðavettvang, vinnslu persónuupplýsinga, öryggi gagna, varðveislu og flutning gagna, eyðingu gagna og eftirlit við úrvinnslu, þagnarskyldu og tímaramma.

Meiri hluti nefndarinnar taldi mikilvægt að afmarka markmið betur og er það gert í breytingartillögunni. Efnahagsmál, ríkisfjármál og fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja geta talist til málefna þar sem mikilvægir almannahagsmunir eru í húfi. Íslensk heimili eru meðal þeirra skuldsettustu í heiminum og því er ljóst að knýjandi þörf er fyrir gagnasöfnun af þessu tagi.

Bent hefur verið á að mikið af þeim gögnum sem hér er ætlunin að afla séu tiltæk á Hagstofunni en í þau gögn vantar m.a. upplýsingar um grunnforsendur lána og greiðslubyrði auk þess sem þau eru ekki tiltæk fyrr en eftir álagningu skatta næsta ár á eftir. Telur meiri hluti nefndarinnar ljóst að markmið frumvarpsins næðust ekki með viðaminni upplýsingasöfnun svo sem úrtaki eða vali um þátttöku. Hins vegar er mikilvægt að afmarka hvaðan upplýsinga er aflað og hvaða upplýsinga er aflað. Upplýsingavinnsla af þessu tagi er víða framkvæmd í löndunum í kringum okkur þó að breytilegt sé hver fari með þá vinnslu.

Þá er meiri hluti nefndarinnar sammála því að mikilvægt sé að tryggja örugga söfnun, flutning og varðveislu gagna og að gögnum verði eytt að vinnslu lokinni.

Þá ætla ég að fara yfir breytingartillögunna. Upphaflega frumvarpið er í sex greinum. Með breytingartillögunni er lagt til að 1.–4. gr. og 6. gr. falli brott, en þess í stað verði meginefni þeirra greina sett fram í bráðabirgðaákvæði.

Hins vegar stendur 5. gr. óbreytt en hún hljóðar svo:

„Á eftir 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Óheimilt er að afhenda þær öðrum stjórnvöldum, ákvæði annarra laga um aðgang stjórnvalda að gögnum víkja fyrir þessu ákvæði og þær lúta ekki aðgangi samkvæmt upplýsingalögum.“

Með þessari viðbót við eldri lög um Hagstofu Íslands er

tekinn af allur vafi um að Hagstofunni er aldrei heimilt að afhenda öðrum gögn sem snerta tilgreinda einstaklinga eða lögaðila.

Þá er í breytingartillögum lagt til að á eftir 11. gr. laganna um Hagstofu Íslands komi ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi:

„Brjótí starfsmenn Hagstofu Íslands gegn þagnarskyldu-ákvæðum 10. og 11. gr. fer um refsíðabyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Þegar um er að ræða upplýsingar sem falla undir 58. gr. laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, varðar brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggja við broti samkvæmt sérlögum eða öðrum lögum.“

Með þessari grein er tryggt að sömu reglur gilda um þagnarskyldu varðandi trúnaðargögn hjá Hagstofunni og hjá fjármálastofnunum og öðrum er sýsla með slík gögn.

Loks er í breytingartillögum lagt til að við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem meginefni frumvarpsins er sett fram. Það hljóðar svo:

„Stjórnvöldum er heimilt að greina skulda-, greiðslu- og eiginfjárstöðu heimila og lögaðila með það að markmiði að stuðla að því að ákvarðanir um úrræði í þágu skuldugra heimila og lögaðila byggist á traustum grunni. Í því skyni er Hagstofu Íslands veitt heimild til að afla upplýsinga og vinna úr þeim samkvæmt ákvæði þessu í þeim tilgangi að vinna tölfraeðiskýrslur sem nýtast til að fylgjast með framgangi og meta áhrif aðgerða stjórnvalda og annarra á hag heimila og lögaðila. Tölfraeðiskýrslurnar skulu byggjast á gagnasöfnun sem tekur til lána sem eru útistandandi frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2017. Þó er einnig heimilt að afla upplýsinga um lán sem hafa verið greidd upp eða hefur verið breytt vegna úrræða í þágu skuldara allt frá 31. desember 2006.“

Hagstofu Íslands er heimilt að kalla eftir upplýsingum frá Íbúðalánasjóði, fjármálfyrirtækjum, þ.m.t. þeim sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, lífeyrisjóðum, Lánasjóði íslenskra námsmanna og öðrum fyrirtækjum og opinberum aðilum, sem stunda lánastarfsemi í atvinnuskyni eða samkvæmt lögum, um lánveitingar þeirra til einstaklinga og lögaðila. Undir slíka upplýsingagjöf falla einvörðungu upplýsingar um grunnforsendur láns, þ.e. hver sé lántaki, stöðu láns, skilmála, upphafs- og lokagjalddaga, fjölda afborgana, vaxtakjör, tegund lántöku, afborganir og innaborganir, verðbætur og áfallna vexti, greiðslueiginleika, veð og tryggingar að því er varðar lán til húsnæðis-kaupa, vanskil og úrræði í þágu skuldara sem tengjast láni, auk upplýsinga um uppgreiðslu. Hagstofu Íslands er heimilt að tengja upplýsingar sem fengnar eru á grundvelli þessarar málsgreinar við upplýsingar sem hún hefur aflað frá öðrum opinberum aðilum, sbr. 9. gr. Á grundvelli upplýsinga samkvæmt þessari málsgrein er Hagstofu Íslands heimilt að gefa með reglulegu millibili út tölfraeðiskýrslur um fjárhag heimila og lögaðila. Hagstofa Íslands skal tryggja að upplýsingaöflun, samtenging og úrvinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur til að þjóna markmiðum skv. 1. mgr. og tryggja að ekki verði unnt að rekja upplýsingar í birtum skýrslum eða rannsóknum til einstaklinga, heimila eða lögaðila.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, og önnur lagaákvæði um þagnarskyldu er lögaðilum skv. 2. mgr. skylt að afhenda Hagstofu Íslands umbeðnar upplýsingar. Afhending upplýsinga skal vera án endurgjalds.

Tryggja skal að fyllsta öryggis sé gætt við sendingu og meðferð upplýsinga sem Hagstofa Íslands aflar á grundvelli 2. mgr. Setja skal öryggisstefnu, framkvæma áhættumat og gera aðrar öryggisráðstafanir til samræmis við 11.–13. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglur sem settar hafa verið á þeim grundvelli.

Hagstofa Íslands skal eyða gögnum sem hægt er að rekja til einstaklinga, heimila eða lögaðila einu og hálfu ári eftir fyrstu útgáfu á niðurstöðum hvers tímabils og eigi síðar en í árslok 2018. Persónuvernd skal hafa eftirlit með eyðingu gagnanna.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2018.“

Í bráðabirgðaákvæðinu er markmið frumvarpsins sett skýrt fram, verkefnið afmarkað í tíma, skilgreint hvaðan upplýsinga er aflað og hvaða upplýsinga er aflað og að upplýsingarnar verði nýttar til að gefa út tölfraeðiskýrslur. Þá er mælt fyrir um öryggi við meðferð ganga, m.a. með vísan í lög og reglur um persónuvernd og Persónuvernd falið eftirlit með eyðingu gagnanna.

Með því að setja meginefni frumvarpsins fram í bráðabirgðaákvæði þar sem verkefnið er betur afmarkað er tekinn af allur vafi um að hér sé um tímabundna heimild að ræða sem nær yfir afmarkað verkefni sem mun ljúka með eyðingu allra persónulegra upplýsinga sem safnað er vegna rannsóknarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar bendir á að það eru brýnir hagsmunir almennings að tölfraeðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja liggja fyrir þegar verið er að ráðstafa almannafé til þess að mæta skulda- eða greiðsluvanda einstakra hópa. Vinnan sem frumvarpið mælir fyrir um er brýn fyrir heimilinn í landinu. Með frumvarpinu er Hagstofu Íslands, sem nýtur trausts við tölfraeðilega úrvinnslu gagna, falið verkefnið og skýrt er kveðið á um öryggi við meðferð gagna og að gögnum sé eytt að vinnslu lokinni.

Ég vil þakka nefndinni fyrir góða vinnu í þessu máli þar sem allir lögðust á eitt við að skýra álitaefnin. Að öllu framansögðu virtu leggur meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gert hefur verið grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit skrifar sú sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna María Sigmundsdóttir, hv. þm. Vilhjálmur Árnason, hv. þm. Elsa Lára Arnardóttir og hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir.

[16:53]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ítarlega yfirferð á nefndaráli í þessu máli. Míg langar að inna hv. þingmann eftir því er varðar umsögn Persónuverndar um þetta mál. Í umsögn Persónuverndar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu. Persónuvernd hefur efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafn víðtækum persónuupplýsingum og hér um ræðir til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga.“

Það sem sagt liggur fyrir í umsögninni að Persónuvernd telur að sú útfærsla sem valin er í þessu frumvarpi fari í bága við bæði stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Það má skilja á ræðu hv. þingmanns og nefndaráliti meiri hlutans að komið sé til móts við þessi sjónarmið og þessa gagnrýni með því að takmarka gildistímamann við fjögur ár. Þá hljóta menn að velta upp einni spurningu og ég vil inna hv. þingmann eftir skoðun hans á því: Er sem sagt í lagi að fara í bága við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu ef það er bara til tiltekins tíma, í þessu tilfelli fjögurra ára? Er það sem sagt í lagi? Var verið að koma til móts við upphaflega annmarka á frumvarpinu sem átti að gilda um alla eilífið með því að takmarka tímamann sem á að fara í bága við stjórnarskrána og mannréttindasáttmála Evrópu við fjögur ár? Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort það sé viðhorf meiri hlutans sem skrifar undir þetta nefndarálit að það sé í lagi þegar um takmarkaðan tíma er að ræða.

[16:55]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Spurt er hvernig komið sé til móts við sjónarmið Persónuverndar. Í nefndaráliti meiri hluta segir:

„Meiri hlutinn leitaði álits Persónuverndar á þeim breytingum sem hann leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Í umsögn Persónuverndar segir: „Í umræddri tillögu að breytingu á frumvarpinu er nánar fjallað um hvernig öryggis verði gætt við vinnslu umræddra upplýsinga, auk þess sem varðveislutími er afmarkaður, mælt fyrir um eyðingu og skýrar tilgreint hjá hverjum upplýsinga um útlán verði aflað og hvaða upplýsinga.“ Að þessu leyti hefur að mati meiri hlutans verið komið til móts við athugasemdir Persónuverndar.“

[16:56]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég tel þetta frá mínum bæjardryrum séð alls ekki fullnægjandi vegna þess að athugasemnd Persónuverndar, hvað sem líður meðferð upplýsinganna, eyðingu þeirra og öðru slíku, lýtur að grundvallarþáttum sem er hvort lagaheimildin sem hér er lögð til samrýmist 71. gr. stjórnarskrárinnar eða fari í bága við hana eða 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það er niðurstaða Persónuverndar að umrætt frumvarp, eins og það er, fari í bága við þessa grundvallarþætti í stjórnskipan okkar.

Þá er að mínu viti lausnin á því ekki sú að setja einhverjar reglur um það hvernig á að meðhöndla upplýsingarnar, hvernig á að eyða þeim og hver á að gera það o.s.frv. Það er bara ekki svar við þessari gagnrýni Persónuverndar. Það er ekki hægt að svara henni öðruvísi en að taka á því

sem Persónuvernd er að segja, þ.e. því er varðar stjórnarskrána og mannréttindasáttmála Evrópu. (Forseti hringir.) Það er ekki gert í nefndaráliti meiri hlutans og ekki í breytingartillögum hans.

[16:57]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það sem málið snýst um er hvort hagsmunir almennings séu meiri af því að þessi gagnasöfnun fari fram og að markmið hennar sé skýrt eða af persónuvernd. Það er mat meiri hluta nefndarinnar að þörfin fyrir þessar upplýsingar hafi verið rökstudd eins og fram kemur í breytingartillögunni þannig að það sé skýrt að knýjandi almannahagsmunir séu fyrir því að þessi upplýsingasöfnun fari fram og á þeim rökstuðningi byggjum við okkar álit.

[16:58]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir framsgöguna. Þegar hefur komið fram í andsvari hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar kjarni þeirra álitamála sem upp hafa komið í umræðunni í hv. allsherjar- og menntamálanefnd.

Spurningin er nefnilega þessi: Er ljóst að markmiðið náist ekki með vægari hætti? Hv. þingmaður fullyrðir að svo sé, að ljóst sé að markmið frumvarpsins náist ekki með vægari hætti, þ.e. með úrtaksaðferðinni, en það er ekki rökstutt í nefndarálitinu.

Ég vil líka nefna í því sambandi, virðulegur forseti, að Persónuvernd fjallaði um málið á þremur tímamökum. Í fyrsta lagi þegar upphaflegt frumvarp lá fyrir, síðan með breytingum og loks nú á lokametrunum þegar síðasta útgáfa frumvarpsins lá fyrir.

Þá segir Persónuvernd, með leyfi forseta:

„Fyrirgreind umsögn Persónuverndar, dags. 25. júní 2013, byggist m.a. á því að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins. Persónuvernd telur þá forsendu enn eiga við og áréttar því fyrri umsögn hvað það varðar.“

Það er að segja, það skortir á rökstuðning fyrir nauðsyn þessarar upplýsingasöfnunar, sem af ákvæðum frumvarpsins er ljóst að er mjög víðtæk, óþarflega víðtæk miðað við markmiðin, og þess vegna hefur ekki með fullnægjandi hætti verið dregið fram og rökstutt að almannahagsmunir séu nægilega ríkir til þess að farið sé í svo viðamikla upplýsingasöfnun sem hér er lögð til. Breytingar við vinnslu nefndarinnar undanfarnar virkur og daga hafa ekki dugað til þess að koma til móts við sjónarmið Persónuverndar. Það liggur fyrir í umsögn stofnunarinnar sjálfar.

[17:01]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Frekari rökstuðning fyrir breytingartillögunni er að finna í nefndaráliti meiri hlutans. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nýta á tölfraeðiskýrslur sem Hagstofunni er falið að afla og vinna með til að meta áhrif aðgerða stjórnvalda og annarra breytinga á hag heimila og fyrirtækja. Það er mat

meiri hlutans að einsýnt sé að þessar úrlausnir varði meðferð almannaþingar og því nauðsynlegt að þær byggist á traustum grunni og vönduðum upplýsingum. Efnahagsmál, ríkisfjármál og fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja geta talist til málefna þar sem mikilvægir almannahagsmunir eru í húfi.“

[17:01]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Spurningunni er ósvarað. Það er ekki ljóst að markmiðið náist ekki með vægari hætti, þ.e. með úrtaksaðferðinni. Það dugar ekki að nota orð eins og „einsýnt“ eða eitthvað slíkt í nefndaráliti til að víkja slíkum vangaveltum til hliðar. Enn þá er vakandi sú spurning að unnt væri að ná sömu markmiðum með vægari hætti, þ.e. með úrtaki, og að ekki sé nauðsynlegt að fara svo bratt sem hér er lagt til inn á friðhelgi einkalífsins og persónuverndarsjónarmið, sem er hluti af grunnlöggjöf samfélagsins, af stjórnarskrá Íslands. Það er því ekki eitthvað sem maður gerir að gamni sínu að fara á svig við þau sjónarmið. Ég lýsi því enn eftir röksemdum fyrir því að úrtaksaðferðin dugi ekki til að ná sömu markmiðum og að úrtaksaðferðin teljist vandaðar upplýsingar.

[17:02]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Svavarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Svo ég vitni aftur í nefndaráliti:

„Fyrir nefndinni voru einnig þau sjónarmið reifuð hvort ekki væri hægt að ganga skemur í öflun upplýsinga með því að velja úrtak úr gögnum. Meiri hlutinn bendir á að þrátt fyrir að farin yrði sú leið að velja úrtak þyrfti engu síður að afla þeirra heimilda sem frumvarpið felur í sér. Jafnframt kom það fram við meðferð frumvarpsins í nefndinni að ef ætti að fara þá leið að velja úrtak yrði það að vera mjög stórt, eða um 30.000 heimili eða um 70.000 manns, til þess að niðurstöðurnar yrðu marktækar. Meiri hlutinn telur að með því að velja úrtak aukist hættu á því að upplýsingarnar verði persónugreinanlegar.“

[17:03]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. framsögumanni fyrir greinargerðina fyrir málinu. Þetta er málefni sem er ástæða til að hafa fullan skilning á og við reyndum oft að fást við á síðasta kjörtímabili, það þyrfti betri upplýsingar til þess að ráðast í aðgerðir í skuldamálanum, en persónuverndarsjónarmið og hættan á því að brjóta gegn stjórnarskrá lýðveldisins kom kannski helst í veg fyrir að þar yrði farið lengra en gert var.

Þess vegna verður að spyrja, eins og framsögumaðurinn gerir, um almannahagsmuni sem hér eru annars vegar. Það kom mér á óvart við umfjöllun í nefndinni þar sem ég sat einn fund, að þar kom fram að nefnd ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í skuldamálanum ætli að leggja fram tillögur um aðgerðir nú í nóvember án þess að hafa þessar upplýsingar á borðinu. Það virðist eiga að taka ákvörðun um aðgerðirnar án þess að hafa þær upplýsingar þannig að þetta sé eftirá-upplýsingasöfnun. Þá spyr maður sig: Eru þessir ríku al-

mannahagsmunir fyrir hendi ef ekki á að nota þessar upplýsingar til að taka sjálfar ákvarðanirnar í nóvember?

Hins vegar, um þann rökstuðning sem hv. þingmaður vísar til varðandi úrtakið, þá nota Norðmenn úrtök til að afla slíkra upplýsinga. Meiri hlutinn vísar til þess að jú, það þyrfti að vera stórt úrtak, 30 þúsund manns og það þyrfti lagaheimildir. En það eru engin önnur sjónarmið sem koma fram sem neinu skipta. Þess vegna virðist vera algjörlega augljóst að með stóru úrtaki, 30 þúsund heimila úrtaki, væri vissulega hægt að ná í meginatriðum sömu markmiðum, væru veittar lagaheimildir til þess. Þá er augljóslega skemur gengið á friðhelgi einkalífs og persónuvernd en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir því að safna öllum upplýsingum um alla.

Þá spyr maður sig hvort ekki sé augljóst á málinu eins og það er hér búið að það gangi of langt á réttindi þau sem einstaklingum eru tryggð í mannréttindasáttmála Evrópu og í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. (Forseti hringir.) Við þurfum að gæta að virðing þingsins, því aldrei setur hana niður eins og þegar (Forseti hringir.) þingið gengur gegn stjórnarskrá lýðveldisins.

[17:06]

**Forseti (Silja Dögg Gunnarsdóttir):**

Forseti minnir hv. þingmenn á að nota viðeigandi ávarpsorð í ræðum sínum.

[17:06]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Svavarsdóttir) (F) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mig langar að rifja upp það sem hv. þm. Helgi Hjörvar kom inn á hér að í kjölfar efnahagshrunsins 2008 beindist athygli stjórnvalda m.a. að skuldavanda heimilanna. Á 138. löggjafarþingi 2009–2010 og á 139. löggjafarþingi 2010–2011 voru lögð fram frumvörp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Þau frumvörp hlutu ekki brautargengi.

Um mitt ár 2011 var settur á stofn vinnuhópur Hagstofu Íslands, Sedlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og efnahags- og viðskiptaráðuneytis til að huga að því hvernig að þeim málum skyldi staðið. Lagði vinnuhópurinn fram tillögu um að Hagstofunni yrði falið það verkefni að safna og vinna tölfraði um skuldir heimila og fyrirtækja. Með samþykkt ríkisstjórnarinnar í október 2011 og með varanlegri fjárveitingu til Hagstofu Íslands var stofnuninni falið að vinna reglulega nýja tölfraði um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og birta ársfjórðungslega. Þá var ekki þörf á neinum sérstökum reglum um hvernig það yrði gert.

[17:08]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég beindi tveimur spurningum til hv. þingmanns og hvorugri var svarað eða reynt að svara.

Það er alveg rétt að um þetta voru flutt mál á síðasta kjörtímabili enda tók ég sérstaklega fram að við í Samfylkingunni höfum fullan skilning á mikilvægi þess að afla upplýsinga til að taka ákvarðanir um aðgerðir í málefnum skuldugra heimila. En það sem skýtur skökku við er að það

virðist eiga að gera tillögur um aðgerðirnar núna í nóvember en að þær upplýsingar sem hér er verið að afla lagaheimilda fyrir munu ekki liggja fyrir fyrr en í vor. Þess vegna virðist upplýsinganna ekkert þörf til að taka ákvarðanir um aðgerðir. Maður spyr því um almannahagsmunina í þessu og maður spyr líka um af hverju er ekki farið í úrtaksaðferðina sem meiri hlutinn virðist vera að lýsa yfir að muni skila, ef í úrtakinu eru 30 þúsund heimili, álfka góðum árangri.

Að síðustu hlýt ég þá að spyrja hv. framsögumann: Hefur Persónuvernd lagt blessun sína yfir málið með þeim breytingum sem meiri hlutinn hefur gert? Liggur fyrir að stjórn Persónuverndar telji ekki að hér sé óhæfilega langt gengið í því að skerða persónufrelsi? Það er vandamálið sem við höfum alltaf verið að fást við.

[17:09]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er rétt að tillögur sérfræðingahóps eiga að liggja fyrir í nóvember og tillögur annars hóps í desember. En hv. þingmaður benti réttilega á að ákvarðanir eru ekki teknar endilega um leið og tillögur liggja fyrir. Með tillögur þarf að vinna og fljótlega á nýju ári koma fyrstu tölur frá Hagstofunni, verði þetta frumvarp að lögum. Þá er hægt að byggja ákvarðanir á þeim upplýsingum, þeirri tölfraði sem þar kemur fram ásamt því að fylgjast með áhrifum þeirra ákvarðana sem teknar verða.

Af hverju ekki úrtak? Ég rakti það að hluta áðan en svo er ýmislegt sem bendir til að það yrði íþyngjandi, það yrði meira íþyngjandi fyrir fjármálastofnanir og einstaklinga ef úrtaksaðferðin yrði valin. Þá yrði hugsanlega að senda út spurningalista og ýmislegt annað (Forseti hringir.) bendir til þess.

Varðandi afstöðu Persónuverndar vísa ég til þess (Forseti hringir.) sem ég las upp hér áðan.

[17:10]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaálit hv. allsherjar- og menntamálanefndar. Ég vil byrja á að þakka hið góða samstarf í nefndinni. Samstarfið var mjög gott og þótt við höfum endað á því að vera ekki á sömu línu voru öll samskipti með afbrigðum þrýðileg og allt starf mjög faglega unnið, þökk sé hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur.

Það voru veigamikil atriði sem við gátum ekki komið okkur saman um þótt mikið hafi verið lagt í að taka tillit til margra athugasemda sem komu fram og þau hafi verið lögðu. Til þess að því sé haldið til haga ætla ég að renna yfir minnihlutaálitinu eins og það kemur fyrir.

Minni hlutinn telur mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma geti byggt ákvarðanir sínar á vönduðum upplýsingum og réttum forsendum, en umrætt frumvarp er lagt fram með það að markmiði. Því hefur minni hlutinn tekið fullan þátt í að betrubæta frumvarpið og lagt áherslu á að ná sem víðtækastri sátt. Þær breytingar sem meiri hlutinn hefur lagt fram eru ekki fullnægjandi að mati minni hlutans og telur hann sér ekki fært að styðja frumvarpið óbreytt. Minni hlut-

inn hefur lýst sig reiðubúinn til þess að starfa með meiri hlutanum og öðrum aðilum við að búa til frumvarp sem uppfyllir markmið um vandaðar upplýsingar en gætir jafnframt með fullnægjandi hætti að persónuvernd og mannréttindum. Minni hlutinn telur hægt að ná sátt um slíkt frumvarp og leggja fram á haustþingi. Verulegir anmarkar þess frumvarps sem hér liggur fyrir og á þeim breytingartillögum sem lagðar hafa verið fram gera hins vegar minni hlutanum ókleift að styðja frumvarpið óbreytt.

Þegar kemur að samræmi við stjórnarskrá lentum við í þeim vandræðum að hér er óneitanlega verið að fara fram yfir heimildir ríkisins samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um friðhelgi einkalífsins. Undantekningar á því ákvæði er eingöngu hægt að gera ef til staðar eru tiltekin skilyrði. Það þurfa að vera nauðsynlegar aðgerðir, það þarf að vera nákvæm skilgreining á aðgerðunum, tilgangur þeirra þarf að vera skýr — og með skýrum meina ég mjög skýr, hann er ekki skýr hér, vissulega ekki mjög skýr — og gæta þarf meðalhófs, þ.e. sýna þarf fram á að vægari aðgerðir séu ekki til staðar.

Vægari aðgerðir gætu verið mögulegar en við vitum það ekki vegna þess að frumvarpið var mjög greinilega unnið í miklum flýti. Ef maður ber saman upprunalegt frumvarp og hina ágætu breytingartillögu sést að frumvarpið var unnið í miklum flýti og ekki tekið nægilegt tillit til þessara sjónarmiða frá upphafi. Það gerir það að verkum að okkur í hv. allsherjar- og menntamálanefnd hefur ekki tekist að ræða neinar aðrar útfærslur sem gætu verið vægari en þessi. Við höfum bókstaflega ekki haft tímann vegna þess að núna liggur á að koma frumvarpinu í gegn á þessum svokallaða stubbi á sumarþingi í stað þess að taka málið upp á haustþingi þegar við gætum öll unnið saman að frumvarpi sem hugsanlega þyrfti ekki að ganga svona á friðhelgi einkalífsins, því að það eru til leiðir. Mig langar að nefna eina hugmynd varðandi úrtakið. Í vinnu nefndarinnar var úrtakið vissulega rætt af og til og því er haldið fram hér að það hafi verri áhrif hvað varðar friðhelgi einkalífsins.

Virðulegi forseti. Nú í dag eru starfræktar vefsíður á vegum ríkisins sem leyfa auðkenningu yfir netið. Fólk getur skráð sig inn á vefsíðu og getur tilgreint þar ýmsa hluti, t.d. lögheimili eða trúfélag sem það vill tilheyra o.s.frv. Rafrænt samþykki er eitthvað sem við getum gert í dag, það er einn möguleiki. Við ræddum þann möguleika aldrei ítarlega á fundum hv. allsherjar- og menntamálanefndar, einfaldlega vegna þess að ekki var tími til þess. Ef við hefðum tíma, ef við værum að gera þetta á haustþingi er ég sannfærður um að allir flokkar gætu sammælt um aðferðir sem bæði virka og eru lausar við vankanta varðandi friðhelgi einkalífsins og meðalhóf.

Mig langar að lesa aðeins meira upp úr minnihlutaálitinu, með leyfi forseta, um samræmi við stjórnarskrá:

„Minni hlutinn telur ótvírætt og óumdeilt að með frumvarpinu sé gengið inn á stjórnarskrávarin réttindi til friðhelgi einkalífs, samanber ákvæði stjórnarskrár, ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og umsagnar þeirra sérfræðinga og gesta sem hafa komið fyrir nefndina.

Minni hlutinn áréttar sérstaklega það sem fram kom í umsögn Persónuverndar en þar segir m.a.: „Þær persónuupplýsingar sem frumvarpið fjallar um falla ótvírætt undir

fríðhelgi einkalífs einstaklinga [...] og umrædd vinnsla felur þannig í sér afskipti af þeim réttindum. Verði umrætt frumvarp að lögum mun verða til persónugreinanlegur gagnagrunnur um hjá stjórnvöldum með ítarlegum fjárhagsupplýsingum um landsmenn alla sem unnið verður með a.m.k. næstu fjögur árin.“ Síðar í umsögn Persónuverndar segir: „Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu.““

Það sem mig langar að vekja athygli á er að enginn raunverulegur efnislegur ágreiningur er um að farið er inn á fríðhelgi einkalífsins, svo mikið er víst. Eina spurningin sem við eigum að svara þegar kemur að frumvarpinu er: Höfum við réttmætar ástæður til þess? Minni hlutinn telur að svo sé ekki. Meðalhófinu er ekki fullnægt, málsmeðferðin er of hröð, við vinnum þetta of hratt, við vöndum okkur ekki nóg, við höfum ekki skoðað aðra kosti og markmið frumvarpsins er því miður einfaldlega ekki skýrt enn.

Það heyrði til undantekninga að maður spyrdi tvo aðila á fundum hv. allsherjar- og menntamálanefndar um tilgang frumvarpsins vegna þess að með svo víðtækri upplýsingasöfnun er hægt að ímynda sér ýmsa og marga kosti. Spyrdi maður einn aðila fékk maður jafnvel önnur svör. Það kom auðvitað mest á óvart þegar okkur var sagt af hv. nefnd um lækkun höfuðstóls á húsnæðislánum að þau ætluðu ekki að nota þessar upplýsingar. Það kom okkur — jafnvel mér — svolítið í opna skjöldu.

Mig langar að lesa meira upp úr nefndarálitinu, virðulegi forseti, um markmið frumvarpsins:

„Til að takmarka megi mannréttindi þurfa rökin fyrir því að vera veigamikil og tilgangurinn brýnn. Frumvarpið virðist hafa tvíþættan tilgang. Annars vegar að eiga við meint neyðarástand sem réttlæti þá jafnréttækar aðgerðir og mælt er fyrir um í frumvarpinu og hins vegar að greiða fyrir almennri hagskýrslugerð til aðstoðar við umsýslu á almannafé. Nokkuð er á reiki hvort upplýsingasöfnunin eigi að nýtaast við ákvörðunartöku varðandi úrbætur í skuldamállum heimila og fyrirtækja eða við að leggja mat á árangur slíkra aðgerða, nema hvort tveggja sé.“

Af umsögnum sem nefndinni bárust og að áliti margra gesta sem komu á fundi nefndarinnar, er ljóst að miklar efasemdir eru uppi um hvort þessi óljósu markmið frumvarpsins teljast nægilega veigamikil rök til að ganga inn á fríðhelgi einkalífs með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Minni hlutinn bendir á í því sambandi að fram kom á fundum nefndarinnar að sérfræðingahópur sem vinnur tilögur um höfuðstólslækkun húsnæðislána getur byggt þær á upplýsingum frá skattýfirvöldum sem byggjast á framtölum. Minni hlutinn telur því einsýnt að sá rökstuðningur fyrir nauðsyn þessarar viðamiklu upplýsingasöfnunar sem frumvarpið felur í sér sé haldlítill.“

Næst langar mig aðeins að lesa um málsmeðferð, virðulegi forseti, með leyfi:

„Frumvarpið sem kom til umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar var sjö greinar. Í meðförum nefndarinnar var ljóst að frumvarpið var ekki tækt í þeirri mynd sem það var lagt fram. Þrátt fyrir þá vinnu sem hefur farið

fram á vettvangi nefndarinnar eru helstu vankantar upphaflegs frumvarps óleytir eins og að framan hefur verið rakið. Þá hefur ekki verið gengið úr skugga um hvort og hvernig frumvarpið samræmist ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum og Evrópulöggjöf er lúta að vernd einstaklinga við vélræna vinnslu persónuupplýsinga og við vinnslu og frjálsa miðlun persónuupplýsinga. Að mikilvægi könnunar á þessu var sérstaklega vikið í umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarpið. [...] Minni hlutinn lítur enn fremur svo á að engin ástæða sé til þess að hraða málinu á sumarþingi í ljósi þess að gögnin verða ekki nýtt fyrr en eftir að starfshópar um skuldavandann hafa lokið störfum og skilað sínum tilögum.“

Að lokum langar mig bara að lesa niðurlag álitsins, með leyfi, virðulegi forseti:

„Minni hlutinn áreftar þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin og telur að enn séu gallar á málinu og ósamræmi enn í skýringum á tilgangi frumvarpsins. Sterkar efasemdir eru uppi um að frumvarpið standist stjórnarskrá og alþjóðlega mannréttindasáttmála. Minni hlutinn bendir á að frumvarpið krefst því mun vandaðri undirbúnings. Rökstuðningur fyrir nauðsyn þeirrar víðfeðmu upplýsingasöfnunar sem frumvarpið felur í sér er enn fyrir hendi að mati Persónuverndar og fleiri aðila. Upplýsingar í skattframtölum ættu að nægja við gerð tillagna um aðgerðir í þágu skuldugra heimila samkvæmt sérfræðihópi forsætisráðherra um höfuðstólslækkun verðtrygðra húsnæðislána.“

Minni hlutinn bendir á að til þess að uppfylla kröfur um gæði lagasetningar og í samræmi við þær kröfur sem stjórnarskráin setur þarf að átta sig á til hvers á að nýta upplýsingarnar, hvert markmiðið er. Finna þarf út hvaða upplýsingar það eru sem raunverulega vantar og hvaða leiðir eru mögulegar til að ná því markmiði sem að er stefnt og velja vægustu mögulegu leiðina.

Minni hlutinn ályktar að skynsamlegast væri að allsherjar- og menntamálanefnd tæki málið aftur upp á haustþingi með reynsluna og réttindi borgaranna að leiðarljósi frá upphafi. Þannig telur minni hlutinn að megi búa til frumvarp sem nýttist stjórnvöldum við að meta áhrifin af aðgerðum sínum án þess að brjóta í bága við réttindi almennings til fríðhelgi. Það eru minni hlutanum mikil vonbrigði að meiri hlutinn nýti ekki þá samstöðu sem náðist í nefndinni um meginmarkmið frumvarpsins til að ná sátt um útfærsluna.“

Meðalhófið er eitt af því stóra sem stendur eftir í þessu og ég vil benda á að þrátt fyrir meintar pólitískar línur eru fjórir af níu fulltrúum þjóðarinnar ekki sannfærðir um að meðalhófs sé gætt hér. Ég vil ítreka að sönnunarbyrðin hvílir á okkur, á Alþingi sjálft. Áður en við samþykkjum frumvarpið þurfum við að sanna að við höfum staðið, að við getum og stöndum undir þeirri ábyrgð sem stjórnarskráin ætlast til af okkur.

[17:22]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Flutningsmaður þessa máls, hæstv. forsætisráðherra, hefur lýst því yfir að nú standi til að setja heimsmet í aðgerðum í þágu skuldugra heimila í landinu. Hann tekur þar nokkuð dýpra í árinna en hann gerði í kosningaráttunni í vor og þótti þó mörgum æðmikið um, en látum það liggja á milli hluta.



Nú hefur hv. framsögumaður meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar upplýst í þessari umræðu, og það er nýtt fyrir mér sem ekki sit í þessari nefnd — kannski hefur það komið fram á vettvangi nefndarinnar en það er nýtt fyrir mér — að enda þótt einhver skýrsla frá starfshópi eigi að koma í nóvember eigi aðgerðir í þágu skuldugra heimila ekki að koma til framkvæmda fyrr en einhvern tíma í vor. Þess vegna sé mikilvægt að fá þessa vinnslu frá Hagstofunni þó að hún komi ekki fyrr en í vor.

Það eru nýjar fréttir. Það eru nýjar fréttir fyrir kjósendur Framsóknarflokksins og fólkið í landinu að ekki sé við því að búast að neinar tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna komi fyrr en einhvern tíma með vorinu. Í sumar ræddum við það að setja ætti málið í nefnd fram á haust og þá var talað um nóvember. Nú er enn verið að seinka því. Ég tel að það sé eftirtektarvert og þyrfti að greina frá því í fjölmiðlum.

Ég vil spyrja hv. þingmann sem situr í þessari nefnd og er framsögumaður minni hlutans: Komu þessar upplýsingar fram við vinnslu málsins í allsherjar- og menntamálanefnd? Var allsherjar- og menntamálanefnd meðvituð um það alveg frá byrjun — og ef ekki frá byrjun hvenær þá — að ekki stæði til að neinar aðgerðir sem mæta átti með frumvarpinu kæmu til framkvæmda fyrr en með vorinu og þess vegna væri tímasetningin alveg í lagi, að Hagstofan hefði þá tíma fram á vor til þess að vinna þær upplýsingar sem hér er farið fram á að fá?

[17:24]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki verið að þæla mjög mikið í því nákvæmlega hvernig háttvirtur Framsóknarflokkur og stjórnarflokkarnir almennt ætla að uppfylla kosningaloforð sín.

Það hefur legið fyrir nefndinni síðan við tókum aftur til starfa í haust að þessar upplýsingar yrðu ekki notaðar til þess að taka ákvarðanir heldur til þess að mæla áhrifin af ákvörðununum.

Hvað varðar desember er sú tímasetning ný fyrir mér, ég heyrði af henni held ég fyrir tveim, þremur dögum. Ég get bara sagt að það kemur mér ekki sérstaklega á óvart, með fullri virðingu fyrir hæstvirtum Framsóknarflokki.

[17:25]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg) (andsvar):**

Frú forseti. Af því að forseti þingsins gengur hér í salinn þá veit ég ekki hvort það á að ávarpa Framsóknarflokkinn háttvirtan, hæstvartan eða herra eða frú. [Hlátur í þingsal.] Frú maddama kannski, hefði einhvern tíma verið sagt, en það þarf nú að fá botn í þetta og forseti úrskurðar kannski um það á góðum degi.

Mér finnst það sem hér kemur fram vera mikilvægt innlegg. Ég spyr að því hvort nefndin muni fjalla frekar um málið á meðan það er í meðförum þingsins, t.d. þannig að það fari þá til nefndar á milli 2. og 3. umr., vegna þess að það er óhjákvæmilega innlegg í umræðuna. Til hvers á að nota þessar upplýsingar og á hvaða tímupunkti? Fyrir mér stangast hér aðeins á að það er verið að segja. Það var —

það var sagt okkur, hefði einhver sagt — okkur var sagt hér í vor og sumar að tillögur um aðgerðir kæmu í nóvember. Nú er sagt að vinna Hagstofunnar fari fram einhvern tíma á vormissirinu þannig að það hangir ekki saman.

Mér finnst þetta undirstrika að ekki þarf þær upplýsingar frá Hagstofunni sem um er beðið í frumvarpinu til þess að klára verkefnið við að vinna að aðgerðum í þágu skuldsettra heimila nema sú tilgáta sé rétt að allar aðgerðir í þágu skuldsettra heimila eigi að bíða eftir vinnu Hagstofunnar sem ljúka á einhvern tíma með vorinu. Þá er alveg undir hælinn lagt miðað við starfsáætlun Alþingis hvort þær aðgerðir verða yfirleitt afgreiddar á næsta þingi eða kannski haustið 2014.

[17:27]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég get eiginlega bara talað fyrir mig í þessu efni en fyrir mér vakir fyrst og fremst að samfæra hið háa Alþingi um að leggja þetta mál til hliðar í bili og taka það aftur upp á haustþingi og þá með betri undirbúningi hv. allsherjar- og menntamálanefndar.

Að því sögðu, ef þetta mál á að fara áfram þykir mér greinilegt að það er ekki tilbúið og nóg að tala um. Í því ljósi er alveg sjálfsagt að ræða það aftur og áfram í nefnd til að reyna að finna þá eitthvað til að gera það skárri. Persónulega hef ég enga trú á því.

Ég held að hvíla þurfi málið, við þurfum að byrja upp á nýtt og íhuga aðrar leiðir alveg frá grunni. Ég hef ekki trú á þessu frumvarpi.

[17:28]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarsyni, framsögumanni minnihlutaáltsins, fyrir ágætisyrferð yfir afstöðu minni hlutans og jafnframt þakka ég fyrir gott samstarf í nefndinni. Þetta hefur verið áhugaverður og líflegur tími og við höfum að mínu mati farið í sameiningu ágætlega yfir málin og reynt að nálgast hvert annað eftir því sem hægt er.

Fram kom fram í máli þingmannsins og í álitinu að menn eru í rauninni sammála um að markmiðin eru ágæt í sjálfu sér, þ.e. að reyna að ná fram einhverjum upplýsingum til þess að stjórnvöld geti byggt á þeim þegar taka á ákvarðanir, en minni hlutinn hefur í raun ekki bent á betri leið. Við erum þar annars vegar með fulltrúa flokka sem áður sátu í ríkisstjórn og höfðu þá veitt fjármuni til Hagstofunnar til þess að fara í þetta verkefni án þess að lögum yrði breytt. Sú leið var ekki fær og þess vegna var byrjað að vinna að máli sem þessu í tíð fyrri ríkisstjórnar. Hins vegar erum við með röksemdir um að allar upplýsingar liggi nú þegar fyrir í skattframtölum. Þess vegna þurfi ekki að gera neitt frekar.

Engu að síður ræddum við hér allt síðasta kjörtímabil, sama úr hvaða flokki við komum, um að til þess að hægt væri að taka vel ígrundaðar ákvarðanir um meðferð á skattfé almennings og ívilnandi ákvarðanir varðandi skuldug heimili og fyrirtæki þyrfti upplýsingar. Um það voru allir sammála og um það eru enn allir sammála, held ég. Menn

vilja taka upplýstar ákvarðanir. Mig langar að beina þeirri fyrirspurn til hv. þingmanns sem mælir fyrir nefndarálitinu: Hvaða leið er það nákvæmlega sem menn benda hér á?

[17:30]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka spurninguna. Þetta er spurning sem við hefðum jafnvel átt að spyrja okkur að strax í vor þótt ég geri mér grein fyrir því að aðstæður hafi kannski ekki endilega leyft það. Það er alltaf hægt að leiðrétta mistök, er það ekki?

Hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir spyr hvað hafi ekki verið bent á. Ja, það er til dæmis sú leið að leita að upplýstu samþykki þeirra sem taka þátt í þessari gagnasöfnun. Eitt af vandamálinum við frumvarpið er það að markmiðið er í það minnsta tvíþætt, annars vegar það að afla upplýsinga um skuldara til að hjálpa þeim að leysa sín vandamál og hins vegar almennt til hagskýrslugerðar til að yfirvöld viti hvað þau eru að gera í stuttu máli. Bæði markmiðin eru mjög göfug en það eru mismunandi aðferðir sem samkvæmt stjórnarskrá er leyfilegt að fara. Ef við ætlum að leysa þann vanda að hagskýrslurnar okkar séu ekki nógu skýrar ættum við í raun ekki einu sinni að tala um persónugreinanleg gögn til að byrja með. Þau koma inn í málið þegar við förum að tala um skuldavanda heimilanna og þá neyð sem krefst þess að við söfnum umræddum upplýsingum. Hér eru því í raun tvö upplýsingasöfnunarmál í einum pakka.

Þegar kemur að skattframtölunum — ég hef það nú bara eftir nefndum um lækkan á höfuðstól húsnæðislána að skattframtölin nægi plús einhverjar upplýsingar aðrar sem þær hafi. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti það en það er bara eitt dæmi um að við vitum ekki einu sinni nákvæmlega hvaða upplýsingar við viljum til að leysa nákvæmlega hvaða markmið — en ég hef það eftir þeirri nefnd.

[17:32]

**Páll Valur Björnsson (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því eins og margir aðrir sem sitja í þessari nefnd að þakka það starf sem hefur farið fram í vor og svo núna eftir að við byrjuðum aftur. Þetta er búið að vera virkilega fróðlegt og gott. Það er gott samstarf og góður andi í nefndinni. Fyrir mig sem hef unnið í fiski nánast alla ævi er eins og að vera í háskóla að sitja í þessari nefnd. Það hefur verið gríðarlegur skóli að reyna að setja sig inn í mál, ekki síst út af því að þetta er mikill lagatæknilegur texti og mjög erfitt fyrir svo óreyndan mann eins og mig í þessum málum að setja mig inn í þau.

Það sem mér finnst aðalmálið í þessu er allur sá fjöldi sem kom til okkar og talaði við okkur. Ég spurði ekki mikið í þessari nefnd einfaldlega vegna þess að ég kunni það ekki almennilega. Ég hlustaði meira og ég reyndi að hlusta vel á það sem sagt var. Það kom mjög oft fram og eiginlega alltaf að þetta frumvarp bryti í bága við friðhelgi einkalífsins, það gengi gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálanum. Það er verið að ganga alla leið. Ég velti því fyrir mér: Er þetta það sem við viljum? Er það það sem við viljum nú, að ríkið geti haft allar upplýsingar um okkur, þær

liggi á einhverjum einum stað, allar upplýsingar um mín fjármál eða fjármál allra á Íslandi? Það finnst mér óhugnanleg tilhugsun.

Ég get vel skilið að það þurfi að leita allra leiða til að bæta skuldastöðu heimila í landinu. Ég hef til dæmis margoft sagt það áður að ef ég hefði ekki verið að bröлта í pólitík sjálfur hefði ég kosið Framsóknarflokkinn [Hlátur í þingsal.] vegna þess að það voru svo rosalega öflug loforð sem voru gefin. Ég hef sjálfur fundið það á eigin skinni hvað þessi stökkbreyttu lán hafa haft gríðarleg áhrif á minn fjárhag og mitt heimili. Ég vil leggja mig allan fram við að hjálpa ríkisstjórninni að leysa þennan vanda.

Það kom líka fram, eins og hefur komið fram hér áður, að meðal þeirra sem komu til okkar í nefndinni var þessi starfshópur um skuldavanda heimilanna. Þeir sögðu að þeir þyrftu ekkert á þessum upplýsingum að halda til að leiðrétta skuldir heimilanna. Það kom skýrt fram. Ég hélt í einfeldni minni að forsendan fyrir því að hægt væri að ráðast í þennan skuldavanda væru þessar upplýsingar, en þá kom bara í ljós að svo er ekki. Þá spyr maður sig: Til hvers þarf þetta?

Ég hef líka heyrt haft eftir ríkisskattstjóra að allar upplýsingar sem þessi nefnd þarf að hafa liggi fyrir. Þess vegna velti ég fyrir mér: Af hverju erum við að þessu?

Ég vil vitna í einn nefndarmann sem kom inn sem varmaður. Hann er lögfræðingur sem ég ber mikla virðingu fyrir, virtur í samfélaginu. Ég er ekki alltaf sammála honum en hann er virtur. Hann spurði Persónuvernd: Hvar endar þetta? Svarið var: Þetta endar hvergi. Við erum alltaf að ganga lengra og lengra inn á réttindi hvers og eins. Það er óhuggulegt.

Ég er tiltölulega nýr í stjórn málu og á margt eftir ólært, það er alveg ljóst, en ég hef fylgst með því í gegnum tíðina að einn flokkur á Íslandi hefur alltaf varið persónurétt framar öllum öðrum. Við getum nefnt til dæmis skattskýrslurnar sem liggja fyrir augum allra. Flokksmenn hafa barist gegn því og þeir hafa barist fyrir eignaréttinum. Þetta er Sjálfstæðisflokkurinn. Ég mundi telja það stórpólitísk tíðindi ef sjálfstæðismenn samþykktu þetta frumvarp. Ég held að það hlyt að vera ein stærstu pólitísku tíðindi sem um getur í Íslandssögunni.

Ég tel, og það kemur fram í minnihlutaálitinu okkar, að við getum komist að niðurstöðu um eitthvað vægara. Eins og ég hef margoft sagt er ég ekki lögfróður maður en meðalhöfsreglan segir okkur að það má ekki fara þessa leið ef hægt er að beita vægari úrræðum. Ég er ekki alveg klár á því hver þau eru en ég held að hægt sé að komast að því hver þau eiga að vera með vótækara starfi af því að þetta á ekki að nýtast í haust þegar tillögur eiga að liggja fyrir um skuldavanda heimilanna. Mér finnst þetta svona stórabróðurfrumvarp. Það er gengið alveg alla leið.

Það kom til dæmis líka fram hjá hagstofufólkinu sem kom fyrir nefndina að það ætti að nýta þessar upplýsingar — markmiðið er búið að vera svolítið á reiki — til að stjórnvöld gætu gripið inn í tímanlega og farið í aðgerðir ef stefndi í einhverja slæma átt. Þeir geta fylgst með öllum og ef hagkerfið fer eitthvað að titra eða efnahagurinn þá verður að grípa inn í. Það er nú eitt. Ég fylgdist með og las blöð allan síðasta áratug og á árunum fyrir hrun þá kom fram

hver sérfræðingurinn á fætur öðrum, hagfræðingar, skammstafanir í útlöndum, sem vöruðu Íslendinga við því sem var að gerast hérna en það var ekkert hlustað á þá. Stjórnvöld tóku ekki mark á einni einustu aðvörum. Ég held að það sé kannski það sem við þurfum aðallega að gera á þessu þingi, að læra af þeirri reynslu sem við höfum upplifað á síðustu árum og taka mark á því fólki og þeim sem eru um allan heim að vara stjórnvöld við yfirvofandi hættu. Það er bara þannig.

Eins og ég segi þá get ég ekki samþykkt þetta frumvarp vegna þess að mér finnst það ganga allt of langt. Þrátt fyrir ágætisbreytingar sem voru gerðar á því til að mæta kröfum Persónuverndar þá er alltaf ljóst að þeir hjá Persónuvernd samþykkja þetta aldrei. Það kom líka fram. Sumir sögðu að þeir mundu aldrei samþykkja eitt eða neitt, þeir væru í edli sínu á móti. Þeir eru náttúrlega á móti þessu vegna þess að það er verið að ganga alla leið. Það er verið að ganga algerlega á stjórnarskrárbundinn rétt okkar. Ég get því miður ekki greitt atkvæði með þessu, en ég er allur af vilja gerður að hjálpa núverandi stjórnvöldum að taka á skuldavanda heimilanna. Hvort það verður heimsmet eða eitthvað, það veit ég ekki. [Hlátur í þingsal.] Ég vona bara að við getum öll verið sammála um að þetta eru göfug markmið. Ég styð ríkisstjórnina heils hugar í því að takast á við þennan vanda og mun leggja mig allan fram um það þrátt fyrir að ég sé í stjórnarandstöðu. Ég lít samt ekki þannig á það, ég er minnihlutamaður. Ég styð öll góð mál. Skuldavandinn er mál okkar Íslendinga allra en ég held að þetta sé ekkert endilega til þess fallið að bæta eitthvað, þ.e. annað en það að þeir fá allar upplýsingar um okkur og það vil ég ekki.

[17:39]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér svokallað hagstofufrumvarp, frumvarp sem heimilar að afla upplýsinga um skuldir og stöðu heimila í landinu, einstaklinga og fyrirtækja. Hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson hefur talað fyrir minnihlutahliti, sem ég skrifa undir, varðandi það mál.

Ég ætla í upphafi að þakka hv. allsherjar- og menntamálanefnd og þeim sem þar hafa stýrt málum, formanni og talsmanni nefndarinnar, hv. þm. Línéik Önnu Sævarsdóttur, fyrir að hafa í allri þessari vinnu með erfitt mál reynt að halda hópnum saman og reynt að leiða það til lykta á þann veg að nefndin í heild gæti staðið að málinu. Því miður náðist það ekki og því miður tókst ekki að fá samþykkt það álit minni hlutans að við gæfum okkur örlítið lengri tíma, reyndum að ljúka þessu máli í sátt, af því að við værum komin svo langt með það, og legðum það fyrir á haustþinginu. Það var sérstaklega sárt vegna þess — eins og ítrekað hefur komið fram í umræðunni, það kom fram í nefndinni — að þetta var ekki forsenda ákvarðana um það hvernig ganga ætti í laus skuldavandans.

Ég held að það sé mikilvægt, hafandi verið í ríkisstjórn og hafandi tekið þátt í ótal tilraunum og ótal aðgerðum til að bregðast við því sem gerðist í hrununu, bæði þeim forsendubresti sem þar var og þeirri skuldaúrvinnslu sem fylgdi í kjölfarið, að fara aðeins yfir aðdraganda þessa máls. Það er rétt sem hér hefur komið fram, að fyrrverandi ríkisstjórn flutti í tvígang að minnsta kosti, á 138. og 139.

þingi, tillögur um upplýsingasöfnun af svipuðum toga. Það fór til efnahags- og viðskiptanefndar á þeim tíma enda flutt af efnahags- og viðskiptaráðherrum. Það kom mjög fljótt í ljós að þær hugmyndir sem þar voru um upplýsingasöfnun voru allt of víðtækar. Þær mættu andstöðu. Í ljós kom að menn treystu sér ekki til að fara þá leið þannig að málið kom aldrei nema til 1. umr. í þinginu.

Mikið óskaplega hefði verið gaman að hafa allar upplýsingar um alla til að geta spilað á tölvuna og reynt að finna út nákvæmlega hvernig við hittum fyrir með einstökum aðgerðum. Og mikið óskaplega væri gaman ef loforðin og umræðan sem hefur átt sér stað, um hvernig leysa eigi málið, væri hnitmiðuð og hitti þá fyrir sem við þurfum helst að hitta fyrir. En nú erum við allt í einu komin með mál sem á að segja fyrir um aðgerðirnar. Það er í raun búið að segja — eða að minnsta kosti ef maður á að taka alveg mark á því, nú er það ekki alveg ljóst — að fara eigi í höfuðstólsleiðréttingu, það sé réttlæismál. Það er eingöngu það sem á að gera, það er forsendubresturinn. Það á að leiðrétta skuldir sem hækkuðu vegna verðtryggingar umfram það mark sem Seðlabankinn hafði.

Á að gera eitthvað meira? Erum við þá að safna upplýsingum um hvort þessi aðgerð virkar eða ekki? Við fengum engin svör við þessu í nefndinni. En þetta var viðleitni sem við vorum með á sínum tíma. Það leiddi svo til þess — af því að það var hörð gagnrýni og andstaða, þetta fór ekki áfram í efnahags- og viðskiptanefnd og þingið var ekki tilbúið að afgreiða þetta — að farið var í ítarlega rannsókn sem var keyrð með vísindalegum hætti og það var Seðlabankinn sem fékk heimild til að gera slíka rannsókn gegn því að þeir söfnuðu gögnum, mætu stöðuna og eyddu síðan öllum gögnum strax aftur. Þetta var gert. Það kom ítarleg skýrsla um stöðuna á þeim tíma frá Seðlabankanum.

Þá komum við kannski að því sem hefur verið mesti vandinn í sambandi við úrlausnir á skuldavandanum. Hvernig voru viðbrögð stjórnmalamanna? Þau voru á þann veg að ekkert væri að marka það sem kæmi fram í þessari skýrslu. Það er umhugsunarefni í sjálfu sér ef við ætlum að fara að dæla inn upplýsingum, og jafnvel í pólitískum ágreiningi um það hverju er safnað eða hvernig það er gert, ef við höldum svo áfram að rífast um tölfraðina.

Það er hægt að leika sér með þetta. Við höfum verið með þessar skammstöfunarstofnanir út um allan heim sem hafa verið að gefa álit sitt á því hvað hefur verið gert, hvaða árangur hafi náðst og hvað hafi breyst, en svo er álit þeirra vefengt. Það er þó eitt atriði sem er svolítið forvitnilegt, bara til gamans: Hæstv. forsætisráðherra er þegar búinn að gefa eitt loforð sem hann getur staðið við. Það var gefið út fyrir margt löngu, af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, að Ísland væri eina landið sem brugðist hefði við skuldavanda heimila af þeirri stærðargráðu sem þá hafði verið gert. Hæstv. forsætisráðherra er því að lofa því í dag að bæta það met. Það er enginn vandi að standa við loforð um að vera fremst í heiminum þegar við erum þegar komin jafn langt og fram kemur í þeirri úttekt, sem ég ætla svo sem ekkert að fullyrða að sé rétt, það er fullyrðing frá öðrum aðila.

Þegar menn fóru að skoða hvernig hægt væri að afla upplýsinga til að meta skuldastöðuna á hverjum tíma, hvernig hagur heimilanna væri og hvernig hann þróaðist,

var auðvitað leitað mjög mikið í skattskýrslurnar. Fjármálaráðuneytið hefur aðgang að slíku og hægt var að vinna það með skattfyrirvöldum og í gegnum fjármálaráðuneytið. Þær skýrslur komu fram. Gefnar voru út stöður í sambandi við það hverjar horfurnar væru og hvar raunverulegur vandi lægi. Þessu til viðbótar — þegar svokölluð 110%-leið sem var raunar 100%-leið á þeim tíma án þess að ég ætli að eyða tíma í að skýra það — vann Íbúðalánasjóður mjög ít- arlega greiningu á því, þegar allir sóttu þar um úrræðið, hver væri vandi viðkomandi heimila. Það sem var forvitnilegt í því, og kom mér á óvart á þeim tíma, var að — og auðvitað verðum við alltaf að forðast að nota meðaltalstölur vegna þess að það segir ekkert um líðan hvers og eins — meðaltalsafborganir af íbúðalánum voru um 90 þús. kr. Við verðum að telja að flestir eigi að ráða við það, það þurfi að minnsta kosti ekki að henda fólki út úr því húsnæði og láta það fara í leiguhúsnæði. Enginn hafði efni á því þá, hvað þá í dag.

Það sem var forvitnilegra var að afborganir af öðrum skuldbindingum, öðrum lánum, voru jafnháar. Menn voru að borga allt upp í 180 þús. kr. í afborganir á mánuði og um það bil helmingurinn var ekki vegna íbúðalána heldur vegna bílalána, vegna skuldbindinga af kaupum á alla vega vöru og þjónustu, yfirdrætti og öðru slíku. Þá sá maður strax fyrir sér að það að lækka höfuðstólinn á lánum Íbúðalánasjóðs hefði ekki skilað sér beint til lausnar fyrir þennan hóp. Sá vandi yrði áfram óleystur.

Við höfum ekki enn fengið svör um það hvort úrvinnslan eða hagtolurnar, sem á að fara að safna, eða tölfraði, eigi að opna á að leysa þennan vanda líka. Þegar menn voru búnir að glíma við þessa tölfraði á sínum tíma var málið sett í þann farveg að Hagstofunni var falið — það kemur í ljós að hún hefur hvað víðtækastar heimildir til að safna gögnum — að halda utan um upplýsingar, reyna að safna þeim saman og vinna úr þeim. Þá kemur næsti þröskuldur. Þegar þeir fara að safna upplýsingum segja bankarnir: Nei, við megum ekki veita ykkur allar þessar upplýsingar, það er brot á bankaleynd, það þarf lagabreytingu til að fá þessar upplýsingar. Og það er rétt, sem komið hefur fram í umræðunni, að það þurfti að fara í lagabreytingu.

Síðan kemur frumvarp á vörðinginu sem eitt af þremur atriðum af þeim tíu sem eru í þingsályktunartillögunni sem átti að framkvæma strax. Það er um að fara í mjög víðtæka söfnun á upplýsingum um heimilin, safna því í einn gagnagrunn. Hægt er að orða það þannig án þess að eyða miklum tíma í það — það voru um sex eða átta greinar sem fóru þarna inn — að ég held að mjög mörgum, bæði í stjórnarliðinu og í stjórnarandstöðu, hafi blöskrað hversu víðtækt það var. Þess vegna var farið í breytingu á þessu. Þá kemur inn tillaga sem dregur þetta mjög saman og kemur núna á haustþinginu. Kannski voru það mistök að hafa ekki unnið það með stjórnarandstöðunni strax í sumar þannig að við gætum þá fengið lengri tíma til að fínþússa það. Þá kemur inn tillaga þar sem búið er að breyta þessu í tvær greinar. Önnur greinin er um það að þær tölur sem safnað verði verði eingöngu nýttar sem hagtolur, ekki sé heimilt að veita stjórnvöldum upplýsingar frekar um einstakar tölur eða upplýsingar úr þessum gagnabanka, og hins vegar bráða- birgðaákvæði sem kemur inn með nánari útlístan á hvaða

gögnum eigi að safna og hjá hverjum megi safna. Það var hluti af gagnrýninni að menn sögðu: Ja, það er hægt að fara að safna — ef maður hefur gleymt að borga reikning frá sálfræðingum, læknum o.s.frv. þá ætti að fara að safna því líka. Menn drógu úr þessu og þéttu þetta saman en eftir sem áður var þetta gríðarlega víðtækt.

Það sem var forvitnilegt í þessu var að í millitíðinni hafði verið haft samráð við nýskipiðan hóp sem átti að leysa úr húsnæðisvandinum. Hann á að gera tillögur í nóvember um það hvernig eigi að bregðast við og leysa þennan höfuðstólsvanda. Út úr því kemur löng upptalning sem fer inn í þetta bráðabirgðaákvæði. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þetta upp. Í breytingartillögu frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar, sem kemur beint frá þessari nefnd, stendur — ég verð leiðrétur ef það er ekki rétt hjá mér:

„Undir slíka upplýsingagjöf falla einvörðungu upplýsingar um grunnforsendur láns, þ.e. hver sé lántaki, stöðu láns, skilmála, upphafs- og lokagjalddaga, fjölda afborgana, vaxtakjör, tegund lántöku, afborganir og innaborganir, verðbætur og áfallna vexti, greiðslueiginleika, veð og tryggingar að því er varðar lán til húsnæðiskaupa, vanskil og úrræði í þágu skuldara sem tengjast láninu, auk upplýsinga um uppgreiðslu.“

Síðan var skilgreint hvar ætti að fá upplýsingarnar — það var Íbúðalánasjóður og slitastjórnir voru nefndar, t.d. ef maður tæki lánastofnanir og alla þá sem væru að ástunda lánastarfsemi, og Lánasjóður íslenskra námsmanna var nefndur.

Það er ein megingagnrýni okkar á frumvarpið að markmiðið sé ekki nógu skýrt. Af hverju er verið að spyrja um Lánasjóð íslenskra námsmanna? Er það vegna þess að menn ætli að breyta höfuðstól hjá honum líka? Er það vegna þess að það geti hugsanlega haft áhrif á greiðslubyrði og þar af leiðandi greiðsluvanda viðkomandi einstaklinga? Við vitum það ekki. Það er það sem er svo erfitt í frumvarpinu. Hér, í þriðju útgáfunni, er búið að þrengja þetta niður í það að þetta verði nánar skilgreint, þetta sé tíma- bundið og síðan eigi að henda gögnunum svipað og í Sedlabankanum. Það er óþægilegt að vera að samþykkja hverju eigi að safna án þess að vita til hvers verið sé safna upplýsingunum, í hvaða tilgangi eigi að nota þær. Því er ekki svarað. Við gagnrýnum það meðal annars, stjórnarandstaðan, og höfum vakið athygli á því, og það hefur komið fram áður, að ef við ætlum að fara að leysa skuldavandann þurfi að taka á honum heildstætt út af þessu með greiðsluvandann, út af því að margir eru í vandræðum á leigumarkaðnum, skuldbindingar sem þeir hafa eru mjög dýrar — hvernig ætlum við að hjálpa þeim eða erum við bara að fara í höfuðstólsvandann? Ef við ætlum bara að fara í höfuðstólsvandann þá þurfum við lánasjóðinn ekki inn nema það eigi að leiðrétta hann líka. Þessi svör fengum við ekki enda er nefndin afar stutt komin. En við fengum að vita að það er ekki hugmyndin að byggja á þessari tölfraði við ákvörðunartöku í fyrstu lotu því að nefndin á að skila af sér í nóvember. Það kom mér líka mjög á óvart.

Það kom mér líka á óvart að þegar menn voru að tala um það að nefndin sem var að vinna á vegum hæstv. forsætisráðherra, forsætisráðuneytisins, vildi eiga samtal við

Hagstofuna, geta spurt þá, látið þá skoða upplýsingar. Að vísu er tekið sérstaklega fram að allar slíkar upplýsingar sem kallað er eftir af hópnum verði gerðar opinberar en þá erum við allt í einu farin að nota Hagstofu í annað hlutverk en henni er ætlað samkvæmt lögum. Hagstofan hafði ekki gert sér grein fyrir því fyrr en á fundi með nefndinni að væntingar væru um slíkt.

Meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar tók sig að vísu til og breytti þessu ákvæði. Þá er spurningin: Verður þessi umræða eða ekki eða ætlum við bara að nota tölfraðina til að sjá hvaða áhrif verða til lengri tíma? Og þá kemur aðalspurningin sem býið er að reifa ágætlega hér og ég veit að verður gert betur af öðrum, þ.e. þarf þá svona viðamiklar upplýsingar til að fylgjast með þróuninni?

Við ræddum það í byrjun, það kom fram sem sjónarmið og var vitnað í erlenda aðila, að við ættum, svipað og við settum inn með félagsvísana, að fylgjast með hver þróun yrði í samfélaginu á öðrum mælikvörðum en bara hagtolum, hagnæmi og peningalega hlutanum — að við ættum jafnvel að skoða umhverfismál. Við töluðum um félagsvísa til að skoða hvaða þróun væri í samfélaginu: Er fátækt að aukast? Erum við að búa betur að öldruðum? Erum við að búa betur að ungu fólki? Eru skólarnir okkar betri? Eru heilbrigðisstofnanirnar betri eða eru þær að versna? — að við reyndum að halda utan um slíkt. Þá kom fram sá spennandi hluti að við ættum að búa til tölfraði sem gæti svarað okkur um það hver þróunin væri í afkomu heimilanna. En það er stærra verkefni að gera það svo hóflega að við séum ekki bókstaflega með allt undir og getum átt á hættu að með nútímatækni kæmist einhver inn í slík gögn og gæti séð nánast allar skuldir einstaklinga og misnotað þær upplýsingar, vissulega er hætt á því.

Ég hef valið að rekja þessi vandamál vegna þess að það er það sem býr að baki álitu minni hlutans. Við þekkjum mjög vel þörfina fyrir að hafa góðar upplýsingar og vandaðar og geta tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra. Það vantar okkur almennt í samfélaginu. Við þurfum að vinna það og við þurfum að gera það þannig að það geti orðið varanlegt og við getum haft það sem mælikvarða og við getum tryggt að það standist lög um persónuvernd og mannréttindaákvæði í Evrópusáttmálum og í heiminum. Um það snúast efasemdir okkar. Þess vegna báðum við um frest til að skoða málið betur, ekki til að bíða heldur til að vinna með nefndinni að frekari útfærslu þannig að við mættum svara betur athugasemdum sem koma frá Persónuvernd, sem koma frá Lögfræðingafélaginu, sem koma frá ýmsum aðilum.

Allir í nefndinni hafa skilning á því að við þurfum upplýsingar. Allir viðurkenna að við þurfum að geta byggt á einhverri tölfraði til að geta fylgst með þróuninni. En ég held að margir, og margir í stjórnarliðinu líka, hafi gert ráð fyrir að með því að safna svona ítarlegum upplýsingum væri hægt að ýta á enter-takkann, fylgjast með því og segja: Bíddu nú við, hvaða úrræði fæ ég þá? Það er ekki þannig og það er alveg skýrt tekið fram í frumvarpinu eins og það liggur fyrir að ekki er hægt að nota þetta í slíka beina útreikninga. Það verður algerlega óleyst og verður væntanlega gert með því að menn verði að sækja um þegar þar að kemur.

Þá koma upp ýmis álitamál sem eru líka fólgin í breytingartillöggunni og því hverjir eru að safna upplýsingum. Bedið er um að fá að sjá öll úrræði sem skuldari hefur fengið. Er það ávísun upp á að nýi hópurinn, sem valdi að hafa þetta í textanum, ætli þá að draga það frá höfuðstöðsleiðréttingunni? Hafi menn farið í 110%-leiðina, hafi menn farið í eitthvert annað úrræði, verður það dregið frá? Við höfum ekki séð svör og það er vont að búa til tölfraðigrunn ef maður hefur ekki hugmynd um hverju verði er að leita að. Það er kannski það sem þvælist mest fyrir okkur í augnablikinu varðandi þetta mál.

Við styðjum áform um að reyna að komast að sem bestri niðurstöðu. Við styðjum það líka að vilji kjósenda ná fram að ganga og að reynt verði að finna lausnir til að hjálpa fólki þannig að það sé ekki í skuldafjötrum, þannig að það geti lifað eðlilegu lífi, tekið þátt í lífinu, án þess að vera fast í fjötra skulda sem verðtryggingin hefur lagt á það. En við verðum að vanda okkur vegna þess að því hefur verið lofað að kostnaður falli ekki á ríkissjóð — guð láti gott á vita að það takist. Eftir sem áður verðum við að tryggja að samfélagið geti rekið sig áfram og að allir fái notið sín. Það má ekki fara þannig að við sleppum heilu hópnum sem verða þá áfram í vandræðum, hafandi notað allt svigrúm sem hugsanlega er hægt að skapa til að hjálpa þeim sem þurfa kannski minnst á því að halda.

Þetta er ástæðan fyrir minnihlutaaðili okkar og þeirri niðurstöðu sem þar kemur fram. Í fyrsta lagi teljum við þetta vera of víðtækt, að ekki þurfi þessar upplýsingar til að ná fram því sem við vildum. Við bjóðum fram aðstoð okkar og samstarf, sem hefur að mörgu leyti verið mjög gott. Við þurfum bara aðeins lengri tíma til að útfæra þetta betur þannig að það megi þjóna tilgangi sínum, skýra betur markmiðin, afmarka betur verkefnið. Ef við gefum okkur tíma í hálfan mánuð, þrjár vikur — það tefur ekki úrvinnsluna en kostar töluverða vinnu — getum við staðið uppi sem einn hópur á þinginu með tillögu sem stenst stjórnarskrá, persónuverndarákvæði og mannréttindaákvæði. Þá værum við að ná verulegum árangri. Ef það er eitthvað sem viðheldur þeim erfiðleikum sem við höfum átt við að etja þá er það það að við búum endalaust við það að menn vegfengi niðurstöður og vegfengi allar aðgerðir, togi okkur út og suður vegna þess að aðgerðirnar ná ekki til réttara aðila, leysi ekki málin o.s.frv. Það er kvíðvænlegur vetur ef við förum út í það. Þess vegna erum við að tala um að reyna að safna tölfraði en þá þurfum við líka að fókusera það betur og ná því markmiði með skárrí hætti en hér er gert.

Ég sagði strax og þetta kom til nefndarinnar: Við munum gera allt til að hjálpa ykkur til að fá þessar upplýsingar vegna þess að við höfum ávallt verið að leita að þeim. Og það munum við líka gera. En ekki biðja okkur að gera það þannig að það gangi út yfir mannréttindi og persónuvernd. Þá er of langt gengið og sérstaklega ef í ljós kemur, eins og okkur sýnist, að ekki eigi einu sinni að nota þessar upplýsingar til að hjálpa fólki í fyrstu lotu heldur svona meira til að hafa þær í safninu ef við þurfum á þeim að halda síðar.

[18:00]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Við ræðum frumvarp til laga um

breytingu á lögum um Hagstofu Íslands. Hér hefur hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson mælt fyrir nefndarálitni minni hluta í því máli og hafa félagar mínir í minni hlutanum, hv. þingmenn Páll Valur Björnsson og Guðbjartur Hannesson, jafnframt farið yfir þær röksemdir sem fram koma í nefndarálitni minni hluta. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem þar hafa komið fram í öllum meginatriðum og áreitað það sem fram hefur komið að það er ríkur skilningur hjá okkur sem ritum undir nefndarálit minni hluta á því að mikilvægt er að hafa yfir að ráða vönduðum upplýsingum og skýrum talnagögnum um til þess að veга og meta ákvarðanir og aðgerðir stjórnvalda á hverjum tíma en ekki síður til þess að lesa í það hvernig samfélagið þróast á hverjum tíma.

En það er jafn mikilvægt að samstaða sé um tilurð, utanumhald og grundvöll slíkra upplýsinga. Við höfum, eins og hv. þm. Guðbjartur Hannesson rakti ágætlega áðan, langa sögu um ósætti um nálgunina hvað þetta varðar. Við vitum að óháð því hvort um er að ræða opinbera aðila eða hvaða aðilar það eru sem safna gögnum á hverjum tíma þá á eftir að túlka gögnin, það á eftir að túlka tölurnar. Ég vil í því samhengi vitna í umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna sem kom um málið þegar það var í fyrri búningi, til þess að minna okkur aðeins á þessa stöðu.

Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að vera hlynnt frumvarpinu geta HH [sic] ekki séð að með söfnun upplýsinga um heimilin frá fjármálafyrirtækjum verði varpað ljósi á mikið meira en meinta skuldastöðu þeirra eins og hún er tilgreind af lánveitendum. Hins vegar þarf ekki síður, og er í raun enn mikilvægara, að aflað verði áreiðanlegra og marktækra upplýsinga um það hver sé raunveruleg skuldastaða heimila, lögum samkvæmt.“

Það er í raun viðfangsefnið sem við stöndum frammi fyrir eftir sem áður óháð því hverjar upplýsingarnar eru, óháð því hver tilurð þeirra og grundvöllur er. Þess vegna skiptir óendanlega miklu máli að hér sé að minnsta kosti þverpólísk samstaða um það hvernig við nálgumst viðfangsefnið og að við sjáum glitta í slíka samstöðu, að við sjáum glitta í samstöðu um útfærsluna þegar við erum samála um mikilvægið. Og þegar meiri hlutinn ákveður síðan að fara fram með málið í krafti meirihlutavalds hef ég enn þá meiri áhyggjur af því að þessi gögn muni síður nýtast.

Þá er ég ekki enn þá farin að tala um hin stóru prinsippmál sem hér hafa verið rædd og reifuð, þ.e. í fyrsta lagi samþýðanleika eða samræmi við stjórnarskrá. Það er ótvírætt og óumdeilt og hefur komið fram hjá öllum sem um málið fjalla í nefndinni, að gengið er á stjórnarskrávarrin réttindi til friðhelgi einkalífisins með frumvarpinu. Við vitum að tilgreind eru sjónarmið sem þurfa að liggja fyrir til þess að unnt sé að verja það að fara á svig við stjórnarskrá. Þar liggur ágreiningurinn; er meðalhóf virt? Eru vægari aðgerðir færar til þess að ná sama markmiði? Það er rétt sem komið hefur fram hjá hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni og fleirum að við fengum ekki tíma til þess að ræða það. Það dugar ekki gagnvart stjórnarskrá að neyða okkur til þess að ganga lengra en nauðsynlegt er í tímapressu. Það er ekki verjandi gagnvart grunnlöggjöf samfélagsins og mannréttindaákvæðum og allra síst, virðulegi forseti, þegar það er ekki einu sinni svo að hér sé neyðarástand. Það er það ekki.

Komið hefur fram ítrekað í umræðum í nefndinni að gögnin þurfa ekki að liggja fyrir til þess að nefnd um höfuðstólslækkun geti lokið störfum og skilað tillögum sínum í nóvember. Gögnin þurfa ekki að liggja fyrir.

Hins vegar er nokkur áherslumunur í því, bæði í nefndarálitni og í því sem sagt er, hvort gögnin þurfi að liggja fyrir þegar kemur að því að taka afstöðu til þessara tillagna. Hv. þm. Árni Þ. Sigurðsson benti á það í andsvari að það hefði komið fram í máli hv. þm. Líneikar Önnu Sævarsdóttur þegar hún fullyrta í ræðustól að þessi grunnur þyrfti að vera fyrir hendi til að taka afstöðu til tillagnanna, þ.e. áður en aðgerðunum yrði ýtt úr vör.

Virðulegi forseti. Um það greinir fólk á í umræðum og í nefndinni og mér finnst eiginlega ótrúlegt að við skulum enn þá, á þessum tímamarki eftir að hafa verið að ræða svo ítarlega svona afdrifaríkt mál, sjá svo mismunandi áferð að því er varðar markmið málsins því að það er svo skýrt tekið fram alls staðar; Lögmannaafélagið tekur það skýrt fram, einnig Mannréttindaskrifstofa og Persónuvernd og svo njótum við auðvitað leiðsagnar í lögum og stjórnarskrá, að þetta þarf að vera algjörlega klárt. Þetta þarf að liggja algjörlega fyrir, það gengur ekki að þetta sé óljóst.

Til að takmarka mannréttindi þurfa rökin að vera skýr og tilgangurinn þarf að vera brýnn og það þarf að vera skýrt samhengi á milli markmiðsins og gagnasöfnunarinnar. Það gengur ekki að segja: Við ætlum að vera með svona tiltölulega vítt markmið og síðan ætlum við að safna gögnum og svo kemur kannski í ljós að við getum notað þessi gögn enn þá meira en við áttuðum okkur á í byrjun. Það gengur ekki, ekki gagnvart því þegar við rökstyðjum ríka almannahagsmuni sem réttlæta það að gengið sé á mannréttindaákvæði og persónuverndarákvæði. Þannig er það sem betur fer. Þess vegna vekur það mér nokkrar áhyggjur að stjórnarmeirihlutinn virðist samt sem áður ætla að fara fram með málið í prinsippágreiningu. Það er ekki ágreiningur um að þetta er eitthvað sem er skynsamlegt og gott að gera og við erum svo nálægt því að ná saman um það.

Ég vil líka nota tækifærið til að þakka forustu nefndarinnar, bæði hv. framsögumanni málsins og hv. formanni nefndarinnar, fyrir að halda afar vel á málinu og fyrir að leggja við hlustir og reyna að koma til móts við sjónarmið. Það var sérlega góður andi í nefndinni og ég held að við höfum öll fundið að við viljum vera samferða. Það var held ég alveg einlæg tilfinning okkar allra. Þess vegna finnst mér vont að það skuli vera fyrst og fremst einhvers konar ytri pólitísk áhrif eða ytri pólitískar ástæður sem gera það að verkum að við erum komin á þann stað þar sem við erum núna, að við erum með mál sem við vitum öll að gæti verið miklu betur útbúið, að það eru stórar pólitískar spurningar sem ekki hefur verið svarað, að hér er verið ótvírætt að ganga á svig við stjórnarskrá og að við skulum standa frammi fyrir því að stjórnarmeirihlutinn ætli samt sem áður að taka þessa áhættu.

Mér finnst það verulegt umhugsunar- og áhyggjuefni. Hvernig ætlar stjórnarmeirihlutinn að réttlæta svona róttækar aðgerðir sem ganga þetta langt? Aðgerðirnar eru í raun og veru ekki rökstuddar með fullnægjandi hætti í nefndarálitinu þar sem menn fullyrða eitt og annað, að könnun nái ekki sömu markmiðum og svo framvegis. Það er fullyrt án

þess að farið sé ofan í saumana á því af hverju svo er ekki. Hér var til að mynda nefnt að það væri enn þá meiri hættu á rekjanleika upplýsinga ef tekið væri úrtak en ef allt væri vitað um alla. Það hljómar nú í mínum huga eins og þversögn, að það sé hættulegra að vita mikið um aðeins færri en að vita mikið um alla. Það er einhvern veginn eitthvað sem stenst illa að mínu mati.

Það voru efasemdir hjá mjög mörgum sem komu á fund nefndarinnar. Hér er Persónuvernd nefnd ítrekað. Ég held að það sé mikilvægt að halda til haga því sem fram kemur í umsögn Persónuverndar vegna þess að hún reyndist okkur vel í þessu máli. Hún er kannski akkúrat sá aðili sem á að vakta 71. gr. stjórnarskrárinnar og auðvitað 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og með vísan til þess kemur fram í umsögn Persónuverndar strax í júní þegar frumvarpið lá fyrir í upprunalegri mynd, með leyfi forseta:

„Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri viðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu. Persónuvernd hefur efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafn viðtækum persónuupplýsingum og hér um ræðir til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Í frumvarpinu skortir útskýringar á því hvers vegna þörf er talin á svo víðurhlutamiklum afskiptum af friðhelgi einkalífs.“

Þetta var skrifað í júní. Síðan var farið í breytingar á málinu, eins og rakið var í framsögu framsögumanns og kemur fram í umsögn Persónuverndar í september, með leyfi forseta:

„Fyrirgreind umsögn Persónuverndar“, þ.e. sú sem var dags. 25. júní 2013, „byggist meðal annars á því að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins. Persónuvernd telur þá forsendu enn eiga við og áréttar því fyrri umsögn hvað það varðar.“

Þetta var nú í september. Síðan er gengið enn lengra í því að reyna að koma til móts við sjónarmið og nú á allra síðustu dögum eru þessi sjónarmið enn áréttuð af hendi Persónuverndar. Persónuvernd telur að eðlisbreytingar hafi engar orðið í málinu þrátt fyrir tæknilegar útfærslubreytingar á leiðinni, sem ég vil að komi fram að ég tel að hafi verið gerðar af góðum hug og hafi virkilega verið gerðar til þess að koma til móts við þessi sjónarmið.

Ég vil fara örfáum orðum yfir það sem fram kemur í nefndarálitinu um málsmeðferðina og samspilið við tímalínuna og það ytra umhverfi sem við erum í. Afgreiðsla þessa tiltekna máls er hluti af tíu punkta áætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. forsætisráðherra til hjálpar skuldsettum heimilum, þannig að það er pólitísk spenna í málinu. Það er pólitísk spenna undirliggjandi, menn þurfa að geta merkt í excel-skjalíð sitt hvenær þeir eru búnir að þessu og hinu, þannig er það þó að síðan hafi komið fram við umræðuna og umfjöllunina að þetta mál eitt og sér sé kannski ekki það sem skilji á milli feigs og ófeigs í aðgerðum.

Það hefur líka komið fram í meðferð málsins þegar við ræðum það af einlægni í nefndinni að það er vilji til þess að nefndin sem heild komi að því að leysa málið með farsælum hætti. En svo virðist sem þessi pólitíska spenna sé það

sem vegi þyngst í hagsmunamati meiri hlutans í því að taka ákvörðun um að ýta málinu í gegn þrátt fyrir eindreginn og margyfirlýstan vilja minni hlutans og stjórnarandstöðunnar í þá veru að komast að farsælli þverpólitískri og skynsamlegri niðurstöðu. Það veldur mér mjög miklum vonbrigðum. Það veldur mér ekki bara vonbrigðum vegna þess að þetta er mál sem er þess eðlis að það er mikilvægt fyrir okkur að vera samstiga í því. Þetta er viðfangsefni sem verið hefur til staðar allt frá hrúni, þetta er viðfangsefni sem hlýtur að þurfa að byggja á ákveðnum sáttmála, ekki síst vegna þess að í áformum nýrrar ríkisstjórnar, í áferð og textum sem frá henni hafa komið, kemur ítrekað fram vilji til raunverulegs samráðs. Hæstv. forsætisráðherra talaði nú um það síðast í gær að mikilvægt væri að innstæða væri fyrir samráði, það væri ekki sýndarsamráð og að ekki væri verið að kalla menn til funda og svo væri ekkert meint með því og svo framvegis.

Einmitt þegar það er þannig og það er ekki partur af einhverjum pólitískum skollaleik heldur þegar raunverulegur vilji er til þess að taka málið aftur inn til nefndar og vinna það betur og blásið er á þann vilja finnst mér það ekki gefa góð fyrirheit um hvað fólk meinar í raun og veru með því að lýsa því yfir að það vilji samstarf.

Ég verð að ítreka það að ég finn ekki fyrir þessum tvískinnungi inni í nefndinni sjálfri heldur tel ég að þetta sé frekar hluti af ytri pólitískum aðstæðum málsins sem þrýsta því inn í þennan þrönga farveg sem ekki er farsæll, ekki fyrir þingið, ekki fyrir stjórnarskrána og ekki farsæll fyrir málið sem slíkt, hvorki þau talnagögn sem þarna munu liggja fyrir né það hvernig með þau verður farið. Við sjáum að í spilunum liggur að það verður ágreiningur um það hvernig þessi gögn verða túlkuð vegna þess hvernig þau koma til. Bara það eitt og sér finnst mér gera það að verkum að menn ættu að hika aðeins við að taka áhættu gagnvart hagsmunamati varðandi persónuverndarsjónarmið og mannréttindaákvæði.

Virðulegur forseti. Ég vil nefna það í lokin að ég óska eftir því að málið verði tekið inn til nefndar milli 2. og 3. umr. vegna þess að ég vil að við freistum þess að gera eina atögu í viðbót. Ég vil að við nálgumst málið einu sinni enn þannig að við reynum að ná um það betri sátt. Ég er sannfærð um að það er hægt. Ég er ekki sannfærð um að hægt sé að gera það á mjög stuttum tíma, einhverjum klukkutímum, en ég er sannfærð um að það er hægt að gera það á einhverjum dögum eða fram að þeim tíma sem er fram að þingsetningu 1. október.

Ég lýsi vilja mínum og okkar í þingflokki VG til þess að taka þátt í slíkri vinnu og ég hef heyrt að félagar mínir í minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar eru á sömu skoðun þó að þar kunni að vera áherslumunur á að því er varðar nálgunina við verkefnið, hvernig rétt sé að nálgast það. Enn er viljinn fyrir hendi og hann er raunverulegur. Mér finnst hann dýrmætur. Og vegna þess að við erum að tala um virðingu þingsins og reyna að ná árangri í störfum okkar þá er dýrmætt að skynja samstarfsvilja þegar hann er í raun fyrir hendi og nota hann. Við höfum stundum talað um að hér hafa verið gerðar rannsóknir og úttektir á virðingu þingsins og afstöðu almennings til þingsins og svo framvegis og þess hvernig við tölum hvert til annars og allt

það og setja það í alls konar starfshópa og farvegi og nefndir.

Við getum talað hér tárvot á tyllidögum um hvað við getum gert miklu betur og hvað þingið er stórkostlegt og allt það og svo förum við í sama farveginn aftur og aftur. En þarna er í raun um það að ræða að það er einlægur vilji til þess að taka vel utan um þetta mál og gera það svo að fullur sómi sé að. Ég tel einsýnt, virðulegi forseti, að það eigum við að gera. Við eigum að taka málið inn til nefndar milli 2. og 3. umr. og freista þess að kortleggja það. Við getum kortlagt það á mjög stuttum tíma, gert vinnuáætlun um það hvernig best sé að nálgast þetta mikilvæga og víðfeðma verkefni og ganga í verkið þingræðinu til sóma og okkur sjálfum til gleði.

[18:20]

### **Óttarr Proppé (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég tók til máls við 1. umr. um frumvarpið þegar það var lagt fram í fyrsta skiptið óbreytt og varaði sérstaklega við persónuverndarsjónarmiðum og ít-rekaði við þingheim mikilvægi friðhelgi einkalífsins og friðhelgi einstaklinga.

Nú hefur komið fram breytingartillaga sem er vissulega til bóta en ég sé ekki að hún gangi nógu langt. Ég verð að taka undir með þeim þingmönnum, við verðum að segja minni hlutans, sem hafa talað hérna á undan mér að enn er í raun og veru óskýrt að tilgangur frumvarpsins sé nógu ríkur til þess að réttlæta þann vafa — sem við gefum því að við getum kallað það vafa en sem allir virðast nú vera sammála um — um að frumvarpið geti samræmst stjórnarskrá og mannréttindasáttmálanum.

Ég vil minna á að ákvæði um friðhelgi einkalífsins í stjórnarskrá og í mannréttindasáttmála Evrópu eru ekki sett þar inn léttvægt eða í gríni heldur eru þetta mikilvæg mannréttindi og þau eiga alltaf við. Þau eiga allir að virða og þau eiga alveg sérstaklega við þegar um stjórnvald er að ræða. Þess vegna vildi ég minna þingheim á að við erum vissulega stjórnvald og það ekkert smá stjórnvald, við erum löggjafinn í landinu, og það er okkar skylda að samþykka ekki frumvörp eða tillögur sem brjóta í bága við stjórnarskrá og réttindi einstaklinga nema virkilega ríkir almannahagsmunir séu á ferðinni.

Ég vil meina að við séum komin á hálán ís. Breytingartillögunar gera frumvarpið vissulega skárri en ég verð að taka undir með álitni minni hluta nefndarinnar að þær ganga ekki nógu langt. Mér finnst þær ekki breyta því að við erum á hálum ís og það að ferðast á hálum ís verður ekkert hættu-minna þó svo að það sé gert með góðum ásetningi. Þess vegna vil ég taka undir með minni hluta nefndarinnar og óska þess, ef frumvarpið verður ekki lagt til hliðar, að unnið verði alla vega með það áfram.

Umræðu frestað.

[18:23]

### **Útbýting:**

Erlendir ríkisborgarar í íslenskum fangelsum, 46. mál, fsp. SilG, þskj. 111.

Fangelsismál, 45. mál, fsp. SilG, þskj. 110.

Lengd náms tíma í framhaldsskólum, 49. mál, fsp. SSV, þskj. 114.

Rafrænt eftirlit með föngum, 47. mál, fsp. SilG, þskj. 112.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða, 48. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 113.

Fundi slitið kl. 18:24.



## 27. FUNDUR

fimmtudaginn 12. september,  
kl. 10.30 árdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Evrópumál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra.
3. Almannatryggingar, frv., 35. mál, þskj. 94. — 2. umr.
4. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, stjfrv., 48. mál, þskj. 113. — 1. umr. *Efleyft verður.*
5. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 14, nál. 107 og 109, brtt. 108. — Frh. 2. umr.
6. Staðan á leigumarkaðinum (sérstök umræða).
7. Bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, þáltill., 40. mál, þskj. 102. — Fyrri umr.
8. Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, þáltill., 37. mál, þskj. 96. — Fyrri umr.

### Fjarvistarleyfi:

Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm.  
Suðurk.

### Vísun skýrslna Ríkisendurskoðunar til nefnda.

[10:32]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti tilkynnir að með bréfi, dags. 11. september sl., hefur forseti óskað eftir því við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, samanber ákvæði 8. töluliðar 1. mgr. 13. gr. þingskapa, að hún fjalli um eftirfarandi skýrslur frá Ríkisendurskoðun; skýrslu um sjálfseignarstofnanir og sjóði 2011, skýrslu um reiknilíkan heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni, skýrslu um rekstur og stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs, skýrslu um sjúkraflyg á Íslandi og skýrslu um skipulag og úrræði í fangelsismálum.

Forseti hefur einnig óskað eftir því með bréfi, dags. 11. september, að fjárlaganefnd, samanber 8. tölulið 1. mgr. 13. gr. þingskapa, fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrir tímabilið janúar til desember 2012.

### Tilhögun þingfundar.

[10:33]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti tekur fram að hann hyggst láta fara fram atkvæðagreiðslur, annars vegar um 3. dagskrármálið, almannatryggingar, og hins vegar afbrigði vegna 4. dagskrármáls um kl. 11 á eftir.

### Störf þingsins.

[10:33]

#### Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir þessum lið til að vekja athygli á máli sem dreift hefur verið hér á Alþingi, tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar um mál-efni hinsegin fólks, sem flutt er af mér og hv. þingmönnum Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Svandísi Svavarsdóttur og Oddnýju G. Harðardóttur.

Nú er það svo að við höfum verið nokkuð ánægð með árangur okkar þegar kemur að því að jafna réttindi allra í samfélaginu, hinsegin fólks sem og annarra. Þó virðist vera að gera megi talsvert betur og ástæða þess að þessi tillaga er lögð fram er að Samtökin 78 kynntu í vor svokallað regnbogakort sem mælir stöðu hinsegin fólks í ólíkum ríkjum Evrópu. Þar kemur fram að Ísland er í tíunda sæti af 49 ríkjum sem athuguð voru og þar liggjum við nokkru neðar en til að mynda Noregur og Svíþjóð. Meðal þess sem var kannað er löggiöf og stefna gegn mismunun, hælisveitingar, lagaleg staðfesting á kyni, vernd gegn hatursorðræðu, fjölskylduviðurkenning og virðing fyrir funda-, félaga- og tjáningarfrelsi.

Þetta vakti talsverða athygli mína því að við höfum verið stolt af þeim árangri sem við höfum náð í þessum mál-efnum og yfirleitt náð um það hér á Alþingi þverpólitískri samstöðu þegar við höfum staðið að réttarbótum í þessum málaflokk. Hins vegar sýnir þetta að úrbóta er þörf. Þetta sýnir líka að þessi réttindi eru auðvitað aldrei sjálfgefin og í ríkjum Evrópu sjáum við því miður hreina afturför þegar kemur að réttindum hinsegin fólks.

Við eigum að vera í fremstu röð þegar kemur að þessum málaflokk. Við höfum oft náð góðum árangri þar og því vonast ég til þess og hvet hv. þingmenn til þess að standa saman um það — ég veit að hæstv. félagsmálaráðherra í velferðarráðuneytinu mun standa með okkur í því að þó ekki náist að mæla fyrir málinu á þessu stutta þingi þá náist að mæla (Forseti hringir.) fyrir því á nýju þingi. Ég vona að hv. þingmenn sameinist um að afgreiða slíka tillögu.

[10:36]

#### Elín Hirst (S):

Herra forseti. Mig langar að gera að umtalsefni grein sem Jón Steinsson, hagfræðingur og aðstoðarprofessor við Columbia-háskólann, skrifaði nýlega og vakti athygli mína og áhuga.

Heimsmarkaðsverð á endurnýjanlegri orku, eins og þeirri sem við höfum upp á að bjóða, hefur hækkað verulega á síðustu árum. Þessi þróun hefur gert það að verkum að orkuauðlindir okkar eru margfalt verðmætari en þær voru fyrir áratug.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði á ársfundi fyrirtækisins að lagning sæstrengs til Evrópu væri líklega stærsta viðskiptatækifæri sem Íslendingar hefðu staðið frammi fyrir, margt benti til þess að áhrif sæstrengs mundu stórbæta lífskjör Íslendinga.

Jón Steinsson hagfræðingur segir í greininni að stór hluti þeirrar orku sem við mundum selja um þennan streng, líklega 30–40%, yrði umframorka sem nú þegar er til stað-

ar. Þar sem álverin eyðileggjast ef slökkt er á þeim í meira en örfáar klukkustundir hefur Landsvirkjun þurft að byggja virkjanir sem eru nægilega stórar til að geta annað orkubörf álveranna, jafnvel á versta tíma í afleitu vatnsári. Öll hin ár-in, þegar vatnsbúskapurinn er góður, flæðir talsvert vatn fram hjá algjörlega óbeislað. Verðmætin sem þarna fara forgörðum skipta tugum milljarða. Með sæstreng væri hægt að fanga þessa umframorku og selja með litlum tilkostnaði.

Ég legg því til að ríkisstjórnin láti skoða þetta mál af fullri alvöru, t.d. með því að sannreyna áhuga Breta á því að kaupa þessa orku ef ráðist yrði í lagningu sæstrengs.

[10:38]

### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég ákvað að kveðja mér hljóðs undir þessum lið er sú að fylgja eftir fundi sem við þingmenn Norðausturkjördæmis áttum í gær með fulltrúum Eyþings vegna almenningsamgangna. Þar hafa komið fram vandkvæði þar sem tekjur standast ekki áætlanir sem gerðar voru. Það var svo sem ljóst snemma á árinu en vegna kosninga var ákveðið að bíða og þar sem sumarið er auðvitað stærsti tekjupósturinn var ákveðið að láta á það reyna. Nú er komið í ljós að ekki er til nægt fjármagn til að halda úti þessum lið, þ.e. þessari þjónustu. Fulltrúar Eyþings hittu okkur þingmenn annars vegar og hins vegar innanríkisráðherra og ég veit að þeir voru á fundi vegamála-stjóra í morgun.

Almenn ánægja er með umrædda þjónustu. Hún býður upp á aukin lífsgæði á landsbyggðinni sem og á stórhöfuðborgarsvæðinu. Aðgengi að skólum og heilbrigðisþjónustu verður betra, en við þurfum að gera betur til að þetta geti gengið.

Almenningsamgöngur eru hluti af grænni pólitík og það er okkar hér að marka þá stefnu að auka hlutdeild almenningsamgangna með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þess vegna er afar mikilvægt að sú vinna sem nú þegar hefur farið fram nái að þróast áfram. Svona verkefni, eins og við vitum, þarf fjögur, fimm ár til að festa sig í sessi. Það þýðir auðvitað aukið fjármagn til að tryggja þá þróunarvinnu.

Spurning mín til hv. formanns umhverfis- og samgöngunefndar er því hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því í nefnd sinni núna við undirbúning fjárukalaga að sjá til þess að hægt sé að halda úti þessum leiðum Eyþings, sem skipta svo gríðarlega miklu máli fyrir marga, eða hvaða aðra leið hann sjái til þess að leysa úr þeim vanda sem við blasir.

Ljóst er að fara þarf yfir þessi mál í heild sinni. Önnur landshlutasamtök vilja einnig halda vinnunni áfram og þá spyr ég að auki hvort þingmaðurinn ætli að beita sér fyrir því að nefndin taki upp á sína arma hvað varðar framlög hins opinbera (Forseti hringir.) þannig að almenningsamgöngur í hinum dreifðu byggðum geti haldið áfram að eflast og verða raunverulegur valkostur.

[10:40]

### **Höskuldur Þórhallsson (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Það er rétt að við þingmenn Norðausturkjördæmis hittum

forsvarsmenn Eyþings í gær á ágætum fundi þar sem þeir fóru yfir stöðuna sem er grafalvarleg. Ég veit, eins og þingmaðurinn nefndi, að til stendur að funda með Vegagerðinni. Þar hafa menn vonir um að finna fjármagn sem gæti fleytt þeim yfir erfiðasta hjallann, til að halda úti almenningsamgöngum fram að áramótum hið minnsta.

Vandinn er reyndar stærri vegna þess að 3 milljónir og 250 þúsund af þessum 1 milljarði sem veittur var til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu fór svo út um allt land — á meðan ég fékk þær upplýsingar að afslátturinn sem var veittur af olíugjaldinu til almenningsamgangna hefði verið lækkaður. Þessir fjármunir urðu í raun að engu þegar afslátturinn var lækkaður. Mér skilst að það hafi verið gert síðasta vor af ráðherra einhliða, við þurfum reyndar að fá upplýsingar um það á þinginu.

Ég sagði mjög skýrt að það væri verkefni samgöngunefndar að taka málið upp, reyna að halda úti þessari ágæt þjónustu, sem hefur mælst mjög vel fyrir, og sjá hvort ekki sé hægt í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að halda því úti og hvort ekki sé hægt að finna fjármagn, þá bæði í væntanlegum fjárlögum eða fjárukalögum ef vilji stendur til þess. Ég er reiðubúinn og veit að það er vilji (Forseti hringir.) þingmanna nefndarinnar að taka (Forseti hringir.) málið og ræða það.

[10:42]

### **Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Það er kraftur og vilji í fólkinu og fyrirtækjunum í landinu. Því kynntist ég í sumar þegar ég ferðaðist um Suðurkjördæmi og Vesturland og í Kraganum. Það er ánægjulegt að sjá hve víða er mikill vilji til að taka til hendinni og koma atvinnulífínu í gang. Við verðum að rjúfa stöðnun undanfarinna ára og standa saman um það. Þess vegna fagna ég sérstaklega orðum formanns Samfylkingarinnar þegar hann segir að við verðum rjúfa stöðnun undanfarinna ára og nýta tækifærin, byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og almenna velsæld. Undir það hljótum við öll að geta tekið undir.

Við vitum að settur var fleygur fyrir hjól atvinnulífsins. Nú þurfum við að losa hann og koma því af stað.

Það var afar skemmtilegt að koma í fyrirtækið Feng í Hveragerði þar sem stuðlað er að nýsköpun á ýmsum sviðum. Þar eru verkefni sem eru að fara út úr því húsi og út á land og munu skapa fjölda starfa og tækifæra í landbúnaði, í sjávarútvegi. Þau störf munu telja og skipta miklu máli.

Við förum einnig upp á Akranes þar sem við kynntum okkur starfsemi Skagans og Skipasmíðastöðvar Ellerts og Þorgeirs og var afar ánægjulegt og merklegt að koma þangað. Þau fyrirtæki eru að gera stórkostlega hluti. Þar verður hægt að smíða skip í framtíðinni og núna þegar við höfum komið til móts við atvinnulífið og fjárfestingar í sjávarútvegi fara af stað þarf að nota þetta íslenska hugvit og þessi íslensku fyrirtæki.

Við, hv. þingmenn, þurfum að senda skilaboð til fólksins um jákvæða stöðu fram undan og jákvætt líf, um að við ætlum að standa saman að því að efla atvinnulífið og heimilin.

[10:45]

**Jóhanna María Sigmundsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Undanfarin missiri hefur umræðan um matvælaöryggi og matvælaframleiðslu verið mjög áberandi. Fréttir af samdrætti í framleiðslu á lamba- og nautgripakjöti hérlendis hafa vakið upp spurningar sem ég veit að margir leitast við að svara. Hvernig ætlum við að bregðast við þessari þróun? Erum við komin út á hættulega braut? Hvernær verður of seint að snúa við?

Þótt vandinn sé ekki mjög sjáanlegur í dag stefnum við hratt til verri vegar. Eins og fram kom á þingi samtaka norrænna bænda í ágúst sl. þurfa þjóðir að fara að hugsa til framtíðar. Framsóknarflokkurinn hefur mælt fyrir því að matvælaframleiðsla, og þar með landbúnaður á Íslandi, verði aukin til muna, einkum til að mæta auknum þörfum þjóðarinnar.

Aðrar þjóðir heimsins horfa fram á sama vandamál og því er hættulegt fyrir þjóð sem getur verið sjálfri sér nóg, ef vel er að verki staðið, að ætla að treysta á aðkomu annarra og þar með innflutning þegar kemur að matvælum og framleiðslu þeirra. Meðal þess sem kom fram á þingi norrænna bænda var að þjóðir þurfa að endurskipuleggja landbúnaðarstefnu sína á komandi árum til að mæta þeirri þörf matvælaöryggis sem eykst með hverjum degi. Það sem við eigum sameiginlegt með öðrum norrænum löndum er mikið magn af hreinu vatni, endurnýjanlegir orkugjafar auk alls þess landrymis sem við búum yfir og getum með því haft forskot á önnur lönd.

Ísland ætti vitaskuld að nýta sér þessi tækifæri til að vera framarlega í matvælaframleiðslu. Stjórnmalamennt eiga að sjálfsögðu að koma þarna að og meðal annars skapa umhverfi þar sem fjárfesting í matvælaframleiðslu fyrir sitt eigið land er eftirsóknarverð.

Því ítreka ég það við þingið og landbúnaðarráðuneytið að tekið verði til við að móta stefnu um aukna matvælaframleiðslu sem hefur verið kallað eftir áður og greinilegt að þörf er á svo Ísland viti hvert eigi að stefna, hvernig við ætlum að komast að þeim markmiðum um leið og við girðum fyrir þann vanda sem mun skapast ef ekki verður gripið til aðgerða.

[10:47]

**Haraldur Einarsson (F):**

Hæstv. forseti. Mig langar að gera námslán að umtalsefni hér. Nú er háskólanám hafið og fólk byrjað að takast á við námsefni annarinnar. Í upphafi þessarar viku voru 5.579 nemendur sem höfðu sótt um námslán þessa önn. Vinna þessa fólks er hafin til að eiga rétt á námslánum í lok annar. Fyrirhugað er að hækka námslán um 3%, sem er virkilega jákvætt. Samt sem áður eru lán til námsmanna enn undir 150 þús. á mánuði, sem er að mínu mati ósættanlegt í ljósi þess að atvinnuleysisbætur eru yfir 170 þús. og munurinn nalgast 25 þús. kr.

Framtíð margra veltur á þessum lánum. Nám er skipulagt út frá námslánnum og námsframvindu. Reglubreytingar sem áttu að taka gildi fyrir þessa önn setja skipulag námsmanna úr skorðum eins og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur komst að. Innritun var löngu hafin, búið að greiða skólagjöld, drög gerð að stundarskrám og margt fleira.

Nú er að ljúka þriðju viku námsannarinnar. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. menntamálaráðherra til að áfrýja ekki dómi Héraðsdóms Reykjavíkur því að breyting á námsframvindu afturvirkir gæti haft slæmar afleiðingar fyrir háskólanema landsins. Einnig hvet ég Lánasjóð íslenskra námsmanna til að hlíta dómnum þar til annað verður kveðið upp.

[10:49]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Mig langaði að vekja athygli þingheims á svólitíð merkilegum degi sem hefur verið haldinn árlega síðan árið 2008 og er kallaður alþjóðlegur dagur lýðræðis. Því miður hefur Ísland eða íslenska þingið ekki tekið þátt í þessu alþjóðaverkefni en fjöldamargar þjóðir hafa gert það. Þessi dagur á uppruna sinn að rekja til Alþjóðáþingmannasambandsins og þjóðþing víða um heim hafa markað þennan dag með því að fá almenning til að — má ég biðja þingmenn um að hafa hljóð? Össur Skarphéðinsson, hv. þingmaður?

Það er sem sagt þannig að þjóðþing víða um heim hafa gert eitthvað til að reyna að virkja almenning til vitundar um lýðræðisvitund og þroska. Mér þætti mjög við hæfi, sér í lagi út af því að við erum að óska eftir því að finna leiðir til að auka virðingu þessarar stofnunar, að við í það minnsta hefjum vinnu við að undirbúa að halda upp á þennan dag á næsta ári. Það er ljóst að við erum of sein núna, því hann er á sunnudaginn og er haldinn árlega 15. september.

Ég er fastafulltrúi hjá Alþjóðáþingmannasambandinu og var beðin um að lýsa því yfir hvað við ætluðum að gera hér en þurfti að segja að við ætluðum ekki að gera neitt. Ég lofaði að ég mundi vekja athygli á þessu hér í þingsalnum og skora því á forsætisnefnd að koma til samstarfs við Íslandsdeild Alþjóðáþingmannasambandsins og gera eitthvað veglegt á næsta ári.

[10:51]

**Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Hæstv. forseti. Undanfarið hefur farið þó nokkuð fyrir fréttum af því í fjölmiðlum að stór sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi hafi hagnast vel. Það er gott að athygli sé vakin á því en þetta hefur verið sett í samhengi við lækkun veiðigjalda, sem er kórvilla vegna þess að sérstök veiðigjöld allra þessara fyrirtækja hafa hækkað fyrir atbeina stjórnarmeirihlutans sem nú situr og reyndar gegn vilja minni hlutans.

Litla sem enga athygli hefur frétt af hagnaði stærsta verslunarfyrirtækis á Íslandi fengið, sem hagnaðist um 3 milljarða kr. í fyrra í krafti 60% markaðshlutdeildar á Íslandi. Þessi hagnaður er sannarlega sóttur beint í vasa viðskiptavina, þessi hagnaður er sóttur beint í heimilisbókhald heimilanna í landinu. Það hlýtur að vera athugunarefni fyrir stjórnvöld að opna umræðu um verðmyndun á markaði á Íslandi vegna þess að verðmyndun á Íslandi er algjörlega lokað bók. Það eru um það bil 30 ár síðan verðmyndun á Íslandi var gefin frjáls og ég fæ ekki betur séð en að menn hafi brugðist því trausti, þeir höndla ekki að búa við frjálsa og óhefta álagningu samkvæmt þeirri niðurstöðu.

Því hvet ég til þess að menn ihugi alvarlega að opna

umræðuna og opna leiðina að verðmyndun á markaði á Íslandi. (SII: Efla Samkeppniseftirlitið.)

[10:53]

### Unnur Brá Konráðsdóttir (S):

Hæstv. forseti. Mig langar að nota tækifærið og fagna þeirri ákvörðun hæstv. utanríkisráðherra sem tilkynnt var og hefur birst í fjölmiðlum í dag varðandi samninganefndina um Evrópusambandsaðildarviðræðurnar sem fyrri ríkisstjórn lagði til og fékk samþykkt hér í þinginu að færu af stað, ákvörðun ráðherra um að nú lægi það fyrir að nefndin mundi ekki starfa lengur.

Ég hlakka til að fylgjast með umræðunni um Evrópumál hér á eftir. Ég mun ekki eiga þess kost að taka þátt í henni en ég er þess fullviss að við erum á réttari leið í þessu stóra og mikilvæga máli. Ég hlakka til að hlusta á ræðu hæstv. ráðherra á eftir og bíð jafnframt spennt eftir því að fá að heyra af þeim aðgerðum og þeirri ætlun sem ráðherrann er að undirbúa varðandi norðurskaufmálin sem hæstv. forsætisráðherra vék aðeins að í ræðu hér fyrir í vikunni.

[10:54]

### Elsa Lára Arnardóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég verð að minnst á þá alvarlegu stöðu sem mörg íslensk heimili eru nú í. Núna eru um þrjú ár síðan mörg heimili fóru í gegnum 110%-leiðina og í gegnum sértæka skuldaaðlögun. Nú er komið að þeim tímamótum að tími þessara aðgerða er liðinn og samningar sem gerðir voru, m.a. um sértæka skuldaaðlögun, eru að falla úr gildi.

Það sem hefur gerst á undanförunum mánuðum er að mörg íslensk heimili fá bakreikninga vegna aðgerða fyrri ríkisstjórnar og er það miður. Það er ekkert leyndarmál að mitt heimili er eitt þeirra sem fengu bakreikning. Ég opnaði á þau mál í fjölmiðlum í ágúst sl. og eftir það hefur fjöldi einstaklinga haft samband og sagt mér frá stöðu sinni, sem er sú að fjöldi fólks hefur fengið senda slíka bakreikninga og tölur hafa verið nefndar frá 3 upp í 12 milljónir í því samhengi.

Mér finnst þessi vinnubrögð fjármálastofnana til háborinnar skammar og ég spyr mig: Hvers vegna ætli þær gangi svona hart fram núna? Ég hugsa með mér hvort það geti verið vegna þeirra aðgerða sem Framsóknarflokkurinn boðaði í kosningunum og gengur nú í að framkvæma, hvort það geti verið að fjármálastofnanir séu að reyna að hífa upp lán áður en gripið verður til aðgerða. Ef það er raunin er það til háborinnar skammar því að þessi lán hafa vaxið í greiðslubyrði undanfarin ár. Mér finnst þessar aðgerðir síðlausar þrátt fyrir að þær geti verið lögmæt.

Ég mun því leggja áherslu á í störfum mínum sem þingmaður að vandað verði til verka varðandi úrlausnir á skuldamálum heimilanna og vera viss um að gengið verði frá þeim með sóma.

[10:56]

### Guðlaugur Þór Þórðarson (S):

Virðulegi forseti. Það vakti athygli mína áðan að hv. þm. Höskuldur Þórhallsson fór yfir ákveðnar tölur þegar hann nefndi þann milljarð sem samið var um að færi á höfuborgarsvæðið í samgöngur, þ.e. almenningssamgöngur,

sú sáralitla upphæð, að verið væri að plokka af henni. Og til að setja fólk inn í það samhengi þá er það þannig að einhverra hluta vegna var samið um að það svæði á landinu þar sem alvarlegustu umferðarslysín eru, þar sem flest umferðarslysín eru, að þar yrði ekkert gert í samgöngumálum, ekkert, næstu tíu árin.

Á móti kom þessi eini milljarður sem átti að fara í almenningssamgöngur, sem er auðvitað sáralítill upphæð í öllu samhenginu, en nú kemur í ljós að verið er að plokka af honum til annarra svæða og örugglega allt til þarfra verka. En ástæðan fyrir því að ég tel, og hef lagt á það áherslu, að þetta sé afskaplega óskynsamleg ráðstöfun er sú að í Reykjavík, ekki á höfuðborgarsvæðinu, heldur í Reykjavík er langmestur fjöldi alvarlegra slysa. Alvarleg slys eru skilgreind þannig að viðkomandi nær aldrei fullum bata.

Nú eru alvarleg slys og dauðsföll þannig að auðvitað er ekki hægt að meta afleiðingar þeirra til peninga. Þó hefur það verið reynt og var reynt af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands en afskaplega lítil umræða hefur verið um þetta. Kostnaðurinn er á hverju ári 23 milljarðar kr. Ég hvet alla hv. þingmenn og þjóðina alla að hugsa þetta mál, hvort skynsamlegt sé að taka út þann stað á landinu þar sem alvarlegustu slysín verða og segja: Við ætlum ekki að gera neitt hér næstu tíu árin.

[10:59]

### Oddný G. Harðardóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn um tekjulækkun ríkissjóðs sem dreift var á mánudaginn. Þar svarar hæstv. fjármálaráðherra með skýrum hætti þannig að enginn þarf lengur að efast um þá upphæð. Tekjulækkunin er 11,5 milljarðar kr. í ár og á því næsta. Fyrir þá upphæð má reka allar heilbrigðisstofnanir á Patreksfirði, Vestfjarða, Blönduósi, Suðárkróki, Fjallabyggð, Þingeyinga, Austurlands, Suðausturlands, Vestmannaeyja, Suðurlands og Suðurnesja.

Í umræðunni í gær talaði hæstv. fjármálaráðherra um að brúa þyrfti 30 milljarða gat. Reyndar hefur hæstv. forsætisráðherra talað um 30–50 milljarða gat, þeir verða væntanlega búnir að koma sér saman um töluna fyrir framlagningu fjárlagafrumvarpsins. Ástæður stöðunnar eru sagðar vera minni hagnæm en ætlaður var, lægri tekjur en ætlaðar voru og aukin útgjöld. Þess vegna verði að skera niður í velferðarkerfinu og það hljóti allir að sjá og skilja.

Kjör allra versnuðu við efnahagshrunið sem varð fyrir stórkostleg hagstjórnarmistök fyrri ríkisstjórna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Landsframléiðsla dróst saman og fall krónunnar rýrði kjör almennings umtalsvert. Með forgangsröðun sjálfstæðismanna og framsóknarmanna eru auknar byrðar lagðar á herðar þeirra sem þurfa á velferðarþjónustunni að halda en þeim gefinn afsláttur sem hafa hagnast á falli krónunnar.

Virðulegi forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hægri stjórnin sé að afsala sér tekjum og gera aukinn niðurskurð á velferðarþjónustu nauðsynlegan til að skapa rými fyrir einkarekstur í mennta- og velferðarkerfinu.

[11:01]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Í tvö og hálf ár hefur staðið yfir borgarastyrjöld í Sýrlandi. Sjö milljónir manna hafa hrakist frá heimilum sínum. Fjórar milljónir eru vegalausar innan Sýrlands, tvær milljónir manna hafa flúið til nágrannalanda. Fyrir hálfu ári var sú tala ein milljón en hefur tvöfaldast á um hálfu ári. Við heyrum fréttir af því að um 100 þúsund manns hafi þegar látið lífið og nokkrir af þeim sem sinna mannúðarstörfum á þessu svæði hafa einnig látið lífið í þeirri borgarastyrjöld sem nú geisar. Þar geisar nú væntanlega eins sú mesta neyð sem alþjóðlegar hjálparstofnanir þurfa að takast á við og hafa þurft að takast á við á undanförmum árum.

Nýlega bárust þær fréttir frá Svíþjóð að sænsk stjórnvöld hefðu ákveðið að veita sýrlenskum flóttamönnum sérstaka meðferð þannig að þeir sem koma til landsins og fá tímabundið dvalarleyfi af mannúðarástæðum fái sjálfkrafa landvistarleyfi til frambúðar.

Vissulega er hópur flóttamanna frá Sýrlandi stór og mikill og það er augljóst að ekki verður hægt að taka við þeim öllum á Vesturlöndum. En ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til þess að vekja máls á því hryllilega ástandi sem þarna varir og hvetja til þess að íslensk stjórnvöld taki málið til umfjöllunar og taki það svipuðum tókum og þau sænsku hafa gert og sýni rausnarskap í verki gagnvart þurfsandi flóttamönnum frá Sýrlandi.

[11:03]

**Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Úthafs-rækjuveiðar voru gefnar frjálsar árið 2010 en þá höfðu ekki verið nýttar þær heimildir sem handhafar rækjukvótans höfðu og aðrar útgerðir hafa verið að byggja upp veiðireynslu líft og rækjuvinnslan Kampi á Ísafirði.

Nú er í smíðum nýtt frumvarp um rækjukvóta sem gerir ráð fyrir að 70% aflahluteildar miðist við eldri aflahluteildir og 30% taki mið af veiðireynslu síðustu þriggja ára. Þessi ráðstöfun mun koma mjög illa við þær útgerðir sem hafa verið að byggja upp veiðireynslu síðastliðin þrjú ár, eins og rækjuvinnslan Kampi á Ísafirði en þar blasir við að fyrirtækið muni jafnvel þurfa að loka og 100 störf tapast úr bæjarfélaginu.

Þess má geta að áður en rækjuveiðar voru gefnar frjálsar höfðu einungis um 8% af handhöfum rækjukvótans nýtt sinn kvóta, leigt hann eða ekki talið hagkvæmt að veiða hann. Ég tel því að nauðsynlegt sé að stokka upp þetta kerfi að nýju og hugsa það upp á nýtt því að varla er það vilji stjórnvalda að 100 störf tapist þar sem menn hafa verið að byggja upp öflugt rækjuvinnslufyrirtæki, í þessu tilfelli á Ísafirði, og getur það átt við um fleiri staði sem hafa verið að nýta sér þessar frjálsu veiðar síðastliðin þrjú ár þar sem aðrir sem höfðu heimildirnar höfðu ekki hug á að nýta sér aflaheimildir sínar.

Ég vil vekja athygli á því að bæjarráð Ísafjarðar hefur mótmælt þessu harðlega og miklar áhyggjur eru í því bæjarfélagi um framtíð þessa fyrirtækis. Ég skora á hæstv. ráðherra að skoða þessi mál vel og (Forseti hringir.) kalla til samráðs stjórnarandstöðuna (Forseti hringir.) í þessu máli

sem öðrum (Forseti hringir.) er varða sjávarútvegsmálin.

Umræðu lokið.

**Almannatryggingar, 2. umr.**

Frv. velfn., 35. mál (breytt orðalag ákvæðis til bráða-birgða). — Þskj. 94.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:07]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

**Evrópumál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra.**

[11:07]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Á grundvelli 2. mgr. 86. gr. þingskapa er samkomulag um að umræðan standi yfir í um tvær klukkustundir og er umræðutímanum skipt milli þingflokka eftir reglum þingskapa.

[11:08]

**Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég hef óskað eftir því að flytja Alþingi munnlega skýrslu um stöðu aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Mér finnst mikilvægt að gera Alþingi sérstaka grein fyrir þeim skrefum sem ríkisstjórnin hefur stigið á undanförmum vikum í krafti nýrrar stefnumörkunar í þessu máli. Utanríkisráðgjafi hefur verið upplýst sérstaklega á fundum yfir sumartímamann. Það er hins vegar eðlilegt að gefa einnig tækifæri til umræðu um þetta í þingsal.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er með jákvæða og metnaðarfulla sýn í Evrópumálum. Við viljum hafa samstarf við ESB sem öflugast. Við viljum að Ísland sé sýnilegt í því samstarfi á jafningjagrunnvelli og leggi sinn málstað sterkt að mörkum í móton þeirra reglna sem við yfirtökum frá Evrópusambandinu. Á minni vakt verða samskiptin við ESB meðal helstu atriða í forgrunni. Fyrst af öllu er mikilvægt að halda því til haga að samskipti Íslands við ESB standa traustum fótum, enda hefur okkur á liðnum árum og áratugum lánast að byggja varanlega umgjörð um farsælt samstarf á nánast öllum sviðum og ber EES-samstarfið þar hæst. Við viljum gera okkur enn frekar gildandi og sýnileg í því samstarfi sem við eigum við ESB, útvíkka það enn frekar og færa inn á ný svið.

Þannig hef ég einsett mér að efla og treysta þessi samskipti sem mest þótt aðildarviðræður hafi verið settar í hlé. Þennan vilja okkar til frekara samstarfs hef ég rætt við félagi mína innan Evrópusambandsins, m.a. tekið upp við stækkunarstjórnann og aðra þá sem ég hef hitt. Það er í þágu hagsmuna Íslands og Evrópusambandsins að byggja frekar ofan á þær styrku stöðir sem nú þegar eru til staðar. Þannig, eins og ávallt, er ég viss um að gera meg betur og láta rödd

Íslands hljóma enn hærra í þessu samstarfi. Munum við kappkosta að greina tækifærin og nýta enn frekar til hagsbóta íslenskum hagsmunum.

Virðulegi forseti. Ég vil að við stundum sterka og sýnilega hagsmunagæslu innan EES og í tengslum við aðra þá samninga sem við höfum gert við Evrópusambandið. Það kallar á mannafla og viðveru í Brussel. Tillögur í þessa veru eru á teiknborðinu frá minni hendi. Þá reynir á þann vilja sem þingið sjálft hefur sýnt í þessa veru, samanber þingsályktun frá fyrra vori. En ég horfi einnig til þess að styrkja tvíhliða samstarf og samskipti við Evrópusambandið. Tengsl okkar við sambandið bjóða upp á eflingu slíks samstarfs á sviðum sem eru utan EES. Hef ég til dæmis þegar nefnt það við stækkunarstjórnann að ég sjái fyrir mér auknið samstarf á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, orkumála, friðargæslu, þróunarsamvinnu og norðurslóða svo einstök brýn mál séu nefnd. Hvar sem við komum finnum við fyrir miklum áhuga á tvíhliða samstarfi við Ísland og í því felast mikilvæg tækifæri.

Nú langar mig að víkja að upphafi aðildarferlisins. Frá því í byrjun hefur margt verið gagnrýnt. Ekki var einhugur innan þáverandi ríkisstjórnar um aðildarumsókn og var sú óeining upphafið að vandræðaganginum. Að sækja um aðild var ekki lítil ákvörðun. Þarna var um gríðarstóra ákvörðun að ræða af Íslands hálfu og var hún tekin án þeirrar samstöðu og sannfæringar sem hefði þurft að vera til staðar. Það sannaðist einnig þegar leið á hve veikur grundvöllurinn var, orkan fór í samninga milli og innan stjórnarflokkanna fremur en efnislegar samningaviðræður við Evrópusambandið.

Af því leiddi að við lok kjörtímabils höfðu ekki enn hafist samningar um mörg lyklatríði í ferlinu. Mér er til efs að á þessum grunni hefði verið hægt að leiða til lykta stærstu hagsmunamálin í ferlinu. Hagsmunirnir voru einfaldlega of stórir miðað við málalíbúnað og umgjörðin var vanbúin. Vissulega er rétt að það náðist að opna flesta kaflana, og sumir þeirra vörðuðu mikilvæg atriði. Einnig náðist að loka mörgum köflum. Þegar grannt er skoðað eru lokuðu kaflarnir hins vegar meira og minna mál þar sem þegar var til staðar djúpt samstarf við Evrópusambandið og því fyrir fram vitað að tiltölulega einfalt yrði að klára. Það verður ekki heldur horft fram hjá því að Evrópusambandið notaði síðan þetta ferli til að reyna að knýja fram samninga í öðru óskyldu máli — makríl. Slíkt högg er langt fyrir neðan beltisstað og veit ég að þeirri skoðun deilum við fyrirverandi utanríkisráðherra, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Virðulegi forseti. Lagt var upp í þessa vegferð á miklum óvissutímum hér á landi, staða okkar var ekki sterk. Það reyndust ekki bara óvissutímar hér á landi, heldur ekki síður innan Evrópusambandsins. Sambandið hefur háð snarpan bardaga við efnahagskrísu sem það virðist sem betur fer vera að komast út úr hægum skrefum. Óvissa hefur ríkt um framtíð evrunnar — lifir hún eða lifir hún ekki? Ísland hefur hagsmuni af stöðugri og efnahagslega sterkri Evrópu og við fögnum við því mjög ef evran og Evrópusambandið koma standandi í báða fætur út úr erfiðleikum. Á hinn bóginn benda ýmis viðbrögð við efnahagskreppunni til þess að Evrópusambandið muni dýpka sitt samstarf sem kallar á meira framsal valds frá aðildarríkjum til Brussel. Saga

samrunans í Evrópu á síðustu áratugum kennir okkur einmitt það að efnahagskrísur hvers konar sem upp hafa komið með reglulegu millibili hafa nokkrum missirum síðar valdið ófyrirséðum samruna á kostnað lýðræðisins. Það er gegn ríkjandi viðhorfum hér á landi og hjá sumum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Enn virðist nokkuð í land með að traustri lendingu sé náð með framtíð evrunnar. Undir slíkum kringumstæðum er ábyrgðarlaust að halda áfram ferlinu.

Virðulegi forseti. Afstaða beggja stjórnarflokkanna er skýr. Flokkarnir leggjast gegn aðild að Evrópusambandinu. Landsfundir beggja flokka samþykkuðu að ef halda ætti ferlinu áfram yrði það eingöngu gert að undangenginni þjóðar- atkvæðagreiðslu. Fólk getur treyst því að ekki verður haldið áfram viðræðum nema að undangenginni þjóðar- atkvæðagreiðslu. Þess vegna á ekki að koma á óvart að flokkarnir hafi ákveðið að gera hlé á viðræðunum. Á sama tíma var tekin ákvörðun um að fá sérfræðiúttekt á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan Evrópusambandsins. Þetta síðar- nefnda er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að vísbendingar eru um enn sterkari samrunaþróun innan sambandsins og áfram óvissu í efnahagsmálum.

Allar aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa verið í samræmi við þessa skýrt mörkuðu stefnu sem hlaut brautargengi í kosningunum í vor. Við höfum gengið ákveðið til verks. Mitt fyrsta verk á erlendri grundu var að funda með stækkunarstjóra ESB í byrjun júní og stuttu síðar fundaði forsætisráðherra með forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Svo má geta þess að í síðustu viku átti ég óformlegt samtal við stækkunarstjórnann á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Við höfum í þessum samtölum skýrt fyrir gagnaðilum okkar í ESB að viðræður hafi verið settar í raunverulegt hlé, það beri að taka þessa ákvörðun alvarlega. Við höfum nú leyst upp samninganefnd og -hópa og ekki verða fleiri ríkjaráðstefnur haldnar. ESB hefur ákveðið að ekki verði um frekari nýja IPA-styrki að ræða o.s.frv. Engar skemmdir hafa verið unnar á einu eða neinu, aðildarumsókn hefur ekki verið afturkölluð, engu hefur verið slitið. Þannig hefur verið staðið að þessu máli öllu í góðri sátt við gagnaðila okkar enda bera viðbrögð Evrópusambandsins ekki merki annars en að sambandið hafi fullan skilning á ákvörðun okkar um hlé á aðildarferlinu.

Virðulegi forseti. Af þessu má ráða að ríkisstjórnin hefur í störfum sínum fylgt ákveðið eftir stefnumiði sínu. Það er í samræmi við ályktanir flokkanna sem unnu afgerandi kosningasigur í vor. Jafnframt standa yfir viðræður við óháða háskólastofnun, nánar tiltekið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, um gerð þeirrar úttektar sem boðuð var. Hagfræðistofnun mun án efa leita fanga víða, innan lands sem utan, við vinnslu skýrslu sinnar. Sú úttekt verður svo tekin til umræðu í þinginu og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki er tíma- bært að velta fyrir sér framhaldi aðildarferlisins fyrr en skýrslan hefur verið gerð en málefnaleg og rökföst umræða mun án efa eiga sér stað innan þingsins um efni hennar og hlakka ég mjög til þess.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta. Ég virði sjónarmið þeirra sem telja að hag Íslands kunní að vera betur borgið

innan ESB. Ríkisstjórnin er einfaldlega ekki sammála þeim og þar skilur á milli. Ég tel að í svo viðamiklu máli sem þessu sé alger forsenda að stuðningurinn sé almennur og samtakamátturinn sterkur. Á það hefur frá upphafi skort. Það þarf drjúgan stuðning þings og þjóðar áður en lagt er af stað í viðræður um aðild að ríkjabandalagi sem kallar á ákveðnar grundvallarbreytingar á stjórnskipan okkar. Núverandi ríkisstjórn styður ekki aðild og sterkar vísbendingar eru um að þjóðin sé sama sinnis.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin er einhuga í þessu máli. Hlé hefur verið gert á ferlinu, engu hefur verið slitið og við viljum efla samskipti og treysta sambandið við Evrópusambandið án þess að til aðildar að bandalaginu komi.

[11:18]

### Össur Skarphéðinsson (Sf):

Herra forseti. Ég held að hæstv. utanríkisráðherra hljóti að hafa slegið Íslandsmet í þessari fyrstu stefnuræðu sinni um utanríkisráðgjafi því að honum tókst í einni ræðu að fara gegn eigin yfirlýsingum, storka fullveldi Alþingis og líka að fara gegn stefnu ríkisstjórnarinnar. Meginboðskapurinn í ræðu hæstv. utanríkisráðherra var að hann hefði tekið ákvörðun án þess að ræða það sérstaklega við Alþingi um að slá af samningahópana og aðalsamninganefndina sem tengjast umsóknarferli Íslands gagnvart aðild að Evrópusambandinu.

Það er næsti bær við að slíta umsókninni og það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar, það er allt annað en hún gaf fólkinu lögmætar væntingar um. Ég geri mér alveg grein fyrir hinum pólitíska veruleika málsins, en orð skulu standa. Forustumenn í stjórnámálum verða að standa við það sem þeir lýsa yfir. Það vill svo til, herra forseti, að í stefnusáttmála ríkisstjórnarinnar segir algjörlega skýrt að gera eigi hlé á viðræðunum og fara eigi í þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort viðræðunum verði haldið áfram. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar, margítrekuð og staðfest, meðal annars af þeim manni sem situr hérna, hæstv. forsætisráðherra, sem ég hef hingað til ekki reynt að öðru en því að vera mann orða sinna. Hæstv. forsætisráðherra sagði það algjörlega hreint út að honum væri slétt sama hvort þjóðaratkvæðagreiðslan yrði á fyrri hluta eða seinni hluta kjörtímabilsins. Hann gaf sterklega í skyn að hún yrði á kjörtímabilinu. Hann talaði aldrei um að hún yrði síðar á öldinni. Menn verða að standa við það sem þeir segja.

Hins vegar kemur mér ekki á óvart miðað við sumarleiðangra hæstv. utanríkisráðherra að hann komi með þennan boðskap hingað í dag. Hann hefur eytt öllu sumrinu í að reyna að brjóta og bramlá í kringum umsóknarferlið berynilega í þeim tilgangi að ónýta það. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir, sem ég tel að sé í trássi við stefnu ríkisstjórnarinnar, að þjóðaratkvæðagreiðsla verði ekki á hans vakt.

Hvað hefur hann fengið út úr þessum lautarferðum sínum í sumar? Það er tvennt. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent skriflega yfirlýsingu til íslensks fjölmiðils um það að hún lfti enn á Ísland sem umsóknarríki. Reyndar hefur íslenska ríkisstjórnin staðfest það líka. Það sem honum hefur síðan tekist er að hann hefur talað frá Íslandi IPA-styrkina upp á 3,8 milljarða. Það er það sem liggur eftir sumarið hjá hæstv. utanríkisráðherra.

Að vísu ætti ég að vera sístur í þeirra hópi sem er að kvarta undan honum. Ég mundi miklu frekar segja að hæstv. utanríkisráðherra sé frá mínur tekist að gera íslensku þjóðinni svo bylt við í þessu máli að við höfum séð að stuðningur við að halda áfram viðræðunum hefur snaraukist. Það hefur snarfækkað í hópi þeirra sem vilja slíta þeim. Ég ætla svo að hlífa þeim ágætu herramönnum sem sitja hér á bekknum við að rifja það upp hvaða áhrif það hafði ásamt öðru á fylgi Framsóknarflokksins í sumar.

Það sem mér finnst verst við vinnubrögð hæstv. ráðherra er hversu óhrein þau eru. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að tala skýrt. Ræða þín á að vera já, já eða nei, nei. Menn eiga að segja skýrt hvað þeir vilja. Hæstv. utanríkisráðherra segir eitt í Brussel og annað í Reykjavík. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, hann fór til Brussel. Hann sagði algjörlega skýrt þar hver stefna ríkisstjórnarinnar væri. Hann sagði: Að setja viðræðurnar í hlé, fresta þeim og taka ákvörðun um framhaldið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann talaði svo bert um það þar að fyrsta spurning stækkunarstjórnans og fyrsta spurning framkvæmdastjórnarinnar í Brussel var: Hvenær verður þjóðaratkvæðagreiðslan?

Þegar hann kom heim talar hann með allt öðrum hætti. Þá segir hann það algjörlega skýrt að hún verði ekki á hans vakt. Með öðrum orðum, hann er að taka til baka þær lög-mætu væntingar sem fólk hefur í krafti stefnusáttmála ríkisstjórnarinnar um að fá að taka ákvörðunina sjálfst.

Það sem ég geri líka sterklega athugasemd við gagnvart vinnubrögðum hæstv. utanríkisráðherra er að forustumenn ríkisstjórnarinnar báðir tveir, formenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, hafa lýst ákveðnu ferli sem átti að liggja til grundvallar því að næsta skref yrði stigið. Það var sérstaklega formaður Sjálfstæðisflokksins sem lýsti því þrisvar sinnum yfir í fjölmiðlum. Hann sagði algjörlega skýrt: Það á ekki að taka skref fyrir en úttektirnar tvær liggja fyrir og Alþingi búið að ræða þær, þá taka menn næstu ákvörðun.

Þetta brýtur hæstv. utanríkisráðherra. Hvað segja hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins við þessu? Hingað til hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið flokkur sem ég hef getað treyst, sem þjóðin hefur getað treyst [Hlátur í þingsal.] meira að segja hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni. En ég held að það skipti ákaflega miklu máli að fram komi hver afstaða Sjálfstæðisflokksins er til þessa gernings.

Ég tók eftir því í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að hann sagði ekki að þetta hefði verið staðfest í ríkisstjórninni. Ég hef hingað til litið svo á að orð hæstv. fjármálaráðherra séu merk og gild. Hæstv. fjármálaráðherra lýsti þessu ferli og miðað við það má draga í efa að hæstv. utanríkisráðherra hafi fullt umboð í þessu máli.

Ég geri mér algjörlega grein fyrir hver hinn pólitíska veruleiki málsins er. En menn þurfa að vinna hreinlega. Það eru ekki tvær vikur síðan sá ágæti hæstv. forseti þingsins, sem situr hér yfir aftan mig, sá sig tilknúinn vegna glæfralegra yfirlýsinga hæstv. utanríkisráðherra að gefa um það opinbera yfirlýsingu að menn yrðu að virða fullveldi þingsins. Og hvernig sem meiri hlutar og minni hlutar skiptast á Alþingi Íslendinga er það staðreynd að í þessu mesta utanríkispolitíska máli fyrir og síðar tók Alþingi stefnu. Stefan

var sú að ljúka ætti viðræðum og koma heim með samning og gefið var loforð til þjóðarinnar um að hún fengi að taka afstöðu til þess samnings. Þetta er enn þá hin formlega stefna Alþingis. Fullveldi Alþingis verður að virða. Þess vegna sagði hæst. forseti: Það verður að leiða fram þingviljann í þessu máli.

Hvers vegna er það ekki gert? Við hvað eru framsóknarmenn hræddir? Getur verið að þeir séu hræddir við að fram komi að í hópi hins stjórnarflokksins sé alls ekki eining um þetta? Það er ekki hægt, herra forseti, að vaða með þessum hætti á skitugum skóm yfir Alþingi. Þegar menn standa andspænis því að gera þarf allt sem hægt er til að styrkja Alþingi og efla virðingu þess þá er þetta ekki leiðin til þess.

Þetta er það sem mér finnst vera verst í málinu. Hvað hefði þá verið eðlilegt miðað við stöðuna, miðað við hvernig skoðanir skiptast hér á Alþingi, miðað við eðlileg vinnubrögð síðaðra manna, miðað við eðlilegar stjórnskipulegar verkhefðir? Það hefði að sjálfsögðu verið að leggja fyrir þingið þingsályktunartillögu um formlega frestun en jafnframt að segja hvenær þjóðaratkvæðagreiðsla ætti að fara fram um framhald viðræðnanna. Þá hefði þingviljinn verið leiddur fram og virtur, fullveldi Alþingis verið virt og menn hefðu líka staðið við lögmætær væntingar sem tveir forustumenn ríkisstjórnarinnar gáfu þjóðinni.

[11:27]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Ég fagna því tækifæri sem hæst. utanríkisráðherra gefur okkur þingmönnum til að fjalla um Evrópumálin með þeirri munnlegu skýrslu sem hann hefur nú flutt. Tengsl Íslands við og staða innan Evrópu hefur löngum verið umræðuefni í íslenskum þjóðmálum og lengstum verið uppspretta harðra pólitískra deilna. Það er eðlilegt og skiljanlegt. Í öðrum Evrópulöndum hefur með sama hætti verið tekist á um tengslin við Evrópusambandið um kosti og galla og hagsmuni.

Um aðild Íslands að EFTA og EES-samningnum og Schengen var tekist á hér á landi og hið sama á einnig við um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 blossaði umræðan upp hér á landi um hugsanlegan ávinning af Evrópusambandsaðild og kannanir bentu til að verulegur hluti þjóðarinnar væri spenntur fyrir slíkri aðild eða vildi að minnsta kosti láta á málið reyna. Undir lok stjórnartíma Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, í kringum áramótin 2008/2009, freistuðu forustumenn þeirra flokka að ná saman um að koma ESB-málinu í farveg þótt ekki entist stjórninni aldur til að fylgja því máli eftir.

Í kjölfar þingkosninga vorið 2009 varð að samkomulagi milli þáverandi stjórnarflokka Samfylkingar og Vinstri grænna að hefja viðræður við ESB um hugsanlega aðild Íslands, ef Alþingi væri því samþykkt, með það að markmiði að samningsniðurstaðan yrði borin undir þjóðina.

Vitaskuld hefði mátt efna til þjóðaratkvæðagreiðslu strax síðsumars 2009 og það var vissulega rétt, en varð ekki niðurstaðan, bæði vegna þess að kannanir sýndu afdráttarlausan stuðning við að efnt yrði til viðræðna og hins að margir forustumenn í hreyfingu ESB-andstæðinga töldu, líklega réttilega, að jáyrði þjóðarinnar við aðildarviðræðum gæti bundið hendur margra þegar kosið yrði um samnings-

niðurstöðu. Á þessi sjónarmið var hlustað, enda þótt þau hafi síðan breyst sem og staða málsins alls. Eftir ítarlega umfjöllun og vinnu við þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um aðildarviðræður lagði meiri hluti utanríkismálanefndar til, sex af nýu nefndarmönnum, að teknar yrðu upp viðræður um aðild Íslands en jafnframt var unninn ítarlegur vegvísir um verklag og meginhagsmuni sem stjórnvöld skyldu halda sig við.

Tillagan var þannig samþykkt sem ályktun Alþingis og send ríkisstjórninni sem síðan hófst handa við að framfylgja þeirri ályktun. Þar með ákvað Alþingi hvernig samninganefndir og -hópar væru skipaðir og hver aðkoma Alþingis væri að þeirri vinnu. Nú hefur ráðherra upplýst að hann hafi ákveðið að leysa þessa samningahópa frá störfum og vikur því í veigamiklum atriðum frá lögmætri samþykkt Alþingis án þess að leita samþykkis þess.

Hvað sem líður afstöðu þingmanna til aðildar að ESB verður að virða leikreglur þingræðisins og ég tel að færa meggi fyrir því sterk rök að hæst. utanríkisráðherra sé á þunnum ís hvað þetta áhræfir svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Það er óþarfi að rekja hér í þessari umræðu þau efnisatriði sem utanríkismálanefnd setti fram eða þá vinnu sem unnin hefur verið. Við fáum væntanlega tækifæri til að fjalla ítarlegar um þau mál þegar utanríkisráðherra leggur fram skýrslu sína fyrir þingið sem hann hefur boðað í nóvember næstkomandi. Vonandi.

Ég vil þó ítreka að í stjórnarsáttmála fyrrverandi ríkisstjórnar sagði að flokkarnir væru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflyttings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og hafa fyrirvara um samningsniðurstöðuna. Á þeim grundvelli og þeirra meginhagsmuna og verklags sem lýst var í nefndarálitu meiri hluta utanríkismálanefndar féllst meiri hluta þingmanna flokksins á að undirbúa málið þannig að það gæti komið til ákvörðunar þjóðarinnar á upplýstum og málefnalegum grundvelli.

Á síðasta landsfundi flokksins var áréttað að Íslandi væri best borgið utan ESB en að ljúka ætti aðildarviðræðum við sambandið og setja því ferli tímamörk, t.d. eitt ár. Enn fremur að þjóðin kysi síðan um niðurstöður aðildarviðræðnanna.

Það er einlæg sannfæring mín að spurningin um hugsanlega ESB-aðild verði ekki leidd til lykta nema með þjóðaratkvæðagreiðslu. Í því sambandi er það skoðun mín að þá skipti engu hvort gert verði hlé á viðræðunum nú eða aðildarumsókn dregin til baka. Málinu verður ekki ýtt út af umræðuborði þjóðarinnar með slíkum hætti. Það verður áfram deilumál og um það þrefað og tekist á uns þjóðin hefur fengið að ráða málinu til lykta.

Þess vegna er ég sannfærður um að affarasælast væri að ljúka aðildarviðræðum og bera samningsniðurstöðu undir þjóðina. Því fyrr, því betra að mínu mati þótt dagsetningar í því efni geti ekki orðið úrslitaatriði.

Vilji núverandi ríkisstjórn og þeir flokkar sem að henni standa ekki fylgja eftir samþykkt Alþingis frá 2009 er einboðið að Alþingi álykti um framhald málsins og þann farveg sem það yrði þá sett í. Eðlilegast væri að mínu viti að



gera það í kjölfar þeirrar úttektar sem nú er í vinnslu af hálfu hæstv. utanríkisráðherra og deili ég þar væntanlega skoðum með hæstv. fjármálaráðherra, formanni Sjálfstæðisflokksins.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væri fagnaðarefni að fá tækifæri til að ræða tengsl Íslands við Evrópu. Það er því miður allt of sjaldan sem við fáum ráðrúm hér á Alþingi til að ræða stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu, þar með talin tengslin við Evrópusambandið. Ég tel til að mynda að EES-samningurinn sem ég heyrdi hæstv. utanríkisráðherra lýsa fjálglega og stuðningi við, ef ég skildi hann rétt, sé kominn í vissit öngstræti. Þar er nú farið að reyna svo á þanþol stjórnarskrárinnar að ég tel einsýnt að öllu lengra verði ekki haldið með hann nema að breyttri stjórnarskrá.

Á næstu mánuðum og missirum munu koma til kasta Alþingis nýjar ákvarðanir sem fela í sér víðtækt framsal á fullveldi sem stjórnarskráin mun ekki þola. Nær engar umræður hafa farið fram um þau álitamáli hér á Alþingi, en á síðustu missirum vakti ég þó nokkrum sinnum máls á þessari stöðu án mikilla viðbragða frá öðrum þingmönnum.

Það er sérstök ástæða til að fara þess á leit við hæstv. utanríkisráðherra að hann geri þinginu sérstaklega grein fyrir stöðu EES-málanna fljótlega á næsta löggjafarþingi.

Sú var tíðin, herra forseti, að skilin milli utanríkismála og innanríkismála voru skýr og lítið flæði þar á milli. Þeirri stöðu er ekki til að dreifa í sama mæli í dag. Tédur EES-samningur er dæmi um það hvernig innanlandsmálefni og utanríkismál fléttast saman með innleiðingu á fjölmörgum ákvörðunum, reglum og tilskipunum Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Í langflestum tilvikum gerist það nær umræðulaust hér í þinginu enda þótt í þeim felist oft viðurlutamikil framsal á fullveldi. Hið sama má segja um ýmsa alþjóðasamninga á sviði mannréttindamála sem við innleiðum einnig í íslenskan rétt.

Pólitísk, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg samskipti sem eiga sér stað í hnattvæddum heimi eru þess eðlis að um leið og fengist er við þau í samskiptum þjóða eru þau viðfangsefni í innanlandsstjórnarmálum. Loftslagsbreytingar og hlýnun andrúmsloftsins, mengun, auðlindanýting á opnum hafsvæðum, vopnuð átök og hryðjuverk, vændi, mansal og fíkniefnasmygl, aukin misskipting milli ríkra þjóða og fátækra og fjöldi flóttamanna og hælisleitenda eru allt þættir sem eru í vaxandi mæli viðfangsefni stjórnvalda á heimavelli um leið og engum dylst að á þeim verður ekki tekið með árangursríkum hætti nema með stórauðinni samvinnu þjóða. Þetta eru ógnir sem virða engin landamæri.

Ísland má ekki og á ekki að einangra sig frá þessum alþjóðlega veruleika. Það má vel líta á umræðuna um hugaslega aðild Íslands að Evrópusambandinu að hluta til í þessu ljósi, þ.e. hvar skipum við okkur í sveit og hvernig högum við tengslum okkar við önnur ríki og ríkjabandalög og fjölþjóðlegar stofnanir og hver er aðkoma Íslands að úrlausn mála sem eru alþjóðleg í eðli sínu? Þetta eru ekki mál sem hægt er að afgreiða með klisjum eða upphrópunum eða „af-því-bara“-svörum. Ísland er Evrópuríki og í gegnum aðildina að EES og Schengen höfum við tekið á okkur þjóðréttarlegar skuldbindingar og deilt fullveldi með öðrum aðildarþjóðum. Fælist minna eða meira framsal ríkisvalds með aðild að ESB en með aðildinni að EES og Schengen?

Hér í þessum sal hafa án efa flestir svör á reidum höndum við spurningum af þessum toga, en á það við um þorra þjóðarinnar? Um það má ugglaut deila en í mínum huga skiptir mestu máli að álitamáli af þessum toga séu krufin, bæði pólitískt og fræðilega, og fram fari opin, upplýst og djúpstæð umræða um málið í samfélaginu öllu. Það verður ekki gert með því að skella hurðum eða setja lok á umræðupottinn. Skiptir þá engu máli hvaða afstöðu menn hafa nú þegar eða kunna að mynda sér í kjölfar umræðu á þessu hitamáli í íslenskri pólitík.

Forseti. Ég er sannfærður um það að við Íslendingar eigum að eiga góð og náin samskipti við aðrar þjóðir, þar með talið frændþjóðir okkar í Evrópu, og þau samskipti á að þróa áfram og efla. En ég hef persónulega ekki sannfæringu fyrir því að Evrópusambandið sé eini eða besta vettvangurinn í því sambandi. Og ég hef vaxandi efasemdir um að EES-samningurinn geti gengið í óbreyttri mynd til framþúðar. En mér virðist málið í höndum núverandi ríkisstjórnar vera í ákveðinni pattstöðu, að hún viti ekki hvert hún hyggst halda og þá er að mínu viti rétt og skynsamlegt að fá leiðsögn þjóðarinnar um framhald málsins. Þess vegna á að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu og fá fram vilja þjóðarinnar til málsins. Því hlýt ég að beina þessum spurningum til hæstv. utanríkisráðherra í lok máls míns:

Hyggst ráðherrann eða ríkisstjórnin leggja fyrir þingið einhverja tillögu um framhald málsins eða um næstu skref og þá hvenær? Treystir ráðherrann sér til að fela þjóðinni að ákveða hvernig haldið verður á þessu þýðingarmikla máli í framhaldinu?

[11:37]

### **Birgir Ármannsson (S):**

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu eins og aðrir sem hafa tekið til máls og þakka sérstaklega fulltrúum stjórnarandstöðunnar úr utanríkismálanefnd sem hér hafa talað fyrir ágætar ræður, hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni fyrir málefnalega og góða ræðu þó að ég sé ekki sammála öllu sem þar kom fram og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir líflega ræðu sem var ekki endilega nákvæm í öllum þeim atriðum sem mestu máli skipti og hann gerði mest úr. Þar vildi ég sérstaklega nefna að tilvitnani hans til stefnu flokka og yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar voru býsna ónákvæmar. (Gripið fram í.) Þess vegna ætla ég að lesa upp þá texta sem hann vísaði til þannig að þeir komi réttir í þingtíðindi en ekki í þeirri útgáfu sem hv. þingmaður hafði uppi í máli sínu.

Í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokks segir um það mál sem hér er til umræðu, með leyfi forseta:

„Landsfundur telur að hagsmunum Íslands sé betur borgið með því að standa fyrir utan Evrópusambandið.

Áréttað er að aðildarviðræðum við ESB verði hætt og þær ekki teknar upp aftur nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Í ályktun flokksþings Framsóknarflokksins í vetur er með sama hætti áréttað að flokkurinn telji að betra sé að standa utan ESB og segir um aðildarviðræður:

„Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem sérstaklega var

vitnað til er byggt á þessu orðalagi flokksþinganna tveggja og sagt:

„Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópu-sambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Þarna er getið um nokkra mismunandi liði. Hvar erum við stödd? Við erum stödd á þeim stað að búíð er að stöðva viðræður, gera hlé eins og menn vilja orða það af því að viðræðunum hefur réttilega ekki verið slitíð. Það hefur verið gert hlé eins og talað var um. Það eiga sér ekki stað viðræður við Evrópusambandið á þessari stundu um aðild Íslands. Pólítískum og tæknilegum viðræðum hefur verið hætt eins og segir í stjórnarsáttmálanum og eins og gert var ráð fyrir í landsfundarsamþykktum flokkanna.

Utanríkisráðherra boðar hér í ræðu sinni að hann vinni að gerð samnings við háskólastofnun um gerð þeirrar skýrslu sem líka er talað um í stjórnarsáttmálanum. Þegar sú skýrsla kemur fram þá liggur fyrir samkvæmt stjórnarsáttmálanum að málið komi til umfjöllunar og umræðu á Alþingi. Þá blasa náttúrlega við nokkrir mismunandi kostir. Ég veit að í þessum sal eru talsmenn mismunandi kosta í því sambandi.

Einn kosturinn er sá að gera eins og sumir hafa rætt í þessari umræðu, að leggja fyrir Alþingi þingsályktunartil-lögu sem nemi úr gildi þingsályktunartillögu frá 16. júlí 2009. Það er hægt. Í kjölfarið væri eðlilegt að senda Evrópusambandinu bréf um það að Ísland segði sig formlega frá viðræðunum. Það er formlegt skref sem unnt væri að stíga eftir umfjöllun Alþingis. Sá möguleiki er líka fyrir hendi að láta nægja í þingsályktunartillögu af slíku tagi að segja að Alþingi styðji þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera hlé á viðræðum. Það er líka hægt að gera það þannig. Þá lýsti, eftir umfjöllun Alþingis og eftir þá skýrslugerð sem nú hefur verið boðuð, Alþingi stuðningi sínum við þá aðgerð sem þegar hefur átt sér stað. Bara til að nefna það hér þá tel ég að það sé í fullu valdi utanríkisráðherra stjórn-skipulega séð að gera hlé, leysa samningahópa upp, færa menn til annarra starfa innan ráðuneytis o.s.f.v. Ég held að enginn geti efast um það að ráðherra hefur slíka stjórn-skipulega heimild.

Þriðji möguleikinn sem blasir við eftir skýrslugerð og umfjöllun Alþingis væri sá sem ég veit að sumir í þessum sal vilja, að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald málsins.

Þeir valkostir sem ég nefndi eru á borðinu. Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um neinn þeirra, ekki um þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki um að slíta viðræðum, ekki um neinn þessara kosta. Ríkisstjórnin hefur boðað leið og farveg fyrir málið að þessu marki, að þeim punkti að við hér í þinginu tökum afstöðu til mismunandi kosta að þessu leyti. Við erum búin að stíga skrefið sem talað var um, að gera hlé á viðræðum. Þeim var hætt de facto þó að enn sé um að ræða formlega stöðu Íslands sem aðildarríkis.

Í annan stað er í pípunum sú skýrslugerð sem ráðherra hefur boðað og ég held að allir sem hafa komið að málinu á borði ríkisstjórnarflokkanna leggi mikið upp úr og bindi

miklar vonir við að verði greinargóð og geti orðið góður grundvöllur umræðu og ákvarðanatöku á næstu stigum máls. Þegar skýrslan liggur fyrir og þegar umræða á grundvelli hennar hefur farið fram í þinginu verður ljóst hvernig við tökum lokaskrefið í þessu ferli, hvort það verður gert með því að slíta viðræðum, staðfesta hlé, þá til lengri tíma en nokkurra mánaða, eða með því að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru þeir kostir sem eru í stöðunni.

Ég vil hins vegar segja það sem mína persónulegu skoð-un að hvað sem líður öllum þessum einstöku liðum í ferlinu og tæknilegum atriðum í þessu sambandi þá held ég að okkur megi öllum vera ljós sá pólítíski veruleiki sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á í ræðu sinni hér í upp-hafi. Auðvitað er staðan sú að það er fráleitt að ætlast til þess af ríkisstjórn og þingmeirihluta sem vill ekki inn í ESB að slíkur meiri hluti í þinginu og slík ríkisstjórn klári aðild-arviðræður. Nógu erfitt var það fyrir síðustu ríkisstjórn sem gekk til þess verks klofin. Hluti hennar vildi inn í ESB, hluti hennar vildi það alls ekki. Hluti hennar var einhvers staðar mitt á milli, vildi viðræður en ekki aðild. Það er sjón-armið. En það var nógu erfitt fyrir þá ríkisstjórn að tryggja þann pólítíska bakgrunn og þann pólítíska stuðning við við-ræður að þær skiluðu einhverju áleiðis. Eins og hæstv. ut-anríkisráðherra rakti í ræðu sinni gerðist það á þeim tíma frá 2009–2013 að samningum var lokið um kafla sem allir gengu út frá í upphafi að yrðu afgreiddir nánast með undir-skrift og pennastríki, kafla sem við erum hvort sem er aðil-ar að af því að við erum í EES. Það var á þeim þremur ár-um sem liðu frá því að formlegar samningaviðræður byrj-uðu og þangað til þeim var hætt nú í sumar að hluti þeirra kafla, sem alltaf hefur verið sagt að við værum hvort sem er aðilar að, sem aðilar að EES, var kláraður en ekki allir. Svo talar Vinstri hreyfingin – grænt framboð um það að á einu ári eigi að klára erfiðu kaflana þegar það tók þrjú ár að klára hluta léttu kaflanna.

Í sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum eru ekki byrjaðar neinar viðræður. Á sviði landbúnaðarmála eru menn búnir að skiptast á einhverjum stefnuplöggu en það eru engar viðræður byrjaðar. Ekkert er að gerast í sjávarút-vegsmálunum. Þetta eru punktarir sem allir vissu frá upp-hafi að yrðu erfiðu punktarir. Ég get ekki skilið annað en Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi með þeirri lands-fundarályktun sem hv. þm. Árni Þór Sigurðsson vitnaði í eingöngu verið að ná sér í tímabundna fjarvistarsónnun fram yfir kosningar með orðalaginu. En ég held auðvitað að þeim sem setið hafa í þessum málum af hálfu Vinstri hreyf-ingarinnar – græns framboðs hafi verið ljóst að miðað við gang viðræðnanna frá 2009–2013 væri algerlega óraunhæft hvort sem er að klára viðræðurnar á einu ári. Þetta var bara leikaraskapur, hæstv. forseti.

Ég ætla ekki að fara lengra í þessu efni, hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig ég sé þetta mál fyrir mér. Ég held að í samræmi við orðalag stefnuyfirlýsingar ríkis-stjórnarinnar sé hægt að leiða málið í góðan farveg. Ég veit ekki hvort við náum samstöðu hér í þinginu en ég held að við ættum hins vegar ekki að þurfa að karpa um smáatriði eða fara í hártoganir um orðalag þegar við stöndum frammi fyrir þessu verkefni eins og það liggur fyrir samkvæmt stjórnarsáttmálanum.

[11:47]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vill taka það fram að hann gerir ekki athugasemdir við það þó að hv. þingmenn fari fram úr ræðutíma sínum. Hann dregst þá frá ræðutíma þeirra annarra hv. þingmanna sem tala úr sama stjórnmalaflokki.

[11:47]

**Óttarr Proppé (Bf):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra kærlega fyrir þessa umræðu sem ég tel að sé mjög mikilvæg, ekki síst eftir þær fréttir sem hafa borist okkur og það sem gerst hefur í sumar. Oft hafa yfirlýsingar og fréttir verið dálítið misvísandi og óljóst hver staðan er. Þó vil ég taka fram að ég fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra frá því fyrr í haust um að viðræðum hafi ekki verið slitið og viðræðum verði ekki slitið án aðkomu Alþingis.

Það er kannski dálítið skrytið að koma hingað í þennan sal tiltölulega beint af götunni og hlusta á ágætar umræður hv. þingmanna hér á undan sem hafa langt líf, skulum við segja, í þessari umræðu og tala teknilega um afstöðu hver annars í fortíð og nútíð og þingið. Það fær mann til að hugsa um það í raun og veru af hverju Ísland lagði inn umsókn um aðild Evrópusambandinu til að byrja með. Aðild Íslands að Evrópusambandinu hefur verið hitamál sem hefur verið, eigum við að segja stóra rifrildið eða eitt af stóru rifrildunum í íslenskum landsmálum áratugum saman. Eftir hrúnið árið 2009 tók þingið vissulega ákvörðun um að leggja inn umsókn og mér finnst dálítið skrytið að hv. þingmenn í þingsal skuli rífast um hver ákvörðun þingsins hafi verið. Ég held að hún hljóti að hafa verið skýr.

Hæstv. utanríkisráðherra kom aðeins inn á það í skýrslu sinni að á þeim tíma voru miklir óvissutímar á Íslandi og staða okkar var ekki sterk. Ég spurði sjálfan mig hvort hann skilgreindi þá nútímann sem tímavissu, þ.e. að ekki væri lengur óvissa á Íslandi og staða okkar væri orðin sterk. Eins spurði ég mig að því hvort Evrópusambandið hefði verið einhvers konar jóker í spilinu eða einhvers konar fíff bara vegna þess að Ísland lifði óvissutíma. Er ekki Evrópusambandið einmitt samráðsvettvangur til að takast á við þá óvissu sem alltaf er í heiminum, sem alltaf er í stjórnmalunum og í viðskiptaheiminum, í efnahagsheiminum?

Ég hef oft gantast við vini mína úr Framsóknarflokknum, sérstaklega á ferðum í Brussel, með að það sé dálítið skýrt að Evrópusambandið sé kannski stærsta samvinnufélag í heimi. Evrópusambandið er í sjálfu sér ekkert annað en samráðsvettvangur sjálfstæðra ríkja.

Mig langar aðeins til að rifja upp orð Angelu Merkel Þýskalandskanslara. Það er kannski ekki vinsælt að vitna í útlendinga en ég held að frú Merkel sé sjaldan kölluð stjórnmalalegur galgopi. Hún minntist nýlega á þá staðreynd að Evrópubúar væru 7–8% mannkyns. Í Evrópu væri hins vegar upp undir fjórðungur efnahagssumsvifa heimsins og 50% af velferðarútgjöldum heimsins. Evrópa er velferðarmannréttindaheimsálfa þar sem lagt er upp úr samfélagi sem er nákvæmlega samhljóma því samfélagi sem við erum að horfa á hér á Íslandi. Þess vegna höfum við í Bjartri framtíð verið jákvæð til inngöngu Íslands í Evrópusam-

bandið. Við höfum talið að við eigum heima í Evrópu, við séum komin frá Evrópu. Við höfum alltaf lagt ríka áherslu á að það eigi að klára viðræðurnar, komast að því hver staða Íslands er innan Evrópusambandsins og leggja síðan niðurstöðurnar fyrir þjóðina. Ég verð að spyrja mig, og hef spurt mig dálítið í sumar í þeirri óvissu sem hefur vissulega ríkt um stöðuna, hvort við værum að slíta viðræðunum eða ekki, hvort við værum að slíta viðræðuhópunum eða ekki, hvort slit á viðræðuhópunum væru merki um slit á viðræðunum o.s.frv. Í sumar hef ég velt fyrir mér af hverju í ósköpunum við viljum loka hurðinni og slíta viðræðum. Ég hef starfað mest allt líf mitt í viðskiptalífínu og ég hef aldrei upplifað að það hafi talist góður „bisness“ að neita sér um möguleika.

[11:54]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Þetta eru ákaflega athyglisverð umræða. Ég verð að viðurkenna, alveg eins og eftir fund í utanríkisráðgjafanefnd um þessi mál, að ég er ekki alveg með það á hreinu hvert við erum að fara með þetta mál.

Ég ætla því að leggja til og vitna í þingsályktunartillögu sem var lögð fram á sumardögum af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem er eins og hér hljómar, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu sem fram fari samhliða sveitarstjórnarkosningum vorid 2014.

Jafnframt ályktar Alþingi að þær úttektir sem framkvæmdarvaldið hefur boðað á stöðu samninga og þróun innan Evrópusambandsins skuli unnar í samvinnu þings og ríkisstjórnar. Heimilt skal að kveðja til vinnunnar bæði erlenda og innlenda sérfræðinga. Niðurstöður úttektanna liggi fyrir 1. desember 2013 og verði þá þegar lagðar fram til umræðu á Alþingi og kynntar þjóðinni sameiginlega af Alþingi og ríkisstjórn til undirbúnings þjóðaratkvæðagreiðslu við sveitarstjórnarkosningarnar 2014.“

Forseti. Mér finnst þetta lausn á þessu vandamáli, þessum óskýrleika. Ég skora á formann utanríkisráðgjafanefndar að afgreiða þingsályktunartillöguna úr nefnd svo að við getum greitt um hana atkvæði áður en við förum heim í næstu viku. Þá er þetta mál komið í þannig ferli að við virðum þann yfirgnæfandi vilja þjóðarinnar að fá að hafa um það þjóðaratkvæðagreiðslu og halda þessu ferli áfram.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst mjög skringilegt að leysa upp samninganefndirnar því að það var fullkomið samráð og ánægja með þessa hópa í þá veru að þeir stæðu vörð um hagsmuni Íslands og stæðu sig vel í þessum samningagerðum. Það var þverpólísk samstaða um þessa hópa. Þarna finnst mér hæstv. utanríkisráðgjafanefnd hafa farið fullbratt. Mér finnst óþægilegt að ekki sé haft meiri samvinna við þingið um það hvernig við ætlum að haga verkefnum í kringlum þetta mál því að ef við þurfum að byrja upp á nýtt, ef þjóðin ákveður að hún vilji halda áfram og ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að virða þjóð sína og leyfa henni að kjósa um þetta þá er mjög skringilegt að fara kannski að

kalla aftur til eitthvert annað fólk í þessar nefndir. Nú þegar hefur skapast ákveðin þekking og reynsla í þessum samningahópum og í raun og veru hefur ekkert verið umdeilt við þeirra störf. Það hefur verið almenn ánægja hjá öllum flokkum með þeirra störf. Það hefur komið fram í nefndarstörfum sem m.a. núverandi hæstv. ráðherra tók þátt í. Aldrei heyrði ég miklar deilur eða illindi um þessa hópa nema einstöku sinnum varð smáæsingur í kringum einhver búnadarþing eða eitthvað slíkt. Til dæmis var almennt séð ánægja með störf aðalnefndarinnar.

Síðan hefur líka komið fram í öllu þessu ferli og mikið gengið á — væntanlega hefur verið mikið fjör hjá hæstv. utanríkisráðherra í kringum allar þessar ákvarðanir sem hann hefur sennilega fullt umboð til — að þetta er ekki í anda þess sem núverandi hæstv. ráðherra talaði um þegar hann var ekki ráðherra, þegar hann var óbreyttur þingmaður. Þá kallaði hann eftir nákvæmlega því sem hann er ekki að gefa þinginu í dag, þ.e. samvinnu og meiri aðkomu að málinu og að meira væri hlustað á þingmenn.

Síðast en ekki síst, og það er kannski alvarlegast í þessu ferli, hefur verið ákveðið að hunska vilja þingsins. Þingið ályktaði og fól fyrrverandi ríkisstjórn og núverandi að gera ákveðna hluti. Ríkisstjórnin getur ekki snúið því við nema bera það undir þingið. Það liggur mikið undir. Og þó svo að það hafi komið fram minnisblað úr utanríkisráðuneytinu um hvernig framkvæmdarvaldið ætlaði sér að túlka niðurstöður þingsályktana þá er ekki einróma samþykkt um það, hvorki inni á þingi né úti í samfélaginu. Það þýðir einfaldlega að þótt allir í þinginu segi já við þingsályktunartillögu sé hægt að hunska þingsályktunina ef hún er ekki samkvæmt einhverju lögformlegu „bla bla“. Ætlar hæstv. núverandi utanríkisráðherra til dæmis að segja við okkur hér í þinginu að hann ætli ekki að virða þingsályktun um það hvernig við ætlum að bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, hvernig við ætlum að laga til í íslensku samfélagi? Ætlar hæstv. ráðherra ekki að virða þá þingsályktun þrátt fyrir að gjörvallt Alþingi segði já við henni?

Ég held að besta leiðin út úr þeim vandræðum sem eru út af því að enginn veit hvert er verið að fara með þetta mál sé einfaldlega sú að formaður hv. utanríkisráðunefndar hleypi þingsályktunartillögu hv. þm. Össurar Skarphéðinsonar í gegnum sumarþingið þannig að enginn vafi verði lengur og við getum annaðhvort haldið áfram í þessu ferli eða ekki, en fyrst og fremst eigum við að leyfa þjóðinni að taka þessa ákvörðun.

Hæstv. ráðherra utanríkismála, Gunnar Bragi Sveinsson, sagði jafnan á síðasta þingi, ásamt mörgum öðrum, að það væri rétt að þjóðin fengi að taka ákvörðun um hvort við ætlum að vera í þessum aðildarviðræðum eða ekki. Hvað hefur breyst?

[12:02]

### Frosti Sigurjónsson (F):

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni vék utanríkisráðherra ör-lítið að því hve veikur pólitískur grundvöllur aðildarumsóknar hefði verið og ég tek heils hugar undir það. Fráfarandi ríkisstjórn var klofin í afstöðu sinni til aðildar og meiri hluti þingmanna var í raun andvígur aðild. Það kom mér satt að segja á óvart að Evrópusambandið skyldi taka góða

og gilda aðildarumsókn sem byggði á svo lýðræðislega veikum umboði.

En hvað með afstöðu kjósenda? Eru þeir hlyntir aðild? Á tímabilinu frá ágúst 2006 til febrúar 2013 vann Capacent Gallup reglubundið skoðanakannanir fyrir Samtök iðnaðarins þar sem könnuð var afstaða almennings til ESB-aðildar. Með leyfi forseta:

„Á þessu sjö ára tímabili óx hlutfall þeirra sem eru andvígir aðild jafnt og þétt úr 33% í 56% á sama tíma og hlutfall aðildarsinna lækkaði úr 46% í 25%. Óákveðnum fækkaði úr 21% í 17%. Þeir sem kváðust mjög andvígir aðild voru árið 2013 orðnir 36% svarenda, eða þrefalt fleiri en þeir sem kváðust mjög hlyntir aðild.“

Í þrjú ár hafa aðrar viðhorfskannanir líka sýnt að meiri hluti kjósenda er andvígur aðild að Evrópusambandinu. Niðurstöður alþingiskosninganna styðja enn fremur við þessa niðurstöðu. Sá flokkur sem talaði eindregnast fyrir ESB-aðild fékk aðeins 13% atkvæða en flokkar sem töluðu eindregið gegn aðild hlutu 62% atkvæða.

Það er ljóst að meiri hluti þingmanna er nú andvígur aðild. Báðir stjórnarflokkarnir eru mjög andvígir aðild og flestir landsmenn eru það líka. Ég tel því nokkuð sjálfsgefið að gera hlé á aðildarferlinu og að mínu mati væri heiðarlegast gagnvart ESB að afturkalla umsóknina formlega. Það ber að sjálfsögðu að virða sjónarmið þeirra sem eru hlyntir aðild, en reglur lýðræðisins ber einnig að virða. Minni hlutinn getur ekki átt lýðræðislegt tilkall til þess að staðið sé í kostnaðarsömu aðlögunarferli að ríkjabandalagi sem meiri hluti landsmanna vill ekki inngöngu í.

En hvers vegna hefur andstaða við aðild farið vaxandi? Er eitthvað sem bendir til að sú afstaða geti breyst í bráð?

Aðildarumsóknin var lögð fram í júlí árið 2009 í kjölfar mikils efnahagsáfalls. Því var haldið fram að aðild gæti klárast á 18 mánuðum og að hún mundi leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Það er ljóst að ESB-aðild reyndist ekki það skjól fyrir efnahagsáfallum sem menn ætluðu. Hvert aðildarríkið á fætur öðru hefur lent í vandræðum. Á Írlandi var skuldum fallinna banka velt yfir á heimilin í landinu. Ekki höfðu Írar neitt val um það.

Þrátt fyrir að bæði Grikkland og Kýpur væru með evruna brast þar á fjármagnsflótti. Setja þurfti fjármagnshöft á Kýpur. ESB hefur sett afar ströng skilyrði fyrir efnahagslegri aðstoð til aðildarríkja í vanda og niðurskurður hefur bitnað mjög harkalega á fátækum fjölskyldum. Atvinnuleysi í Grikklandi er nú 28%, hagkerfið hefur skroppið saman um fjórðung og þar er skortur á nauðsynlegustu lyfjum.

Vandi Kýpur er einnig mikill, þar krafðist ESB þess að líffeyrissjóðir og gaslindir í þjóðareigu væru settar að veði fyrir efnahagsaðstoð.

Þessi harka ESB gegn eigin aðildarríkjum í vanda hlýtur að vekja spurningar um það hvernig Íslandi hefði farnast sem aðildarríki í hrúninu. Hefðum við þá getað varist því að skuldum fallinna banka yrði velt á heimilin? Hversu miklar kröfur hefði ESB gert um niðurskurð, sölu þjóðarigna eða veðsetningu í auðlindum þjóðarinnar? Hversu mikið af makrílkvóta hefði Brussel skammtað Íslandi? Hefði íslensk ferðaþjónusta vaxið eins og raun ber vitni ef hér væri evra? Hversu mikið væri atvinnuleysið? Svári hver fyrir sig.

Það mun líklega seint gleymast að fyrir EFTA-dómstólnum beitti Evrópusambandið sér sérstaklega fyrir því að íslenskir skattgreiðendur öxluðu skuldir einkarekinnna fjármálaflýrtækja. Sem betur fer tapaði Evrópusambandið því máli.

Nú ríkir mikil óvissa um hvernig Evrópusambandið muni þróast á næstu árum. Rætt er um að einhver aðildarríki gætu þurft að yfirgefa myntbandalagið. Í Bretlandi verður þjóðaratkvæðagreiðsla haldin árið 2017 um hugsanlega útgöngu úr sambandinu. Leiðtogar aðildarríkja virðast alls ekki einhuga um hvort stefnt skuli að meiri eða minni miðstýringu.

Undir þessum kringumstæðum gæti fullbúinn aðildarsamningur harla lítið sagt um það hvernig aðild mun líta út eftir nokkur ár. Sambandið sjálft gæti verið gjörbreytt frá því sem nú er. Það hlýtur að vera grundvallarforsenda aðildarferlis að meiri hluti þjóðar og þings hafi vilja til aðildar. Það hlýtur líka að vera forsenda ákvörðunar um aðild að hægt sé að vita með einhverri vissu á hvaða leið sambandið er. Um þetta allt ríkir nú mikil óvissa.

Í ljósi þessara kringumstæðna er sú ákvörðun ríkisstjórnar að gera hlé á aðlögunarferlinu bæði lýðræðisleg og skynsamleg.

[12:07]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Framganga ríkisstjórnarinnar í málum er varða aðild Íslands að Evrópusambandinu er ámælisverð. Hún er það vegna þess að ríkisstjórnin göslast áfram með utanríkisráðherrann í broddi fylkingar með það að markmiði að reyna að koma málum svo fyrir að aðildarferlið stöðvist án þess að hafa til þess umboð þingsins. Og hún forðast að koma inn í þingið og æska skýrs umboðs.

Utanríkisráðherra hefur gengið fram með lögfræðiálit, hann er vopnaður lögfræðiálit, til að reyna að finna því stað að hann sé ekki bundinn af ályktun Alþingis. Það lögfræðiálit verður gótóttara og gótóttara eftir því sem meira er lesið í því. Forsendurnar sem menn gefa sér í álitinu eru rangar. Allt byggir það á tilvitnun í einn danskan fræðimann. Hins vegar eru höfundar álitsins svo óheppnir að hafa sést yfir það að sá sami fræðimaður skrifaði sérstaka grein um sérstöðu utanríkismála í þessu samhengi og komst að þeirri niðurstöðu að þingheimur í Danmörku hafi alltaf stjórnað gerðum ríkisstjórnar í utanríkismálum.

Það er þingræðisvenja á Íslandi og hana ber að virða. Öll stór skref í utanríkismálum þjóðarinnar hafa alla 20. öld og allt fram á þennan dag stafað frá Alþingi Íslendinga, hvort sem það er þingsályktunartillaga Tryggva Þórhalssonar 1931 um að Ísland æski upptöku í Þjóðabandalagið, þingsályktunin um aðild að Sameinuðu þjóðunum 1946, aðildin að NATO 1948, aðildin að EFTA 1970 og svo aðildin að ESB 2009. Það er ekki rétt að þetta séu þingsályktanir í skilningi 21. gr. stjórnarskrárinnar, þetta eru þvert á móti þingsályktanir sem veita umboð til samninga og síðan í kjölfarið, eftir að samningur liggur fyrir, er sá samningur lagður fyrir þingið og staðfestur með þingsályktun í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Sú ákvörðun sem hæstv. utanríkisráðherra kynnti í morgun hefur ekki verið tekin að undan-

gengnu samráði við utanríkismálanefnd. Hann sagðist á fundi með utanríkismálanefnd nýverið vera að hugleiða það, en 24. gr. þingskapalaga um samráð við utanríkismálanefnd hefur ekki verið virt. Maður spyr líka: Hvar er ákvörðun ríkisstjórnarinnar? Hvar er hin formlega afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á þessu máli? Verður þá að vitna til nýggings landsdóms sem gerir ríkar kröfur um að ríkisstjórnin komi að umfjöllun um meiri háttar mál, því að væntanlega er upplausn samninganefndarinnar meiri háttar utanríkismál.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin leggur til úttekt á stöðu aðildarviðræðna og stöðu Evrópusambandsins. Það finnst mér í sjálfu sér skynsamleg hugmynd. Ég held að það gæti verið okkur mjög gott að fara yfir málið af yfirvegun hér á Alþingi í vetur. En það verður þá þeim mun óskiljanlegra að ríkisstjórnin taki skref eins og það að leysa upp samninganefnd án þess að hafa séð niðurstöðu þeirrar úttektar. Tilgangur úttektarinnar verður veigaminni og grafið er undan þinglegu forræði á sviði utanríkismála sem íslensk stjórnskipun og íslenskt þingræði hvílir á.

Ísland býr við undarlegar aðstæður. Við erum land í höftum, hagvöxtur er lífll og okkur gengur illa að fjölga verðmætum störfum. Fram undan eru kjarasamningar þar sem innlegg hæstv. fjármálaráðherra er að biðja menn að stilla kröfum í hóf þegar menn hafa horft fram á hrikalega kjaraskerðingu sem afleiðingu af veikburða gjaldmiðli. Staða þjóðarinnar í alþjóðlegum samanburði er grafalvarleg.

Launakjör og kaupmáttur þjóðarinnar í samanburði við nágrannalönd er þannig að það þarf að fara alla leið í austurhluta Evrópu til ríkja sem nýverið hafa gengið til liðs við Evrópusambandið til þess að finna hliðstæður í kaupmætti. Við þessar aðstæður er það gríðarlegt alvörumál að loka leiðum íslenskrar þjóðar til aukinnar verðmætasköpunar og betri kjara og að koma í veg fyrir að við getum byggt vel-sæld okkar á traustari grunni.

Ég vil þess vegna undirstrika mikilvægi þess að við tökum alvörumræðu um aðild að Evrópusambandinu. Við erum að flytja störf úr landi vegna þess að EES-samningurinn dugar okkur ekki lengur. Við erum í sjálfheldu gjaldeyris-hafta og það er brýnt að íslensk þjóð meti þessa stöðu af fullri yfirvegun í vetur.

[12:12]

### Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrslu sína. Nokkrir hv. þingmenn hafa gert það að umtalsefni að síðasta ríkisstjórn hafi verið klofin í afstöðu sinni til Evrópusambandsins og það er vissulega rétt. Mér finnst mikilvægt að fram komi í upphafi míns máls að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið andvíg því og er andvíg því að Ísland gangi í Evrópusambandið og byggir það meðal annars á þeim forsendum að Evrópusambandið stjórnaði í allt of ríkum mæli af hægri stefnu og markaðshagsmunum. Það má til sanns vegar færa, miðað við þau viðbrögð sem Evrópusambandið hefur sýnt í þeirri fjármálakreppu sem þar ríður yfir, að þar tel ég, eins og ég benti á í ræðu minni í fyrradag, að allt of harðri hægri stefnu hafi verið fylgt eins og til að mynda hjá Olli Rehn

sem hefur boðað niðurskurð sem ég þykist því miður sjá líka í stefnu núverandi ríkisstjórnar.

Ég var hins vegar ein af þeim sem studdu þessa umsókn á þeirri forsendu að þetta mál hefur verið stórpólítískt í umræðum hér á landi undanfarna áratugi. Allt frá því að Ísland varð aðili að EES-samningnum hefur þetta mál verið ofarlega á baugi í pólitískri umræðu. Þau rök sem mér hafa fundist skipta mestu þar eru lýðræðisrökin, þ.e. að eðlilegt sé að þjóðin komi að ákvörðun um mál af þessari stærðargráðu, mál sem hefur ólíka fleti, mál sem ekki er hægt að draga upp svart/hvíta mynd af. Miðað við þær nágrannaþjóðir sem við störfum með daglega, hvort sem er á Norðurlöndum eða annars staðar í Evrópu, er eðlilegt að þjóðin fái tækifæri til að taka afstöðu í þessu máli.

Í þessari umræðu hefur líka verið rætt um pólitískan veruleika og það er ljóst að sú ríkisstjórn sem nú situr, og þeir flokkar sem hana skipa, er andvíg aðild. Það er eðlilegt að ríkisstjórnin endurskoði þá ákvörðun sem tekin var á þinginu 2009. En ég geri miklar athugasemdir við þá framgöngu að sú ákvörðun sé þá ekki borin undir þingið, að breyta afstöðunni. Hæstv. utanríkisráðherra ræddi það hér og lýsti þeim vilja sínum að eiga samráð við Alþingi, og nefndi sérstaklega hv. utanríkismálanefnd Alþingis.

Ég tel að önnur sjónarmið hljóti að ráða þegar hæstv. utanríkisráðherra teflir fram lögfræðialíti. Nú vitum við öll að lögfræði er ekki vísindagrein sem getur gefið einhlít svör, það vitum við að sjálfsögðu. Það er alveg ljóst að gera má ýmsar lagalegar athugasemdir við það lögfræðialit sem hæstv. utanríkisráðherra lagði fram. Til að mynda er erfitt að setja allar þingsályktanir undir sama hatt. Til eru þingsályktanir þar sem Alþingi samþykkir að stefnt skuli að tilteknum markmiðum. Ef þær ályktanir komast aldrei til framkvæmda er spurning hvert gildi þeirra sé. En í þessu tilvik, þar sem um er að ræða, eins og hér hefur verið nefnt, í fyrsta lagi meiri háttar utanríkismál, í öðru lagi þingsályktun sem hefur beinlínis í för með sér athöfn af hálfu framkvæmdarvalds og stendur yfir í framkvæmd, hlýtur það að teljast undarleg lögfræði — þó að hv. þingmenn hafi haldið öðru fram og telji þetta stjórnskipulag fullkomlega eðlilegt — að þingið komi þá ekki að því að hverfa frá þeirri framkvæmd sem þegar er hafin. Ég tel það beinlínis varhugaðert stjórnskipulega að telja ályktanir Alþingis ekki skuldbindandi fyrir ríkisstjórn þó að það hafi ólíkar lögfylgjur þegar við ræðum annars vegar um gildi laga og hins vegar um gildi þingsályktana í afleiðingum fyrir ráðherra.

Ef við setjum nú lögfræðina til hliðar og horfum bara á pólitíkuna, hvornig við viljum þróa samskipti framkvæmdarvalds og löggjafarvalds — lögfræðina er hægt að rökraða endalaust, en ég hefði talið að ég og hæstv. utanríkisráðherra værum sammála um að vilja styrkja löggjafarvaldið. Ég man eftir hæstv. utanríkisráðherra sem hv. þingmanni þar sem hann var einatt þeirrar skoðunar í sínum mállutningi hér. Ég er sammála þeim mállutningi og þess vegna finnst mér það pólitískt stórkostlega athugaðert að ekki sé tekin ákvörðun um að þessi breytta stefna nýrrar ríkisstjórnar sé borin undir Alþingi með einhverjum þeim hætti sem hv. þm. Birgir Ármannsson fór yfir hér í upphafi. Mér finnst það satt að segja sjúskað að við séum ekki með þennan feril í lagi, mér finnst það.

Ég er sammála hæstv. forseta, Einari Kristni Guðfinnsyni, þegar hann ræddi í tengslum við þetta mál um fullveldi Alþingis. Það er mjög mikilvægt að Alþingi fái eðlileg tækifæri — ekki bara í einhverri örumræðu eins og við eigum hér þar sem ekki er verið að ræða neina tillögu — til að þinglegur vilji birtist þannig að framkvæmdarvaldið geti þá fylgt þeirri stefnu. Þó að ríkisstjórnin sitji í umboði tveggja flokka sem eru í meiri hluta á Alþingi hefur ekki farið fram umræða og ekki hefur farið fram atkvæðagreiðsla um þessa breyttu stefnu. Mér finnst þetta ekki gott. Mér finnst þetta, eins og ég sagði áðan, sjúskað.

Að lokum langar mig að nefna að fyrir kosningar ræddu fulltrúar stjórnarflokkanna talsvert um aðkomu þjóðarinnar. Þó að þar hafi verið blæbrigðamunur á — hæstv. fjármálaráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins ræddi um þjóðaratkvæðagreiðslu á fyrri hluta kjörtímabils og hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, nefndi engar tímasetningar í því en sagði fremur að ekki yrði haldið áfram nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu — teldi ég eðlilegt, og það hefur raunar verið skoðun mín sem ég byggi á þeim lýðræðisrökum sem ég nefndi í upphafi máls míns, að ríkisstjórn og Alþingi tækju þá ákvörðun að leita leiðsagnar þjóðarinnar, að lögð yrði vinna í að ná sátt um það hvornig leita skyldi þeirrar leiðsagnar. Það þarf ekki að gerast með einni spurningu, já eða nei. Við getum haft þá atkvæðagreiðslu ítarlegri þannig að Alþingi fái sem skýrasta leiðsögn.

Ég mundi hvetja til þess og ég þykist skynja það hjá hæstv. utanríkisráðherra að hann hafi fullan vilja, þrátt fyrir það sem á undan er gengið, til að vinna vel með þinginu að þessu máli. Þá hefði ég talið mjög mikilvægt að reyna að ná sátt um það hvornig staðið verði að vinnu við þessi mál. Ég tel mikilvægt að þjóðin komi að málum. En fyrst og fremst er það mjög mikilvægt að Alþingi komi að þeim nýju ákvörðunum sem teknar eru því að ríkisstjórn og framkvæmdarvald situr jú alltaf í umboði Alþingis.

[12:20]

### Vilhjálmur Bjarnason (S):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að lýsa vonbrigðum mínum með ákveðinn hluta stjórnarsáttmálans þó að ég sé aðili að öðrum þeirra flokka sem sitja í stjórn. Það er nefnilega þannig að Sjálfstæðisflokkurinn er stór og þar eru skoðanir skiptar. Þingfélagi minn, hv. þm. Birgir Ármannsson, las upp úr landsfundarsamþykkt þar sem aðild að Evrópusambandinu var hafnað. En skoðanir í flokknum eru skiptar, meiri hluti og minni hluti, og ég er í minni hluta þar.

Ég tel að sú leið sem hér hefur verið farin, sem ég átta mig ekki almennilega á og er nú kölluð frestun á aðildarferli, sé ekki í samræmi við það þingræði sem ég tel að eigi að ríkja hér á landi. Ég fletti upp í stjórnskipunarfræðum í riti dr. Gunnars G. Schrams, og ætla, með leyfi forseta, að lesa örstutt úr því, það sem sagt er um þingsályktanir:

„Þingsályktanir eru samþykktir Alþingis. Til þeirra þarf ekki atbeina forseta. Þær fela fyrst og fremst í sér yfirlýsingar Alþingis en geta skipt máli sem réttarheimild.“

Síðan vísar prófessorinn og fyrrverandi hv. þingmaður, til nokkurra þingsályktunartillagna eins og ályktana um

meðferð konungsvalds frá 1940, ályktana Alþingis um frestun alþingiskosninga frá 1941 og aftur um kosningu ríkisstjóra á sama ári.

Ég tel rétt að sú leið hefði verið farin að þingið hefði tekið þessa ákvörðun því að ríkisstjórnin situr þó alltént í skjóli þingsins. Hún hefur ekki sjálfstætt vald, hún framfylgir samþykktum Alþingis og Alþingi tók ákvörðun árið 2009, ef ég man rétt. Að vísu voru skoðanir skiptar en eftir að hafa kynnt mér nefndarálit meiri og minni hluta finnst mér þessar skoðanir merkilega líkar. Í álitunum kemur fram mismunandi áhersla á hagsmunagæslu, sem ég held að allir hafi reiknað með, en eftir að hafa kynnt mér fleiri samþykktir að alþjóðastofnunum, eins og aðild Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum — þær voru samþykktar hér umræðulaust árið 1944. Aðildin að EFTA er ekki samþykkt með atkvæðum stjórnarþingmanna einna heldur fjögurra þingmanna stjórnarandstöðu. Einn flokkur var á móti, annar flokkur sat hjá. Ég spurði einn þingmann úr þeim flokki um þá atkvæðagreiðslu og hann sagði: Ég man ekki hvernig ég greiddi atkvæði en ég man að ég var dreginn út í einhverja vitleysu sem ég skammast mín alltaf fyrir. Og það var hjáseta.

Ég held að enginn efist um að aðild Íslands að þeim alþjóðasamtökum sem við höfum tekið þátt í, þ.e. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum, Sameinuðu þjóðunum, NATO, EFTA og EES, hafi haft víðtæk áhrif hér á landi í áttina fram á við. Ég er þeirrar skoðunar að sá samningur sem gerður var 1991, 1992, og kallast samningur um Evrópskt efnahagssvæði, EES, sé bráðabirgðaaðgerð byggð á undirbúningi fyrir allt aðrar þjóðir, þ.e. Austurríki, Finnland og Svíþjóð, en vegna hruns Sovétríkjanna breyttust aðstæður í Evrópu. Ég tel að þessi samningur, sem er orðinn 20 ára gamall, þarfnist endurskoðunar af ýmsum ástæðum. Hér hafa verið nefnd ýmis fullveldisákvæði, stjórnarskrárákvæði, og það er nú þannig að til þess að vera sjálfstæð þjóð þarf stundum að taka ákvarðanir sem fela í sér ákveðið fullveldisafsal til að vera með öðrum þjóðum. Það er engin uppgjöf. Fullkomið sjálfstæði án samskipta við aðrar þjóðir er ekki til lengur.

Ég segi líka að ýmsar þær atvinnugreinar sem menn hafa mestar áhyggjur af, eins og sjávarútvegur og landbúnaður, séu í býsna undarlegri stöðu. Sjávarútvegurinn er í þeirri undarlegu stöðu að hann nýtur allra réttinda innan Evrópusambandsins og íslenskir aðilar eiga meira að segja aðild að flestum veiðiheimildum Evrópusambandsins, alla vega þýskum veiðiheimildum. Landbúnaður á Íslandi er í erfiðri stöðu, í svona sjálfstýrðri erfiðri stöðu, þar sem enginn vill takast á við vandann eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur fyrr í morgun. Ég tel að full þörf sé á að takast á við þann vanda, meðal annars í þessu aðildarferli.

Varðandi myntina er það nú þannig að hægt er að ljósa um mynt. Eitt prósent íslenskra fyrirtækja hefur kosið sér aðra mynt en íslenska krónu. 300 íslensk fyrirtæki af 30.000 hafa valið sér að aðra mynt. Samkvæmt lauslegri atvugun minni er að sama skapi ekki um að ræða 1% af veltu íslenskra fyrirtækja heldur 30% af veltu íslenskra fyrirtækja. Þetta eru fyrst og fremst sjávarútvegsfyrirtæki, orku-fyrirtæki, flutningafyrirtæki, fyrirtæki sem starfa á alþjóð-

legum mörkuðum þar sem starfrækslumyntin er talin tekjuhlutinn.

Ég tel að ýmislegt gerist hægt og bítandi, eins og í landbúnaði, hnignun landbúnaðarins. Íslensk fyrirtæki munu velja sér aðra mynt en við, alþýðan, sitjum eftir með íslenska krónu sem verður notuð lausbeisluð til að fella gengið eftir þörfum. Mér geðjast ekki að því að hér verði láglaunaland með gengisfellingum og að árangur í ferðaþjónustu þakki menn lágu gengi.

Ég ætla að minna þingheim á orð sem þáverandi forsætisráðherra lét hafa eftir sér árið 1969 eða 1970. Þáverandi forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, sagði að efnahagslegir erfiðleikar áranna þar á undan hefðu átt ríkan hlut til hvatningar — þ.e. til aðilar að EFTA.

Ég tel að ríkisstjórnin hefði átt að fara þá leið að leggja fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um að snúa við fyrri þingsályktun. Ég geri mér grein fyrir því hver niðurstaðan hefði orðið en því miður var önnur leið farin og ég er ekki sammála henni.

[12:29]

#### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Herra forseti. Hæstv. utanríkisráðherra, þakka þér fyrir greinargerð þína. Afstaða okkar í Bjartri framtíð er að ljúka eigi viðræðunum og leggja samninginn í dóm þjóðarinnar. Við teljum að það eigi alltaf að taka afstöðu út frá bestu vitneskju. Við getum ekki tekið afstöðu í þessu máli út frá getgátum um það hvernig samningurinn muni hugsanlega líta út.

Mér finnst margt í umræðunni um Evrópusambandið skrytið og mér finnst merkilegt hversu langt er gengið í að ala á ótta; Evrópusambandið er gert tortryggilegt með ýmsum ráðum og jafnvel kennt um allt sem miður fer í álfunni. Mér finnst ein fullyrðing lýsa þessum hræðsluáróðri hvað best og hún er: „Sjáið bara Grikkland“, eða „sjáið bara Spán og Portúgal.“

En síðan hvenær fórum við að bera okkur saman við Grikkland eða lönd Suður-Evrópu? Við eigum það vissulega sameiginlegt með þessum löndum að við kusum yfir okkur stjórnvöld sem stóðu sig illa og það leiddi til efnahagshörmunga, en það hefur ekkert með Evrópusambandið að gera. Þjóðir Evrópu bera algerlega ábyrgð á eigin stjórnvöldum. Mér er því eiginlega fyrimunað að skilja af hverju alltaf er verið að blanda Grikklandi inn í Evrópusambandsumræðuna á Íslandi. Væri ekki nær að við segðum þá: „Sjáið bara Svíþjóð, sjáið bara Finnland, sjáið bara Danmörku og sjáið bara Austurríki, Þýskaland, Holland, Belgíu, Lúxemborg“?

Fullt af löndum í Evrópu vegnar vel og öðrum vegnar verr. Þannig er það bara. Evrópusambandið er aldeilis ekki gallalaust en ræðum þá raunverulegu ókostina sem fylgja því að ganga í Evrópusambandið því að þeir eru alveg fyrir hendi. Okkar hlutverk er í rauninni bara að meta hvort kostirnir séu fleiri en gallarnir. Þetta með „Sjáið bara Grikkland“ eru ekki boðleg rök.

Eins og ég sagði er það afstaða okkar í Bjartri framtíð að klára eigi aðildarviðræðurnar og við teljum það mikil mistök að okkar frábæra samninganefnd hafi verið leyst frá störfum.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu þjóðinni þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort halda ætti viðræðum áfram. Nú virðist allt í einu lítil áhugi á því. Það vantaði þó ekki áköll allt síðasta kjörtímabil um að þjóðin fengi að segja sitt. Þá þótti Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum mjög mikilvægt að hlustað væri á þjóðina í þessu máli, það væri lýðræðislegt. Hvað breyttist?

[12:32]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Stefna Pírata í þessu máli er skýr, að ljúka skuli aðildarviðræðum og setja samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Mig langar að segja ykkur að í aðdraganda kosninga átt- um við píratar fund með aðalsamningamanni Íslands við Evrópusambandið. Þar var útlitað fyrir okkur að verið væri að opna ákveðna pakka, semja um þá, breyta lögum á Íslandi til þess annars vegar að aðlaga lög á Íslandi við samninginn sem við nú þegar erum aðilar að, um Evrópska efnahagsvæðið, en hins vegar væri líka verið að aðlaga lög Íslands að lögum Evrópusambandsins. Þetta er því aðlögunarferli, ekki bara samninga- og aðildarviðræðuferli.

Þetta er nokkuð sem kæmi í ljós og fólk mundi þurfa að meta stöðuna hvað það varðar í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu um að halda aðildarviðræðunum áfram. Það væri hreinlegast að fara í þá umræðu og kanna málið. Vill þjóðin halda áfram að breyta lögum Íslands í átt til laga Evrópusambandsins þegar kemur að atriðum sem eru ekki innan EES-sáttmálans?

Stefna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í þessu máli er náttúrlega að ganga ekki þarna inn. Maður skilur að þeir vilji ekki halda áfram með ferli þar sem íslensk lögjöf er aðlöguð lögjöf Evrópusambandsins. Svo spyr maður sig: Hvað segir í þingsályktuninni um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem Alþingi samþykkti 16. júlí 2009?

Ef ég les það, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í álitu meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Þá er spurning: Það að gera hlé á samningnum, er það brot á sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni eins og hefur verið nefnt hérna og fram kemur í álitu meiri hluta utanríkismálanefndar? Það að gera hlé á aðildarviðræðum um einhvern óákveðinn tíma, er það brot á þingsályktuninni? Er verið að brjóta gegn þingsályktuninni að ganga gegn henni? Við getum athugað það.

Svo kemur fram í nefndarálitu meiri hluta frá 2009, með leyfi forseta:

„Skipulag viðræðna og hlutverk framkvæmdarvaldsins.

Meðal þeirra gagna sem nefndin hefur kynnt sér eru upplýsingar um skipulag aðildarviðræðna nokkurra þjóða sem áður hafa gengið í gegnum þær, svo og skipulag viðræðna Króata við ESB undanfarið þótt þeim viðræðum hafi nú verið frestað um óákveðinn tíma.“

Þetta er eitt af því sem var miðað við. Ég spyr því að ég veit ekki, hvort verið sé að brjóta gegn þingsályktuninni frá júlí 2009, um að Alþingi álykti að fara skuli í þessa aðildarviðræður við Evrópusambandið, með því að fresta viðræðum um óákveðinn tíma. Fróðari menn verða að fræða mig um það.

Það væri náttúrlega hreinast og beinast að samþykkja þingsályktunartillögu herra Össurar Skarphéðinssonar frá því í sumar um þetta mál, hvort aðildarviðræðunum skuli haldið áfram, og setja það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það eru önnur atriði nefnd þar sem stjórnarflokkarnir eru kannski ekki hrifnir af og þeir gætu þá lagt fram sína eigin þingsályktunartillögu eða bara sagt að þeir ætli að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu samfara sveitarstjórnarkosningum á næsta ári, eins og þeir hafa sagt, þ.e. að þeir muni ekki halda ferlinu áfram nema slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram. Þá yrði aðildarviðræðunum mögulega haldið áfram. Við vitum það fyrst ef þetta verður sett í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort viðræðunum skuli haldið áfram. Meiri hluti þjóðarinnar er með því, þannig að í vor mundi meiri hluti þjóðarinnar eflaust segja: Já, við skulum halda þessu ferli áfram, við skulum klára það, við skulum kjósa um það. Og þegar síðan yrði kosið um fyrirbyggjandi aðildarsamning mundum við líka vita, eins og staðan er núna, að meiri hluti þjóðarinnar væri á móti. Þetta væri því mjög heillavænlegt ferli, þá gætum við fengið þetta mál út af borðinu. Þjóðin mun mjög líklega segja nei við þessu og sérstaklega ef efnahagsáform ríkisstjórnarinnar standa, ef þeim tekst að koma samfélaginu á koppinn og láta hjól atvinnulífsins snúast. Evrópa er ekkert að fara að gera það á næstunni. Ef þeim tekst að gera það á Íslandi, segja píratar á Evrópuþinginu mér að engin þjóð hafi gengið inn í Evrópusambandið þegar uppsveifla hefur verið í efnahagslífinu. Ef ríkisstjórnin treyrist sér til þess að koma uppgangi efnahagslífsins í gang þá ætti hún að treysta sér til að setja þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu, klára dæmið og þá getum við hætt að ræða þetta næstu tíu árin.

[12:38]

### Forseti (Steingrímur J. Sigfússon):

Forseti vill minna hv. þingmann að nota þau ávarpsorð sem eiga við hér í salnum, ávarpa þingmenn sem hv. þingmenn og ráðherra sem hæstv. ráðherra.

[12:39]

### Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Tækifæri okkar Íslendinga eru á mörgum sviðum. Við erum rík þjóð, rík af auðlindum sem mikil þörf verður fyrir í framtíðinni. Við eigum nóg af hreinu vatni, grænni orku, hugsanlega olíu og síðast en ekki síst erum við mjög framarlega í matvælaframleiðslu. Lega landsins er eftirsóknarverð fyrir Norður-Íshafssiglingar. Þar liggja gríðarleg tækifæri í framtíðinni sem við Íslendingar þurfum að vera vel vakandi yfir.

Þar sem við erum fámenn þjóð og rík af auðlindum tel ég hag okkar betur borgið utan ESB en innan þess. Afstaða núverandi stjórnarflokka er skýr eins og hv. þm. Birgir Ármannsson gerði góða grein fyrir áðan. Á landsfundum sínum fyrir á þessu ári ályktuðu stjórnarflokkarnir að hag Ís-



lands væri betur borgað utan ESB en innan þess. Í stjórnarsáttmálanum kemur skýrt fram að hlé verði gert á aðildarferlinu og það þarf ekkert að „afsaka það neitt“. Hléið er gert í góðri sátt við ráðamenn innan ESB. Þar er fullur skilningur á afstöðu okkar Íslendinga.

Næsta skrefið er að fá sérfræðiúttekt um stöðu viðræðanna og stöðu mála innan ESB. Óháð stofnun mun gera þessa úttekt, eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra Gunnars Braga Sveinssonar og verður úttektin væntanlega gerð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þegar sú úttekt liggur fyrir verður hún kynnt fyrir þjóðinni allri og rædd á Alþingi. Þetta þykir mér sanngjörn og skynsamleg leið.

Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt þessa aðferðafræði harðlega, jafnvel reynt að halda því fram að hæstv. utanríkisráðherra hafi nánast upp á sitt einsdæmi slitið viðræðunum við ESB. Það er ekki rétt og þeir ágætu samstarfsmenn mínir sem hafa haldið þessu fram vita auðvitað betur. Viðræðunum hefur ekki verið slitið. Öll vinnan sem unnin hefur verið í kringum þetta ferli er og verður til. Ekkert hefur verið eyðilaggt eða afturkallað og engu slitið.

Stjórnarandstaðan hefur einnig gagnrýnt harðlega að utanríkisráðherra fylgi ekki þingsályktunartillögu Alþingis frá 2009 um aðildarviðræður við ESB. Hæstv. utanríkisráðherra lét vinna lögfræðilegt álit um gildi þingsályktunartillagna. Niðurstaða álitsins var skýr, með leyfi forseta, um að „þingsályktanir sem ekki byggjast á sérstakri heimild í lögum eða stjórnarskrá bindi stjórnvöld ekki umfram það sem af þingræðisvenjuni leiðir“.

Það segir sig líka eiginlega sjálf að ef þingsályktanir væru algerlega bindandi gætu ríkisstjórnir á hverjum tíma dælt út þingsályktunartillögum, bundið þar með næstu ríkisstjórn og ákveðið þannig stefnu næstu ríkisstjórnar.

Núverandi þingmeirihluti fékk umboð frá kjósendum nú í vor til að stýra landinu. Fólkið í landinu kaus ríkisstjórnarflokkana út á stefnu þeirra, alls ekki út af stefnu síðustu ríkisstjórnar, það er alveg ljóst.

Ég vil einnig nefna að hæstv. utanríkisráðherra hefur upplýst utanríkismálanefnd reglulega um gang mála varðandi ESB og önnur utanríkismál. Hann hefur tekið saman greinargöð gögn fyrir nefndina og mætt á fundi hennar þegar þess hefur verið óskað og svarað spurningum nefndarmanna skilmerkilega. Þannig hefur samvinna og samstarf utanríkismálanefndar og hæstv. ráðherra verið mjög gott.

Það að hefja aðildarumsókn að Evrópusambandinu er stór ákvörðun. Hagsmunir þjóðarinnar eru stórkostlega miklir. Öll framtíðin er lögð að veði. Slíkar ákvarðanir verður að byggja á sterkum grunni. Síðasta ríkisstjórn var alls ekki einhuga um að Íslendingar ættu að sækja um aðild að ESB. Það mætti meira að segja fullyrða að fullkomin óeining hefði ríkt á milli þáverandi stjórnarflokka. Þingmeirihlutinn sem náðist um þessa ákvörðun byggðist á pólitískum hrossakaupum.

Einhugur verður að ríkja, ekki bara á milli stjórnarflokka þegar svo stórar ákvarðanir eru teknar, heldur verður einnig að vera eining milli þings og þjóðar.

Aðildarferlið kostar mikla peninga. Nú spyr ég: Viljum við, á tímum þar sem grunnþjónusta okkar á undir högg að sækja, svo sem löggæsla og heilbrigðisþjónusta, eyða mill-

önnum í aðildarumsókn að ESB? Mitt svar er: Nei, það vil ég ekki.

„Ég vil bara fá að kíkja í pakkann svo ég geti myndað mér skoðun.“ — Þessi setning heyrir oft og þá á fólk við að það vilji klára aðildarviðræðurnar við ESB áður en gengið verður til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild. Ég skil þessa afstöðu í sjálfu sér, en ESB lítur ekki svona á málið. Evrópusambandið lítur þannig á að þegar ríki sækja um aðild og aðildarviðræður hefjast ætli ríkin sér að ganga í sambandið með kostum þess og göllum. Það er ekkert til sem heitir að „kíkja í pakkann“. Slíkur pakki er líka ansi dýr, eins og ég hef þegar bent á, og við (Forseti hringir.) höfum ekki efni á honum.

Framtíð Evrópusambandsins er lituð af óvissu. Evran er ekki traustur gjaldmiðill. Traustari en krónan, segja sumir, en ég læt það liggja á milli hluta. Það er ekki hægt að fullyrða neitt um það eins og staðan er núna. Evrópusambandið á við risavaxin vandamál að etja. (Forseti hringir.) Evrópusambandið leysir ekki öll okkar vandamál. Við verðum að leysa okkar vandamál sjálf og það ætlar þessi ríkisstjórn að gera.

Framtíð Íslands felst í samvinnu, (Forseti hringir.) samvinnu Íslendinga og annarra þjóða, þjóða beggja vegna Atlantshafsins.

[12:45]

#### Valgerður Bjarnadóttir (Sf):

Forseti. Já, það ber að þakka þessa umræðu hér í dag. Við vitum þá alla vega hvernig málin standa því að það hefur ekki verið á hreinu í allt sumar hvernig sambandi okkar við Evrópusambandið er háttað. Svo virðist sem hæstv. utanríkisráðherra hafi í kaffi- eða kokteilboðum sagt mönnum það að nú værum við hætt í þessum aðildarviðræðum, að sinni a.m.k. Stundum hefur manni skilist það líka að búið væri að slíta viðræðunum.

Forseti þingsins gaf mjög skörulega yfirlýsingu um það þegar það var rétt hér fyrir í haust. Nú virðist svo vera að þetta mikilvæga mál, sem nú snýst sem sagt um að leggja niður samninganefndirnar, ekki slíta viðræðunum, hafi ekki verið rétt í ríkisstjórn, alla vega hefur það verið staðfest hér í dag að þetta mál sem hlýtur að kallast mikilvert utanríkismál hefur ekki verið rétt í utanríkismálanefnd, sem mér finnst mjög alvarlegt. Vissulega hefur hæstv. utanríkisráðherra lýst því þar, skilst mér, að hann væri að hugsa hitt og þetta en ekki sagt hvað hann ætlaði sér.

Virðulegi forseti. Það er ekki einkamál ráðherra hvernig þeir haga sér. Það er ekki einkamál hvernig utanríkisráðherra hagar samskiptum okkar við Noreg, Þýskaland, Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar eða NATO. Það er ekki einkamál ráðherra og þó að hann hafi vissulega mikið að segja og skipti miklu máli þá er það Alþingi Íslendinga sem ákveður hvernig við högum samstarfi okkar við erlendar þjóðir. Það skiptir máli.

Virðulegi forseti. Það eru svo sem ekki ný tíðindi að ég telji að hagsmunum okkar, hagsmunum íslenskrar þjóðar sé best borgið í náinni samvinnu við Evrópusambandið. Það eru heldur ekki ný tíðindi að ég telji það rétt fólksins í landinu að greiða atkvæði um aðild að Evrópusambandinu þegar samningaviðræðum, sem Alþingi ákvað að efna til, er

lokið. Það er að mínu mati algjörlega út í hött sem sumir helstu andstæðingar þess að við æskjum aðildar að Evrópusambandinu, segja, að við eigum að greiða atkvæði um það áður en samningum er lokið hvort við viljum aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Það er algjörlega út í hött. Við hljótum eins og alltaf hefur verið lagt upp með að greiða atkvæði um aðild að Evrópusambandinu þegar við sjáum samninginn. Það er ekki að kíkja í pakkann vegna þess að enginn gengur endanlega til samninga fyrr en hann eða hún veit hvernig samningurinn lítur út.

Ég var þó fegin að heyra það í orðræðu hæstv. utanríkisráðherra, og orðin sem hann notaði, að ekkert hefði verið skemmt — það væri bara búin að fresta þessu, ekkert hefði verið skemmt. Ég þakka mínum sæla fyrir það. Hv. þm. Silja Dögg Gunnarsdóttir sagði líka: Ekkert hefur verið eyðilagt. Við skulum þá þakka það að ekkert af þeirri miklu og góðu vinnu sem embættismenn íslenskra ríkisins hafa unnið í samningaviðræðum við Evrópusambandið hefur verið eyðilagt. Ég þakka það kærlega.

Í umræðum hér á þriðjudaginn og í flestum viðtölum við forustumenn þjóðarinnar hefur komið fram að erfiðasta úrlausnarefnið séu gjaldeyrishöftin og fjármagnshöftin. Trúa þeir því að við, 320 þús. manna þjóð, getum haldið uppi sjálfstæðum gjaldmiðli? Sýnir saga krónunnar að við getum það? Höfum við, 320 þús. manna þjóð, þann aga sem til þarf að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli? Er það ekki mikið ábyrgðarhlutverk þegar við erum að vinna okkur upp úr þeim erfiðu efnahagsörðugleikum sem við höfum átt í (Forseti hringir.) að slá á frest, að loka á þann möguleika að við getum tekið upp almennilega mynt?

[12:50]

#### **Guðlaugur Þór Þórðarson (S):**

Viðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir ágæta og málefnalega umræðu. Ég fagna því að við ræðum um aðild Íslands að ríkjabandalagi eins og Evrópusambandinu. Mér finnst að við höfum rætt það allt of lítið. Við eigum að ræða það miklu meira vegna þess að við eigum enn eftir að taka grunnumræðuna. Það er svo furðulegt að við erum, held ég, eina þjóðin í Evrópu — ég hygg að engar aðrar þjóðir hafi sótt um aðild að Evrópusambandinu en þær sem eru í Evrópu ... [Hlátur í þingsal.] — Ja, hv. þingmenn hlæja. Menn deila nú um það hvar Tyrkir eru, en látum það liggja á milli hluta. En við förum hins vegar þá leið að sækja um aðild að Evrópusambandinu, og nú er ég bara að vísa í ræður. Tökum bara dæmi frá þessum degi, ræður nokkurra hv. þingmanna, t.d. forustumanna VG sem sóttu um að fara í ESB en vilja ekki fara í ESB. Það er bara ekki hægt, það hefur engin þjóð gert. (Gripið fram í.)

Síðan tók að vísu síðasta ríkisstjórn sig til, af því að menn gleyma því, og ákvað bara að hætta því að semja um að fara í ESB. Ég man ekki eftir því að það hafi nein þingsályktunartillaga verið lögð hér fram eða að gerður hafi verið nokkur skapaður hlutur. Ég held að þeir aðilar sem þannig stóðu að málum séu reiðastir núna yfir framgangi hæstv. utanríkisráðherra. Þetta er alveg séríslenskur veruleiki.

Þær þjóðir sem við berum okkur saman við og hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu hafa allar tekið umræðu

um hvort það sé gott fyrir viðkomnadi þjóð að vera í Evrópusambandinu. Þær hafa gert úttektir og skrifað skýrslur og bækur. Reyndar er þetta allt saman til hér á Íslandi; Stefán Már Stefánsson er einn færasti Evrópusérfræðingurinn okkar en einhverra hluta vegna er hann aldrei kallaður til viðtals við fjölmiðla þegar við tölum um Evrópumál eða mjög sjaldan. Ýmsir aðrir hafa skrifað lærdar greinar, heilar bækur þar sem þeir fara nákvæmlega yfir það hvað felst í því að vera í Evrópusambandinu. Auðvitað er til aragrúi af erlendum ekki bara fræðiritum heldur úttektum og einhver mundi nú segja: Væri ekki gott að byrja á því að ræða þetta? Síðan mundu þeir aðilar sem vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu og leggja í það milljarða, færa rök fyrir því hvers vegna við ættum að ganga í Evrópusambandið; út af þessu og þessu og þessu. Nei, nei, það gerist ekki á Íslandi. Þar koma menn í fullri alvöru fram og segja að við séum að sækja um aðild að Evrópusambandinu, ekki aðeins að við séum að leggja í milljarða kostnað þess vegna, sem íslenskir skattgreiðendur greiða auðvitað, heldur af því að við viljum, höfum það alveg á hreinu, að þjóðirnar í ESB, í því ríkjabandalagi, séu vinþjóðir okkar. Við eigum að hafa gott samstarf við þær, eins gott og mögulegt er. Við höfum farið fram á að þessir aðilar eyði milljórdum og mikilli vinnu í aðildarviðræðurnar og við erum bara að kanna hvað er í gangi. Allt liggur fyrir. Það liggur allt saman fyrir; úttektir, skýrslur, bækur, íslenskar, erlendar. Ég held að við ættum að byrja á því að ræða það hvað felst í því að vera í Evrópusambandinu. (**ÁPÁ:** Kom ekkert út úr samningaviðræðunum um árið?) Nú kallar hv. þm. Árni Páll Árnason eitthvað sem ég veit ekki hvernig tengist málinu, en hann talaði um Noreg. Ég skal segja hvað gerðist í Noregi. (Gripið fram í.) Og hann er orðinn svo taugaveiklaður að hann ætlar ekki að leyfa mér að komast að til að svara frammikalli hans varðandi Noreg.

Í Noregi var það þannig að þeir hafa tvisvar sótt um aðild að Evrópusambandinu til þess að fara í Evrópusambandið. Það var stór meiri hluti fyrir því á þingi að fara í Evrópusambandið. Það var stór meiri hluti fyrir því hjá allra helstu hagsmunaaðilum, reyndar fjölmiðlum líka. Ef þú talir við Norðmenn um það hvort þeir mundu sækja um aðild að Evrópusambandinu þá segja þeir að þeir mundu aldrei sækja um aðild að Evrópusambandinu nema það væri búinn að vera ríflægur meiri hluti fyrir því í mjög langan tíma áður en sótt væri um aðild að bandalaginu.

Ein af skýrtnu birtingarmyndunum í þessu er umræðan um IPA-styrkina. Hér er hæstv. ríkisstjórn ásökud um að hafa orðið þess valdandi að við höfum misst af einhverjum peningum sem komið hafa af himnum ofan út af einhverri framgöngu. Ég vil núna lesa úr skýrslu samninganefndar fyrrverandi ríkisstjórnar um aðildarviðræður Íslands og ESB. Þar er farið nákvæmlega yfir þessa blessuðu IPA-styrki. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr skýrslunni. Þar segir:

„Áherslur í IPA-stuðningi við Ísland á árunum 2011–2013 eru skilgreindar í rammaáætlun sem var birt í aprílmánuði árið 2011. Stuðningurinn skiptist í tvo meginflokka, annars vegar styrkingu stjórnsýslu á Íslandi og hins vegar undirbúning fyrir þátttöku í uppbyggingarsjóðum sambandsins. Ástæðan er sú að aðild að ESB kallar á marg-

víslega styrkingu stjórnsýslunnar og fyrir liggur að til að Ísland geti tekið þátt í stefnum og verkefnum Evrópusambandsins, t.d. byggðastefnu ESB, þarf að byggja upp þekkingu á starfsháttum og stofnaumhverfi sambandsins svo árangur náist sem fyrst eftir aðild.“

Svo tala menn bara eins og það sé bara heppni að við höfum dottið inn á einhverja IPA-styrki en vegna framgöngu nýrrar ríkisstjórnar missum við þá. Við fáum þessa styrki til að undirbúa okkur undir aðild, ekki fyrir neitt annað. Það er fullkomlega óskiljanlegt að þessi óskiljanlega stefna Vinstri grænna birtist með þeim hætti að þeir sækja um í ESB, vilja ekki fara inn en taka samt við IPA-styrkjum. Þeir fara í verkefni til að undirbúa okkur undir aðild að ríkjabandalagi sem þeir vilja ekki fara inn í. Svo koma þeir og gagnrýna það að við tökum ekki aðildarstyrkina og höldum okkur við verkefni, flokkurinn sem hefur sagt það skýrt að hann vill ekki vera í ESB. Reynið að útskýra það fyrir einhverjum hvernig það gengur upp. Ég held að það sé kominn tími til að við ræðum hvað felst í því að vera í ESB og ég held að það sé líka kominn tími til að þeir aðilar sem vilja að íslenskt stjórnkerfi sé heltekið og við eyðum beint og óbeint hundruðum milljóna og milljörðum í aðildarviðræður útskýri fyrir okkur hví við skyldum fara í ESB, því að það er grundvallarspurningin. Sérstaklega hlýtur það að snúa að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þó svo að það væri nú ágætt að heyrja Samfylkinguna tala öðruvísi en í slagörðum um það.

Af því að mér finnst þessi IPA-styrkjumræða svolítið skrytinn vildi ég vekja athygli á því að ef menn fara á Evrópuvefinn, upplýsingaveitu um Evrópusambandið og Evrópumál, er þar t.d. tekið fram hvað það kostar fyrir Ísland að vera í Evrópusambandinu, menn tala oft um að við högnumst mikið á því. Ég held að það sé rétt núna þegar við tökum við gríðarlega erfiðu búi vegna þess að allar þær áætlanir sem lagt var af stað með af síðustu ríkisstjórn hafa ekki gengið eftir og fjárlagahallinn er gríðarlegur, að við horfumst í augu við kostnaðinn. Miðað við þær úttektir sem gerðar voru af íslenskum aðilum var kostnaðurinn frá 5 milljörðum upp í 17 milljarða nettó, ekki brúttó heldur nettó. Hér er ég að vísa í Hagfræðistofnun HÍ, Deloitte & Touche, (Gripíð fram í.) Evrópunefnd forsætisráðherra og utanríkisráðuneytið 2010. Ef menn hafa aðgang að tölvu og internetinu, sem ég efast um að hv. þingmenn (Forseti hringir.) Samfylkingarinnar hafi, þá geta menn með tiltölulega auðveldum hætti fundið það. Ef þeir eru í vandræðum skal ég með glöðu geði koma þessum upplýsingum til þeirra.

[13:00]

#### Ásmundur Einar Daðason (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir skýrslu hæstv. utanríkisráðherra og þá umræðu sem verið hefur um hana í dag.

Ég vil byrja á að taka það fram að ég er mjög ánægður með í hvaða farvegi þetta mál er. Það liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. utanríkisráðherra fylgir stefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var og stefnu Framsóknarflokksins mjög vel eftir. Ég vil segja að þau verkefni sem hæstv. utanríkisráðherra hefur verið að framkvæma eru fullkomlega innan ramma og innan stefnu ríkisstjórnarinnar, meðal annars það sem fréttist af í dag, þ.e. að leysa upp samninganeftirnar.

Þetta er það sem felst í þessu raunverulega hléi. Hv. þm. Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, fór mjög vel yfir það í ræðu sinni áðan ásamt hæstv. ráðherra í hvaða farvegi málið er. Við biðum skýrslu sem unnin verður um málið og hún kemur síðan til umræðu á Alþingi. Hv. þm. Birgir Ármannsson fór vel yfir þá valmöguleika sem eru þar í stöðunni.

Það hefur verið mjög sérstakt að fylgjast með umræðunni í dag, sérstaklega af hálfu stjórnarandstaðinga, til dæmis hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. En þó var eitt sem kom reglulega fram í máli hv. þingmanns sem ég held að rétt sé að fara aðeins dýpra ofan í þegar hv. þingmaður talaði um hver sé hinn pólitíski veruleiki málsins. Hver er hinn pólitíski veruleiki þessa máls?

Staðreyndin er sú að við erum í dag með ríkisstjórn sem er mótfallin því að ganga í Evrópusambandið. Stjórnarandstaðan heldur því fram að við eigum að halda aðildarviðræðum áfram og það eigi síðan að útkljá málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi sama stjórnarandstaða sagði það ítreakað fyrir ekki svo löngu — reglulegir fundir voru í Samfylkingunni vegna þess að þá var ráðherra í ríkisstjórninni sem var mótfallinn Evrópusambandsaðild, var ekki tilbúinn til að taka þátt í aðlögunarferli, var ekki tilbúinn til að taka við IPA-styrkjum til aðlögunar. Og honum varð að víkja úr ríkisstjórn. Honum var vikið úr utanríkismálanefnd síðar. Þetta var þáverandi hv. þingmaður, Jón Bjarnason. En nú vill stjórnarandstaðan að skoðanabræður hans varðandi Evrópusambandsmálið, meðal annars frá utanríkismálanefnd, hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. forsætisráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. iðnaðar- og nýsköpunaráðherra haldi áfram aðildarferlinu, Evrópusambandsandstaðingar, þegar þeir sjálfir á sínum tíma settu til hlíðar einstakling sem deildi nákvæmlega sömu skoðunum.

Það blasir auðvitað við að ekki er mögulegt að halda áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið þegar við völd er ríkisstjórn, stjórnarflokkar sem vilja ekki ganga í Evrópusambandið. Á þessu áttuðu Samfylkingin og Vinstri grænir sig á þegar þeir voru hluti af ríkisstjórnarliðinu. Evrópuþingmenn átta sig á þessu, Evrópuþingmenn sem við ræddum við á sameiginlegum fundi sem halldinn var á Hótel Loftleidum núna í sumar.

Það er algerlega skýrt að það verður að liggja fyrir pólitískur vilji vegna þess að ráðuneytin, undirstofnanirnar og annað þurfa að taka á sig gríðarlega stór verkefni sem snúa meðal annars að því að laga íslenskt regluverk að Evrópusambandinu. Þetta getur ekki gengið nema við séum með ríkisstjórn sem vill ganga í Evrópusambandið. Þess vegna er svo skrytið að hlusta á fulltrúa stjórnarandstöðunnar tala í dag eins og það sé ekkert mál að halda þessu áfram þegar veruleikinn er auðvitað allur annar. Þessir einstaklingar áttuðu sig á því fyrir kosningar.

Það sem þarf að vera til staðar til að halda áfram aðildarviðræðum er skýr vilji íslenskra stjórnvalda til að ganga í Evrópusambandið og skýr vilji íslenskrar þjóðar til að ganga í Evrópusambandið.

[13:04]

#### Róbert Marshall (Bf):

Virðulegur forseti. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni að vísbendingar væru um að meiri hluti þjóðar-

innar vildi ekki ganga í Evrópusambandið, og vitnaði til skoðanakannana. Reyndar mætti benda hæstv. ráðherra á að miðað við skoðanakannanir vill meiri hluti þjóðarinnar aðra ríkisstjórn en þá sem er nú er við völd, en við skulum ekki dvelja of mikið við það. Það er í raun ekki hægt að fara eftir skoðanakönnunum í þessum efnum. Það er hins vegar hægt að fara eftir bestu mögulegu og fánlegu upplýsingum og bestu mögulegu og fánlegu upplýsingarnar um kosti þess að ganga í Evrópusambandið fáum við með því að ljúka viðræðunum og leggja þann samning sem upp úr því kæmi í dóm þjóðarinnar. Þar hefur vægi mitt, sem er frekar á því að ganga í Evrópusambandið — vægi míns atkvæðis er allveg jafnmikið að afli og vægi atkvæðis hæstv. utanríkisráðherra og hvers annars Íslendinga. Það er hreinlegasta leiðin til að leiða til lykta þá spurningu sem íslensk stjórn má og íslenskt samfélag hefur glímt við í langan tíma og í raun og veru í allt of langan tíma.

Virðulegi forseti. Ég vann við það á árum áður sem fréttamaður að tala við stjórn málamenn og reyna að knýja þá svara. Eins og hæstv. utanríkisráðherra veit og velflestir hér inni og flestir þeir sem fylgjast með þessari umræðu þá eru til mjög margar aðferðir til að svara ekki spurningum. Þær spurningar sem hér eru uppi á borðum, og sú spurning sem svífur yfir vötnum, er auðvitað eitthvað sem við eigum að leitaast við að fá svör við. Það eru nokkrar aðferðir til að knýja stjórn málamenn til svara. Það vita þeir sem hafa starfað sem fréttamenn. Ein ágæt aðferð við það er til dæmis að þrengja svið spurningarinnar og reyna að fá þann sem spurður er til að skilgreina ástandið. Ef viðræðunum hefur ekki verið slitið og samt á ekki að ganga inn í Evrópusambandið væri ágætt að fá að vita það hjá hæstv. utanríkisráðherra hvernig hann skilgreinir stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu akkúrat núna.

Til að ég útskýri þetta þá hefur málflutningurinn hjá ríkisstjórninni verið býsna þversagnarkenndur á köflum í þessum efnum. Tökum sem dæmi IPA-styrkina sem komu til tals hér áðan. Þar segja talsmenn ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra, í aðra röndina að ekki standi til að Íslandi gangi í Evrópusambandið, en í hina röndina finnst þeim furðulegt að Evrópusambandið hafi dregið IPA-styrkina til baka vegna þess að Ísland sé enn þá með stöðu umsóknarríkis. Það sér hver maður að þetta stangast fullkomlega á og gengur ekki upp.

Ég vil í lok máls míns rifja upp hvaða ástæður mér finnst skipta máli í svarinu við spurningunni um hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Í fyrsta lagi erum við evrópsk menningarþjóð og eigum erindi í samstarfi með öðrum Evrópuþjóðum. Í öðru lagi tel ég að alvarlegasta framsal fullveldisins felist í óbreyttum EES-samningi, að mesti hugsanlegi lýðræðishalli sem við getum búið við sé fölginn í óbreyttu ástandi þar sem við tökum við löggjöf, tilskipunum, reglugerðum án aðkomu og innleiðum í íslensk lög. Í þriðja lagi hefur gjaldmiðill Evrópusambandsins, evran, ótvíræða kosti í för með sér umfram það að búa við óbreytt ástand í gjaldveyrismálum. Þetta eru þrjú atriði sem skipta mjög miklu máli.

Í fjórða lagi vil ég einfaldlega segja, og það er lykilatriði í mínum huga, að þau vandamál sem heimurinn glímir við, heimsbygðin öll, hvort sem það er á vettvangi umhverfis-

mála, friðar- og mannréttindamála, hvort sem það er á vettvangi fjármálaheimsins, hvort sem fjallað er um framleiðslu eða verslun — þá verða vandamál heimsbygðarinnar ekki leyst á vettvangi þjóðríkisins. Þau verða einungis leyst í samstarfi fullvalda þjóða í samtökum á borð við Evrópusambandið. Þar eigum við fullt erindi og þar á rödd okkar að hljóma.

[13:09]

#### Utanríkisráðherra (Gunnar Bragi Sveinsson) (F):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þingmönnum Bjartrar framtíðar, Pírata, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna fyrir málefnalega umræðu. Það er mikilvægt mál sem við erum að ræða hér. Þetta er eitt af þeim málum sem Alþingi á mikið undir haldið sé rétt á og með skipulegum hætti og um það ríki trúverðuleiki og traust á sama tíma og fylgt er skýrri stefnu. Ég vildi því nota síðustu mínúta til að tæpa á nokkrum atriðum sem fram komu í máli þingmannanna þótt ég nái augljóslega ekki að fara yfir allt á svo stuttum tíma.

Hér var meðal annars spurt af hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni um næstu skref. Næstu skref eru augljóslega þau að fá þá skýrslu sem oft hefur verið nefnd til umræðu hér á Alþingi, vonandi í haust, eins og ég hef áður greint frá.

Allt frá upphafi aðildarferlisins hefur skort verulega á að þjóðin hafi verið spurð eins og við höfum talað um áður. Þjóðin stóð ekki að baki þeirri ákvörðun sem var tekin á Alþingi. Við vitum það. Því var meira að segja hafnað að leita álits þjóðarinnar og þar af leiðandi var það Alþingi sem tók þá ákvörðun að fara af stað í þessa vegferð. Ég tel því eðlilegt að málið komi aftur til Alþingis til umfjöllunar þegar umræddri skýrslu hefur verið skilað.

Við vitum að óraunhæfar væntingar voru gefnar af sumum um að viðræðum mundi ljúka fljótt og örugglega og að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin um samning við lok síðasta kjörtímabils, en við vitum hver staðan er núna. Við vitum líka að þinglegur styrkur meiri hlutans sem tók ákvörðun um að sækja um aðild að Evrópusambandinu var byggður á sandi, ætla ég að leyfa mér að segja, og lyktaði af pólitískum hrossakaupum milli meirihlutaflokka.

Hv. þm. Róbert Marshall spurði undan er ástand stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu í dag. Staðan er einfaldlega sú að við eigum í mjög góðum tvíhliða viðræðum við Evrópusambandið og munum eiga áfram. Ég er sammála hv. þingmanni um að Ísland er að sjálfsögðu Evrópuþjóð. Við eigum menningarleg og söguleg tengsl við Evrópuríkin og munum að sjálfsögðu efla þau áfram. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að núverandi ríkisstjórn talar fyrir þessari nálgun og er metnaðarfull gagnvart Evrópusambandinu. Ég veit að margir þingmenn eru því sammála að halda þannig á málum. Við skulum því leggja saman á árarar og styrkja hagsmunagæslu okkar líft og lagt var til í góðri skýrslu um Evrópumál frá árinu 2007 sem var samþykkt sem þingsályktun sl. vor.

Við eigum að geta spilað úr sterkri stöðu í dag. Í dag þekkjum við Evrópusambandið og innviði þess mun betur en við gerðum áður. Ég vona líka að Evrópusambandið þekki okkur mun betur en áður. Þekkingin nýtist okkur óhjákvæmilega í því starfi sem fram undan er. Á þetta bæði

við um EES-samninginn sem og þau fjölmörgu sóknarfæri sem við hyggjumst vinna með. Það má því segja að hið ótula starf stjórnsýslunnar fari ekki forgörðum heldur mun ríkisstjórnin nýta þá vinnu og krafta ótullega.

Ég vona að þingmenn geti verið mér sammála um það, hvar svo sem þeir standa í þessu máli, að með því að fela óháðri háskólastofnun áður nefnda úttekt um stöðu Evrópusambandsins sé því atriði komið þannig fyrir að það sé hæfið yfir pólitískt karp og verði jafnvel upphafi að rökföstu samtali. Það er mitt markmið með því að gera þetta á þennan hátt.

Þingmönnum sumum hverjum er nú orðið meira annt um að fela þjóðinni að skera úr um hvort aðildarviðræður skulu halda áfram en ekki og þeim er jafnvel meira annt um það en þeim var áður. Minnst ég þá þess og vil minna á það að þjóðin var ekki spurð þegar farið var af stað í þetta ferli, eins og ég sagði hér áðan.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt að stefnan er skýr þótt einhverjir þingmenn virðist ekki geta lesið stjórnarsáttmálann með réttum augum og kjósa að snúa út úr honum. Það verður ekki haldið áfram viðræðum án þess að þjóðin ákveði það og þjóðin getur treyst því að hún verði spurð áður en haldið verður áfram. Á sama tíma er ljóst að stefna beggja stjórnarflokkanna er skýr. Sú stefna sem samþykkt var á landsfundum þeirra er að hagsmunum Íslands sé betur komið fyrir utan Evrópusambandið.

Breytt stefnumörkun í aðildarferlinu hefur kallað á ýmsar ákvarðanir eins og þær sem snúa að IPA-styrkjum, ríkjaráðstefnum, samninganefnd, samningahópum o.s.frv. Það er ágætt að vekja athygli á því að Evrópusambandið hefur að sjálfsgöðu sett sitt fólk í önnur verkefni. Það er ekkert athugasvert við það.

Sumir þingmenn hafa gert mikið úr þessum ákvörðunum og talað um að núverandi ríkisstjórn sé að spilla einhverju. Það á auðvitað ekki við nein rök að styðjast. Það sem gert hefur verið er að framfylgja skýrri stefnu og, til að endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni áðan, engar skemmdir hafa verið unnar á einu eða neinu, aðildarumsóknin hefur ekki verið afturkölluð, engu hefur verið slitið. Það verður ekki gert án þess að ræða það fyrst í þinginu. Ég endurtek: Það er sérstök ákvörðun sem kallar á umfjöllun í þinginu að slíta viðræðunum. Ég ítreka það.

Ég hef skýrt ítarlega mína afstöðu til IPA-styrkjanna. Við vildum greiða fyrir því að unnt yrði að mæta væntingum þeirra sem lagt höfðu mikið á sig til að skipuleggja metnaðarfull og gagnleg verkefni og koma þeim til framkvæmda með fjárhagslegum stuðningi frá IPA. Evrópusambandið gat ekki fallist á þetta og þannig endaði það. Við leggjum áherslu á að þau verkefni sem voru þegar byrjuð haldið áfram og fá að klárast.

Aðeins varðandi lagalegt gildi þingsályktana. Það skýrtna er að reynt hefur verið að gera mikið úr því að ný ríkisstjórn fylgi ekki stefnu fyrri ríkisstjórnar. Það birtist í því að gagnrýnt er að við fylgjum ekki ályktunum Alþingis um aðildarumsókn sem samþykkt var af fyrri meiri hluta. Sérstakt lagaálit sem unnið var að beiðni stjórnarandstöðunnar svarar því skýrt. Það er ekkert athugasvert við hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum. Álituð staðfestir það sem er viðtekið viðhorf fræðimanna, að þingræðisreglan ræður.

Virðulegi forseti. Það sem ég vil leggja áherslu á hér í lokin er einmitt það sem ég nefndi í upphafi. Þessi ríkisstjórn vil standa fyrir sterku sambandi við Evrópusambandið, að vísu á öðrum grunni en í tíð fyrri ríkisstjórnar. Við munum standa fyrir tillögugerð um að styrkja aðkomu okkar að EES-samningnum og öðrum samningum til að tala máli Íslands sterkari röddu en aðstæður hafa verið til að gera á undanföllum árum.

Umræðu lokið.

[Fundarhlé. — 13:16]

### *Hagstofa Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). — Þskj. 14, nál. 107 og 109, brtt. 108.

[13:51]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Við ræðum hér tvö nefndarálit, minnihluta- og meirihlutanefndarálit frá hv. allsherjar- og menntamálanefnd sem hefur verið að vinna í þessu máli.

Ég verð að segja að málið hefur batnað mjög mikið í meðferð nefndarinnar og af umræðunni hér sem hefur verið mjög jákvæð, líka frá þeim sem eru á móti málinu. Það segir mér að ef menn hefðu haft örlítið meiri tíma þá hefðu þeir örugglega náð lendingu. Það leiðir hugann að því hvort ekki hefði verið skynsamlegra fyrir ráðherrann að beina málinu beint til nefndarinnar og biðja hana um að vinna málið á sínum tíma í stað þess að vinna það sjálfur, setja það í ferlið og síðan kemur stjórnarandstaðan ekki að því fyrr en seint og síðar meir. Þetta er eitthvað sem menn hefðu þurft að skoða því að menn eru allir sammála um vandann og flestir eru sammála um lausnina, en menn geta náttúrulega haft mismunandi skoðanir á því.

Fjárhagsvandi heimilanna hefur verið mikið í umræðunni, sérstaklega skuldavandinn. Um neikvæða eiginfjárstöðu hefur mjög mikið verið rætt, að mínu mati fullmikið, vegna þess að þetta snýst líka um greiðslugetu, ekki bara eignastöðu. Þetta hefur verið viðloðandi úti á landi síðan ég man eftir mér. Þeir sem byggðu hús úti á landi lentu í því að eiginfjárstaðan var neikvæð vegna þess að söluverð eignu úti á landi stóð engan veginn undir byggingarkostnaði. Menn lentu yfirleitt í því að verða með neikvæða eiginfjárstöðu, þ.e. þeir sem byggðu úti á landi. Menn höfðu ekki miklar áhyggjur af því á þeim tíma.

Menn hafa verið að tala um forsendubrest, eitthvert nýtt hugtak vegna skyndilegrar 18% verðbólgu og 40% gengisfalls. Ég man þá tíð þegar verðbólga var 130% og þá ræddi enginn um forsendubrest, en það er margt sem breytist.

Mikil krafa hefur verið um að lögjafinn grípi inn í þetta vandamál og grípi til úrræða. Stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar ber þess keim og öll kosningabaráttan. Mér hefur oft liðið á þeim fjórum eða fimm árum frá hrúni, það er komin fimm ár núna, eins og stýrimanni sem stýrir skipi um skerjagarð og búið er að draga fyrir alla glugga, maður sér ekkert út. Það er óþægileg tilfinning. Og það er óþægileg tilfinning að vera krafinn um að gera ráðstafanir

þegar maður veit ekki hver hin raunverulega staða heimilanna er og ég hef margkallað eftir því. En meiri upplýsingar um stöðu heimilanna gerir kröfu um meiri persónuupplýsingar. Það eru tveir vöndir kostir, að vita ekki um stöðu heimilanna og hins vegar að ganga á mannréttindi, þ.e. meiri persónuupplýsingar.

Ég flutti reyndar frumvarp í nóvember 2010 um hvernig eigi að taka á þessu. Þar lagði ég verulega mikla áherslu á dulkóðun, verulega sterka dulkóðun og að þrjár aðilar þyrftu að koma að því vegna þess að ég gerði mér grein fyrir þessum vanda með persónuverndina.

Ég hef reyndar daufar upplýsingar um stöðu heimilanna. Starfsmenn Seðlabankans hafa unnið góða skýrslu um skuldug heimili. Það er fjöldi heimila sem ekki skuldar vegna íbúðarinnar sinnar, ég kem inn á það á eftir. Þetta var góð vinna. Mér sýnist á öllu þegar maður skoðar landslagið að um það bil 27% heimila eru leigutakar, voru 18% fyrir nokkrum árum, ekki mörgum, skulda sem sagt ekki í íbúðum sínum. Svo sýnist mér, og það er líka svona veik tilfinning, að 21% heimila skuldi ekki í íbúðum sem fólk býr í. Það er minn árgangur að einhverju leyti. Það fólk er búið að borga niður skuldinar, skuldar ekki neitt en er oft í vanda vegna þess að tekjurnar eru lágar, lífeyririnn er lágur o.s.frv. og skattlagning er mikil á húsnæði. Það er því rétt rúmlega helmingur heimila sem skuldar í sinni eign. Það er landslagið, sýnist mér. Og af þeim er góður hluti sem ræður ósköp vel við sínar skuldir. Það er einhver hluti, kannski 10% af öllum heiminum, kannski 20%, sem er í miklum og óleysanlegum vanda út af hruninu.

Það hefur margt verið gert og margt mun gerast og þeir sem hafa verið duglegastir í að gera eitthvað fyrir heimilin eru dómstólarinnir. Gengislánin munu bæta stöðu heimilanna allverulega en sú leiðréttning er ekki komin fram í þeim gögnum sem við höfum þannig að staða heimilanna mun batna enn frekar. Síðan kom fram í dagblöðum í gær eða fyrradag frá Seðlabankanum að staðan væri ekkert voðalega slæm og hefði batnað mikið. Ljóst er að síðustu þrjú eða fjögur árin hafa laun hækkad meira en skuldir og eignir hafa hækkad meira en skuldir. Staðan er því að batna.

Hér er gerð krafa um að ganga mjög langt á persónuvernd til að fá upplýsingar um þá stöðu sem ég er að reyna að lýsa hérna með daufum hætti. Heimilin fjárfesta í tvennu um ævina. Það er húsnæði annars vegar og menntun hins vegar. Á móti húsnæðisláninu kemur eign sem hægt er að taka á og sjá en á móti námsláninu kemur engin eign, þar myndast bara skuldir, en samt er menntun virkilega mikil eign. Verkfræðingur er með hærri laun en verkamaður svo ég tali nú ekki um lækna. Menntun er eign en hún er ekki sýnd, og það myndast skuld hjá heimilunum. Þetta finnst mér að menn þurfi líka að ræða. Svo er hérna fyrirbæri eins og yfirdráttur og neysluskuldir sem ég hef bara ekki skilið. Ég hef ráðlagt mönnum mörgum sinnum að vera ekki að taka lán fyrir neinu öðru en íbúð og menntun. Það er raunveruleg eign, hvort tveggja. Bíla eiga menn að staðgreiða, síma, ég tala nú ekki um slíka hluti og heimilisteki því að menn borga þetta hvort sem er, bara nokkrum mánuðum eða árum seinna og þá er alveg eins gott að fresta neyslunni pínulítið. Fyrst menn gátu komist af með flottan nýjan síma hingað til þá geta þeir það örugglega einhverja mánuði í

viðbót. Vandinn er því óljós og að mínu mati ekki eins mikill og menn vilja vera láta en hann er alvarlegur hjá þeim sem eru í vanda. Og krafan er sú að menn kanni þetta.

Þá vil ég tala um persónuverndina. Persónuvernd er tengd mannréttindum og friðhelgi heimilisins. Margir hafa sagt: Mér er svo sem alveg sama þó menn viti allt um mig. Ég hef sagt við fólk: Af hverju ertu þá með gluggatjöld yfirleitt og af hverju læsir þú þaðherberginu þínu o.s.frv.? Persónuvernd er nefnilega mannréttindi en það er ekki alveg sama hver veit um mig. Þetta vissi Stasi í Austur-Þýskalandi. Þeir vissu hve það var mikilvægt að vita um einstaklinga eða töldu sig vita það.

Við höfum veitt ríkisskattstjóra óheyrilega miklar heimildir, ótrúlega miklar heimildir eftir hrun þegar hann fékk allar fjármagnsupplýsingar úr bönkunum, bæði eignir og skuldir, innstæður, vexti og allt. Þetta dældist allt til ríkisskattstjóra. Hann hefur miklar upplýsingar. Ég man ekki eftir að menn hafi talað mikið um persónuvernd í því sambandi, þannig að það frumvarp sem við ræðum nú bætir ekki voðalega miklu við. Það gerir það reyndar að verkum að menn fá upplýsingar miklu hraðar en ríkisskattstjóri. Hann er með það allt að einu ári seinna, eða tveimur árum í versta tilfalli, en hér er verið að veita upplýsingar sem koma miklu hraðar inn.

En það er margt, margt annað sem ógnar persónuöryggi okkar, til dæmis gemsinn minn, sem er reyndar niðri. Gemsinn minn segir hvar ég er staddur. Hægt er að rekja það dag fyrir dag, klukkutíma fyrir klukkutíma hvar ég er staddur. Það er ágætt þegar þarf að miða út fólk sem tynist en mér líður ekki vel með að menn viti nákvæmlega hvar ég er staddur. Menn vita til dæmis núna að ég er á 2. hæð í Alþingishúsinu.

Það sem vantar inn í þetta dæmi, sem ég ætla að biðja nefndina að fara í gegnum af því að þetta fer til nefndarinnar, eru leigutakar. Við ræðum á eftir um stöðu leigutaka. Hún er bara skelfileg í stuttu máli sagt og það hefur lítið eða ekkert verið rætt um hana. Ég held að ég sé eini þingmaðurinn sem á síðasta kjörtímabili talaði yfirleitt um leigutaka. Staða þeirra er mjög slæm. Mér sýnist á þeim upplýsingum sem menn ætla að afla að það verði ekkert upplýst um þá stöðu. Ég vil að nefndin bæti því við að upplýsinga verði aflagd um leigusamninga og annað slíkt þannig að menn viti líka um þessi 27% heimilanna sem eru mörg að borga verðtryggða leigu. Fólk er í ótryggu húsnæði á leigumarkaði þar sem mjög fáar leiguíbúðir er að hafa, alla vega í Reykjavík. Ég vildi gjarnan að nefndin skoðaði það að víkka þetta út ef á að fara í þetta á annað borð, að þessi 27% heimila í landinu verði könnuð líka.

Þegar menn tala um persónuvernd og fylgjast með umræðu í Evrópu rekast þeir strax á verulega mikla umræðu í kjölfar uppljóstrana Snowdens, sem nú er í Rússlandi. Hann upplýsti um það að Bandaríkin, NSA, National Security Agency, fái upplýsingar um mjög margt. Og nú vil ég benda hv. þingmönnum á að símtal er ekkert annað en hljóðskrá sem hægt er að geyma inni í tölvu. Hún er flutt um ljósleiðara og hægt er að þýða hljóðskrá yfir á prentmál, yfir á íslensku og svo er hægt að þýða það á önnur tungumál, t.d. ensku. Ég geri ráð fyrir að slíkar upplýsingar sem eru geymdar hér í gegnum ljósleiðara, þeim sé skuldað fram

og til baka í heiminum til að taka afrit og annað slíkt. Það er ótrúlegur tilflutningur á gögnum sem ég held að almenn- ingur geri sér almennt ekki grein fyrir. Það getur verið að eitthvert símtal sem ég átti í gær sé geymt núna í Brasilíu. Allt fer þetta í gegnum ljósleiðara og það er möguleiki á að einhver komist í þetta og búið sé að þýða símtalið mitt frá því í gær yfir á ensku. Þetta er tæknilega mögulegt og þá segja menn: Ja, 1 milljarður eða 2 milljarðar manna, það er ekki hægt að fylgjast með þeim, það er svo mikið magn af gögnum. En það er alveg ótrúlegt hvað hægt er að vinna úr þessu. Hægt er að vinsa vissa menn úr, þingmenn eru um 40 þúsund í heiminum og ef við tökum fleira VIP-fólk, „very important persons“, mikilvægt fólk í atvinnulífi, við- skiptalífi, verkalýðshreyfingu og öðru þá eru það kannski um 200 þúsund manns. Það er ekkert mál að geyma upplýs- ingar, ekkert mál, tíu ár aftur í tímann, öll símtöl, öll SMS, allt sem þeir gera.

Mér finnst þetta vera uggvænlegt, uggvænleg þróun, og mér finnst að við þurfum að ræða þetta miklu betur en þá persónuvernd sem við erum að standa vörð um í þessu máli. Þó að hún sé líka mikils virði þá vegur hún að mínu mati miklu minna. Þetta hefur lítið verið rætt hér á landi, þær uppljóstranir sem koma fram hjá Snowden. Á sínum tíma í vor sagði ég að það væru áhöld um hvort hann væri hetja eða skúrkur og ég held að við þurfum að ræða það hvort hann er hetja eða skúrkur, hvort skúrkurinn sé ekki sá sem er að safna þessum gífurlegu upplýsingum. Það er spurningin mín og hvort persónuvernd og friðhelgi einka- lífsins sé ekki þarna fyllilega brotin. En þetta eru spurning- ar sem ég varpa fram og ég vil að hv. þingmenn skoði þessi mál alvarlega.

Nú getum við svo sem ekki gert mikið í því að breyta heims málanum eða breyta upplýsingasöfnun í heiminum en ég vil leggja mitt litla lód á vogarskálarnar, að menn alla vega hugleiði það.

Svo vil ég að endingu, herra forseti, leggja áherslu á að hv. nefnd skoði stöðu leigutaka ekki síður en skuldugra heimila, sem eru töluvert færri en mörg í mjög erfiðri stöðu.

[14:06]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir ræðuna, hann fór inn á margt sem er mjög mikilvægt að ræða. En mig langar að spyrja í stuttu máli: Með hlið- sjón af þeim tækniframförum sem eiga sér stað og hafa átt sér stað síðustu þrjá til fjóra áratugi, seinustu öld eiginlega, er þá ekki sérstaklega mikilvægt að við Íslendingar reynum í það minnsta að vera til fyrirmyndar þegar kemur að lög- gjöf um friðhelgi einkalífsins? Er ekki mikilvægt, einmitt vegna stöðunnar í heiminum og brota NSA til dæmis, sem þó eru frá Bandaríkjunum — athugið, friðhelgi einkalífsins á að vera tryggð í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þeir telja sig ekki brjóta hana vegna þess að þeir hafa í gegnum tíðina alltaf fundið fleiri og fleiri ástæður til að ganga á friðhelgi einkalífsins, IV. viðauka stjórnarskrár Bandaríkjanna.

Ég óttast, og við píratar og fleiri, að sama þróunin eigi sér stað hér. Burt séð frá því hvaða heimildir hafa verið veittar í fortíðinni réttlætir það ekki að við getum endalast

gengið lengra. Einhvers staðar þurfum við að segja stopp. Einhvers staðar þurfum við að átta okkur á því að við höf- um kannski þegar gengið of langt og ættum ekki að ganga lengra. Við ættum að skoða friðhelgi einkalífsins með hlið- sjón af því að styrkja hana í staðinn fyrir að finna sífelld fleiri og fleiri ástæður — sem við munum finna — til þess að á ganga á það.

Mig langar því að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvort hann telji ekki frekar að við ættum að salta þetta mál í bili og ræða það upp á nýtt í nefndinni á haustþingi og þá með hliðsjón af friðhelgi einkalífsins, með hliðsjón af nýjum NSA og ástandinu í heiminum.

[14:08]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég þakka þetta andsvar og spurninguna sem beint er til mín.

Nei, ég tel að mikilvægt sé að taka á þeirri umræðu sem er búin að vera í gangi í fjögur ár og svara henni. Við verð- um að svara því einhvern veginn hver skuldastaða heimil- anna er og hvað sé hægt að gera. Þess er krafist að Alþingi setji lög um ráðstafanir til að bjarga heimilunum og ég vil vita hver staða heimilanna er áður en ég fer út í svoleiðis. Ég vil vita þegar ég sigli um skerjagarðinn hvort það sé sker þarna eða þarna svo að ég geti sveigt af leið og tekið réttar ákvarðanir.

Ég er því hlynntur þessu en, eins og ég sagði í upphafi, en valið er á milli tveggja slæmra kosta. Þetta er tímabund- ið og mér sýnist að þarna sé búið að gera heimikið af ráð- stofunum til þess að þetta sé eins mikið verndað og hægt er. Ég er á vissan hátt sáttur við þá lausn sem nefndin hefur komist að. Ég var ekki alveg eins sáttur við frumvarpið eins og það kom upphaflega fram en ég er orðinn nokkuð sáttur. En auðvitað er þetta slæmur kostur þannig að við erum að velja á milli tveggja slæmra kosta.

Ég vil miklu frekar taka á vandamállum heimilanna, hin- um raunverulega vanda. Ég hygg að þegar búið er að kanna þau mál muni vandi leigjenda koma mikið sterkar fram en vandi skuldsettra heimila og vandi þeirra sem eru í vand- ræðum með að greiða af lánunum, þ.e. eru í greiðsluvanda. Hann mun kannski koma fram sem aðalvandinn en ekki endilega skuldavandinn.

[14:10]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir svarið.

Hv. þingmaður nefnir réttilega að tveir vondir kostir séu í stöðunni. Það er óumdeilt að við göngum hérna á friðhelgi einkalífsins. En áttar hv. þingmaður sig á því að þessar upp- lýsingar eru nýtanlegar í öðrum tilgangi en þeim sem hér um ræðir? Þegar upplýsingarnar verða til get ég lofað því, ég get lofað öllum því vegna þess að það er byrjað, að þá byrjar þrýstingurinn á að nýta þau gögn með viðtækari hætti. Ef það er tölfraedin, að fá hana, og ég skil að hún sé mikilvæg, ef það er nóg til þess að ganga svona langt, hvers vegna ekki þegar Seðlabanki Íslands kemur og segir: Við getum notað hana til eftirlits, við getum notað hana til þess

að forða okkur frá nokkru hrúni nokkurn tíma aftur?

Af hverju ættum við að segja nei? Af hverju ættum við að segja nei þá ef ekki núna?

[14:11]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ekkert af þessum upplýsingum verða til, þær eru til. Þær eru allar til allt í kringum okkur. Þetta er bara spurningin um samkeyrslu. Auðvitað er samkeyrsla mikið atriði og gefur mikið vald, en það er hægt að gera það engu að síður. Það væri alveg hægt að tengja saman tölvukerfi bankanna, þau eru m.a.s. öll á einum stað, meira og minna.

Valdið eða misnotkunin er því möguleg og þess vegna held ég að betra sé að gera það svona, að hafa um það löggjöf og að misnotkun sé refsiverð, heldur en ef það gerist einhvern veginn öðruvísi utan löggjafar.

En þetta er slæmur kostur og ég held að við þurfum einhvern tíma að taka almennilega umræðu um persónuvernd almennt og fara í gegnum það hversu mikið er til af upplýsingum um einstaklinginn úti um allt. Ég geri ráð fyrir því til dæmis að ríkisskattstjóri viti nákvæmlega fjárhagsstöðu mína og heimilis míns, nákvæmlega. Reyndar með dálftilli seinkun en upplýsingarnar liggja allar fyrir. Það er borguð staðgreiðsla af launum mínum í hverjum mánuði og þá vita þeir: Hann er að fá launahækkun þarna, blessaður, o.s.frv. þannig að þeir vita miklu meira.

Það verða ekki til upplýsingar, þær verða samkeyrðar og það væri hægt að misnota þær ef einhver hefði áhuga á því og kæmist í upplýsingarnar — þetta kemst allt fyrir á litlum diskum sem menn geta geymt í töskunni sinni — það væri hægt að misnota þær illilega.

Það er nefnilega þannig að upplýsingar gefa vald, upplýsingar eru vald. Þar þurfa menn að gæta vel að því að upplýsingagjöfin sem tæknin gerir okkur kleift að halda utan um á risavaxinn hátt, þróun er svo hröð í geymsluminni, tölvutækni og hraða að hún er allt að því uggvænleg.

[14:13]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Fram hefur komið í umræðu um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu skuldsettra heimila að höfuðstólshópurinn svokallaði mun skila tillögum í nóvember um það hvernig eigi að vinna að lækkun höfuðstóls húsnæðis-skulda.

Fram kemur hins vegar í þessu máli hér að þau gögn sem þetta mál snýst um að heimila Hagstofunni að afla, safna, muni liggja fyrir í mars eða apríl. Það er því einsýnt að þau gögn sem Hagstofan kemur til með að hafa með höndum verða ekki fyrir hendi þegar höfuðstólshópurinn skilar sínum tillögum í nóvember.

Hv. þingmaður áréttar í ræðu sinni og síðan í andsvörum að hann vilji vita hver staðan sé áður en hann fari í aðgerðir. Þá vil ég spyrja hann um það hvernig þessi áreksur í dagatalinu, ef svo má að orði komast, samrýmist þeim göfugu markmiðum þingmannsins að hann vilji hafa sem ríkastar upplýsingar áður en farið er í aðgerðir og því að hafa stutt þau markmið ríkisstjórnarinnar að plön um höfuð-

stólslækkun liggja fyrir þegar í nóvember án þess að þessi gögn séu fyrir hendi.

[14:15]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Þetta eru erfiðar spurningar vegna þess að þetta er spurning um tímasetningar. Ég hygg að menn þurfi að fara að skoða að fresta niðurstöðu hjá höfuðstólshópnum þar til þessar upplýsingar liggja fyrir eða þá að höfuðstólshópurinn komi með niðurstöðu sem er sveigjanleg að þeim upplýsingum sem koma seinna fram. Hann geri ráð fyrir því að þeir sem eru í þessari og þessari stöðu fái leiðréttingu sinna mála og síðan þegar niðurstöðurnar liggja fyrir vitum við hvað sá hópur er stór.

Allt er þetta náttúrlega spurning um að vinna málið með hagsmunum heimilanna í huga og ég held að það sé ekki stórt vandamál því að vinnan í Hagstofunni ætti að geta gengið nokkuð hratt fyrir sig. Þetta eru allt saman upplýsingar sem streyma með ljóshraða og allt er þetta eiginlega eingöngu spurning um forritun, hvað það tekur mikinn tíma að forrita kerfin til að taka á móti þessu, búa til módel. Seðlabankinn er búinn að vinna ansi mikið módel fyrir fjárhagsstöðu heimilanna þannig að ég hugsa að það liggja mikið til varðandi þann hóp heimila sem skuldar í íbúðinni sinni. Það kann að vera erfiðara að finna hin heimilin, þ.e. leigutakana, en það hefur nú ekki verið ofarlega á dagskrá að leysa þann vanda, en ég legg áherslu á að það verði gert í leiðinni.

Ég held því að varðandi tímasetningar þá geti höfuðstólshópurinn skilað sínum hugmyndum um að leysa vanda þeirra sem eru í ákveðinni stöðu, síðan komi niðurstöðurnar úr þessari könnun einhverjum mánuðum seinna og þá liggja fyrir hve margir munu njóta þeirra kjara. Þetta er náttúrlega bara spurning um tímasetningar.

[14:17]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið. Þarna liggur nefnilega hundurinn grafinn. Svo virðist sem í það stefni að raunverulegar aðgerðir séu ekki á borðinu fyrr en ári eftir kosningar. Það mundu einhverjum þykja töluverð tíðindi í ljósi þess að menn töluðu um efndir og engar nefndir o.s.frv. Það liggur fyrir að skilningur hv. þingmanns er sami skilningur og minn, þ.e. að forsendur séu ekki fyrir hendi til að ákveða hverjar aðgerðirnar eiga að vera fyrr en þessi gögn liggja fyrir ásamt með tillögum höfuðstólshópsins nú í nóvember.

Þá er aftur spurning með þanþol samfélagsins og biðlund gagnvart slíkri nálgun miðað við það sem áður hefur verið sagt og áður hefur verið lofað. Ég vil ekki síður nefna, vegna þess að hv. þingmaður tekur hér fram stöðu leigjenda og við komum til með að ræða hana frekar í dag, að markmið aðgerða ríkisstjórnarinnar hafa fyrst og fremst snúist um að taka á höfuðstólshækkun lána en ekki að líta til annarra mikilvægra þátta svo sem stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði, námsmanna, fyrirtækja og ég tala nú ekki um greiðsluvanda þeirra sem búa kannski ekki við svo mikla skuldabyrði heldur einfaldlega þann vanda að sjá í gegnum hver mánaðamótin á fætur öðrum og ráða við það.



Þarna er því hv. þingmaður algjörlega sammála því sem fram kemur í minnihlutaálitni nefndarinnar um að leggja þurfi skýrari grunn að því hvers konar gögnum við erum að safna. Minni hluti nefndarinnar hefur rétt út þá sáttarhönd að vilja koma sameiginlega að því að draga útlínur að því hvaða gögnum við söfnum og hvernig við nálgumst það.

Ég vil því biðja hv. þingmann að bregðast við því (Forseti hringir.) hvort hann telji það ekki farsæla að um þetta náist þverpólitísk sátt vegna þess að við erum jú sannarlega ekki að brenna inni (Forseti hringir.) ef marka má þanþol dagatals stjórnarflokkanna.

[14:20]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Þanþol heimilanna og almennings minnk- ar ekki við það að fresta þessu fram í október, þannig að það þýddi tveggja eða þriggja vikna eða jafnvel mánaðar seinkun á afgreiðslu frumvarpsins. Ég skora því á stjórnar- andstöðuna og ég skora á hv. nefnd að leggjast virkilega í vinnu núna um helgina og finna á þessu farsæla lausn sem allir geta verið við, því að mér sýnist að það sé ekkert voða- lega langt á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Mér finnst umræðan hafa verið þannig, hún hefur verið mjög jákvæð. Þetta hefur verið mjög jákvæð og efnisleg umræða og ég skora á fulltrúa okkar hv. alþingismanna í hv. allsherjar- og menntamálanefnd að taka á honum stóra sínum og vinna um helgina og koma eftir helgi með niðurstöðu sem allir eru sáttir við og er vonandi betri en sú sem við höfum í dag, enn betri, og nær betur þeim markmiðum að gæta persónu- verndar og mannréttinda.

Ég hugsa að það sé alveg hægt. Ef það er hægt í októ- ber, um miðjan október, er það alveg eins hægt í dag. Ég bið því hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að gæta að þan- þoli heimilanna og haska sér í að afgreiða málið um helgi- na.

[14:21]

#### **Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki nokkur ágrein- ingur á meðal þingmanna um að stýðja heimilin með ráðum og dád eins og við mögulega getum. Ágreiningurinn snýst miklu frekar um með hvaða hætti og hvað þurfi til. Það eru því nokkur vonbrigði þegar boðuð er sátt og samvinna, því að það er jú það sem núverandi ríkisstjórn hefur boðað og kallað eftir, að ekki skuli unnið samkvæmt því sem boðað hefur verið.

Minni hlutinn í allsherjar- og menntamálanefnd hefur lagt sig fram um að betrubæta frumvarpið eins og fram hefur komið hér í máli þeirra sem hafa talað og sagt að hann telji hægt að ná víðtækri sátt um það fá hann til þess lengri tíma og þá verði hægt að leggja það fram á haust- þinginu. Viljinn til samstarfs er ótvíræður, hann kemur tví- mælalaust fram í nefndarálitinu þar sem minni hlutinn lýsir sig tilbúinn til þeirrar vinnu sem felst í því að útbúa frum- varpið þannig úr garði að það sé fullnægjandi og gæta um leið að persónuvernd og mannréttindum.

Mig langar að vitna í málsmeðferð í kafla sem heitir Málsmeðferð í minnihlutaálitni allsherjar- og menntamála- nefndar, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þá vinnu sem hefur farið fram á vettvangi nefndarinnar eru helstu vankantar upphaflegs frumvarps óleystir eins og að framan hefur verið rakið. Þá hefur ekki verið gengið úr skugga um hvort og hvernig frumvarpið samræmist ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum og Evr- ópulöggjöf er lúta að vernd einstaklinga við vélræna vinnslu persónuupplýsinga og við vinnslu og frjálsa miðlun persónuupplýsinga. [...]

Minni hlutinn tekur fram að þegar litið er til þess hvaða gæðakröfur löggjöf þarf að uppfylla sé ljóst að frumvarpið hefur ekki fengið nægjanlega umfjöllun og krefst ítarlegri yfirferðar. Þá hafa þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu ekki hlotið nægjanlega yfirlegu og hafa umsagnaraðilar, m.a. Lögmannafélag Íslands, gert at- hugasemdir við það.“

Það er því ekki að ósekju að ég spyrji mig: Hvað liggur á að afgreiða þetta mál núna, ekki síst ef það á ekki að nýta það við þá úrvinnslu mála sem boðuð hefur verið í nóvember ef Hagstofan skilar ekki niðurstöðu fyrir en í mars á næsta ári? Af hverju má ekki vinna frumvarpið áfram?

Þetta frumvarp byggir á því að safna gríðarlegum fjár- hagslegum upplýsingum um alla Íslendinga í miðlægum grunn. Það eitt og sér er verulegt inngríp í friðhelgi einka- lífs sem nýtur verndar eins og við vitum samkvæmt ákvæði 71. gr. stjórnarskrár Íslands og efnislega hliðstæðum ákvæðum alþjóðlegra mannréttindasáttmála og yfirlýsinga sem Ísland er aðili að, enda kemur það fram í umsögn Per- sónuverndar að gengið sé inn á stjórnarskrárvarin réttindi til friðhelgi einkalífs og bent á að slík vinnsla sem hér er lögð til feli í sér afskipti af þeim réttindum.

Þetta er risastórt mál og ég er ekki viss um að allir átti sig á því hversu stórt það er. Verði það að lögum verður til, eins og ég sagði hér áðan, afgerandi persónugreinanlegur gagnagrunnur hjá stjórnvöldum með ítarlegum fjárhagsupp- lýsingum um landsmenn alla og með hann verður unnið a.m.k. næstu fjögur árin.

Í álitni minni hluta nefndarinnar kemur fram, með leyfi forseta:

„... mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru meðal grundvallarreglna réttarríkisins. Takmörkun þeirra þarf að byggjast á skýrum lagaheimildum og er einungis heimil þegar brýna nauðsyn ber til.“

Það má líka lesa í umsögn Persónuverndar áhyggjur í þá veru að svo viðamikill gagnagrunnur sé freistandi fyrir aðrar stofnanir ríkisins til ýmissa nota eins og hér var reifað áðan. Ég velti því fyrir mér hvort við getum tryggt með óyggjandi hætti að svo verði ekki. Ég er ekki sannfærð um það eins og hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson kom vel inn á og brýndi fyrir okkur varðandi upplýsingaflæðið og það að sem flestir vildu nýta sér slíkar upplýsingar í stjórnsýslu okkar.

Samt sem áður hafa verið gerðar ágætar breytingar á frumvarpinu sem eiga vissulega að taka á þessu öryggi, þ.e. við vinnslu þessara upplýsinga, tíma sem geyma á gögnin og eyðingu, og vissulega er reynt að skýra það frekar hjá hverjum upplýsinga um útlán verði aflað og þá hverra og til hverra. Engu að síður er til staðar ákveðinn freistnivandi að mínu mati.

Það segir líka í álitni minni hluta allsherjar- og mennta-

málanefndar, með leyfi forseta, þar sem þetta er undirstrik- að:

„Söfnun og varðveisla trúnaðargagna felur ávallt í sér hættu á því að upplýsingarnar geti lekið út til óviðkomandi aðila eða verði misnotaðar. Slíkt getur m.a. skaðað samkeppnisstöðu fyrirtækja og valdið því að traust í viðskiptum á milli aðila verður minna en ella.“

„Í ljósi smáðar er Ísland veikburða til að standast áhlaup, t.d. frá erlendum nýsnaðnaði eða stórum glæpa- samtökum sem gætu m.a. hagnast á því að selja persónu- greinanlegar upplýsingar til hagsmunaaðila af ýmsum toga.“

Þetta er stórt mál. Enda eru það ekki einungis við í minni hlutanum sem höfum áhyggjur eins og fram hefur komið og ekki bara Persónuvernd þó að það komi fram í umsögn þeirra að enn skorti á rökstuðning fyrir þessa upp- lýsingaöflun þrátt fyrir breytingartillöguna sem gerð hefur verið af hálfu meiri hlutans, enda er upplýsingaöflunin óhemjuvöldtæk.

Jafnframt kemur fram í álitum Persónuverndar, með leyfi forseta:

„Persónuvernd hefur efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafn víðtækum persónuupplýsingum og hér um ræðir til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Í frumvarpinu skortir útskýringar á því hvers vegna þörf er talin á svo víðurhlutamiklum afskiptum af friðhelgi einkalífs.“

Fyrirgreind umsögn Persónuverndar sem er dagsett 25. júní 2013 byggir meðal annars á því að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins og telur Persónuvernd þá forsendu enn eiga við og áréttar fyrri umsögn hvað það varðar.

Í umræðunni á Alþingi hefur komið fram að einungis sé hægt að réttlæta slík inngrip með því að verulegir aðrir hagsmunir vegi þyngra. Ég tel að þetta frumvarp forsætisráðherra geri það ekki. Við höfum séð að það þýðir í raun að þetta frumvarp er ekki forsenda fyrir úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja því að sérfræðihópurinn um skuldavanda heimilanna, eins og kom fram í andsvörum hér áðan, á að skila tillögum sínum í nóvember og fram kemur í nefndarálitum minni hlutans að Hagstofa Íslands muni ekki skila niðurstöðum fyrr en í fyrsta lagi í mars á næsta ári. Þá spyr maður sig: Hvert er hið raunverulega markmið með frumvarpinu? Er það eftirá- söfnun gagna til að skoða hvernig stjórnvöldum hefur tekist til eða er það forsenda þess að hægt sé að vinna með skulda- vanda heimila núna? Það skiptir afar miklu máli. Þrátt fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt hér áðan að málið gæti tafist um einhverjar vikur eða eitthvað slíkt ef við geymdum þetta frumvarp fram til haustþingsins þá tel ég að þeir hagsmunir sem við erum hér að reyna að ná saman um séu meiri en svo að það megi ekki bíða.

Áfram segir í álitum minni hlutans, með leyfi forseta:

„Svo virðist sem markmið aðgerða ríkisstjórnarinnar sé að taka einvörðungu á höfuðstólshækkun lána en ekki er lit- ið til annarra mikilvægra þátta sem brynnt er að leysa úr, samanber stöðu þeirra sem eru á leigumarkaði, námsmanna og fyrirtækja og þann greiðsluvanda sem mörg heimili búa við.“

Það er auðvitað stór hluti þess vanda sem við stöndum frammi fyrir, því er ekkert að leyna, og í sjálfu sér eins og farið var aðeins yfir áðan kannski ekki minni vandi en sá sem ætlunin er að taka á hér.

Samkvæmt þeim plöggum sem við höfum undir höndum er vert að halda því til haga að sérfræðingahópurinn sem vinnur tillögur um höfuðstólslækkun húsnæðislána telur sig geta byggt tillögurnar á upplýsingum frá skattvirkvöldum, þ.e. upplýsingum sem byggjast á skattframtölum okkar. Sá tvíþætti tilgangur sem frumvarpinu virðist vera ætlaður, þ.e. að eiga við meint neyðarástand sem á að réttlæta svo róttæk- ar aðgerðir sem hér eru lagðar til og greiða síðan fyrir al- menntu hagsýslugerð til aðstoðar við umsýslu á almannafé, telst samkvæmt því sem ég hef lesið í þeim gögnum sem fyrir liggja frekar óljós. Gestir sem komu fyrir nefndina virðast margir hverjir telja slíkt hið sama og efasemdir eru miklar um að rökin séu nægilega veigamikil til að ganga svo langt varðandi friðhelgi einkalífs eins og hér er gert ráð fyrir. Ákvarðanir um efnahagsmál og ríkisfjármál varða vissulega almannahagsmuni en sú skerðing sem hér er lögð til dugur ekki til þegar svo rík réttindi eru höfð í huga.

Svo hefur það líka verið víðrafð að ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að úrtak skili sömu eða sam- bærilegri niðurstöðu og þörf er á ef við horfum á málið út frá því að við þurfum eftirágreinanleg gögn til að meta árangur af því hvernig okkur hefur tekist til með tilætlaðar aðgerðir stjórnvalda. Það kemur fram að helstu vankantar upphaflegs frumvarps séu enn óleystir.

Ég tel að við þurfum að finna út í rauninni hvaða upp- lýsingar það eru sem raunverulega vantar til að leysa úr þeim vanda sem blasir við. Við þurfum líka að leggja okkur fram um að finna mögulegar leiðir aðrar en þær sem hér eru bornar á borð til þess að ná því markmiði sem að er stefnt og hafa þá alltaf í huga að velja vægustu mögulegu leiðina.

Ég spyr hvort við getum verið með úrræði t.d. á heima- síðu skattsins sem væri á þá leið að þegar við skilum skattframtali gætum við hakað við og heimilað þannig yfir- völdum að safna þeim upplýsingum sem til þarf. Ég spyr hvort sú leið hafi verið skoðuð. Það er jákvæð aðgerð þar sem sá sem um ræðir hefur það í hendi sér hvort hann vilji láta yfirvöldum þessar gagnaupplýsingar í té eða ekki. Þá er ákvörðunin ekki valdboð að ofan, ekki forræðishyggja, heldur veljum við sjálf.

Við getum búið til frumvarp, ég er alveg viss um það, sem nýtist stjórnvöldum við að meta áhrif af slíkum að- gerðum og aðgerðum sínum yfirleitt án þess að brjóta í bága við réttindi almennings til friðhelgi.

Það hefur aldrei verið mikilvægara en nú á tímum að virða réttinn til friðhelgi einkalífs, hann er ekki léttvægur. Í þeim upplýsingaheimi sem við búum við er svona upplýs- ingavinnsla eða -söfnun og samkeyrsla mjög varhugaverð. Viljum við raunverulega í hjarta okkar ganga svo langt sem hér er lagt til án þess að fólkið sem við erum að fara að safna gögnum um fá eitthvað um það sagt sjálf? Ég vil það ekki. Ég kærmi ekki um það þó að, eins og sagt var hér áðan, gögn séu til um okkur úti um allar koppagrindir, það er svolítið frábrugðið því að þau séu öllsömul á einum stað. Ég mundi vilja hafa val um það hvort um mig væri safnað slíkum upplýsingum.

Fram kemur í áliti minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum muni þeir einstaklingar sem upplýsingasöfnun lýtur að eingöngu vita að upplýsingum um þá sé safnað en þeir munu ekki vita með áþreifanlegum hætti hvaða persónugreinanlegu upplýsingar verða látnar Hagstofunni í té.“

Þetta skiptir höfuðmáli. Um þetta snýst nefnilega málið, að við vitum og séum meðvitund um þá upplýsingagjöf sem við veitum, þá hverjum sem um ræðir, hvort það er Hagstofan eða í gegnum skattinn, aðgang að.

Ég tel rétt að staldra við og meta áhættuna af þeim gagnagrunni sem verið er að leggja til í þessu frumvarpi. Ég tel líka að við eigum að hafa það í huga, eins og komið hefur fram í umræðunni og var rætt hér aðeins í gær, hvaða fordæmi er gefið til framtíðar með því að feta þessa braut. Og eins og komið var einmitt inn á herna áðan: Hvar stoppar þetta? Ef þetta verður gert, hvað er þá næst? Ég mundi vilja heyra stjórnarþingmenn svara þessu: Er eitthvað sem tryggir það að við höldum ekki áfram eins og hér hefur verið bent á, að aðrir óski eftir gögnum? Af hverju eigum við þá að neita?

Ég ætla ekki að lengja mál mitt meira. Ég tel bara að betri bragur væri á því að gefa lengri tíma til að vinna þetta mál. Það er um gríðarlega hagsmuni að ræða. Það vekur líka athygli hversu litla umfjöllun það hefur fengið í samfélaginu, hversu litla athygli fjölmiðlar sýna málinu. Ég skil eiginlega ekki enn þá hvers vegna þeir fjalla ekki um það hverslags samsöfnun upplýsinga þetta er. Það er kannski vegna þess að misskilningurinn hefur legið í því að fólk haldi að þetta sé forsenda þess að leysa skuldavanda heimilanna. Það viljum við jú öll gera, það dregur enginn dul á það, við viljum öll gera það. En þegar við rýnum ofan í málið kemur samt sem áður fram að þetta frumvarp er ekki forsenda þess heldur eftirásöfnun.

Ég vona eins og fleiri að nefndin, sem fær þetta mál vonandi til sín aftur milli 2. og 3. umr., nái saman um það að gera á því þær jákvæðu breytingar sem til þarf eða nái saman um að fresta því ef það er það sem þarf til að leysa úr þeim vanköntum sem enn eru á málinu.

[14:39]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég tek til máls um þetta frumvarp, sem raunar hefur tekið allverulegum breytingum frá því það var fyrst lagt fram í sumar, til að koma með nokkrar athugasemdir. Þær snúa að sjálfsögðu að því að ábyrgð okkar sem löggjafarvalds Alþingis Íslendinga er mikil þegar um er að ræða mál sem lúta að réttindum borgaranna. Ég tek undir með hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur sem talaði hér á undan að það er í raun merkilegt hversu litla umfjöllun málið hefur fengið í fjölmiðlum, úti í samfélaginu, í ljósi þess hversu víðtækar heimildir frumvarpið felur enn þá í sér til upplýsingasöfnunar um borgarana þrátt fyrir að það hafi tekið verulegum breytingum.

Mér finnst umhugsunarefni að hér liggja fyrir vilji meiri hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar til að ljúka þessu máli þegar í umsögnum mjög margra og ólíkra aðila í sumar var sett fram mjög sterk gagnrýni á frumvarpið. Það

að fara í gegnum þann umsagnalista sem finna má á vef Alþingis veitir manni mjög skýra innsýn í að markmiðssetning frumvarpsins er og var óljós, að ýmsir vankantar voru á því hvað varðaði öryggismál og enn hefur ekki verið svarað að mínu viti hvort við teljum ásætlanlegt að Persónuvernd, lykilstofnun í samfélaginu, leggist enn gegn frumvarpinu. Það er kannski stóra málið í mínum huga þegar við höfum allar þessar umsagnir sem vara við slíkri lagasetningu.

Ég átti því láni að fagna að sitja nokkra fundi hv. allsherjar- og menntamálanefndar þar sem málið var til umfjöllunar í sumar. Gestakomur voru miklar og nefndarmenn lögðu hart að sér að fara vel yfir málið og fengu gesti frá ólíkum aðilum. Það sló mig strax þá hversu gríðarlega óljóst markmiðið er.

Í orði er markmiðið með frumvarpinu að vera liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við skuldug heimili. Gott og vel. Síðan hefur komið fram að í raun og veru nægi upplýsingar sem fyrir liggja úr skattframtölum til að þjóna þeim tilgangi og nýtast inn í þá vinnu, þ.e. að koma til móts við skuldug heimili. Því spyr ég og furða mig á því: Af hverju erum við þá að keyra í gegn mál sem Persónuvernd leggst gegn hreinlega út frá ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs?

Núna þegar frumvarpið hefur tekið verulegum breytingum hjá hv. allsherjar- og menntamálanefnd áréttar Persónuvernd umsögn sína frá því í sumar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Persónuvernd telur þá forsendu enn eiga við“, þ.e. að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsyn til að ná markmiðum frumvarpsins. Persónuvernd áréttar þá forsendu og stendur því við fyrri umsögn að hún leggist gegn frumvarpinu.

Það vekur mig líka til umhugsunar að við sitjum hér á Alþingi Íslendinga og þegar rannsóknarskýrsla Alþingis hafði verið lögð fram var tekin mikil umræða um skýrslu þingmannanefndar um vinnubrögð Alþingis. Eitt af því sem bent var á þar og var lykिलatriði var að mjög mikilvægt væri að þingmenn tækju mark til að mynda á eftirlitsstofnunum samfélagsins, tækju mark á því sem fagaðilar segðu og umsögnum þeirra.

Fylgjum við niðurstöðum þingmannanefndarinnar ef við ætlum að keyra í gegn frumvarp sem Persónuvernd leggst gegn? Fylgjum við hugmyndum um bætt vinnubrögð þegar í raun og veru mátti greina á öllum þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar að þeir litu hver sínum augum á frumvarpið og hvert markmið þess væri? Seðlabankinn kom og sagði: Það er mjög gott að afla upplýsinga af því að við viljum hafa betri upplýsingar um þjóðhagslegar stærðir. Menn líta á þetta sem gott mál að afla upplýsinga til að geta fengið nákvæmari hagtölur, en markmið frumvarpsins á samt sem áður að vera liður í því að koma til móts við skuldug heimili. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að það markmið er af hálfu allra þeirra eða að minnsta kosti margra þeirra, skulum við segja, sem fjallað hafa um frumvarpið algjörlega óljóst. Mér fannst á köflum þegar ég sat þessa fundi í sumar að hér væru mörg frumvörp til umræðu því að það var alveg ljóst að margir höfðu áhuga á að fá þessar upplýsingar en markmiðið með þeim var óljóst.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu. Ég vil bara lýsa

þeirri skoðun minni að ég tek undir nefndarálit minni hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar. Ég vil minna hv. þingmenn á að ábyrgð okkar er mikil þegar kemur að því að afgreiða lög. Ég vil líka minna á það sem kom fram á einum af þessum fundum að þó að markmið fólks séu góð og verðug og göfug er það alltaf nóg. Ég get vel skilið þessa hugmynd, hafandi setið í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili þar sem voru uppi ýmsar hugmyndir um upplýsingasöfnun. Það var til að mynda farið í upplýsingasöfnun og gagnaöflun af hálfu Seðlabankans og þeim gögnum var síðar eytt einmitt út frá persónuverndarsjónarmiðum. Ég skil mætavel að fólk vilji hafa sem ítarlegastar upplýsingar. En á síðasta kjörtímabili var líka hlustað. Það var hlustað þrátt fyrir þann ásetning þeirra sem voru að vinna í þessum málum að fá sem skýrastar upplýsingar, það var hlustað á þau sjónarmið og því varð ekki úr að þessi mál væru klárað.

Ég vil segja að mér finnst mjög mikilvægt að hv. þingmenn hlusti þegar stofnun á borð við Persónuvernd ítrekar afstöðu sína um þetta breytta frumvarp. Það ætti að vera okkur áminning um að það skiptir máli hvaða vinnubrögð við iðkum hérna, að við séum fær um að taka á slíkri gagnrýni, því að staðreyndin er sú, eins og ég sagði hér áðan, að þó að tilgangurinn sé góður og göfugur sjáum við ekki endilega fyrir á hvaða hátt upplýsingarnar verða nýttar og staðreyndin er líka sú, eins og kom fram af hálfu Persónuverndar, að frelsi manna er yfirleitt tekið af þeim í smáskömmtum, í litlum skrefum, sem kunna að virðast öll hafa góðan og gegnan tilgang en verða ekki endilega nýtt í þeim tilgangi síðar meir.

Þær hugmyndir sem voru uppi í nefndinni þá um að kalla þyrfti eftir upplýstu samþykki eða einhverju slíku er nokkuð sem ég tel að þyrfti að ræða betur. Ég tel líka að ræða þyrfti betur hvort hægt sé að afla þeirra upplýsinga sem þarf út frá upplýsingum sem liggja fyrir í skattframtölum eða hreinlega með úrtakskönnunum á borð við þær sem bent er á í umsögninni um frumvarpið. Það eru því vafalaust aðrar leiðir til að fá þær upplýsingar sem stjórnvöldin eru nauðsynlegar til að geta tekið upplýstar ákvarðanir í sinni stefnumótun hvað varðar skuldug heimili. Það er svo önnur umræða sem ég ætla ekki út í hér, en ég tel, þegar ég sé þessar umsagnir, að hv. þingmenn verði að staldra við og hlusta eftir því sem fagaðilar úti í samfélaginu segja. Ég tel að það hljóti að vera ábyrgðarhluti ef við gerum það ekki.

Þetta frumvarp á væntanlega eftir að fara aftur til hv. allsherjar- og menntamálanefndar milli 2. og 3. umr. og ég vonast til þess að menn geti þá náð einhverri lendingu um að skoða hvort ekki séu aðrar leiðir færar til að standa að rannsóknum og greiningu á íslenskum húsnæðismarkaði og stöðu íslenskra heimila, aðrar leiðir en þessar gríðarlega víðtæku valdheimildir sem þarna er verið leggja í hendur Hagstofunnar þó að frumvarpið hafi tekið breytingum til batnaðar frá því í sumar.

Ég held að það hljóti að vera skylda okkar allra, þvert á flokka, að hlusta eftir svona umsögnum og taka mark á þeim. Það var að minnsta kosti mat okkar þegar við ræddum skýrslu þingmannanefndar og ég held að það sé nokkuð sem við eigum að velta fyrir okkur. Þó að við höfum auðvitað mörg dæmi þess að ekki hafi verið hlustað í sögu

þingsins hef ég trú á því að nýtt þing vilji sinna vinnu sinni eins vel og unnt er.

[14:49]

#### Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P):

Virðulegi forseti. Gerræði virkar. Það virkar til þess að halda yfirvöldum upplýstum um gang mála. Það virkar til þess að draga úr glæpatíðni. Með gerræði geta yfirvöld gert alls kyns hluti sem eru ómögulegir undir lýðræðislegu fyrirkomulagi. En við höfum samt sem áður sem vestrænt lýðveldi ákveðið að gerræði komi ekki til greina. Þess vegna höfum við ákveðið sem samfélag að fólk skuli njóta ákveðinna stjórnarskrárvarinna réttinda sem yfirvöldum er óheimilt — já, óheimilt — að setja lög í bága við nema samkvæmt þröngt skilgreindum skilyrðum undir kringumstæðum þar sem engin vægari meðul duga en nauðsyn krefur hins vegar til verndar ríkum almannahagsmunum, svo sem í stríðsástandi eða við náttúruhamfarir, ellegar séu réttindi borgaranna æðri yfirvöldum. Þannig virka vestræn lýðræðisríki eða þannig eiga þau í það minnsta að virka.

Það frumvarp sem hér er lagt upp með gengur í berhögg við eitt þessara gilda, nefnilega friðhelgi einkalífisins. Enn fremur er sú staðreynd óumdeild. Spurningin sem lögð er fyrir okkur er hvort frumvarpið standist þær kröfur sem gerðar eru þegar það á að takmarka réttindi almennings í landinu. Þessar kröfur eru skýr lagaheimild, veigamikil rök, brýnir ríkir almannahagsmunir og meðalhóf. Meðalhóf þýðir að aðgerðir mega ekki fara fram úr því sem nauðsynlegt er til að ná markmiðinu.

Ég lít á það sem staðreynd, virðulegi forseti, að hér sé meðalhófs ekki gætt vegna þess að ég hef sjálfur, sá sem hér stendur, ítrekað stungið upp á í pontu, og mun ítreka aftur í þessari ræðu, lausnum sem geta gengið skemur og gætu virkað til að ná markmiðinu. Við höfum einfaldlega ekki haft tíma til þess að ræða þær hugmyndir.

Mikilvægt er að staldra við og íhuga markmiðið enn og aftur. Markmið með frumvarpinu hefur breyst allnokkuð frá því í upphafi sem er í sjálfu sér áhyggjuefni, enda var það aldrei skýrt og er jafnvel ekki enn nógu skýrt til takmörkunar borgararéttinda. Ljóst er nefnilega að þetta frumvarp er hvorki forsenda þess að nefnd um höfuðstólslækkun húsnæðislána skili tillögum sínum né að þær aðgerðir sem hún kemur til með að mæla fyrir verði að veruleika. Eina sýnilega markmið þessa frumvarps í því sambandi er að meta áhrif af aðgerðum stjórnvalda eftir að þær aðgerðir hafa þegar farið af stað. Ég ítreka, feitiletra og undirstrika þennan mikilvæga punkt. Upplýsingarnar sem þessi frumvarpi er ætlað að afla verða ekki notaðar og er ekki ætlunin að nota þær til þess að ákveða aðgerðir stjórnvalda til lækkunar höfuðstóls húsnæðislána. Þetta kom fram á fundi hv. allsherjar- og menntamálanefndar með nefnd um lækkun höfuðstóls húsnæðislána.

Stenst þetta frumvarp þær ríku kröfur sem gerðar eru þegar takmarka á stjórnarskrárbundin réttindi? Svarið er að mínum dómi: Nei. Tilefnið er ekki nógu ríkt og aðferðin er ekki nógu afmörkuð til þess að réttlæta það lagafrumvarp sem hér er til umræðu. Undir þetta tóku fjölmargir umsagnaradilar.

Það er því engin ástæða til að afgreiða frumvarpið á þessu þingi með slíkum ofsa. Mun nær lagi væri að bíða með þetta mál þar til við höfum haft tíma til að vinna það almennilega og þá í samræmi við réttindi borgaranna til friðhelgi einkalífs.

Við öll sem sitjum í hv. allsherjar- og menntamálanefnd ítrekuðum við hvert fótspor að við vildum öll ólm gera upplýsingasöfnun og upplýsinganýtingu yfirvalda auðveldari og skilvirkari. En þetta er ekki rétta leiðin, þetta frumvarp gengur of langt miðað við tilefnið.

Það er engin skömm í því að láta vont mál niður falla og taka það upp að nýju. Í því felst enginn áfelligsdómur. Er það hin pólitíska áhrif sem stjórnin hefur áhyggjur af? Hvað vill fólk frá okkur? Það vill að við vinnum meira saman þegar við erum ósátt. Ég get lofað hæstv. ríkisstjórn að hún verði lofuð fyrir að bíða með þetta mál fram á haustþing til að við vinnum það almennilega. Kannski fylgið aukist að nýju.

Það felst hins vegar mikill áfelligsdómur í því að hleypa máli í gegn sem gerir lítið úr einum af mikilvægustu réttindum borgaranna, eingöngu til þess að fylgja tímabundinni starfsáætlun þingsins og ópolinnæði þingmanna.

Vel á minnst, frumvarpið hefur stökkbreyst að minnsta kosti tvisvar sinnum. Strax í sumar var orðið ljóst að það kæmist ekki í gegn vegna þess að það var einfaldlega of illa gert og stóðst illa skoðun. Þá kom ný útgáfa sem því miður var með sömu vanköntum og sú fyrri þótt skilgreiningum hefði verið bætt við og lagatæknileg vandamál löguð. Sú útgáfa var engu skárrí hvað varðaði meðalhóf, friðhelgi einkalífs eða markmið. Þá kom enn ein útgáfan sem nær enginn tími fékkst til þess að ræða. Mig langar að minnast sérstaklega á orð hv. þm. Péturs H. Blöndals þegar hann skoraði á svokallaða stjórnarandstöðu, eða minni hluta, að vinna þetta mál yfir helgina. Það eru allar líkur á því að málið fari fyrir nefnd í kvöld. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir er að við fáum ekki tíma til þess að vinna það almennilega. Það eru hugmyndir á borðinu, við höfum bara ekki tímann. Það er út af starfsáætlun þingsins, það er ekki af neinum pólitískum ágreiningi um markmið. Við gætum alveg unnið þetta saman, það eina sem við þurfum er tími. Það er það eina sem við fáum ekki hérna. Að öðru leyti vill hv. allsherjar- og menntamálanefnd gjarnan laga frumvarpið eftir bestu getu. Vandinn við þetta frumvarp er að það er ónýtt, það er ekki hægt að laga það. Það þarf að byrja vinnuna upp á nýtt. Það er grundvallarvandinn við frumvarpið. Það er ekki hægt að drullumixa borgararéttindi inn í ónýtt frumvarp. Það verður að hafa borgararéttindi að leiðarljósi frá upphafi þegar svona málu er til umræðu.

Glyeum því ekki hvað friðhelgi einkalífsins er. Það er ástæða fyrir því að lögreglan má ekki fara inn á heimili hv. þingmanna og róta þar í þeirra persónulegu eignum eftir geðþótta. Það er ákveðin ástæða fyrir því. Sú ástæða heitir friðhelgi einkalífsins. Nú spyr ég: Ef afkastamæling ríkisstjórnarinnar er nógu góð ástæða til að ganga á friðhelgi einkalífsins, hvað með fíkniefnavandann? Er það ekki ríkir almannahagsmunir að uppræta fíkniefni úr þjóðfélaginu? Ef svo er, væri okkur heimilt að setja lög sem heimila lögreglumönnum að leita heima hjá hverjum borgara þessa lands til þess að tækla þann vanda? Ef svarið er nei í því til-

felli hlýtur það að vera nei í þessu tilfelli. Það hlýtur að vera. Annars veit ég ekki hvað við erum að tala um þegar við tölum um friðhelgi einkalífsins, eins og hv. þm. Óttarr Proppé nefndi. Friðhelgi einkalífsins er ekki eitthvert grín, það eru ekki sett lög um hana að ástæðulausu. Það eru mjög mikilvægar ástæður fyrir því.

Ég verð að minna aftur á að í reynd erum við að tala um tölfræði í gagnasmíð. Við erum hér á hinu háa Alþingi, í alvöru talað, að velta fyrir okkur mikilvægi tölfræðigagna versus mannréttindi. Þá spyr ég: Ef myndun tölfræðigagna til hagstjórnar eru næg ástæða til að ganga inn á friðhelgi einkalífsins, hvað er ekki nógu góð ástæða? Undir hvaða kringumstæðum mundu stuðningsmenn þessa frumvarps segja: Nei, þetta gengur of langt, mannréttindin eru mikilvægari en gagnasöfnun yfirvalda?

Vel á minnst, það má spyrja að fleiru. Freistnivandinn. Ein af grundvallarforsendum þessa frumvarps er að grunnöggnin sem Hagstofunni er ætlað að safna verði ávallt eingöngu til staðar hjá Hagstofunni og fari aldrei þaðan, hvorki til annarra stofnana eða ráðuneyta né óprúttinna aðila utan stjórnarsýslunnar, úr þeim verði unnar tölfræðiskýrslur sem síðan verða birtar og gögnum þá eytt einu og hálfu ári eftir notkun. Eins og fram kemur í frumvarpinu verða þessi gögn samkeyrð við önnur gögn sem Hagstofan hefur nú þegar aðgang að til þess að gera þau innihaldsríkari.

Þá má spyrja: Hvað gerist þegar einhverjum dettur í hug að nota þessar upplýsingar til eftirlits? Verður þá sagt nei?

Nú víkjum við aftur að ríkum almannahagsmunum. Er fjármálaeftirlit ekki ríkir almannahagsmunir? Er það ekki það sem klikkaði fyrir hrun? Burt séð frá hvað núverandi ríkisstjórn finnst um það, hvað finnst þeirri næstu eða þeirri þar á eftir? Hvað sem þeim finnst um það er ljóst að þær munu hafa fordæmi, mjög ljótt fordæmi.

Nú skulum við ekki dvelja of mikið í framtíðinni heldur líta aðeins til nútíðar. Þrýstingurinn á að nýta þessi gögn í mun viðameiri tilgangi er ekki hugsanlegt atvik sem gæti mögulega gerst einhvern tímann seinna, hann er byrjaður. Atvikið gerðist í nefnd í sumar og síðan aftur í haust. Nú vil ég alls ekki lasta Seðlabanka Íslands þar sem hann er með mikilvægari stofnunum landsins, ég hef ekkert út á hann að setja í sjálfu sér, en í álitinu á málinu kom fyrst og fremst fram sú gagnrýni að hann fengi ekki beinan aðgang að gagnagrunninum líka. Á fundi okkar í hv. allsherjar- og menntamálanefnd gat Seðlabankinn síðan talið upp ótal ástæður fyrir mikilvægi þess og sumt af því var þó nokkuð meira sannfærandi en meint þörf Hagstofunnar til að vinna með þessi gögn. Þetta nefni ég ekki til þess að lasta Seðlabanka Íslands því að auðvitað vill hann bara hafa bestu tækni til að vinna sína vinnu. Það er líka punkturinn — auðvitað vill hann gögnin. Snjóboltinn er þegar farinn af stað og frumvarpið er ekki einu sinni orðið að lögum.

Mér sýnist eina ástæðan fyrir því að ekki hafi komið til tals enn þá að gefa Seðlabankanum sömu heimild og hér er lagt upp með að gefa Hagstofunni vera sú að ein af meginforsendum þess að gefa Hagstofunni þetta vald til að byrja með er að það verði einungis afmarkað við Hagstofuna og engan annan. Snjóboltinn er nú þegar byrjaður að rúlla. Ég er með þessa mynd, þetta er teikning. [Þingmaðurinn réttir upp mynd.]

Auðvitað hentar yfirvöldum vel að vita sem mest um sem flesta. Yfirvöld sem eru alltaf svo mikilvæg í öllu sem þau taka sér fyrir hendur geta vel notað þennan grunn víðar en til tölfraeðigerðar. Mér er spurn hvers vegna þau ættu ekki að gera það í framtíðinni. Ef þetta frumvarp stenst stjórnarskrá, hvar í ósköpunum er línan? Hvað geta þau ekki gert? Til hvers erum við með friðhelgi einkalífsins þar? Það er á okkar ábyrgð að lögin standist stjórnarskrá og séu í samræmi við stjórnarskrárbundin réttindi borgaranna. Ef við samþykkjum þetta frumvarp, sama hvað okkur langar til að gera, höfum við brugðist þeirri ábyrgð.

Mig langar að víkja aðeins að lausnumum. Hér eru að minnsta kosti tvö verkefni komin saman í eitt, annars vegar að meta áhrif aðgerða vegna skuldavanda heimilanna og hins vegar að gera hagskýrslugerð almennt auðveldari og betri. Eins og ég hef ítrekað sagt er hægt að gera þetta með upplýstu samþykki. Það þyrfti aðra útfærslu, það þyrfti að hafa leið. Hv. allsherjar- og menntamálanefnd þyrfti að tala við marga umsagnaraðila, forritara, tölvunarfræðinga, öryggissérfræðinga, Sedlabankann, Hagstofuna — við þyrftum að tala við marga til að komast að því hvernig við mundum útfæra þetta. Með upplýstu samþykki getur vel verið að okkur tækist að ná því markmiði að díla við þetta meinta neyðarástand. Við getum það alveg, við þurfum bara tíma. Það er þess vegna sem ég lít á það sem staðreynd að þetta frumvarp standist ekki meðalhóf. Við höfum ekki rætt vægari útfærslur að sama markmiðinu. Það er staðreynd að við höfum ekki gert það. Það er staðreynd að það þurfi að gera það. Það er því staðreynd að þetta frumvarp stenst ekki stjórnarskrá. Rengi mig hver sem betur getur.

Þegar kemur að því að fá upplýst samþykki verð ég að viðurkenna, með fullri virðingu fyrir háttvirtum Framsóknarflokki, að ég kaus ekki Framsókn. Ég kæri mig ekki um neina hjálp, ég þarf engar skuldaniðurfellingar, ég er í góðu lagi. Takk samt. Það eina sem ég vil eru réttindi mín, ég vil borgararéttindin mín. Ég vil friðhelgi mína. Ég er ekki reiðubúinn að fórna henni fyrir einhvern annan. Það er ekki í boði, það er ekki til umræðu, ekki frá minni hlið séð. Mér finnst lágmark að ég sé spurður. Það eru til margar útfærslur af því. Við gætum til dæmis spurt þegar fólk skilar inn skattskýrslu sem það þarf að gera. Við gætum opnað heimasíðu og notað ÍS-lykilinn eða RSK-lykilinn þannig að fólk skrái sig einfaldlega inn á síðu og segi: Ég vil vera með vegna þess að mig vantar peninga frá yfirvöldum eða að Framsókn standi við loforð sín. Það er hægt að gera það. Tæknin er til staðar, hún er í notkun. Hún er í notkun hjá skattinum, hún er í notkun hjá þjóðskránni. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því nema bévítans tímaskorturinn. Tímaskorturinn virðist vera hér eingöngu af, hvað á maður að segja, mildum pólitískum ástæðum. Það er ekki einu sinni vegna pólitísku ágreinings þannig séð heldur vegna þess að við höfum ákveðna starfsáætlun og þurfum að ljúka þessu frumvarpi núna því að að annars verður pólitískt uppnám — eða eitthvað, ekki vegna þess að það þurfi endilega að gerast núna. Það er ekki ástæðan fyrir því.

Ég legg til að við gerum þetta en við verðum að gera það almennilega. Ef við tökum þetta upp á næsta þingi getum við gert það almennilega. Ég heyrir engan segja: Nei, hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson, þetta er rangt hjá þér, við

getum ekki gert það. Af hverju heyrir ég engan segja það? Vegna þess að það er ekki satt, við getum gert þetta síðar. Ég legg til að við gerum það. Við gerum það með borgararéttindi að leiðarljósi, ekki óþolinmæði þingmanna.

[15:03]

### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Er stríð? Hafa orðið náttúruhamfarir? Er það ekki það eina sem réttlætir svona inngríp í friðhelgi einkalífs almennings? Er í lagi að brjóta á stjórnarskrá okkar af slíkri léttúð? Forseti. Er stríð? Hafa orðið stórkostlegar náttúruhamfarir? Svarið er að sjálfsgöðu nei, sem betur fer.

Ég verð að viðurkenna að ég er mjög hissa, ég er ofsalega hissa á því að Sjálfstæðisflokkurinn af öllum flokkum ætli að láta þetta frumvarp fara í gegnum þingið þrátt fyrir að það fari gegn helstu grunnstöðum í stefnu flokksins. Ég er mjög hissa.

Ég er líka hissa á Framsóknarflokknum að ætla að fara með þetta mál í gegn af því að komið hefur fram ítrekað að ekki er þörf á að klára málið, svona stórhættulegt eins og það er, það er ekki þörf á því af því að við höfum tíma. Við höfum tíma til að gera þetta almennilega.

Eitt af því sem ég hef upplifað mjög sterkt eftir að ég fór í þetta skrytna þjónustuhlutverk sem þingmaður er að ég hef tekið eftir því að ein af ástæðunum fyrir því að við þurfum að vinna svona mikil er að við erum alltaf að hleypa í gegn illa skrifuðum lögum. Ef ég mundi alltaf senda ljóðin mín út óprófarkalesin þá mundi enginn nokkurn tíma gefa þau út, þ.e. ef ég mundi skrifa ljóðin mín svona illa eins og lögin eru oft skrifuð. Mér finnst það ekki gott. Mér finnst það ekki gott að eiga að heita hluti af löggjafarþingi Íslands og þurfa að horfa upp á það aftur og aftur, ekki bara með þessari ríkisstjórn heldur líka með fyrri ríkisstjórnunum, að lögin eru svo illa skrifuð að við þurfum alltaf að vera að laga þau. Gleymum við því að þegar lög eru skrifuð og sett í framkvæmd hafa þau áhrif á alla Íslendinga, í þessu tilfelli þá sem eiga skuldir, og eru það ekki nánast allir? Með því að samþykkja lögin svona gölluð höfum við áhrif á friðhelgi einkalífs allra án þess að hafa gert okkur almennilega grein fyrir afleiðingum þess.

Ég hef fengið að upplifa það sjálf að brotist hafi verið inn í friðhelgi einkalífs míns og því miður er það þannig að það er hægt að gera það við ykkur öll. Það skiptir ekki máli hver þú ert; leiðin, tæknin og pólitíski viljinn er til staðar, ekki bara hjá Bandaríkjamönnum, ekki bara hjá Bretum, heldur mjög víða í heiminum. Með því að samþykkja þetta frumvarp svona gallað auðveldum við yfirvöldum — segi- um að hér verði yfirvöld sem er ekki treystandi, sem sjá sig knúin til að afhenda persónugögn Íslendinga. Við auðveldum þeim það með þessu og við auðveldum öðrum það þó að ríkisstjórnin mundi ekki vilja afhenda neitt. Komið hefur fram í fréttum undanfarna viku að NSA getur brotist inn í dulkóðun, en dulkóðun er eina vörnin sem við höfum þannig að þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal segi að hann hafi verið talsmaður þess að þetta verði vel dulkóðað þá skiptir það engu máli. Það skiptir nákvæmlega engu máli. Það sem verður að gerast á þessum vinnustað er að þingmenn yfir höfuð geri sér grein fyrir því að botninum hefur verið kippt undan lýðræði okkar, ekki bara á Íslandi heldur alls staðar,

um allan heim. Í fyrsta lagi getum við ekki verndað þessi gögn. Í öðru lagi er þetta stjórnskrárbrót og ég trúí því ekki að við leyfum frumvarpinu að fara í gegnum þingið af slíkri léttúð, ég trúí því ekki.

Á síðasta kjörtímabili voru ákveðin lög ákaflega umtöl- uð sem voru kennd við Árna Pál. Þeim var hnekkð og þau talin lögleysa. Við erum að fara að gera alveg eins. Þetta frumvarp fer í gegnum þingið, það mun líklega gera það, en það er bara svo skrytið með svona meiri hluta að fólk geti ekki sagt: Heyrðu, við gerðum mistök og við erum tilbúin til að horfast í augu við það og laga það. Það er bara ekki hægt. Það er eins og það sé einhver skömm að því. Eigum við ekki að reyna að kenna börnum okkar að það sé allt í lagi að gera mistök svo framarlega sem maður læri af þeim? Það mun ekki gerast hér. Það þarf bara eitt af fyrirtækjunum að segja nei sem farið verður fram á að afhendi þessi gögn, eins og t.d. Lýsing eða eitt af þessum fyrirtækjum. Þá þarf að bíða og bíða og bíða af því að málið fer fyrir dómstóla. Til hvers? Til hvers að búa til bæði lagalega óvissu og brjóta stjórnskrána okkar og valta yfir friðhelgi einkalífs almennings?

Hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson komið með margar góðar lausnir og það er einlægur vilji í nefndinni til að finna lausnir. Til hvers erum við að henda þessu út úr þinginu í einhverri léttúð? Er þetta léttvægt, forseti?

Svo er annað sem truflar mig svo mikið, það eru fjölmíðlar á Íslandi. Það er ástæða fyrir því að almenningur veit ekki af því þegar verið er að fremja stjórnskrárbrót eða þegar verið er að gera tilraunir til þess. Áður en ég fór inn á þennan vinnustað lá ég hvorki yfir Evrópusambandinu né ræddi á ljóðrænan hátt um það eða las í þaula t.d. stjórnskrána. Sem betur fer hefur það verið þannig eftir hrun að mjög margir hafa sett sig inn í núverandi stjórnskrá og sem betur fer á það að vera erfiðara fyrir okkur að brjóta gegn henni.

Núna ætlum við að brjóta stjórnskrána „light“, en forseti, er stríð? Hafa orðið miklar náttúruhamfarir sem réttlæta það? Þótt margir eigi erfitt með að trúa því er ég frekar íhaldssöm og á mjög erfitt með að horfa upp á grunnildin okkar, sem felast í t.d. friðhelgi einkalífsins og stjórnskránni, afgreidd á þennan hátt. Til hvers? Það er hægt að finna lausn á þessu. Eins og ég sagði í ræðu minni í fyrra- dag er engin skömm að því að viðurkenna vanmátt eða mistök. Og það eru mistök að taka þetta svona í gegn. Ég held einfaldlega að fólk skilji ekki hvað það þýðir út af því að enginn sem ég talaði við hér á þingi skildi t.d. það sem ég fór í gegnum þegar bandarísk yfirvöld fóru yfir öll mín persónulegu gögn. Þau fóru heim til mín, þau fóru í gegnum allt, allt sem ég hafði skrifað, alla sem höfðu skrifað mér, þau fóru í gegnum öll símtölin mín, öll skilaboðin mín, þau fóru í gegnum alla mína sögu. En þau fundu þetta ekki heima hjá mér, þau fóru um bakdýrnar. Þau fóru inn á netið þar sem allt um okkur öll er geymt á stafrænu formi. Og ætlum við að aðstoða við svona aðgerðir með því að fara í svona víðtækar heimildir? Ætlum við að aðstoða við að hægt sé að misnota okkar persónulegu gögn á þennan hátt? Þegar við reynum að útskýra svona hluti þá er alltaf viðkvæðið: Já, en ég hef ekkert gert, ég hef ekkert að fela. Þýðir það þá að við eigum að afhenda og gefa frá okkur

réttindi okkar úr því að við höfum ekki gert neitt? Er allt í lagi að einhver komi bara og hafi heimildir til að fara heim til okkar hvenær sem er án heimildar? Nei, það er ekki í lagi.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal ræddi áðan um að hann vildi eiga samræður um þær upplýsingar sem komu frá Snowden „skúrki eða hetju“, eins og hann orðaði það, sem mér finnst vera furðulegt orðalag. Ég mundi frekar skilgreina gjörðir Snowdens sem frábæra þjónustu við restina af heiminum til að fá skjalfestar upplýsingar um það sem margir hafa verið að reyna að segja í mörg ár um hvert yfirvöld eru komin varðandi aðgengi að persónuupplýsingum okkar. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill sem sagt ræða um þessar upplýsingar, hvað það er í raun og veru alvarlegt, hversu djúpt er kafað í friðhelgi okkar á sama tíma og hv. þingmaður styður það að við séum auðveldu yfirvöldum að gramsa í gögnunum okkar.

Ég vil ítreka að hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson hefur komið fram með finar lausnir í ræðum sínum. Ég hef ekki heyrt neinn andmæla því að það séu góðar lausnir þannig að ég skora á þingmennina sem sitja í hv. allsherjar- og menntamálanefnd að sýna svoltið hugrekki.

Er þetta það sem þingið vill? Var það ekki hugmyndin að við ætludum að vera það? Í það minnsta var það rætt á síðasta þingi og mér finnst eins og við höfum heyrt það hjá mörgum þingmönnum, m.a. hjá þingmönnum Sjálfstæðis- flokksins, að það sé vilji til að hafa hér sterkt þing sem er með gott eftirlit með framkvæmdarvaldinu og að við ætlum bara ekki að vera einhver stimpilpúði fyrir lög sem eru ekki nægilega góð. Það er hlutverk okkar að tryggja að hér fari ekki í gegn lög sem ekki eru nægilega góð. Við viljum ekki vera þekkt fyrir að vera með einhverni leirburð, er það? Ætlum við ekki að yrkja dýrt? Þetta er óþarfa leirburður. Þetta er gert í flýti eins og svo mörg af þeim frumvörpum sem koma hingað inn. Einhvern tímann þegar ég var í hv. þingskapanefnd var farið yfir tölfærði um hve mörgum klukkutímum væri varið í þinghaldið eftir löndum. Þar kom fram að við vinnum mjög mikið og ég velti fyrir mér af hverju við værum alltaf með svona langan vinnudag og marga þingdaga og nefndadaga miðað við önnur þing. Ég komst að þeirri niðurstöðu að það væri bæði út af þessum svokallaða þingmálalaha, það er bæði klippt á mál og skorið og maður verður alltaf að byrja upp á nýtt — hv. þm. Svandís Svavarsdóttur, hvað heitir það aftur þegar skorið er á þingmálalaha? Það er skorið á hann út af því að nýtt löggjafarþing hefst, ég man ekki rétta orðið yfir það, fyrirgefið mér. Síðan erum við alltaf að taka upp lög aftur og aftur og lagabúta og laga þá af því að lögin eru svo illa skrifuð í upphafi. Mér þætti það alveg frábært ef þetta þing gæti verið það þing þar sem við mundum setja okkur það markmið að senda frá okkur það vel skrifuð lög að við þyrftum ekki alltaf að fá þau aftur í fangið og að við höldum því til haga, sem mér finnst ekki síður mikilvægt og við höfum rætt það hér áður, að í hvert skipti sem við breytum lögum þá hefur það áhrif á svo marga. Það getur hreinlega rústað lífinu hjá einhverjum af því að við gerum einhverja vitleysu við laga- setningu. Ef fram koma efasemdir um að lög séu nægilega vel úr garði gerð og komið hefur verið fram með lausnir um hvernig má laga þau, er það þá ekki okkar að hlusta á það?

Er það ekki okkar á þinginu að axla þá ábyrgð að láta ekki yta okkur út í þá vitleysu að búa til lög sem er nánast öruggt að enda fyrir dómstólum og skapa lagalega óvissu þannig að þau nýtast hvort eð er ekki neitt? Af hverju gerist það?

Síðan kom fram í ræðunni í gær, sem mér finnst mjög frétt næmt en hefur eiginlega ekkert verið rétt, að það á ekki að nota þessi gögn fyrir einhvern tímamann næsta vor. Þá á að fara í þessar leiðréttingar. Það kom fram í ræðu þingmanns í gær þannig að það liggur ekki á þessu. Hvernig væri að þingmenn allsherjarnefndar- og menntamálanefndar sýni bara smá „balls“? Hvernig væri það? Að þeir sýni framkvæmdarvaldinu að hv. þingmenn þora að búa til góð lög. Það er ekki svo flókið. Ég er alveg sannfærð um það að þessum þingmönnum og okkur í þingheimi verður fyrirgefið. Ég er sannfærð um að ef þingmenn þora að taka þá afstöðu, og mér er alveg sama hvaða lög það eru, hvort það er eitthvað sem kemur frá þarnaestu ríkisstjórn — við þurfum að hafa önnur gildi og setja nýjar vinnureglur og þetta er hluti af því. Það er ekki nóg að segja bara að við ætlum að vinna öðruvísi, við verðum að sýna það í verki. Hérna höfum við kjörð tækifæri. Hér er upphafið að nýju og vandaðra Alþingi. Ég skora á nefndina að þora; að þora að sýna í verki að við meinum það sem við segjum, líka þegar við erum komin í ríkisstjórn.

[15:21]

#### **Brynjar Níelsson (S):**

Hæstv. forseti. Ég ætla að blanda mér lítilliga í umræðuna. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér í upphafi, við þurfum að ræða um persónuvernd, persónufrelsi og friðhelgi einkalífsins og reyna að velta því fyrir okkur hvort við séum yfir höfuð á rétttri leið burt séð frá þessu ágæta frumvarpi.

Það var nefnilega þannig að mikilvægt var og þótti mikilvægt að ákveðið jafnvægi ríkti, hagsmunir ríkisvaldsins, persónuvernd og frelsi einstaklinga. Tilhneigingin er alltaf sú að ríkisvaldið seilist lengra og lengra vegna þess að löggjafinn sjálfur metur hvað eru almannahagsmunir. Og það er vandamálið sem við erum að glíma við akkúrat í þessu frumvarpi. Eru slíkir almannahagsmunir undir að réttlætunlegt sé að samþykka það? Um það snýst þetta mál í raun og veru.

Við erum alltaf að glíma við sama vandamálið. Bandaríkjamenn eru að glíma við þetta sama vandamál, af því að verið var að tala hér um Snowden og þjóðaröryggisráðið þar. Af hverju eru Bandaríkjamenn að gera þetta? Vegna þess að þeir meta það sjálfir að í baráttunni gegn hryðjuverkum þurfi að hafa þessa takmörkun á friðhelgi. Ég er alveg viss um að Stasi í Austur-Þýskalandi mat það þannig á sínum tíma. Til þess að halda uppi sínu sósíalíska ríki þá þurftu þeir að gera það. Menn voru alltaf að meta þetta.

Við þurfum að velta því fyrir okkur sjálf bara almennt hvort við séum að ganga allt of, allt of langt í öllu þessu. Þegar ég var að bera þetta saman við annað sem hefur gerst — vegna þess að ég upplifi það þannig að þessa almannahagsmuni metum við eftir pólitískum skoðunum okkar, við erum ekki að hugsa um þetta út frá neinu öðru. Ég hef oft hugsað um það að tekin er mynd af manni þegar maður fer

yfir gatnamót eða keyrir aðeins of hratt. Það er tekin mynd inn í bílinn minn, það er ansi mikið brot á friðhelginni. Að vísu eru þetta bestu myndir sem hafa verið teknar af mér [Hlátur í þingsal.] en þetta er svoleiðis. Og við þurfum að velta þessu fyrir okkur — bíddu, það er allt í lagi, ég meina, við erum að vernda þá almannahagsmuni að menn keyri ekki of hratt. Við erum alltaf að meta þetta. Ég bið því menn bara að velta þessu fyrir sér.

Ég held að ef þingið metur það þannig að frumvarpið sé nauðsynlegt til að bæta hag stórs hluta þjóðarinnar, sem er mikilvægt til að heimilin standi undir sér, það er mjög mikilvægt fyrir okkar samfélag, þá geta menn komist að því að það sé í lagi að takmarka friðhelgina og persónuverndina með þessu frumvarpi.

[15:24]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Brynjari Níelssyni fyrir fína ræðu. Mig langar að spyrja hvort hv. þingmaður telji þetta frumvarp standast meðalhóf með hliðsjón af því að það hafa komið fram hugmyndir sem þarf að ræða betur, hugmyndir sem væru vægari og mundu ekki brjóta friðhelgi einkalífsins en gætu stuðlað að árangri gegn sama vandamáli.

[15:25]

#### **Brynjar Níelsson (S) (andvar):**

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað þessari spurningu vegna þess að ef það er mat manna að ekki sé önnur fær leið, eitthvert meðalhóf sem nær þessu takmarki, þýðir ekkert að tala um meðalhóf. Ég skal ekki svara fyrir það hér og nú hvort þetta sé leiðin, ég verð bara að meta það þegar kemur að því, en mat meiri hluta allsherjarnefndar er að þetta sé nauðsynlegt til að ná ákveðnum markmiðum og að markmiðin séu að gæta almannahagsmuna. Þeir eru nauðsynlegir. Og þá er það bara þannig.

Ég vildi gjarnan að hægt væri að sleppa þessu öllu saman og ná þessum markmiðum. Ef það er hins vegar ekki hægt verðum við bara að una við það.

[15:26]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Brynjari Níelssyni svarið. Sá sem hér stendur hefur viðrað hugmyndir bæði á fundum hv. allsherjar- og menntamálanefndar og hér í pontu á hinu háa Alþingi og hefur talað um það í fjölmiðlum en enginn hefur enn þá sagt honum að það virki ekki. Satt best að segja er ég ekki alveg sannfærður um að allir skilji nákvæmlega hvað ég er að segja stundum, það er náttúrulega það sem fylgir því að vera tölvanörð, en með hliðsjón af því að hugmyndir hafa komið fram og hvergi hefur verið baunað á þær, hvorki laust né fast, spyr ég hvort það hafi einhver áhrif á afstöðu hv. þm. Brynjars Níelssonar gagnvart meðalhófi í þessu máli.



[15:27]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég telst ekki til tölvunörda og ég skil eiginlega ekkert svona tæknileg atriði, ég get bara upplýst þingheim um það og alþjóð. Meðalhóf er mikilvæg regla, meðalhófsreglan. Þetta er mikilvæg regla í stjórnsýslulögum. Þetta er mikilvægt og ég get alveg tekið undir að það á aldrei að ganga lengra en nauðsynlegt er. Það er örugglega enginn ágreiningur milli þingmanna yfir höfuð um það hversu mikilvægt það er og hversu mikilvægt það er fyrir okkur og alla sem fara með vald að fara vel með það, gæta okkar. Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að fara með vald og við þurfum að fara varlega og við þurfum að ræða það. Mér sýnist í þessu frumvarpi — frumvarpið hefur breyst mikið til batnaðar og kannski er það orðið þannig að það geti talist viðunandi skerðing á persónufrelsi og persónuvernd þannig að ég geti sofði á nóttunni, sem er nú mjög mikilvægt. En kannski var það ekki þannig í byrjun. Ég hef sjálfur barist árum saman, löngu áður en ég kom inn á þessa samkomu, fyrir persónufrelsi, fyrir friðhelgi einkalífsins og talið þá sem hér hafa verið fyrir ekki hafa passað sig nógu vel á því og látið tilganginn helga meðalið allt of oft. Ég vona að breyting verði á á þessu þingi.

[15:29]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðuna og vangaveltunna sem sannarlega varða kjarna málsins og það mikilsverða hlutverk sem við höfum hér með höndum, þ.e. að ganga varlega um grundvallarlöggjöf lýðveldisins og ekki síst að því er varðar friðhelgi einkalífsins og persónuvernd. Mig langar að spyrja, af því að hv. þingmaður segir að ef þingið meti það þannig að það sé í lagi að takmarka friðhelgina á grundvelli þeirra almannahagsmuna sem hér eru skilgreindir — ég heyri að hv. þingmaður er ekki að velta þessum hlutum fyrir sér í fyrsta sinn og það er áhuga-vert fyrir okkur, sem hér stöndum frammi fyrir því að taka afstöðu í málinu, að heyra reifun hans á því og ég spyr því: Telur þingmaðurinn sjálfur að það sé í lagi að takmarka friðhelgina sem hér er lagt til að takmarka á grundvelli þeirra almannahagsmuna sem skilgreindir eru?

Þingmaðurinn veltir því upp að málið hafi skánað, það hafi verið verra og það hafi rænt hann svefni til að byrja með en nú sé hann farinn að sofa. Mér finnst áhugavert að heyra nákvæmlega hvaða þættir það eru sem veittu honum nætursvefninn í þeim efnum. Mér heyrir hann kannski ekki vera alveg kominn þangað að hvíldin verði honum fullkomlega aðgengileg, þ.e. næturhvíldin hverja nótt. Þetta eru það stór mál að mér finnst mikilvægt að heyra hans útlístin og reifun á þeim sjónarmiðum sem hér eru undir.

[15:31]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það truflar mig alltaf þegar verið er að takmarka friðhelgi einkalífsins og persónuvernd. Það truflar mig alltaf en stundum geri ég mér þó grein fyrir því að það kunni að vera réttlæt看legir hagsmunir til þess að gera það. Ég mun meta það í þessu tilviki að betur athuguðu máli hvort ég tel að svo sé.

Það er ákveðið vandamál í kringum allt þetta vegna þess að stjórnarskráin heimilar okkur að takmarka friðhelgi einkalífsins við vissar aðstæður. Sá sem takmarkar það er metur sjálfur almannahagsmuni. Það er bara þannig. Það erum við að gera og það ber okkur að gera. Ég er bara að óska eftir því almennt, burt séð frá þessu frumvarpi, að menn fari afskaplega varlega í það og ræði þetta mjög vel og velti því fyrir sér. Erum þetta slíkir almannahagsmunir? Getur yfir höfuð talist almannahagsmunir að ná einhverjum pólitískum markmiðum? Það er ein spurningin til dæmis. Erum við ekki alltaf að reyna að gera eitthvað gott fyrir heimilin, fyrir fólkið í landinu og getum við þá alltaf í þeirri vegferð takmarkað persónufrelsið? Þessu þurfum við að velta fyrir okkur og þess vegna sagði ég hér í upphafi að það væri skynsamlegt að taka einhvern tímum þessa umræðu almennt, kannski um stjórnarskrána, gildi hennar. Er hún bara platplagg þegar kemur að þessum grundvallar-mannréttindum því að við getum alltaf metið almannahagsmuni eins og okkur sýnist? Eins og ég hef haldið ræður um áður þá finnst mér oft og tíðum þessi ákvæði stjórnarskránnar (Forseti hringir.) lítils virði þegar upp er staðið.

[15:33]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að skerpa enn betur á skilningi okkar á því hver þau viðfangsefni eru sem hér blasa við. Ég deili því með honum að það truflar að þurfa að taka ákvarðanir sem þessar. Það er auðveldara að vera pistlahöfundur eða starfandi úti í bæ og hafa skoðanir á þessu en að standa frammi fyrir viðfangsefninu og þurfa að vera á eða sú sem takmarkar þetta frelsi og skilgreinir hvort hagsmunirnir eru réttlæt看legir eða nægjanlegir í hvert skipti.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar hvað varðar óskina eftir almennri umræðu, af þeirri reynslu sem ég þó hef af því að sýsla í pólitík, að hún verður yfirleitt ekki til nema á grundvelli einhvers gefins tilviks eða tilefnis. Hér erum við akkúrat á þeim stað að hafa tækifæri til að ræða þessi grundvallaratriði og þess vegna enn og aftur telja ég mjög mikilvægt að við nýtum það tækifæri og þann vilja sem er fyrir hendi til að ná sömu markmiðum með meðalhóf að leiðarljósi án þess að við göngum með svo afgerandi og skýrum hætti á persónufrelsið, eins og kemur fram í umsögnum Persónuverndar og fleiri aðila.

Kjarni málsins sem hv. þingmaður nefnir hér er: Er verjandi að skilgreina pólitísk markmið sem almannahagsmuni? Þá væri alltaf allt undir og þar með yrði bókstafurinn einskis virði. Það er minn skilningur á útlístin hv. þingmanns og ég vil spyrja hann hvort sá skilningur sé réttur.

[15:35]

**Brynjar Níelsson (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Alltaf þegar við erum að takmarka persónuvernd og friðhelgi einkalífsins er það út af einhverjum pólitískum markmiðum — alltaf. Þegar við gefum lögreglu til að mynda forvirkar rannsóknarheimildir eða eitthvað slíkt er það pólitísk ákvörðun. Þetta er allt pólitík. Það sem síðasta ríkisstjórn gerði og ríkisstjórnin þar á undan, löggjöf Alþingis, hefur takmarkað persónuverndina, gefið

ýmsum stofnunum auknar heimildir til að afla upplýsinga um okkur, fylgjast með okkur. Þetta er allt takmörkun, allt tengt ákveðnum pólitískum markmiðum. Þetta er bara veruleikinn, hinn ófullkomni veruleiki sem við lifum við. Því miður.

Ástæða fyrir því að ég tók til máls yfir höfuð var bara til þess að þingheimur velti því almennt fyrir sér til framtíðar að fara varlega þegar kemur að því að takmarka svo mikilvæg réttindi eins og hér um ræðir. **(Gripið fram í: Takk fyrir það.)**

[15:37]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Þetta mál er alveg borðleggjandi. Við þingmenn höfum svarið eið að stjórnarskránni, að halda hana, sem hlýtur alla vega að þýða að þá eigi stjórnarskráin að njóta vafans. Ég tók mynd af drengskaparheiti mínu. Við höfum öll fengið svona plagg, við skrifuðum undir það og á því segir: Ég undirritaður sem kosinn er þingmaður til Alþingis Íslendinga heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda stjórnarskrá landsins.

Persónuvernd, sú stofnun í stjórnýsly okkar sem er falið að fylgjast með að persónuvernd sé til staðar, hefur sent umsögn, með leyfi forseta:

„Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu.“

Persónuvernd hefur efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafn víðtækum persónuupplýsingum og hér ræðir um til þess að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Persónuvernd er í vafa, hún efast, hún varar við og við þingmenn höfum svarið eið að stjórnarskránni.

[15:39]

### Birgitta Jónsdóttir (P):

Forseti. Ég gleymdi alveg að vísa í ákveðna tilvísun sem kom fram í gær sem mér fannst lýsa mjög vel því sem er í gangi hér. Ég sá hana á hinni víðfrægu fésbók.

Hér er tilvitnun í Pétur Gunnarsson rithöfund, með leyfi forseta:

„Ein helsta ástæða þess að ekki er hægt að vinna samkvæmt óskum stjórnar Persónuverndar að því að virða friðhelgi einkalífs í frumvarpi um Hagstofu Íslands er hefð sú að það yrði íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki að svara spurningalistum ef stuðst yrði við úrtaksaðferð í stað stóra bróður-aðferða við öflun upplýsinga. Vegna þessa er ekki tekið mið af ábendingum um að frumvarpið brjóti gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. Það upplýsti þingmaðurinn Líneik Anna Sævarsdóttir á Alþingi í dag, en hún er framsögumaður málsins fyrir hönd ríkisstjórnar meiri hlutans.“

Hér höfum við kjarna málsins og af því að við erum að flyta okkur og við nemum ekki að tryggja að fjármála- stofnanir vinni vinnuna sína þá ætlum við að fara inn á mjög svo grátt svæði. Mér finnst það mjög alvarlegt að við ætlum að brjóta gegn stjórnarskrá okkar, að fara lengra, seilast lengra og dýpra inn á þessi gráu svæði. Það er

einmitt hlutverk okkar að tryggja að lögin séu þess eðlis að þau séu ekki á gráu svæði, að þau haldi.

Ég ítreka því enn og aftur að það er leið út úr þessu. Sú leið er þess eðlis að ég mundi vera mjög stolt af fólkinu sem ég vinn með ef það mundi þora að skrifa löggjöf sem heldur. Ef einhverjir í samfélaginu fylgjast með þessum umræðum þá hvet ég það ágæta fólk, sem ég vil þakka fyrir að fylgjast með, til þess að hlusta á ræðu hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssonar því að þar kemur hann með mjög góða lausn á málinu. Og ef við þingmenn berum gæfu til að auka á virðingu þessarar stofnunar — það er nefnilega ekki virðingarvert að taka þátt í því að samþykkja og ýta áfram lögum sem eru ónýtt. Það eykur ekki á virðingu þessa vinnustaðar. Það er líka ákveðið virðingarleysi þegar í ljós kemur að einhver lög eru meingölluð, það er virðingarleysi að hlusta ekki á rök eða hugmyndir um leiðir út úr því til þess að gera lögin okkar betri. Það er nú bara þannig. Það er fullkomið virðingarleysi og það er einmitt ein af þeim ástæðum sem fram komu í skýrslunni sem Alþingi lét gera, fyrir því af hverju fólk ber ekki virðingu fyrir þessari stofnun okkar.

Einn af þeim þáttum sem flestir litu á sem meginorsök þess að þessi vinnustaður nýtur ekki virðingar, eða réttara sagt við sem á honum störfum, er að við berum ekki virðingu fyrir skoðunum hver annars eða tillögum hver annars og kunnum ekki að vinna saman. Nú höfum við boðið upp á leið út úr því, leið sem ekki er umdeild en samt skal þverskallast í gegnum þetta mál bara vegna þess að maður hefur völdin. Mér finnst smán að því ef það verður þannig, en ég mun bera mikla virðingu fyrir þeim þingmönnum sem þora.

[15:44]

### Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Brynjari Níelsyni sérstaklega fyrir að koma hér og tala við okkur vegna þess að miðað við það sem hann sagði sé ég ekki betur en við séum sem samfélag dæmd til að enda réttindalaus. Það hljómar kannski samsæriskeningalegt en það er ekkert samsæri á ferðinni. Samsæri er skilgreint sem það þegar tveir eða fleiri taka sig saman til að fremja ólöglegt athæfi. Svona samsæri væri ekki mögulegt vegna þess að það gæti ekki verið ólöglegt. Þar stendur hnífurinn í kúnni.

Ef þetta virkar einfaldlega þannig að við getum við hvert fótmál ákveðið að taka burt friðhelgi einkalífsins vegna þess að það hentar yfirvöldum á hverjum tíma er það eðlileg þróun með tímanum, bara þetta eitt, að við hljótum að enda réttindalaus. Við hljótum að gera það vegna þess að við viljum vinna vinnuna okkar, við viljum hafa tæki til þess og stundum stangast það á við réttindi borgaranna. Þess vegna eru til borgararéttindi, til að stoppa okkur í að ganga of langt. Til þess eru þau. Það er ekki hægt að undirstrika þetta nógu oft. Þá er eins og stjórnarskráin eða kerfið hérna virki þannig að það vinni gegn því sem því er ætla að tryggja, nefnilega réttindum borgaranna. En ég hefði mikinn áhuga á því að ræða þetta aðeins betur og þá að sjálf-sögðu í samráði við hv. þm. Brynjar Níelsson, þann mæta lögræðing.

Mér verður líka hugsað til talnanna sem hv. Pétur H. Blöndal rifjaði upp áðan. Hann talaði um 18% verðbólgu og 40% gengisfall sem átti sér stað í hruninu. Sjálfsagt fer það eftir því hvenær maður mælir það hver talan er nákvæmlega. Eins og hann benti réttilega á hafa efnahagshörmungar dunið yfir íslenska þjóð áður. Það hefur gerst margsinnis, það gerist reglulega, auðvitað, vegna þess að við erum með krónu. Förum ekki út í það hér og nú. Svo talaði hann um að það séu kannski 10–20% húsnæðiseigenda sem eru í vandræðum með greiðslu. Er það í alvörunni neyðarástand? Ég spyr bara eins og Jesús spurði gyðingana: Er það? Er það virkilega? Ég er ekki viss.

Mér finnst að við eigum að vera viss. Ég veit ekki betur en meðalhófið sé til þess að við tryggjum að við séum viss og við erum það ekki. Fjórir af níu meðlimum hv. allsherjar- og menntamálanefnd telja frumvarpið ekki standast meðalhóf. Það er ekki meiri hluti en það er umtalsverður hluti, það er næstum því helmingurinn. Ætti staðall okkar á mannréttindi ekki að vera örlítið hærri en það? Helst vildum við auðvitað hafa sátt. Mesta kaldhæðnin í þessu er sú að það er sátt um að gera þetta, bara ekki hvernig og hvenær. Og það að við séum að láta tímapressu ráða þessu, af öllum hugsanlegum hlutum sem gætu stoppað okkur — hugsíð ykkur, þetta er pólitík. Við sitjum hérna kjörnir þingmenn, stanslaust að rífast um næstum því hvað sem er, stundum bara til að rífast yfir einhverju að því er virðist, en um þetta er sátt, hér er meira að segja mjög ríkur samstarfsvilji. Ef ég hefði haft vit á því hefði ég gert þetta að kosningaloforði okkar pírata fyrir kosningar. Kosningaloforðið var aðeins öðruvísi, það varðaði fjárlög en prinsipið er það sama. Það er hægt að nýta tæknina til að leysa alls konar svona vandamál og ég væri ólmur til í að hjálpa til við það. En nei, það má ekki út af tímapressunni, og það er óþolandi.

Hugsunum líka um það hversu óskýrt markmiðið er raunverulega, t.d. hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann spár því að þegar við förum að skoða þetta komi vandi leigjenda í ljós. Hvers vegna var þá ekki leigjendakrísra fyrir kosningar? Ég veit ekki hjá hversu mörgum, hvaða tölu maður á að skjóta á, en leigjendur eru í bölvuðum vandræðum. Eru þeir ekki í krísu? Maður þarf húsnæði. Það er ekki valkvætt. Maður þarf húsnæði og ef maður hefur ekki efni á því hefur maður ekki húsnæði. Það er vandamál, það er krísa. En þurfum við að skerða borgararéttindi til þess? Hvernig þætti sjálfstæðismönnum ef við færum að storka svoltið eignaréttinum til að leysa slík vandamál? Þá held ég að upp kæmu einhver önnur svör og með réttu, mætti ég bæta við.

[15:49]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Ég ætla eiginlega að lauma mér hér inn af því að ég fór rangt með starfsheitið þegar ég vitnaði í tilvísun hjá Pétri Gunnarssyni. Hann er blaðamaður.

Svo vil ég líka brjóta hefðir og segja að mér fannst þetta fímagott hjá hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni, tek undir orð hans og er hér í meðsvári.

[15:50]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ókei.

[15:50]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Ég hef fylgst með umræðunni og verið að skoða þau plögg sem undir liggja, frumvarpið og nefndarálit meiri hluta og minni hluta. Ég verð eiginlega að segja að mér finnst þetta vera orðið hálfvandræðalegt mál fyrir hið háa Alþingi. Ég skynja ekki djúpstæðan ágreining í sjálfu sér um meginatriði þessa máls, sem eru annars vegar spurningin um þörfina fyrir greinargóðar upplýsingar um skuldastöðu heimilanna og gögn til að vinna með í því sambandi og eftir atvikum fylgjast síðan með framvindunni á einhverju árabili eða til frambúðar eftir atvikum. Og hins vegar að fara ekki offari í slíki gagnasöfnun þannig að stefnt sé í hættu þeim sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og takmarkanir á slíki upplýsingasöfnun sem ekki standa þá einhverjir afgerandi ríkir almannahagsmunir til að gera. Flestir viðurkenna bæði þessi sjónarmið að þau þarf að hafa í heiðri og finna einhvers staðar jafnvægi þarna á milli.

Í því ljósi er svoltið vandræðalegt að Alþingi skuli ekki ná að klára málið, mér sýnist ekki vera svo langt í land. Kannski ættu menn að gefa sér aðeins meiri tíma og vita hvort niðurstaðan af því yrði samkomulag um hvernig verður best um þetta búið. Vandinn er til staðar og hann er gamalkunnur. Það rann auðvitað upp fyrir mönnum að þetta voru málefni sem menn höfðu kannski ekki verið mjög uppteknir af þegar þeir héldu að allt léki í lyndi og allir væru ríkir og engin vandamál, sem reyndar var nú aldrei rétt því að tölfræðin sýnir að þó nokkur fjöldi fólks átti í verulegum vandræðum, var skuldsettur og í vanskilum og á vanskilaskráum í hinu meinta góðæri. En að sjálfsögðu kom hrúnið og hafði afgerandi áhrif á þessa stöðu og gerði hana verri, bæði vegna verðbólguþröskotsins, gengisfalls krónunnar og ég tala nú ekki um þegar tekjur lækkuðu og jafnvel sumir mistu atvinnuna.

Við þetta hafa menn glímt og þetta hefur verið viðvarandi glíma, umræðan oft og tíðum tilfinningaprungin og ekki alltaf kannski sanngjörn gagnvart því sem þó var verið að reyna að gera. Því var til dæmis iðulega haldið fram á síðasta kjörtímabili að ekkert hefði verið gert, bókstaflega ekkert hefði verið gert í skuldamálum heimilanna og ég held að sá málflutningur hafi jafnvel riðið húsum í kosningabaráttunni. Ekki er það nú rétt og ekki er það sanngjarnt en endalast má deila um hvort hægt hefði verið að gera betur. Höfðum við ráð á því eða átti að setja í meiri forgang að aðstoða skuldug heimili umfram það sem gert var, jafnvel á kostnað framtíðarinnar í þeim skilningi að ríkið rekið með bullandi halla hefði engu að síður tekið á sig frekari byrðar til að aðstoða fólk við að lækka höfuðstól lána eða greiða enn meiri vaxtabætur eða gera eitthvað í þeim dúr?

Nú er það sem betur fer þannig að þau bestu gögn sem við höfum sýna okkur að ástandið hefur lagast talsvert og nýlega hefur verið fjallað um það. Og svo þarf að greina vandann og fá það á hreint um hvað menn eru að tala þegar

þeir tala um skuldavanda heimilanna. Eru það húsnæðislánin? Eru það skuldir sem menn hafa stofnað til vegna húsnæðisöflunar? Eru það lán sem stofna rétt til greiðslu vaxtabóta? Um það gilda skýrar reglur. Það eru lán sem tekin eru vegna kaupa á íbúð eða byggingar húsnæðis innan ákveðins tímabils sem tengist húsnæðisfjárfestingunni. Önnur lán, verðtryggt eða óverðtryggt, sem falla utan þess ramma flokkast í þeim skilningi ekki sem húsnæðisskuldir jafnvel þó að menn láti veð í húsi sínu fyrir vegna þess að þá er lit-ið svo á að líklegra en hitt sé að fjármunirnir séu notaðir til annarra hluta. Þeir eru þá ekki teknir í því návígi við húsnæðisfjárfestinguna sem yfirvöld hafa skilgreint að þurfi að vera til þess að um sé að ræða eiginlegar húsnæðisskuldir sem stofni rétt til greiðslu vaxtabóta.

Væri nú gaman að þetta lægi skýrar fyrir hvað varðar kosningaloforð stjórnarflokkanna, sérstaklega Framsóknar. Ég reyndi að fylgjast með þessu, ég fékk það aldrei á hreint hvað verið var að tala nákvæmlega um. — Hvernig er með fundinn þarna í Hlíðarherberginu, er ekki annað húsnæði laust handa ykkur til að funda í?

Snýr loforðið að því að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána sem stofna rétt til greiðslu vaxtabóta eða eru það allar verðtryggðar skuldir heimilanna? Það munar um minna en að hafa þetta á hreinu. Ég heyrði aldrei talað skýrt um þetta í kosningabaráttunni, ég veit það ekki enn hvort móðir allra kosningalofrða, loforðið mikla hjá Framsóknarflokknum, heimsmetið sem senn á að slá, snýr að þessu í þrengri eða víðari skilgreiningunni.

Þetta skiptir líka máli vegna þess að allar rannsóknir, gögn Seðlabankans, rannsóknir Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, gögnin frá ríkisskattstjóra, greining á þeim í tímaritinu *Tíund* o.s.frv. sýna okkur ákveðna hluti og þar á meðal að húsnæðisskuldarnar í þrengri skilgreiningu, þær sem menn hafa bundið sér vegna öflunar húsnæðis, eru ekki nema hluti vandans og að mínu mati augljóslega í ljósi nýj-ustu upplýsinga minnkandi hluti vandans. Það eru aðrar skuldir, lausaskuldir, yfirdrættir, kortaskuldir sem eru ekki síður erfiðar viðureignar mjög mörgum fjölskyldum.

Þá þarf að átta sig á því hvernig á að taka á vandanum, kemur inn á umræðuna um greiðsluvanda og skuldavanda. En þetta biður kannski betri tíma að ræða, gerum við ráða fyrir. Nú er upplýst, sé ég, að í nóvembermánuði fái menn að vita hversu mikið lánin þeirra lækka og þá hlýtur að ... (Forseti hringir.)

**(Forseti (ÓP):** Forseti vill spyrja þingmanninn hvenær honum henti að gera hlé á ræðu sinni. Fyrirhugað er að hefja sérstaka umræðu um stöðuna á leigumarkaði klukkan fjögur.)

Já, það er brýnt mál líka og ég skal bara greiða fyrir því með því að gera hlé hér og nú.

**(Forseti (ÓP):** Er þá gert hlé á umræðunni um 5. dag-skrármálið og málinu frestað um sinn.)

Umræðu frestað.

### **Sérstök umræða.**

Staðan á leigumarkaðinum.

[15:58]

#### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Hæstv. forseti. Mig langar að ræða stöðuna sem uppi er á húsnæðismarkaðnum. Staðan er sú að margir þeirra sem nú eru að koma inn á markaðinn geta ekki keypt og ástæð-an er meðal annars sú að þá vantar eigið fé til að fjármagna kaupin. Þessi hópur leitar því nú út á leigumarkaðinn en vandamálið þar er óöugg búseta og há leiga.

Leiguverð hefur hækkað mikið á undanförunum árum og stafar hækkin meðal annars af mikilli eftirspurn á leigu-markaði og mikilli hækku lána er hvíla á þeim eignum sem nú eru í leigu.

Stór hluti ráðstöfunartekna fólks fer í að greiða leigu og því miður er það raunin að margar fjölskyldur hafa misst leigubúðir þar sem leigan var orðin of há.

Þessi þróun hefur orðið til þess að unga fólk þyr lengur heima en áður og nokkur dæmi eru um að stórfjölskyldur séu farnar að búa saman til þess eins að ná endum saman.

Það sem einnig er að gerast er að við erum að missa fjölskyldur úr landi, fjölskyldur sem hafa gefist upp á ástandinu, meðal annars á húsnæðismarkaðnum. Vert er að geta þess að þetta ástand hefur verið að vinda upp á sig ár-um saman og við því verður að bregðast.

Það er hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra Eygló Harðardóttir sem hefur umsjón með þessum málaflökki og því vil ég spyrja hana eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða hugmyndir hefur hún til að bæta stöðu þeirra sem eru á leigumarkaðinum?

2. Hvaða leiðir sér hún færar í því að búa til varanlegt og öruggt húsnæðiskerfi á leigumarkaðinum?

3. Við erum með ákveðinn hóp af fólki sem nú þegar leigir af Íbúðalánasjóði sem hefur misst eignir á uppboði, þetta eru tímabundnir samningar og þeir munu renna út. Eru einhver úrræði fyrir þann hóp þegar leigusamningarnir renna út?

Ég veit að hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra finnst sú staða sem komin er upp á leigumarkaðinum alvar-leg og ég veit að hún vil bregðast við ástandinu. Því verður gaman og gott að heyra afstöðu hennar til þessara mála.

Skoðun mín er sú að það væri gagnlegt að hafa leigu-markað sem býður upp á hagstæðar íbúðir fyrir mismun-andi fjölskyldustærðir, leigumarkað þar sem húsnæði er á viðráðanlegu verði, leigumarkað þar sem fjölskyldur og einstaklingar hafa öruggt hútaskjól og gætu byggt sér heim-ili til langs tíma, allt eftir þörfum hvers og eins.

Ég fagna því að nú liggi fyrir í þinginu tillaga til þingsályktunar, en samkvæmt henni ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að auka eins hratt og kostur er framboð leiguhúsnæðis til að bregðast við því al-varlega ástandi sem upp er komið á húsnæðismarkaðnum.

Í tillögunni er í sex liðum fjallað um ýmsar mjög góðar hugmyndir sem gætu komið að gagni við að efla leigu-markaðinn. Væri fróðlegt að heyra frá hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra hvernig henni líst á þær hugmyndir sem þar koma fram og hvort þær séu raunhæfar á þeirri leið að gera leigumarkaðinn að raunhæfum valkosti fyrir fjöl-skyldur og einstaklinga sem vilja búa áfram hér á landi.

Ég er viss um að við öll sem störfum hér í umboði kjósenda okkar, óháð flokkum, erum sammála um að þörf er á aðgerðum á leigumarkaði þannig að auðveldara verði fyrir fjölskyldur og einstaklinga að tryggja sér þak yfir höfuðið.

[16:02]

### Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Elnu Láru Arnardóttur fyrir að efna til umræðu um leigumarkaðinn. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Raunar hefur þörf fyrir umræður og aðgerðir verið lengi fyrir hendi. Þess vegna hef ég líka margsinis vakið máls á vandanum, skrifað greinar og rætt málið opinberlega.

Ég vil líka fá að nota tækifærið og þakka þingflokki Samfylkingarinnar fyrir nýframkomna þingsályktunartilögum um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkaðinn. Flest það sem þar er að finna er eins og út úr mínum eigin huga talað og styður þær áherslur sem ég hef talað fyrir að undanförmu og er þegar farin að skoða eða jafnvel hrinda í framkvæmd.

Þessi vandi er ekki nýr. Hér á landi hefur aldrei verið til leigumarkaður sem stendur undir nafni, enda Íslendingar þekktir fyrir séreignarstefnu í húsnæðismálum. Þeir fáu sem leigðu á árum áður bjuggu við lítið húsnæðisöryggi og nánast allir höfðu það að leiðarljósi að eignast fyrr eða síðar eigið húsnæði. Eftir hrun haustið 2008 fór staðan að breytast og þróunin hefur verið ör síðan. Á fleiri búa nú í leiguhúsnæði eða vilja búa í leiguhúsnæði, en markaðurinn er ekki fyrir hendi.

Capacent vann greiningu á húsaleigumarkaðinum á höfuðborgarsvæðinu fyrir Íbúðalánasjóð haustið 2011. Á þeim tíma lá fyrir að um 18% landsmanna bjuggu í leiguhúsnæði og um helmingur þess hóps í húsnæði með niðurgreiddri húsaleigu. Capacent sagði í skýrslunni að á höfuðborgarsvæðinu væri til skemmiri og lengri tíma þörf fyrir um 13.000 fleiri leiguíbúðir og þar af um 8.800 á næstu þremur árum. Könnun sem Capacent gerði leiddi í ljós að um 70% fleiri Íslendingar vildu leigja sér íbúð en gerðu það á þessum tíma og hlutfallslega flestir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta mundi jafngilda tvöföldun leigjenda í Reykjavík. Við getum því ætlað að eftirspurn eftir leiguhúsnæði eigi enn eftir að aukast. Það verður að svara því kalli með raunhæfum aðgerðum. Það er ekki nóg að tala og lýsa góðum vilja, það verður að gera eitthvað.

Á það hef ég bent og jafnframt átt í viðræðum við ýmsa aðila um hvaða aðgerðir séu líklegar til að skila árangri. Verkalýðshreyfingin talar fyrir umbótum í húsnæðismálum og fram hefur komið að ASÍ vill beita sér fyrir því að komið verði á fót varanlegu og traustu húsnæðiskerfi. Hið sama get ég sagt um BSRB sem hefur viljað hafa frumkvæði að því að tryggja að við séum hér með félagslegt íbúðakerfi.

Markmið þeirra sem eiga og reka leigufélög verða að snúast um aukið framboð og hagkvæmari leigu íbúða til langs tíma. Ég tel verkalýðsfélögin öðrum betur fallin til að sinna þessu hlutverki. Þau bera hagsmunum félagsmanna sinna fyrir brjósti, eru ekki rekin í hagnaðarskyni og hafa traustan rekstrargrundvöll. Áhugi og vilji verkalýðsfélögunna liggur fyrir og lífeyrissjóðir hafa verið með til skoðunar að undanförmu hvort þeir geti fjárfest með aðkomu að uppbyggingu leigumarkaðar fyrir íbúðarhúsnæði.

Ég hef þegar fundað með nokkrum af þessum aðilum og rætt um mögulega aðkomu þeirra að uppbyggingu leigumarkaðar. Ég hef líka hreyft þeirri hugmynd að áttak í uppbyggingu leiguhúsnæðis geti orðið hluti kjarasamninga í anda júlísamkomulagsins frá árinu 1965 þegar samkomulag varð milli verkalýðshreyfingarinnar, ríkis og borgar um stóratök í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Samkomulagið var þá liður í lausn á erfiðri vinnudeilu, í stað launahækkana var samið um byggingu 1.250 íbúða fyrir lágtekjufólk í Reykjavík og varð það grunnurinn að Breiðholtinu þar sem ég sjálf ólst upp.

Þetta var síðan jafnvel líka fyrirmynd að seinni tíma samningum um þjóðarsátt þar sem samið var um fleira en kaup og kjör.

Virðulegi forseti. Það er ekki síst raunverulegt húsnæðisöryggi sem er mikilvægt að tryggja fólki á leigumarkaði, en jafnframt viðráðanleg kjör því að yfirleitt eru leigjendur tekjulágt fólk. Mér finnst sjálfsagt að breyta núverandi kerfi þannig að húsnæðiseigendur og leigjendur sitji við sama borð þegar kemur að stuðningi frá hinu opinbera. Ég er líka talsmaður þess að byggingarreglugerð verði breytt og þannig greitt fyrir uppbyggingu lítilla íbúða fyrir tekjulága einstaklinga sem eru að hefja búskap og þurfa ekki á mörgum fermetrum að halda.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur þegar hafið vinnu við endurskoðun á byggingarreglugerðinni í þessum anda. Ríki og sveitarfélög mega ekki láta sitt eftir liggja til að liðka fyrir þessu máli. Ég hef talað fyrir því að leigufélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða fái byggingarlóðir á kostnaðarverði og eins eru miklir möguleikar á því að bæta skattumhverfi leigufélaga. Til dæmis gæti ríkið fellt niður stimpilgjöld á skuldabréfum þeirra og fleiri leiðir kunna að vera færar, eins og bent hefur verið á í þingsályktunartilögu Samfylkingarinnar.

Ég vil að lokum nefna sérstaklega að Reykjavíkurborg hefur verið með mjög góðar hugmyndir og vinnu sem þessu máli tengist. Ég hef þegar sent svar við beiðni hennar um samstarf, um það að ég sé mjög jákvæð gagnvart því og hef tilnefnt fulltrúa í starfshóp um það hvernig hægt sé að fjölga leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef mikinn áhuga á því að ræða líka við bæjarstjórn Kópavogs sem steig fram í gær með sambærilegar hugmyndir.

[16:07]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka upphafsmanni þessarar umræðu fyrir hana og ráðherra fyrir svörin sem hún veitti. Ég þakka þeim báðum, þingmönnum Framsóknarflokksins, fyrir þau jákvæðu orð sem þær létu falla í garð þeirrar þingsályktunartillögu sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram á Alþingi.

Ég held að það kunnir að vera okkur gott tækifæri þegar sú tillaga verður rædd hér á þingi á eftir og vísað til nefndar, að við reynum að nýta þá samstöðu sem er augljóslega í þinginu og ná að afgreiða hana í einu formi eða öðru þannig að fyrir liggi staðfestur vilji þingsins á þessum stutta stubbi með fyrirætlum til stjórnvalda og verkefnaskrár. Ég er alveg sammála því sem hæstv. forsætisráðherra sagði hér í sumar þegar kom að skuldamálum heimilanna, það er rík-

isstjórninni auðvitað stuðningur að hafa skýrt bakland úr þinginu fyrir verkefnum sem unnið er að á vettvangi ríkisstjórnar.

Í þessu stutta innskoti hef ég lítil færi á að rekja einstaka þætti og mun gera það betur þegar kemur að því að mæla fyrir þingsályktunartillögum síðar í dag. Það er auðvitað við fjölþættan vanda að eiga. Hann hefur orðið verri vegna minnkandi framboðs húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu vegna aukinnar útleigu íbúða til ferðamanna. Vandinn er viðvarandi víða um land og hann verður að leysa þar sem sveitarfélög hafa ekkert húsnæði á lausu og virkur vinnu- markaður gengur ekki almennilega upp því að engin leið er til að fá fólk til að nýta sér tækifærin sem myndast í sveitarfélögum. Ég er nýbúinn að vera á ferðalagi um allt norðanvert Snæfellsnes og sunnanverða Vestfirði og þar er sama sagan í hverju einasta sveitarfélagi. Það er ekkert húsnæði til reidu, það er engin leið að fá fólk til verkefna, hvort heldur er tímabundinna eða langvarandi, vegna þess að fólk fær ekki möguleikann á að koma sér fyrir og láta á það reyna hvort það getur hugsað sér að búa á þessum stað.

Allt eru það atriði sem við verðum að horfa á í heildar- myndinni.

[16:10]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshafjanda, Elsu Láru Arnardóttur, fyrir mjög þarfa umræðu. Vandí leigutaka er afar mikill. Skortur er á leiguhúsnæði og leiga fer hækkanði. Margar fjölskyldur búa inni á ættingjum og vinum og fréttir berast af ólöglegu húsnæði sem er notað til útleigu og íbúðar.

Víða um Evrópu er mikill húsnæðisvandi. Fólk virðist ekki hafa efni á því að búa í því húsnæði sem er í boði, hvorki til leigu né kaups. Ég held að skoða þurfi alla kostnaðarþætti sem búið er að líma á íbúðarhúsnæði, fasteignagjöld sveitarfélaganna, skatta á húsaleigu, stimpilgjöld o.s.frv. Það þarf að skoða alla þessa þætti.

Síðan þarf að skoða byggingarkostnaðinn, byggingarreglugerðir eins og hér hefur verið nefnt og er verið að skoða. Það þarf líka að skoða raunvexti, framboð á lánsfé og húsaleigubætur og aðra styrki.

Hér á landi hefur lítið verið byggt af íbúðarhúsnæði síðan fyrir hrún. Fimm árgangar af ungu fólk hafa ekki fundið húsnæði, það hefur ekki verið byggt fyrir þá. Þetta eru kannski um 10 þúsund heimili.

Svo koma áhrif af ferðþjónustunni sem hefur verið bent á.

Verð á íbúðum og leiga á íbúðarhúsnæði hefur hækkað vegna skorts og lítills framboðs á íbúðum. Það sem þarf að gera er að örva framboð á lóðum, hvetja til fjárfestinga í íbúðum og gera alla þá ferla eins einfalda og hægt er.

Fólk sem sækir um þær fáu íbúðir sem eru til leigu keppir við tugi annarra sem eru að sækja um sömu íbúð. Þá reynir á bankaábyrgð í fyrirframgreiðslu sem margir hafa ekki. Þeir sem lenda á vanskilaskrá eiga enga möguleika á að fá íbúð. Þetta er mjög alvarleg staða.

[16:12]

#### **Ögmundur Jónasson (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa þörfu og mikilvægu umræðu, en eins og við fáum að heyra í fréttum þessa dagana erum við að kynnast ýmsum langtímaafleiðingum efnahagshrunsins á Íslandi sem átti sér stað árið 2008, ef einhver skyldi hafa gleymt því, og afleiðingarnar sjáum við í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu og ekki síst í húsnæðiskerfinu. Hvers vegna ekki síst í húsnæðiskerfinu? Að mörgu leyti var húsnæðiskerfið veikast þegar lítið er til velferðarþátta samfélagsins vegna þess að á öryggisnetið sem það myndar höfðu verið rifin göt. Þetta var gert undir aldarlokin þegar verkamannabústaðakerfið var eyðilagt, var aflagt, sem veitti tekjulitlu fólk lán á 1% vöxtum, og síðan voru aðrir félagslegir þættir einnig veik- tir.

Á undanförunum árum höfum við ekki hækkað húsa- leigubætur að neinu marki. Það var gert lítillega á þessu ári, um 4 þús. kr. í tveimur áföngum, í byrjun árs og síðan um mitt ár, en að öðru leyti hafa þær ekki hreyfst. Á sama tíma hafa Félagsbústaðir í Reykjavík hækkað leiguna um 40%. Þar eru að lengjast bíðaðir eftir leiguhúsnæði.

Það sem ríkisstjórnin hefur því miður gert er að taka ákvörðun um að hætta sérstökum vaxtabótum sem við létum fjármálafrýrtækin greiða til að létta undir með mjög tekjulitlu fólk eða skuldsettu fólk. Ég spyr hvort það eigi að endurskoða þá ákvörðun. Það þarf að hækka húsaleigu- bætur. Hvaða áform eru uppi um það? Stendur til að gera það? (Forseti hringir.) Og það þarf að hækka laun, lægstu laun og laun millitekjufólks einnig. Þetta eru allt (Forseti hringir.) þættir sem þarf að horfa til.

[16:14]

#### **Brynhildur Pétursdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir að hefja þessa þörfu umræðu. Það er miður hversu lítil áhersla hefur verið lögð á leigumarkaðinn í gegnum tíðina eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom réttilega inn á, og í rauninni hvað aðgerðir stjórnvalda í þágu leigjenda hafa verið ómarkvissar. Það hefur eiginlega verið yfirlýst markmið að fólk kaupi eigið húsnæði. Þessi stefna kristallaðist í rauninni í lofordunum um 90% lánin, máli sem naut stuðnings allra flokka.

Við vitum alveg að staðan á leigumarkaði er óviðun- andi, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu. Í mörgum bæjum standa tómar íbúðir í eigu banka og Íbúðalánasjóds á sama tíma og mikil þörf er fyrir leiguhúsnæði. Brynna aðgerða er þörf og við þurfum held ég ekki enn einn vinnu- hópinn. Ég held að það sé kominn tími til að lesa þær fjöl- mörgu skýrslur sem hafa verið skrifaðar um þetta mál og ganga í verkin.

Ég hvet stjórnvöld til að nýta sér þá þekkingu sem er til staðar nú þegar, ekki síst hjá leigjendaaðstoðinni sem Neytendasamtökin hafa rekið undanfarin ár. Þau hafa t.d. bent á skort á eftirliti með aðilum sem stunda útleigu í atvinnu- skyni og að það skorti úrræði þegar þessir aðilar brjóta lög. Þetta er stórt vandamál.

Ég fagna þessari umræðu og ég hef fulla trú á að hæstv. félagsmálaráðherra gangi í málið af röggsemi og fagna

áhuga hennar á málinu. Við í Bjartri framtíð munum einnig styðja þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar um bráða- aðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi og fögnum þeirri þingsályktunartillögu líka.

[16:16]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Já, það er rétt sem kom fram hér hjá hæstv. ráðherra, ég er nokkuð mikill sérfræðingur í leigumálum og því að vera leigjandi. Það hefur eiginlega verið ein samfelld martröð að vera leigjandi. Það er ekkert öryggi. Ég man eftir því þegar ég flutti fyrst til Reykjavíkur með móður minni þegar ég var 12 ára, þá voru ekki einu sinni til leigusamningar. Það var fyrir atbeina eins einstaklings sem beitti sér fyrir málefnum leigjenda, Jóns heitins frá Pálmholti, að við fengum leigusamninga sem lögformlegt skjal. Það er ótrúlegt að eftir öll þessi ár sé ástandið enn eins og það er. Það er ótrúlegt.

Ég hef svo mikla samúð með fólki sem fer núna á milli að skoða húsnæði sem kannski 30–40 manns eru að skoða og grátbiður því að annars lendir það kannski á götunni með börnin sín. Því mun ég svo sannarlega styðja tillöguna frá Samfylkingunni um bráðaaðgerðir, en mig langar fyrst ég hef þennan ágæta hæstv. ráðherra hér í salnum að spyrja hana um hennar sýn á aðgerðir til að bregðast við bráðavandanum. Mig langar að hvetja hæstv. ráðherra til dáða og lýsa yfir einlægum stuðningi við aðgerðir sem taka á bráðavandanum en jafnframt á langtímamálinu því að það er svo mikilvægt að við séum ekki alltaf bara að bregðast við bráðavanda heldur höfum einhverja framtíðarsýn í þessum málaflokki.

Ég hlakka til að sjá hvað kemur úr ráðuneytinu og vonast til þess að við getum hjálpað þessum risastóra hóp (Forseti hringir.) sem er að bíða eftir því að við gerum eitt-hvað fyrir hann.

[16:19]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Húsnæðismálin eru eitt áhugaverðasta og mikilvægasta málefnið sem við ræðum á vettvangi stjórnmalanna. Húsnæðismál varða grundvallarvelferð heimilanna en þau eru líka stórt efnahagsmál. Þetta er víðtækur málaflokkur og þarf að vanda vel til verka þegar teknar eru ákvarðanir um húsnæðismál. Á síðasta kjörtímabili mótuðum við húsnæðisstefnu þar sem húsnæðisöryggi, félagsleg samheldni og viðráðanlegt verð voru leiðarljósin. Mikil vinna er að baki varðandi húsnæðisbætur, húsnæðisáætlun, rekstrarumhverfi húsnæðisfélaga, upplýsingar um húsnæðismarkað og úrvinnslu vegna vanda Íbúðalánasjóðs. Reykjavíkurborg er þegar farin að vinna í anda þessarar stefnu og Kópavogur er nú að vakna til lífsins. Það er sérstaklega ánægjulegt að geta þess að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið ákaflega góður félagi í þessari vinnu og ríkir sameiginlegur skilningur á málinu milli ríkis og sveitarfélaga.

Mikilvægustu og brýnustu verkefnið höfum við í þingflokki Samfylkingarinnar lagt fram í sérstakri þingsályktunartillögu. Ég tel allra mikilvægustu verkefnið vera þau að styðja við opinbera aðila eða félög í almannaþjónustu sem

vilja byggja leiguhúsnæði án gróðasjónarmiða og reka til lengri tíma lítið. Hinum frjálsa markaði verður ekki treyst fyrir húsnæðisöryggi landsmanna ef við fáum einhverju ráðið. Annar grundvallarþáttur til þess að öflugur og öruggur leigumarkaður sé raunveruleg framtíðarsýn er innleiðing húsnæðisbóta þannig að ríkið sé tilbúið til þess að styðja leigjendur til jafns við eigendur. Ég þakka fyrir umræðuna og hlakka til að vinna í umboði félags- og húsnæðismálaráðherra að umbótum í húsnæðismálum á Íslandi.

[16:21]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Elsu Láru Arnardóttur fyrir að vekja máls á því mikilvæga málefni sem við ræðum í dag. Jafnframt var mjög áhugavert að hlýða á málflutning ráðherrans sem fer með þennan málaflokk. Er ljóst miðað við umræðuna að menn eru sammála um að nú þurfum við að taka saman höndum og reyna að finna út með hvaða hætti við getum komið til móts við alla þá Íslendinga, sem eru nú allar fjölskyldur landsins, sem þurfa að útvega sér húsnæði og þak yfir höfuðið.

En til þess að einhver einn geti leigt húsnæði þá þarf einhver annar að hafa fjárfest í húsnæði og hafa áhuga á því að leigja út. Markaðurinn hangir því óneitanlega svoltíð saman á þessum tveim þáttum, þ.e. annars vegar hvernig gengur hjá fólki að fjármagna húsnæðis kaup og svo hins vegar hvernig markaðurinn gagnvart leigjendum er. Þetta er því heildstætt verkefni, það er mikið verk fyrir höndum. Ég trúi því að ráðherra þessara mála taki málin föstum tókum og komi með einhverjar leiðir sem við getum sagt stolt eftir nokkur ár að hafi skilað árangri.

Einn hv. þingmaður, hv. þm. Ögmundur Jónasson, taldi að besta leiðin til þess að laga þessi mál væri að hækka laun. Auðvitað væri það mjög gott ef það væri svo einfalt. En til þess að hægt sé að hækka laun þannig að það skili einhverjum árangri þarf auðvitað að auka framleiðni. Það þarf jafnframt að skoða skattlagningu á atvinnulífni vegna þess að tryggingagjaldið er ekkert annað en skattur á laun, þannig hangir þetta saman. Það dugar ekki eitt og sér að hækka launin, þá hækkar allt verðlag í landinu og þá fer af stað rússþani sem við þekkjum öll frá því á árum áður. Það er ekki það sem við viljum gera hér og það mun ekki verða lausnin á húsnæðisvanda Íslendinga.

[16:23]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég vil rétt eins og aðrir þakka hv. málshefjanda fyrir að efna til þessarar umræðu. Það vill svo vel til að tillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar er til umræðu á eftir þannig að þá er hægt að eyða lengri tíma í þessa umræðu.

Það sem ég vil segja er að staðan á húsnæðismarkaði er hluti af miklu stærri mynd. Þetta er hluti af þeirri mynd sem hefur verið að dragast upp á undanförmum áratugum sem er mikil áhersla á einkaeign, mjög mikil einkaeignarstefna. Fyrir vikið hefur það ekki verið raunverulegt val að vera leigjandi heldur yfirleitt verið einhvers konar biðstaða, einhvers konar biðástand.

Nú eru, eins og fram hefur komið, stærstu árgangar Ís-

landssögunnar að koma út á húsnæðismarkaðinn, það eru 23 þúsund manns sem eru fæddir á árunum 1988–1992, þannig að eftirspurnin mun aukast gríðarlega eftir húsnæði. Á sama tíma er mjög flókin staða uppi. Greiðslubyrði er lægri af kaupum en leigu en á sama tíma á fólk ekki reiðufé til að reida fram við útborgun á íbúðarhúsnæði. Fólk er í stórum stíl í mjög mikilli klemmu.

Svo vil ég nefna að staðan á húsnæðismarkaði er að hluta til brot af því sem skapar líf skjör ungra fjölskyldna í landinu. Þar verðum við líka að draga inn lánasjóðsstöðuna, leikskólaframboð og almenningssamgöngur. Þetta er allt saman það sem skapar ramma utan um daglegt líf ungra fjölskyldna á Íslandi í dag. Þetta er það sem ungt fólk horfir til þegar það velur sér búsetu, hvort það ætlar að búa á Íslandi eða einhvers staðar annars staðar næstu ár. Þetta er samsett mynd sem dregst upp þegar fólk velur sér búsetu.

[16:25]

### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Elsu Láru Arnardóttur fyrir að vekja máls á þessu og kem hér aðallega til þess að hvetja hæstv. ráðherra til þess að taka á þessum málum af festu. Það er alveg sama hvar á það er litið í þessu blessaða þjóðfélagi okkar, það er alltaf svo dapurlegt ástand á öllum málum. Ég veit ekki hvort maður á alltaf að koma og grenja hér uppi í ræðustól en það virðist samt vera staðreyndin að það er alveg sama hvar á það er litið, það er allt í kaldakoli á Íslandi og ekki síst í þessum málum. Það er eiginlega bara eins og ... (**Gripíð fram í:** ... bjarta framtíð.) Já, það er það sem við erum að reyna að boða, bjarta framtíð. Það gerum við með því að standa saman. Ástandið er svona en við horfum til bjartrar framtíðar í þessum málum eins og öllu öðru en hún verður ekki nema með víðtækri sátt og samvinnu. Ég segi það að sveitarfélög, ríki, verkalýðsfélög, lífeyrissjóðir eiga að taka höndum saman og leysa þessi mál. Nóg er af peningunum hjá þeim. Það er bara þannig.

Í mínu sveitarfélagi, Grindavík, þar sem er bullandi uppgangur og mikil vinna, er mikil vöntun á húsnæði og margt af því fólk sem vinnur í fiskvinnsluhúsum í Grindavík og í fyrirtækjum sem eru þar, býr annars staðar, það býr í Reykjanesbæ. Það er gríðarlegur kostnaður fyrir fólk sem vinnur í fiskvinnslu. Eins og þið vitid eru nú launin þar ekki til þess að hrópa húrra fyrir, og svo bætist við að þurfa að keyra á milli á hverjum einasta degi. Ég veit það sjálfur. Fólk sækist eftir því að komast í íbúðir sem Íbúðalánasjóður og Landsbankinn eiga. Það eru 40 íbúðir lausar þarna en þeir leigja þar bara ekki út og það er nokkuð sem við þurfum að taka á. Það er hægt að fá smá lausnir í þessum málum en það þarf aðgerðir. Hættum þessu nefndastússi alla tíð, gerum eitthvað í málunum og það er það sem þarf að gera. Það þarf víðtæka sátt í þessum málum sem öðrum og þá eigum við fyrir höndum bjarta framtíð, það er alveg ljóst.

[16:28]

### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég fagna því að þessar umræður hafa átt sér stað. Mér finnst eitt svolítið mikilvægt, það hefur komið

fram í þessum umræðum. Ég man eftir að ég sat á fundi með Íbúðalánasjóði og fleirum á síðasta kjörtímabili. Þar var einmitt rætt um af hverju ekki væri hægt að nýta þær íbúðir sem Íbúðalánasjóður og bankamir eiga á leigumarkaði.

Minn skilningur eftir þá fundi var að það væri svo vont út af því að þá mundi húsnæðisverð lækka. En hvort er mikilvægt að við reynum að stjórna markaðinum á þennan hátt eða að fólk hafi þak yfir höfuðið? Ég verð bara að spyrja.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra Eygló Harðardóttur hvort það sé eitthvað í framtíðarsýn ráðherrans um hvernig eigi að tækla þetta, t.d. það hvað margar íbúðir standa auðar og liggja jafnvel undir skemmdum. Væri sniðugt að setja einhver tímatakmark um það hversu lengi þessar íbúðir mega vera tómar?

Mér finnst gríðarlega mikilvægt að við séum ekki bara að tala núna og búa til enn eina nefndina, það er mikilvægt að setja einhvers konar tímamörk þannig að maður veiki ekki falsvonir. Ég veit að það er orðið mjög algengt að fólk um þritugt fari aftur heim til mömmu og pabba. Er þetta ásætlanlegt? Og hvað með fólk sem á enga að? (**Gripíð fram í:** Ég er með eina 28 ára.) Og verðið á húsnæði er svakalegt. Svo er verið að leigja bara yfir veturinn og hvað verður þá um fólkíð á sumrin? Á það að fara í Laugardalinn? Nei, þar er allt fullt af túristum.

Það er gríðarlega mikilvægt að tekið sé á þessu strax, ekki eftir hálf tón ári heldur núna.

[16:30]

### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir að taka þátt í umræðunni. Hér hafa ýmis sjónarmið verið reifuð og ég trúi því að við getum öll unnið saman að lausn í sátt og samvinnu. Ég fagna því að hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra ætli að beita sér fyrir bættu ástandi á leigumarkaðinum og ég fagna því einnig að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar og lífeyrissjóðanna hafi verið kallaðir að borðinu til að vinna lausn á vandamálinu. Ég trúi því að verkin verði látin tala í þessum málum og við styðjum þannig við bakið á leigjendum.

Við viljum ekki að stór hluti fjölskyldna, þ.e. þeir sem eru á leigumarkaðinum, búi við óryggi og óvissu því að þeir þættir hafa jú vissulega áhrif á líf fjölskyldna, því miður oft á tíðum ekki til góðs þar sem erfitt er að lifa með óryggi og óvissu.

Virðulegur forseti. Ég trúi því af heilum hug að hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra muni beita sér af fullu afli í þessum málum fyrir öll heimilin í landinu.

[16:31]

### **Félags- og húsnæðismálaráðherra (Eygló Harðardóttir) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessa umræðu. Ég er sjálf leigjandi. Ég hef verið að leigja 40 fermetra bílskúr og flutti nýlega úr tveggja herbergja íbúð sem var um 50 fermetrar. Okkur fannst það stór framför frá því sem við höfðum áður verið í, sem var bílskúrinn. Núna er ég að vísu með smávíðáttubrjálæði því að húsnæðið er aðeins stærra í dag. En ég er enn þá leigjandi.



Þessi reynsla mín, alveg eins og reynsla hv. þm. Birgittu Jónsdóttur, segir manni bara á eigin skinni hversu mikilvægt er að taka á þessu. En það er ekki fyrst og fremst það sem rekur mann áfram heldur að heyrja í fólki. Það hringir inn, sendir inn skilaboð og maður sér viðtöl við fólk sem er í svo hræðilegri aðstöðu, miklu verri aðstöðu en ég held að nokkur hér hafi nokkurn tímann upplifað.

Ég vil sérstaklega fá að nefna stöðu innflytjenda. Ég tók það sérstaklega upp við formann innflytjendaráðs að innflytjendarád mundi fjalla um stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði. Þeirra staða er verri en almennt gerist og við þurfum að taka sérstaklega á því, skoða hvað við getum gert.

Ég hef líka lagt áherslu á viðbrögð við bráðavandanum. Við erum að reyna að vinna eins hratt og hægt er að því að fá niðurstöðu varðandi framtíðarskipan húsnæðismála, en það er ekki þar með sagt að við séum að bíða eftir því. Ég fór í ræðu minni í gegnum það sem við erum þegar byrjuð að gera. Það sem ég hef líka lagt áherslu á er að þessu breytir enginn einn. Þess vegna er svo gott að finna fyrir ríkum samhengi í þingsal um að við ætlum okkur að breyta húsnæðismarkaðinum. Við ætlum að tryggja fólki val og öryggi þannig að það geti valið að leigja eða að kaupa og búi við öryggi.

Það er risaverkefni og eina leiðin til þess að við getum gert þetta er að við tökum öll höndum saman. Þess vegna hef ég tekið þetta upp við aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna hef ég rætt þetta (Forseti hringir.) við hvern sem er því að þetta er nokkuð sem við verðum að vinna saman.

### *Hagstofa Íslands, frh. 2. umr.*

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). —  
Pskj. 14, nál. 107 og 109, brtt. 108.

[16:34]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg) (frh.):**

Herra forseti. Það væri auðvitað mjög æskilegt að ég fengi aftur fullan ræðutíma þannig að ég gæti haldið samfelldu í málflutningi mínum en það er víst til of mikils mælst.

Ég var að fjalla aðeins um að það skipti máli að greina til hvers menn ætluðu að nota upplýsingarnar sem menn hyggjast láta Hagstofuna safna í tengslum við skuldavanda heimilanna. Eru menn þar að tala um húsnæðisskuldur eða almennar skuldir? Eru menn að tala um veðskuldir vegna húsnæðisöflunar sem stofna rétt til greiðslu vaxtabóta? Ef það er andlagið, t.d. í áformum stjórnarflokkanna um lækkun höfuðstóls húsnæðislána, er vandinn ekki mikill. Þá höfum við bestu fánlegu upplýsingar um það mál frá þeim aðila sem safnar þeim reglulega saman og verður að gera eðli málsins samkvæmt vegna þess að á grundvelli skattframtala og samkeyrslu við fjármálastofnanir sem skattinum er nú heimil höfum við árlega aðgang að þeim upplýsingum og þær eru notaðar við álagninguna og útgreiðslu vaxtabóta.

Ef menn eru hins vegar að fjalla um skuldavanda heimilanna í víðara samhengi skil ég að menn telji meira þurfa til. Vandamálið er kunnugt og við stríddum við þetta á síðasta kjörtímabili. Ég minnst ársins 2010 þegar mikil umræða og vinna var lögð í skuldamálið heimilanna í aðdraganda þess að samkomulag náðist við fjármálarýrirtæki og

lífeyrissjóði um 110%-leiðina svonefndu. Á haustmánuðum var unnin mikil upplýsingavinna en það var djúpt á þeim upplýsingum á köflum, m.a. frá Íbúðalánasjóði. Eftir atvikum vorum við seint á árinu þannig að maður kannast vel við þetta vandamál. Sú hugmynd er gömul að Hagstofan verði þá tækið sem safni þessum upplýsingum, að hún fái þær frá öðrum aðilum.

Um leið er ljóst að vandasant er að fela slíkri stofnun, sem er ætlað í grunninn annað hlutverk, hagsýslugerð, söfnun hagrænna upplýsinga, verkefni af þessu tagi. Það er nærtækt að minnst þess hvernig Hagstofan sjálf brást við þegar henni var ætlað hlutverk í sambandi við álagningu veiðigjalda. Þá var Hagstofan á því að það væri utan við hennar verkefni, að hún væri að nota upplýsingar úr sínum gagnagrunni eða vinna með öðrum aðilum eins og Fiskistofu með þau gögn og þar því meira að segja við að það yrði brot á evrópskum stöðlum. Nú veit ég ekki hvort það hefur komið upp í tengslum við þetta mál. Er Hagstofan í einhverri annari stöðu hér en hún hefði þá orðið miðað við það hlutverk sem henni var ætlað í sambandi við álagningu veiðigjalda? Spyr sá sem ekki veit, ég hef ekkert heyrt um það.

Þó að ég gangist vissulega við því að þessi hugmynd um Hagstofuna hafi verið uppi á fyrri árum, Hagstofunni voru meira að segja lagðir til fjármunir til að hún gæti unnið betri gagnagrunna, bæði um fjármál heimila og fyrirtækja, áskil ég mér engu að síður rétt til að ræða opið hvernig þessu verður best fyrir komið bæði til skemmri og lengri tíma. Erum við kannski að sækja vatnið yfir lækinn með því að notast ekki einfaldlega við gögn skattsins?

Væri hægt að bæta úr þeirri gagnasöfnun með því að fjölga reitum í forskráða framtalinu? Væri þar hægt að afla samþykkis einhvers hluta framteljenda við því að þeirra gögn mætti nota í greiningarvinnu í sambandi við þróun skuldamála heimilanna? Ef andlagið er húsnæðisskuldur sem stofna rétt til vaxtabóta er þetta ekkert vandamál. Þá liggja þær algerlega fyrir í gögnum skattsins. Það mætti jafnvel hugsa sér að strax á fyrri hluta ársins mætti á grundvelli forskráðu upplýsinganna færa sig framár í tíma og strax í febrúarlok eða mars hefðum við aðgang að þeim gögnum í greiningarvinnu af þessu tagi. Mér finnst þessum spurningum ekki öllum hafa verið svarað nægjanlega í tengslum við svo stórt og afdrifaríkt mál eins og hér er undir því að við verðum að horfast í augu við að við erum að reka okkur þarna á mjög viðkvæma hluti samanber afstöðu Persónuverndar og umsagnir hér um.

Til lengri tíma litid held ég að við þurfum að eignast aftur eða eignast einhvers konar einingu sem ég hef í huganum kallað ráðgjafar- og greiningarstöð húsnæðismála í landinu. Á vissan hátt áttum við það á fyrri tíð meðan Húsnæðisstofnun ríkisins var og hét, blessuð sé minning hennar, því að í raun fór hún með húsnæðismálin, bæði almenna hlutann og þann félagslega, Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Þar var tæknideild og þar var fagdeild sem gat greint talsvert upplýsingar og var notuð sem slík. Þetta var allt lagt niður eins og kunnugt er og hin miðlæga þekking sem þarna var glataðist þar með. Markaðurinn hefur sjálfsagt átt að leysa þetta eins og allt annað, ekki satt? Og það tókst svona snilldarlega — eða hitt þó heldur.

Auðvitað þyrfti maður klukkutíma til að ræða hér sorgarsögu Íslands í húsnæðismálum og hvernig í ósköpunum við, þó þetta vel gefin þjóð að sögn, höfum getað klúðrað þessu svona hressilega. Því að það höfum við gert. Hér ræddu menn aðeins um einkaeignarstefnuna, í sérstakri umræðu sem ég gerði hlé á máli mínu fyrir, og þar nefndu margir réttilega að ógæfa okkar væri auðvitað sú glóruleusa séreignarstefna sem hér hefur verið keyrð fram á pólitískum forsendum. Fólki sem alls ekki hefur greiðslugetu til er ætlað að rembast við það á lífsævi sinni að eignast og afskrifa húsnæði. Þetta er hvergi svona, jafnvel ekki í löndum þar sem lífskjör eru talsvert betri en á Íslandi. Þá horfast menn í augu við að það þarf fjölbreytt úrræði sem henta aðstæðum fólks og auðvitað verður að vera til almennilegr leigu-markaður.

Mér finnst fint að Samfylkingin leggur fram þetta þingmál núna. Hún hefur farið með þessi mál í sex ár samfelld að undanfögnu og það stendur henni næringu að beita sér nú fyrir því að átak verði gert í þessum efnun.

Ég hefði sem sagt gjarnan viljað að það væri skoðað betur hvort við erum endilega á réttri leið þegar hingað er komið. Það er komið árið 2013. Það er ljóst að sem betur fer er skuldavandinn hjá heimilunum að réna. Það munar um minna en það að neikvæð staða í húsnæðislánum hefur helmingast á undangengnum tveimur, þremur árum eftir að þetta fór að lagast. Þar með er ekki sagt að vandinn sé ekki ærinn og mikill til staðar hjá mörgum en hann er það víðar. Hann er hjá leigjendum og vandi heimilanna stafar ekki síður af öðrum skuldum en skuldum vegna öflunar húsnæðis. Það sýna allar greiningar, því miður. Ég veit ekki hvort er að vænta tillagna um úrræði í þeim efnun.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi finnst mér þetta líka svolítið vandræðalegt mál orðið fyrir þingið, að við skulum ekki ná saman um lagfæringar eftir atvikum á þessu frumvarpi eða einhverja aðra úrlausn sem við teljum fullnægjandi. Það er ekki djúpstæður ágreiningur um að við viljum gera hvort tveggja, hafa aðgang að greinargóðum upplýsingum og einhver tæki til að fylgjast með þróun mála en um leið halda í heidri nauðsynlega persónuvernd og ekki ganga á skjön við stjórnskrána í þeim efnun. Það væri allveg einnar messu virði, finnst mér, að setjast betur yfir þetta mál. Þess vegna tel ég að tilboð minni hlutans hafi verið mjög gott, að heita því að halda þessari vinnu áfram í samstarfi og reyna að klára þetta til dæmis í októbermánuði og vita hvort við næðum ekki saman um málin.

Það kann að vísu að vera mönnum mikið metnaðarmál að fá þetta frumvarp samþykkt. Hæstv. forsætisráðherra er yfirmáður Hagstofunnar og flytur þetta mál, er það ekki þar með? Þetta er liður í hinum miklu kosningaáherslum Framsóknarflokksins, en það er hvort sem er búið að slátra þessu talsvert með breytingartillögum meiri hlutans. Kannski er það bara orðinn bitamunur en ekki fjár fyrir forsætisráðherrann hvort þær sem slíkar verða teknar hér í gegn eða þetta unnið betur. Hann á ekki orðið mikið í frumvarpinu, hæstv. ráðherrann, flytjandinn, eins og nefndin er búin að fara um það höndum. Það er vel, það á að hrósa nefndum þegar þær fara rækilega í gegnum mál og bæta þau ef við trúum því að verið sé að gera það. Það sýnist mér vera reynt hér af góðum vilja af hálfu meiri hluta nefndarinnar,

en spurningin er hvort það er nóg og hvort ekki sé hægt að gera betur.

Menn segja núna að við ætlum að hafa þetta úrræði í gangi tímabundið og afmarka það. Gott og vel, en hvað svo? Á þá bara ekkert að gera aftur? Förm við þá bara í gamla farið, að stjórnvöld séu ekkert að fylgjast með þróuninni o.s.frv.? Ég er ekki viss um að það sé gott. Mér hefði fundist miklu betra ef við hefðum getað séð til lengri framtíðar hvernig við ætlum að skipa þessu og hafa eitthvert tæki og upplýsingar í okkar höndum sem við teljum fullnægjandi. Ég endurtek þá hugmynd að menn velti fyrir sér að einhvers konar eining verði til til frambúðar, einhvers konar greiningar- og ráðgjafarstöð um húsnæðismál eða skuldamál heimilanna. Ég gæti til dæmis séð fyrir mér að eitthvað af því tagi tæki við af embætti umbodsmanns skuldara, sem við þurfum vonandi ekki að reka, a.m.k. ekki í óbreyttri mynd, um aldur og ævi, einhver eining sem væntanlega ætti heima undir velferðarráðuneytinu og væri tæki stjórnvalda í þessum efnun.

Varðandi Íbúðalánasjóð væri þá til dæmis dálítið önnur staða uppi hvað varðar vistun hans, aðkomu og hlutverk, þ.e. ef menn hefðu ákveðið að taka á þessum málum með einhverjum slíkum hætti.

Við Íslendingar verðum einhvern veginn að setja okkur það takmark að ná betri tókum á þessum málaflökki. Það er ómögulegt að hugsa sér framtíðina þannig að þetta verði bara viðvarandi vandræði á okkur. Þetta kostar svo mikið, það hefur svo ofsaleg áhrif á lífskjörin í landinu og aðstæður fjölskyldna ef þessum málum er ekki nógu vel skipað. Þetta er á margan hátt eitt það allra mikilvægasta til að menn geti lifað sómasamlegu lífi, búið við sæmilegt öryggi og að það séu ekki einhverjar ægilegar girðingar á veginum úr foreldrahúsum út í fyrstu búsetu eða þegar menn þurfa að stækka við sig vegna stækkandi fjölskyldu, svo maður tali ekki um hvernig gaddavírsgirðingarnar hafa rist í gegnum íslenskt samfélag aftur og aftur vegna aðstöðumunar kynslóðanna fyrir og eftir verðtryggingu, fyrir og eftir misgengi eða núna fyrir og eftir hrun eða hvað það nú er. Sagan er vörðud af þessu hjá okkur.

Skást var þetta, held ég, á meðan Húsnæðisstofnun ríkisins var við lýði og meðan Byggingarsjóður verkamanna var raunverulegt félagslegt úrræði og menn horfðust í augu við að það þyrfti stuðning við tekjulægstu fjölskyldurnar til að komast í sómasamlegt húsnæði. Hann var að vísu sambland af leiguúrræðum og sjálfseignarstefnu. Það var farvegur fyrir menn að eignast líka sitt eigið húsnæði í því kerfi, en það var horfst í augu við að það yrði að gera með stuðningi við þá sem vildu þá leið, ættu svo kauprétt o.s.frv.

Virðulegur forseti. Þar sem ég sé að tíma mínum er að ljúka ætla ég bara að endurtaka þá hugmynd að menn leyfi þessu máli aðeins að þroskast. Ég held að það farist ekki himinn og jörð, ég sé ekki að það breyti eiginlega neinu um þau áform stjórnvalda, stjórnarflokkanna um heimsmetið í sambandi við skuldaaðgerðir í þágu heimila miðað við þá tímalínu sem nú hefur verið upplýst að sé í gangi í þeim efnun. Ég held ekki að endilega þurfi að hugsa þetta mál í því samhengi. Andlagið hlýtur að vera skuldarnar, lánin eins og þau standa og það liggur nokkuð vel fyrir hver þau eru. Það verða ekki þannig stökkbreytingar á þeim í sjálfu

sér á milli ára að menn þurfi að setja þetta í gang þess vegna, enda yrðu menn þá að bíða. Ef menn segja að þetta sé nauðsynleg (Forseti hringir.) forsenda aðgerðanna yrðu þær samt alltaf að bíða eftir því að þetta færi í gang, upplýsinganna yrði aflað og að Hagstofan ynni úr þeim. Það er væntanlega ekki verið að tala um það.

[16:47]

### Arni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofuna og opinbera hagsýslugerð með síðari breytingum. Verið er að leita heimildar með breytingum á lögnum til þess að Hagstofan geti aflað tölfraðilegra upplýsinga um skuldir heimila og fyrirtækja. Markmiðið með þessu frumvarpi, eins og því er lýst eða við höfum skilið, er að undirbyggja aðgerðir stjórnvalda í þágu skuldsettra heimila sem voru boðaðar sérstaklega í aðdraganda kosninganna í vor. Eins og hér hefur komið fram lýsti forsætisráðherra því í ræðu sinni nú fyrir í vikunni að fyrir dyrum væri heimsmet í aðgerðum í þá veru.

Nú held ég að okkur sem höfum verið að störfum á þingi undanfarin ár sé það alveg ljóst að vandi íslenskra heimila og íslensks efnahags- og atvinnulífs er mikill eftir efnahagshrunið 2008. Að sjálfsögðu hefur verið gripið til margháttaðra aðgerða til að glíma við afleiðingar hrunsins, koma til móts við heimili, koma til móts við atvinnulífið til þess að koma hjólum samfélagsins í gang á nýjan leik. Sumt hefur tekist ágætlega, annað miður og ég held að við getum öll verið sammála um að margt er ógert enn þá í þeim efnum. Þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að menn boði frekari aðgerðir til að koma til móts við skuldsett heimili í samfélaginu.

Þá geta menn velt fyrir sér: Er þá nokkuð að vanbúnaði að samþykkja það frumvarp sem hér liggur fyrir eða eru menn ekki hlynntir markmiðinu í sjálfu sér? Þeirri spurningu er kannski ekki alveg auðsvarað, það getur verið nokkuð flókið. Það hefur komið fram í umræðunni og kemur fram í gögnum málsins, m.a. í nefndarálitum, að frumvarpið eins og það var lagt fram upphaflega hafi í raun ekki verið tækt og nefndin hafi þurft að gera á því mjög miklar breytingar. Það eitt og sér er til merkis um að ekki sé hlaupið að því að samþykkja frumvarpið sisvona af því að tilgangurinn sé góður eða jákvæður. Það breytir ekki því að vanda þarf lagasetninguna í landinu og gæta að mörgum álitamálum sem upp hafa komið við meðferð málsins og í umræðunni og hafa mörg hver verið rakin hér.

Ég er dálítið upptekinn af því sem fjallað er um nokkuð ítarlega í nefndarálitu minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar í málinu, um stjórnarskrána og samræmi þessa máls við hana. Í minnihlutaálitinu er umsögn Persónuverndar um þetta mál reifuð. Þar segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Með vísan til framangreinds lýsir Persónuvernd, í ljósi 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, yfir áhyggjum af þeirri viðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er í frumvarpi þessu.“

Síðar í nefndarálitinu kemur einnig fram að Persónuvernd hafi veitt aðra umsögn á síðari stigum þar sem fjallað er um breytingartillögur meiri hlutans og þar telur stofnunin

enn skorta á rökstuðning fyrir nauðsyn umræddrar upplýsingasöfnunar sem af ákvæðum frumvarpsins er ljóst að er mjög viðtæk og þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er til þess að líta að samkvæmt orðum fulltrúa sérfræðingahóps um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og kosti og galla leiðréttingarsjóðs, á fundi allsherjar- og menntamálanefndar hinn 2. september 2013, ættu upplýsingar um útlán á skattframtölum að nægja hópnum við gerð tillagna um aðgerðir í þágu skuldugra heimila. Fyrirgreind umsögn Persónuverndar, dags. 25. júní 2013, byggist m.a. á því að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins. Persónuvernd telur þá forsendu enn eiga við og áréttar því fyrri umsögn hvað það varðar.“

Ég minnst þess í aðdraganda kosninganna í vor að þetta ætti ekkert að verða mjög flókið mál. Því var lýst yfir, ef ég man rétt, með þeim orðum að það yrðu engar nefndir, engir starfshópar, aðgerðir strax. Þá var enginn að tala um að fara þyrfti í flókið ferli við að afla Hagstofunni heimilda til þess að safna persónuupplýsingum til að vinna með tölfraðilega, sem síðan ætti að vinna úr og tæki tíma. Hér var upplýst í umræðunni í gær að það gæti orðið með vorinu sem þeirri vinnu lyki. Þetta er ekki það sem var lagt fyrir kjósendur og landsmenn í aðdraganda síðustu kosninga.

Hér kemur sem sagt fram í umsögn Persónuverndar að hún telji enn þá forsendu eiga við sem hún setti fram við málið upphaflega, að það sé óljóst hvers vegna þessi upplýsingaöflun öll sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins, og byggir það m.a. á ummælum fulltrúa í sérfræðingahópi ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Þeir telja þessar upplýsingar ekki nauðsynlegar. Af hverju er þá verið að hraða þessu máli svona þegar augljóslega eru ágallar á því eins og það liggur fyrir? Það er mjög erfitt að skilja.

Sömuleiðis er mjög erfitt að skilja það þegar Persónuvernd segir að málið, eins og það er búið, fari í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hvernig bregst meiri hlutinn við því? Ég fæ ekki betur séð en að hann bregðist við því í aðalatriðum með því að setja tímatakmörkun á gildi ákvæðisins, fjögur ár. Meiri hlutinn er þá í raun að segja að hann taki undir þessar athugasemdir Persónuverndar að því leyti til að lögin megi ekki gilda um alla eilífið en þau megi gilda í fjögur ár. Ég skil ekki hvernig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu og hvers lags lögfræði það er. Mér dettur nú bara í hug að horfa á hv. þm. Brynjar Níelsson sem situr hér úti í sal: Hvers lags lögfræði er þetta? Er þetta í lagi? Má brjóta mannréttindi ef gildistími mannréttindabrotsins er bara fjögur ár en ekki ef hann er fjögur ár og einn dagur? Þessi röksemdafærsla, herra forseti, gengur ekki upp. Menn verða að færa sterkari rök fyrir máli sínu eða gera breytingar á málinu þannig að sett verði undir þann augljósa leka sem er í því hvað þetta varðar.

Í álitu meiri hlutans er mikið fjallað um almannahagsmunir og það séu ríkir almannahagsmunir sem hér séu undir og þess vegna megi víkja ákvæðunum um friðhelgi einkalífsins til hliðar. Hafa menn fært rök fyrir því að þeir almannahagsmunir séu svo ríkir? Hverjir meta þá almannahagsmunir andspænis því hverjir taka síðan ákvarðanir í

málinu? Virðulegur forseti, ég held að það sé augljóst og bersýnilegt að þetta mál þurfi miklu meiri yfirlegu. Það er ekki vegna þess að menn séu andsnúnir því að þannig sé búið í haginum að hægt sé að grípa til ráðstafana í þágu skuldsettra heimila. Það var holar hljómur í því þegar menn sögðu í vor að það ætti strax að grípa til ráðstafana. Svo var það ekki hægt. Nú á sumarþingi er komið með frumvarp sem á að gera þessar aðgerðir mögulegar með því að safna persónuupplýsingum af hálfu Hagstofunnar. Síðan kemur í ljós að Hagstofan þarf tíma og vinnur úr þessum gögnum eftir á þannig að þeirri úrvinnslu gæti lokið með vorinu. Bíddu, er það þá þannig að líka eigi að bíða með aðgerðirnar í þágu heimilanna? Er verið er að segja þingi og þjóð í umræðunni hér og nú að það eigi að bíða með aðgerðir í þágu skuldsettra heimila a.m.k. fram á vor? Forsætisráðherra sagði hér í vikunni að tillögur sérfræðingahópsins lægju fyrir í nóvember. Sérfræðingahópurinn verður þá ekkert búinn að fá þessi gögn unnin frá Hagstofunni jafnvel þó að þetta frumvarp yrði samþykkt á morgun eða eftir helgi. Það er ekki þannig.

Hér rekst því hvað á annars horn. Það er ekki hægt að segja: Við þurfum að fá þetta frumvarp í gegn núna til þess að unnt verði að vinna tillögur í þágu skuldsettra heimila — þegar ljóst er að þessar upplýsingar verða ekki tilbúnar fyrir en í vor, og segja svo í hinu orðinu að tillögurnar eigi að koma í nóvember. Nú getur vel verið að tillögurnar komi í nóvember en þá er bersýnilega ekkert hægt að gera í málinu fyrir en þessar upplýsingar hafa verið unnar, sem verður í vor. Hafi menn skoðað starfsáætlun Alþingis fyrir næsta þing er ljóst að þingi lýkur óvenju snemma vegna sveitarstjórnarkosninga, um miðjan maí eða svo. Ég spái því að ekkert verði búið að afgreiða áður en næsta þingi lýkur. Þá er kannski komið haustið 2014 og farið að stytast í að kjör- tímabilið verði hálfnað, a.m.k. þegar því þingi lýkur vorið 2015. Þetta er ekki alveg það sem almenningur í landinu átti von á, held ég, þegar hann kaus Framsóknarflokkinn.

Ég vil líka gera hér að umræðuefni það sem meðal annars er fjallað um í álitinu minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar, sem er meðalhöfið. Þar er aðeins fjallað um það og sagt, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið samþykkt bendir minni hlutinn á að ef látið yrði reyna á stjórnskipulegt gildi laganna muni stjórnvöld þurfa að sýna fram á að markmið frumvarpsins lúti að brýnum almannahagsmunum og enn fremur að ekki hafi verið unnt að beita vægari úrræðum en víðtækri söfnun persónuupplýsinga um alla íslenska borgara sem eiga í viðskiptum við fjármálafyrirtæki og lánastofnanir til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu, ...“

Þetta er grundvallarregla í íslenskrari stjórnskipun, þ.e. meðalhöfsreglan, að stjórnvöld eigi ávallt að beita vægustu úrræðum sem unnt er til þess að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt. Í þessari umræðu hefur verið bent á að hugsanlega væri hægt að taka ákveðið úrtak. Það væri hugsanlegt að nýta upplýsingar sem nú þegar liggja fyrir í skattframtölum og ríkisskattstjóri hefur með höndum. Það væri hugsanlegt að byggja inn í grunn með ríkisskattstjóra möguleikann á því að menn gætu með jákvæðum hætti veitt heimild til að upplýsingar þeirra væru nýttar í þessum tölfræðilega tilgangi án þess að það gildi almennt.

Ég fæ ekki betur séð en að þessu hafi öllu verið hafnað af hálfu meiri hluta nefndarinnar þrátt fyrir að ég hafi heyrð þá sem eiga sæti í hv. allsherjar- og menntamálanefnd tala hér um að það hafi verið góður andi, gott vinnulag í nefndinni og menn hafi náð vel saman og ekkert sé upp á það að klaga nema síður sé. Samt sem áður hefur á einhverjum tímavörðum brotið á og stjórnarmeirihlutinn ekki verið reiðubúinn til þess að vinna málið eins vel og minni hlutinn óskaði eftir.

Þetta með meðalhöfið, mér sýnist ekki sýnt fram á það. Í nefndarálitinu meiri hlutans er að vísu komið inn á það og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegur forseti, að ég skil ekki það sem meiri hlutinn segir í nefndarálitinu sínu. Til dæmis ofarlega á bls. 5, þar segir, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði einnig um þann möguleika að kveða á um að einstaklingar og lögaðilar geti undanskilið sig þessari tímabundnu heimild þar sem það gæti einnig skekkst niðurstöður þegar litið er til einstakra hópa. Notkun heildargagna tryggir öryggi niðurstaðna og gerir kleift að birta ítarlegar niðurstöður.“

Ég skil ekki þessa setningu, virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort hún hefur ekki farið í prófarkalestur en mér er alveg ómögulegt að skilja hvað meiri hlutinn á við með því sem þarna stendur. Það er því bersýnilegt að víða er pottur brotinn í málflutningi meiri hlutans í málinu.

Eins og hér hefur oft komið fram í þessari umræðu þá lyktar málið dálítið af því að vera orðið eitthvert kappsmál, eitthvert voðalegt kappsmál flutningsmanns, hæstv. forsætisráðherra, sem á eins og einnig var bent á kannski ekki lengur mikið eftir í þessu frumvarpi, en engu að síður sé það honum mikið kappsmál að ná þessu máli fram til að geta sýnt fram á að verið sé að vinna eftir þingsályktuninni, tíu punkta plagginu. Það er ekki nægileg efnisleg ástæða til þess að víkja til hliðar mikilvægum sjónarmiðum eins og um persónuvernd, um stjórnarskrána, mannréttindasáttmála Evrópu, meðalhöf, góða stjórnsýsluhætti og vandaða laga-setningu. Það dugar ekki til þess. Hæstv. forsætisráðherra verður að brjóta odd af oflæti sínu, að mínu viti, og fallast á að þetta mál er enn vanbúið til afgreiðslu á hv. Alþingi. Það þarf að vinna það betur. Það kemur fram hjá fulltrúum minni hlutans í nefndinni að þeir hafi einmitt lagt á það áherslu að þeir væru reiðubúnir til þess að vinna að góðri lausn á málinu sem sem víðtækust samstaða og sátt gæti tekist um, gera á því nauðsynlegar breytingar og/eda eftir atvikum flytja nýtt þingmál þar sem markmið þessa frumvarps væru tryggð.

Það er sérstaklega bent á það í niðurlagi í minnihlutarálitinu allsherjar- og menntamálanefndar að uppi séu sterkar efasemdir um að frumvarpið standist stjórnarskrá og alþjóðlega mannréttindasáttmála, eins og ég hef nú þegar rakið, og þess er krafist að málið fái vandaðri undirbúning og jafnframt bent á að rökstuðningur fyrir nauðsyn á þeirri víðfeðmu upplýsingasöfnun sem frumvarpið felur í sér sé mjög glöppóttur. Þetta er meðal annars undirbyggt af víðhorfum Persónuverndar. Persónuvernd er ekki hvaða stofnun sem er. Hún er ekki stofnun sem hefur einhverja persónulega hagsmuni í málinu, það er ekki þannig. Það er ekki verið að safna upplýsingum um Persónuvernd, stofnunina sem slíka. Hún hefur enga hagsmuni í því aðra en þá

að fylgja eftir lögætum skyldum sínum, þ.e. að gæta að því að réttindi borgaranna séu vernduð eins og lög mæla fyrir um, stjórnarskrá, alþjóðlegir mannréttindasáttmálar o.fl. Persónuvernd gerir verulega alvarlegar athugasemdir við þetta mál. Það er algjörlega óskiljanlegt að hv. allsherjar- og menntamálanefnd skuli ekki taka þær athugasemdir alvarlega, taka þær til sín og hugsa: Halló, þetta þurfum við skoða betur.

Við getum ekki farið í gegnum þingið með þingmál sem fer svona í bága við viðhorf og röksemdir Persónuverndar.

Mér er, eins og ég sagði, algjörlega fyrirmunuð að skilja af hverju nefndin skoðar málið einfaldlega ekki betur. Auðvitað á hún að geta það og ætti væntanlega að geta það í góðri sátt við minni hlutann sem hefur í málflutningi sínum og í nefndaráliti sínu lagt áherslu á og telur skynsamlegast að nefndin taki málið aftur upp á haustþingi með þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umræðunni að leiðarljósi og í umsögnum. Minni hlutinn lýsir miklum vonbrigðum með það að meiri hlutinn nýti ekki þá samstöðu sem að öðru leyti náðist í vinnu nefndarinnar um meginmarkmið frumvarpsins til þess að ná sátt um útfærsluna.

Herra forseti. Tími minn er á protum. Ég vildi aðeins áréttta þau mikilvægu sjónarmið sem ég tel að séu enn í fullu gildi í þessu máli og að meiri hlutanum og ríkisstjórn sé í lófa lagið að sýna að hún meinar eitthvað með orðum á tyllidögum um góða samvinnu og gott samráð og að hún vilji vanda til verka í lagasetningu. (Forseti hringir.) Ég hvet eindregið til þess að menn brjóti odd af oflæti sínu og snúi af villu síns vegar.

[17:07]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Herra forseti. Persónuvernd er sú stofnun sem falið er eftirlit með brotum á ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífsins. Hún hefur varað okkur þingmenn við því að samþykkja þetta frumvarp.

Það á ekki að vera þægilegt að spila með stjórnarskrána, taka áhættu með hana, gambla með réttindi landsmanna. Þegar við þingmenn greiðum atkvæði um möguleg stjórnarskrárbrót, er það þá ekki lágmark að við gerum það í heyranda hljóði? Þegar þingmenn spila, ef við getum sagt sem svo, rússneska rúllettu með réttindi landsmanna skulu landsmenn alla vega fá að heyra rödd þeirra þingmanna sem ætla að taka í gikkinn.

Við píratar munum því fara fram á að atkvæðagreiðslur í þessu máli fari með nafnakalli.

[17:09]

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf):

Herra forseti. Ég finn mig knúna til þess að koma og taka þátt í 2. umr. Þótt ég hafi ekki komið og fjallað um málið við 1. umr. fyrr í sumar. Það er náttúrlega búið að vera hér inni í þinginu og mikil fyrirstaða var við að afgreiða málið fyrr í sumar, ekki eingöngu úr liði minni hlutans heldur einnig úr stjórnarþingflokkinum. Mér finnst leiðinlegt eftir allan þann tíma sem þetta mál hefur verið hér til umfjöllunar að ekki hafi verið hægt að ganga lengra með það að mæta kröfum minni hlutans, kröfum sem eru lagðar fram ekki út frá pólitískum dyntum heldur út frá

áhyggjum Persónuverndar varðandi persónuvernd og mannréttindi.

Fram kemur í áliti minni hlutans að nefndarmenn störfuðu af fullum heilindum með meiri hlutanum að því að endurbæta frumvarpið en telja alls ekki nógu langt gengið og telja jafnframt að hægt sé að ná sátt um annað frumvarp um svipað efni og leggja fram á haustþingi.

Það sem mér finnst setja málið í einkennilegra ljós, af því að hér erum við að tala um frumvarp sem kann að ógna ákvæðum stjórnarskrár, er af hverju þurfi að fara með það í gegn núna. Mér finnst óeðlilegt að setja þingmenn í þá stöðu. Þetta á að greiða fyrir úrlausn skuldavandans. Við erum að heimila gríðarlega söfnun fjármálalegra persónulegra upplýsinga til að greiða fyrir úrvinnslu á skuldavandanum, en við höfum engar upplýsingar um með hvaða hætti sú vinna á að fara fram. Það liggur ekki fyrir hvaða lán eru undir. Talað hefur verið um forsendubrest, leiðréttingar, afnáam verðtryggingar. Þetta ræddum við allt hér í sumar. Ég átti samræður við hæstv. menntamálaráðherra en hann gat ekki gefið skýr svör um hvort Lánasjóður íslenskra námsmanna félli undir hið heimssögulega plan Framsóknarflokksins, hann gat ekki svarað því. En við ætlum svona til vonar og vara að gefa Hagstofunni tækifæri til þess að afla upplýsinga um stöðu fólks sem er með lán hjá sjóðnum. Af hverju, ef ekki liggur fyrir hvert hið stóra heimssögulega plan er?

Ég vil áður en hægt er að ljúka málinu í þinginu segja að eðlilegt sé að við fáum skýrari upplýsingar sem sé þá hægt að leggja fram í nefndinni og taka til umræðu í þingsal um hvers konar aðgerðum við eigum von á. Það að ógna persónuverndar- og mannréttindakafla stjórnarskrárinnar til að afla upplýsinga um aðgerðir sem enginn veit hvernig eiga að líta út finnst mér of langt gengið.

Varðandi stóra skuldavandamálið, heimssögulega prógrammið frá Framsóknarflokkinum, þá samþykkti þingið, meiri hluti þingsins, heilmikla áætlun í þeim efnum sem fól í sér fyrst og fremst nefndastarf og nefndir sem áttu að skila tillögum á mismunandi tímum. (**Gripjið fram í:** Það var líka heimssögulegt.) Heimssögulegt.

Það var mjög erfið að festa hendur nákvæmlega á hvað þær nefndir áttu að gera. Það var frekar óljóst og gefur ekki tilefni til svo ítarlegrar upplýsingasöfnunar fyrir fram sem þetta frumvarp boðar.

Síðan kemur fram þegar maður les gögn málsins að upplýsingar samkvæmt þessu munu ekki liggja fyrir áður en starfshópar forsætisráðherra og fleiri ráðherra ljúka störfum, þannig að þeir virðast þá vera að skila upplýsingum um vanda sem þeir þekkja ekki umfangið á. Þessi upplýsingaöflun mun ekki styðja þau störf með neinum hætti.

Herra forseti. Mér finnst í raun óviðunandi að við séum með þetta mál á dagskrá varðandi þessi íþyngjandi ákvæði án þess að vita til hvers það er. Það er stórum spurningum ósvarað þannig að ég geri ráð fyrir að það fari — eða ég mun a.m.k. beita mér fyrir því og ég hygg að minni hlutinn hafi íhugað það, að málið fari til nefndar á milli umræðna og þar fáið svör við því hvernig Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn skilgreina forsendubrest, hvernig þeir skilgreina leiðréttingu og segja okkur þá að það séu örugglega öll verðtryggð lán undir í heimssöguplaninu. Ég hef

leitað eftir svörum við því, enda algjörlega forkastanlegt ef einhverjum dettur í hug að leiðrétta sum verðtryggð lán og ekki önnur, en hef ekki fengið skýr svör frá menntamálaráðherra, ég á það í einhverri fréttaklippu að hv. formaður fjárlaganefndar taldi þau lán ekki undir enda kannski ekki talið mikils virði af núverandi ríkisstjórn að fólk fjárfesti í menntun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri. Ég vil bara segja að ég tel fráleitt að málið komist til 3. umr. nema fyrir liggja af hverju hæstv. ríkisstjórn telur sig þurfa að sveigja ákvæði stjórnarskrár sem lúta að persónuvernd og mannréttindum.

[17:18]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntm. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P):**

Virðulegi forseti. Nú höfum við rætt þetta frumvarp á Alþingi og nær einvörðungu hin svokallaða stjórnarandstaða, sem ætti aðvitað síst af öllu að vera stjórnarandstaða í þessu máli. Mér þykir stundum svolítið leiðinlegt þegar ég hef einhverja skoðun og tjái þá skoðun þegar viðmælandinn fer einfaldlega og útskýrir ekki fyrir mér hvers vegna ég hafi rangt fyrir mér.

Hér hefur enginn stigið upp í pontu og útskýrt fyrir okkur hv. þingmönnum sem erum á móti frumvarpinu hvers vegna, af góðum og gildum ástæðum, við höfum rangt fyrir okkur. Það ætti að vera hægt. Það ætti kannski ekki endilega að vera mjög auðvelt en það ætti að vera mögulegt. Það er ekki eins og stjórnina vanti þingmenn, 38 stykki ættu að duga.

Talandi um krísur, þá verða alltaf einhverjar krísur sem réttlæta einhvers konar brot á friðhelgi einkalífsins, takmarkanir á tjáningarfrelsi o.s.frv. Það er krísa á leigumarkaðinum. Ekki ætlum við að halda áfram að hafa auðlegðarskatt til að laga það ástand. Það er algjör krísa í heilbrigðismálum. Ætlum við að brjóta mannréttindi til að laga það? Ég heyri engar slíkar hugmyndir. Það er krísa í löggæslumálum. Lögreglumenn fá skammarlega lág laun, vinnuálagið er fáránlegt og virðing fyrir þeim á meðal almennings því miður allt of lítil. Það er efni í lengri umræðu hvers vegna nákvæmlega það er, en allt byggist það á því að löggæslumál eru í molum eins og næstum því allt á Íslandi í dag sökum annarrar krísu sem við eigum við að stríða sem eru fjármál ríkisins.

Við tölum alltaf um þessa köku sem á að skipta og ég velti fyrir mér hvort hún verði herna eftir einn eða tvo eða þrjá áratugi. Þá spyr ég: Hvaða mannréttindi ætlum við að skerða þá ef við ætlum að leyfa okkur að skerða þessi núna? Og aftur ítreka ég: Hvað með fíkniefnavandann? Fíkniefnavandinn er mjög alvarlegt vandamál og þótt við píratar séum með sérstaka stefnu í því máli sem miðar ekki að hinu hefðbundna dópstríði verða menn að spyrja: Má ganga svona langt til að bjarga fólki frá gjaldþroti? Athugið að hér á ekki að bjarga fólki frá einhverjum hræðilegum sjúkdómum, ekki frá dauða, ekki einu sinni frelsissmissi heldur frá eignamissi, fasteignamissi, þegar fólk fer á hausinn. Svo er það búið eftir tvö eða fimm eða sjö ár eða hvernig svo sem löggjöfin er á hverjum tíma.

Eru það mannréttindi að fara ekki á hausinn? Fyrirgefðið,

en einhver þarf að spyrja. Eru það mannréttindi að fara aldrei á hausinn? Eru það mannréttindi að hafa aðgang að skynsamlegum lánunum? Er það virtilega? Það er svolítið þáð sem hér er verið að segja, óhjákvæmilega. Hvað með friðhelgi einkalífsins? Svarið við því er já. Friðhelgi einkalífsins eru mannréttindi. Það eru réttindi sem við fáum fyrir það eitt að vera til. Við þurfum ekki að vinna okkur inn þann rétt, okkur er ekki leyft að hafa hann, yfirvöld geta ekki tekið hann burt, þau geta bara brotið á honum.

En ég velti fyrir mér hvað gerist þegar það verður annað hrun. Það kemur annað hrun þess að við höfum ekki lagað það sem olli hrununni, en það er önnur umræða. Það mun verða annað hrun. Þá velti ég fyrir mér hvernig fólk sjái þetta fyrir sér þegar það lítur til fortíðarinnar: Hversu langt þurftum við að ganga seinast í stað þess að vera aðeins vakandi, geta tekið mark á viðvörðunarorðum til tilbreytingar og kannski tekið þátt í umræðunni. Hér hefur ekki átt sér stað umræða milli þeirra sem styðja frumvarpið og þeirra sem eru á móti því. Það hefði verið hægt frá upphafi. Fólk getur alveg sakað okkur um málþóf ef það vill, en þetta var ekkert málþóf. Það komu fram skýrir punktar. Það hafa komið fram nýir punktar í hverri ræðu sem sá sem hér stendur hefur flutt. Í hvert einasta sinn býð ég upp á andsvar, þetta ferli býður upp á andsvar. Einn eða tveir eða þrír eða allir 38 meðlimir stjórnarmeirihlutans ríkisstjórnarinnar hefðu getað setið hér, hlustað, velt þessu fyrir sér og sagt: Ég er ósammála, hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson. Þeir hefðu getað komið hingað og útskýrt fyrir mér hvers vegna. Ég hefði verið mjög þakklátur fyrir það og ég er mjög þakklátur þeim sem þó hafa komið upp í pontu hvort sem var í andsvari eða til að fara með aðalatriðin.

Nú fer frumvarpið aftur fyrir nefnd, hv. allsherjar- og menntamálanefnd. Ætli við verðum ekki að gera það litla sem við virðumst geta gert til þess að bæta þetta málið eitt-hvað, vonandi með því að finna leið til að tryggja samþykki þeirra sem við hyggjumst núna brjóta á.

[17:22]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna sem þó hefur verið, eins og kom fram hjá hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni, ögn einhliða. Hér hafa þeir talað fyrst og fremst sem hafa haft efasemdir um þetta frumvarp sem hér er rætt en minna hefur farið fyrir innblásnum sannfæringaræðum þeirra sem standa með málinu. Það er áhyggjuefni vegna þess að við erum ekki á hefðbundnum lendum í umræðunni heldur erum við á gráu svæði gagnvart stjórnarskrá Íslands. Það er því eins og hér hefur margoft komið fram ekki neitt sem við afgreiddum með léttúð eða bara af því að við höfum ekki tíma eða bara af því að við nenum því ekki eða bara af því að okkur finnst svo mikilvægt að ríkisstjórnin fái að klára sín mál. Það er ekki boðlegt þegar svona stór grundvallaratriði eru undir að afstaðan sé tekin á grundvelli slíkra sjónarmiða.

Það er, virðulegur forseti, ekkert minna en hlægilegt þegar hér hafa verið haldnar ræður undir ýmsum liðum í dag, núna síðast um húsnæðismál, og það jaðraði við að hæstv. ráðherra væri klökkur í ræðustól að kalla eftir samráði, samstöðu, samtali, samvinnu og ég veit ekki hverju.

Þetta átti allt að verða svo stórkostlegt af því að við ætluðum að tala svo mikið saman. Við ætluðum að komast að niðurstöðu af því að við ætluðum að tala svo mikið saman.

Svo þegar kemur að raunverulegum vilja til þess að leiða mál til lykta í sátt er enginn áhugi á slíkum vinnubrögðum. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Þetta er froða og þetta eru orðin tóm. Það er nefnilega við svona tækifæri eins og ákkúrat núna sem reynir á hvort innstæða er fyrir því að kalla sig samvinnumenn, að kalla sig samvinnustjórnmalafólk eða hvað það er sem passar eða hentar í ræðum hv. þingmanna og ráðherra hverju sinni.

Það sem blasir við núna, virðulegi forseti, er að 2. umr. lýkur og málið verður kallað til nefndar samkvæmt ósk okkar í minni hlutanum. Þá kemur í ljós hvort þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð hafi náð eyrum hv. þingmanna sem skipa meiri hluta stjórnarflokkanna. Eða er það svo að menn ætli að halda sýndarfundi til þess eins að drífa málið síðan í atkvæðagreiðslu í næstu viku og klára það sem lög frá Alþingi? Eða hafa menn til þess þrótt og kjark og jafnvel sjálfstæða sýn til að segja sem svo: Þegar við erum með viðfangsefni þar sem persónuverndarsjónarmiðum, mannréttindaákvæðum er ógnað þurfum við að staldra við.

Og hverju er verið að safna? Við erum að veita heimildir til að safna gríðarlegu magni upplýsinga fyrir óskilgreint verkefni. Upplýsingarnar þarf ekki fyrir tillögurnar í nóvember en hugsanlega fyrir einhverjar aðrar tillögur einhvern tíma seinna. Á fundum nefndarinnar kom fram og hefur komið fram í máli þeirra fáu sem hafa talað fyrir hönd stjórnarmeirihlutans að það er bara gott að vera með svona mikið af gögnum, það er frábært að vera með svona mikið af gögnum af því að okkur gæti dottið eitthvað í hug. Við gætum kallað það, eins og hv. þm. Brynjar Níelsson nefndi: Erum við ekki alltaf að gera eitthvað fyrir heimilin? Erum við ekki alltaf að gera eitthvað fyrir heimilin hjá þinginu?

Jú, við erum alltaf að gera eitthvað fyrir heimilin. Við getum skilgreint nákvæmlega hvað sem er sem almanna-hagsmuni, ríka almanna-hagsmuni, með þau gleraugu á nefinu. Er þá stjórnarskráin hvað þetta varðar einskis virði? eru það skilaboðin? Persónuvernd hefur ítrekað, ekki bara í september heldur líka í júní, sagt nei, frumvarpið brýtur gegn stjórnarskrá. Og hvað gerum við? Hvað eigum við þá að gera, virðulegur forseti? Hvað gera þá hinir vösku ungu þingmenn stjórnarflokkanna? Yppta öxlum. Þeir yppta öxlum gagnvart broti á stjórnarskrá. Það er það sem þeir gera. Mannréttindaákvæði, hvað er það? Persónuvernd, hvað er það?

Við erum nefnilega hér komin saman til þess að ná pólitískum markmiðum sem er hægt að skilgreina hvernig sem er, á hvaða tíma sem er. Það er eiginlega niðurstaðan eftir daginn í dag. Það hefur enginn fókus eða brennipunktur orðið skýrari í dag með þessari umræðu. Spurningunum fjólgar, efinn vex.

Hv. þm. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir ræddi áðan skilgreiningar flokkanna á hugtökum eins og forsendubresti og leiðréttingum. Hvað stendur til? Hvar eru eldræður þingmanna Sjálfstæðisflokksins fyrir höfuðstólslækkun verðtryggðra lána? Hér koma þingmenn, hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Brynjar Níelsson og segja: Ja, það væri nú gott

að skoða ýmislegt annað, af hverju er ekki verið að skoða leigumarkaðinn og af hverju er ekki verið að skoða þetta og hitt? Bíðum við, hv. þingmenn eru í ríkisstjórn sem hefur ákveðið að skoða ekki annað, sem hefur ákveðið tilteknar aðgerðir. Er Sjálfstæðisflokkurinn ekki með í þessari ríkisstjórn? Út á hvað gengur þetta samkomulag eiginlega? Út á hvað gengur samningurinn sem er samstarfssamningur ríkisstjórnarflokkanna? Heimsmetin, veraldarmetin eða hvað þetta er nú kallað, sem hvarflar að manni að hljóti að toppa allt sem hefur gerst merkilegt í vetrarbrautinni eins og hæstv. forsætisráðherra talar. (**Gripið fram í:** Vetrarbrautarmet.) Já, þetta er orðið brautarmet. Það er svo yfirgengi-legt og gengur svo gjörsamlega út yfir allt sem maður hefur séð í íslenskum stjórnmalum að ég verð að segja að maður er hugsi yfir erfiðri stöðu sjálfstæðismanna. Sem betur fer gutlar á einum og einum þeirra sem koma hér upp og efast. Þeir gera það á hófsaman hátt, þeir segja: Er hægt að gera hvað sem er til að ná pólitískum markmiðum? Þeir draga fram þær efasemdir.

Hvað gera þeir svo? Þeir fara inn í allsherjar- og menntamálanefnd, klára málið, mæta í þingsal, greiða atkvæði með málinu með sínum manni, með sínu liði, algjörlega óháð efnislegu innihaldi máls, af því að svoleiðis vinnur maður þegar maður er í ríkisstjórn eða hvað, virðulegur forseti?

Það þarf nefnilega kjark til þess að vanda undirbúning og það þarf kjark til þess líka að vera þingmaður. Og það þarf kjark til þess að efast um þann matseðil sem manni er réttur úr Stjórnarráðinu sem kemur fyrir að er með réttum sem eru ekki efst á vinsældalistanum.

Ég vonast auðvitað til þess að félagar mínir í hv. allsherjar- og menntamálanefnd sjái það sem kemur svo skýrt fram í nefndarálitni minni hluta að það er raunverulegur vilji til að ná saman um málið. Við munum gera tillögu, raunverulega tillögu sem þarf að taka afstöðu til, um að við tökum höndum saman um að nálgast þau markmið sem lagt er upp með.

Ég hef enn þá ekki fengið neina skýringu á því af hverju menn vilja ekki ná sátt um þetta mál. Af hverju vilja Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ekki ná sátt, samstöðu, eindrægni um málið þegar viljinn er fyrir hendi? Af hverju ekki? Því hefur ekki enn þá verið svarað. En ég vænti þess að málið fái að minnsta kosti umræðu í hv. allsherjar- og menntamálanefnd milli 2. og 3. umr. og í þinginu og að við náum að snúa bökum saman fyrir þingræðið og þetta mikilvæga mál. Ekki fyrir ríkisstjórnarflokkana eða fyrir okkur sjálf sem einstaklinga, heldur fyrir Ísland.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:35]

**Líneik Anna Sævarsdóttir (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að þakka fyrir gagnlega umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum.

Mig langar að koma inn á tvö atriði sem komið hafa fram í umræðunum og byggja á einhvers konar misskilningi. Í máli hv. þm. Guðbjarts Hagnessonar kom fram að

skilgreining á því hvaða upplýsinga er þörf hafi komið frá sérfræðingahópi forsætisráðherra. Þarna er einhver mis- skilningur á ferðinni því að Hagstofa Íslands hefur unnið að undirbúningi verkefnisins frá því að Alþingi fól stofnuninni verkefnið með fjárlögum 2012. Það voru því starfsmenn Hagstofunnar sem skilgreindu breyturarnar sem þarf að skoða, þ.e. afmörkuðu verkefnið og upplýsingarnar til að vinna tölfraeðiskýrslur. Grundvallaratriði varðandi tölfraeðis- skýrslur og störf Hagstofunnar (Forseti hringir.) er að þær verði ekki notaðar til stjórnvaldsákvæðana gagnvart einstaklingum eða lögaðilum.

Ég tek undir það að frumvarpinu verði vísað til nefndar á milli 2. og 3. umr. (Forseti hringir.) ef það verður til þess að skýra málið frekar.

[17:37]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Við göngum til atkvæða eftir 2. umr. um hagstofumálið stóra en í þessu máli vegast á miklir og stórir hagsmunir. Á síðasta kjörtímabili höfum við öll fundið fyrir því, sama úr hvaða flokki við komum og sama hvort við höfum verið á þingi eða ekki, að það hefur skort á upplýsingar til þess að geta kortlagt greiðsluvanda heimilanna og það hefur gert stjórnvöldum erfitt að taka ákvarðanir um lausnir sem skila árangri. Þess vegna var farið af stað með þetta mál í tíð eldri ríkisstjórnar sem setti í þetta fjármagn og gerði ráð fyrir því að ekki þyrfti lagabreytingu til.

Það kom hins vegar á daginn að það þurfti og hér þurfum við, þingmenn þjóðarinnar, að veita og meta hagsmunum einstaklinga og fyrirtækja af því að trúnaður ríki um fjárhagsupplýsingar þeirra á móti hagsmunum okkar og (Forseti hringir.) þjóðarinnar allrar af því að geta tekið ákvarðanir um lausnir til handa heimilum og fyrirtækjum á traustum grundvelli.

[17:38]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Við göngum til atkvæða eftir 2. umr. um mál sem hér hefur verið til umræðu í dag. Ég vil segja það við lok umræðunnar að hér er farið á svig við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Hér er verið að ógna persónuverndarsjónarmiðum og mannréttindaákvæðum til að safna gríðarlegu magni af gögnum án þess að fyrir liggi nægilega skýrt til hvers á að nýta þau. Það er verið að veita heimildir fyrir verkefni sem er ekki nægilega skilgreint. Hagsmunamatíð, þ.e. hvort almannahagsmunirnir eru nægilega ríkir til þess að gengið sé svo langt, er í okkar höndum og þar þurfum við að vanda okkur.

Ég vænti þess auðvitað að hv. allsherjar- og menntamálanefnd taki málið til gaumgæfilegrar skoðunar og að þær verði samvíska þingmanna líka undir.

[17:39]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins við 2. umr. og treysti því að það fari til nefndar á milli umræðna og að þá fái hv. allsherjar- og menntamálanefnd skilgreiningu á því verkefni sem fram undan er í heimssögu-

lega programminu þannig að við vitum hvaða upplýsingar þarf til að geta farið út í þær víðtæku aðgerðir sem boðaðar eru. Ég get ekki samþykkt að ríkisvaldinu verði gefnar heimildir til ítarlegrar öflunar miðlægra fjárhagsupplýsinga um einstaklinga nema tilgangur verkefnisins liggi ljós fyrir.

[17:40]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég hyggst greiða atkvæði með breyttingartillögum vegna þess að þær eru óneitanlega agnarögn til bóta, þ.e. fyrir lagatæknileg atriði. Hvílik skelfing sem það væri að fá upprunalegu útgáfuna í lög, ekki að það sé miklu skárra að fá breyttu útgáfuna vegna þess að ekki hefur verið tekið á meginatriðunum, nefnilega friðhelgi einkalífsins og meðalhófi. Þetta frumvarp stenst ekki meðalhóf, það eru til vægari aðgerðir, a.m.k. hugsanlega. Við höfum ekki rætt þær ítarlega. Það þýðir að þetta stenst ekki meðalhóf. Við þurfum bara meiri tíma. Það hefði verið hægt að gera þetta í sátt, það hefði verið gaman að fá meiri umfjöllun frá fulltrúum stjórnarinnar um þetta mál.

Svo mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn frumvarpinu og því að það fari til 3. umr.

[17:41]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Það er hryggilegt hvað þingmenn stjórnarflokka hafa algjörlega hunsað þessar umræður. Örfáir hafa setið hér og tekið þátt í samræðum. Við þingmenn Pírata vonuðumst til þess að þetta þing yrði kannski aðeins öðruvísi. Hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson lagði mjög mikið á sig til þess að geta átt í samræðu við þingmenn meiri hlutans og ég verð að segja að þetta er ákveðið veruleikasjokk fyrir þingmanninn út af virðingarleysinu sem aðrir þingmenn sýndu honum og öðrum í nefndinni sem fjölluðu hér um mjög mikilvægt mál.

Síðan verður spennandi að sjá hvort við eignumst hinn íslenska Stasi-flokk núna — það kemur í ljós í atkvæðagreiðslunum — því að mér þætti ákaflega merkilegt ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að greiða atkvæði með jafnmiklum inngripum í friðhelgi einkalífsins og þetta frumvarp ber með sér.

[17:43]

**Árni Páll Arnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Stóra undrið sem ekki hefur verið upplýst í umræðu um þetta mál er í hvað á að nota allar upplýsingarnar. Hæstv. forsætisráðherra hefur lýst því yfir að niðurstöðu sé að vænta í nóvembermánuði en gögnin sem þetta mál tekur til eiga ekki að verða tilbúin fyrr en í mars eða apríl. Forsætisráðherra hefur nú bætt um betur í að kynna hið mikla veraldarsögulega undur sem skuldaleiðréttingar hans eiga að verða og hann hefur sagst vita hvað þær kosti upp á hár. Þær eru undir 300 milljörðum og þá spyr maður: Fyrst vitað er hver kostnaðurinn er, er þá ekki líka vitað hverjir eiga réttinn?

Allt þetta sullubull er með þeim hætti að stjórnarmeirihlutinn verður að bera ábyrgð á þessu máli sjálfur. Við munum ekki standa í vegi fyrir því, en þær viðvaranir sem settar hafa verið fram um stjórnskipulega þætti þessa máls



eru þannig að ég ráðlegg stjórnarmeirihlutanum að hugsa mjög sinn gang.

[17:44]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Hæstv. forseti. Mig langar að gefnu tilefni að taka fram að mjög gott samstarf hefur verið í allsherjar- og menntamálanefnd um þetta mál. Um það hafa vitnað, ég held að ég fari rétt með, allir þeir fulltrúar úr nefndinni sem tekið hafa til máls. Það er rétt að halda því til haga. Menn hafa litið til sjónarmiða hver annars en mig langar að fjalla í örstuttu máli um þá fullyrðingu að hér sé verið að brjóta stjórnarskrá og í því efni er vísað til umsagnar Persónuverndar.

Í umsögn Persónuverndar kemur fram að hún telji að við höfum með breytingartillögum okkar í nefndinni komið til móts við þau sjónarmið er varða markmið og afmörkun þessa verkefnis. Síðan er vísað til þess að það skorti enn á rökstuðning um nauðsyn umræddrar upplýsingasöfnunar. Auðvitað er rétt að slíkur rökstuðningur kemur ekki fram í breytingartillögum vegna þess að rökstuðningur okkar í nefndinni kemur fram í nefndarálit okkar. Að sjálfsögðu hefur Persónuvernd hvorki fjallað um það nefndarálit né gefið álit sitt á því. Ég bið hv. þingmenn að kynna sér sjónarmiðin sem birtast (Forseti hringir.) í nefndarálit okkar vegna þess að þar er rökstuðningurinn. Það nefndarálit er ítarlegt en það er okkar hér að meta hagsmunina, (Forseti hringir.) þ.e. hvort við teljum rétt að samþykkja þetta frumvarp. Ég tel að svo sé.

[17:45]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það skringilega við þetta mál og það sem hefur birst í umræðum í nefndinni, þó að málið hafi tekið breytingum til batnaðar þar, er að markmið þess eru svo óljós. Ég hef enn ekki áttað mig á því út frá þeim umræðum sem hér hafa verið hvaða markmiðum eigi nákvæmlega að ná og hvernig nákvæmlega þetta frumvarp á að ná þeim.

Hitt sem ég vil nefna er að hv. þingmenn hljóta að taka það mjög alvarlega þegar stofnun á borð við Persónuvernd mælir gegn frumvarpi á borð við þetta. Það er einn af þeim lærdómum sem okkur var ætlað að draga af skýrslu þingmannanefndar á sínum tíma og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þ.e. að það væri mjög mikilvægt að þingheimur og löggjafarvaldið litu til þess þegar slíkar stofnanir settu álit fram. Þó að Persónuvernd hafi sent frá sér það álit að frumvarpið hafi tekið breytingum til batnaðar telur hún enn (Forseti hringir.) að þessi forsenda hafi ekki breyst og leggst því gegn málinu. Á það tel ég að þingheimur eigi að hlusta.

[17:47]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Það er sterkur þráður í mér sem borgara í þessu landi að bregðast bara við þessu frumvarpi þannig að það kemur engum öðrum við en mér hvernig fjárhagsstaða mín er. Ef það á að brjóta bankaleynd, persónuvernd og stjórnarskrárákvæði til að afla miðlægt upplýsinga um fjármál allra borgara á Íslandi þarf tilgangurinn

að vera mjög skýr og afmarkaður. Hér er hann það ekki, þetta er afskaplega óljós tilgangur og í öllu falli mjög undeilanleg pólitísk markmið sem búa að baki. Hér er í raun leitast við að uppfylla kosningaloforð og til þess á að brjóta ákvæði í stjórnarskrá og virða persónuverndarsjónarmið að vettugi. Þetta er mjög varhugaverð braut sem við erum á (Forseti hringir.) og við erum á móti þessu.

[17:48]

**Jón Þór Ólafsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Herra forseti. Persónuvernd segir ekki að þetta muni endilega brjóta stjórnarskrána en hún varar við að það gæti gert það. Ef það er möguleiki á því að við séum að brjóta stjórnarskrána með lögum á Alþingi eigum við að láta stjórnarskrána njóta vafans og friðhelgi einkalífsins sem við höfum öll svarið eið til að verja. Eins og ég nefndi í dag legg ég til að þegar gengið verður endanlega til atkvæðagreiðslu um þetta eftir 3. umr. skulum við gera það með nafnakalli þannig að kjósendur og landsmenn fái að heyra hverjir eru tilbúnir að spila rússneska rúlettu með réttindi landsmanna.

[17:49]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að hér er tekin upp efnisleg umræða um það sem fáir voru til að ræða hér fyrir stuttu, en vegna þess að sérstaklega er rætt um Persónuvernd er mikilvægt að halda því til haga að umsögn Persónuverndar í júní er áréttuð í september og þar segir, með leyfi forseta, að fyrrgreind umsögn byggist meðal annars á því „að óljóst sé hvers vegna umrædd upplýsingaöflun sé nauðsynleg til að ná markmiðum frumvarpsins“.

Þannig er það og þetta er umsögn sem við eigum að láta okkur varða og sem við eigum að láta verða okkur leiddarljós í því hvaða afstöðu við tökum í þessu mikilvæga máli. Við í þingflokki Vinstri grænna greiðum atkvæði gegn því.

[17:50]

**Ragnheiður Ríkhárdsdóttir (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Það er ljóst að þingmenn greinir á í þessu máli. Það er ekkert ólíkt öðrum málum sem okkur greinir á um. En þá er engu að síður algjörlega óásættanlegur sá málflutningur sem hv. þm. Birgitta Jónsdóttir hafði uppi, að líkja þeim sem hugsanlega ætla að styðja þetta frumvarp, eins og þeir telja að hægt sé að afla upplýsinga til þess síðan að koma til móts við þau heimili í landinu sem illa eru stödd, við nýjan Stasi-flokk.

Hæstv. forseti. Þetta er þingmaðurinn sem daglega talar um að við eigum að sýna hvert öðru virðingu og að við eigum að tala okkur saman í málum. Þetta er ekki málflutningur til þess.

[17:51]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Ég biðst velvirðingar ef þetta hefur farið vitlaus ofan í fólk en þetta eru mjög sambærilegar aðgerðir og Stasi stóð fyrir og NSA. Þetta eru sambærilegar aðgerðir. Við erum að greiða fyrir því að hægt sé að fá aðgengi að persónuupplýsingum Íslendinga sem er óþarfi. Það er óþarfi

að fara þessa leið. Það hafa komið fram tillögur að öðrum leiðum. Þetta frumvarp er ónýtt.

Ég vil jafnframt segja að ég var ekki að vísa til nefndarstarfsins. Ég veit að þar hefur farið fram mjög góð vinna. Ég er aftur á móti að segja að nánast enginn hefur verið í þingsalnum til að ræða þetta mál við þá sem hafa áhyggjur af því. Það er dónalegt.

[17:52]

**Höskuldur Þórhallsson (F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég hnaut í orðræðunni um það að menn höfðu áhyggjur af því að hér væri verið að aflétta bankaleynd. Mig langar að minna þingmenn á að fyrir hrún voru ýmsir aðilar, jafnvel á Alþingi, sem höfðu áhyggjur af stöðu mála, að hér gæti jafnvel orðið hrún. Þá var vísað í orðið bankaleynd. Það var ekki hægt að afla þessara upplýsinga og svo fór sem fór, ekki satt?

Allt síðasta kjörtímabil skeggræddum við hér nánast á hverjum einasta degi um það hver væri raunveruleg skuldastaða heimilanna í landinu. Nú er verið að auka heimildir Hagstofunnar. Hún hefur þær að hluta til en þær koma seint og illa.

Að sjálfsögðu vill enginn brjóta mannréttindaákvæði í stjórnarskránni og menn reyna af fremsta megni að tryggja að svo verði ekki en þessar upplýsingar eru að sjálfsögðu nauðsynlegar til að við fáum raunverulega stöðu og getum farið í það að leiðrétta skuldir heimilanna. Ég held að formaður Samfylkingarinnar ætti að koma hér upp og svara því hvort hann sé ekki bara (Forseti hringir.) reiðubúinn að aðstoða okkur (**ÁPÁ**: Jú.) í að koma til móts við skuldug heimili í staðinn fyrir að finna því alltaf allt til foráttu. (Forseti hringir.)

[17:53]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum hv. þingmönnum fyrir að vera mættir í þingsal til þess að tala, að því er virðist, efnislega um frumvarpið. Við erum búin að tala um þessi mál. Það var hérna meira en gott tækifæri til að ræða þau í pontu efnislega en núna þurfum við að gera það hér. Hér var tækifæri til að laga þetta vandamál.

Hvað varðar þessa Stasi-aðdróttun ætla ég ekki að taka undir hana, bara svo það sé á hreinu, nema að því leyti að hérna er til staðar freistnivandi. Ef við segjum já við þessu, hvenær segjum við nei? Sedlabankinn, með fullri virðingu fyrir þeirri mjög mikilvægu stofnun, var meðal annars kominn með plan um hvernig hægt er að nota þessi gögn til eftirlits af því að það væri ofboðslega mikilvægt. Og það væri það og það mundi laga fullt af vandamálum ef við einfaldlega notuðum þessi gögn til eftirlits hjá ríkislögreglustjóra og hvar sem er. Þetta kom fram í efnislegu umræðunni sem varð hér.

[17:55]

**Guðlaugur Þór Þórðarson (S)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég best veit, af því að ég hef nokkuð fylgst með þessum umræðum, verður þetta sem hv. þingmaður nefndi áðan ekki leyfilegt, sem betur fer. Ég vil bara taka undir með hv. þm. Ragnheiði Ríkhardsdóttur, ég vil að þingmenn segi eins og er ef þeir virkilega trúa því

að við séum að koma einhverju Stasi-fyrirkomulagi af stað. Stasi var leyniþjónusta í alþýðulýðveldi Þýskalands og það var fyrirkomulag þar sem börn voru látin njósna um foreldra sína, nágrennar hver um annan. Þetta voru stórfelld mannréttindabrot með öllu tilheyrandi. (Gripið fram í.)

Og ef við ætlum að nota — veistu, mér er ekki hlátur í huga, hv. þm. Birgitta Jónsdóttir. (Forseti hringir.) Ef við ætlum að nota þessar samlíkingar er allt leyfilegt í þessum þingsal og það er sannarlega ekki liður í því, (Gripið fram í.) virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að tala af virðingu við hvert annað, svo mikið er víst.

Brtt. 108,1 (1.–4. og 6. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

**já**: ÁsmD, BÁ, BjarnB, BjÓ, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HöskÞ, JMS, JónG, KG, LínS, PVB, PJP, PHB, RR, RM, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

15 þm. (ÁPÁ, BirgJ, BjG, BP, GStein, JÞÓ, KJak, KLM, OH, ÓP, SII, SJS, SSv, VBj, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÞS, ÁsF, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPj, LRM, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:56]

**Páll Valur Björnsson (Bf)**:

Hæstv. forseti. Ég kem hérna upp til þess að undirstrika að starfið í nefndinni var mjög gott. Þar var unnið af heilindum og menn lögðu sig alla fram við að reyna að finna lausn á þessu máli, en við teljum í minni hlutanum að við séum ekki búin að ná góðri lausn. Það hefði verið hægt að ná betri lausn og vægari úrræðum í þessum málum.

Ég saknaði þess að ekki skyldu koma fleiri hérna upp til þess að ræða þessi mál þegar það var hægt, sérstaklega úr Sjálfstæðisflokknum því að þar er nú mörg mannvitsbrekkan þegar kemur að persónufrelsi og eignarréttarákvæðum og öðru. Reyndar kom Brynjar upp, þar fer mjög vitur maður og hv. þm. Pétur Blöndal. En ég hefði viljað fá að heyra fleiri tjá sig um málið því að hér eru margir mjög góðir og lögfróðir menn sem hefðu getað lagt sitt af mörkum við að reyna að leysa þetta mál. (**BirgJ**: Heyr, heyr.)

Hv. þm. Brynjar Nielsson kom sem varamaður inn í nefndina og það var virkilega gott. Hann er einlægur maður og fór ekki í launkofa með hvað hann hefur mikinn — já, ég ætla ekki að segja meira, ég ætla ekki að búa eitthvað til. (Gripið fram í.) En hann kom með spurningu til Persónuverndar: Hvar endar þetta? (Forseti hringir.) Það er stóra spurningin. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í**: Heyr, heyr.)

5. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

**já**: ÁsmD, BjarnB, BN, EKG, ElH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskÞ, JMS, JónG, KG, LínS, PJP, PHB, RR, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

17 þm. (BirgJ, BjG, BP, GStein, HHG, JÞÓ, KJak, KLM, OH, ÓP, PVB, RM, SII, SJS, SSv, VBj, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, BjÓ, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPj, LRM, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[17:59]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um það ákvæði sem er einmitt ætlað að tryggja að upplýsingarnar sem hér mun verða heimilt að fara með til Hagstofunnar, að óheimilt verði að afhenda þær öðrum stjórnvöldum. Ég tel því að allur þingheimur hljóti að geta verið sammála um að hér sé ákvæði sem sameinar okkur öll í þessu máli. Ekki satt?

Brtt. 108,2.a (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GBS, HarB, HE, HHG, HöskP, JMS, JónG, KG, LínS, PJP, PHB, RR, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

17 þm. (BirgJ, BjG, BjÓ, BP, GStein, JÞÓ, KJak, KLM, OH, ÓP, PVB, RM, SII, SJS, SSv, VBj, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPJ, LRM, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[18:00]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um ákvæði sem varðar þagnarskyldu og er ætlað að tryggja það að þeir starfsmenn Hagstofunnar sem fá þessi gögn til meðferðar séu bundnir ströngum skilyrðum varðandi þagnarskyldu og vísað er til 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki í því sambandi. Ég segi já.

Brtt. 108,2.b. (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 29:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskP, JMS, JónG, KG, LínS, PJP, PHB, RR, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

**nei:** BirgJ, BjG, BjÓ, GStein, KJak, ÓP, SJS, SSv.

10 þm. (BP, HHG, JÞÓ, KLM, OH, PVB, RM, SII, VBj, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPJ, LRM, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellða grein fyrir atkvæði sínu:

[18:01]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um bráða-birgðaákvæðið sjálft sem allt málið í raun og veru snýst um. Hér birtast okkur markmiðin með þessari lagasetningu og umgjörðin og þau skilyrði sem við höfum verið að reyna að smíða í allsherjar- og menntamálanefnd til að koma til móts við þær athugasemdir sem okkur hafa birst í meðförum nefndarinnar. Ég segi já.

7. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 29:8 atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GBS, HarB, HE, HöskP, JMS, JónG, KG, LínS, PJP, PHB, RR, SigrM, SilG, UBK, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS.

**nei:** BirgJ, BjG, GStein, HHG, JÞÓ, KJak, SJS, SSv.

9 þm. (BjÓ, BP, KLM, OH, PVB, RM, SII, VBj, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPJ, LRM, ÓP, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Frumvarpið gengur (eftir 2. umr.) til allsh.- og menntmn.

**Afbrigði um dagskrármál.**

[18:03]

**Katrín Jakobsdóttir (Vg) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í dag við forseta að þessari atkvæðagreiðslu yrði frestað þar til nú í ljósi þess að það frumvarp sem hér var lagt fram var talsvert efnismeira en við höfðum átt von á. En ég mun greiða atkvæði með þeim afbrigðum að málið verði tekið á dagskrá með þeim skilningi að sjálfsögðu að við áskiljum okkur rétt til að skoða málið vandlega í nefnd. Ég veit að hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra hefur skilning á því að þá kunna að verða gerðar einhverjar breytingar á málinu í meðförum þingsins.

[18:04]

**Oddný G. Harðardóttir (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegur forseti. Þegar undirbúningur var fyrir þá ör-fáu daga sem eftir eru af þessu þingi bar þetta frumvarp á góma. Í því eru nú nokkuð fleiri greinar en um var rætt og einhverjar þeirra þurfa hugsanlega lengri tíma en það sem eftir lifir þessa þings þannig að ég treysti á að við meðferð nefndarinnar verði tekið tillit til þess.

[18:04]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Oddný Harðardóttir, starfandi þingflokksformaður okkar samfylkingarmanna, hefur þegar lýst því yfir að við munum styðja afbrigði við þetta mál. Ég verð þó að segja að það veldur mér vonbrigðum að lagt skuli vera fram þetta umfangsmikið frumvarp. Rætt var um það að í sumar að lagt yrði fram frumvarp sem varðaði dagsetningar, en í því frumvarpi sem við erum að samþykkja afbrigði um er fjallað um 36. gr. sem er um fjárfestingar lífeyrissjóða, verið er að fjalla um hvernig megi auka skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris. Þetta eru stór mál sem fráleitt er að setja inn í þingið til afgreiðslu á þremur dögum og kemur ekki til. En ég sem samfylkingarkona styð afbrigði við málið að því gefnu að hér eigi eingöngu að fjalla um þær greinar sem lúta að dagsetningum en ekki greinina sem varðar fjárfestingar í lífeyriskerfinu.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, GStein, GBS, HarB, HE, HHG, HöskP, JMS, JónG, JÞÓ, KG, KJak, KLM, LínS, OH,

ÓP, PVB, PJP, PHB, RR, RM, SII, SigrM, SilG, SJS, Ssv, UBK, VBj, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÖS.

1 þm. (BirgJ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁPÁ, ÁÞS, ÁsF, BÁ, GuðbH, HBK, HHj, IIG, KaJúl, KPJ, LRM, REÁ, SDG, SIJ, ÞórE, ÖJ) fjarstaddir.

### *Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.*

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 113.

[18:06]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að málið hafi komist á dagskrá með afbrigðum, en hér mæli ég fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Í fyrsta lagi er lagt til í 4., 5., 6., 7. og 10. gr. frumvarpsins að hugtakanotkun um endurskoðun verði færð til samræmis við notkun hugtaka í lögjöf á fjármálamarkaði en þar er hugtakið „innri endurskoðun“ til að mynda notað yfir það sem er nefnt innra eftirlit á nokkrum stöðum í lögum nr. 129/1997.

Í öðru lagi eru lagðar til þær breytingar í 2. og 14. gr. frumvarpsins er lúta að starfsendurhæfingu. Annars vegar er lagt til að lífeyrissjóði verði veitt heimild til að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, enda liggja fyrir álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Samsvarandi ákvæði er að finna í lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lagt er til að öðrum lífeyrissjóðum verði heimilt að byggja á slíkum sjónarmiðum og í því sambandi er sérstaklega litið til laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, þar sem meðal annars er mælt fyrir um rétt þeirra sem þiggja örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum til starfsendurhæfingar á vegum starfsendurhæfingarsjóða. Hins vegar er lagt til að framlag lífeyrissjóða til starfsendurhæfingar samkvæmt 6. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, verði ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna fyrir en niðurstöður þeirrar heildarúttektar á þjónustu sjóðanna sem mælt er fyrir í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, liggja fyrir en frestur til að framkvæma úttektina var framlengdur um tvö ár í meðförum Alþingis.

Í þriðja lagi eru lagðar til tvær breytingar á ákvæði til bráðabirgða VI í lögumum. Fyrri breytingin er til þess að taka af allan vafa um vægi eldra ákvæðis til bráðabirgða VI með vísan til fimm ára reglunnar í 2. málslíð 2. mgr. 39. gr. laganna. Með síðari breytingunni er lagt til að lífeyrissjóði verði heimilt að hafa meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samfellt í sex ár frá og með árinu

2008. Að öðrum kosti þarf stjórn LSR að hækka framlag launagreiðenda fyrir hinn 1. október næstkomandi. Með frestininni gefst meiri tími til þess að ljúka tillögum um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins hefur unnið að á undanförunum missirum og til að vinna að varanlegri úrlausn á stöðu A-deildar LSR í heildstæðu samhengi við lífeyrisréttindi og kjaramál á vinnumarkaði.

Í tengslum við fjárhagsvanda A- og B-deilda LSR hefur verið starfandi starfshópur sem í eiga sæti, auk fulltrúa fjármála- og efnahagsráðherra, fulltrúar BHM, BSRB, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk starfshópsins er að fara yfir stöðu sjóðanna og koma með tillögur að framtíðarlausn. Starf nefndarinnar og starfshópsins er vel á veg komið. Nokkur atriði eru þó enn óútkljáð og því er lagt til að aðilum verði veittur aukinn frestur til þess að leiða mál þetta til lykta.

Í fjórða lagi eru lagðar til tvær breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, í 8. og 13. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lagt til að heimildir lífeyrissjóða til að eiga allt að 20% hlutafé í samlagshlutafélögum verði framlengd um eitt ár, þ.e. til 31. desember 2014, til þess að auðvelda lífeyrissjóðunum að standa að slíkum félögum. Hins vegar er lagt til að mælt verði fyrir um að greiði launagreiðandi inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð sem nýtur bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga með óskráðum skuldabréfum verði sjóðnum heimilt að eiga slík skuldabréf óháð fjárfestingartakmörkunum 36. gr. laganna. Er breytingunni ætlað að greiða fyrir samningum á milli lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga og launagreiðenda sem tryggðu starfsmenn í sjóðunum og ábyrgjast greiðslur til þeirra úr sjóðunum. Ákvæðið sem hér er lagt til hefur ekki áhrif á stöðu bakábyrgðaraðila.

Að auki eru lagðar til í frumvarpinu smávægilegar breytingar sem varða meðal annars reglugerðarheimildir, tilkynningar og fresti.

Ég vil segja í tilefni af þeirri umræðu sem hér átti sér stað um atkvæðagreiðslu um það hvort málið mætti koma á dagskrá að ég hef fullan skilning á því að þyki nefndarmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd, sem ég legg til að málinu verði vísað til, á þessum stutta stuzzi, sem við erum hér á í septembermánuði undir lok þings, sem uppi séu of mörg álitamál í þessu máli til að það fáiast afgreitt í heild sinni geri ég að sjálfsögðu engar athugasemdir við það, enda augljóst að mál þetta er lagt fram þegar einungis lífa örfáir dagar eftir af þinginu. Mér þykir hins vegar mikilvægt að vekja athygli á því að það skiptir verulega miklu máli að þau atriði sem þó getur tekist sátt um fáiast afgreidd. Þar nefni ég í fyrsta lagi framlengingu á heimild til að hafa meira en 10% mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga sem ég hef áður rakið. Ég get einnig sagt fyrir mitt leyti að ég hlýt að líta svo á að aðrar breytingar sem ef til vill mætti kalla tæknilegar, eins og breytt hugtakanotkun sem er eins konar lagahreinsun og samræmingarverk, ættu ekki að vefjast mjög fyrir mönnum enda komu ekki fram nein ný sjónarmið um þau atriði. Ég tel að í öðrum atriðum sé, hvað sem líður endanlegri afgreiðslu frumvarpsins eins og það er hér lagt fyrir, mikilvægt að málið hafi þá komið fram og þessar fyrirætlanir orðnar ljósar þinginu og þeim

sem málið varðar. Það mun þá, ef til þess kemur, væntanlega greiða fyrir skjótri afgreiðslu málsins á síðari stigum ef það verður þá aftur lagt fram.

Mér finnst ástæða til að ítreka að það hefur verið ágætur gangur í þeirri vinnu að finna betra framtíðarfyrrkomulag á lífeyrissjóðakerfinu. Þess vegna legg ég afar mikla áherslu á að því starfi verið gefinn tími og svigrúm til að útkljá það sem út af stendur. Hér er ekki um lítið mál að ræða fyrir ríkissjóð og alla sem að málinu koma til lengri tíma litíð. Þetta skiptir einnig máli í tengslum við kjaraviðræðurnar fram undan. Þess vegna mætti með réttu kalla það megin-efni frumvarpsins að gera þá breytingu.

Ég vil síðan segja um þá heimild lífeyrissjóða að fara með allt að 20% hlutfé í samlagshlutfélögum að þar tel ég að sú tímabundna heimild sem veitt var fyrir fáum árum, í kjölfar hrunsins, hafi átt að koma til endurskoðunar á þessum tíma með hliðsjón af ástandinu á mörkuðum og möguleikum lífeyrissjóðanna til að draga á þessum tímapunkti aftur úr hlutdeild sinni í samlagsfélögum. Ég met stöðuna þannig eins og sakir standa að nauðsynlegt sé að framlengja þessa heimild. Auðvitað getur nefndin tekið það til sérstakrar skoðunar en með því að láta heimildarákvæðið falla aftur í fyrri prósentutölu tel ég að það væri þrengt að lífeyrissjóðunum varðandi fjárfestingarheimildir þeirra sem þó eru hvergi nærri fullnægjandi eins og fjárfestingarumhverfið er á Íslandi í dag.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að aflokinni þessari umræðu.

[18:17]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir framsgöguna og sérstaklega fyrir að hann skyldi fara yfir þau atriði sem hann telur mikilvægt að ljúka. Ég hef fullan skilning á að þörf sé fyrir þetta. Þetta hefur verið gert hér áður. Þetta er eitt af því sem við þekkjum eftir hrun, endurtekið efni.

Það er mikil vinna fram undan í lífeyriskerfinu okkar eins og hæstv. ráðherra vísaði í. Miklir hagsmunir eru undir og mikilvægt að við á Alþingi Íslendinga reynum eins og hægt er að vinna saman að því að koma sameiginlega á þeim kerfisbreytingum sem þarf að koma á koppinn og í sátt því að þetta er lífeyriskerfið okkar allra. Eins og hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra benti á eru líka í húfi mikilvægir hagsmunir fyrir ríkissjóð.

Ég er með eina spurningu til hæstv. ráðherra. Hún varðar breytingu á 36. gr. þar sem fjallað er um fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Litlar breytingar á henni geta haft ófyrirséðar afleiðingar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þær breytingar sem eru gerðar á þessu séu ekki gerðar á tveim, þrem dögum heldur sendar út til umsagnar og nefnd eða nefndir þingsins fái tækifæri til að ræða það almennilega. Varðar það jafnt fjárlaganefnd sem efnahags- og viðskiptanefnd og ég spyr hann því hvort hann sé ekki sammála mér um að það væri óþarfi að vera að gera breytingar sem vörðuðu þá grein. Kannski er erfitt fyrir hann að svara núna af því að þetta eru margar greinar (Forseti hringir.) og þær rekast saman en þetta atriði var það sem ég vildi spyrja hann um.

[18:19]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andvar):**

Ég þakka hv. þingmanni ábendingarnar. Varðandi þá athugasemd sem hér kemur fram tel ég að breytingarnar sem nú er mælt fyrir séu ágætlega útskýrðar í greinargerð með frumvarpinu og þær verði að teljast mjög aðrífalítlar fyrir fjárfestingarstefnuna. Það hefur verið gert ráð fyrir því, eins og segir í greinargerð um 9. og 10. gr., að Fjármálaeftirlitið setji reglur um form og efni fjárfestingarstefnu og hvernig henni skuli skilað til eftirlitsins og svo hins vegar um form og efni skýrslna um úttekt á eignasöfnum. Ráðherra hefur fjallað um þessi atriði í reglugerð sem sett var með stoð í 56. gr. laganna og þannig er byggt á því hér að ákvæði þeirrar reglugerðar hafi leyst fyrrnefndu reglurnar af hólmi. Það er meðal annars með þeirri skýringu sem þessi breyting er lögð til.

Ég get hins vegar tekið undir það almennt um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða að breytingar á henni þurfa að eiga sér eðlilegan aðdraganda. Í því sambandi vil ég taka það upp í þessari umræðu að ég tel að við þurfum að ræða það hvort opna eigi fyrir frekari fjárfestingar lífeyrissjóða en kveðið er nú þegar á um í lögum, t.d. um heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í fyrirtækjum sem til framtíðar eru líkleg til að vaxa mest og við mundum kalla nýsköpunaræða sprotafyrirtæki. Þar vantar mjög sárlega fjárfestingu eins og sakir standa á sama tíma og lífeyrissjóðirnir hafa mjög mikla fjárfestingargetu.

[18:21]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf) (andvar):**

Herra forseti. Ég þakka svarið. Hæstv. ráðherra vísaði í 9. og 10. gr. Ég var líka að hugsa um 8. gr. sem varðar heimild launagreiðanda til að greiða inn á skuldbindingu sína við lífeyrissjóð með skuldabréfi óháð takmörkunum greinarinnar.

Ég man það svo ágætlega að þegar nefndin sem fór yfir starfsemi lífeyrissjóðanna skilaði sinni fjögurra binda skýrslu ræddi formaður nefndarinnar sérstaklega um að fara fyrst yfir 36. gr., fjárfestingargreinina, aðalgreinina hvað það varðar, og það þyrfti að gera af mikilli varkárni. Ég veit að við erum með kerfi í höndunum sem er gríðarlega stórt, sterkt og jákvætt fyrir íslenskt efnahagslíf en inni í því eru líka miklar skuldbindingar, skuldbindingar ríkisins, og ýmis vandkvæði og vandræði auk þess sem sætta þarf mismunandi hópa. Þess vegna segi ég það fyrir mig sem þingmann að mín skoðun er að það sé mjög óráðlegt að fara inn í þessa grein á þessum tímupunkti án þess að það sé gert í stærra samhengi. Lífeyrissjóðirnir, eins og hæstv. ráðherra bendir á, búa við erfitt fjárfestingarumhverfi í þeim höftum sem við erum með og eru með gríðarlega fjármuni sem þeir þurfa að koma í ávöxtun. Það þarf að sjálfsögðu að huga að þessu umhverfi þeirra en ég tel að við eigum að gefa okkur örlítið lengri tíma í þá vinnu en þrjá daga.

[18:24]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S) (andvar):**

Virðulegi forseti. Ég geri ekki athugasemdir við það at-

riði á borði fjárfestingarstefnunnar að geta kallað á meiri vinnu en tími gefst til að setja í þetta mál á þessu þingi. Ef til þess kemur vænti ég þess einfaldlega að nefndin geri breytingar á frumvarpinu. Það verður að ráðast af því hvernig verkinu vindur fram í nefndinni. Sumar breytingarnar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi eru minni háttar. Það sem snertir fjárfestingarstefnuna getur eftir atvikum kallað á umsagnir og fyrir umsagnir þarf að gefa einhvern lágmarksfrest. Eins og ég tók fram í framsögu minni hef ég fullan skilning á því ef slíkt kemur upp á.

[18:25]

### Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Varðandi frumvarpið þá er það, eins og hér hefur komið fram, svona bland í poka, tæknilegar lagfæringar, sumar hverjar sjálfsagðar eins og að færa ákvæði lífeyrissjóðslaganna um hvernig fjallað er um endurskoðun til samræmis við gildandi lög önnur sem það mál varða, lög um endurskoðendur, ársreikninga og bókhald og hvað það nú er þar sem nýlegt orðalag er komið til sögunnar eftir heildarendurskoðun á þeim lagabálki sem loksins hafðist í gegn hér undir lok síðasta kjörtímabils eftir margar atrennur. Að sjálfsögðu er eðlilegt að lögjögfin sé í samræmi að þessu leyti. Að miklu leyti er frumvarpið slíkar tæknilegar uppfærslur eða lagfæringar og jafnvel þó að skammur tími sé til stefnu þá ætla ég ekki að fara að setja hornin í það að frumvarpið verði afgreitt ef allir eru sammála um það. Ég ætla að vona að þau örlög eigi ekki eftir að verða mín að ég gerist talsmaður þess eða liðsmaður að drepa mál bara til að drepa þau. Það var nóg gert af því á síðasta kjörtímabili. Ég ætla að vona að ég rati aldrei í þá ógæfu að leggjast í það eyðileggingarstarf sem þá var unnið. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til að skoða meira og minna öll efnisatriði frumvarpsins og tel mig í sjálfu sér geta tekið afstöðu til þess á tiltölulega stuttum tíma hvort þau megi ekki hljóta þá afgreiðslu nú úr því að frumvarpið er fram komið.

En ég hef líka fullan skilning á því að þingmenn vilji fara betur ofan í einstök atriði. Menn vilja stíga varlega til jarðar varðandi ýmsa hluti, eins og allt sem viðkemur fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fyrir því eru gild rök. Aðrir hafa nefnt breytingar sem tengjast starfsendurskoðun eða rétti lífeyrissjóða til að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við það að sjóðfélagi fari í endurhæfingu enda liggja álit trúnaðarlæknis lífeyrissjóðs fyrir og allt það. Þar er reyndar líka um samræmingaratriði að ræða, ef ég veit rétt, þar sem sumir lífeyrissjóðir í landinu hafa slíkar heimildir í lögum.

En aðalefni frumvarpsins er auðvitað framlenging ákvæðis til bráðabirgða 6 í gildandi lögum um að bæta einu ári við þar sem lífeyrissjóðunum er heimilt að gera upp með meira en 10% halla eða skekkju milli skuldbindinga og eigna. Það kemur mér sannarlega ekki á óvart, hæstv. núverandi fjármálaráðherra er í kunnuglegum sporum að leggja til að við fleytum þessu um eitt ár enn með þeim hætti. Ég er sammála því að það beri að gera, sérstaklega í ljósi þess og í voninni um að það dugi þá, þ.e. ég held að æskilegt sé að hafa þrýsting á um að menn reyni til þrautar að ná utan um þau stóru lífeyrissjóðamál sem hér hefur aðeins verið tæpt á, og er nú ekki lítið undir. Ánægjulegt er að heyra að framvinda hafi verið í þeim efnum að undanföngu

eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra. Það er satt best að segja eitt af hinum stærri málum sem varðar umhverfi á vinnumarkaði og stöðu fólks í kjaralegu tilliti og varðandi undirbúning undir efri árin að við komumst til lands með það risavaxna verkefni, að ná utan um samræmingu ávinnslu lífeyrisréttindanna, helst þannig að þau verði sem einsleitust yfir allan vinnumarkaðinn og það dragi úr þeim skýra mun sem hefur verið á stöðu opinbera lífeyrissjóðakerfisins og almenna lífeyrissjóðakerfisins. Svo lengi sem sá munur er við lýði verður þetta jarðsprengjusvæði.

Í raun og veru er best að segja hlutina heidarlega og eins og þeir eru, herra forseti. Við erum búin að sitja ofan á þessu pottloki undanföngu ár. Það kraumar undir og stundum hefur legið við að lokið springi af pottinum. Þetta kemur reglubundið upp í tengslum við kjaraviðræður og hefur ítrekað minnt á sig þegar ýmsar breytingar, hvort sem það er í almannatryggingakerfinu eða skattalegu tilliti sem hafa inngríp inn í þetta sambengi, koma upp og gjarnan þá þannig að talsmenn almenna vinnumarkaðarins gera mikið mál úr þeim skýra mun sem er á hinni opinberu ábyrgð á lífeyrisréttindunum í opinbera kerfinu. Þetta hefur komið upp í sambandi við þáttöku lífeyrissjóðanna í einhverjum samfélagslegum verkefnum og þá segja menn sem svo að það sé einfalt fyrir opinbera lífeyrissjóðakerfið að ákveða eitthvað slíkt vegna þess að það sé þá bara viðbótarávisun á ríki og sveitarfélög en það geti þýtt skerðingu réttinda hjá lífeyrissjóðum án slíkra ábyrgða sem eiga forsvarslaut að standa undir sér sjálfir.

Nú er það auðvitað þannig að nýrri hluti hins opinbera lífeyrissjóðakerfis á að gera það. Menn mega ekki hörfa frá þeirri víglínu að A-deild LSR á náttúrlega að standa undir sér sjálf. Það er uppgjörið á fortíðarvandnum í B-deildinni sem er hins vegar klárlega stóra framtíðarviðfangsefnið og skuldbindingin sem þar bíður.

Varðandi fjárfestingarheimildirnar þá togast í manni á köflum tvö sjónarmið. Annars vegar er ég sammála því að farið sé yfir það hvaða mögulegar breytingar og eftir atvikum rýmkanir eru skynsamlegar og þó ábyrgar til að auðvelda lífeyrissjóðunum að fjárfesta fé sitt við þær þröngu aðstæður sem þeir búa við, en um leið vilja menn fara varlega og ekki ganga of langt í burtu frá því að tryggja örugga ávöxtun og áhættudreifingu o.s.frv.

Ég hygg að þessi framlenging sé eðlileg. Það væri eiginlega alveg þvert á allar aðstæður að draga núna úr heimild lífeyrissjóðanna að þessu leyti að geta átt í sameignarfélögum eða hvað það nú er. Eins hefur sú hugmynd verið uppi um að rýmka rétt þeirra til að eiga í óskráðum bréfum á hliðarmarkaðnum eða hvernig það nú væri.

Varðandi það að lífeyrissjóðunum sé heimilt að taka við greiðslu skuldabréfa frá aðilum sem greiða vegna starfsmanna sinna inn í lífeyrissjóði ríkis og sveitarfélaga og inn á framtíðarskuldbindingar þar sem þeir eru þá ábyrgir fyrir sem launagreiðendur — það eru væntanlega ýmsir látnir taka lífeyrisskuldbindingar sínar þegar þær breytingar urðu — þá lítur það mjög sakleysislega út en maður vildi gjarnan vita hvert umfangið yrði á slíku. Yrði það til þess að staða þeirra sjóða sem þannig væru settir yrði umtalsvert frábrugðin hinum sem ekki tækju slíkar skuldabréfaingreiðslur? Nokkur slík álitamál geta komið upp þegar betur er að

gáð í sambandi við þetta en að sjálfsögðu má fara betur yfir það í nefnd. Og í ljósi þess að ég hef aðstöðu til þess að spyrjast fyrir um slíkt eða kafa ofan í það þar skal ég ekki breyta menn með frekari ræðuhöldum um það.

Herra forseti. Við fljótlega skoðum á málinu er ég á því að það sé að uppistöðu til engin ástæða til að láta það vefjast mikilvægt fyrir sér. Þetta eru að langmestu leyti tæknilegar og minni háttar lagfæringar. Það er augljóst að brýnt er að afgreiða meginefni frumvarpsins. Ég geri ráð fyrir að þó að að sjálfsögðu sé framlenging ákvæðisins á grundvelli áramóta, þá þykist ég vita að vandinn sé staða stjórna lífeyrissjóðanna núna á haustmánuðum, sem yrðu að óbreyttum lögum að fara í það að gera tillögur um hækkuð iðgjöld nema búið sé að breyta lögnum eða skapa nýjan laga-grundvöll fyrir því að framlengja þetta um meira en 10% halla ákvæði.

[18:34]

### Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ég sá það í fyrsta skipti þegar því var dreift í þingflokknum. Ég er þó eini tryggingafræðingurinn á þinginu og hef ekkert verið hafður í ráðum með það, en það skiptir kannski ekki máli.

Talað hefur verið um að laga þurfi stöðu sjóðanna áður en farið verður út í sameiningu allra lífeyrissjóða og þeir fái sameiginleg réttindi. Það er mjög verðugt verkefni. Það er í bráðabirgðaákvæði sem við erum að tala um að framlengja. Það gerir hins vegar að verum að við sjáum ekki hinn raunverulega vanda sem er til staðar og hverfur ekkert við þetta frumvarp. Það verður áfram nákvæmlega sami vandinn í A-deild LSR, sem er 61 milljarður. Sú deild átti að standa undir sér, herra forseti, alla tíð en hefur ekki gert það. Það vantar 61 milljarð þar inn. Ég hefði talið eðlilegt að sýna þann 61 milljarð þegar ný ríkisstjórn tæki við þeirri stöðu sem fyrri ríkisstjórn skildi eftir. Þá finnst mér rétt að sýna þær skuldbindingar sem hafa safnast upp og ekki bara hjá þeirri ríkisstjórn heldur ríkisstjórninni þar á undan. Það er dálítið hættulegt að sýna ekki stöðuna.

En varðandi sameiginleg réttindi allra landsmanna má segja að þrjú meginkerfi séu í gangi á Íslandi. Bestu lífeyrisréttindin eru í B-deild LSR sem var skilin eftir þegar lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var stokkað upp 1997. Inn í þá deild borga enn þá 4.300 manns, enn eru 4.300 opinberir starfsmenn sem borga þangað inn og auka réttindin sem eru ein þau bestu og afskaplega dýr fyrir ríkissjóð. Þeir borga ekki nema 4% sjálfir, ríkissjóður 6% og skuldbindingin er gífurleg. Hún er 400–500 milljarðar eftir því hvernig allar undirstofnanirnar eru flokkaðar. Þetta hefur ekki verið fært á fjárlög. Ég hefði viljað sjá það fyrr en seinna að þetta yrði fært á fjárlög nema það standi ekki til að standa við kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Þetta byggir á kjarasamningum. Ég hefði talið að það gæti komið inn í umræðuna um sameiginleg réttindi allra opinberra starfsmanna að þessi skuldbinding hefur ekkert verið sett í fjárlög og fjármálaráðherra framtíðarinnar getur bara neitað að borga þetta því að hann eigi ekki pening og þá er engin ríkisábyrgð á því. Ég veit ekki hvernig það fer.

Þetta er B-deildin, það fyrsta. Hún er vissulega deyj-

andi, þeim fækkar stöðugt sem þangað greiða en þeir eru enn þá 4.300 og tugar þúsunda tekur lífeyri.

Síðan er það A-deildin sem var stofnuð 1997 og átti að standa undir sér, tók alla nýja opinbera starfsmenn inn og þá sem völdu þá deild. Þar hefur hlaðist upp skuldbinding upp á 61 milljarð, þ.e. um síðustu áramót, þrátt fyrir að í lögnum stóð lengi vel að stjórn sjóðsins bæri að leggja til hækkan á iðgjaldi. Iðgjaldið þarf sennilega að vera 19,5% til að standa undir skuldbindingum sjóðsins til langframa í stað þess að í hefðbundnum sjóðum er iðgjaldið 12%, þar af eru 7,5% af launum opinberra starfsmanna. Ég hef sem sagt lagt það til og legg það til hérna að laun allra opinberra starfsmanna verði hækkuð um þessi 7,5% og iðgjaldið verði hækkað upp í 19,5% og ríkissjóður borgi 8% en starfsmaðurinn borgi rest. Við það að hækka launin um 7,5% og láta menn borga þessi 7,5% beint þá gerist ekki neitt vegna þess að þetta er hvort sem er skattfrjálst fyrir báða aðila en þá kemur í ljós hvers virði lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru. Þá sést hvaða laun þeir eru raunverulega með. Þeir eru nefnilega með hærri laun en sýnist á pappírnum vegna þessara góðu lífeyrisréttinda sem ekki hefur verið tekið á.

Svo ég tali um þessa þrískiptingu lífeyrismarkaðarins eða hvað á að kalla þetta þá eru náttúrulega allir hinir sem ekki eru opinberir starfsmenn og margir opinberir starfsmenn líka sem eru í almennu sjóðunum. Þar er iðgjaldið 12% og á að svara til réttindanna sem eru sem því nemur lægri. Þetta er vandinn við það að samræma kerfið. Það getur verið að A-deildin sé með of góð réttindi til að almenni markaðurinn geti staðið undir því því að það þýðir annaðhvort hækkan iðgjalda, lækkan lífeyrisréttinda eða hækkan elli lífeyrisaldurs sem menn hafa reyndar verið að tala um og gæti verið hluti af þeim pakka að samræma lífeyrisréttindin en þá þarf að hækka lífeyrisaldurinn töluvert mikið, upp í 70 ár og jafnvel 75 ár, til að ná því jafnvægi. Ég held að það sé ráð að taka á þessu.

Það sem ruglar þetta dæmi allt saman er að inni í lífeyrissjóðunum hleðst núna gerviegn. Ég held því fram að á hlutabréfamarkaði á Íslandi sé ákveðin bóla í gangi vegna þess að lífeyrissjóðirnir geti ekki fjárfest annars staðar, nema hjá ríkinu í spariskirteinum og húsnæðisbréfum. Lífeyrissjóðirnir eru með yfir 100 milljarða á ári til ráðstöfunar sem þeir verða að ráðstafa einhvern veginn. Raunvextir á skuldbréfamarkaði hafa lækkað — hækkuðu reyndar eilítið núna en voru 2,6% síðast þegar ég leit á þá og langt undir því 3,5% ávöxtunarviðmiði sem útreikningar lífeyrissjóðanna ganga út frá, sem þýðir að staða þeirra versnar sífellt meðan staðan er þessi. Þetta tengist því að gífurlegar krönu-eignir erlendra kröfuhafa eru í gangi í þjóðfélaginu sem keppa við lífeyrissjóðina um ávöxtun. Það er því margt sem er bjagað í lífeyrissjóðunum og ég held að rétt sé að ræða það beint út.

Í 8. gr. er talað um að ríki eða sveitarfélög, aðallega sveitarfélög, geti gefið út skuldbréf sem ekki eru skráð á skiptulegum markaði og heimil sé að taka við þeim. Þá vil ég benda á að ábyrgð sveitarfélaga er mjög skrýtin, hún er nánast engin. Sveitarfélag hefur ákveðnar skuldbindingar. Það er ekki hægt að bjóða upp eignir þess og ef sveitarfélagið getur ekki greitt og það gerðist með Hofsóss á sínum

tíma þá bara verður kröfuhafinn, í þessu tilfelli lífeyrissjóðurinn, að bíða þolinmóður þar til sveitarfélagið getur einhvern tíma borgað. Ég sé ekki almennilega hvað þetta þýðir eiginlega og ég mun spyrja fyrir um það í nefndinni, sveitarfélag sem borgar hvort sem er ekki og skuldar. Það er líka krafa á sveitarfélagið en það er skammtímaskuld. Það er spurning hvort eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga líti á svona skuldabréf sem einhvers konar lausn á þeim vanda. Það er mjög varasamt að leyfa sveitarfélögum að skulda vegna þess að það er í raun og veru engin ábyrgð á þeim skuldbindingum, ekki ríkisábyrgð og ekki sveitarfélagsins nema það geti borgað. Svo getur það náttúrulega gerst að allir íbúarnir flytji burt eða meginhlutinn eða stórfyrirtæki eða eitthvað slíkt og þá er enginn til að borga. Þá er spurning hver sé réttarstaða lífeyrisþegans sem á kröfu sem byggir á svona skuldabréfi. Ég vil því skoða þetta mjög nákvæmlega.

Það sem skiptir kannski mestu í þessu frumvarpi, sem lætur lítið yfir sér, er að ákvæði um að taka á vanda lífeyrissjóðanna, þ.e. aðallega A-deildinni, er frestað. Ég hefði notað tækifærið, verandi hæstv. ný ríkisstjórn, og sýnt allar skuldbindingar sem menn eru að taka yfir, bara sýnt að þær eru þarna. Þær eru ekki að fara neitt og þær fara ekki með þessu frumvarpi, þær eru bara ekki sýndar. Það finnst mér vera svo alvarlegt mál að ég á erfitt með að styðja þetta frumvarp. Ég vil sýna skuldbindingarnar. Ég vil sýna skattgreiðendum, ég vil sýna börnunum okkar og ég vil sýna öllum hvað íslenska þjóðin skuldar í framtíðarskuldbindingum. Hér er verið að hopa frá því að sýna þær skuldbindingar. Þetta eru mínar hugleiðingar með þessu frumvarpi.

Ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta til umfjöllunar og mun þar spyrja þeirra spurninga sem ég þarf og fæ kannski þau svör að ég geti vel við unað og greitt þessu atkvæði.

[18:44]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þær góðu undirtektir sem mikilvægustu liðir frumvarpsins hafa fengið hér. Ég vænti þess að málið komi aftur hingað og hljóti afgreiðslu á þinginu vegna þess sem mest ríður á að verði klárað. Ég vonast síðan til þess að allir þættir verði skoðaðir vandlega í nefndinni og hef, eins og áður hefur komið fram, skilning á því að ef nefndin telur að frekari tíma þurfi til að afgreiða einstaka þætti. Þá kemur málið bara aftur fram síðar á nýju þingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem þar koma fram.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efn.- og viðskn.

#### **Bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, fyrri umr.**

Þáttill. ÁPÁ o.fl., 40. mál. — Þskj. 102.

[18:46]

#### **Flm. (Árni Páll Árnason) (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þings-

ályktunar um bráðaaðgerðir til að efla leigumarkað á Íslandi, sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Eins og kunnugt er stendur nú yfir og hefur lengi staðið yfir endurskoðun á húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hún heldur áfram núna undir forustu nýs félags- og húsnæðismálaráðherra sem hefur tilkynnt að byggt verði á þeirri vinnu sem unnin hefur verið á undanförunum missirum. Það er þakkarvert. Engu að síður er það ástand sem nú er komið upp á leigumarkaði með þeim hætti að ekki verður horft fram hjá því hversu alvarlegt og brýnt það er að grípa til sérstakra aðgerða vegna þess án tafar. Því leggjum við fram þessar tillögur sem eru í samræmi við þær meginlínur um endurskoðun húsnæðisstefnunnar sem unnið hefur verið eftir hingað til.

Ég ætla að fara yfir þær tillögur sem eru greindar í þingsályktunartillögunni í þeirri röð sem þær eru settar fram. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sem fyrst verði lagt fram á Alþingi frumvarp um húsnæðisbætur sem mið af fjölskyldustærð og tekjum og tryggji samberilegan stuðning við leigjendur og eigendur húsnæðis. Sú stefna hefur verið mörkuð að nýjar húsnæðisbætur taki við af vaxtabótum og húsaleigubótum og var fyrsta skrefið í þá átt stigið um síðustu áramót með stórfelldri hækkun húsaleigubóta.

Það er jafnframt ljóst að það er stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem við tókum undir í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, að flytja beri byrðar vegna almennra húsaleigubóta frá sveitarfélögum og yfir til ríkisins. Sú staðreynd að sveitarfélög bera í dag kostnað vegna almennra húsaleigubóta, sem áætlaður er á þessu ári rúmlega 1,5 milljarðar, veldur því að það þarf ansi hugrakka sveitarstjórnarmenn til þess að úthluta lóðum til leiguhúsnæðis þegar þeir vita að með því kalla þeir viðbótarútgjöld yfir viðkomandi sveitarfélag. Það er sér í lagi hættulegt þegar sveitarfélög bera engan kostnað af vaxtabótum. Það er því mjög mikilvægt að það sé sama fjármögnunarkerfið fyrir húsaleigubætur og vaxtabætur því að annars er það þannig að það er erfitt fyrir sveitarstjórnarmenn að réttlæta það yfirhöfuð, sérstaklega núna þegar mörg sveitarfélög eru í erfiðu rekstrarumhverfi, að úthluta lóðum til leigufélaga ef þau baka sér þar með viðvarandi útgjöld til langframa.

Það er til grunnur að þessu kerfi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það gerist vegna þess að það er forsenda allra annarra aðgerða. Það er forsenda þess að leigufélög geti starfað með fullnægjandi hætti og rekstrarumhverfi þeirra verði fullnægjandi og, eins og ég segi, dregur úr aðstöðumuninum að öllu leyti milli leigjenda og eigenda húsnæðis.

Í annan stað leggjum við til að ríkisstjórnin gangist fyrir samkomulagi við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins um veitingu stofnstyrkja til leigufélaga sem skuldbinda sig til langtímarekstrar á leiguhúsnæði. Við gerum ráð fyrir því að stofnstyrkirnir geti numið allt að 20% af byggingarkostnaði nýrra leiguíbúða, að unnt verði að veita fyrirgreiðslu í formi lóða á kostnaðarverði eða annarrar eftirgjafar opinberra gjalda og að slíkt teljist þá sem hluti af stofnstyrk. Við gerum ráð fyrir því að leigufélög sem mundu njóta slíkra stofnstyrkja væru háð ýmsum skilmálum. Til dæmis yrði bannað að selja íbúðir úr félögum og



jafnframt skuldbyndu félögin sig til að standa í langtímaútleigu og gera leigusamning til einhverra ára. Það hefur auðvitað verið rétt mikið og kom fram í máli hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra fyrir í dag í sérstakri umræðu um leigumarkaðinn að hugmyndir ríkisstjórnarinnar núna lytu að því að ívilna sérstaklega leigufélögum sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða.

Það er vissulega gott og gilt, þau eru mörg til og er mikilvægt að styðja við þau, en það er auðvitað líka mikilvægt að finna umgjörð fyrir leigufélög sem rekin eru í hagnaðarskyni og þá þannig að það væri samt ekki hægt að ganga í opinbera sjóði og hagnast með óeðlilegum hætti. Ef lífeyrissjóðir eiga að geta rekið leigufélög verður að vera hægt að reka þau með hagnaðarsjónarmiði því að þeir geta ekki rekið leigufélögin nema að taka út úr þeim einhvern hagnað.

En ég held að þeir ættu til dæmis að vera algjörlega til viðræðu um að á móti kæmi að þeir mundu þá gera leigusamninga til margra ára. Þeir mundu setja hámark á þann hagnað sem þeir gætu tekið út og svo framvegis. Þetta er allt umgjörð sem þarf að útfæra og er mjög mikilvægt að það verði gert sem allra fyrst. Ég sé fyrir mér að um leið og sveitarfélögin losna við reikning upp á 1,5 milljarða vegna almennra húsaleigubóta skapist svigrúm hjá þeim til annarra aðgerða í húsnæðismálum. Þá er eðlilegt að þau nýti það svigrúm að minnsta kosti að hluta til til stofnstyrkja af þessum toga.

Það er líka eðlilegt að ef leigufélög sem njóta svona stofnstyrkja væru síðan leyst upp mundu opinberir aðilar fá til baka það sem þeir hefðu lagt í þessi félög. Það er auðvitað ófært að hafa umgjörðina um leigufélög með þeim hætti sem var á árunum fyrir hrun þar sem menn gátu í sjálfu sér fengið lán út á leigufélag og svo gátu þeir bara ákveðið að selja íbúðirnar á síðari stigum þegar markaðarins vænkaðist. Það skapar ekki öryggi á leigumarkaði, það skapar ekki tryggingu fyrir það að fólk geti búið í leiguhúsnæði til langframa.

Þess vegna held ég að þessi umgjörð muni skipta mjög miklu og að sveitarfélögin verði að koma þarna að með ríkum hætti. Úti á landi þurfa þau líka að koma að. Ég er búinn að vera á ferð um landið síðustu vikur og um allt norðanvert Snæfellsnes og alla sunnanverða Vestfirði er sama sagan, það er ekkert húsnæði í boði. Þar er vandamál að fá kennara, þar er vandamál að fá starfsfólk í fyrirtæki sem eru að hasla sér völl vegna þess að það er ekkert húsnæði sem hægt er að bjóða fólki til að taka á leigu. Einstaka íbúðir koma á sölu en það er líka orðið þannig að verð þeirra fer hákkandi, jafnvel svo mjög að Íbúðalánasjóður efast um að um raunveruleg viðskipti sé að ræða vegna þess að það er uppgangur í mörgum af þessum sveitarfélögum.

Þarna sjáum við í hnotskurn vandamál sem ríkið og sveitarfélögin verða að koma saman að því að leysa. Ríkið og sveitarfélögin verða að stuðla að því saman að til sé einhver lágmarksstokkur af leiguhúsnæði í litlum sveitarfélögum úti um land þannig að þau geti nýtt sér tækifærið þegar ný tækifæri myndast í atvinnulífi og geti raunverulega fengið nýtt starfsfólk á staðinn.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra bjóði ónýttar lóðir ríkisins fram til byggingar leigufúða til leigufélaga sem sett verði á fót. Mikil vinnu

hefur verið í gangi á vegum borgaryfirvalda í Reykjavík við að flokka lóðir ríkisins í Reykjavík og koma með óskalista um þær lóðir sem menn telja að hægt sé að byggja á. Því til viðbótar á ríkið margar vannýttar lóðir í Reykjavík. Til dæmis er lóðin við útvarpshúsið ekki nýtt nema að hluta. Það er stór spurning hvort ekki megi nýta hana betur, hvort ekki megi byggja þar við hliðina. Svona mætti lengi telja. Við þurfum að hafa augum opin fyrir þéttingu byggðar. Ríkið mundi leggja fram lóðir sínar á kostnaðarverði inn í svona leigufélög. Það er þá einfaldlega kvóð á húsnæðinu, ekki er hægt að selja húsnæðið út úr félögunum nema að gjalda ríkinu markaðsverð á lóðunum. Ríkið væri í sjálfu sér að eignast hlutdeild í verkefninu með því að leggja lóðirnar fram.

Í fjórða lagi gerum við ráð fyrir að félagsmálaráðherra setji Íbúðalánasjóði skilyrði um að sjóðnum verði gert að koma íbúðum í útleigu eða selja þær til leigufélaga svo fljótt sem verða má eftir að sjóðurinn eignast þær. Það er auðvitað búið að gera mikið í því á síðustu missirum, búið er að stofna leigufélag á vegum Íbúðalánasjóðs sem hefur núna á sjötta hundruð íbúða sem metnar voru sem líklegustu íbúðirnar til þess að fara beint í útleigu. Engu að síður er það þannig að hvar sem maður kemur á landinu kvarta menn yfir að þar séu íbúðir Íbúðalánasjóðs ónýttar og það er einfaldlega ekkert hægt að skella skollaeyrum við því.

Það er auðvitað stórskrýtið að hitta fólk í Grundarfirði þar sem einn maður hrósar happi yfir því að hafa unnið í lotteríu um eina íbúð Íbúðalánasjóðs þegar það eru margar íbúðir til viðbótar sem ekki voru settar á markaðinn. Mikil eftirspegnun var eftir þessari einu íbúð sem boðin var til útleigu. Hvað með hina sem voru ekki svo heppnar að vinna í lotteríunni en þurfa á húsnæði að halda á staðnum?

Það er því mjög mikilvægt að setja enn strangari tíma-mörk í þessu efni og ég held að við verðum að ýta á það að sjóðurinn horfist í augu við óhjákvæmilegt tap ef það er fyrir hendi þannig að menn haldi ekki eignum að öþörfu og að sjóðurinn geti þá komið eignum til leigufélags í eigu lífeyrissjóðanna eða eitthvað slíkt sem gæti gert upp það húsnæði sem þarf að gera íbúðarhæft. Mér skilst að eitthvað af því húsnæði sem ekki hefur verið sett í leigufélagið sé ekki íbúðarhæft. Það þarf þá bara að klára það og koma því í útleigu.

Í fimmta lagi gerum við að tillögu að umhverfis- og auðlindaráðherra gangist fyrir endurmati á byggingarreglugerð til að greiða fyrir byggingum minni íbúða til leigu. Fram kom hjá hæstv. félagsmálaráðherra í dag að sú vinna er þegar hafin í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Það er þakkarvert og ég fagna því sérstaklega. Nýbyggingarreglugerð var sett á síðasta vetri og höfðum við mörg grunsemdir um að þar væri verið að ganga of langt í að þrengja að byggingu lítilla íbúða. Nú heyrir ég frá sérfræðingum að svo sé raunverulega. Arkitekt hafði samband við mig í gær og sagði að illmögulegt væri orðið að hanna minni íbúðir en 70 fermetra. Það er auðvitað ekki ásættanlegt og gengur þvert á það sem sérfræðingar sögðu okkur stjórnáráðgjafunum í fyrravetur, að þetta væru allt nauðsynlegar kröfur frá útlöndum og að enngar undankomu væri auðið. En það virðist vera að við gerum miklu stífari kröfur en gerðar eru í Noregi og Svíþjóð, svo að dæmi séu tekin af nágrynna-

löndum okkur sem gera þó ríkar kröfur til byggingar húsnæðis.

Það er auðvitað grundvallaratriði. Það verður að vera hægt að byggja litlar, ódýrar íbúðir. Það verður að vera hægt að komast af með lítið geymslupláss fyrir fólk sem vill borga af fáum fermetrum. Þegar fasteignaverð hefur hækkað eins og það hefur gert núna og þegar það er orðið svona erfitt fyrir fólk að safna fyrir útborgun í eigin íbúð og fyrsti viðkomustaður fólks hlýtur að verða leigumarkaður í lítilli íbúð, er mjög mikilvægt að til séu litlar íbúðir og fólki sé gert auðvelt að komast í þær.

Að síðustu gerum við ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp sem undanþiggi tekjur vegna útleigu einnar íbúðar fjármagnstekjuskatti og jafnframt verði tryggt að slíkar tekjur skerði ekki bætur almannatrygginga. Skilyrði þess að það geti átt við sé að menn geri leigusamning í að minnsta kosti í 12 mánuði. Það er almennt þekkt núna að íbúðum sem eru til útleigu á almennum íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað stórlega á undanförunum árum samhliða aukinni ásókn ferðamanna í íbúðir og sífellt fleiri sjá sér gróðavon í því að leigja út íbúðir til ferðamanna. Það er ósköp skiljanlegt en það er líka mjög mikilvægt að hvetja þá til almennrar búsetu sem vilja leigja. Tillagan miðar að því og felur þá í sér að t.d. eldra fólk getur leigt út íbúðir, sem sér sér annars ekki hag í því í dag vegna þess að jaðarskatturinn af því að leigja út íbúð er svo hár. Bæði þarf fólk að borga fjármagnstekjuskatt og eins skerðast bætur almannatrygginga. Þess vegna leggjum við til að heimilt verði að undanþegja hvort tveggja, sem sagt að leiga einnar leiguíbúðar verði undanþegin bæði fjármagnstekjuskatti og skerði ekki bætur almannatrygginga. Við teljum að þá séu líkur til þess að fleira eldra fólk sjái sér hag í því að leigja út frá sér. Með því að binda það við 12 mánuði er líka verið að hugsa um fólk sem er á götunni yfir sumarmánuðina. Það er alþekkt vandamál orðið að námsmenn fá íbúð til leigu í nú mánuði og síðan er þeim hent út og þeir eru bara húsnæðislausir yfir sumarmánuðina þangað til þeir geta fest sér eitt-hvað nýtt þegar hausta tekur og ferðamönnum fækkar.

Virðulegi forseti. Ég vísa svo að öðru leyti til greinargerðar með tillögunni þar sem farið er frekar yfir bakgrunninn. Það er ósk mín og von að það takist að afgreiða tillöguna á þessum litla stubbi. Ég tel mikilvægt að við tökum höndum saman um það á Alþingi og ég fagna því sem hæstv. félags- og húsnæðismálaráðherra sagði í dag að hún væri efnislega sammála þessum tillögum. Mér þætti líka góður bragur á því ef stjórnarmeirihlutinn væri til í að taka í útréttá hönd okkar um þetta mál og að við gætum leitt það til lykta og samþykkt þingsályktun af þessum toga því að ég held að það væri styrkur fyrir ráðherrann og fyrir ríkisstjórnina að hafa fyrirliggjandi skýra þingsályktun um vilja í þessu efni frá Alþingi.

[19:00]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Árna Páli Árnasyni fyrir ágæta ræðu og í raun um margt ágætt mál. Mig langar til að spyrja hann einnar spurningar. Hvernig stendur á því að menn fjárfesta ekki í íbúð til að

leigja út? Leigan er orðin mjög há. Hvernig stendur þá á því að menn fjárfesta ekki til að leigja út íbúð? Nú eru vextir mjög lágir á sparisjóðsinnstæðum. Þeir eru neikvæðir nema menn bindi þær í þrjú ár og treysti bankanum til að standa í þrjú ár. Þá fá þeir verðtryggingu en að öðru leyti brennur innstæðan upp og brennur upp mjög hratt. Hún er skattlögd og vextir eru undir verðbólgu. Innstæður eru að brenna upp og það er því ekki gæfulegur sparnaðarkostur. Þá er spurningin: Af hverju fjárfesta menn ekki í íbúðum og leigja þær út?

Í tillögunni er komið inn á að það eigi að undanþegja útleigu einnar íbúðar fjármagnstekjuskatti. Það þýðir að flutningsmenn telja að fjármagnstekjuskatturinn sé orðinn of hár. Hann er nú ekki nema 14% á húsaleigu því að 70% af leigunni eru skattskyld, 20% skattur. Spurningin er því mjög einföld: Hvernig stendur á því að til dæmis í Grundarfirði kaupa menn ekki íbúð, í staðinn fyrir að eiga sparifé eða kaupa sér bíl eða eitthvað slíkt svo að maður tali nú ekki um dýr úr, til að koma peningunum einhvers staðar í fjárfestingu? Hvernig stendur á að menn kaupa ekki íbúð og leigja hana þegar svona mikil eftirspurn er eftir leigu og leigja svona há?

[19:02]

**Flm. (Árni Páll Árnason) (Sf) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er nú oft betri og gleggri en ég í því að reikna út hvata í hagkerfinu og ég hlakka til að heyra hans útleigingu á þessu. Af því að hann tók dæmi af Grundarfirði þá held ég að stóra vandamálið þar sé skortur á framboði á íbúðum yfir höfuð, fáar íbúðir liggja á lausu. Það eru hins vegar dæmi um þetta úti um land. Á Bíldudal er fyrirtæki sem er að hasla sér völl í fiskeldi og það er búið að kaupa heila blokk vegna þess að það gerir ráð fyrir því að þurfa á því að halda að hafa húsnæði fyrir starfsmenn sína. En byggingarkostnaður er auðvitað langt umfram kaupverð á þessum stöðum eins og hv. þingmaður þekkir vel.

Ég er ekki sannfærður um að fjármagnstekjuskattur sé almennt of hár. Ástæðan fyrir því að við viljum undanþegja eina íbúð fjármagnstekjuskatti í þessari tillögu er að við viljum reyna að hvetja sem flesta til að leigja út frá sér, sem bráðaaðgerð auðvitað, þannig að fólk sem miklar kannski fyrir sér ónæði af því að leigja út litla íbúð í kjallaranum geri það því að hagnaðarvonin sé þá meiri en ella.

Að því er varðar almennt rekstrarumhverfi leigufélagna er mikilvægt að við hvetjum ekki bara til þess að einstaklingar leigi út frá sér í 12 mánuði í senn eða slíkt, heldur að það séu til raunveruleg langtímaleigufélög sem ætli sér að starfa til áratuga og jafnvel árhundraða eins og dæmi eru til um í nágrannalöndunum. Til þess þarf kerfi sem tryggir að þau greiði sér ekki út ótæpilegan hagnað, tryggir að þau axli samfélagslega ábyrgð og standi undir henni.

Að síðustu eru auðvitað dæmi um að menn geri þetta, ég þekki dæmi um það hjá kunningjum mínum að menn eru að kaupa íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, gera upp og leigja út vegna þess hversu hátt leiguverðið er orðið.

[19:04]

**Pétur H. Blöndal (S)** (*andsvar*):

Herra forseti. Ég tel að í þessari þingsályktunartillögu sé svarið við spurningunni að finna að einhverju leyti. Það felst í því að búið er að hlaða svo miklum kvöðum á íbúðir, meðal annars í byggingarreglugerð. Hér hefur það ekki verið nefnt og hv. þingmaður kom ekki inn á það að það eru líka skattar á íbúðareigendur. Íbúðareigendur eru orðnir að skattstofni fyrir sveitarfélögin.

Mér telst svo til að ég borgi til Reykjavíkurborgar sem svari leigu á einu herbergi í minni íbúð. Það herbergi er þá bara farið. Spurningin er hvort sú skattlagning sé orðin af mikil og hvort allar kröfur sem koma frá Evrópusambandinu að einhverju leyti geri að verkum að framboð á íbúðum verður of lítið. Þetta er nefnilega ekki bara bundið við Ísland. Ég heyri fréttir af því frá Þýskalandi og Frakklandi að það er gífurlegur skortur á húsnæði og leigan allt of há til að fólk geti borgað hana með þeim tekjum sem það hefur. Það er sem sagt einhvers staðar mikill markaðsbrestur í þessu þegar venjulegt fólk, launafólk getur ekki leigt sér íbúð til að búa í. Það er þá eitthvað mikið að. Þá held ég að reglugerðargleðin sé orðin of mikil og kröfurnar varðandi íbúðir, til dæmis hversu stór íbúð á að vera og svo framvegis, séu orðnar of miklar. Inn í þetta blandast líka raunvextir og annað slíkt.

Ég held að menn þurfi að skoða sérstaklega skattlagningu sveitarfélaga og ríkisins í þessu. Í tillögunni er tekið á því, það á að undanskilja eina íbúð fjármagnstekjuskatti, þ.e. sú skattlagning hverfur að minnsta kosti af einni íbúð. Ég held að menn þurfi að skoða allt ferlið og velta fyrir sér hvernig stendur á því að það vill enginn fjárfesta í íbúð til að leigja þegar leigan er svona há.

[19:06]

**Flm. (Árni Páll Árnason) (Sf)** (*andsvar*):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þingmanni að því leyti að ég held að athugasemdir hans nái vel utan um vandann sem fylgir byggingu nýrra íbúð. Ef menn ætla að byggja nýjar íbúðir til útleigu er mest eftirspurn eftir litlum íbúðum og að mínu viti er búið að gera það of snúið að byggja þær með nýjustu breytingum á byggingarreglugerð. Á meðan geta menn keypt einstakar íbúðir á bestu stöðum. Því til viðbótar þurfa menn auðvitað lóð á besta stað ef þeir ætla að vera öruggir um að koma íbúðunum út og ekki sitja uppi með þær. Þess vegna sér maður meira um það að einstaklingar séu að kaupa stakar, litlar íbúðir á besta stað og leigja þær út.

Það er mikið tekið að kenna Evrópusambandinu um allt og vera með vammir og skammir um það. Ég held að ekki sé hægt að kenna því um byggingarreglugerð sem er okkar eigin fjötur. Þetta er auðvitað umhugsunarefni. Á annan kantinn viljum við algilda hönnun og við viljum auka aðgengi fatlaðra og bæta aðstæður en það er auðvitað skrytið að taka slíkar stórfelldar breytingar á byggingarreglugerð í einu vefjandi þannig að heilu og hálfu borgarhverfin sem óvart eru vinsælustu hverfi borgarinnar eru orðin bullandi ólögleg. Það er bara bannað að byggja íbúðir eins og þorri þjóðarinnar þráir að búa í. Það eru orðin mjög öfugsnúin skilaboð ef vinsælustu borgarhverfin þar sem verðið er hæst

eru skyndilega orðin þannig að það má ekki byggja eins íbúðir annars staðar eða á auðum lóðum.

Ég held að við verðum að snúa til baka. Það er augljóst að kröfurnar til dæmis hvað varðar aðskilda salernisaðstöðu, kröfur um geymslu, allar kröfurnar um gangapláss, allar kröfurnar um geymslur yfir höfuð, eru of íþyngjandi til að henta þörfum fólksins sem við viljum byggja fyrir.

[19:09]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (Sf)**:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni leggjum fram þá þingsályktunartillögu sem hv. þm. og formaður flokksins, Árni Páll Árnason, fór hér svo ágætlega yfir. Fyrr í dag var sérstök umræða um vandann sem steðjar að fólk á leigumarkaði og ekki að ástæðulausu því að ástandið er mjög erfitt. Ég vil vekja athygli þingsins á því að síðar í mánuðinum verða stofnuð ný samtök leigjenda enda er orðið það mikið af fólk sem býr á leigumarkaði. Það tekst á við erfiðan veruleika leigjenda af því að við, stjórnmöld, höfum ekki skapað nægilega trygga og góða umgjörð utan um það grundvallarvelferðarmál sem húsnæðismál eru. Ég fagna sérstaklega að slík hagsmunasamtök séu að verða til. Þau hafa ekki verið til um nokkra hríð frá því að Jón heitinn frá Pálmholti sem hér var getið um áðan hætti eða lést en það er fyllilega tímabært að koma á slíkum samtökum.

Hver er vandinn á leigumarkaði? Vandinn er sá að skortur er á húsnæði sem leiðir auðvitað af sér hátt og uppsprengt verð sem venjulegt launafólk getur ekki staðið undir nema með miklum herkjum. Það eru mjög miklar álögur á heimili á leigumarkaði. Fólk býr ekki við húsnæðisöryggi, það þarf að flytja, oft árlega og það hefur auðvitað mjög alvarlegar afleiðingar fyrir börn sem eru í skólum ef þau neyðast jafnvel til að skipta um skóla þegar skipt er um húsnæði. Það gerist í mörgum tilfellum og er veruleiki margra lítilla íslenskra barna. Eða þá að þau þurfa að fara lengri leiðir til að fara áfram í gamla skólann sinn því að þau geta ekki hugsað sér að skipta. Þetta er auðvitað ekki aðstæður sem við viljum að börn í einu af ríkustu löndum heims þurfi að búa við. Og þó að ekki séu börn til staðar viljum við að sjálfsögðu öll eiga okkar heimili og vita af því öryggi sem í því felst að þurfa ekki að flytja okkur um set fyrr en okkur sjálfum þóknast en ekki þegar leigusaliinn álitur að hann geti ekki haft okkur lengur en í 12 mánuði eða 24 eða hvað það kann að vera.

Ég fór yfir það í ræðu áðan að við í Samfylkingunni hefðum lagt mikið kapp á húsnæðismál. Við vorum mörg sem hefðum viljað ná lengra en ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ég sagði áðan um alla þá vinnu sem unnin var. Niðurstaðan er þó sú að við leggjum hér fram fullbúna tillögu um bráðaaðgerðir sem er vel ígrunduð því að mikil vinna og undirbúningur liggur að baki. Þetta er ekki bara eitthvað sem okkur finnst hljóma vel. Þetta er niðurstaða af mikilli vinnu og víðtæku samráði. Við höfum verið í góðu samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila svo sem eins og verkalyðshreyfinguna, Samtök atvinnurekenda, lífeyrissjóðina og síðast en ekki síst sveitarfélögin. Ég tel að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi ákaflega metnaðarfulla framtíðarsýn og sé ákaflega góður samstarfsaðili fyrir ríkið í þessum málum. Ég tel að í hvívetna eigi að reyna að hafa það sem

mest með okkur í þessari vinnu enda eru það sveitarfélögin sem bera ábyrgð á að tryggja húsnæði fyrir fólk og það eru sveitarfélögin sem þjónusta fólk og nærsamfélag þess.

Það er mikilvægt að við byggjum upp leigumarkað sem byggir á öryggi og stuðlar líka að félagslegri samheldni, að það sé ekki einn tekjuhópur sem býr í einu hverfi og annar tekjuhópur sem býr í öðru. Það eru andstyggileg samfélög, það eru samfélög mismununar og þau bjóða upp á samfélagsrof því að ólíkir þjóðfélags hópar komast ekki í tæri hver við annan. Við viljum búa í samfélagi þar sem við erum öll á sama báti, svo getur staðið misvel á hjá okkur eftir því hvar á æviskeiðinu við erum eða hvort við lendum í sjúkdómum eða einhverjum öðrum þeim óhöppum sem fylgja nú blessuðu lífinu.

Árið 2011 voru tæplega 20% heimila á leigumarkaði. Ég veit ekki nákvæmlega stöðuna núna en þeim hefur að minnsta kosti ekki fækkað. Kannanir sýna að þeir eru fleiri sem mundu velja sér þann kost fremur en þá áhættu sem fylgir því að verða að fjárfesta í húsnæði. Séreignarstefnan er góð og gild og það er gott þegar fólk getur fjárfest í húsnæði óski það svo en þegar fólk er neytt til að taka áhættu og spenna bogann of hátt til að öðlast húsnæðisöryggi búa við ekki í velferðarsamfélagi með sanni.

Ég hlakka til þeirrar vinnu þegar við í velferðarnefnd tökumst á við þessa tillögu. Ég fagna því líka að almennur skilningur sé á því í þinginu að þörf sé á sameiginlegu átaki í leigumarkaðsmálum. Það var vitnað hér áðan til Reykjavíkur og Kópavogs. Það er sannarlega ánægjulegt að stór sveitarfélög á suðvesturhorninu séu að vakna til lífsins en það þarf líka að gefa minni sveitarfélögum með mun færri íbúa kost á að tryggja íbúum sínum húsnæðisöryggi. Við eigum öll að búa við húsnæðisöryggi óháð því hvort við erum í Reykjavík eða á Kópaskeri.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín lengri en fagna því að við höfum verið í tvígang í umræðu um leigumarkað í dag og ég veit að þessi mál verða mikið til umræðu á vettvangi þingsins. Það var ánægjulegt að við skyldum hafa getað hafið hana á vinsamlegum samstarfsnótum.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og velfn.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:19.

---

## 28. FUNDUR

mánudaginn 16. september,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Almennatryggingar, frv., 35. mál, þskj. 94. — 3. umr.
3. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 115. — 3. umr.
4. Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, þáltill., 37. mál, þskj. 96. — Fyrri umr.

### Fjarvistarleyfi:

Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Sigurður Ingi Jóhannsson sjútv.- og landbrh., 1. þm.  
Suðurk.

### Tilhögun þingfundar.

[15:02]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseti tekur fram að fyrirhugaðar eru atkvæðagreiðslur um kl. 15.30, strax að loknum óundirbúnum fyrirspurnum til ráðherra.

[15:02]

#### Útbýting:

Hagstofa Íslands, 14. mál, þskj. 115.  
Málefni sparísjóða, 16. mál, svar fjmrh., þskj. 116.

### Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Borist hefur bréf frá 6. þm. Reykv. s., Róberti Marshall, um að hann geti ekki sinnt þingmennsku á næstunni. Í dag tekur því sæti á Alþingi 2. varamaður á lista Bjartrar fram tíðar í kjördæminu, Sigrún Gunnarsdóttir, en 1. varamaður á lista í kjördæminu hefur boðað forfall.

Kjörbréf Sigrúnar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Sigrún Gunnarsdóttir, 6. þm. Reykv. s, undirritaði drengskaparheit að stjórnarskránni.]

[15:03]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Sigrún Gunnarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

### Um fundarstjórn.

Umfjöllun nefnda um skýrslu um Íbúðalánasjóð.

[15:03]

#### Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Forseti. Ég vil af fullri höfsemi og vinsemi vekja máls á því að komið hefur til tals meðal annars í þingflokki mínum og fleiri þingflokki, hygg ég, að undanfögnu vinna í þinginu við skýrslu rannsóknarnefndar um málefni Íbúðalánasjóðs, sem eðli málsins samkvæmt hefur farið til umfjöllunar í hv. stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Mér er kunnugt um að uppi voru óskir um að velferðarnefnd, sem fer með húsnæðismál, fengi skýrsluna einnig til meðferðar, en eftir því sem við vitum best hefur nú verið talinn einhver hængur á því og það hefur ekki gengið alveg þrötaust fyrir sig. En þó bar svo til að boðað var til fundar í fjárlaganefnd þar sem umrædd skýrsla var sérstaklega á dagskrá og hefur ekki þótt neitt tiltökumál. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann taki það til skoðunar hvort annað gildi um fjárlaganefnd en aðrar nefndir eða hvernig eigi að túlka þingsköpín að þessu leyti.

Mér finnst alla vegana eðlilegt að sama gildi um allar nefndir og eðlilegast að nefnd sem fer með húsnæðismálefni fái að fjalla um þessa skýrslu án þess að gert sé mikið mál úr því.

[15:04]

#### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Forseta var ekki kunnugt um að fjárlaganefnd hefði tekið þessi mál til umfjöllunar. Það er hins vegar mjög skýrt kveðið á um það í lögum, annars vegar í lögum um rannsóknarnefndir og hins vegar í lögum um þingsköp Alþingis, með hvaða hætti eigi að meðhöndla skýrslur rannsóknarnefnda sem Alþingi hefur skipað. Þar er skýrt kveðið á um að þessum skýrslum skuli vísað til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Enn fremur vekur forseti athygli á því að mjög skýrt er kveðið á um það í lögum um rannsóknarnefndir að strax og þær hafa lokið störfum sínum og skilað skýrslu af sér til Alþingis lýkur störfum þeirra.

Rannsóknarnefndin um Íbúðalánasjóð er í raun og veru ekki til staðar í dag eins og lög kveða á um. Þess vegna hefur það verið niðurstaða forseta að það væri óeðlilegt annað en að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefði forræði þessa máls algjörlega og færi með það.

Þessi mál voru rædd í forsætisnefnd Alþingis núna í morgun. Það er alveg ljóst mál að við þurfum að fara yfir reynsluna af starfi þessara rannsóknarnefnda. Við erum að feta okkur inn á nýjar slóðir og lögin um rannsóknarnefndir og ákvæði í þingsköpum Alþingis sem forseti vísaði til hér áðan eru tiltölulega ný af nálinni. Vitaskuld þurfum við að endurskoða þetta. Forsætisnefnd hefur þegar sett af stað vinnu þar að lútandi sem forsætisnefnd hefur þá forræði yfir til þess að reyna að meta reynsluna af starfi þessara rannsóknarnefnda og eftir atvikum taka afstöðu til þess hvort slík vinna kalli jafnframt á lagabreytingu sem Alþingi tæki þá afstöðu til.

[15:07]

#### Karl Garðarsson (F):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Árna Þórs

Sigurðssonar hér áðan vil ég taka það fram að á fundi fjárlaganefndar í morgun var ekki verið að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar heldur komu þangað forstjóri og fjármálastjóri Íbúðalánasjóðs í heimsókn til að ræða um stöðu og horfur hjá þeirri stofnun. Það var alls ekki verið að fjalla um þessa skýrslu sem þingmaðurinn var að nefna.

[15:07]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Karli Garðarssyni fyrir að upplýsa um umfjöllunina í fjárlaganefnd í morgun þó að mér sé algerlega fyrirmunnað að skilja hvernig menn geta fjallað um gjaldprot Íbúðalánasjóðs og þá stöðu sem sjóðurinn er nú í eftir þau alvarlegu mistök sem þar voru gerð án þess að fjalla þá um leið um orsakir þess sem farið er yfir í nefndri skýrslu.

Ég vil svona almennt talað mælast til þess að nefndir þingsins fái að taka á dagskrá og til umfjöllunar þau mál-efni sem undir þær heyrja og þær telja brýnt og minni á að samkvæmt þingsköpum þarf ekki nema þrjú þingmenn í tiltekinni þingnefnd til að biðja um að tiltekið málefni sé tekið á dagskrá þeirrar nefndar og tilteknir aðilar kallaðir fyrir hana, þá skal orðið við því. Ég geri ráð fyrir því að sé slíkt uppi í velferðarnefnd þá hljóti að verða við því orðið. Við hvað eru menn hræddir í opinberri umfjöllun um málefni Íbúðalánasjóðs?

[15:08]

**Valgerður Gunnarsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég sat fund fjárlaganefndar í morgun. Þessi skýrsla var ekki þar til umræðu. Hún lá þar ekki frammi. Það var enginn frá rannsóknarnefndinni þar til að fjalla um hana. Það var verið að ræða um málefni Íbúðalánasjóðs á allt öðrum grunni.

[15:09]

**Karl Garðarsson (F):**

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hv. þm. Helga Hjörvars vil ég bara taka það fram að þessi skýrsla er á borðinu hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Hún er í umfjöllun þar. Þar er búið að skipuleggja ákveðna fundi vegna þessarar skýrslu þar sem farið verður vel yfir hana með gestum. Það mun taka nokkurn tíma og ég held að það sé mjög skynsamlegt ef menn ljúka þeirri umfjöllun áður en farið verður með þetta mál lengra.

[15:10]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil segja að sú umræða sem hér hefur farið fram ítrekar þörfina fyrir að hæstv. forseti og forsætisnefnd taki ákvörðun um hlutverk og meðferð á svona skýrslu. Mistök in í sambandi við skýrsluna um Íbúðalánasjóð eru að hafa ekki kynnt hana sérstaklega fyrir velferðarnefnd strax í upphafi. Við verðum að átta okkur á því að þetta er nefnd sem fer með málefni Íbúðalánasjóðs að öllu leyti og fjallar um alla stefnumótun og grundvallarvinnu og á að meta hvort lög hafi virkað og annað, það heyrir undir velferðarnefnd.

Það er fullkomlega óþolandi fyrir viðkomandi nefnd að

sitja sem áhorfandi í langan tíma án þess að fá bestu upplýsingar um það hver niðurstaðan er úr skýrslunni. Ef svona nefndum er ýtt til hliðar á meðan unnið er að málum á öðrum stað þá hefur eitthvað nýtt komið upp í þinginu og hefur örugglega ekki verið hugmyndin með þeirri stjórnsýslunefnd sem skipuð var. Við eigum að geta unnið úr þessu. Það er greinilegt að ekki er reiknað með því að (Forseti hringir.) einstakar nefndir skoði málið heldur (Forseti hringir.) eiga þær að koma að því eftir svo og svo langan tíma.

[15:11]

**Forseti (Einar K. Guðfínsson):**

Eins og forseti nefndi í upphafi þessarar umræðu þá hafa verið sett tiltekin lög um málsmeðferðina. Í fyrsta lagi eru það lög um rannsóknarnefndirnar og með hvaða hætti þær eiga að skila af sér sínum verkum.

Þar er það ákaflega skýrt að gert er ráð fyrir því að þetta gangi til þeirrar nefndar sem fer með stjórnskipunar- og eftirlitshlutverk hér á Alþingi. Eins og við vitum, hv. þingmenn, þá er það stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í þessu tilviki. Sömmuleiðis er kveðið mjög skýrt á um þetta í lögum um þingsköp Alþingis þannig að hér er eingöngu verið að fara eftir því sem kveðið er á um í lögum. Það er ekki verið að ýta einum eða neinum til hliðar, allra síst einhverjum tilteknum þingnefndum.

Það sem forseti greindi hins vegar frá hér áðan var að forsætisnefnd hefði að minnsta kosti tvívegis rætt þessi mál og komist að þeirri niðurstöðu fyrir allnokkra að það væri mjög nauðsynlegt að fara yfir reynsluna af þessari lagasetningu og reynsluna af framkvæmdinni. Það er ýmislegt í þeim efnum sem við þurfum að hafa þar til hliðsjónar.

Forseti telur það mjög mikilvægt fyrir okkur að við komumst síðan að niðurstöðu um þessi mál. Það er örugglega mjög margt sem hægt er að læra af þeirri reynslu sem við höfum þegar fengið af meðferð þessara skýrslna. Það kann vel að vera að það muni til dæmis leiða til þess að nauðsynlegt verði að breyta lögum, bæði varðandi þingsköpin og enn fremur varðandi lögin um rannsóknarnefndirnar sjálfar. Til þess verður þó Alþingi auðvitað að taka afstöðu þegar að því kemur.

Kjarni málsins í þeirri stöðu sem við erum í núna er sá að rannsóknarnefndin sem skipuð var um Íbúðalánasjóð er einfaldlega ekki lengur að störfum. Lög kveða á um það að hún ljúki hlutverki sínu um leið og hún afhendir þessa skýrslu. Alþingi hefur ákveðið að það sé gert með þeim hætti að þetta mál verði síðan kynnt í videigandi þingnefnd. Vel má vera að það sé skynsamlegt í upphafi að fleiri nefndir eftir atvikum fái aðkomu að slíkri kynningu. Til þess verður Alþingi sjálft að taka afstöðu.

[15:14]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég fagna þeim upplýsingum sem fram koma hjá hæstv. forseta um að forsætisnefnd hafi fjallað um þetta mál. Það er gott að við sem hér störfum, og sérstaklega við sem stýrum nefndum, höfum það á hreinu hvernig verksvið þeirrar nefndar er, hvar verkefni skarast og hvað er hvers. Auðvitað er ekkert vit í því að við séum

að tví- og þrívinnu alla hluti hér. Þess vegna er mikilvægt að við öll hér séum sammála um að fara að þingsköpum og virða þær leikreglur sem við sjálf höfum skapað okkur.

Á síðasta kjörtímabili var búin til ný nefnd. Þeirri nefnd hefur verið falið að fjalla um þá skýrslu sem hér er til umræðu. Að sjálfsögðu verða húsnæðismál áfram til umræðu í velferðarnefnd og þá undir þeim formerkjum. Nefndin sem við sjálf þjuggum til, og ég hélt að þeir flokkar sem nú sitja í stjórnarandstöðu hefðu verið mjög áfram um að búa til, er með sitt verkefni og ég vonast til að henni sé vel stýrt af hv. stjórnarandstöðuþingmanninum Ögmundi Jónassyni.

[15:15]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Það var ekki tilgangur minn að efna hér til langrar umræðu um þetta álitamál eða fara að munnhöggvast um efnið. Ég vil þó þakka hæstv. forseta vorum fyrir að hafa tekið upp þá nýbreytni, sem er til fyrirmyndar, að útskýra í löngu máli hvað hann hyggst fyrir og hvernig hann túlkar mál. Það er til fyrirmyndar vegna þess að það hefur oftlega verið hér að menn spyrja forseta og hafa ekki fengið eitt einasta orð upp úr forseta um hvað hann hyggst fyrir í tilteknum málum.

En það sem þessi umræða hefur þó dregið fram er að það geta verið mjög óljós skil á milli verkefna einstakra nefnda og hvað einstaka nefndir eru að fjalla um. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallar um skýrslu rannsóknarnefndarinnar um það sem liðið er. Síðan tekur eitthvað nýtt við, þ.e. framhaldið og hvernig á að vinna með það, hvaða lögum þarf að breyta o.s.frv. í framhaldinu. Það er að sjálf-sögðu fagnefndin, velferðarnefnd í þessu tilfelli, sem mun fjalla um þau mál að því er varðar húsnæðismálin og Íbúðalánasjóð.

Hver og ein nefnd getur samkvæmt þingsköpum tekið til umfjöllunar mál sem eru á hennar málavíði hvenær sem er og það einnig utan þingtíma, eins og (Forseti hringir.) þingsköpin kveða á um. Mér finnst eðlilegt að velferðarnefnd taki að minnsta kosti þetta mál og framhald málsins til umfjöllunar.

[15:16]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti þakkar viðurkenningarorð í sinn garð og tekur fram að honum þykir lofið gott. Að öðru leyti varðandi það að forseti hafi talað í löngu máli þekkja það þeir sem hafa reynslu af störfum með forseta að hann á það til að tala í nokkuð löngu máli.

[15:17]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að taka fram að ég tel að engin tímamörk eigi að vera á forseta þegar hann skýrir mál sitt gagnvart þingmönnum. En ég verð að játa að ég skil ekki alveg hvert þessi umræða er komin vegna þess að ég þekki það, bæði sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar og umhverfisnefndar hér áður og fyrr, að oft skarast mál milli nefnda, eru til umfjöllunar í fleiri en einni nefnd í senn, fara til umsagnar eða haldnir eru sameiginlegir fundir eftir atvikum. Um rannsóknarskýrsluna má til

dæmis benda á að þar sem hún var til meðferðar var efnahags- og viðskiptanefnd og einnig annarri nefnd þingsins boðið að taka þátt í umfjöllun þeirrar nefndar sem fór með það á sínum tíma og hefði kannski verið rétt að gera það í tilfelli velferðarnefndarinnar.

Ég vona að mönnum sé ekki alvara með að halda því fram að eftir að varið hefur verið 240 milljónum, hygg ég að ég fari rétt með, að rannsóknarnefnd rannsaki málefni Íbúðalánasjóðs þá eigi velferðarnefnd sem á að fjalla um Íbúðalánasjóð allt kjörtímabilið ekki að fá formann nefndarinnar á sinn fund til að upplýsa sig um það hvers hann hefur orðið áskynja í málinu. Eigum við ekki að nýta okkur þá reynslu og þekkingu sem þannig hefur verið (Forseti hringir.) aflagð og kostað til á vegum þingsins. Ég bara spyr. (Forseti hringir.)

#### **Óundirbúinn fyrirspurnatími.**

[15:18]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Til svara eru forsætisráðherra, mennta- og menningar- málaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og innanríkisráðherra.

#### **Aðgangur að landbúnaðarmarkaði ESB.**

[15:18]

#### **Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Nýverið bárust af því fréttir að Mjólkursamsalan væri farin að hafa af því umtalsverðar tekjur að selja skyr í útlöndum með sérleyfi. Svarta hliðin á þessari frétt er sú að skyrið er unnið í útlöndum vegna þess að við höfum ekki aðgang að mikilvægasta útflutningsmarkaði okkar, Evrópusambandsmarkaði, fyrir landbúnaðarvörur. Með öðrum orðum veldur staða okkar inn EES og utan Evrópusambandsins því að við flytjum störf úr landi. Það eru ekki íslenskir bændur sem fá að framleiða mjólk í þetta skyr og það eru ekki íslenskar hendur sem koma að því að vinna þetta skyr fyrir erlenda markaði.

Hæstv. forsætisráðherra er, eins og ég, mikill áhuga- maður um uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs í hinum dreifðu byggðum. En nú er það orðið ljóst, og ljósara en oftast áður með þessu dæmi, að heimóttarskapur okkar getur verulega komið í veg fyrir að við getum nýtt okkur tækifæri til atvinnusóknar í hinum dreifðu byggðum. Það er að sannast enn einn ganginn að vöxtur og viðgangur gamalla atvinnugreina, eins og sjávarútvegs og landbúnaðar, byggir fyrst og fremst á góðum markaðsaðgangi. Þegar hann er ekki fyrir hendi er atvinnusókn í dreifbýlinu í stórrí hættu.

Allt hlýtur þetta að vekja okkur til umhugsunar um hver hin raunverulega atvinnustefna er gagnvart hinum dreifðu byggðum. Stefnið ríkisstjórnin að því að auka markaðsaðgang okkar fyrir landbúnað og sjávarútveg inn á okkar mikilvægasta útflutningsmarkað? Er það markmið ríkisstjórnarinnar? Hvað annað hyggst ríkisstjórnin gera til að styðja við atvinnuþróun í hinum dreifðu byggðum? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að bregðast við því að núna verði IPA-styrkir upp á 3,8 milljarða ekki að veruleika og verði ekki til þess að styðja við fjölbreytta atvinnuþróun í hinum dreifðu byggð-

um? Hefur þessi ríkisstjórn með öðrum orðum einhverja sóknarstefnu fyrir hönd atvinnulífs á landsbyggðinni? Ef svo er væri gaman að heyra í hverju hún felst.

[15:21]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að segja að þessi fyrirspurn gladdi mig vegna þess að mér hefur þótt ákaflega leiðinlegt að heyra þann tón hjá nokkrum af hv. þingmönnum flokks hv. þm. Árna Páls Árnasonar að undirstöðu- vinnugreinarnar, gömlu atvinnugreinarnar, séu á einhvern hátt lakari, séu á einhvern hátt að falla úr gildi, séu eitthvað sem ekki sé hægt að byggja á og þess vegna þurfi að líta annað. En ég gat ekki skilið annað af orðum hv. þingmanns en að hann væri nú ekki þeirrar skoðunar að matvælaframleiðsla, þar með talin framleiðsla á skyri, væri framtíðaratvinnugrein. Það er ánægjulegt að heyra það.

Hins vegar verðum við að sjálfsögðu að gera okkur grein fyrir því að við erum þátttakendur á alþjóðlegum markaði. Til að mynda flytjum við út heilmikið af sjávarafurðum og sköpum vinnu fyrir fólk í Bretlandi og víðar við að vinna úr þeim afurðum. En hingað er ekki flutt kók, svo ég nefni sem dæmi, frá Atlanta, það er ekki allt kók unnið í Atlanta og flutt þaðan um allan heim. Nei, í staðinn selja menn sérleyfi svoleiðis að hægt sé að vinna það á hverjum stað og við getum drukkið hér gosdrykki úr íslenska góða vatninu. Þetta dregur úr flutningskostnaði o.s.frv. Allt telst þetta til kosta við milliríkjaviðskipti. Við Íslendingar verðum að vera virkir þátttakendur í viðskiptum milli landa og það getur falist í því stundum að við leyfum öðrum að framleiða einhverjar vörur sem við höfum fundið upp og þróað. Á endanum er þetta öllum í hag.

Hvað varðar hins vegar sóknaráætlun um framleiðslu — hv. þingmaður nefndi sérstaklega landsbyggðina — skiptir þar auðvitað sköpum eins og við höfum fengið að heyra aftur og aftur í umræðunni að undanförunum að þeir sem eru með góðar hugmyndir, og þær eru margar og uppbyggilegar, fái svigrúm og tækifæri til að hrinda þeim í framkvæmd. Eins og haldið hefur verið á málum er nánast engin hugmynd svo einföld og svo augljóslega góð að hún komist áfram í gegnum kerfið án þess að menn þurfi að sækja um að minnsta kosti 20 leyfi, oft 50 leyfi, fara fram og til baka milli stofnana og lenda oft í sjálfheldu með það.

Besta leiðin er því sú að (Forseti hringir.) leyfa fólk að spreyta sig með sínar hugmyndir.

[15:23]

**Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég er litlu nær um sóknarstefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart hinum dreifðu byggðum eftir þessa ræðu. Helst þótti mér mega heyra á forsætisráðherra að það væri bara óæskilegt af okkur að vera að efna til aukinnar atvinnustarfsemi úti um land. Við ættum frekar að flytja þessi störf úr landi. Það væri hluti af því að vera góður alþjóðasinni og aðhyllast alþjóðaviðskipti.

Ég kaupi ekki þau alþjóðaviðskipti að flytja störf úr landi. Ég held að þvert á móti hafi saga okkar sýnt að vel-sæld okkar hefur aukist þegar okkur hefur tekist að flytja

verðmæt störf inn í landið. Það tókst okkur með EES-samningnum árið 1993 þegar íslenskur sjávarútvegur fékk rýmri heimildir til að flytja sjávarafurðir inn á Evrópumarkað og hér jókst vinnsluvirði afurðanna og störf urðu til um allt land.

Með nákvæmlega sama hætti þarf að losa landbúnaðinn og aðra matvælaframleiðslu í landinu úr álögum, hleypra kraftinum lausum og gefa fólk færi á að sækja inn á markaði í öðrum löndum. Íslensk matvælaframleiðsla á mikla framtíð fyrir sér en hún þarf fyrst og fremst á því að halda að hafa ríkisstjórn sem opnar markaði fyrir útflutninginn.

[15:24]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson) (F):**

Virðulegur forseti. Við erum að opna markaði um allan heim, ekki hvað síst á þeim svæðum þar sem menn horfa fram á mestan vöxt í framtíðinni. Það verður stöðnun eða samdráttur til að mynda á evrusvæðinu næstu árin, jafnvel næstu áratuginu, og þess vegna er ríkisstjórnin með metnaðarfulla áætlun um að sækja fram á nýjum mörkuðum, þeim mörkuðum sem eru vaxandi.

Það er líka ljóst að eftirspurn eftir matvælum í heim- um mun aukast jafnt og þétt og menn spá því að verð matvæla muni hækka í fyrirsjáanlegri framtíð. Í þessu liggja auðvitað mikil sóknarfæri fyrir íslenska matvælaframleiðslu.

Hv. þingmaður talaði um störf við framleiðslu á skyri sem verðmæt störf. Ég mundi reyndar vilja sjá fólk sem er að vinna við matvælaframleiðslu á Íslandi, úrvinnslu matvæla, með betri laun. Vonandi verða þetta verðmæt störf. Það eru að minnsta kosti öll tækifæri til þess að gera störf við vinnslu og framleiðslu matvæla verðmætari en nú er vegna þeirrar heimsþróunar sem við horfum fram á en til að það megi verða verðum við að horfa á heiminn allan sem tækifæri.

*Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlauslausa.*

[15:25]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur verið töluverð umræða um þá stöðu sem upp er komin varðandi túlkaþjónustu fyrir heyrnarlauslausa. Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs voru nýlega staðfest á Alþingi með stuðningi allra þingmanna og var það stór dagur í baráttusögu táknaðsins. Alla tíð hefur samt reynst mjög erfitt að festa í sessi réttinn til túlkaþjónustu í daglegu lífi en í því felst til dæmis túlkaþjónusta á húsfundum og samskipti við fjármálastofnanir, lögmennt, fasteignasala og fleiri.

Stór þáttur í túlkaþjónustu í daglegu lífi felst í túlkun á vinnustöðum auk þess sem túlkaþjónusta er mikilvægur þáttur foreldra í tómsunda- og menningarstarfi barna sinna. Þetta er saga langrar baráttu en það var mikið fagnaðarefni þegar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, tók af skarið með því að tryggja fjármagn í sjóð sem var sérstaklega ætlaður til túlkunar af þessu tagi. Þetta var árið 2004. Allt frá þeim tíma til dagsins í dag hefur verið tryggt sérstök fjárveiting til endurgjaldslausrar túlkaþjónustu í daglegu lífi.



Nú er svo komið að fjárveiting þessa árs til umræddrar túlkabjónustu er upp urin og athygli hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra Illuga Gunnarssonar vakin á því. Ráðherrann hefur í framhaldinu tilkynnt að ráðuneytið hafi ekki tök á að mæta þörf á auknu fjárframlagi í sjóðinn og vísar til nefndarstarfs. Táknmálstandi fólk stendur frammi fyrir þeim vanda að fá ekki endurgjaldslausu túlkun í daglegu lífi og í því felst að þau sem reiða sig á táknmál geta ekki sinnt daglegum skyldum sem íbúar í fjöleignarhúsi, ekki sem starfsmenn og ekki sem foreldrar.

Í nýjum lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er mælt fyrir um að íslenskt táknmál sé jafn rétt-hátt íslensku. Samkvæmt sömu lögum er óheimilt að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstaklega sagt að styrkja þurfi stöðu íslenska táknmálsins. Hvaða þýðingu hafa yfirlýsingar um að það þurfi að gera í þessu sambandi og hvernig samrýmist ákvörðun ráðherra, að mæta ekki þörf fyrir fjárveitingu vegna endurgjaldslausar túlkabjónustu fyrir heyrnarlausu í daglegu lífi, bæði lögum um táknmál og stefnu ríkisstjórnarinnar?

Því er spurt: Ætlar mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða þessa ákvörðun sína og tryggja fjárveitingu til að mæta umræddri þörf?

[15:28]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það er rétt að hafa í huga þegar rétt er um túlkabjónustu að sá sjóður sem hér er um að ræða er langt í frá einu fjármunirnir sem varið er til þessa verkefnis. Ég vek til dæmis athygli á því að ætlað er að á þessu ári muni menntamálaráðuneytið greiða á bilinu 30–40 milljónir í túlkabjónustu vegna framhaldsskólans. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fær úr ríkissjóði ríflega 90 milljónir á ári. Þar fyrir utan hefur stofnunin um það bil 80 milljónir í sértekjur vegna túlkabjónustu, þ.e. fjármunir sem stofnunin getur rúkað inn, m.a. og einkum og sér í lagi frá opinberum aðilum sem greiða fyrir þá bjónustu til að tryggja táknmálspjónustu fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta. Mér hefur fundist nokkuð bera á því í þessari umræðu að það sé talað eins og öll bjónustan felist í þessum eina sjóði.

Nú er sú staða komin upp að þeir fjármunir sem ætlað var til þessa sjóðs eru alveg upp urnir. Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður og fyrirspyrjandi hefur bent á. Vandinn er einkum og sér í lagi vegna þess að tekin var ákvörðun um það fyrir nokkru og staðfest í maímánuði að hækka gjaldskrána fyrir túlkabjónustuna um 45%. Sú ákvörðun var kynnt í ríkisstjórn Íslands í febrúarmánuði á þessu ári þar sem hv. fyrirspyrjandi átti sæti. Engir aukafjármunir voru þá látnir renna til þessa máls. Með því að taka ákvörðun um að hækka gjaldskrána um 45% án þess að láta fjármuni fylgja var með öðrum orðum tekin ákvörðun um það með beinum hætti að draga úr bjónustu við heyrnarlausu og heyrnarskerta. Maður getur ekki með annari hendinni ákveðið að hækka gjaldskrána um 45% og síðan einhvern veginn vonað að það komi fjármunir (Forseti hringir.) eða það sé hægt að halda uppi bjónustunni án þess að fjármun-

irnir komi. (Forseti hringir.) Um leið og tekin var ákvörðun um hækkan gjaldskrár hefði átt að taka ákvörðun um aukna fjármuni til þessarar mikilvægu bjónustu.

[15:30]

#### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Það er reisin yfir því að benda á aðra í þessu efni. Núna er ráðherrann hér, núna er hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra sá sem situr við borðið þar sem ráðum er ráðið.

Það er tryggt fjármagn í skóla og heilbrigðisbjónustu og ýmsa aðra bjónustu fyrir heyrnarlausu en það er líka svo að frá og með deginum í dag geta heyrnarlausir ekki tekið þátt í daglegu lífi, þeir geta hvorki tekið þátt í húsfundum né félagsstarfi barnanna sinna. Það er veruleikinn og við honum á hæstv. ráðherra að bregðast með öðrum hætti en þeim að stunda hér sakbendingar á þessu lága plani.

[15:31]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegur forseti. Hér var ekki um neina sakbendingu að ræða. Hér var verið að útskýra tildrög málsins, hvers vegna staða sjóðsins væri sú sem hún er, þ.e. það var kynnt í fyrirverandi ríkisstjórn að það ætti að hækka gjaldskrána um 45%. Það var síðan samþykkt af fyrirverandi ráðherra án þess að fjármunir væru veittir til þessa máls. Ég er að gera athugasemd við það.

Virðulegi forseti. Vegna þess að þetta er alvarlegt mál mun ég hafa samband við formann þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar til að meta þau úrræði sem þyrfti að grípa til á grundvelli þeirrar skýrslu sem nú liggur fyrir um stöðu þessa málaflokks og ætlað var að mundi skila tillögu til okkar einhvern tíma undir áramótin. Ég mun hafa sambandi við formanninn og fara fram á það að reynt verði að flýta sem mögulegt er vinnu nefndarinnar þannig að við getum brugðist heildstætt við þessu. Ég mun jafnframt funda með velferðaráðherra um þetta mál af því að ég er alveg klár á því, virðulegi forseti, að þetta er ófremdarástund. Enn og aftur eru tildrög málsins samt þau að það var ákveðið að hækka gjaldskrána um 45%, ákveðið að hafa sömu bjónustu 45% dýrari án þess að (Forseti hringir.) setja í það aukna fjármuni. Það er það sem ég átel, virðulegi forseti.

#### *Vegalagning um Gálgahraun.*

[15:33]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Í dag er merkilegur dagur. Í dag er dagur íslenskrar náttúru. Til hamingju með hann, kæru hv. þingmenn.

Mig langaði að spyrja hæstv. innanríkisráðherra eftirfarandi:

Gálgahraun var friðlýst árið 2009. Verndargildi Gálga-hrauns liggur meðal annars í því hversu ósnortið það er. Forsendur friðlýsingarinnar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarmínjar.

Forseti. Í dag má gera ráð fyrir því að stórvirkar vinnu-vélar byrji að ryðja brautina fyrir nýjan Álfanesveg í

Gálghrauninu. Í dag er dagur íslenskrar náttúru. Til hamingju.

Forseti. Helstu náttúruverndarsamtök landsins hafa mótmælt þessum fyrirhuguðu vegaf framkvæmdum í Gálghrauni og fóru fram á lögban á framkvæmdirnar hjá sýslumanni Reykjavíkur. Synjun sýslumanns um lögban hefur verið kærð til dómstóla og málið verður þingfest næsta föstudag.

Forseti. Umhverfismat fyrir nýjan Álfanesveg rann út árið 2012. Málaferli vegna framkvæmdanna eru hafin. Ég vil því spyrja hæstv. innanríkisráðherra í fyrsta lagi hvers vegna nýs umhverfismats er ekki aflað áður en framkvæmdir hefjast og í öðru lagi hvort hæstv. ráðherra telji ekki að rétt hefði verið að fresta framkvæmdum meðan málaferli standa yfir, enda ljóst að um óafturkræfar aðgerðir er að ræða.

[15:34]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda spurninguna. Staðan í þessu máli er einfaldlega sú, eins og þingheimur þekkir mætavel, að umfjöllun um þetta viðfangsefni og ákvörðun um þessa framkvæmd er löngu tekin og málið er löngu búið að ganga allan sinn rétta, eðlilega og lögbundna feril. Það er langt síðan þannig var um hnútana búið og er það hluti af samgönguáætlun sem var staðfest á Alþingi.

Hins vegar var það þannig að þegar ný ríkisstjórn tók við og eitt af þeim verkefnum sem lágu á mínu borði þá var bréf sem þáverandi innanríkisráðherra, hv. þm. Ögmundur Jónasson, hafði sent til hlutadeigandi þar sem hann óskaði eftir að reynt yrði, eina ferðina enn, að setjast yfir verkefnið og athuga hvort einhver flötur væri á sátt. Ég hitti þess vegna fulltrúa Vegagerðar, fulltrúa Garðabæjar og fulltrúa Hraunavina sem hvað helst hafa beitt sér í þessu máli og í ljós kom eftir þá yfirferð að flötur til sátta var ekki til staðar. Hugmyndir Hraunavina um aðgerðir til breytinga voru einfaldlega þannig að þær hefðu kallað á algerlega nýtt skipulag og lutu að því að vegstæðið skyldi vera á allt öðrum stað en það er núna. Það var ekki vilji af hálfu fulltrúa Garðabæjar til að breyta því vegna þess að þeir hafa, eins og þingheimur þekkir, lengi beðið eftir þessum umbótum, telja þetta mikið öryggismál í sveitarfélagi sínu. Slys þarna hafa verið tíð og alvarleg þannig að það er mikið hagsmunamál fyrir þetta sveitarfélag að þar verði breyting á. Þannig er staðan í verkefninu.

Það er ekki í boði, hv. málshefjandi og þingmaður, að innanríkisráðherra blandi sér í málið á þessu stigi. Það er komið á lokapunkt. Það er komið til framkvæmda eins og þingmaðurinn benti á þannig að það heldur áfram eins og við má búast og var samþykkt hér fyrir margt löngu.

[15:36]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ef málið er í ákærufarli og úrskurðað verður um það á föstudaginn er ferlinu ekki lokið, hinu lögformlega ferli. Það liggur alveg í hlutarins eðli.

En finnst hæstv. innanríkisráðherra það ekki svolítið sorglegt og eiginlega ómurlagt að farið sé í þessar fram-

kvæmdir, eins umdeildar og þær eru, á degi íslenskrar náttúru?

Það er þannig í samfélagi okkar að málefni er lúta að því að náttúran njóti vafans þegar farið er í aðgerðir sem eru óafturkræfar — það er alla vegana þannig í huga margra að náttúran eigi að njóta vafans.

Af hverju er það svo, hæstv. ráðherra, að sjónarmið Garðabæjar eru höfð ofar sjónarmiðum Hraunavina? Af hverju var ekki reynt að finna farveg þar sem allir voru sáttir ef í raun var komið fram með lausnir? (Forseti hringir.) Ég ítreka: Af hverju? (Forseti hringir.) Það væri gagnlegt að fá rök fyrir því af hverju ráðherra lítur svo á að ferlinu sé lokið ef ekki (Forseti hringir.) er búið að ganga frá þessu ákærumáli.

[15:38]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Það er ekki hlutverk innanríkisráðherra, það er þrískipting ríkisvalds á Íslandi. Málshefjandi kom sjálf inn á það að héraðsdómur í Reykjavík hefði tekið ákveðna ákvörðun og þá er það ekki innanríkisráðherra að ganga í málið og breyta þeirri ákvörðun. Þar var ekki talið að um nýtt mál væri að ræða og þar var heldur ekki talin ástæða til að stöðva framkvæmdir.

Svo er ég ekki viss um að hv. fyrirspyrjandi hafi hlustað á orð mín. Ég sagði hátt og skýrt að það hefði ekki verið nein forsenda til sátta í málinu. Það kom ekki fram nein lausn sem var talin lausn til sátta. Hraunavinir komu með tillögu um breytingu sem laut að því að gera verkefnið algjörlega gjörólíkt því sem það var og setja vegstæðið í sama vegstæði og það er núna en ekki nýju vegtenginguna. Það er ekki það sem Garðabær stefndi að. Það hefði verið eina leiðin ef skipulagsyfirlönd þar og bæjaryfirlönd hefðu talið flöt á því að fara aðra leið.

Hvaða dagur sem er í dag — til hamingju með daginn! — þá þarf líka að gæta að því, og þar hafa bæði fulltrúar Vegagerðarinnar og Garðabæjar talað hátt og skýrt, að þetta er talið mikið öryggisatriði (Forseti hringir.) og varðar mannlíf. Það skiptir líka miklu máli. (Gripid fram í.)

*Fjárhagsstaða háskólanna.*

[15:39]

**Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég vil beina athyglinni að fjárhagslegri stöðu háskóla hér á landi. Háskólamenntun og rannsóknir eru grundvöllur atvinnusköpunar og velferðar samfélagsins. Undanfarin ár hafa orðið stórstígar framfarir í rannsóknum og sköpun þekkingar í háskólum hér. Á sama tíma hefur aðsókn að háskólanámi stóraukist en fjárframlög minnkað umtalsvert. Svo dæmi sé tekið af Háskóla Íslands hefur fjöldi nemenda aukist um 20% undanfarin fimm ár. Fjárframlög til skólans hafa á sama tíma minnkað um 20%. Fjárög duga ekki til að standa undir kennslu og rekstri. Álag á starfsfólk og nemendur hefur aukist verulega. Kjör stundakennara eru óviðunandi og þar þarf að gera grundvallarbreytingu til að tryggja áframhaldandi framlag stundakennara.

Niðurskurður í fjárveitingum til háskóla getur ógnað mikilvægum vaxtarbroddum framtíðar og möguleikum okkar til að tryggja þekkingu, þjálfun og fagmennsku starfsstétta. Jafnframt getur niðurskurður haft neikvæð áhrif á tækifæri til samstarfs, rannsókna, tekju- og styrkjaöflunar erlendis. Nú þegar hafa háskólar hér á landi misst mjög hæft starfsfólk vegna óhóflegs álags, bágra launakjara og ófullnægjandi starfsaðstöðu.

Ég vil spyrja hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra hvaða áætlanir liggja fyrir á næsta kjörtímabili til að tryggja opinberu háskólunum fullnægjandi rekstrarfé til þess að sá grunnur sem hefur verið lagður undanfarna áratugi veikist ekki.

[15:41]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Með yðar leyfi vil ég byrja svar mitt á því að óska hv. fyrirsprjanda til hamingju með að hafa undirritað eiðstafinn og býð hana velkomna hingað. En hvað varðar fyrirsprunguna um stöðu háskólanna er það alveg hárrétt sem fyrirsprjandi vekur hér máls á, að staða þeirra er einfaldlega ekki nógu góð. Ég held að það skipti engu máli hvar í flokki menn standa hvað það mál varðar, við vitum að þegar við berum saman fjárhagsstöðu háskólanna og háskólastígsins hér við það sem gerist til dæmis í OECD-löndunum, alveg sérstaklega annars staðar á Norðurlöndunum, þá sjáum við að háskólastigið hér stendur ekki nógu vel og það stendur veikt í fjárhagslegum skilningi.

Þó skal sagt að það er reyndar alveg ótrúlegt hve háskólunum hefur tekist að vinna góða vinnu á Íslandi og hvað þeir hafa náð miklum árangri til dæmis í rannsóknarstarfi á alþjóðlegum vettvangi þrátt fyrir að þeim sé svona þröngur stakkur skorinn. Við erum í sömu stöðu varðandi þessi mál eins og til dæmis heilbrigðiskerfið; allt markast það nú af stöðunni í ríkisfjármálum og staðan í ríkisfjármálum er auðvitað erfiðari en menn ætluðu og við því er verið að bregðast. Þess vegna er almenn niðurskurðarkrafa á alla málaflokka, hvort heldur sem um er að ræða heilbrigðismál, menntamál, félagsmál eða aðra málaflokka sem ríkið ber meginábyrgð á.

En hvað varðar framtíðina er rétt að geta þess að ég hef til dæmis fundað með rektor Háskóla Íslands, af því að sérstaklega var spurt um opinberu háskólana, um hvernig við getum hagað stefnumótun hér til næstu ára og með hvaða hætti slík stefnumótunarvinna eigi að eiga sér stað til þess að samræma alla krafta og leggja grunn að framfarisókn fyrir opinberu háskólana. Ég tel reyndar að það eigi að gilda um alla háskóla. Ég held að það sé réttast að tala um háskólakerfið í heild sinni en úr því að sérstaklega var spurt um opinberu háskólana þá svara ég þessu til.

[15:44]

#### **Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Ég þakka hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra svarið. Ég vil sérstaklega vekja aftur athygli á brothættri stöðu háskólanna varðandi rannsóknir og styrki og samstarf við erlenda aðila, eins og hæstv. mennta- og menningarmálaráðherra nefndi réttilega. Ég vil taka fram að vel hefur

gengið með rannsóknir og styrkjafé og frá árinu 2008 hefur Háskóla Íslands tekist að þrefalda erlendar tekjur vegna rannsókna og rannsóknarsamstarfs við erlenda aðila. Það eru 1,4 milljarðar á ári. Þar er um að ræða mjög mikilvæga tekjulind og viðkvæmt fyrirbæri sem þolir varla meira en orðið er.

[15:44]

#### **Mennta- og menningarmálaráðherra (Illugi Gunnarsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé enginn ágreiningur á milli mín og hv. fyrirsprjanda um þetta mál, þ.e. um mikilvægi háskólastarfsins, rannsóknarstarfsins og þess að háskólar hér á Íslandi eigi í nánun og góðu samstarfi við háskólastofnanir erlendis. Um nokkuð langa hríð hefur verið unnið jafnt og þétt að því að bæta við fjármuni til rannsókna. Samkeppnissjóðirnir eru þar með taldir. Það er því kannski rétt að horfa á kerfið í heild, þ.e. rannsóknarsjóðina og háskólana, en aðalatriðið er að ég held að það sé mjög góður samhljómur þvert á alla flokka um mikilvægi þessa máls. Þegar horft er nú til framtíðar þá reynum við að gera allt sem við getum á næstu árum til að auka fjármagn til þessarar starfsemi.

Virðulegi forseti. Það breytir ekki því, og það er auðvitað að hið sorglega í málinu, að staða ríkisfjármála er eins og hún er. Hún er verri en við ætludum og það þarf auðvitað að leysa það mál vegna þess að annars verðum við ekki fær um að byggja upp eitt eða neitt hér, hvorki í menntamálum, heilbrigðismálum (Forseti hringir.) né velferðarmálum. Þannig er staðan, virðulegi forseti.

#### *Skuldaleiðrétting fyrir heimilin.*

[15:46]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Við áhugafólk um nýtt heimsmet í skuldaleiðréttingum höfum talsvert spurt að því eftir kosningar hvenær væri að vænta efnda á þeim kosningaloforðum sem gefin voru í skuldamálanum. Hæstv. forsætisráðherra svaraði því fyrir sitt leyti hér á sumarþinginu að þess væri að vænta í nóvember þegar kæmu tillögur um aðgerðir frá starfshópum sem skipaðir hafa verið. Og hann hefur lýst því opinberlega að þetta séu ekki nefndir heldur starfshópar vegna þess að búið sé að taka ákvörðunina og verkefni þeirra sé að útfæra aðferðir við framkvæmdina. Ég hef þess vegna skilið það þannig að von sé á ákvörðunum í skuldamálanum í nóvember eða kannski desember eftir einhverja umfjöllun eða a.m.k. væri að vænta ákvarðana í skuldamáli um á yfirstandandi ári, á árinu 2013.

Þá ber svo við að í umfjöllun um frumvarpið um Hagstofuna, sem er á dagskrá síðar í dag, kemur fram að upplýsinga um skuldastöðu einstaklinga sé ekki að vænta fyrr en í mars. Þegar við spyrjum hvort ekki eigi að nota þær upplýsingar til að taka ákvarðanir þá svara einstaka stjórnarliðar okkur því til að þó að niðurstöður þessara starfshópa eigi að liggja fyrir í nóvember þá verði ákvarðanir ekki teknar fyrr en hugsanlega eftir marsmánuð, þ.e. í apríl, maí eða síðar. Þá verði hægt að nota upplýsingarnar þegar ákvarðanirnar verða teknar.

Hæstv. forsætisráðherra hefur talað mjög skýrt í þessum efnunum, því vil ég spyrja hvort ég hafi misskilið þetta eitt-hvað, hvort ekki sé að vænta ákvarðana á þessu ári, hvort það sé þannig að menn ætli ekki að taka ákvarðanir í þessum málum fyrir en í apríl/maí eða síðar. Og ef ákvarðana eða tillagna er ekki vænta á haustþinginu frá ríkisstjórninni er þeirra þá að vænta á vorþinginu 2014 eða haustþinginu 2014 eða jafnvel síðar, því að auðvitað getur þessi upplýsingaöflun dregist, sérstaklega ef hún fer fyrir dómstóla. En sannarlega þeim mun fyrir, þeim mun betra, hæstv. forsætisráðherra.

[15:48]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)****(F):**

Virðulegur forseti. Mér heyrir hv. þingmaður vera nokkurn veginn með þetta á hreinu þó að ég geti auðvitað ekki frekar en hv. þingmaður sagt til um hvenær þingið lýkur störfum. Ég geri ráð fyrir að þingið muni vilja hafa eitt og annað um þessi mál að segja þegar sérfræðihóparnir skila af sér niðurstöðum sínum og leiðbeiningum.

Hvað varðar hins vegar frumvarpið um Hagstofuna hefur þegar verið bent á að mikilvægt sé að þetta tæki sé til staðar til þess að menn geti þá fylgst með því að þær aðgerðir sem ráðist er í séu framkvæmdar í samræmi við það sem menn ætla sér og hafi tilætluð áhrif. Nú efast ég ekki um að hv. þm. Helgi Hjörvar mun styðja þessar aðgerðir en ég hef hins vegar grun um að einhverjir gætu séð sér leik á borði í því að gagnrýna þær á ýmsum forsendum. Þá er mikilvægt að ríkisvaldið sé með allar upplýsingar til að geta fylgt þessu eftir og sýnt fram á að þetta sé allt framkvæmt á réttan hátt. Þegar koma upp álitamál, þegar einhver heldur því fram að ekki sé verið að gera hlutina eins og til stóð þá verði til staðar upplýsingar til að sýna fram á að verið sé að gera þetta eins og til stóð.

Það er hins vegar mjög sérkennilegt að hlusta á þessa umræðu alla um frumvarpið sem síðasta ríkisstjórn afgreiddi á ríkisstjórnarfundi en reyndar ekki sem frumvarp. Menn töldu sig ekki einu sinni þurfa að taka þetta mál fyrir þingið vegna þess að það væri svo smávægilegt. Það var afgreitt í ríkisstjórn, sett var fjárveiting í þetta og þá gekk málið miklu lengra en nú þegar nefndin er búin að fara yfir það og lagfæra. Ekki nóg með það, heldur var rökstuðningur síðustu ríkisstjórnar í raun sá sami og sá rökstuðningur sem nú hefur komið fram. Það að ætla að leggjast gegn þessu máli núna, öll sú umræða af hálfu stjórnarandstöðunnar eða mikill hluti hennar sem við höfum horft upp á hér að undanförmu er mjög sérkennilegur í ljósi þess að það var síðasta ríkisstjórn sem taldi sig geta tekið þetta mál fram hjá þinginu því að það væri það smávægilegt að ekki þyrfti einu sinni að ræða það hér.

[15:50]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Án þess að ég ætli í efnislega umfjöllun um hagstofumálið undir þessum dagskrárlið er rétt að halda því til haga við hæstv. forsætisráðherra að áhyggjur manna snúa að því hvort málið standist stjórnarskrá lýðveldisins og ég held að það séu eðlilegar áhyggjur að hafa í löggjafarsamkundunni sjálfri.

Ég skil svar hæstv. forsætisráðherra á þann veg, og bið hann að staðfesta það, að þó hann svari ekki fyrir þingið og hvenær þingið tekur sína ákvörðun þá standi það að vænta megi tillagna ríkisstjórnarinnar um nýtt heimsmet í skuldaleiðréttingum í nóvember nk. Þegar starfshóparnir hafa útfært aðgerðir sem ákveðið hefur verið að fara í. Ef það er eitthvað seinna, þó það sé ekki nema í desember, þá bið ég hæstv. forsætisráðherra að taka það fram, að ekki sé talað um ef tillagna er ekki að vænta fyrir en á vorþinginu. Við vitum það öll í þessum sal að þúsundir og jafnvel tugþúsundir manna bíða úti í samfélaginu býsna óþreyjufullir og margir í erfiðri stöðu. Það skiptir máli að þeir viti hvaða tímasetningar gilda í þessum stóru og mikilvægu málum.

[15:51]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)****(F):**

Virðulegi forseti. Tillögur ríkisstjórnarinnar liggja fyrir í stjórnarsáttmála. Vinna sérfræðihópanna er við að útfæra framkvæmd þeirra tillagna og ég ætla rétt að vona að menn geti framkvæmt mjög hratt og vel í samræmi við útfærslur sérfræðihópanna og að hv. þingmenn muni ekki standa í veg fyrir því, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Helgi Hjörvar verði stuðningsmaður þessa máls og muni aðstoða okkar við að það fari sem hraðast hér í gegn. Ef hv. þingmaður getur haft áhrif á félagi sína í stjórnarandstöðunni í þá veru mun það gagnast mjög og flýta því að þessi mál komist öll í framkvæmd.

[15:52]

**Útbýting:**

Hagstofa Íslands, 14. mál, rökst. dagskrá HHG o.fl., þskj. 117.

**Almannatryggingar, 3. umr.**

Frv. velfn., 35. mál (breytt orðalag ákvæðis til bráða-birgða). — Þskj. 94.

Enginn tók til máls.

**ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[15:53]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPS, ÁsF, BÁ, BjG, BjÓ, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GuðbH, HBK, HarB, HE, HHG, HHj, JMS, JónG, JbÓ, KG, KLM, LRM, LínS, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, RR, SDG, SII, SigrG, SigrM, SiLG, SJS, SSv, UBK, VBj, ValG, VilÁ, VilB, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

16 þm. (ÁsmD, BirgJ, BjarnB, GÞP, GStein, GBS, HöskÞ, IllG, KJak, KaJúl, KÞJ, REÁ, SII, VigH, WÞP, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 118).

### Hagstofa Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). — Pskj. 115, till. til rökst. dagskrár 117.

[15:54]

#### Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F):

Virðulegi forseti. Nú er komið að 3. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum, ásamt breytingartillögu og nefndaráliti meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem lagt var fram við 2. umr. um málið. Allsherjar- og menntamálanefnd hittist á einum fundi milli 2. og 3. umr. og á þeim fundi reyndist ekki grundvöllur fyrir frekari vinnu með málið. Ég þakka hv. þingmönnum sem til máls tóku við 2. umr. en langar að fara yfir nokkur atriði varðandi frumvarpið sem ég tel mikilvægt að haldið sé til haga.

Úrbætur varðandi skuldir heimila og fyrirtækja hafa verið eitt meginviðfangsefni íslenskra stjórn mála frá bankahruninu 2008 og eru nú eitt helsta forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Allir helstu hagsmunaaðilar og ríkisstofnanir, sem hafa tjáð sig um skuldavandann, benda á að áreiðanlegar, ítarlegar og reglulega uppfærðar upplýsingar um stöðu mála skortir. Í gegnum tíðina hefur það verið vandamál að í hvert sinn sem stjórnvöld eða þingmenn óska eftir upplýsingum um þetta efni hefur tekið langan tíma að safna þeim saman frá lánastofnunum og engin samræmd aðferðafræði við úrvinnslu gagna verið við lýði.

Þá að nauðsyninni. Jafnvel þótt lagaheimild sé skýr og almannahagsmunir ríkir þá er mikilvægasta skilyrðið sem þarf að uppfylla það hvort nauðsyn beri til að grípa inn í réttindi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Undir þessa spurningu falla atriði eins og það hvort meðalhófs sé gætt, hvort úrræðið sé til þess fallið að mæta þörfum stjórnvalda og hagsmunamats. Til þess að geta tekið skynsamlegar ákvarðanir um opinber málefni þurfa vandaðar upplýsingar um stöðu mála og áhrif ákvarðana að liggja fyrir. Frumvarp það sem hér um ræðir lýtur að því að skapa forsendur fyrir skynsamlegri ákvarðanatöku varðandi úrbætur í skuldamálum heimila og fyrirtækja. Jafnframt verða skapaðar nauðsynlegar forsendur til að fylgjast með árangri aðgerða og meta árangurinn. Þær ákvarðanir sem hér um ræðir geta haft verulega þýðingu fyrir heimili og fyrirtæki og efnahagslíf í landinu almennt og því veltur á miklu að vel takist til.

Það er alveg rétt, sem komið hefur fram við meðferð málsins, að sérfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar, um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, á að skila af sér í nóvember næstkomandi. Vegna þess hve það hefur dregist að Hagstofa Íslands gæti hafið það verkefni sem frumvarpið snýst um verða fyrstu tölfræðiskýrslurnar ekki tilbúnar á þessu ári. Nefndin um höfuðstólslækkun mun því þurfa að byggja á öðrum gögnum og eins og fram hefur komið í meðförum þingnefndar telur hún að það sé gerlegt. Hins vegar ber að líta á það að frá nefndinni munu einungis koma tillögur miðað við ákveðnar forsendur sem gefnar eru í þingsályktun Alþingis frá því í sumar. Það er hins vegar

mjög brýnt að áður en þeim tillögum verður hrundið í framkvæmd, eða samhliða og áður, gefist tækifæri á að veða þær og meta á grundvelli sem besta upplýsinga. Það er þá sem tölfræðiskýrslur Hagstofunnar munu reynast nauðsynlegar. Þær munu gera kleift að meta hvernig leiðrétting mun dreifast til lántaka og hverjum hún mun gagnast. Jafnframt ber að ítreka að þegar ákvarðanir hafa verið teknar og tillögum hrundið í framkvæmd af hálfu stjórnvalda þarf að fylgjast með því hvernig gengur að framfylgja ákvörðunum og síðan hvort aðgerðir skili tilætluðum árangri.

Fyrirhugað afnám verðtryggingar og breytingar sem þá munu verða á samsetningu lánasafns heimilanna eru einnig þess eðlis að mjög mikilvægt verður að hafa tæki til að fylgjast vel með því hver áhrifin verða á fjárhag þeirra. Sama á við um fyrirtækin í landinu. Burt séð frá aðgerðum stjórnvalda í þágu skuldsettra heimila, og eftir atvikum fyrirtækja, sýnir reynslan að mjög mikilvægt er að hafa sem bestar upplýsingar um þróun mála í þessum efnum. Tölfræðiskýrslur Hagstofunnar munu því verða mikilvægur hagsvísir á meðan lagaheimildin er til staðar.

Svo aðeins að því hvers vegna upplýsingar þær sem Hagstofan hefur nú eru ekki nægjanlegar til að gefa ítarlega mynd af skuldum einstaklinga og því nægja niðurstöður skattframtala því ekki. Greiðslubyrði verður ekki metin af framtalsgögnum því að þar vantar upplýsingar um afborganir annarra lána en tekin eru vegna húsnæðiskaupa en þær upplýsingar eru nauðsynlegar við mat á greiðslustöðu sem og upplýsingar um tegundir eða kjör annarra lána en tekin eru til öflunar á húsnæði. Þær er heldur ekki að finna upplýsingar um greiðsluvanda ef um hann er að ræða og ekki heldur upplýsingar um áhrif aðgerða sem gripið hefur verið til til að laga greiðslu- eða skuldavanda. Þannig vantar á að grunnupplýsingar séu fyrir hendi en þessara upplýsinga þarf að afla til að fá sem réttasta heildarmynd.

Hvers vegna er ekki hægt að ganga skemmra varðandi öflun upplýsinga með því að velja úrtak úr gögnum?

Lög nr. 163/2007 gera ráð fyrir því sem meginreglu að Hagstofan afli ekki meiri gagna en nauðsynleg eru til að sinna tilteknu verkefni, samanber t.d. 1. mgr. 6. gr. Það er áreitt að breytingartillögu meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar við frumvarpið þar sem segir að Hagstofa Íslands skuli tryggja að upplýsingaöflun gangi ekki lengra en þörf krefur til að þjóna markmiðum lagsætningarinnar. Í verkefninu sem til umfjöllunar er er gert ráð fyrir að safna heildartölum um skuldir heimila og fyrirtækja í mjög ítarlegri sundurliðun og með mikilli tíðni gagnabirtinga. Notkun á úrtaksaðferðum hefði ýmsa annmarka í för með sér og mjög óljóst hver úrtaksramminn ætti að vera. Rannsókn sem mundi byggjast á spurningum sem beint væri til heimila með þeirri tíðni sem gert er ráð fyrir fæli í sér allt aðra nálgun og væri verulega umfangsmeiri. Úrtak þyrfti að vera mjög stórt sem hefði í för með sér mikla svarbyrði lántaka. Þá væri mikil hætt á skekkjum vegna þess að reynslan sýnir að jadarhópar svara síður en þeir sem eru nær meðal-lagi og ekki er víst að þátttakendur hefðu handbærar allar þær ítarlegu upplýsingar sem þarf að afla. Í því tilvikum yrði ekki hægt að mæta kröfum um tímamörk á birtingu niðurstaðna auk verulega meiri kostnaðar.

Verulegir annmarkar eru á því að safna ekki heildarupp-

lýsingum frá bönkum heldur velja úrtak heimila og einöngu afla upplýsinga um þau. Til dæmis þyrfti að velja úrtak eftir fjölskyldum og senda kennitölu þeirra á banka- og fjármálastofnanir sem fengju þar með vitneskju um alla þá sem í úrtakinu væru, hvort sem þeir væru viðskiptavinir þeirra eða ekki. Ef bönkunum yrði hins vegar falið að velja úrtakið úr hópi viðskiptavina sinna væri ekki hægt að nota heimili sem grunneiningu í úrvinnslu á tölfraðinni sem ekki samrýmist markmiðum verkefnisins. Úrtakið þyrfti líklega að vera að minnsta kosti þriðjungur af heildarfjöldanum til að tölfraðin gæti orðið marktæk, sem sagt þriðjungur landsmanna. Auk þess að dreifing skulda er mjög mikil, samkvæmt framtölum 2012, var meðaltal skulda á einstakling ríflega 10 milljónir króna en miðgildi skulda ríflega 2 milljónir sem er mikil dreifing, sem mundi auka á vanda við að nota úrtaksaðferð. Hér yrði því um mjög breitt verkefni að ræða sem þyrfti að hugsa að mörgu leyti upp á nýtt. Það mundi enn tefja að upplýsingaöflun hæfist og að niðurstöður fengjust og við stöðum í þeim sporum að vita ekki hvort þær niðurstöður yrðu áreiðanlegar.

Þá eru að mestu leyti uppi sömu álitamál og ella varðandi það hvort nauðsyn réttlæti það að heimiluð sé víðtækari úrvinnsla persónuupplýsinga en verið hefur, þ.e. þó að farin yrði úrtaksleið krefst það allra sömu heimilda og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Eins og gildandi lög eru úr garði gerð, og ekki síður vegna fyrrgreinds ákvæðis í breytingartillögum allsherjar- og menntamálanefndar, er Hagstofu skylt að meta hvort ná megi markmiðum lagasetningar með vægari aðferðum en að afla upplýsinga um öll útistandandi lán á því tímabili sem um ræðir. Það mat er hins vegar eftirláti Hagstofu Íslands en eins og áður segir þá hefur hún miklar efasemdir um að úrtaksaðferðin gangi upp.

Á endanum þarf svo að veða og meta þá hagsmuni sem eru í húfi. Annars vegar er um að ræða mjög mikilvæga almannahagsmuni varðandi það að vel takist til að leysa skuldavanda heimila og fyrirtækja og að ráðstöfun fjármuna nýtist sem best. Jafnframt eru skapaðar forsendur til að fylgjast með þróun mála og gildistíma lagabreytingarinnar til að meta árangur og grípa þá til hugsanlegra viðbótaraðgerða ef þörf krefur. Hins vegar er um að ræða þýðingarmikla hagsmuni einstaklinga og fyrirtækja af því að trúnaður ríkir um fjárhagsupplýsingar þeirra, nánar tiltekið lán-tökur hjá fjármálastofnunum og stöðu lána. Til viðbótar koma svo hagsmunir lánastofnana af því að viðskiptavinir geti treyst því að bankaleynd sé í heiðri höfð.

Í breytingartillögu við frumvarpið er tryggilega gengið frá því að trúnaðurinn verði ekki rofinn. Almennur lagarammi Hagstofu Íslands geymir fjölmargar reglur um að meðferð persónuupplýsinga skuli vera sem tryggust. Að auki er í frumvarpinu, með þeim breytingum sem meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar leggur til, hert á slíkum kröfum. Þannig er mælt fyrir um að Hagstofa Íslands móti sér öryggisstefnu, geri áhættumat og aðrar öryggisráðstafanir. Að gögnum verði eytt að tilteknum tíma liðnum auk þess sem brot á trúnaðar- og þagnarskyldu varðar sömu refsingu og gildir um starfsmenn fjármála-fyrirtækja.

Á heildina lítið er það mat meiri hluta nefndarinnar að almannahagsmunir sem að baki búa réttlæti þá auknu

vinnslu persónuupplýsinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir í tiltekinn afmarkaðan tíma og undir afarströngum skilyrðum.

[16:07]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Ég er með nokkrar spurningar til hv. þingmanns. Hvenær er áætlað nákvæmlega að starfshópurinn skili af sér? Er hv. þm. Líneik Anna Sævarsdóttir sannfærð um að þetta sé besta leiðin til að ná markmiðunum eða hefði verið skynsamlegra að bíða fram í október til að tryggja að þessi lög fari ekki á svig við stjórnarskrá landsins? Er tryggt með þessum lögum að þetta verði aðeins notað fyrir þetta tiltekna verkefni? Voru þær tillögur til úrbóta sem komu frá hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni skoðaðar af einhverri alvöru? Af hverju er slæmt ef fólk getur tekið upplýsta ákvörðun um hvort það hafi áhuga á að vera með? Ber okkur ekki að taka mark á ráðgjöf Persónuverndar og hvernig verður dulkoduninni háttáð?

[16:08]

#### **Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birgittu Jónsdóttur fyrir spurningarnar, ég vona að ég nái þeim öllum.

Samkvæmt erindisbréfum starfshópanna skilar annar þeirra í nóvember og hinn í desember eftir því sem ég best veit.

Já, ég er sannfærð um að þarna séum við komin með bestu aðferðina til að ná þessum markmiðum og að almannahagsmunir vegi þyngra en persónuverndin í þessu tilfelli. (Gripið fram í.) Við erum að veða almannahagsmuni á móti persónuverndarsjónarmiðum, það er alveg skýrt.

Ég er alveg sannfærð um það og það er áréttáð í breytingarákvæðinu, það er eina greinin sem heldur sér í frumvarpinu:

„Óheimilt er að afhenda þær öðrum stjórnvöldum, ákvæði annarra laga um aðgang stjórnvalda að gögnum víkja fyrir þessu ákvæði og þær lúta ekki aðgangi samkvæmt upplýsingalögum.“

Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá Helga Hrafn við fyrri umræðuna, við fengum fyrir nefndina ýmsa aðila sem töldu að þarna væri verið að gera eitthvað annað en það sem stóð í frumvarpinu. Það kom fram í umræðu þeirra að þeir töldu að þessar upplýsingar yrði hægt að nota í eitthvað annað. Þess vegna vildum við taka af öll tvímæli og áréttá í nefndaráli til þessar upplýsingar verða einöngu notaðar af Hagstofunni til vinnslu tölfraðiuþplýsinga.

Nú er tími minn útrunninn, (Forseti hringir.) ég verð bara að svara þá í annarri umferð því sem eftir stendur.

[16:11]

#### **Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti beinir því til hv. þingmanna að þegar þeir beina orðum sínum til annarra hv. þingmanna séu þeir nefndir fullu nafni. Hv. þingmaður sem um ræðir heitir Helgi Hrafn Gunnarsson.

[16:11]

**Birgitta Jónsdóttir (P) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka kærlega fyrir svörin og skil að það er ekki hægt að svara öllum spurningunum á svona stuttum tíma. Þess vegna ætla ég ekki að bæta við nema einni spurningu: Er það rétt skilið hjá mér að þetta verði í raun og veru ekki tilbúið fyrr en starfshópurinn hefur skilað af sér sínum tillögum? Munu löggin ekki gagnast þessum tiltekna hóp sem á að koma með tillögur að breytingum, þ.e. leiðréttingu á höfuðstól lána?

Því spyr ég: Til hvers er verið að flyta sér svona mikið með þetta? Hefði ekki verið betra að bíða með málið þangað til í október og vinna það þannig að algjör sátt væri um málið? Mér skildist að í nefndinni væri í raun mikill samvinnuhugur, (Forseti hringir.) hefði ekki verið hægt að ganga enn lengra (Forseti hringir.) og taka þetta alla leið?

[16:12]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseti vekur athygli hv. þingmanns á því að ræðu hv. þingmanns lýkur þegar hv. þingmaður fer úr ræðustól.

[16:12]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á mistökum í fyrri ræðu, bið hv. þm. Helga Hrafn Gunnarsson afsökunar, en langar þá að byrja á að segja að það sem hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson hefur lagt til umræðunnar nýttist nefndinni tvímælalaust. Ákvæði sem koma inn í breytingartillögu nefndarinnar byggja meðal annars á þeirri vinnu um aðkomu Persónuverndar og meðferð gagna.

Því fyrr sem þessar tölfraðiupplýsingar eru aðgengilegar, því betra. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að þetta var ekki samþykkt á síðasta þingi, á vorþingi, þó að unnið væri að málinu. Við náðum heldur ekki að samþykkja þetta í sumar en eins og ég segi: (Forseti hringir.) Því fyrr, því betra. Því betur nýttist þetta.

[16:14]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það kemur einhvern veginn sífellt betur í ljós að tilgangurinn með þessu frumvarpi var aldrei skýr frá upphafi. Tilgangurinn virðist vera tvíþættur í það minnsta, annars vegar sá að öðlast betri hagskýrslur almennt og hins vegar sá að eiga við þetta meinta neyðarástand.

Ef við einblínum á hið meinta neyðarástand, sem er jú skuldavandi heimilanna, hefur fólk sem er í þeim vandræðum ekki verið feimið við að tjá hug sinn undir fullu nafni á internetinu og víðar, það hefur ekki verið feimið við að leita til umboðsmanns skuldara. Það er ekki feimið við að leitast við að veita yfirvöldum þær upplýsingar sem þarf til þess að leysa vanda þess hóps. Því velti ég fyrir mér hvers vegna við þurfum þessar upplýsingar um alla, því að nú hef ég ítrekað bent á að hægt er að fara leið, tæknin er til staðar, hún er í notkun, það er hægt að fara leið sem tryggir upplýst samþykki hvers og eins aðila sem kærir sig um að vera með í þessu líka brýna verkefni.

Því verð ég að spyrja: Til þess að laga vandamál og skoða vandamál og afleiðingar gjörða ríkisstjórnarinnar gagnvart þeim hóp sem er í vandræðum, er í skuldavandræðum, er í þessari neyð: Mundi ekki nægja að hafa svo gott sem allar skulda- og jafnvel eignaupplýsingar um þann hóp og bara þann hóp til að ná því markmiði að eiga við skuldavanda heimilanna?

[16:15]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Heildarmyndin er lykilatírið í þessu máli, að við horfum á heildarmyndina, heildarskuldastöðu og greiðslubyrði mismunandi hópa í landinu, ekki bara þess hóps sem er í vanda, vegna þess að við þurfum að fá samamburð á milli hópa til að sjá hvaða áhrif fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda hafa.

Hins vegar varðandi úrtaksaðferðir eða aðrar aðferðir er ekkert, eins og fram kom í máli mínu áðan, sem bannar Hagstofunni að fara vægari leiðir ef Hagstofan sér möguleika á því í ljósi markmiða verkefnisins.

[16:17]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið.

Nú geri ég mér grein fyrir að það eru mismunandi hópar, svo sem mismunandi tekjuhópar, sumt fólk er í skóla, annað fólk er í vinnu o.s.frv., mismunandi hópar eru í samfélaginu vissulega. En það sem ég skil ekki er hvers vegna við þurfum upplýsingar um fólk sem á ekki við neinn skuldavanda að stríða, eins og til dæmis um mig persónulega. Ég er með verðtryggt lán, ég á íbúð, ég er ekki í neinum vandræðum, sá mér ekki þörf á að kjósa Framsókn með fullri virðingu, og skil ekki hvers vegna þarf mínar upplýsingar til að laga skuldavanda annarra sem þó eiga um sárt að binda.

Þá langar mig að spyrja: Það er ekkert sem bannar Hagstofunni að fara vægari leiðir. Telur hv. þingmaður að Hagstofan muni fara vægari leiðir en að safna öllum upplýsingum sem Hagstofan getur?

[16:18]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Líneik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni.

Við allar aðgerðir sem farið er í eða þegar áhrif aðgerða eru metin er mikilvægt að horfa ekki bara á hvaða áhrif það hefur á þann tiltekna hóp sem á að mæta með aðgerðinni heldur á heildarmyndina. Hvernig kemur hópurinn út miðað við aðra hópa og hefur þetta kannski einhver áhrif á aðra hópa sem ekki eru séðir fyrir?

Hvort ég telji að Hagstofan muni fara vægari leiðir, ég tel að Hagstofan muni skoða ítarlega hvort hægt er að fara vægari leiðir. Mér er kunnugt um að hún hafi verið að gera það og muni gera það áfram. Ég treysti Hagstofunni einfaldlega fyrir því verkefni að meta hvernig markmiðum verkefnisins er náð eftir þeim vægustu mögulegu leiðum og

þá á það við vægustu leiðir fyrir einstaklingana, fyrir þá sem svara, senda inn gögnin o.s.frv.

[16:19]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Línaik Önnu Sævarsdóttur fyrir ræðuna og spyrja hana hvort nefndin hafi fjallað um þá tillögu sem ég kom með í 2. umr. um að staða leigjenda yrði líka skoðuð. Nú eru 27% allra heimila leiguíbúðir, segir Hagstofan, og staða leigutaka er að mínu mati afskaplega döpur. Það eru ekki bara skuldarar sem eru í vandræðum heldur líka leigutakar. Það er þannig að rétt rúmlega helmingur eigenda íbúða eru skuldarar, sennilega um 52% án þess að ég viti það nákvæmlega, og ég tel ekki síður mikilvægt að skoða stöðu leigjenda.

Mér fannst vera samhljómur og góður andi hjá öllum þingmönnum um málið í byrjun umræðunnar en nú virðist sem stjórnarandstaðan, eða þeir sem eru ekki aðilar að ríkisstjórninni, komi jafnvel með frávisun og vilja ræða málið seinna, en benda jafnframt á að tímakortur sé í málinu því að þær nefndir sem eigi að skila eigi að að gera það áður en niðurstaða liggur fyrir í þessu máli.

Hvernig var umræðan í nefndinni um það atriði, um að vilja bæði flýta og seinka málinu, annars vegar seinka því fram í október og hins vegar að vandræðast með að niðurstöðurnar lægju ekki tímanlega fyrir?

[16:21]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Línaik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrirspurnina.

Vardandi tímakortinn er það vissulega þversögn í málinu. Meiri hluti nefndarinnar taldi einfaldlega að umfjöllun um málið væri fulllokið og, eins og fram kom í máli mínu hér áðan, að því fyrr sem þessar upplýsingar lægju fyrir þeim mun betur mundu þær nýtast.

Vardandi stöðu leigjenda sat ég ekki umræddan nefndarfund þannig að ég get í rauninni ekki svarað því. Hins vegar hef ég velt því fyrir mér og ég sé ekki annað út úr þessari tölfraði en hægt sé að fara mun nær um stöðu leigjenda en í þeirri tölfraði sem við höfum haft til þessa. Vegna þess að þarna verða dregnar saman upplýsingar um eignir og skuldir ættum við að geta nálgast stöðu leigjenda í gegnum tölfraðina betur en við höfum gert hingað til.

[16:23]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála þessu síðasta um að menn fari nærri um stöðu leigjenda vegna þess að það er aðallega húsaleigan sem ákvarðar stöðu þeirra og ef ekki liggja fyrir upplýsingar um húsaleigusamninga, sem ég tel ekki mikið mál að bæta inn í upptalningu þarna, vita menn ósköp lítið um stöðu leigjenda. Ég er jafnvel að hugsa um að koma með breytingartillögu þannig að við getum gaukað því inn fyrst nefndin ræddi það ekki, eða hv. þingmanni er ekki kunnugt um það.

Síðan er það spurningin um þær hugmyndin sem sérstaklega píratar hafa verið að ræða, hv. þm. Helgi Hrafn

Gunnarsson, hvort menn hafi rætt og farið í gegnum til dæmis að slíkt úrtak yrði aldrei óskekkt og mundi strax verða gagnrýnt ef það kæmi fram.

[16:24]

**Frsm. meiri hluta allsh.- og menntmn. (Línaik Anna Sævarsdóttir) (F) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir hugmynd hv. þm. Péturs H. Blöndals um að staða leigjenda verði skoðuð í þessu samhengi.

[16:24]

**Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Við erum hér í 3. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum. Sérstaklega er verið að skoða tölfraðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja. Þetta mál hefur fengið ítarlega umfjöllun í allsherjar- og menntamálanefnd en því miður náðist ekki þar samkomulag sem hefði verið mjög mikilvægt í þessu máli. Það hefur verið ósk minni hlutans að málið yrði skoðað betur og ég ætla að fara aðeins yfir meginrökstuðninginn hér.

Það hefur þróast þannig að minni hluti allsherjar- og menntamálanefndar hefur lagt fram í þinginu tillögu að rökstuddri dagskrá þar sem þess er óskað að málinu verði vísað frá. Sú tillaga verður væntanlega tekin til afgreiðslu á morgun samhliða afgreiðslu málsins. Í rökstuðningi sem auðvitað fylgir rökstuddri dagskrártillögu eru nefnd nokkur atriði og þau eru endurteking að hluta til á því sem var í minnihlutaálitni allsherjar- og menntamálanefndar.

Í fyrsta lagi segir að með frumvarpinu sé gengið á stjórnarskrárvarin réttindi til friðhelgi einkalífs, samanber 71. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu og umsagnir þeirra sérfræðinga sem hafa komið að málinu. Þeir hafa raunar staðfest að þetta fer inn á friðhelgi einkalífsins. Þess vegna teljum við mikilvægt að þessu máli verði ekki lokið þannig að hætta verði á dómsmálum eða eftirmálum sem geta þá eyðilaggt upplýsingasöfnunina plús það að við getum undir engum kringumstæðum samþykkt lagatillögur sem ganga á þessi mikilvægu réttindi.

Það sem er þá líka gagnrýnt í þessum rökstuðning er að í frumvarpinu skortir útskýringar á því hvers vegna þörf er talin á svo viðurhlutamiklum afskiptum af þessari friðhelgi með svo víðtækri upplýsingaöflun.

Í öðru lagi er nefnt í rökstuðningnum að frumvarpið er ekki forsenda fyrir úrlausnum skuldavanda heimila og fyrirtækja eins og ætla mætti. Það hefur ágætlega komið fram í umræðunni fyrr í dag að tillagna um skuldaúrlausnir er að vænta í nóvember eða desember. Það kom hins vegar fram í nefndarstarfinu að tölfraðin sem á að byggja á þessari heimild eigi ekki að liggja fyrir fyrr en í mars á næsta ári í fyrsta lagi. Þar með er ekki eins og við séum í tímapressu hvað varðar úrlausnir skuldavandans því að ekkert okkar í minni hlutanum vill hindra framgang þess máls, heldur hefði það þolað að fá vandaðri meðferð og við hefðum viljað eyða þeim atriðum út úr frumvarpinu sem valda áhyggjum varðandi stjórnarskrárvarin réttindi friðhelgi einkalífsins.



Í þriðja lagi eru markmið frumvarpsins og tilgangur alls ekki nægjanlega skýr og miklar efasemdir um hvort þessi óljósa markmið teljist nægjanlega veigamikil rök til að ganga á friðhelgi einkalífsins með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sérstaklega í ljósi þess að til að takmarka megi mannréttindi þurfi rök að vera veigamikil og tilgangur brýnn. Þar er heimild í lögum, mannréttindasáttmálum og stjórnarskránni til að víkja frá friðhelgi einkalífsins ef um er að ræða ríka almannahagsmuni.

Ef við værum að byggja alla leiðréttinguna eingöngu á þessum forsendum og þarna væru þá tugir þúsunda heimila sem mundu njóta góðs af gæti maður séð þetta fyrir sér en það hefur komið mjög skýrt fram að þessi tenging er ekki fyrir hendi heldur er eingöngu verið að tala um að vinna tölfraði eftir á til að fylgjast með áhrifum breytinganna.

Í fjórða lagi má segja að ekki hafi verið sýnt sannfærandi fram á þá almennu reglu að gæta meðalhófs. Eru færð fyrir því þau rök að jafnvel úrtaksvinna eða könnun gæti náð sömu eða sambærilegum niðurstöðum og þar með væri farið í viðaminni úrvinnslu á tölfraði og öruggari en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Í fimmta lagi er tekið fram að þrátt fyrir þá vinnu sem hefur farið fram á vettvangi nefndarinnar eru enn mjög margir vankantar á frumvarpinu. Það hefur ekki verið gengið úr skugga um hvort og hvernig frumvarpið samræmist ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum og Evrópulöggjöf um vernd einstaklinga við vélræna vinnslu persónuupplýsinga og við vinnslu og frjálsa miðlun persónuupplýsinga. Þó skal það tekið fram til að gæta allrar sanngirni að hv. allsherjar- og menntamálanefnd hefur unnið viðamiklar breytingar á upphaflega frumvarpinu og komið til móts við margar af þeim atugasemdum sem þar komu fram. Menn hafa reynt að þokast nær hver öðrum til að finna góða lausn. Einnmitt þess vegna er það svolítið sárt að okkur skuli ekki hafa gefist aðeins meiri tími til að ljúka málinu þannig að það væri gert í fullri sátt eins og tillaga minni hlutans var um.

Í sjötta lagi, þegar lítið er til þess hvaða gæðakröfur löggjöf þarf að uppfylla er ljóst að frumvarpið hefur ekki fengið nægjanlega umfjöllun og krefst ítarlegru yfirferðar. Ég hef fært að því rök áður, og það kemur fram í greinargerðinni hér, að ekki sé ástæða til að hraða málinu í gegnum sumarþingið, nóg sé að taka það upp strax aftur í október þar sem það er ekki forsenda fyrir skuldaleiðréttingunni.

Í sjöunda lagi, verði frumvarpið að lögum verða tölfraðiupplýsingar — og það er kannski einn af þessum áhættuþáttum — sem víða liggja í dag færðar í einn gagnagrunn eða á einn stað. Og þó að það sé til tiltekins tíma skapar það eitt og sér þá áhættu að hægt sé að brjótast inn í þessa gagnagrunna og afla sér þar mjög víðtækra upplýsinga um einstaklinga.

Í þessari tillögu til rökstuddrar dagskrár sem minni hlutinn flytur er þess vegna tillaga um að málinu verði vísað frá með hliðsjón af framanrituðu og næsta mál á dagskrá tekið fyrir. Sú tillaga kemur til afgreiðslu á morgun.

Þetta mál hefur fengið ágæta umfjöllun í þinginu. Eins og ég segi hefur komið fram í umræðunni að málið verður ekki endanlega afgreitt fyrir en á morgun. Ég held að ég þurfi í sjálfu sér ekki að hafa öllu fleiri orð. Þetta er niður-

staða minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar sem skipaður er af hv. þm. Helga Hrafni Gunnarssyni, hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur, þeim sem hér stendur og hv. þm. Páli Val Björnssyni. Þau flytja þessa tillögu að rökstuddri dagskrá saman og ég er hér talsmaður fyrir þá vinnu og treysti á að þingið gæti sín nú í lagasetningu þannig að ekki sé verið að leika sér hér með friðhelgi einkalífsins eða persónuverndarákvæði, að það gefi sér órlítið lengri tíma.

Öll erum við á því að við þurfum að eiga ákveðnar upplýsingar um skuldastöðu heimila og þróun hennar en í þeirri vinnu hefur sú gagnrýni sem hér hefur komið fram orðið til þess að menn hafa valið enn og aftur. Áður hafði Seðlabankinn heimild til að afla upplýsinga. Nú hefur Hagstofan fengið heimild til að afla upplýsinga en á að eyða þeim öllum eftir þrjú til fjögur ár. Það sem okkur hefði frekar vantað er vandaðri vinnu við að skilgreina hvaða gagnagrunnar eiga að vera til og hvernig eigi að fara með þá sem hluta af upplýsingakerfi samfélagsins til þess að við getum vandað ákvarðanatöku okkar. Þessi tillaga er allt of víðtæk til þess að geta verið sá gagnagrunnur sem okkur vantar þar.

[16:33]

#### **Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðuna. Ég spyr hann að því hvað gerðist í nefndinni. Mér fannst vera sæmi- legru samhljómur hjá öllum. Það eru eiginlega allir sam- mála um að þetta séu nauðsynlegar upplýsingar og menn eru líka sammála um að þetta þurfi að koma fram fljótt. Einhver nefnd er að störfum sem á að skila í nóvember. Þess vegna skil ég ekki að menn ætli sér að fresta málinu til að fá það fyrir, ég næ því ekki alveg.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort þeir hafi unnið alla helgina í nefndinni að því að finna lausn á málinu eða hvernig þetta hafi allt saman verið, hvort þeir hafi virkilega ekki lagt sig fram alveg fram á síðustu mínútu fyrir þennan þingfund að klára málið í sátt og samlyndi þannig að þeir nái þessu tvíhliða markmiði að meirða persónuverndina sem allra minnst og hins vegar að fá upplýsingar um stöðu skuldugra heimila.

[16:34]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Það er erfitt fyrir mig að svara fyrir verk- lagið í nefndinni. Ég sagði að það væri samhljómur um ákveðin atriði, þ.e. um þörfina á því að hér sé einhver ákveðinn upplýsingagrunnur. Þegar við áttum okkur á því að hann er ekki forsenda fyrir ákvarðanatöku og á ekki að notast sem slíkur, þá segjum við: Vöndum okkur, tökum okkur lengri tíma vegna þess að við fengum mjög harða gagnrýni frá Persónuvernd og frá Lögfræðingafélaginu og fleirum og fleirum sem segja að þetta sé á mörkum þess að raska friðhelgi einkalífsins eða stangist á við stjórnarskrár- bundin ákvæði um friðhelgi einkalífsins.

Þess vegna sögðum við: Það var ekki samstaða um að þetta þyrfti að ganga svona hratt fyrir sig. Vandræðagangurinn kom kannski upp vegna þess að þetta er einn af tíu punktum sem voru í þingsályktunartillögunni um aðgerðir í skuldamálum. Ég verða að segja að ég hélt persónulega að þetta væri forsenda. Svo er ekki. Þess vegna sögðum við:

Gefum okkur lengri tíma vegna þess að við erum þarna á gráu svæði ef ekki kolsvörtu varðandi það að fara þessa leið.

Það var ákveðinn vilji fyrir að vinna þetta áfram en það er ekki vilji fyrir því núna. Við vísuðum þessu til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. Ekki var vilji meiri hluta hv. allsherjar- og menntamálanefndar að skoða málið frekar, heldur á að keyra það frekar í gegn, enda var þetta eitt af fáum málum sem voru hér á síðari hluta sumarþingsins. Þingstýrkur liggur svo sem fyrir þannig að kannski hefur það ráðið úrslitum og ekki talin ástæða til að ræða mikið meira við minni hlutann um frekari aðferðir til þess að ná sátt um málið, sem ég teldi annars vera mjög mikilvægt í þessu máli þannig að við deildum ekki um stjórnarskrárbundin réttindi fólks.

[16:36]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið, en ég er ekki alveg með það á hreinu enn þá hver það var sem lét steyta á skeri. Var það stjórnarandstaðan með því að heimta að málinu yrði frestað fram á haustþing eða voru það stjórnarliðar sem neituðu bara að ræða nokkrar frekari breytingar?

Ég vil spyrja hv. þingmann: Var það þannig að stjórnarandstaðan og hv. þingmaður vildu vinna áfram yfir helgina og reyna að finna lausn sem hefði getað komið núna nákvæmlega eins og í október? Það er bara spurning um að vinna málin og ef menn telja sig geta fundið lausn í október geta þeir fundið hana nú þegar, hún er einhvers staðar.

Ég vil spyrja að þessu vegna þess að mér finnst frumvarpið hafa breyst allverulega og mikið til batnaðar í vinnslu í nefndinni. Mér finnst að menn hafi tekið tillit til mjög margra þátta og ég furða mig á því að menn skuli ekki hafa unnið þá yfir helgina til þess að klára það og gera það það gott að allir geti á það sæst.

[16:37]

**Guðbjartur Hannesson (Sf) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni, við hefðum ekkert vilað það fyrir okkur að vinna miklu meira í málinu. Helst hefðum við þurft að koma fyrir að því þegar fyrirsjáanlegt var að málið næðist ekki á fyrri hluta sumarþingsins. Tillagan, sem var viðamikil breyting, kom ekki fram fyrir en við hittumst að nýju eftir sumarfrí 10. september. Þá kom í ljós að þær breytingar voru ekki nægjanlega miklar til þess að róa Persónuvernd og þá sem hafa verið að skoða frumvarpið út frá mannréttindasjónarmiðum. Við fórum þá í að reyna að breyta því og ég hef tekið það fram að nefndin hefur tekið vel í margar af þeim tillögum, en á ákveðnum punkti sagði hún: Við förum ekki lengra, við verðum að klára þetta á þessum tímapunkti, við getum ekki unnið meira í málinu. Þannig gekk það fyrir sig.

Ég álasá ekki neinum fyrir það, það skiptir einhvern veginn miklu máli fyrir sjálfstraustið, fyrir það að þetta sé hluti af því að leysa skuldavandanum. En staðreyndin er sú að það er það ekki samkvæmt þeim upplýsingum sem við fáum í nefndinni. Þess vegna vildum við fá lengri tíma, þess vegna brustu líka forsendurnar fyrir því að hér væri

um ríka almannahagsmunum að ræða af því að við notum ekki þessar upplýsingar í fyrstu afgreiðslu varðandi skuldavandan. Mér finnst mjög mikilvægt að halda því til haga, það kom mjög skýrt fram í nefndinni. En búið er að laga fullt af hlutum í frumvarpinu, m.a. átti forsætisráðuneytið samkvæmt upphaflegu tillögnum að geta leitað eftir upplýsingum hjá Hagstofu um gögn. Hagstofan ítrekaði að hún væri tölfraeðistofnun og gæfi eingöngu tölfraeðilegar skýrslur og að engin leið væri að rekja einstaklingsmál þar inni.

En við spyrjum á sama tíma: Ef það er bara skuldavandi sem á að leysa og það liggur fyrir hvernig á að leysa hann, af hverju er þá verið að spyrja um ýmsa þá þætti sem hér eru eins og að menn eigi að gefa upplýsingar um hvaða úrræða þeir hafi notið eftir hrunið ef ekkert á að vinna með það o.s.frv.?

Við höfum ekki fengið svör við fullt af spurningum. Gefum okkur örlítið lengri tíma, náum sátt um málið, klár um það. (Forseti hringir.) Það tefur ekki skuldaúrvinnsluna samkvæmt upplýsingum sem við höfum fengið.

[16:40]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P):**

Virðulegi forseti. Það er heppilegt að byrja á þessum nótum, held ég, vegna þess að þetta er áhugaverð spurning sem hv. þm. Pétur H. Blöndal bar hér fram, þ.e. hvort hin svokallaða stjórnarandstaða vildi ekki bæði flýta málinu og hægja á því. Bara til að halda því til haga þá hef ég ekki talað fyrir því að flýta þessu máli.

Það er hins vegar tvennt sem verið er að athuga, annars vegar aðgerðirnar sjálfar og hins vegar hvað verði úr þeim, hverjar niðurstöðurnar verði. Það getur ekki talist rosalega nauðsynlegur undanfari þess að hefja aðgerðirnar að athuga hvernig þær heppnast. Hvort það gerist í mars á næsta ári eða júní á næsta ári getur ekki oltíð á spurningunni um að brjóta stjórnarskrá, að brjóta gegn friðhelgi einkalífssins. Það er einfaldlega ekki það mikilvægt. Jafnvel þó að við gefum okkur að hið meinta neyðarástand sé í gangi og að grípa þurfi til aðgerða strax þýðir það ekki að upplýsingarnar sem ætlunin er að safna samkvæmt frumvarpinu séu nauðsynlegar vegna ríkra almannahagsmuna. Kröfum hvað það varðar að brjóta ekki gegn friðhelgi einkalífssins hefur einfaldlega ekki verið fullnægt.

Þegar kemur að þeirri hugmynd sem ég hef viðráð oft en einu sinni og oft en tvisvar, þ.e. að afla upplýsts samþykkis — mér sýnist sumir hv. þingmenn vera að rugla því saman við svokallað úrtak. Úrtak er væntanlega handahófskennt og reynt að dreifa því eftir hópum þannig að sem sé að ræða svipað hlutfall námsmanna, leigjenda og eigenda og guð má vita hvað. Ég er að tala um að einblína á þá sem eiga við skuldavanda að stríða burt séð frá því í hvaða stöðu þeir eru, ég sé ekki að það skipti neinu máli til að ráðast að þessum mikilvæga vanda, nefnilega greiðslu- og skuldavanda heimilanna sem krefjast aðgerða sem þessara. Þess vegna sé ég enn og aftur ekki að umrætt frumvarp standist þær kröfur sem eru gerðar hvað það varðar að brjóta ekki gegn friðhelgi einkalífssins.

Hvað það varðar hvort þessi hugmynd hafi verið rædd, það var spurning sem hv. þm. Pétur H. Blöndal bar hér

fram, hvort hugmyndin sem ég hef ítrekað borið á torg hafi verið rædd. Svarið er: Nei, hún var ekki rædd. Það var aldrei tími til að ræða hana. Það er kannski vegna þess að sumir hv. þingmenn í hv. allsherjar- og menntamálanefnd hafa ekki endilega skilið hvað hún snýst um en til þess ræðir fólk hlutina, til að öðlast skilning á málunum. Við fengum aldrei þann tíma og þess vegna var hugmyndin ekki rædd.

Hvað varðar helgarstarfið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði um — sá sem hér stendur hefði verið ólmur í að vinna alla helgina með allsherjar- og menntamálanefnd í því að búa til nýtt frumvarp sem stæðist kröfur um takmarkanir á friðhelgi einkalífsins, en sú nefnd kom saman strax eftir þingfund á fimmtudag. Fundurinn stóð í 10–15 mínútur, og andrúmsloftið var gott eins og er eiginlega alltaf í hv. allsherjar- og menntamálanefnd, en engin vinna var til boða, okkur stóð ekki til boða að gera neitt með hv. allsherjar- og menntamálanefnd yfir helgina. Það lýsir því bara hversu mikill flýtirinn er. Það lýsir því líka hvers vegna frumvarpið er svona gallað, svo vel sem það er meint þá er það einfaldlega of gallað.

Ég verð líka að velta hlutunum fyrir mér varðandi spurninguna um það hvaða upplýsinga sé þörf. Hv. þm. Líneik Anna Sævarsdóttir nefnir hér, sem svar við spurningu minni fyrr í dag — spurningin var sú hvort við þyrftum virkilega að fá upplýsingar um fólk sem á ekki í neinum vanda til að fara í úrbætur fyrir fólk sem á í vanda. Þá er talað um að það skekki niðurstöðurnar. En það skekkir bara niðurstöðurnar ef við lítum á þetta sem almennar hagskýrslur. Ef við erum að tala um almennar hagskýrslur erum við ekki að tala um hið meinta neyðarástand. Ef við erum að tala um hið meinta neyðarástand erum við að tala um fólk með á í vandræðum, ekki fólk með á ekki í vandræðum eins og þann sem hér stendur, guði sé lof.

Þetta er líka til marks um það hversu mikill þvælingur er á markmiðinu með frumvarpinu. Það er einhvern veginn alltaf hvort tveggja — tilgangurinn sama hversu vel hann er skýrður, allar aðferðirnar miðast einhvern veginn að því hvoru tveggja að búa til almennilegar hagskýrslur til almennra nota fyrir yfirvöld og að ráðast gegn hinu meinta neyðarástandi. Það getur ekki verið hvort tveggja. Ef það er hvort tveggja heitir það „óljós tilgangur“.

Það hafa komið fram hugmyndir, fleiri en ein, um hvernig hægt sé að gera þetta vægara. Það hefur ekki verið rætt. Ég spyr hv. þingmenn hvort þeir geri sér grein fyrir því hvað það heiti að leita vægari aðgerða. Það heitir meðalhóf. Þess vegna er meðalhóf, til þess er það. Þetta stenst ekki meðalhóf. Tilgangurinn er enn þá óljós, sem skýrist best af orðræðu hv. þingmanna.

Mig langar að víkja að orðum hæstv. forsætisráðherra, sem talaði hér áðan og nefndi að síðasta ríkisstjórn hafi ætlað að gera þetta og ekki þótt það neitt tiltökumál. Yfirvöldum finnst almennt ekkert tiltökumál að afla sér frekari heimilda, það liggur í hlutarins eðli, fyrir utan það að ég veit ekki til þess að fyrri ríkisstjórn hafi búið til frumvarp sem hefur gengið svona langt. Um þetta frumvarp eins og það kom fram í sumar er eiginlega ekki hægt að tala um langt eða stutt í því samhengi, það er bara algerlega. Því hefur verið breytt mikið síðan þá og mikið til hins betra af

lagatæknilegum ástæðum, það hefur verið gert tímabundið o.s.frv. og það er gott. En við erum samt sem áður að tala um frumvarp sem gengur á friðhelgi einkalífsins og það er óumdeilt, það stenst ekki meðalhóf. Ástæðurnar fyrir því eru ekki nógu ríkar, það er bara svo einfalt þegar allt kemur til alls.

Ég hef svo sem ekki meira um þetta að segja nema eitt — maður getur kannski endurtekið sig aftur og vonað að einhver heyrir í þetta skiptið en það er ekki mjög líklegt. En varðandi það að Hagstofan gæti athugað vægari leiðir sem hv. þm. Líneik Anna Sævarsdóttir kom að hér áðan — jú, jú, Hagstofan getur það. En hv. þingmaður veit, sem og öll hv. allsherjar- og menntamálanefnd, að það er auðveldara að safna einfaldlega öllum gögnum og finna síðan út úr því hvað þarf. Ég þekki það sem forritari, þannig er auðveldast að vinna þetta, frá verkfræðilegu sjónarmiði er það eina vitid að vinna það þannig. Sú hugmynd að Hagstofan muni að eigin frumkvæði takmarka eigin heimildir til upplýsingasöfnunar finnst mér, með fullri virðingu, einfaldlega ekki trúverðug. Ég fullyrði að það stenst ekki, Hagstofan mun ekki gera það. Hún má endilega rengja mig hvað það varðar, það væri mér mikið gleðiefni ef henni tækist að sannfæra mig um annað.

Svo er líka önnur spurning sem vaknar stundum hjá mér. Mér sýnist tilgangur frumvarpsins vera að athuga hvaða aðgerðir eigi að fara út í eftir að búið sé að fara í fyrstu aðgerðirnar — ef ég skil þetta allt saman rétt, sem ég er ekki viss um að ég geri. Er eitthvað óljóst við það að markmið hæstv. ríkisstjórnar sé að lækka höfuðstól lána? Ég hélt að það væri forsendan fyrir því að hlutföll þingsins, hins háa Alþingis, séu eins og þau eru, ég hélt það. Ég velti fyrir mér hvaða aðgerðir það eru sem mundu breytast við að slíkar upplýsingar kæmu fram. Það eykur bara spurningaflóðið sem varðar tilgang þessa frumvarps — og nóg var af þeim fyrir.

Mig langar líka reyndar — það er gleðilegt að hafa svona mikinn tíma — að benda á að freistnivandinn er alltaf til staðar. Nú þegar, í vissulega vel meintri orðræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals, kemur fram nýr tilgangur, eitt-hvað nýtt sem við getum gert við upplýsingar af þessu tagi. Hvað með stöðu leigjenda, já, hvað með hana? Hvað eigum við að nota nema þessar upplýsingar? Auðvitað. Hvers vegna? Vegna þess að þær eru gagnlegar, þær eru alltaf gagnlegar. Og næst þegar Seðlabanki Íslands kemur og segir til dæmis: Við þurfum auknar fjárheimildir til þess að forða landinu frá öðru hruni. Það er svolítið mikilvægt að forða okkur frá öðru hruni. Af hverju ætlum við að segja nei ef ekki núna?

Næst þegar það verður fíkniefnakerfi á Íslandi — er fíkniefnavandinn ekki ríkir almannahagsmunir? Ætlum við þá að setja lög sem heimila lögreglunni að leita að fíkniefnum hjá hverjum landsmanni? Ef nei þá, af hverju ekki núna? Ég skil ekki hvar línan er lengur. Línan er komin langt niður fyrir gráa svæðið með þessu, vegna þess að það er skýrt að um brot á friðhelgi einkalífsins er að ræða, það eina sem er óskýrt er hvort það sé með réttu. Ef það er með réttu hér, til þess að athuga hvort ákvarðanir stjórnvalda eftir aðgerðir þeirra séu rökréttar eða ekki — spurningar sem hefði kannski mátt svara í kosningabaráttunni, meðan ég

man — þá skil ég ekki hvernig í ósköpunum hægt væri að segja nei við Seðlabankann þegar hann segir: Ég get forðað ykkur frá öðru hrúni, ég get passað að hér sé allt í lagi. Af hverju ekki þá? Og af hverju ekki einmitt vissulega með leigjendur, af hverju ekki fyrir alla?

[16:50]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mig langar að áréttu nokkra hluti. Hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson situr í allsherjar- og menntamálanefnd og veit fullvel að markmið frumvarpsins er tvíþætt, um það höfum við fjallað í löngu máli á fundum nefndarinnar. Það skýtur því skökku við að koma hér upp og halda því fram að ekki liggi ljóst fyrir og hafi ekki legið ljóst fyrir í vinnu nefndarinnar að hverju væri stefnt.

Það er í fyrsta lagi það að stuðla að því að ákvarðanir um úrræði í þágu skuldugra heimila og lögaðila byggist á traustum grunni og í annan stað að vinna tölfraeðiskýrslur sem nýstast til að fylgjast með framgangi og meta áhrif aðgerða stjórnvalda og annarra á hag heimila og lögaðila. Þetta liggur mjög skýrt fyrir og þetta er í þeirri breytingartillögu sem nefndin vann og lagði fram og hefur verið samþykkt hér í þinginu.

Mér þykir athyglisvert að hv. þingmaður, sem var á nefndaráli minni hluta og stendur hér að tillögunni að rökstuddri dagskrá, lýsir því yfir að hann hafi engan áhuga á að flýta þessu máli. Þrátt fyrir að stjórnarandstaðan hafi lýst því yfir að hún vilji breyta þessu máli og búa til eitthvað nýtt þá kristallast það í þessari umræðu að þetta snýst um að tefja. Það þykir mér liggja algjörlega ljóst fyrir eftir þessa ræðu vegna þess að ekki koma fram neinar breytingartillögur frá hv. þingmönnum til að færa þetta mál nær þeirri hugsun sem minni hlutinn er að reyna að koma hér í orð.

Ég tel að það liggi ljóst fyrir að það er vegna þess að menn þar á bæ eru ekki sammála um hvort fara eigi í þessar aðgerðir eða hvernig það sé hægt. Ef ég hef rangt fyrir mér óska ég eftir að hv. þingmaður leiðrætti mig.

[16:52]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Hvað það varðar að markmiðið sé ljóst og tvíþætt — ég hélt nú að ég væri að gera stuðningsmönnum frumvarpsins greiða með því að kalla það óljóst. Vandinn er sá að það er tvíþætt. Annars vegar er tilgangurinn að vinna tölfraeðiskýrslur. Það er ekki nógu góð ástæða til að ráðast inn á friðhelgi einkalífsins. Þess vegna hef ég sagt frá upphafi: Þetta eru í raun og veru tvö mál. Þetta eru annars vegar viðbrögð við meintu neyðarástandi og hins vegar vinnsla á hagskýrslum.

Ég hef fullan skilning á báðum málum, svo að það sé á hreinu, en ég er ekki hlynntur því, ég er ekki sáttur við að farin sé einhver neyðarleið, sem er hugsuð til að kljást við vandamál eins og stríð og náttúruhamfarir, til að vinna að tveimur markmiðum á sama tíma þar sem annað þeirra er klárlega ekkert neyðarmál. Það liggur klárlega ekkert á því að vinna betri tölfraeðiskýrslur umfram það að vinna að skuldavanda heimilanna, það hefði mátt bíða.

Það er rétt sem hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir segir um það að ég hafi ekki talað fyrir því að flýta þessu máli. Það er vegna þess að þetta máli er ekki nauðsynlegt til þess að kljást við skuldavanda heimilanna. Þetta mál er nauðsynlegt til þess að athuga eftir á hvort aðgerðir stjórnvalda séu rökréttar eða ekki. Það er gott og vel en það flokkast ekki undir það að vera neyðarástand.

Hvað varðar ásakanir um að viðbrögð okkar séu til þess að tefja málið, það er einfaldlega ekki rétt. Ég veit ekki alveg hvernig hægt er að sannfæra fólk um það, með hliðsjón af þingsköpum og því hvernig venjurnar eru hér á hinu háa Alþingi. En ég hef staðið hér í ræðupóli og komið með nýja punkta í allri minni orðræðu og ég hef eingöngu farið hingað upp til að ræða efnislega þá punkta sem eru mér hjartans mál.

[16:54]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að sannfæra mig um að hann sé ekki hingað kominn til að tefja málið, það er gott, þá liggur það fyrir.

Varðandi skuldavandann þá er það þannig að þrátt fyrir að þær nefndir sem hafa verið skipaðar skili af sér niðurstöðu eigum við auðvitað eftir að fjalla um þau mál. Síðustu fjögur árin höfum við staðið hér í þinginu og reynt að átta okkur á stöðunni og kalla eftir upplýsingum. Og bara til þess að það komi fram — af því að hv. þingmaður minntist á það í ræðu sinni að fyrrverandi ríkisstjórn hefði ekki sýnt tilburði í að fara svona langt — þá ætlaði fyrrverandi ríkisstjórn að fara þessa leið. Hagstofan átti að safna saman upplýsingum, til þess voru veittir fjármunir án þess að ramminn kæmi hér inn á þing. Þessi niðurstaða hér byggir í raun á tilraun fyrrverandi ríkisstjórnar til að fara þess leið án þess að lögfesta hana.

Við höfum fjallað um það í nefndinni, og fengið um það upplýsingar frá gestum sem hafa fjallað um það, að verið var að undirbúa þessa löggjöf, löggjöf af þessu tagi, þá þegar ný ríkisstjórn tók við svo að það liggi fyrir. Búið var að veita í þetta fjármuni, það átti að fara í þetta án þess að lögfesta það í gegnum þingið, án þess að fara þessa leið sem ég tel vera rétta, að við ræðum þetta alla vegu hér í þinginu. Við erum jú öll sammála um að við erum hér að tala um mikilvægar persónulegar upplýsingar.

Það er því ágætt að málið er þó komið hér inn og við náum að ræða það vel. Við áttum gott samstarf í nefndinni um þetta mál og það er vel. Það er rétt, sem komið hefur fram, að þetta mál mun ekki leiða í ljós að fullu stöðu leigjenda enda er það að mínu viti þáttur sem rétt er að skoða sérstaklega, hvernig hægt er að leiða þær upplýsingar fram. Það er erfiðara að halda utan um það, ekki eru allir leigusamningar þinglýstir o.s.frv. þannig að fara þarf í sérstaka vinnu til að kortleggja hvernig við getum nálgast það að fá yfirsýn yfir stöðu leigjenda.

[16:56]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Það er rétt, við eigum eftir að fjalla um málin seinna, þar á meðal stöðu leigjenda, ég hlakka svolítið til þess.

Hvað varðar orðin um fyrrverandi ríkisstjórn og áætlun hennar um að stíga þetta skref vil ég nefna að þótt ég hafi ekki kosið Framsókn kaus ég ekki heldur neinn annan flokk en minn eigin, svo að því sé haldið til haga. Því ætla ég að reyna að forðast það eftir bestu getu að verja verk einnar eða annarrar ríkisstjórnar. Ég skal leyfa þeim að verja sig sjálf ef þau svo kjósa.

Aðalatriðið er þó þegar kemur að þessu frumvarpi að það er ekki í verkahring ríkisstjórnar að takmarka valdsvið Alþingis. Það er í verkahring stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands. Í henni er ein grein, 71. gr., sem fjallar um friðhelgi einkalífssins og á henni erum við ótvírætt að brjóta hér og rökræðum eingöngu hvort við gerum það með réttu eða ekki.

Það er ekki miklu við það að bæta öðru en því að ef við ætlum að halda stjórnarskrána og ef við ætlum að halda friðhelgi einkalífssins ættum við kannski frekar að líta til þess hvernig við getum bætt stjórnarskrána heldur en að ræða það hvernig við getum gengið aðeins skemur en að taka kostinn sem er aðeins verri.

[16:57]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka hv. þm. Helga Hrafn Gunnarssyni fyrir ræðuna. Mig langar til að spyrja hann í fyrsta lagi um hvað gerðist í nefndinni, það braut á einhverju, fundurinn var stuttur að mér er sagt. Vildi stjórnarandstaðan fresta málinu fram að næsta þingi, tefja sem sagt málið þannig að niðurstöðurnar kæmu þá þeim mun seinna fram, sem allir segja þó að sé mjög mikilvægt að komi strax fram? Þetta er fyrsta spurningin.

Önnur spurningin er um þær aðferðir sem hv. þingmaður hefur reifað hér og ég er búinn að hlusta á í gegnum alla umræðuna, bæði 1., 2. og núna 3. umr., að spyrja bara þá sem málið varðar, þá sem skulda og helst þá sem eru í miklum skuldavanda.

Þá kemur spurningin um svarhlutfallið og skekktu niðurstöðu. Hv. þingmaður nefndi einmitt það sem ég er að spyrja að: Til þess að niðurstaðan sé ótvíræð og almenn sátt um hana þarf að spyrja alla, þá þarf að gera heildarúrtak, vegna þess að annars munu einhverjir segja þegar niðurstaðan kemur fram: Svarhlutfallið var ekki nógu gott. Ef í ljós kemur að t.d. einungis 10% heimilanna séu í miklum vanda munu þeir sem halda fram vanda heimilanna staðhæfa að úrtakið hafi ekki verið rétt vegna þess að þeir sem áttu að svara hafi bara ekkert vitað af því að þeir áttu að svara eða að þeir hafi ekki haft tíma til þess vegna þess að þeir voru að vinna svo mikið fyrir skuldunum sínum.

Þetta er alltaf vandamálið þegar menn gera skoðanakannanir eða taka niðurstöður; svarhlutfallið getur skekkt niðurstöðuna vegna þess að það er háð því í hvaða stöðu menn eru. Menn sem eru upp fyrir haus í skuldum eru kannski ekki mikið að sinna svona spurningum utan úr bæ og fylgjast jafnvel ekki með því vegna þess að þeir eru svo uppteknir af því að vinna og borga skuldir sínar.

[17:00]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir afskaplega skemmtilega spurningu.

Það sem gerðist í nefndinni — þá vænti ég þess fastlega að hv. þingmaður meini nefndarfundinn sem haldinn var eftir þingfund á fimmtudag — var að við í minni hlutanum stungum upp á því að málið yrði tekið upp á haustþingi og við mundum frekar ræða aðrar útfærslur, svo sem þær sem hv. þingmaður spyr út í. Við gætum þá átt það starf sem virðist ætla að eiga sér stað hér og sem ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal kærlega fyrir að taka þátt í. Það var fellt með meiri hluta og þar með var fundinum lokið. Það er það sem gerðist í nefndinni.

Hvort það heitir að tefja eða ekki þá finnst mér verið að rugla aftur saman þessu tvennu, hvenær verði lagt í aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og hins vegar hvenær athugaðar verða einhverjar niðurstöður þannig að hægt sé að breyta ferlinu, væntanlega eftir á. Það er einfaldlega ekkert neyðartilfelli og það er allt í lagi að þær tölur komi fram aðeins seinna en aðgerðir stjórnvalda. Þannig er planið ef maður skilur þetta rétt.

Hvað varðar svarhlutfallið er ég sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal ef um er að ræða almenna hagskýrslugerð. Þá er ég algerlega sammála því að svarhlutfallið skipti verulegu máli sem og hvaða hópar hafa tilhneigingu til þess að svara. En þegar kemur að markvissum aðgerðum sem eru ætlaðar hópi sem á við ákveðið tiltekið vandamál að stríða sé ég ekki þörf á því að hafa þessar tölur yfir allan hópinn. Það er það sem ég skil ekki. Ef við ætlum að ráðast á þetta eina vandamál, þetta neyðarástand, skuldavanda heimilanna, skil ég ekki alveg hvernig upplýsingar um mig, þann sem hér stendur, koma þeirri tölfræði við.

[17:02]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það var sem sagt þannig að stjórnarandstaðan setti fram þá kröfu að málinu yrði frestað og það rétt í byrjun næsta þings. Hún var ekki tilbúin til að vinna yfir helgina eða jafnvel eitthvað fram í vikuna til að klára málið sem hún ætlar hvort sem er að klára í október. Ég sé ekki hvað muni geta komið fram í október sem ekki væri hægt að gera núna um helgina.

Svo er það spurningin með úrtakið og niðurstöðuna. Niðurstaðan þarf að vera trúverðug, menn þurfa að treysta henni. Alhæfingarnar sem hafa verið uppi í þjóðfélaginu um stöðu heimilanna eru mjög miklar, það er stundum sagt að öll heimili séu gjaldþrota, sem er ekki rétt. Ég vil þá biðja menn að undanskilja alla vega mitt heimili. Svona alhæfingar heyrir maður og ef fram kemur niðurstaða sem hentar ekki mönnum sem eru með svona alhæfingar, t.d. að 10% heimila séu í verulega miklum vanda en ekki fleiri, þá kunna þeir að gagnrýna einmitt úrtakið. Þá kunna þeir að gagnrýna að þegar aflað er upplýsts samþykkis næst ekki í þá sem eiga að veita upplýst samþykki, það bara næst ekki í þá. Þá munu þeir segja: Það er ekkert að marka þessa niðurstöðu. Og til hvers er þá öll vegferðin ef niðurstaðan sem við fáum út úr henni er ekki trúverðug?

[17:04]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Mig langar að byrja á því að leiðrétta einn smámisskilning. Vissulega vildum við að málið yrði látið niður falla í bili, en eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal veit getur hv. allsherjar- og menntamálanefnd fjallað um mál án þess að þau séu endilega á þingdagskrá. Það var ekkert því til fyrirstöðu, og ekki geð okkar þingmanna í hv. allsherjar- og menntamálanefnd um að vinna að þessu um helgina eða á hverjum einasta degi fram að þingi í október, það hefði verið algjörlega sjálfsgagt. Ég hefði glaður gert það.

Vandinn er sá að við þyrftum að ræða annað mál. Þetta frumvarp er að mínum dómi ónýtt. Það þarf að byrja upp á nýtt og skoða aðrar leiðir. Ef við ætlum að skoða þá aðferð sem ég hef verið að benda á að sé möguleiki, að leita upplýsts samþykkis, krefst það forvinnu áður en við leggjum fram frumvarp. Að vinna þá vinnu milli dagsins í dag og 1. október er sjálfsgagt mál, ég er alveg til í það, ekkert mál. Mér liggur ekkert á að fara í frí, virðulegur forseti.

Hvað varðar það að niðurstaðan þurfi að vera trúverðug, já, hún þarf að vera trúverðug ef við erum að tala um almenna hagskýrslu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vék að því áðan að sumir hafa kannski ekki endilega rænu eða áhuga á því eða tíma til að tilgreina sérstaklega hvort þeir vilji vera með í slíku verkefni sem ég hef stungið hér upp á en ég vil benda á að tæknin er til staðar og er þegar í notkun. Tæknin heitir Íslykillinn og RSK-lykillinn. Þessir lykilar eru notaðir til að skila inn skattskýrslum, þeir eru notaðir til að skipta um trúfélög og gera alls konar hluti í stjórnsýslunni. Þetta er ekkert mál, tekur örfáar mínútur, ég gerði þetta sjálfur um daginn.

Sömuleiðis ábyrgist ég að ef ríkið tæki upp svona verkefni mundi það auglýsa sjálft sig frekar vel og frekar hratt.

[17:06]

**Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem fram hefur farið um þetta mál hér í þingsal og held að það sé gagnlegt að hafa hana hér þó að ég ætli ekki að lengja hana mikið fyrir mitt leyti. Mér gafst bara ekki kostur á því að taka þátt í 2. umr. þannig að ég vil gera grein fyrir sjónarmiðum mínum í málinu áður en umræðu um það lýkur enda hafði ég nokkur afskipti af svipuðum málum á síðasta kjörtímabili sem komu þá inn frá þáverandi ríkisstjórn og náðu ekki fram að ganga í þinginu. Ástæðan fyrir því að þau náðu ekki fram að ganga var ekki sú að hjá okkur væri ekki fullur skilningur á því að menn vildu hafa sem bestar upplýsingar og að aðgerðir í skuldamálum væru mikilvægar, heldur hið að veruleg vandkvæði voru á því að binda slíka upplýsingasöfnun í lög þannig að það stæðist ákvæði mannréttindasáttmála, stjórnarskrár og persónuverndarsjónarmið. Engu að síður lýstum við því yfir þegar að loknum kosningum að við í Samfylkingunni mundum fyrir okkar leyti greiða leið þeim málum sem lytu að aðgerðum í málefnum skuldugra heimila og munum auðvitað ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál fái afgreiðslu.

Hitt hefur komið mjög á óvart í meðferð málsins að það

snýr ekki að því að leggja grunn að aðgerðum í skuldamálum heimilanna. Það breytir í raun og veru allri myndinni, ásýnd málsins og röksemdunum fyrir því og kollvarpar að mestu leyti því að hægt sé að réttlæta það að svo langt sé farið eins og hér er lagt til.

Hér er verið að leggja til að safnað sé á einn stað mjög miklum upplýsingum um fjármál og viðkvæma þætti fjármála hjá öllum Íslendingum. Því eru samfara augljósar hættur. Augljóst er að þar geta aðilar sem aldrei var ætlunin að kæmust í slíkar upplýsingar komist í þær. Slíkar upplýsingar geta þess vegna orðið öllum aðgengilegar eins og iðulega hefur orðið um trúnaðarupplýsingar á netinu, eins og við þekkjum úr fréttum þegar jafnvel fyrirtæki með gríðarlega öflugum öryggisstarfsemi hafa misst trúnaðarupplýsingar til dæmis um greiðslukort manna eða leyninúmer. Eða þær upplýsingar sem nú liggja frammi á öllum helstu dagblöðum í Evrópu um leynireikninga öflugustu fjármálastofnana í heimi á aflandseyjum, um innstæður manna þar sem verið hafa gríðarlegu fé og mikilli sérfræðiþekkingu í að tryggja að þær upplýsingar væru öruggar og skattyfirvöld hvergi kæmust í þær, hvað þá blaðamenn. En þær eru núna einfaldlega öllum aðgengilegar vegna þess að við lifum þannig tíma að tæknin er í stöðugri þróun. Það sem við höldum einn daginn að hægt sé að dulkóða uppgötvað við í vikunni á eftir að einhverjar tilteknar stofnanir hafa þróað tækni í að komast fram hjá, afrita og þess vegna dreifa.

Þegar ráðast á í svona gríðarlega umfangsmikla upplýsingasöfnun um einstaklinga og einkalíf þeirra, um viðkvæma þætti fyrir hverjum og einum eins og það hvort hann er í vanskilum eða með hvaða hætti greiðsluskilmálar hans eru í bankanum eða kjör hans á einhverjum hlutum, þá þurfum við að hafa fyrir því býsna sterkar röksemdir. Þegar málið kom fyrst fram töldum við að það væri grundvöllur þess að þetta væru nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvarðanir í skuldamálum heimilanna þá. Þetta varðaði gríðarlega mikil ríkisútgjöld og gríðarlega stóra efnahagslega aðgerð af því að menn ætluðu að nota þessar upplýsingar til þess að taka þær miklu ákvarðanir.

Núna, nokkrum mánuðum síðar er hins vegar komið fram af hálfu hæstv. forsætisráðherra og hér í ræðustól Alþingis að það á ekki að nota þær upplýsingar til að taka ákvarðanir í skuldamálum. Forsætisráðherra hefur lýst því yfir að þær ákvarðanir hafi þegar verið teknar, þær liggja fyrir í stjórnarsáttmálanum og að þeir starfshópar sem nú starfa, þeirra verkefni sé ekki að komast að neinum niðurstöðum í þeim efnum heldur eigi þeir bara að útfæra það sem þegar hefur verið ákveðið. Hæstv. forsætisráðherra hefur líka upplýst í ræðustólnum að það liggja fyrir hver kostnaðurinn við þessar aðgerðir verði og að hann verði miklu minni en 300 milljarðar. Það hefur hann orðrétt sagt úr þessum ræðustóli. Þess vegna liggur fyrir hvaða aðgerða á að grípa til, hversu mikið umfang þeirra verður og þeir ólíku útfærslumöguleikar í þeim efnum, ákvarðanir um þá verða teknar án þess að upplýsingarnar liggja fyrir og væntanlega koma fram tillögur ríkisstjórnarinnar án þess að þær upplýsingar liggja fyrir.

Þetta mál varðar því ekkert þessar stóru ákvarðanir. Því spyr maður hvers vegna ætti þá að heimila það að ganga svona nærri friðhelgi einkalífsins úr því að slá á nýtt heims-

met í skuldaleiðréttingum alveg óháð þeim upplýsingum. Ríkisstjórnin er búin að ákveða það og útfærslurnar verða kynntar í nóvember meðan þessar upplýsingar verða í fyrsta lagi til í mars næstkomandi. Það virðist blasa við, það kann að vera að upphaflega hafi menn hugsað sér að nota upplýsingarnar við ákvarðanir í skuldamállum en það er einfaldlega ekki lengur á dagskrá. Og þá sýnist mér, án þess að hafa kannski yfirvegað málið alveg til fulls, að röksemdirnar og réttlætningin fyrir því að fara í svona mikla upplýsingaöflun um einstaklinga á einum stað og skapa hættu meðal annars á árásum á viðkomandi tölvukerfi og þá hættu sem fylgir því að óprúttirnir aðilar misnoti slíka upplýsingaöflun, að engar röksemdir séu fyrir því að fara í hana vegna þess að slíkar upplýsingar eigi þá bara fyrst og fremst að nýta til þess að leggja mat á aðgerðir eftir á.

Það er engin þörf á því að safna umræddum upplýsingum saman á einn stað til þess að leggja mat á aðgerðir eftir á. Það hafa engin rök verið færð fram fyrir því. Við höfum á einum stað upplýsingar um vanskil. Það verður eftir sem áður hægt að kanna stöðu vanskila eftir aðgerðir eins og áður og hvaða áhrif þetta hefur haft þar á. Einnig verður safnað upplýsingum um eignir og skuldir heimilanna á vegum ríkisskattstjóra og þær munu alveg duga til þess að sjá áhrif aðgerðanna sem fyrirhugaðar eru, heimsmetsins, á stöðu eigna og skulda fólks. Í Reiknistofu bankanna er allar upplýsingar um greiðsluskilmála fólks væntanlega að finna og ef menn vilja skoða einhverjar breytingar á því þá er ekkert því til fyrirstöðu að leita þangað eftir upplýsingum til að fá vitneskju um hvort einhverjar breytingar hafi orðið á greiðslukjörum fólks eftir að í þessar aðgerðir hafi verið farið. Þó að ég sjái ekki hvaða tilgangur ætti að vera svo sem í því.

Það verður ekki séð að það að setja allar þessar upplýsingar á einn stað feli í sér neina verulega þýðingarmikla og knýjandi almannahagsmuni í gagnasöfnun eftir á. Nú kann vel að vera að safna eigi þessum gögnum oftar, á þriggja mánaða fresti í staðinn fyrir tólf eða eitthvað slíkt. Það væri væntanlega ekki eðlisbreyting á þeirri upplýsingasöfnun sem þegar fer fram. En ég held að ótvírátt sé að með hóflegri hætti sé hægt að afla þessara upplýsinga um aðgerðirnar eftir á, fyrst ekki á að nota þær til að taka ákvarðanirnar um aðgerðir. Og jafnvel þó að ætlunin væri að taka ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli tiltekinna upplýsinga þá verðum við að spyrja okkur þegar um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar: Er hægt að ganga skemur en hér er verið að leggja til? Svárið virðist vera alveg augljóst: Já, það er hægt að gera með úrtakskönnunum eins og frændur okkar Norðmenn gera. Þá svara menn: Já, það verður býsna stórt úrtak, þriðjungur landsmanna. Gott og vel, en það er þá samt bara þriðjungur landsmanna sem þessum upplýsingum er safnað um og hinir 2/3 hlutar þjóðarinnar eru þá lausir undan því að upplýsinga sé aflað um þá með þessum hætti og þeir settir í þá hættu sem svona upplýsingasöfnun klárlega skapar í þeim nútíma sem við lifum.

Það virðist líka vera, ef það er bara ætlunin að leggja mat á aðgerðirnar og áhrif þeirra, eðlilegt að spyrja: Er ekki líka hægt að takmarka þessa upplýsingasöfnun við þá sem aðgerðirnar ná til? Þannig að þegar menn leita eftir því að

fá þá fyrirgreiðslu sem ríkisstjórnin hyggst leggja til, njóta síns hlutar í þessu heimsmeti, þá gefi þeir um leið heimild fyrir því að heimsmetið sé skráð, aðkoma þeirra að því, og upplýsingar um þá og að það væri þá fullnægjandi til þess að meta áhrif aðgerðanna. En af hverju í ósköpunum ætti einhver íbúi segjum til dæmis á Vopnafirði sem skuldar ekkert í húsinu sínu og hefur engan áhuga á því að fá svona aðgerðir fyrir sig og hefur ekki kosið Framsóknarflokkinn — af hverju ættu þessar upplýsingar að ná til allra? Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig um það. Hvers vegna er ekki hægt að binda þær við þá sem njóta þá þeirra aðgerða sem fyrirhugaðar eru? Og ef það þykir ekki nægilega góð upplýsingagjöf, er þá að minnsta kosti ekki hægt að gefa borgurum landsins færi á því að afþakka það að um þá sé safnað svona upplýsingum? Það var gert í greiðslujöfnuninni sem var úrræði sem talið var brýnt almannahagsmunamál að koma á en fólk gat sagt sig frá. Er það ekki eðlileg ráðstöfun og heimild fyrir fólk til þess að velja sig undan?

Mér virðist að þessu samanlögðu að það sé augljóslega engir ríkir almannahagsmunir — enda getur tölfraeðiupplýsingasöfnun eftir á ekki talist ríkir almannahagsmunir þegar hún fer hvort eð er fram vegna þess að það er auðvitað þannig að fram fer söfnun tölfraeðiupplýsinga eftir á í þessum efnum — sem kalli á þetta og að líkur séu til þess. Ég vil ekki fullyrða það vegna þess að ég sat aðeins einn fund þeirrar ágætu nefndar sem fjallaði um málið, en mér virðist að nokkrar líkur séu til þess að að minnsta kosti sé hægt að ganga skemur í því að ganga á friðhelgi einkalífsins og skapa einstaklingum hættu á því að viðkvæmar upplýsingar um þá verði opinberar eða verði misnotaðar. Og að sú skylda hvíli á þinginu að fara þá hina skemmi leiðina vegna þess að hitt sé einfaldlega of íþyngjandi ákvarðanir.

Ég harma það að meiri hlutinn í þinginu skuli ekki hafa þegið það ágæta boð um samstarf sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni settu fram um að vinna að því að koma þessu máli í þann búning að það standist örugglega stjórnarskrá og sé í samræmi við þau sjónarmið sem Persónuvernd hefur sett fram vegna þess að það verður jú enn til þess að flækja málið ef þessi löggjöf verður síðan að deiluefni og ratar fyrir dómstóla. Ef einhver fjármálastofnun neitar að afhenda upplýsingarnar á grundvelli persónuverndarsjónarmiða og með vísun til ályktana stjórnar Persónuverndar þá geri ég ráð fyrir að á slíka neitun þurfi að reyna fyrir dómstólum áður en hægt er að safna upplýsingum. Slíkt ferli getur tekið talsvert langan tíma, að reka mál af því tagi, bæði fyrir héraði og Hæstarétti, til að fá um það niðurstöðu að það megi yfir höfuð safna slíkum upplýsingum á einn stað. Þá værum við ekki að sjá fyrstu upplýsingarnar í mars næstkomandi, árið 2014, heldur þá kannski meira í mars 2015 og þá spyr maður: Til hvers er verið að leggja upp í leiðangurinn ef ekki er reynt að gæta þess að bæði sé um hann víðtæk pólitísk samstaða og að hann gangi ekki lengra en góðu hófi gegnir gagnvart friðhelgi einkalífsins þegar svo takmarkaðir almannahagsmunir eru að baki eins og söfnun upplýsinga eftir á þegar um þegar ákveðnar aðgerðir er að ræða?

[17:20]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar og ég höfum nú nokkrum sinnum rætt um skuldavandna heimilanna og upplýsingar um stöðuna. Það var á síðasta kjörtímabili þegar hv. þingmaður var formaður efnahags- og viðskiptanefndar sem hafði þetta mál til meðferðar, að minnsta kosti síðari hluta kjörtímabilsins. Þá var fullyrt að ekki þyrfti neinar lagaheimildir til þess að safna saman þeim upplýsingum sem Hagstofan átti að safna. Verið var að bíða eftir tölum frá Hagstofunni. Páverandi ríkisstjórn hafði veitt til þess fjárheimildir svo Hagstofan gæti farið í það að safna þessum upplýsingum án þess að Alþingi fjallaði sérstaklega um með hvaða hætti halda ætti utan um þær upplýsingar, hvernig afmarka ætti verkefnið eða að gætt væri að því að ræða um persónuverndarsjónarmið í því sambandi.

Þess vegna langar mig til að fá hv. þingmann, sem stýrði þeirri vinnu innan nefndarinnar á síðasta kjörtímabili, til að upplýsa okkur um það hvaða upplýsingar það voru sem Hagstofan átti að safna saman ef það eru ekki þær upplýsingar sem við ræðum hér um. Ég tel að hefði fyrrverandi ríkisstjórn leitað allra leiða fyrr á síðasta kjörtímabili til þess að leiða þetta mál til lykta og safna saman upplýsingum þannig að hægt væri að ræða um úrlausnir til handa skuldugum heimilum þá værum við ekki hér í dag. Þá værum við einfaldlega búnir að átta okkur betur á stöðunni.

Í annan stað langar mig að biðja hv. þingmann um að upplýsa mig. Ég skildi hv. þingmann þannig að hann væri ósammála markmiðum frumvarpsins. Hann er ósammála afmörkuninni á verkefninu sem birtist okkur í frumvarpinu og fullyrðir að engir ríkir almannahagsmunir réttlæti það að safna saman þessum upplýsingum. Ef það er mat fleiri stjórnarandstöðupingmanna, hvernig hefði þingheimur átt að komast að sameiginlegri niðurstöðu um einhverja aðra útfærslu á þessu máli?

[17:23]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Menn hefðu einfaldlega komist að annari niðurstöðu með því að ganga skemur en hér er verið að leggja til. Grundvallarmunurinn á því sem var á síðasta kjörtímabili og er á þessu er hvort til stendur að safna upplýsingum til þess að taka ákvarðanir um verulegar efnahagslegar aðgerðir og verulega fjármuni sem varða fjölda fólks. Ef það eru hinir ríku almannahagsmunir sem kalla á upplýsingasöfnun þá lítur upplýsingasöfnunin allt öðruvísi út.

Þess vegna tókum við þessu máli ágætlega þegar það kom hér fyrst fram, eins og til að mynda má finna í ræðu Kristjáns L. Möllers við 1. umr., hygg ég, vegna þess að við höfðum skilið það þannig að taka ætti ákvarðanir um aðgerðir á grundvelli þessara upplýsinga, mikilvægar þjóðhagslegar aðgerðir, stórar efnahagspólítískar aðgerðir.

En nú hefur verið upplýst af sjálfum hæstv. forsætisráðherra að sú ákvörðun sé þegar tekin. Hæstv. forsætisráðherra sagði það síðast í ræðustól í dag að ákvörðunin væri tekin í stjórnarsáttmálanum. Hann lýsti því yfir í síðustu viku að það lægi fyrir hvað þær aðgerðir mundu kosta. Það er því ekki um það að ræða að við þurfum að safna upplýs-

ingum til þess að átta okkur á umfangi vandans eða kostnaðinum við hann. Ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið þetta. Það eina sem þarf að gera er að útfæra hvernig á að gera það og þær tillögur eiga að liggja fyrir í nóvember, löngu áður en þessar upplýsingar eiga að liggja fyrir.

Þá spyr maður sig einfaldlega: Er nokkur ástæða til þess að vera að safna þessum upplýsingum fyrst búið er að taka ákvarðanirnar um stærstu aðgerðir í skuldamáltum heimilanna fyrr og síðar áður en upplýsingarnar liggja fyrir? Til hvers? Hvaða ríku almannahagsmunir eru þá fyrir hendi?

[17:25]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kys hér að svara hvorugri spurningu minni þannig að ég neyðist til að ítreka þær: Hvaða aðrar skemmri leiðir hefði verið hægt að fara ef hv. þingmaður er í raun á móti markmiðum þessa frumvarps, á móti afmörkuninni og telur að engir ríkir almannahagsmunir kalli á að safna þurfi að þessum gögnum?

Ef við færum einhverjar aðrar skemmri leiðir þá þyrfti alltaf að lögfesta heimildarákvæði fyrir Hagstofuna, kannski í einhverri annari mynd gagnvart einhverjum þrengri hópi, ef það er það sem hv. þingmaður er að tala um, en hann kemst ekki fram hjá því að það þarf að lögfesta heimildarákvæði. Eða er það svo að hv. þingmaður er, ef ég skil hann rétt, ósammála markmiðunum, ósammála afmörkuninni og telur enga ríka almannahagsmuni leiða til þess að afla þurfi upplýsinga um hver staðan er?

Ég ítreka líka fyrri spurningu mína um hvað hv. þingmaður hafi verið að hugsa þegar hann stýrði þessari vinnu í efnahags- og viðskiptanefnd á sínum tíma og fullyrt var að Hagstofan væri þá þegar að safna þessum gögnum.

[17:26]

**Helgi Hjörvar (Sf) (andsvar):**

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að ítreka það sem ég sagði í ræðu minni áðan. Þær skemmri leiðir geta til dæmis verið að beita úrtaksaðferð við að afla þessara upplýsinga. Hún næði til þriðjungs þjóðarinnar en ekki til hinna 2/3 hlutanna, en þá væri augljóslega gengið skemur í málinu.

Það gæti falist í því að fólk gæti valið sig frá því að þessum upplýsingum væri safnað um það. Augljóslega virðist það ganga skemur og ætti ekki að koma í veg fyrir í meginatriðum að þeim markmiðum væri mætt sem eftir eru í kringum þetta mál fyrst ekki á að nota upplýsingarnar í aðgerðir.

Í þriðja lagi spyr maður sig hvort ekki mætti takmarka upplýsingasöfnunina við þá sem njóta þeirra aðgerða sem búið er að fara í. Og úr því að búið er að ákveða aðgerðirnar og til hverra þær ná má spyrja hvort ekki sé nægilegt að upplýsingaöflunin nái til þess hóps en að aðrir landsmenn sæti því ekki að sitja undir slíkri upplýsingasöfnun. Sá grundvallarmunur er á þessari upplýsingasöfnun og hinni sem rædd var á síðasta kjörtímabili að þá var verið að ræða um upplýsingasöfnun sem átti síðan að vera grundvöllur þess að ákveðið væri hverjir nyttu aðgerða, hverjir hefðu mesta þörf fyrir aðstoð, hvert veita ætti fjármunum og í hve miklum mæli, þ.e. grundvöllur fyrir margvíslegar ákvarðanir sem varða almannahagsmuni, upphæðir, fjárhæð ein-



staklinga og fjárhæð ríkissjóðs en ekki upplýsingasöfnun eftir á um þegar ákveðnar aðgerðir eins og hér er um að ræða.

[17:28]

#### Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):

Forseti biður hv. þingmann að virða þá hefð að stíga ekki í forsetastól fyrir en hann hefur verið fullkynntur.

[17:28]

#### Svandís Svavarsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, með síðari breytingum. Þessi umræða á sér orðið nokkra sögu í þingsöllum en því miður meira af hendi þeirra sem finna á því vankanta en hinna sem eru sannfærðir um ágæti frumvarpsins. Hér er í raun um að ræða mjög flókið mál. Það er ekki einfalt í nokkrum skilningi því að hér er um að ræða mál sem enginn vefengir í sjálfu sér að gengur á stjórnarskrárvarin réttindi til friðhelgi einkalífsins en um leið eru menn ósammála um hvort nægilega ríkir almannahagsmunir séu skilgreindir til að unnt sé að vika þeim réttindum til hliðar.

Þetta eitt og sér er gríðarlega stórt mál, ekki síst vegna þess að hagsmunamatíð er okkar. Það er okkar að meta þessa hagsmuni um leið og það er okkar að standa vörð um stjórnarskrána. Við lendum eiginlega í því að verja þennan mikilvæga grundvallarlagabókstaf lýðveldisins um leið og það er okkar að skilgreina hvenær eðlilegt sé á grundvelli einhverra hagsmuna að ganga á þessi sömu réttindi. Það er ekki bara vísað til stjórnarskrárvarinna réttinda til friðhelgi einkalífsins heldur ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu um hið sama. Hér er um að ræða slíkt grundvallarmál að þetta er eitt af því sem samfélög setja sér meginlöggjöf um, þ.e. vernd einstaklinganna, persónanna, gagnvart upplýsingum sem teljast persónulegar. Þess vegna er þetta mikilvægur partur af því trúnaðartrausti sem þarf að vera hornsteinn hvers samfélags, að við borgararnir séum örugg með tilveru okkar og daglegt líf og séum í skjóli með það fyrir einhverjum óskilgreindum stjórnvöldum sem seilast í hinar sömu upplýsingar.

Á sama hátt er þetta líka stórt mál að því er varðar spurninguna um það hverjum er svo í hag að dylja þessi sömu stjórnvöld einhverjum upplýsingum. Í aðdraganda hrunsins og kannski miklu frekar í kjölfar þess hefur verið mjög mikil umræða um að allar upplýsingar þurfi að vera fyrir hendi, að við þurfum að fara úr leyndarhyggju hins lokaða samfélags. Það hefur verið mikil umræða til að mynda um bankaleynd vegna þess að það hefur oft og einn og verið í þágu þeirra sem hafa hag af því að dylja samfélagið upplýsinga að standa vörð um slíkt. Hagsmunirnir þarna togast líka á, hagsmunir þeirra sem vilja gæta að réttindum einstaklinganna til að fá sjálfir að ákveða hvenær þeir láta einhverjar upplýsingar í té og síðan hinna sem af annarlegum ástæðum eða vegna viðskiptahagsmuna eða einhverra tortólkskra hagsmuna hafa hag af því að segja ekki frá því sem þeir eru að gera.

Þessi umræða er líka mikilvæg en hún varðar kannski ekki nákvæmlega það sem hér er undir. Við erum ekki að

tala um að þær upplýsingar sem hér er leitað eftir fari út á meðal fólks. Við erum að tala um að þær verði á einum tilteknum stað, að á einum tilteknum stað verði til gríðarlega mikið og sögulegt gagnagagn um alla einstaklinga á Íslandi. Þetta er nýtt að því leytnu til að þarna er komið fyrir bæri sem í gagnasöfnunarbransanum er rætt um sem hugsanlega verslunarvöru, nokkuð sem er árennilegt fyrir einhverja sem hafa hug á netarásum eða að gera sér þennan upplýsingabanka að féþúfu. Við erum þar að tala um mjög umfangsmikið og stórt verkefni.

Þetta liggur allt saman í sjálfu sér fyrir í frumvarpinu, þ.e. að það standi til að safna öllum þessum upplýsingum saman á einn stað. Síðan eiga þessar upplýsingar allar saman að vera þarna á þessum eina stað. Til hvers? Þar greinir menn dálítið á. Þá fara menn að tala í tvær áttir. Annars vegar tala þeir um að við þurfum að hafa öll þessi gögn til að meta aðgerðir stjórnvalda. Hins vegar gerist það í þingsal, í nefndinni og víðar, og kannski enn þá meira úti í samfélaginu, að einstakir þingmenn og áhugamenn um þessi mál og um heimsmet forsætisráðherra tala um þetta mál sem eins konar forsendu þess að hægt sé að fara í aðgerðirnar. Þarna eru í raun og veru talsmenn málsins alveg frá byrjun að tala um tvennt.

Af því að hér hefur verið vísað til fyrri áforma fyrri ríkisstjórnar um að gögn liggja fyrir er alveg rétt að það er mikilvægt að það sé sátt um mælikvarða í samfélaginu, hvaða mælikvarðar liggja fyrir, fyrst og fremst vegna þess að það á alltaf eftir að túlka gögnin. Það er alveg sama hvernig gagnanna er aflað og hvernig þeim er safnað, það á alltaf eftir að túlka þau og það er rétt að athuga að ef ágreiningur er um tilurð, markmið og aðferð gagnasöfnunarinnar er nánast öruggt að það verður líka ágreiningur um það hvernig gögnin eru túlkuð. Er þá, bara út af því, verjandi að fara á svig við stjórnarskrárvarin réttindi ef við erum nánast fyrir fram viss um að það muni verða ágreiningur um túlkun á þeim gögnum sem fyrir liggja? Þá erum við ekki að tala um tilganginn vegna þess að hann er þegar reifaður en um túlkun gagnanna gæti orðið ágreiningur.

Ég ætla ekki að reifa hér það sem hv. þm. Helgi Hjörvar hefur nefnt og fleiri hafa vikið að í sínum málfutningi sem er hætta á dómsmálum á grundvelli þessarar löggjafar. Það er umhugsunarefni að það kann að leiða til þess að það verði stórkostlega mikill frestur á því að þetta verkfæri verði til þess gagns sem að minnsta kosti sumir leggja upp með að sé meginmarkmiðið.

Númer eitt eru þessi stjórnarskrárvörðu réttindi og hin heilaga skylda okkar að fjalla mjög varlega um þau. Hagsmunamatíð er okkar.

Númer tvö er sú staðreynd að hér er ekki um að ræða forsendur fyrir úrlausn skuldavanda heimilanna og lækkun höfuðstóls húsnæðisskuldna en samt vaka þau rök yfir þegar vagnir eru þessir ríku almannahagsmunir. Þá er sagt sem svo: Ja, þetta er svo mikilvægt, við þurfum að hafa þessar upplýsingar. Þetta er alveg bráðnaðsynlegt til þess að geta uppfyllt heimsmetið.

Svo greinir menn á um hvort þetta sé svo, m.a.s. í hópi stjórnarflokkanna.

Í þriðja lagi er það svo að markmiðin eru ekki nægilega skýr, eins og hér hefur verið reifað, þ.e. til hvers leikurinn

sé gerður. Það er ekki ásættanlegt þegar um er að ræða stjórnarskrárvarin réttindi að menn séu bara með einhverjar persónulegar útgáfur af því hvert markmiðið sé. Það þarf að vera mjög skýrt og það er ekki bara að því er varðar íslenska löggjöf heldur líka alþjóðlega samninga. Við höfum ekki leyfi til þess að safna svona miklum, ítarlegum gögnum nema það sé í beinum tengslum við skýr markmið. Einhver smekksatriði um það að við eigum að bæta við hinu og þessu á leiðinni eru ekki boðleg í þessu ljósi þótt það gæti verið gott fyrir okkur á síðari stigum að vera með frekari gögn.

Í fjórða lagi er meðalhófið og það er kannski einn af þeim punktum sem mest hefur verið ræddur hér og var nú síðast umfjöllunarefni í andsvari hv. þm. Unnar Brár Konráðsdóttur. Spurningin er einfaldlega þessi: Eru heimildirnar of víðar? Það kom fram í máli hv. þingmanns að heimildirnar þarf að gefa og það þarf að undirbyggja þær með lögum. Það er alveg skýrt, en eru þær of víðar? Það er spurningin. Erum við, miðað við gefin markmið, að gefa of víðar heimildir?

Lögbókin skyldar okkur til þess að gæta meðalhófs í þessu efni. Hún segir ekki bara að við eigum að gera það ef við höfum tíma til þess eða ef okkur langar það, heldur er það einfaldlega þannig að okkur ber að gæta að þessum stjórnarskrárvörðu réttindum með þetta að leiðarljósi. Við getum ekki farið á svig við það öðruvísi en að meðalhófs sé gætt. Þá hafa verið ræddar aðrar leiðir. Við höfum talað um úrtaksleiðina og við höfum líka rætt um að fara leið upplýsts samþykkis. Þar með náum við í raun utan um þetta markmið sem er að búa til loftvog fyrir þennan þátt íslensks efnahagslífs ef það er meginmarkmiðið. Ef við ætlum bara að fylgjast með því hverjar sveiflurnar eru duga þessar leiðir til að ná því markmiði. Annað hefur ekki verið rökstutt. Það hefur ekki verið rökstutt nægilega naglfast að þessar hófsamari leiðir séu ekki fullnægjandi. Þetta vakir eftir, eftir alla þá umræðu sem við erum búin að eiga í þingsal.

Mikið þakklætishjal hefur viðgengist undir þessari umræðu og þess vegna vil ég, þannig að það sé örugglega nefnt við 3. umr., þakka fyrir góða stýringu á nefndinni og málinu öllu saman og það að menn hafa hlustað og tekið tillit. Eftir stendur þó að það var skýr vilji stjórnarandstöðunnar í hverju einasta skrefi að koma til móts við þetta verkefni stjórnarmeirihlutans, þar með talið að skýra markmiðin betur. Ég veit að hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir getur tekið undir þá eindregni sem ríkti í nefndinni hvað þetta varðar og ekki síður þá viðleitni að finna betri leið.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið nokkuð inn í umræðuna og talað um hina andfarlegu tímalínu þar sem menn ætla ýmist að flýta eða seinka málinu. Það er vegna þess að við erum að tala um að vera með gögn þar sem við erum samstiga um markmiðið og aðferðina og tökum síður áhættuna af því að vera í ágreiningi frá fyrsta tímapunkti, þ.e. við eigum auðveldara með að sammælast þar af leiðandi um að túlka gögnin.

Virðulegur forseti. Ég sé að tími minn er á þrotum og vona að mér hafi lánast að reifa flestar þær efasemdir sem hafa komið upp í umræðunni.

[17:43]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna og staðfesti þau orð hv. þingmanns að það var mikill einhugur í nefndinni um að bæta þetta mál og reyna að tala sig niður að einhverri skynsamlegri niðurstöðu. En hér erum við komin í dag við 3. umr. þessa máls og getum verið sammála um að samstarfið var gott þótt við hefðum ekki öll verið samferða alla leið.

Mig langar að spyrja hv. þingmann vegna þeirrar umræðu sem aðeins hefur verið komið inn á í dag varðandi fyrri tilraunir til þess að nálgast þetta verkefni. Nú sat hv. þingmaður í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili og hér voru lögð fram frumvörp hvað varðaði að safna saman upplýsingum til að rannsaka fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Meðal annars var lagt fram mál af hálfu hæstv. þáverandi ráðherra Árna Páls Árnasonar, sem nú er hv. þingmaður, sem er nr. 570 frá 138. löggjafarþingi, þar sem heimildirnar eru miklu, miklu rýmri. Þar átti að sækja upplýsingar frá öllum aðilum sem nánast hægt er að nefna. Þar átti að safna saman upplýsingum um búsetu hér á landi eða hversu lengi hún hefði staðið, það átti að keyra saman gögn og ganga í rauninni miklu lengra en ég tel að við séum að gera með þeirri afmörkun sem nefndin hefur farið í.

Er hv. þingmaður, þegar hann er að tala um að fara einhverja aðra leið, að tala um gagnvart heimildunum sem Hagstofan þarf að fá? Við hljótum þá að vera sammála um að lögfesta þurfi þær heimildir fyrir Hagstofuna. Hversu langt er hv. þingmaður að tala um að ganga? Er hann að tala um að fara þá leið sem við erum að leggja til í þessu frumvarpi? Er hv. þingmaður sammála því að heimildirnar sem verið er að veita séu réttar en bara ósammála afmörkuninni á hópunum? Er það það eina sem út af stendur? Ég hef ekki alveg áttað mig á því í málflutningi stjórnarandstöðunnar hvað það er nákvæmlega. Menn segja að okkur greini lítið á, en síðan áttar maður sig ekki alveg á því þegar hlustað er á ræðurnar hversu langt eða skammt (Forseti hringir.) er á milli. Ég hef sem formaður þrátt fyrir frábært samstarf í nefndinni ekki enn áttað mig á því.

[17:46]

#### Svandís Svavarsdóttir (Vg) (andsvar):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni andsvarið og margar góður lotur um þetta mál.

Það er auðvitað rétt að við erum ekki á byrjunarreit í þessu máli. Þetta mál á sér mjög langan aðdraganda. Enn og aftur er þetta áminning til okkar sem hér erum að það hvað við vorum í raun og veru vanbúin að taka á því mikla efnahagshruni sem hér reið yfir að því er varðaði mælikvarðana. Það er lykilatíði í allri stjórnun, alveg sama hvort það er stjórnun á efnahags- og atvinnulífi eða náttúrunni eða hvað það er, að vera með mælikvarða, vera með einhverja viðmiðun, vita hvað er normið og vita hvernig maður vikor síðan frá því. Það hefur því verið viðfangsefnið allan tímann í fordæmalausri stöðu.

Við erum alveg örugglega komin nær markmiðinu núna en við höfum oft verið á fyrri stigum. Það held ég að við hv. þingmaður getum verið sammála um. Ég er líka sammála um það að þegar við nálgumst þetta viðfangsefni, þ.e.

að stilla af einhvers konar sameiginlegan skilning á mælikvörðum, þá þarf að lögfesta einhverjar heimildir. Ég er sammála hv. þingmanni um það en ég er ekki sammála því að markmiðinu verði einungis náð með því að safna saman öllum gögnum um alla. Það er eiginlega þar sem okkur greinir á.

Þegar um svo ríka hagsmuni er að ræða gagnvart friðhelgi einkalífsins finnst mér ótækt annað en að við mátum okkur skref fyrir skref gagnvart persónuverndar- og mannréttindasjónarmiðum. Það er því það sem ég er að kalla eftir. Auðvitað er það alltaf hagsmunamat okkar þegar allt kemur til alls, en hins vegar þurfum við að hafa töluverða fullvissu þegar teknar eru ákvarðanir af þessu tagi og mér finnst sú fullvissa ekki vera í hendi.

[17:48]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Frú forseti. Þetta er búin að vera mjög góð umræða og að mínu mati mjög málefnaleg á margan hátt. Það varð hrun og síðan hefur mikið verið talað um forsendubrest og verulegan vanda skuldsettra heimila. Menn hafa farið í ýmsar aðgerðir við að leiðrétta það, eins og 110%-leiðina, og svo hefur Hæstiréttur gripið inn í dæmið og dæmt stóran eða nokkurn hluta af lánnum ólöglegan sem hefur líka lagað stöðu heimilanna allverulega. Samt er það þannig að mér finnst ég í rauninni ekki vita neitt um þann skerjagard sem við siglum um, ef ég má nota þá líkingu. Ég kvartaði undan því allt síðasta kjörtímabil að vita í rauninni ekkert. Það er alltaf verið að krefjast úrbóta, alltaf verið að segja að eitthvað eigi að gera og að það þurfi að laga stöðu heimilanna en til þess þarf ég að vita hver staðan er, eða hvað? Og hvaða heimili er átt við og hvað er yfirleitt heimili? Það er ekki einu sinni skilgreint.

Það frumvarp sem við ræðum í dag er engan veginn mitt óskafrumvarp. Ég er ekkert voðalega hrifinn af því að afla svo mikilla gagna, það er alls ekki þannig að ég sé hrifinn af því. Hins vegar horfi ég á það að hjá ríkisskattstjóra eru ekki síður mikil gögn og veigamikil um alla, alla Íslendinga, langt aftur í tímann og í rauninni er hægt að rekja stöðu hvers einstaklings ár fyrir ár. Þegar menn eru að tala um að þetta verði fyrir árásum ætu þeir að fara að huga að því að verja gögnin sem ríkisskattstjóri er með.

Það hafa verið ræddar nokkrar leiðir til að laga þetta. Menn hafa talað um nægilega stórt úrtak og um upplýst samþykki. Báðar leiðirnar hafa einn stóran agnúa og hann er sá að í úrtaki er alltaf einhver hluti sem ekki svarar. Af því að við erum að leita að ákveðnum hópi sem er oft kominn í mikil vandræði og að einhverju leyti dottinn út úr eðlilegu umhverfi, kann að vera að einmitt sá hópur sem menn ætla að ná til svári ekki. Það á líka við ef menn ætla að fá upplýst samþykki, það er nákvæmlega það sama. Menn þekkja hversu erfitt er að ná í fólk, að ná til manna. Jafnvel skatturinn sem er kominn með áralanga reynslu, það er alltaf einhver hópur manna sem aldrei telur fram, hann fer reyndar síminnkandi en er til samt sem áður. Ég hygg að báðar leiðirnar séu þannig að skekkja verður í úrtakinu sjálfu og þá verður ekki traust á niðurstöðunni. Niðurstaðan verður opin fyrir gagnrýni þegar menn fara að túlka niðurstöðurnar og segja að ekki séu nema 10% heimilanna í

vanda sem er svipað og 2007 — ef það skyldi verða niðurstaðan — og þá munu einhverjir segja: Það er ekkert að marka þetta vegna þess að það vantar úrtak eða það er skekkkt. Það verður ekki sama traust á niðurstöðunni og þegar Hagstofan tekur 100% úrtak og fær svarið við öllum spurningunum frá öllum. Auðvitað eru gallarnir margir, það er að sumu leyti mat á fasteignum, það er spurning um og hitt þetta sem er ekki rétt talið fram og allt slíkt en í megindráttum fæst miklu öruggari niðurstaða og miklu betri til að taka ákvarðanir heldur en við þær leiðir sem menn hafa verið að stínga upp á, bæði upplýst samþykki og úrtakið.

Ég hef kvartað undan því að þörfum leigjenda sé ekki mætt og ég hef verið að skoða niðurstöðuna eins og hún liggur fyrir núna, hvort hægt sé að gera einhverjar breytingar fyrir morgundaginn. Það er kannski ekkert voðalega mikill tími til þess en ég mundi gjarnan vilja að menn sinntu þeim stóra og vaxandi hóp sem leigjendur eru, 27% heimila og var fyrir nokkurn árum 18% heimila samkvæmt gögnum frá Hagstofunni. Leigjendur eru í miklum vanda, borga verðtryggða leigu, jafnvel með lækkandi launum og er í miklum vanda. Það er ósköp lítið talað um þennan hóp og lítil samúð með honum.

Svo er annað sem ég velti fyrir mér í öllu talinu um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins og allt það. Það eru að koma upplýsingar um að allt sé uppi á borðinu, þ.e. menn vita allt um mig og maður getur jafnvel ályktað að þeir viti hvað ég sagði í símann í gær og þá er ég að tala upplýsingar sem höfðu komið fram um NSA, bandarísku stofnunina. Á sama tíma erum við að tala um persónuvernd í mjög þröngu dæmi. Ég vildi gjarnan að hv. þingmenn færu að velta fyrir sér stóru málunum sem eru til umræðu um alla Evrópu og menn eru mjög hneykslaðir á. Kannski er þetta óumflýjanlegt, t.d. er síminn minn með þeim eiginleika að það er einhver sem veit nákvæmlega hvar ég er staddur núna, uppi á 2. hæð í Alþingishúsinu, í ræðustól meira að segja. Hvar er persónuverndin? Það sjá það svo sem allir að ég er hérna en þegar ég er einhvers staðar annars staðar vita menn það líka.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég vildi koma þessum sjónarmiðum að. Þetta er ekki gott mál en til að svara kallinu um að leysa skuldavanda heimilanna tel ég það nauðsynlegt mál.

[17:54]

#### **Frsm. minni hluta allsh.- og menntmn. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Mig langaði að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal tveggja spurninga, aðra mér til fróðleiks.

Sagt er að fólk viti ekkert sérstaklega vel hver skuldavandinn er. Kippir það ekki svolítið stoðunum undan því að þetta sé svona ofboðslega mikið neyðarástand? Ég man að í kosningabaráttunni var kosið mikið til eftir verðbólgunni og verðtryggingu óháð því hvort fólk var endilega í greiðsluvanda, fólk var reitt burt séð frá því hvort það var í eiginlegum greiðsluvanda. Þetta hljómar pínulítið eins og markmiðið með frumvarpinu sé að athuga hvort hér sé neyðarástand eða ekki. Ég hefði gaman af því að heyra hvað hv. þingmaður segir um þetta.

En svo er hitt sem hv. þingmaður nefnir með réttu, að

skatturinn hafi fullt af gögnum, mjög ítarleg. Það er mjög mikil gagnasöfnun í gangi. En þá velti ég fyrir mér, ég hef spurt hv. þingmann svipaðrar spurningar: Hvað er nóg? Hvenær höfum við gengið of langt? Hvað þegar — ég segi þegar — Seðlabanki Íslands kemur með sína útgáfu af því hversu ofboðslega mikilvægt það er að hann hafi þessi gögn sem hann gæti nýtt mjög vel? Höldum því vel til haga. Hann gæti nýtt þessi gögn mjög vel. Hvað með fíkniefnavandann? Hvers vegna ekki að leita á fólki af handahófi. Fíkniefnavandinn er jú stór vandi, hann er almanna-vandi. Það eru ríkir almannahagsmunir í húfi, að sagt er. Ég spyr: Hvar stoppum við ef ekki hérna?

[17:56]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Þetta eru mjög réttmætar spurningar hjá hv. þingmanni og ég þakka fyrir þær.

Í fyrsta lagi spyr hv. þingmaður hvort það sé mjög skuldavandi yfirleitt. Það er örugglega mikill greiðsluvandi víða, bæði hjá leigjendum og skuldurum. Það er líka greiðsluvandi hjá fólki sem á skuldlausar eignir en er komið með mjög lágar tekjur af því að það er komið á eftirlaun og getur ekki borgað fasteignagjöldin af þessum eignum sínum. Þetta er það sem við vitum ekki. Verið er að gera kröfu til þess af hópum manna sem eru mikið í fjölmiðlum um að gera þetta og hitt. Ég vil bara fá að vita: Hver er staðan? Þegar ég veit það get ég tekið á því. Þetta er ég búinn að vera að biðja um allt síðasta kjörtímabil.

Hversu langt göngum við? Það er einmitt mjög góð og réttmæt spurning. Það er alltaf eitthvað að. Við sjáum það í Evrópusambandinu. Þar er alltaf eitthvað að. Það er alltaf verið að ganga lengra og lengra í átt að nýju ríki vegna þess að það kemur vandi hér og vandi þar og alltaf grípa menn til úrræða sem gera Evrópusambandið að einu allsherjarríki. Hvar stoppum við? Þess vegna er þessi umræða mjög góð og þess vegna eru þetta tímabundnar ráðstafanir.

Það er búið að breyta frumvarpinu mjög mikið, það er búið að laga það og mér finnst mjög miður að stjórnarandstaðan skuli ekki hafa unnið frekar með okkur núna um helgina einmitt til að gera það enn þá betra, einmitt vegna þess að við erum alltaf að ganga lengra og lengra til að leysa þennan eða hinn vandann. Við þurfum að gæta okkur á því að láta ekki mannréttindin líða fyrir hrunið, t.d. slíkar ráðstafanir sem við gerum nú. Þess vegna segi ég að þetta er ekki mitt óskafrumvarp.

[17:58]

**Frsm. minni hluta allsh.- og menntm. (Helgi Hrafn Gunnarsson) (P) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal sérstaklega fyrir að taka þátt í þessari umræðu því að það hefur skort svolítið á að við tökum efnislega umræðu einmitt um þessi málefni. Það eru fá málefni sem standa nær hjörtum okkar pírata en friðhelgi einkalífsins og tjáningarfrelsi, þessi gömlu góðu borgararéttindi sem við tökum sem sjálfsögðum hlut. En núna getum við ekki tekið þeim sem sjálfsögðum hlut. Því langar mig frekar að svara spurningu hv. þm. Péturs H. Blöndals um hvað persónuvernd er. Hún er hérna, hún er hérna í pontunni að reyna að

stoppa ágang á friðhelgi einkalífsins, að hindra það að sífellt verði gengið lengra. Þó að ég kunni vel að meta svar hv. þm. Péturs H. Blöndals þá skil ég ekki enn þá, kannski vegna fávisku minnar, hvar þetta á að enda.

[17:59]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það endar sennilega einmitt þar sem hv. þingmaður stóð og andmælti þessu. Að stjórnarandstaðan standi vörð um stjórnarskrána og reyndar allir þingmenn er mér trygging fyrir því að menn vegi og meti hagsmunina hverja á móti öðrum. Í mínum huga eru hagsmunir af því að gæta hagsmuna skuldugra heimila mjög þungir. Þetta frumvarp er orðið það gott, búið er að setja inn það marga varnagla að ég er orðinn tiltölulega sáttur við það vegna þess að við erum í rauninni að fórna þessum hagsmunum fyrir hina hagsmunina.

Svo getur komið út úr þessu öllu saman að skuldavandi heimilanna sé bara ekkert svo voðalega stór og þá getum við hugsanlega tekið þessar heimildir til baka.

[18:00]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Frú forseti. Mig langar að spyrja hvort herra Pétur Blöndal sé fullviss um að ...

(Forseti (SilG): Ég vil biðja hv. þingmann að gæta þess að ávarpa þingmenn í samræmi við þær hefðir og venjur sem hér gilda.)

Svo ég haldi áfram, hvort hann sé fullviss um að þetta frumvarp veiti ekki heimildir sem brjóti gegn stjórnarskránni.

[18:01]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt það hér og nú og dæmt um það hvort þetta brjóti gegn stjórnarskránni eða ekki, en ég hef bent á mörg önnur atriði sem ganga ekkert síður nærri stjórnarskránni. Ég hef nefnt gagnasafn sem er í einni tölu hjá ríkisskattstjóra, allt á einum stað. Ég tel mjög langt gengið eftir að menn veittu heimild til að dæla upplýsingum úr bönkunum, bankaleynd var rofin, inn til ríkisskattstjóra, um vexti, innstæður og allt slíkt. Ég held að menn hafi gengið á ystu nöf þar. Það var líka í kjölfar hrunsins.

Það sem mest er um vert er að við séum vakandi. Hér eru settar inn tillögur til bráðabirgða og ég vona að þær gangi ekki það langt að þær brjóti gegn stjórnarskrá. Ég vona það og treysti því vegna þess að hagsmunirnir hinum megin eru líka mjög miklir. Það er miklir hagsmunir að gæta þess að heimilin geti risið undir þeirri skuldabyrði sem þau búa við og til þess að þau geti risið undir skuldabyrðinni og til að við getum tekið á vanda þeirra þá þurfum við að vita hver hann er. Það eru þeir hagsmunir sem ég hef að leiðarljósi þegar ég skoða þetta og segi að ríkir almannahagsmunir séu fyrir því að koma með þetta frumvarp og þá megi ganga þetta langt gegn stjórnarskránni vegna þeirra ríku almannahagsmuna.

Eins og ég sagði þá er þetta ekki óskafrumvarpið mitt. Þetta er ekki það sem ég vildi gjarnan sjá. Ég vildi sjá að

dregið yrði úr þessu frekar en hitt. Kannski ættum við að skoða upplýsingaöflun ríkisskattstjóra í kjölfar þessarar umræðu til að athuga hvort þar sé ekki gengið fulllangt því að hún er ævarandi, enginn tímarammi og allt á einum stað.

[18:03]

**Jón Þór Ólafsson (P) (andsvar):**

Frú forseti. Jú, það eru vissulega hagsmunir beggja vegna, hagsmunir þess að ríkið geti haft upplýsingar um hvernig ástætt er í ríkinu þegar kemur að skuldamálum fólks og slíkt. Vissulega eru hagsmunir þarna, en það eru líka hagsmunir í því að vernda friðhelgi einkalífsins. Ég minni þá þingmanninn á að hann skrifaði undir drengskaparheit að stjórnarskránni og að verja friðhelgi einkalífsins en hann skrifaði ekki undir drengskaparheit ...

**(Forseti (SilG):** Ég vil minna hv. þingmann á að ávarpa aðra þingmenn í samræmi við þær venjur og hefður sem hér gilda.)

Þingmenn hafa ekki skrifað undir drengskaparheit þess efnis að verja það að ríkið geti sótt upplýsingar til að uppfylla kosningaloforð eða sinna hér hagstjórn. Ég spyr því aftur hvort þingmaður muni halda drengskaparheit sitt að því leytinu til að hann muni (Forseti hringir.) verja stjórnarskrána og láta hana njóta vafans.

[18:04]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Ef allt fer í kaldakol er lítils virði að hafa stjórnarskrá. Það er hlutverk okkar að gæta að almannaheill. Ef fjöldi heimila verður gjaldþrota og ef fólk flýr úr landi í stórum stíl er lítils virði að hafa stjórnarskrá fyrir þá sem eru farnir, eða hvað? Við þurfum því alltaf að vega og meta þá hagsmuni og ég tel að þarna sé almannahagsmunir sem krefjast þess að við fáum upplýsingar um þetta áður en við gerum ráðstafanir. Við gerðum t.d. ráðstafanir á Alþingi um 110%-leiðina. Ég veit ekki einu sinni hvernig hún kom út. Mér er sagt að hún hafi aðallega gagnast hátekjufólki. Við gerum ráðstafanir um alls konar mál.

Ég vil sjá hvernig þetta kemur út og ég vil að það komi réttlátlega út og verði sanngjarnt. Það er væntanlega í samræmi við stjórnarskrána að byrðunum sé rétt deilt og að gæðunum sem við erum að veita sé rétt deilt líka.

[18:05]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því eins og fleiri að þakka málefnalegar umræður um þetta mál.

Hv. þm. Péttri H. Blöndal hefur verið tíðrætt um að ríkir almannahagsmunir séu hér í húfi sem réttlæti það að stjórnarskrárákvæðið sé brotið.

Hann er líka sannfærður um að minni hluti þingsins hafi ekki viljað funda um helgina eins og hann hefði gjarnan viljað að nefndin gerði. Ég spyr hvort það þurfi ekki tvo til, þ.e. meiri hluta og minni hluta, til að vilja funda.

Síðan velti ég fyrir mér af því að hér hafa verið reifuð hin ýmsu mál, að verði frumvarpið að lögum þá viti maður ekki nákvæmlega hvaða upplýsingar verði færðar til Hagstofunnar í þessu tilfelli.

Eins og kom fram hjá þingmanninum hefur hann oft vís-

að í að það séu svo víðtækar upplýsingar til hjá skattinum. Hvað heldur þingmaðurinn nákvæmlega að þurfi til viðbótar til að aðstoða skuldug heimili sem verður að afgreiða núna? Það hefur komið fram í umræðunni að þetta frumvarp sé ekki forsenda þess að fara í þau mál sem ríkisstjórnin ætlaði sér að gera. Hvað er það til viðbótar sem þingmaðurinn telur að þurfi að bætast við í upplýsingasarpinn svo hægt sé að gera þetta?

[18:08]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Forseti. Ég þakka þessar spurningar. Það vill svo til að ég spurði að því einmitt í 2. umr., held ég, hvað vantaði til viðbótar við það sem skatturinn hefur. Það er aðallega tímafaktorinn, þ.e. skatturinn fær sínar upplýsingar einu sinni á ári og nokkuð löngu síðar. Þá er kannski orðið of seint að grípa til ráðstafana. Auk þess hafa menn upplýsingar um lánssamninga og annað slíkt sem skatturinn hefur ekki.

Varðandi það að stjórnarskrárákvæðið sé brotið, ég er ekki sammála því að friðhelgi einkalífsins sé tryggð með því að ekki megi veita þessar upplýsingar áfram og hún sé tryggð með því að þessi gögn séu varin. Ef þau lægju á strætum og torgum út um allt væri friðhelgin náttúrulega ekki varin, en ef enginn kemst í þessi gögn nema fólk sem er bundið þagnareldi þá er friðhelgi varin og stjórnarskráin ekki brotin.

Varðandi fundinn sem var haldinn og ég var að spyrja fyrir um þá er ég búinn að fá mína mynd af þeim fundi. Þannig var að stjórnarandstaðan sagði: Við skulum semja um að ræða málið í október. Það var tilboðið. Hún var ekki tilbúin að klára málið núna um helgina, ætlaði að klára það í október. Ég spyr og er búinn að spyrja aftur og aftur: Af hverju í ósköpunum gátu þau ekki klárað um helgina það sem þau ætluðu að klára í október? Þetta er bara nákvæmlega það sama. Þau hefðu örugglega fengið einhverja daga í viðbót ef mikið lægi við og samkomulag væri í nánd. Nei, menn kröfðust þess bara að fresta málinu fram í október, gera það ekki núna, en kvarta jafnframt stöðugt undan því að upplýsingarnar liggi ekki fyrir nógu snemma. Ef frumvarpið er samþykkt seinna þá liggja upplýsingarnar líka fyrir seinna.

[18:10]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg) (andsvar):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin þó að við séum ekki alveg sammála. Í fyrsta lagi hefur komið fram í umræðum að þessari gagnasöfnun er ætlað að vinna úr gögnum, þ.e. tölfraeðiupplýsingum, hvernig ríkisstjórnin á hverjum tíma væntanlega tekst til, þannig að þetta er ekki forsenda. Þess vegna er tímafaktorinn sem hv. þingmanni verður mjög tíðrætt um — ekki óeðlilegt að frumvarpið sé látið bíða að mínu viti, ef það væri þannig að þetta væri forsenda þá væri það annar handleggur.

Hann talar um leigjendur og það hefði átt að vinna það yfir nótt. Ég er ekki alveg sammála hv. þingmanni um að það sé svo einfalt mál að hægt sé að leysa vanda leigjenda. Ég er hins vegar sammála honum um að fara þarf í þá vinnu klárlega að finna úrræði til handa leigjendum og skoða stöðu þeirra.

Mig langar í lokin að spyrja hv. þingmann um hvað honum mundi þykja um upplýst samþykki sem fælist til dæmis í því að á vef skattstjóra, þar sem við skilum skattframtölum okkar, væri hnappur þar sem við gæfum þetta upplýsta samþykki og hefðum þá val.

[18:11]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Frú forseti. Það er greinilegt að hv. þingmaður hefur ekki hlustað á alla ræðu mína því að ég ræddi einmitt um þetta, um upplýst samþykki og um galla þess ef ekki næst í fólk, eða það veit ekki af því að það á að veita upplýst samþykki — það er nú bara þannig að það er alltaf stór hluti fólks, 10, 20 eða 30%, sem ekki svarar. (BjG: Við erum að tala um að hafa hnapp á heimasíðu skattsins.) (Gripíð fram í: Fá niðurstöðurnar ...) — Og hver á að gefa það, hver á að veita það, hvernig er fólkíð upplýst, hver ætlar að upplýsa það? Og maður sem er hræddur við að veita upplýsingar, hvað gerir hann? Hann segir nei. Það er einmitt hópurnin sem við þurfum á að halda. (Gripíð fram í.)

(Forseti (SilG): Engar samræður í þingsal.)

Það er margþúíð að ræða markmið með þessum tillögum og þau eru hér í breytingartillögunni. Ég get svo sem lesið þau. Tillögurnar stuðla að því að ákvarðanir um úrræði í þágu skuldugra heimila og lögaðila byggist á traustum grunni, þ.e. þetta á að notast sem slíkt, og fylgjast með framgangi og meta áhrif aðgerða stjórnvalda. Þetta eru markmiðin.

[18:12]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Forseti. Mér hafa fundist umræðurnar um þetta frumvarp mjög áhugaverðar og fróðlegt að sitja og hlusta á þær í dag og tvo daga í síðustu viku. Ég á ekki sæti í nefndinni en þykist hafa orðið margs upplýstari við að hlusta á umræðurnar. Það er einmitt það sem ætlunin er með umræðum í þinginu, að viðhorf okkar hér inni breytist hugsanlega þínulítið eða að við sjáum allar hliðar á málinu eða aðrar hliðar á málinu heldur en við gerðum okkur kannski grein fyrir í upphafi, jafnvel þótt við hefðum lesið frumvörp sem lögð eru fram.

Mér er þannig farið að umræðan hefur vakið mig mjög til umhugsunar um það sem þetta mál varðar. Ég hafði reyndar ekki ætlað mér að taka til máls en langar samt að gera það. Ég hef setið eitt kjörtímabil hér og mér finnst þessar umræður svolítið öðruvísi en verið hafa. Ég held að það sé því að þakka að hér er komið nýtt fólk, ungt fólk sem hugsar svolítið öðruvísi en við gömlu brýnin og ég fagna því sérstaklega.

Það deilir enginn um það að frumvarpið fer inn á persónuvernd fólks og stofnunin Persónuvernd hefur varað við því. Þá er það okkar í þessu eins og í öðrum málum að vega og meta og komast að niðurstöðu. Ég held að í þessu máli sé erfitt að komast að einhverri flokkslegri niðurstöðu. Við í Samfylkingunni höfum sagt og eru hjartanlega sammála því að við ætlum ekki þvælast fyrir tíu punktum hæstv. forsætisráðherra sem voru lagðir fram hér í vor. Eitt af því sem þar kemur fram er að safna þessum upplýsingum. Síðan þegar betur er að gáð og betur er hlustað eftir þá á ekki að

byggja á þeim upplýsingum til að koma með úrræðin miklu í nóvember. Upplýsingarnar munu ekki liggja fyrir fyrir en í mars eða maí. Þar með er grundvöllurinn fyrir því að safna öllum þessum upplýsingum á einn stað fallinn.

Þá er annað markmið með upplýsingasöfnuninni. Það er að fylgjast með því hvort þær ráðstafanir sem gripið var til hafi dugað eða hvernig þær tókust. Þá vil ég taka undir með hv. þm. Helga Hrafni Gunnarssyni að það er engin neyð. Ef við ætlum að ganga á persónuvernd og ef við ætlum að vera að velta því fyrir okkur hvort það sem við ákveðum hér standist stjórnarskrá eða ekki verður að vera neyð. Við göngum ekki á þá hagsmuni og það öryggi sem stjórnarskráin veitir okkur nema það sé neyðarástand. Það er ekkert neyðarástand sem blasir við eða hvetur til þess að við verðum að samþykkja frumvarpið ákkurat núna til að athuga hvernig ráðstafanir sem gerðar verða í nóvember duga. Þá eru upplýsingarnar ekki til og við höfum einhverjar vikur í viðbót til að finna út hvernig við getum fundið og komið með tæki sem getur mælt áhrifin af ráðstöfununum.

Hér var komið inn á annað varðandi þessa umræðu og vissulega hefur hún dregist nokkuð á langinn, einhverjir mundu kannski kalla það málþóf eða í áttina við það, en ég tel ekki hafa verið svo, alls ekki. Mér hefur fundist að munurinn á stjórnarandstöðunni núna og stjórnarandstöðunni á síðasta kjörtímabili sé sá að fólkíð sem hefur talað núna kemur með lausnir. Það bendir á og spyr: Getum við gert þetta svona eða getum við gert þetta á hinn veginn? Í þeim umræðum sem ég upplifði á síðasta kjörtímabili var stjórnarandstaðan vissulega á móti en að hún hafi einhvern tíma lagt eitthvað til málanna — ég held aldrei. En hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir mun áreiðanlega leiðrétta mig eða mótmæla mér í því.

Á morgun verða greidd atkvæði um þetta mál og ég mun leggja eftirfarandi til grundvallar því hvernig ég mun greiða atkvæði: Í fyrsta lagi verða upplýsingarnar ekki til þegar ráðstafanirnar eiga að koma fram þannig að þessi gifurlaga söfnun allra gagna á einn stað er ekki forsenda aðgerðanna. Þá vil ég bæta því við að þegar fólk segir: Þessar upplýsingar eru hvort sem er til og það skiptir engu máli þótt þær séu færðar saman á einn stað, þá er það kallað forvarnir að vera ekki með allar upplýsingar á einum stað. Að hafa þær á einum stað er miklu hættulegra og getur verið auðveldara að ráðast á þær, misfara með þær eða gera annað við þær. Fólk segir: Nei, það gerist ekki hjá okkur. Af hverju gerist það ekki hjá okkur eins og einhvers staðar annars staðar? Af hverju í ósköpunum höldum við að við séum hér í einhverri sóttkví fyrir því að misfara með upplýsingar eða eitt eða annað? Við erum það ekki og við þurfum að átta okkur á því og haga okkur í samræmi við það.

Á morgun verður lögð fram frávisunartillaga og ég segi: Mikið væri það nú skemmtilegt ef hún yrði samþykkt. Nú er ekki nóg með að hér sé komið ungt fólk í alþingissal sem talar öðruvísi en hinir. Það hefur aldrei áður verið jafn ung ríkisstjórn í landinu. Af hverju í ósköpunum sýna þeir ekki líka ný vinnubrögð og segja: Allt í lagi, frestum þessu, ákveðum þetta í október. Það væri flott. Þá væru þeir smart.

[18:21]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Mig langar að koma á framfæri örstuttum athugasemdum við ræðu hv. þingmanns.

Ég var í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili og ég fullyrði að stjórnarandstaðan hafi lagt fram þingmál sem boðuðu lausnir, bara aðrar lausnir en þáverandi ríkisstjórn var að vinna að. Sem dæmi um mál, sem unnið var vel að í nefnd, eru mál sem fóru í gegnum velferðarnefnd sem til dæmis vörðuðu embætti umboðsmanns skuldara, sem vörðuðu einmitt tilraunir til að reyna að leysa skuldavanda heimilanna. Þar var unnið vel og þétt saman hvort sem menn komu úr stjórn eða stjórnarandstöðu, og ég held að aðrir þingmenn sem sátu í þeirri nefnd geti vitnað um það svo dæmi sé tekið um það vinnulag sem ég tel að hafi líka verið til staðar á síðasta kjörtímabili.

Mig langar að benda hv. þingmanni á að fyrrverandi ríkisstjórn var jafnframt að reyna að leita leiða til að safna saman upplýsingum, safna saman upplýsingum um það hver skuldastaða heimilanna væri og lögðu fram nokkur þingmál í þá veru, m.a. þingmál á þingskjali 961 frá 138. löggjafarþingi, sem var lagt fram af hv. þm. Árna Páli Árnasyni, sem nú er formaður Samfylkingarinnar. Ef menn lesa yfir þær heimildir sem veita átti ráðherra til að safna saman upplýsingum þá er um að ræða mun viðameiri upplýsingar en við erum að tala um í þessu máli, þær heimildir sem við erum að tala um að veita Hagstofunni. Þar var verið að tala um heimildir til handa ráðherra til að safna saman öllum upplýsingum sem mögulegt er að tína til, meðal annars frá sveitarfélögum um veittu fjárhagsaðstoð og aðrar bótagreiðslur. Menn geta kynnt sér það þingskjal en það mál varð ekki að veruleika vegna þess að mönnum þótti of langt gengið. Það var auðvitað þannig en engu að síður var það lagt fram vegna þess að menn voru að leita leiða til þess að nálgast þetta viðfangsefni. Og við þekkjum öll forsöguna að þessu máli. Byrjað var á því að veita Hagstofunni fjárhagsheimildir til að (Forseti hringir.) safna saman þeim upplýsingum sem við erum að tala akkúrat um í dag.

[18:23]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (andsvar):**

Forseti. Hvort tveggja er hárrétt hjá hv. þingmanni, ég var búin að gleyma þessu með velferðarnefndina og samstarf hennar í upphafi þings. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þar var vel unnið. Ég var ekki í þeirri nefnd en ég man eftir því um leið og hún segir það.

Hvað varðar það að lagt hafi verið fram þingmál og 1. flutningsmaður hafi verið hv. þm. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, já, já, það er alveg rétt en það breytir ekki minni skoðun á þessu máli. (UBK: Að benda á það.) Já, já, það er ágætt að benda á það. En það breytir ekki skoðun minni á málinu.

Ég vil líka benda á það sem mér finnst skipta kannski enn meira máli, það mál fór ekki í gegnum þingið. Það var stoppað í þinginu jafnvel þó að það væri lagt fram af ráðherra ríkisstjórnarinnar. Það skiptir máli. Það finnst mér líka eiga að skipta máli í því starfi sem við erum í hér, að mál eru lögð fram og sum mál ná ekki fram að ganga. Það má segja: Vitinu var komið fyrir þau, það er allt í lagi að

nota slík orð. En það að tveim eða þrem árum seinna sé það, fyrirgefðu forseti, „issue“ að samflokksmaður minn, formaður flokksins míns, hafi lagt fram eitthvert mál og það komi því við hvað ég segi núna í dag, 16. september 2013. Mér finnst það bara ekki skipta máli.

[18:25]

**Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (andsvar):**

Hæstv. forseti. Við verðum þá að vera sammála um að vera ósammála um að forsaga málsins skipti máli. Ég tel að það skipti máli. Við vorum hér heilt kjörtímabil, öll, sama úr hvaða flokki við komum, að reyna að finna leiðir til að koma til móts við skuldug heimili og við vorum öll sem tjáðum okkur í þingsal á þeim tíma sammála um að okkur vantaði svoltið grunninn (VBj: Við erum enn sammála um það ...) til að standa á til að skilgreina vandamálið og skilgreina nákvæmlega (VBj: ... sömu leiðindi ...) hvert verkefnið væri sem við erum að takast á við. (Gripið fram í.)

(Forseti (Sf): Forseti beinir því til þingmanna að ræðumaður hefur orðið.)

Ég er ekki að reyna að vera með einhver leiðindi út í hv. þingmann, alls ekki. Ég er einfaldlega að benda á að þetta hefur verið sameiginlegt verkefni okkar allra. Það er svo að allsherjar- og menntamálanefnd hefur tekið þetta mál, breytt því í grundvallaratriðum og reynt að nálgast það með þeim hætti að koma til móts við þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist og unnið saman að því verkefni, og það er vel. Ég vona að okkur takist áfram að vinna þétt saman og svara þeim stóru spurningum sem fyrir okkur liggja á þessu kjörtímabili.

[18:26]

**Valgerður Bjarnadóttir (Sf) (andsvar):**

Forseti. Ég biðst afsökunar, ég bað um að komast í ræðu, ég tek það aftur, mér fannst ég vera búin með andsvörin.

Ég ætla bara að segja það að ég vona sannarlega að hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir hafi ekki verið að reyna að koma því hér að að ég hefði eitthvað á móti því að laga skuldavanda heimilanna eða að ég væri á einhvern hátt að þvælast fyrir því. Það var ekki annað að heyrast á upphafsorðum í seinna andsvari hv. þingmanns en að svo væri. Ef svo er vil ég bera af mér sakir.

Það er akkúrat þessi málflutningur, það er akkúrat þetta sem setur Alþingi niður, sem hefur gert það að verkum að fólk treystir okkur ekki hér í þessum sal. (UBK: ... ég skil ekki um hvað þú ert að tala.) Þingmaðurinn sagði að þessi ríkisstjórn væri að reyna að leysa skuldavanda heimilanna. Vorum við ekki að því, höfum við ekki öll hér verið að því (Gripið fram í.) undanfarin fjögur ár?

[18:28]

**Forseti (Silja Dögg Gunnarsdóttir):**

Forseti minnir alla þingmenn á að samtöl við ræðumenn eru ekki leyfð í þingsal.

[18:28]

**Páll Valur Björnsson (Bf):**

Frú forseti. Ég vil nú taka það fram að það er búið að vera virkilega gaman að hlusta á umræðuna í dag. Hún er

búin að vera málefnaleg, fór aðeins á flug hérna í restina, en það er kannski allt í lagi.

Fyrir mig sem alveg nýjan mann á þingi og nýjan mann í allsherjar- og menntamálanefnd, og ég hef sagt það áður í ræðu, þá er búið að vera gríðarlegur skóli að sitja í gegnum þetta mál. Ég hef verið að reyna að marka mér afstöðu í þessu máli með því að hlusta bara á þá sem komu fyrir nefndina og eins á alla sem starfa í nefndinni. Það sýnist náttúrulega sitt hverjum en mér finnst alltaf aðalniðurstaðan í þessu máli vera sú að sennilega sé verið að brjóta meðalhöfðsregluna. Meðalhöfðsreglan er svona, með leyfi forseta:

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmatu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“

Einhvern veginn finnst mér að það hafi komið fram hér í umræðum og eins í nefndinni að vægari úrræði séu til. Hv. þm. Helgi Hrafn Gunnarsson hefur margoft komið fram með það. Ég er svona að reyna að mynda mér skoðun og taka ákvörðun út frá þessu og eins því að Persónuvernd var algjörlega á móti frumvarpinu. Þeir töldu að það bryti gegn stjórnarskránni og persónuvernd. En þeir sögðu líka alltaf að þetta væri bara pólitísk ákvörðun. Ég er ekki sá bógur enn að þora að ganga gegn því og þess vegna hef ég tekið þátt í því með minni hlutanum í hv. allsherjar- og menntamálanefnd að vera á móti þessu máli eins og það er lagt fram núna.

Fundurinn sem hv. þm. Péttri Blöndal hefur verið tíðrætt um hefur líka verið til umræðu í dag, þ.e. síðasti nefndarfundur. Mér fannst bara eins og þetta hefði verið ákveðið, það hefði verið búið að taka ákvörðun um að þessu máli væri lokið. Það er bara lýðræðið. Ég er lýðræðissinni og ég hef ekkert á móti því, meiri hlutinn ræður, það er alltaf þannig. Ég er samt ekki tilbúinn að taka þátt í að samþykkja þetta frumvarp eins og það er. Það þá náttúrulega meiri hlutans á morgun að samþykkja það, það er ekkert við því að gera.

Eins hefur mikið verið talað um það, ef þessi leið yrði farin, að láta fólk bara velja það sjálf hvort það vilji gefa upplýsingar. Eins og kom fram hjá hv. þm. Péttri Blöndal mundu allt að 10–30% ekki taka þátt. Ef fólk vill ekki taka þátt í því þegar á hjálpa því þá er því ekki við bjargandi, það er nú bara þannig. Það er ósköp einfalt mál.

Ég hef tekið það fram hér í umræðum að ég vil hjálpa ríkisstjórninni eins mikið og hægt er að leiðrétta forsendubrestinn. Ég er alveg tilbúinn til þess en ég er ekki tilbúinn að ganga alveg svona langt, nóg er nú samt. Ég hef líka haft eftir ríkisskattstjóra að allar þessar upplýsingar séu til staðar. Það kom fram á fundum okkar þegar fulltrúar Hagstofunnar töluðu að þeir ætluðu að nota þessar upplýsingar til að grípa inn í ef stefndi í eitthvað alvarlegt í efnahagsmálum, ef vandinn færi að aukast væri hægt að grípa inn í, þá gætu stjórnvöld gripið inn í.

Við höfum leyfi í lýðræðisþjóðfélagi til að fara okkur að voða ef við viljum. Mér hefði þótt það gott þegar ég var virkur alkóhólisti að hafa einhvern á bakinu á mér til þess að — [Þingmaðurinn smellir fingrum.] Það hefði getað sparað mér helling og ríkinu líka, en þetta er bara ekki þannig. Ég hef rétt á því að fara mér að voða.

Ef ég má vitna hérna í Þorvarð Tjörva Ólafsson, sem vinnur hjá Seðlabankanum, þá sagði hann á *Eyjunni* 10. september:

„Nýjar tölur Hagstofu Íslands undirstrika að umfang skuldavanda heimila eftir efnahagshrunið fer minnkandi. Með sama áframhaldi verður staðan eftir nokkur ár svipuð og hún var undir lok síðustu aldar, þegar um 10 þúsund heimili áttu í vanda vegna íbúðaskulda. Íslenskum heimilum sem hafa neikvætt eigið fé í fasteign sinni hefur fækkað um tæplega 7.500 síðan fjöldi þeirra náði hámarki 2010.

Um 17.800 heimili voru með neikvætt eigið fé í fasteign sinni í árslok 2012, borið saman við um 25.300 heimili 2010, að því er fram kemur í umfjöllun *Morgunblaðsins*. Heimili í þessari stöðu hafa ekki verið færri síðan 2008.“

Ég mundi nú segja að það væri greinilega mikið að gerast í sambandi við skuldavanda heimilanna. Þrátt fyrir að síðasta hæstv. ríkisstjórn hafi verið talin ein sú versta í sögunni af mörgum er greinilegt að hún gerði einhverja góða hluti. (**Gripið fram í:** Ekki ...) (**Gripið fram í:** Hæstiréttur.) Já eða Hæstiréttur, hvað sem er.

Ég leit svo á að það væri húsnæðisvandi sem við værum að einblína á, það væri verið að ná tökum á skuldavanda heimilanna vegna húsnæðiskaupa — það kemur engum við hvað ég skulda umfram það — og allar þær upplýsingar koma fram á skattskýrslunni. Mér er ekkert sama um að verið sé að krukka eitthvað í hvað ég skulda hinum og þessum eða hverjar mínar neysluskuldir eru. Eigum við að fara að greiða niður neysluskuldir fólks? Það er vitað að stór vandi heimila er bara neysluskuldir. Við eigum ekki að taka þátt í að leiðrétta þær. Hver er sinnar gæfu smiður í því.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri. Ég þakka fyrir þær ræður sem voru haldnar hér í dag. Það var mjög gott að hlusta á hv. þm. Pétur Blöndal sem ég hef miklar mætur á og hef alltaf haft þótt hann sé sjálfstæðismaður. [Hlátur í þingsal.] Ég get alveg viðurkennt það hér að sjálfstæðismenn hafa ekkert verið í miklu uppáhaldi hjá mér í gegnum tíðina, en eftir því sem ég kynnist þeim betur eru þeir bara ágætisgrei. Ég vil bara þakka honum fyrir. Eins og ég hef tekið fram hefur umræðan hjálpað mér gríðarlega til að átta mig á þessu máli þó að ég sé engan veginn fullnuma. Ég vil líka þakka framsögumanninn, hv. þm. Líneik Önnu Sævarsdóttur, fyrir frábært starf. Ég tek ofan fyrir henni sem nýjum þingmanni, hvernig hún hefur höndlað þetta, þetta er ekkert létt, en hún hefur staðið sig gríðarlega vel og eins formaðurinn okkar, hv. þm. Unnur Brá Konráðsdóttir. Ég fékk að prófa það sem varaformaður þessarar nefndar og það er ærinn starfi fram undan.

Það er atkvæðagreiðsla um málið á morgun og hún fer bara eins og hún fer. Lýðræðið virkar, það er aðalatriðið.

[18:35]

#### Unnur Brá Konráðsdóttir (S) (*andsvar*):

Hæstv. forseti. Mig langar að þakka hv. þingmanni fyrir innlegg hans í umræðuna og sömuleiðis fyrir samstarfið í nefndinni sem var mjög gott. Við áttum mjög upplýsandi samtöl og fundi innan nefndarinnar.

Mig langar að koma örstutt að því vegna orða hv. þingmanns að auðvitað eru ýmsar upplýsingar sem hægt er að nálgast í gegnum skattkerfið en fram kemur í gögnum



málsins og hefur komið fram á fundum nefndarinnar að hér er um að ræða upplýsingar sem hægt er að safna saman oft- ar og fá upplýsingar um greiðslueiginleika lánsins. Það eru þessir tveir þættir sem ekki eru mögulegir ef við ætlum bara að styðjast við þær upplýsingar sem fram koma hjá skattin- um. Þetta eru stóru drættimír og grundvallaratriðin.

Við erum þá bara sammála um að vera ósammála um niðurstöðu málsins og um það með hvaða hætti við ætlum að nálgast þetta stóra verkefni. Engu að síður teljum við mikilvægt að afla okkur upplýsinga um hver staðan er og þá ekki eingöngu gagnvart skuldavandanum heldur skulda- og greiðsluvanda, eins og fram kemur í markmiðinu. Kom- ið hefur fram í umræðunni, m.a. hjá hv. þm. Pétri H. Blön- dal, sem er í upphaldi hjá þingmanninum, að greiðslu- vandinn er auðvitað sá vandi sem við teljum að sé það sem við höfum minnstar upplýsingar um eins og staðan hefur verið undanfarin ár.

[18:36]

**Páll Valur Björnsson (Bf) (andsvar):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Unni Brá Konráðsdóttur þetta andsvar. Já, það er einmitt málið; til hvers eru þessar upplýsingar? Þurfum við virkilega á því að halda að fá stöðugar upplýsingar?

Ég hef áður tekið fram í ræðu að það voru endalaus við- vörunarorð úti í samfélaginu um að staðan væri orðin slæm, að við stefndum í mjög mikinn vanda ef ekki yrði gripið inn í af hæstv. ríkisstjórn eða bara af stjórnámálamönnum yfir höfuð og það tók enginn mark á því, það tók bara ekki nokkur maður mark á því. Ég velti fyrir mér: Taka núver- andi stjórnvöld mark á þessu ef það hentar þeim ekki? Ég velti því líka fyrir mér.

Eins af því að talað var um skuldavanda og greiðslu- vanda, ef ég má vitna aftur í hann Þorvarð Tjörva segir hann á *Eyjunni* 10. september:

„Það verður að gera greinarmun á greiðsluvanda og skuldavanda. Staðan er alvarlegust þegar hvort tveggja fer saman. Þegar það dregur svona ört úr skuldavanda heimila þá minnkar sá hópur sem er líklegur til að vera samtímis í greiðslu- og skuldavanda.“

En eins og ég hef sagt fer málið til afgreiðslu á morgun og lýðræðið ræður þar. Ég hef efasemdir um að við þurfum þetta. Ég tek mið af því sem fólk mér miklu vitrara hefur sagt. Ég byggi mínar niðurstöður á því og stend og fell með því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:39.

## 29. FUNDUR

Þriðjudaginn 17. september,  
kl. 1.30 miðdegis.

### Dagskrá:

1. Störf þingsins.
2. Afnáám hafta og uppgjör gömlu bankanna (sérstök umræða).
3. Eignarréttur lántakenda (sérstök umræða).
4. Hagstofa Íslands, stjfrv., 14. mál, þskj. 115, till. til rökst. dagskrár 117. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Skyldutrygging líffeyrisréttinda og starfsemi líffeyrisjóða, stjfrv., 48. mál, þskj. 113, nál. m. brtt. 119. — 2. umr.
6. Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, þáltill., 37. mál, þskj. 96. — Fyrri umr.
7. Sæstrengur (sérstök umræða).
8. Frestun á innheimtuáðgerðum og nauðungarsólum, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
9. Hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, þáltill., 44. mál, þskj. 106. — Fyrri umr.

### Fjarvistarleyfi:

Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Höskuldur Þórhallsson, 3. þm. Norðaust.  
Jón Gunnarsson, 6. þm. Suðvest.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.

### Vísun skýrslu Ríkisendurskoðunar til nefndar.

[13:31]

#### Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):

Forseti tilkynnir að með bréfi dags. 12. september sl. hefur forseti óskað eftir því við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, samanber ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 13. gr. þingskapa- laga, að hún fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Þjóðskrá Íslands.

[13:31]

#### Útbýtt utan þingfundar 16. september:

Skyldutrygging líffeyrisréttinda og starfsemi líffeyrisjóða, 48. mál, nál. m. brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 119.

### Störf þingsins.

[13:31]

#### Páll Valur Björnsson (Bf):

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með fréttum að undanfögnu að málefni heyrnarkertra er í brennidepli. Heiðdis Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarláusra, skrifar grein á visir.is í fyrradag þar sem hún fjallar um stöðu þessara mála. Heiðdis Dögg segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir fjölda skýrslna, rannsóknir og kannanir stöndum við döff enn og aftur frammi fyrir þeim vanda að fá ekki endurgjaldslausa túlkahjónustu í daglegu lífi. Í því felst að við sem þurfum að reida okkur á táknmál getum ekki sinnt okkar daglegu skyldum sem íbúar í fjöleignarhúsi, sem starfsmenn, sem foreldrar.

Við getum ekki verið þátttakendur með fjölskyldu okkar, hvorki á hátíðisdögum né á sorgarstundum. Við getum heldur ekki átt samskipti vegna kaupa á húsi eða bíl. Við getum ekki nýtt okkur símatíma lækna eða annarra sérfræðinga vegna veikinda barna okkar.

Við eigum á hættu að missa starfið okkar þar sem við getum ekki tekið þátt í fundum og fræðslu sem eru nauðsynleg vegna starfa okkar.“

Og hún spyr:

„Hvað gengur stjórnvöldum eiginlega til? Ný lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls mæla fyrir um að íslenskt táknmál sé jafn réthátt íslensku. Samkvæmt sömu lögum er óheimilt að mismuna fólki eftir því hvort málið það notar.“

Stjórn Táknmálsfélagsins sendi frá sér ályktun þann 13. september sl. og í niðurlagi þeirrar ályktunar segir, með leyfi forseta:

„Táknmálsfélagið skorar hér með á ráðuneytið, stjórnvöld og alþingismenn að tryggja að áfram verði lagt fé í félagslega túlkunarsjóðinn og koma jafnframt málefnum sjóðsins í lagalegt form svo tryggt sé að tákmalnotendur geti notið öruggar tákmalstúlkunar við öll félagsleg tækifæri og þannig komið í veg fyrir félagslega einangrun í nánustu framtíð.“

Undir þessa áskorun tek ég heils hugar. Eins tek ég undir orð hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur sem í óundirbúnum fyrirspurnatíma í gær spurði hæstv. mennta- og menningar- málaráðherra hvort hann hygðist endurskoða ákvörðun sína og tryggja fjárveitingu til að mæta umræddri þörf og standa þannig vörð um sjálfsögð mannréttindi heyrnarláusra.

[13:33]

#### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á stöðu mál- og skipasmíðaiðnaðar í landinu. Staða þeirrar greinar hefur verið sveiflukennd í mörg ár og margt spilað þar inn í. Uppgangur hefur verið víða innan lands í mál- og véltækniíðnaði en smíði stálskipa hér heima er ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var og það ræður samkeppni á alþjóðamarkaði mestu um sem hefur reynt erfitt að keppa við, svo sem í Kína, Póllandi og fleiri löndum sem við þekkjum.

Það liggur fyrir að skipafloti landsmanna er að meðaltali orðinn mjög gamall og komið er að endurnýjun í flotanum. Það hefur sýnt sig undanfarin ár að vél- og málmtækniíðnaðurinn hefur verið að styrkjast og eflast mikið sem kemur fram í stóruaknum útflutningi á vélasamstæðum til matvælaíðnaðar og annars íðnaðar víða um veröld. En miklir möguleikar eru að skapast á alþjóðamarkaði og hægt væri að efla enn frekar útflutning á íslensku hugviti og verkþekkingu í þessum greinum ef rétt er á málum haldið. Halda verður áfram á þeirri braut að menntamálayfirvöld í landinu í samstarfi við atvinnulífið kynni enn frekar kosti

iðnnáms hjá ungu fólki til að mæta aukinni eftirspurn eftir mannafla í þeim greinum. Það eru miklir vaxtarmöguleikar eins og ég hef nefnt ef hlúð er vel að greininni. Í Skandinavíu er litið á málmíðnaðinn sem hryggisúluna í atvinnulíf-inu.

Ég tel því brýnt að stjórnvöld geri allt til að leggjast á sveif með þessum greinum, eflni menntun og vinni að því að gera þær greinar samkeppnisfærar á alþjóðamarkaði og tryggi starfsumhverfi hennar til framtíðar. Það er hagur okkar allra, gjaldeyrisparnaður og ekki veitir af þegar verið er að vinna að því að losa gjaldeyrishöft.

[13:36]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Í umræðum um lýðræði er stundum talað um ægivald meiri hlutans eða á ensku, með leyfi forseta, „tyranny of the majority“. Hugtakið er einfalt, þegar meiri hlutinn ræður einfaldlega hefur hann kúgunarvald yfir minni hlutanum. Þetta er klassískt vandamál sem hin ýmsu stjórnkerfi hafa átt við með ýmsum hætti.

Dæmi um hvernig brugðist hefur verið við þessu vandamáli er að gefa borgurum landsins ákveðin réttindi, svo sem tjáningarfrelsi, félagafrelsi, friðhelgi einkalífs og rétt á sanngjarnri málsmeðferð. Tilgangur þessara réttinda er meðal annars að forðast kúgun meiri hlutans yfir minni hlutanum.

Stjórnarflokkarnir fengu 51,1% atkvæða í seinustu kosningum, 48,9% atkvæða fóru til annarra flokka. Samt hafa stjórnarflokkarnir allt valdið og það eina sem minni hlutinn hefur er möguleikinn á því að tefja mál. Þessi orð eru ekki meint sem afsökun fyrir málþófi heldur vil ég benda á að stjórnarflokkarnir sjálfir taka óhjákvæmilega þátt í þessu með því að taka sem minnstan þátt í umræðum.

Ég hitti sérstaklega háttvirtan þingmann á göngunum í 2. umr. um hagstofumálið. Við töluðum saman í mínútu eða svo um frumvarpið og vorum ósammála, en við töluðum ekki um neitt sem hafði komið fram í pontu svo að ég bauð honum í pontu til að ræða það en sá annars sérstaklega háttvirtu þingmaður vildi ekki tefja málið. Efnisleg, málefnaleg og nauðsynleg umræða birtist honum sem eintóm töf og það versta er að það er rétt hjá honum. Samspil meiri hlutans og minni hlutans á Alþingi einkennist bæði af áhugalessi meiri hlutans á að ræða við minni hlutann og sífelldum endurtekningum og málalengingum af hálfu minni hlutans. Það er víthringur sem útskýrir að miklu leyti að mínu mati vantraust almennings gagnvart okkur. Ef minni hlutinn hefði eitthvað annað en þingskapaleikfimi til að hafa áhrif á gang mála, ef ægivald meiri hlutans væri ekki svo yfirþyrmandi þá fullyrði ég að umræður á hinu háa Alþingi væru af mun hærri gæðaflokki og hver veit, kannski gætum við þá öll greitt atkvæði um hagstofumálið samkvæmt einlægri sannfæringu eftir einlægur rókræður um efnisleg atviki í samræmi við tilætlan kjósenda.

[13:38]

#### **Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Frú forseti. Nú liggja fyrir mikilvægar niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um ástæður sem búa að baki litlu trausti til Alþingis.

Traust er mjög smitandi. Sjálftraust er líka smitandi, sjálftraust sem fagnar mörgum sjónarmiðum og hvílir á tilgangi starfa okkar. Spyrja má: Hver er hinn raunverulegi tilgangur þingmennsku? Hlutverk þingmanna er að vera þjónar lýðræðisins, lýðræðis sem snýst um samtal, byggir á hlustun og skapar um leið traust. Því miður endurspeglar rannsókn Félagsvísindastofnunar vonbrigði kjósenda með starfshætti fulltrúa sinna á Alþingi. Niðurstöðurnar sýna að kjósendur eru óánægðir með vinnulag þingmanna, lýsa vonbrigðum með orðræðu í þingsal og lýsa sérstökum vonbrigðum með áherslur þingmanna á gífurlyri og ágreining í orðum sínum. Ljóst má vera að almenningur hefur ekki áhuga á gífurlyri og ágreiningi.

Ég hvet hv. þingmenn til að vinna markvisst að umbótum á grundvelli umræddrar rannsóknar. Tökum málið í eigin hendur, sameinumst um að bæta starfshætti þingsins, verum rausnarleg á traust hvert til annars. Þannig eflum við traust almennings til Alþingis.

[13:40]

#### **Ásmundur Friðriksson (S):**

Virðulegi forseti. Frá því í vor hafa um 70 ferðir Herjólfss fallið niður í Landeyjahöfn. Skipið hefur ekki siglt þá daga sem ferðir hafa fallið niður í Þorlákshöfn þar sem öll aðstaða er fyrir hendi til að taka á móti skipinu og farþegum þess. Á sama tíma falla niður fjölmargar ferðir flugs til Vestmannaeyja. Vestmannaeyingar upplifa sig kannski í fyrsta skipti einangraða. Óöryggið í samfélaginu er orðið óþolandi, sjúkrahúsið er á gjörgæslu, samgöngurnar í ólagi, lögreglan þarf að sofa heima á nóttunni og sjúkraflið kemur frá Akureyri. Ef maður þarf sjúkraflið til Vestmannaeyja tekur 50 mínútur að fljúga þangað áður en sjúklingurinn fer í 25 mínútna flug á sjúkrahús í Reykjavík.

Það má því segja að ástandið fyrir Vestmannaeyinga sé algjörlega óviðunandi. Við verðum að vinna að því að bæta úr fyrir þetta 5 þús. manna samfélag sem framleiðir útflutningsvörur fyrir milljarða og aftur milljarða viku eftir viku allt árið um kring. Það er afar mikilvægt að samfélagið í Vestmannaeyjum fái að njóta þess afraksturs sem það leggur til samfélagsins.

Ég ræði þetta hér vegna þess að nú fer sá tími í hönd þar sem gera má ráð fyrir að allt að 40% af ferðum skipsins muni falla niður. Við þurfum að bæta úr fyrir Eyjamenn, í samgöngum þeirra inn í framtíðina.

[13:42]

#### **Líneik Anna Sævarsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Mig langar að gera hlutverk Fjar-skjótis og túlkun á hlutverki hans að umtalsefni. Síðastliðinn föstudag var meðal annars fjallað um lélegt netsamband á Borgarfirði eystra í Kastljósi þar sem skýrt kom fram að skortur á góðri nettengingu hamlar samfélagsþróun þar sem það dregur úr möguleikum fólks sem hefur áhuga á að búa þar til að stunda þá vinnu sem hugur þess stendur til. Fyrir utan að það dregur úr möguleikum til náms og ýmissar annarrar þátttöku í samfélaginu, þátttöku sem meiri hluti íbúa landsins telur sjálfsögð. Borgarfjörður eystri er því miður ekkert einsdæmi því að víða um land er netsamband lélegt.

Eitt af hlutverkum Fjarskiptasjóðs sem heyrir undir inn-  
anríkisráðuneytið er að styrkja verkefni sem miða að því að  
efla fjarskipti í landinu. Í fréttum ríkissjónvarpsins þann 14.  
september kom fram að sjóðnum væri óheimilt að efla net-  
sambandið á Borgarfirði eystra. Sjóðnum sé einungis heim-  
ilt að aðstoða þar sem markaðsbrestur er. Markaðsbrestur.  
Hvað er það? Gæti hugsast að verið sé að túlka hugtakið  
markaðsbrestur á annan veg en upphaflega var ætluð lög-  
gjafans? Spyr sú sem ekki veit.

Fjarskiptasjóður má eingöngu stuðla að öflugra netsam-  
bandi á landsvæðum þar sem markaðsbrestur hefur orðið.  
Getur verið að það þýði að ef boðið er upp á netsamband,  
hvort sem það stendur undir nafni eða ekki, geti sjóðurinn  
ekkert gert? Var það virkilega ætlunin?

Samkvæmt lögum er hlutverk sjóðsins að útluta fjár-  
magni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa  
fjarskipta. Verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnis-  
hæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna  
enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun og ætla má að  
ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

Ég auglýsi eftir lausnamiðaðri umræðu um þessi mál. Er  
hægt að fara í uppbyggingu innan núverandi lagaramma  
eða þarf breytingar? Við þurfum lausnir sem byggja á raun-  
veruleikanum. Þetta snýst um jafnrétti (Forseti hringir.) og  
að við höfum ekki efni á því að útiloka suma íbúa landsins  
frá möguleikum til þátttöku.

[13:45]

#### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Virðulegur forseti. Ölvunarakstur er dauðans alvara.  
Þessi orð eru mér ofarlega í huga eftir að hafa horft á Kast-  
ljósþátt gærkvöldsins en þar var fjallað um þær skelfilegu  
afleiðingar sem ölvunarakstur getur haft. Í þættinum var  
fjallað um þær hörmulegu afleiðingar sem ölvunarakstur  
getur haft á líf fjölskyldna og einstaklinga. Ölvunarakstur  
hefur hörmulegar afleiðingar bæði fyrir þá sem verða fyrir  
slysinu og valda því og aðstandendur þeirra.

Í þættinum kom fram að 624 einstaklingar hafa verið  
teknir fyrir ölvun við akstur frá 6. apríl sl. og einnig kom  
fram að 49 einstaklingar hafi látið lífið sökum ölvunaraksturs  
á síðustu 15 árum. Þá eru þeir ekki taldir með sem hafa  
örkumlast og lifa nú við skert lífsgæði.

Ölvunarakstur er því miður bláköld staðreynd í þjóðfé-  
laginu okkar og því miður allt of algengur. Ölvunarakstur  
og áhrif hans á fjölskyldur og einstaklinga er hræðilegur.  
Það er skelfilegt fyrir fjölskyldur að horfa á eftir ástvinum  
sínum sem láta lífið sökum þessa og einnig er sárt að horfa  
upp á aðstandendur geranda í svona málum því að þeir  
finna virkilega til.

Virðulegur forseti og hv. þingmenn. Ég legg því til, þar  
sem við höfum löggjafarvaldið í samfélaginu, að við endur-  
skoðum þau lög er snúa að refsíákvæði varðandi ölvun-  
arakstur með það að markmiði að þyngja dóma og setja í  
enn hærri sektir í þeirri von að það hafi eitthvað að segja í  
baráttunni gegn ölvunarakstri.

Mín hugmynd er að fara svipaða leið og farin er víða á  
Norðurlöndunum, m.a. í Finnlandi, þar sem hluti sektar-  
greiðslna vegna ölvunaraksturs fer í forvarnasjóð til að  
vinna að forvörnum gegn ölvunarakstri. Ég legg til, (Forseti

hringir.) virðulegur forseti, að við förum í þá vinnu að end-  
urskoða þessi refsíákvæði því að eins og ég sagði í upphafi:  
Ölvunarakstur er dauðans alvara.

[13:47]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs til að spyrja hv.  
formann efnahags- og viðskiptanefndar um mál mállanna,  
skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem margir bíða með  
öpreyju. Ástæðan er sú að við meðferð Hagstofumálsins  
hafa vaknað ákveðnar spurningar um skuldaaðgerðirnar  
sem fyrirhugaðar eru því að þar er gert ráð fyrir að safna  
upplýsingum um breytingar sem gerðar hafa verið á lánun.  
Ég veit að það hefur vakið þær áhyggjur hjá fólki að hugs-  
anlega standi til að draga frá skuldaleiðréttingum þær leið-  
réttingar sem fólkið hefur þegar notið, t.d. í 110%-leiðinni  
eða í öðrum sérstöku aðgerðum gagnvart skuldugu fólki.  
Það er auðvitað mikið grundvallaratriði og ég veit að við  
eigum ekki von á útfærslunum fyrr en í nóvember næst-  
komandi. En þessi grundvallaratriði hljóta þó að liggja fyr-  
ir, hvort ætlunin er að leiðrétta almennt fyrir verðbólgu-  
skotinu 2007–2010, eins og segir í stjórnarsáttmálanum,  
eða hvort reikna á út það áfall og draga síðan frá þær að-  
gerðir sem fólk hefur þegar notið þannig að ýmsir, t.d. sem  
fengið hafa skuldaúræði í 110%-leiðinni, fengju ekki neitt  
út úr þessum leiðréttingum.

Ég geri ráð fyrir því að það liggja fyrir hvort menn ætla  
að draga frá það sem gert hefur verið fyrir fólkið með sér-  
stöku vaxtabótum eða 110%-leiðinni eða með sérstakri  
skuldaaflögun, en ef það liggur ekki fyrir þá spyr ég hv.  
formann efnahags- og viðskiptanefndar hvort honum finnst  
það rétt. Á endanum er þetta bara pólitísk ákvörðun sem  
tekin verður hér í þinginu og tillögur um það frá nefnd  
hans. Það er einföld spurning um sanngirnissjónarmiðin í  
þessu, hvort leiðrétta eigi almennt hjá öllum eða hvort  
draga eigi frá þær leiðréttingar sem fólk hefur þegar fengið,  
t.d. í 110%-leiðinni. Og kannski svona í framhjáhlupum vil  
ég spyrja hv. formaður telji raunhæft að tillögur  
stjórnarmeirihlutans muni liggja fyrir hvað þetta varðar á  
árinu 2013 eða hvort hann telji raunsætt að þær dragist fram  
á árið 2014 eða jafnvel fram eftir því ári.

[13:49]

#### **Frosti Sigurjónsson (F):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spur-  
ninguna. Spurt er að því hvort þær ráðstafanir og lækkanir  
sem fólk hefur þegar notið dragist frá. Ég veit náttúrulega  
ekki frekar en aðrir hérna hverjar tillögur hópsins verða  
sem nú er að störfum og vinnur að vönduðum og sann-  
gjörnum tillögum til þingsins. Einnig er spurt um afstöðu  
mína, hver hún gæti hugsanlega hafa verið. Ég man eftir  
því að hafa fengið þá spurninguna áður á fundum í aðdrag-  
anda kosninga. Þá svaraði ég á þá leið að mér þætti réttlátt  
að menn nytu ekki tvisvar sinnum leiðréttingar heldur væri  
þetta hugsað til þess að jafna aðstöðu manna.

Sumur hafa lent í því að fá leiðréttingu fyrir dómstólum,  
fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, af því að þeir voru með  
ólögleg lán. Vilja menn innifela þá líka, að þeir fái líka  
lækkun? Að sjálfsögðu ekki, þarna er verið að reyna að

þafna leikinn. Hafi menn þegar fengið einhverja leiðréttingu á forsendubrestinum þurfa þeir ekki að fá hana aftur, það er mín afstaða. Ég vil ekki grípa fram fyrir hendur nefndarinnar eða störf þingsins. Við munum taka afstöðu til allra þessara tillagna þegar þær koma til þingsins.

Varðandi tímamann kemur mjög skýrt fram í þingsályktunartillögum að tillögugerð skuli lokið fyrir nóvemberlok. Tillögur ættu þá væntanlega að koma til þingsins fljótlega eftir það. Ég veit ekki hvað þingið þarf að fjalla lengi um þetta mál en ég reikna með góðu samstarfi frá fyrirsprjanda hv. og við vonum öll að þetta gangi hratt og vel fyrir sig.

[13:51]

#### **Silja Dögg Gunnarsdóttir (F):**

Frú forseti. Löggæslan er ein af grunnstöðum samfélagsins. Við viljum öll að öryggi íbúa sé tryggt sem og lögreglumanna. Löggæslan er víða orðin mjög brothætt. Það gerist of oft að lögreglumenn hafa ekki mannskap til að sinna útköllum þar sem þeir eru uppteknir annars staðar við skyldustörf. Ég vildi sjálf ekki þurfa að standa frammi fyrir því að velja milli þess að sinna líkamsárás á einum stað eða slysi á öðrum, sem dæmi.

Lögregluumdæmin í landinu hafa sín sérkenni. Við þingmenn í Suðurkjördæmi funduðum með forsvarsmönnum löggæslunnar í kjördæminu í síðustu viku og fengum gagnlegar upplýsingar. Á fundinum kom meðal annars fram að samvinna milli umdæma væri mjög góð og menn væru að vinna mjög mikið og óeigingjarnt starf og því ber að hrósa.

Helstu sérkenni lögregluembættisins á Suðurnesjum eru þau að þar fer mikið fjármagn til landamæragæslu, þjónustu og móttöku við hælisleitendur. Umferð um flugstöðina hefur aukist gríðarlega mikið hin síðari ár enda höfum við lagt áherslu á uppbyggingu ferðaþjónustu. Við verðum að mæta þessari auknu umferð með auknu fjármagni í eftirliti á flugstöðinni. Ég vil draga þetta atriði sérstaklega fram. Hið sama má segja um umferðareftirlit og almenna löggæslu um land allt. Við verðum að tryggja öryggi okkar og gesta okkar með öflugri löggæslu.

Suðurland einkennist af miklum vegalengdum, sumarhúsum, ferðamannastraumi og viðvarandi náttúruvá og miklum fjarlægðum á milli þéttbýlisstaða.

Ég veit að hæstv. innanríkisráðherra er vel upplýst og hennar vilji er að efla löggæsluna um land allt. Ráðherra hefur þegar gefið leyfi fyrir ráðningu tveggja lögreglumanna sem verða staðsettir á Vík í Mýrdal. Nú er það okkar allra að leggja okkar á vogarskálarnar til að tryggja þessar stöður í fjárlögum næsta árs sem og eflingu löggæslunnar um land allt.

[13:53]

#### **Karl Garðarsson (F):**

Virðulegi forseti. Reglulega berast fréttir af trygginga- svikum þar sem fólk er að hafa fjármuni út úr Tryggingastofnun. Árið 2005 var sett á fót sérstök eftirlitsnefnd innan Tryggingastofnunar og eru starfsmenn þar þrír til fjórir. Árið 2011 rannsakaði þessi deild 531 mál og leiddi um helmingur þeirra til breytinga á greiðslum, oftast til lækkunar. Í

lok síðasta árs höfðu þessar rannsóknir leitt til stöðvunar á óréttmætum bótageiðslum upp á tæpar 100 milljónir kr. á ársgrundvelli, 100 milljónir á einu ári. Ríkisendurskoðun bendir á í skýrslu sinni um málið að samkvæmt danskri rannsókn megi ætla að 3–5% af bótageiðslum danska ríkisins megi rekja til bótasvika. Hættan sé mest í flokkum eins og barnabótum, heimilisuppbót og félagslegri aðstöð.

Ef hlutfall bótasvika er sambærilegt hérlendis við það sem gerist í Danmörku má ætla að það geti numið 2–3,5 milljörðum kr. á ársgrundvelli, allt að 3,5 milljörðum. Samkvæmt því eru þær 100 milljónir sem eftirlitsnefnd Tryggingastofnunar náði til baka árið 2011 aðeins lítil hluti þeirra óréttmætu greiðslna sem runnu út úr almannatryggingakerfinu það ár.

Ríkisendurskoðun segir að augljós ávinningur sé af öflugu eftirliti með bótageiðslum og líka markvissu fyrirbyggjandi eftirliti. Afstaða Íslendinga til bótasvika er oft undarleg. Hér eru meintur skattsvikarar hundtír á meðan lítið er gert í málum þeirra sem svíkja bætur úr kerfinu. Þannig eru bótasvik sjaldan kærð til lögreglu og greiðsluþegi hefur aldrei fengið dóm fyrir slíkt brot að ég best veit. Það er því beinlínis hvati í kerfinu til að reyna slík brot. Þetta veldur sidrofi í þjóðfélaginu sem er óþolandi. (Forseti hringir.) Því er full ástæða til að hvetja ráðherra til að taka þessi mál föstum tökum.

[13:56]

#### **Þorsteinn Sæmundsson (F):**

Hæstv. forseti. Nýlega var hrundið af stað herferð þar sem landsmenn eru hvattir til að skýra frá leyndardómum Íslands í því skyni að laða að aukinn fjöldi ferðamanna utan háannatíma. Þessi herferð er unnin á svipaðan hátt og önnur fyrri sem kallaðist Inspired by Iceland. Þó er mér ekki kunnugt um að sérstök könnun eða vísindaleg rannsókn hafi farið fram á áhrifum af þeirri herferð, enda er skortur á rannsóknum í ferðaþjónustu akkilesarhæll greinarnar.

Allar vonir standa til að ferðamennskan verði ein af höfundatvinnugreinum þjóðarinnar til langrar framtíðar og því ber okkur að varast að hugsa til skamms tíma í einu. Okkur liggur ekki á að fá ótölulegan fjölda ferðamanna til Íslands heldur þurfum við að fá hingað til landsins þann fjölda gesta sem við getum þjónustað og þann fjölda gesta sem líklegur er til að skilja eftir sem mestan ábata og þá ferðamenn sem eru líklegir til þess að umgangast náttúru landsins af virðingu og varúð.

Ég beini því þeim varúðarorðum til landsmanna að þeir hugsi sig um áður en þeir ljóstra upp um lítt þekktar viðkvæmar náttúruþerlur sem líklegt er að geti orðið fyrir skaða af auknum ágangi ferðamanna, einkum þegar aðgengi að þeim liggur um ósnert viðerni eða viðkvæmt gróðurlendi. Við skulum fara varlega, frú forseti.

[13:58]

#### **Vilhjálmur Árnason (S):**

Virðulegi forseti. Ég er kominn hingað til að tala um væntanleg störf þingsins. Ferðaþjónustan er í uppvexti eins og kom fram í ræðunni á undan og ég ætla að fjalla um það sem fleiri þingmenn hafa fjallað um í dag, þ.e. öryggi

ferðamanna. Nú sjáum við fram á að ferðamönnum fjölgi töluvert. Við settum 1 milljarð í að auglýsa og markaðssetja landið til að fá fleiri ferðamenn, en við gleymdum alveg að setja fjármuni í að tryggja öryggi þeirra ferðamanna. Við þurfum að tryggja öryggi þeirra ef við ætlum að fá þá aftur eða fá þá til að þora að koma.

Lögregla, heilbrigðisstofnanir og björgunarsveitir úti um allt land eru nú að sinna ferðamönnum. Mennta eiga að vera í stakk búinir til þess en vita ekki hve margir ferðamenn eru á svæðinu hjá sér. Íbúatölur í mörgum bæjarfélögum margfaldast yfir sumarið af fjölþættum verkefnum. Sjáum Suðurnesin, þar þarf lögreglan að standa vörð um að fólkið komist inn í landið, sinna gæslunni þar, en líka tryggja þessu fólki öryggi í umferðinni til og frá flugvællinum, hún er einnig með stærsta ferðamannastað landsins í umdæmi sínu og svo tengjast Almannavarnir þessu. Þetta á líka við á Selfossi þar sem 63% frístundabyggðar á Íslandi eru staðsett. Mennta vita aldrei hve margir eru staðsettir þarna í einu.

Björgunarsveitirnar eru enn að bjarga náttúruferlum okkar, taka gjald af ferðamönnum til að byggja þær upp, verðum við að muna eftir öryggi þeirra líka. Við skulum muna eftir því að setja fjármuni í að tryggja öryggi ferðamanna þegar við ræðum ferðamannapassa eða gjald á ferðamannastöðum.

[14:00]

#### **Valgerður Bjarnadóttir (Sf):**

Forseti. Í síðustu viku kynnti hæst. utanríkisráðherra þá ákvörðun sína að leysa upp samninganefndir um aðild að Evrópusambandinu. Mér fannst hæst. ráðherra að vísu helst til frekur til valdsins og tel að hann hefði átt að bera ákvörðunina undir Alþingi. En það sem kom fram í skýrslu ráðherra var svolítið haltu mér/slepptu mér ákvörðun því að enn verður Evrópusambandið nánasti samstarfsaðili okkar í utanríkismálum. Eftir því sem helst mátti skilja á hæst. ráðherra á að taka upp tvíhliða viðræður um alla þá þætti sem ekki eru í EES-samningnum.

Umsóknin um aðild að Evrópusambandinu hafði ekki bara í för með sér samstarf ráðherra og embættismanna við starfsfélaga þeirra innan sambandsins heldur einnig samstarf þingmanna. Tvisvar á ári eru haldnir svokallaðir COSAC-fundir. Þá samráðsfundi sitja sex þingmenn frá hverju þjóðþingi aðildarríkja og frá Evrópuþinginu og þrem þingmönnum umsóknarríka svokallaðra er boðið á þessa fundi. Íslenskir þingmenn hafa sótt þessa fundi, alla vegna síðasta kjörtímabil. Einnig er starfandi sameiginleg þingmannanefnd Evrópuþingsins og Alþingis sem hittist tvisvar á ári.

Mig langar, vegna þessa nýja ástands sem komið er upp, að spyrja hv. formann utanríkismálanefndar, Birgi Ármannsson, hvort og þá hvernig þessu samstarfi þingsins verði hagað þegar við erum nú umsóknarríki án samninganefndar. Verður íslenskum þingmönnum áfram boðið að sitja COSAC-fundi? Kannski ekki síður: Munu þeir þekkja það boð?

Í annan stað: Verða einhverjar breytingar á samstarfi Evrópuþingsins og Alþingis og þá hverjar?

[14:02]

#### **Birgir Ármannsson (S):**

Hæst. forseti. Stutta svarið við þessari spurningu er að engar ákvarðanir hafa verið teknar um að gera breytingar á því fyrirkomulagi eins og verið hefur. Eins og þingmaður lýsti hefur formlega samstarfið verið fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar hefur verið um að ræða sameiginlegu þingmannanefndina og er hún enn þá starfandi. Á fundi hennar í júní sem haldinn var í Reykjavík var rætt um að halda því samstarfi áfram, að minnsta kosti um sinn, þannig að gert er ráð fyrir að næsti slíkur fundur verður í Brussel í nóvember. Verði breyting á formlegri stöðu Íslands sem umsóknarríkis mun það væntanlega leiða til breytinga á þessari stöðu, en hún hefur ekki orðið enn þá eins og hv. þingmönnum er kunnugt.

Það má reyndar geta þess til gamans að samstarf Alþingis Íslendinga og Evrópuþingsins er eldra en aðildarumsóknin. Sameiginleg þingmannanefnd var til staðar áður en Ísland sótti um aðild en munurinn er kannski fyrst og fremst sá að þá var hist einu sinni á ári en ekki tvisvar.

Ég get líka upplýst um það að mörg af þeim málefnum sem tekin eru fyrir á fundum sameiginlegu þingmannanefndarinnar eru ekki beintengd aðildarumsókninni og reyndar mundi ég hyggja að ef litid er á dagskrá síðustu funda nefndarinnar þá snúist meira en helmingur þess sem þar er rætt um aðra hluti en tengjast aðildarumsókninni beinlínis. Verði breyting á stöðu Íslands sem umsóknarríkis er ekki þar með sagt að íslenskir þingmenn hætti að hitta þingmenn frá Evrópuþinginu. Það verður um nóg að tala enu að síður.

Varðandi þátttöku í COSAC erum við í þeirri stöðu að hafa áheyrnaraðild sem umsóknarríki í augnablikinu. Önnur ríki hafa áheyrnaraðild jafnvel þótt þau séu ekki umsóknarríki, t.d. Norðmenn. Verði breyting á formlegri stöðu Íslands geri ég ráð fyrir því að Ísland muni leita eftir að fá sömu (Forseti hringir.) stöðu og Noregur gagnvart þeim fundum.

Umræðu lokið.

#### **Sérstök umræða.**

Afnám hafta og uppgjör gömlu bankanna.

[14:05]

#### **Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu þótt auðvitað í símskeytastíl sé í þessu risavaxna máli, að ræða það í fáeinum mínútur af minni hálfu og umræðan í hálf tíma alls. Ég læt nægja að segja um þetta mál almennt að hér er á ferðinni nokkuð óumdeilanlega eitt allra stærsta og afdrifaríkasta verkefni sem eftir stendur frá hrúni, þ.e. að vinda ofan af fjármagnshöftunum og gera upp bú gömlu bankanna og losa þær gríðarlegu fjárhæðir sem og eftirstöðvar gömlu snjóhengjunnar út úr hagkerfinu að því marki sem eigendur kjósa að fara með fjármunina í burt þegar þeir geta það. Þetta sé gert þannig að það ógni ekki gjaldeyris- og fjármálastöðugleika né ofbjóði greiðsluöfnuði og greiðslugetu þjóðarbúsins.

Ég ætla tímans vegna að beina nær einvörðungu sjónum

að því hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórn standa að eða hyggjast standa að umgjörð og skipulagningu vinnu á þessu sviði. Ég geri það að gefnu tilefni. Mér hafa þótt yfirlýsingar frá ríkisstjórn nokkuð misvísandi og það eru fleiri en ég sem eiga erfitt með að átta sig á því hvernig er verið að vinna að þessu, samanber umfjöllun fjölmiðla um hver sé að gera hvað eða ekki að gera hvað og hvar umboð og ábyrgð liggja. Ég ætla því að nota tíma minn fyrst og fremst í að leggja skýrar spurningar fyrir hæstv. fjármálaráðherra og ég hef aðvarað hann sem og aðra um væntanlegt efni þeirra. Hefst þá lesturinn.

Í fyrsta lagi: Er starfandi formlegur stýrihópur ráðherra, seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlits eins og var í tíð fyrri ríkisstjórnar sem ber yfirábyrgð og stýrir verkefniinu? Hefur slíkur hópur fundað reglulega?

Í öðru lagi: Hverju sætir að þverpólitísk samráðsnefnd um losun gjaldeyrishafta sem lék mikilvægt hlutverk í tíð fyrri ríkisstjórnar hefur ekki verið kölluð saman í þrjá mánuði rúma? Nefndin mun hafa fundað síðast í tengslum við komu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í júníþrjú og ekki verið kölluð saman síðan. Er slíkri nefnd ætlað áframhaldandi hlutverk? Má vænta þess að hún verði kölluð saman á ný eða ætlar ríkisstjórn að haga samráði flokka einhvern veginn öðruvísi eða alls ekki viðhafa neitt þverpólitískt samráð?

Í þriðja lagi: Hefur verið tekin afstaða til þess hvort íslensk stjórnvöld æski áframhaldandi starfa samráðsnefnda ráðuneyta, Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Evrópusambandsins og Evrópska Seðlabankans? Hér er átt við það sem á enskunnni heitir Ad Hoc Working Group on the Removal of Iceland's Capital Controls. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Evrópusambandið og Evrópski Seðlabankinn telja brýnt, það hef ég upplýsingar um, að þessi að hoc hópur fái endurnýjað pólitískt umboð frá nýrri ríkisstjórn eigi hann að starfa áfram. Hefur það umboð verið veitt eða verður það veitt?

Í fjórða lagi: Hvernig sér ráðherra fyrir sér hlutverk Seðlabankans í þessu og hvernig er samskiptum við hann háttað? Spurt er í ljósi þess að Seðlabankinn fer með framkvæmd haftanna og gjaldeyrismarkaðinn, varðveitir gjaldeyrissforðann og svo framvegis. Annast Seðlabankinn hinn faglega undirbúning í samvinnu við Fjármálaeftirlitið, ráðuneyti og ríkisstjórn eins og var í tíð fyrri ríkisstjórnar þó að vissulega hafi afnámsáætlunin sjálf sem slík verið endanlega afgreidd af ríkisstjórn og á ábyrgð hennar? Eða ætlar núverandi ríkisstjórn í meira mæli að taka þessi mál yfir sjálf?

Og í fimmta lagi og nátengt: Er að vænta nýrrar áætlunar um losun hafta nú í september eins og forsætisráðherra boðaði í viðtali við fréttaveituna Bloomberg 27. maí síðastliðinn? Ef svo er, hvernig hefur þá verið unnið að undirbúningi þeirrar nýju áætlunar? Í nefndu viðtali kom fram að hin nýja áætlun mundi byggjast á hugmyndum forsætisráðherra. Það mundi ekki taka langan tíma að klára verkið, forsætisráðherra hefði ákveðnar hugmyndir til að leysa snjöhengjuvandann og boðað var að þessi nýja áætlun mundi birtast í september. Þetta var sagt í maí. Er þetta að koma, mun þetta standast, fáum við að sjá hina nýju áætlun nú í septembermánuði?

Í sjötta lagi: Hefur verið skipaður sá sérfræðingahópur, annaðhvort blanda af innlendum og erlendum sérfræðingum eða eingöngu innlendir, sem aðstoðarmaður forsætisráðherra Jóhannes Þór Skúlason boðaði í viðtölum við fjölmiðla 8. ágúst síðastliðinn að yrði kynntur til sögunnar í upphafi haustþings? Hann hefði það hlutverk, eins og sagði í umfjöllun *Morgunblaðsins*, að uppfæra heildaráætlun um afnám gjaldeyrishafta.

Í sjöunda lagi hefur skipan nokkurra trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar sætt umtali í fjölmiðlum spurningar um hæfi eða vanhæfi. Hefur verið gerð úttekt á vegum ríkisstjórnarinnar á öllum trúnaðarmönnum hennar í þessum störfum, til dæmis af Fjármálaeftirlitinu? Er nefnd um fjármálastöðugleika starfandi? Er hún virk? Fundar hún reglulega og hefur hún hlutverk í þessum efnunum?

Og loks, frú forseti, treystir fjármála- og efnahagsráðherra sér til að segja eitthvað á þessu stigi mála um hið margnefnda svigrúm, það er á mannamáli hagnað sem full-yrt hefur verið að komi í hlut ríkisins við uppgjör gömlu bankanna? (Forseti hringir.) Og hvort svigrúmið dugi upp í 250–300 milljarða skuldaniðurfærslu skyldu peningarnir skila sér og ákveðið verði að nota þá í það?

[14:11]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að kalla eftir því að þetta mikilvæga mál kæmi hér á dagskrá. Ég get tekið undir með hv. þingmanni, hér er um að ræða umfangsmesta efnahagsverkefni okkar eins og sakir standa. Til þess að vel takist til að endurheimta traust á efnahagslífinu þarf að takast vel til við afnám haftanna og í því sambandi að ganga þannig frá því máli að það ógni ekki fjármálastöðugleika eða greiðsluöfnuði okkar inn í framtíðina.

Hér er um víðan völl að fara ef maður ætlar að gera öllum hliðum þessa máls góð skil en spurningar sem eru framkomnar og beinast til mín varða ekki síst skipulagið og ég ætla að byrja á að lýsa því eins og ég best get.

Í mjög stuttu máli hefur það verið þannig undanfarnar vikur, frá því að ríkisstjórnin tók við, undanfarna mánuði, að ný ríkisstjórn og þeir sem einum bera þar ábyrgð á þessu máli hafa þurft að glöggva sig á stöðunni, kalla eftir gögnum, áætlunum, áformum sem hafa verið í vinnslu í stjórnkerfinu, þar með talið í ráðuneytum og Seðlabanka, til að geta tekið ákvörðun um næstu skref. Við hæstv. forsætisráðherra erum sammála um að í öllum meginatriðum sé skynsamlegt að byggja áfram á því stjórnskipulagi sem gilt hefur um þessi mál. Þar koma við sögu þessir vinnuhópar, ef ég leyfi mér að nota það orð, sem hv. þingmaður vék að. Þar ber í fyrsta lagi að nefna ráðherranefnd um efnahagsmál sem fer þá fyrir þessum málum þar sem forsætisráðherra hefur formennsku, og sérstakur stýrihópur undir forustu fjármála- og efnahagsráðherra leiðir starfið. Í þeim stýrihópi eru þá seðlabankastjóri, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og aðrir alveg eins og verið hefur. Undir þeim stýrihópi er samráðsnefnd embættismanna. Ég sé ekki fyrir mér að við þurfum á þessu stigi að taka ákvörðun um framhald þeirrar nefndar sem hér var nefnd að hoc nefnd og hefur gengið undir því heiti en ég tel samt mikilvægt að við köll-

um eftir því að sú nefnd skili skýrslu sem þar hefur verið unnið að til stýrningefndar og ráðherranefndar.

Ég sé engar meginbreytingar fram undan á hlutverki Seðlabankans í þessu samhengi öllu saman. Varðandi sérfræðingahóp eða við gætum kallað hann líka ráðgjafanefnd get ég svarað því þannig að við hyggjumst koma á fót til hliðar við þetta ferli sérstakri nefnd ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í málinu og varðandi mögulegt hæfi eða vanhæfi manna til að taka sæti í slíkri nefnd verður því að sjálf-sögðu gefinn gaumur. Enginn hefur enn verið formlega beðinn um að taka sæti í slíkri nefnd, henni hefur ekki enn verið komið á. Eitt af því sem er til skoðunar í því efni er hvort ástæða væri til að kalla til einhverja erlenda ráðgjafa.

Ég vona að þetta svari spurningum um heildarskipulagið. Eina breytingin sem hægt er að tala um að verði frá því sem verið hefur er að þá kæmi ráðgjafanefnd ríkisstjórninni eða ráðherranefndinni til ráðgjafar. Það er spurning hvort ástæða sé til að láta þessa að hoc nefnd starfa mikið lengur áfram.

Ég get lítið sagt um það hvaða svigrúm ég telji til staðar en við sjáum á þeim tölum sem um er að ræða hér, þar sem skuldabréf nýja Landsbankans til þess gamla losar 300 milljarða, að þar er þrýstingur ef ekki verður endursamið um bréfið. Íslenskar krónueignir í þrotabúí Kaupþings og Glitnis eru rúmlega 400 milljarðar og aflandskrónurnar um 340 milljarðar. Þetta eru þessir þrjár stærstu liðir sem saman mynda þrýstinginn á mögulegt gengi krónunnar verði höftunum aflétt og er uppistaðan í því verkefni að finna lausn á þessum þremur meginþáttum.

Við getum notað ýmsa mælikvarða til að átta okkur á því hvað þarf að gerast til þess að við náum nýrri aðlögun að ásætlanlegum greiðslujöfnuði til framtíðar. Ein leið til að átta sig á þessu væri að spyrja sig: Hvernig sjá kröfuhafarnir þetta sjálfir? Þeir hafa verðmetið kröfurnar í viðskiptum sín á milli og (Forseti hringir.) væntanlega þá tekið í reikninginn hvað þeir telja að þurfi að gerast þegar fram í sækir.

Ég vonast til að koma fleiri atriðum að í seinni ræðu minni.

[14:17]

#### **Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfús-syni fyrir að hefja þessa umræðu og ráðherra fyrir svörin. Mér þykir hann hins vegar, í svörum sínum hér, hafa varpað á frekar litlu ljósi á hvað raunverulega stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar. Af orðum hans má ráða að ítrekaðar fréttir í sumar, af nefndaskipunum og sérstöku trúnaðar-mönnum, sem verið væri að kalla til til afnáms gjaldeyrishafta, eigi ekki við rök að styðjast.

Hæstv. ráðherra talar hér um óbreytt skipulag við afnám gjaldeyrishafta en við búum samt við þær sérkennilegu að-stæður að kröfuhafar hafa leitað eftir svörum frá ríkisstjórninni og vilja tala við ríkisstjórnina en hún hefur ekki svarað þeim.

Ég hlýt líka að gera athugasemdir við það að ríkisstjórnin haldi áfram þeirri stefnu sinni að loka dyrum fyrir landinu og skaða möguleika okkar með því að telja enga sérstaka ástæðu til þess að hin svokallaða að hoc nefnd sér-

fræðinga frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og íslenskir sérfræðingar haldi áfram að vinna. Það er auðvitað mikilvægt fyrir okkur að vinna áfram eftir þeirri leið, ekki síður en öðrum, til að kanna hvaða kostir okkur bjóðast.

Ég hlýt að síðustu að lýsa eftir því að haft verði samráð við stjórnarandstöðu við afnám gjaldeyrishafta. Hæstv. fjármálaráðherra lýsti því ítrekað yfir þegar hann var í forustu fyrir stjórnarandstöðuna að það væri grundvallaratriði að þverpólitísk samstaða yrði um afnám gjaldeyrishafta. Það eru ekki boðleg vinnubrögð af hálfu ráðlausrar ríkisstjórnar, hversu ráðlaus svo sem hún kann að vera, að láta leka í fjölmiðla hálfkveðnar vísur um hvað standi til í þessum málum, bera þær jafnharðan til baka og ræða ekki við stjórnarandstöðuna um framgang mála. Við hljótum að gera kröfu til þess að ríkisstjórnin eigi við okkur formlega fundi, ræði við okkur í trúnaði um hvað standi til. (Forseti hringir.) Sá trúnaður er í boði af okkar hendi. Spurningin er hvort ríkisstjórnin getur staðið við stór orð um ný vinnubrögð og nýtt samráð.

[14:19]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Frú forseti. Mér finnst ákaflega mikilvægt í þessari umræðu að gera greinarmun á tvennu. Annars vegar ríkir þverpólitísk samstaða um það að reyna að afnema gjaldeyrishöftin og ná viðunandi samningum við erlenda krónueigendur og kröfuhafa gömlu bankanna eða grípa til aðgerða sem vonandi fela í sér ávinning fyrir íslenskt samfélag. Um þetta ríkir þverpólitísk samstaða. Þetta er ekki hugmynd neins eins flokks, þetta eru markmið sem ég held að allir flokkar á Alþingi stefni að.

Hins vegar hefur einn flokkur sagt að hann vilji nota þann mögulega ágóða sem verður af þessu ferli til eins málfnis sem er að niðurgreiða skuldir heimilanna. Það er umdeilt mál og mér finnst mjög mikilvægt að við látum ekki það hversu umdeilt það mál er spilla fyrir samstöðunni sem við höfum um hitt.

Mér finnst mjög mikilvægt fyrst það er svona mikil samstaða um það að reyna að afnema gjaldeyrishöftin með góðum hætti, sem felur í sér ávinning fyrir íslenskt samfélag og byggir vonandi jafnframt upp traust á íslensku efnahagslífi, að við látum samstöðuna sem ríkir hérna um það markmið verða til þess að við grípum til samráðs núna. Það sem ég er að segja er að við megum ekki endurtaka sömu mistökina og við gerðum t.d. í Icesave-málinu þar sem við áttum að efna til þverpólitísks samráðs strax á upphafsmetrinum um mjög flókna samninga. Það að það var ekki gert á upphafsmetrinum leiddi til mjög mikilla deilna síðar meir.

Hér gætum við verið að horfa á svipað. Ef samráðið verður ekki mjög ríkt akkúrat núna gætu orðið mjög miklar deilur síðar meir um alla þessa samninga og þessar aðgerðir.

[14:21]

#### **Frosti Sigurjónsson (F):**

Virðulegi forseti. Það ber að þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu sem er þörf og góð. Ég held að mikilvægt sé að hér komi fram, eins og hv. þm. Guðmundur Steingrímsson



son bendir á, að þverpólitísk samstaða er um þetta mál. Við getum öll staðið saman um að við viljum að vandað verði mjög vel til verks. Við viljum að sjálfsögðu öll að þetta verði leyst sem allra fyrst en þó ekki hraðar en svo að hægt sé að vanda vinnuna.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég treysti ríkisstjórninni og hennar fólki, sérfræðingum, til að leysa þetta með besta mögulega hætti. Okkur liggur mjög mikið á, að sjálfsögðu, og hefur legið mikið á lengi en kröfuhöfum liggur líka á. Eins og fram hefur komið hérna í salnum áður er í rauninni allra hagur að þetta mál leysist farsælega. Það þarf að taka tillit til þess að við fáum ekki tvö tækifæri til að gera þetta. Við þurfum að gera þetta rétt í upphafi. Það er mjög mikilvægt að við sköpum ekki þann þrýsting óviljandi á ríkisstjórnina að þetta verði leyst með einhverjum ambögum. Það þarf að velja réttu ráðgjöfina, rétta fólkið og brýnt er að það verði gert þannig að fjármálastöðugleiki haldist og vandamálið verði leyst í eitt skipti fyrir öll hvað varðar gjaldeyrisjafnvægi þjóðarinnar til lengri tíma lítið.

Ég fagna þessari umræðu og þakka fyrir samstöðu meðal þingmanna, eins og hér hefur greinilega komið fram, og óska sem sagt eftir og treysti því að við fáum að vita jafnóðum og fram vindur það sem við þurfum að vita hér á þinginu.

[14:23]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mjög svo mikilvæga mál upp í sölum þingsins og hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf í sinni fyrri ræðu. Ég á von á fleiri svörum í síðara innleggi hæstv. ráðherra.

Það sem ég staldraði kannski fyrst og fremst við var að mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara því hvernig ætti að halda áfram hinu þverpólitíska samráði sem aðrir hv. þingmenn hafa líka nefnt í ræðum sínum. Þetta er eitt af því sem skipti mjög miklu máli á síðasta kjörtímabili að sú þverpólitíska nefnd sem þá var skipuð var starfandi. Þar sátu allir við sama borð. Ég átti því láni að fagna að funda með nefndinni og fá innsýn í þá vinnu á lokametrum kosningabaráttu með öðrum formönnum stjórnmalaflokka. Ef við ætlum að halda áfram því sameiginlega markmiði og skapa hér traust og samvinnuanda, eins og hæstv. ríkisstjórn hefur boðað, þá skiptir mjög miklu að upplýst sé hér í þessari umræðu: Hver á framtíð þverpólitísku nefndarinnar að vera?

Vissulega er ljóst að það hefur tekið tíma fyrir nýja ríkisstjórn að komast af stað og verkefnið eru vissulega mörg. Hæstv. ráðherra sagði áðan að stjórnkerfið væri nokkurn veginn hið sama en maður spyr sig þá: Hvað er óljóst með framtíð þessarar þverpólitísku nefndar? Og af hverju fáum við ekki heldur skýr svör við því sem hefur verið spurt líka í fjölmiðlum: Hver á nákvæmlega að vera viðmælandi kröfuhafanna? Hver er aðkoma Seðlabankans að því og mun þar verða einhver breyting á?

Ég býð því eftir síðara innleggi hæstv. ráðherra en ég vil líka fullvissa hann um það að ég tel alla hv. þingmenn vera reiðubúna til samstarfs í þessum málum því að þetta varðar auðvitað þjóðarhag. Eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega

er þetta líklega stærsta viðfangsefni efnahagslífsins sem við er að eiga. Hér eru allir af vilja gerðir til að taka þátt í þeirri vinnu en það skiptir máli að við sitjum þar við sama borð og fáum öll sömu upplýsingar.

[14:26]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Steingrími Sigfússyni, og hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör við þessa umræðu. Stærsti vandi okkar núna og sá sem við verðum að leysa fyrst af öllu er snjóhengan svokallaða sem hér kom fram að væri allt að 1.200 milljarðar.

Þessar krónur eru í eigu erlendra aðila sem ekki hafa venjuleg samskipti við Ísland eða tengsl. Þær hafa ekki mjög mikið vægi í augum þeirra. Hins vegar eru 2.000 milljarðar í þrotabúunum nokkuð sem þeir horfa mikið á og þá verðum við að nota og gæta þess að þessir 2.000 milljarðar í erlendum gjaldeyri fari ekki undan áhrifavaldi okkar.

Hagsmunir okkar og kröfuhafanna fara að mörgu leyti saman vegna þess að þeir þurfa að byggja á því að íslenskt atvinnulíf geti framleitt gjaldeyri sem þeir þurfa til að fá kröfur sínar. Þar af leiðandi ætti að finnast á þessu ágætur samningsflötur. Ég tel að lausn þessa máls varði miklum hagsmunum, allt að því öryggi þjóðarinnar og ég vona að sú góða samvinna sem var á síðasta kjörtímabili milli þingmanna allra flokka um þetta mál haldist.

Ég fellst á það með hæstv. fjármálaráðherra að mikilvægt sé að flana ekki að skipulagi þessa máls. Það þarf að fara mjög varlega í það. Ég er sammála því að fá erlenda aðila til að veita okkur ráðgjöf. Menn þurfa að vanda til skipulagsins. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að vinna hratt að því að leysa þetta mál, þetta er mikið atriði fyrir efnahagslífið, fyrir erlenda fjárfestingu og að mörgu leyti er þetta mjög dýrt fyrir okkur öll sem þjóð. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjármálaráðherra að standa vel að því skipulagi sem hann er að byggja upp.

[14:28]

#### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur hafið hér umræðu um stór og mikilvæg mál en um þau flest ríkir óvissa og óvissan er okkur kostnaðarsöm. Fyrirtæki fá ekki betri vaxtakjör til fjárfestinga eða endurfjármögnunar. Á meðan óvissan ríkir halda menn að sér höndum og bíða. Þess vegna er svo mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn leggi fram skýrt plan sem við getum treyst að virki.

Sennilega er losun gjaldeyrishafta eitt mikilvægasta og flóknasta viðfangsefnið í íslenskum efnahagsmálum um þessar mundir. Höftin reyndust mikilvæg við að ná stöðugleika eftir bankahrundi í framhaldi af því fjármálaáfalli sem það leiddi af sér. Það er jafn mikilvægt að afnema þau eins fljótt og hægt er, ekki aðeins vegna þess að alþjóðlegir samningar gera ráð fyrir því heldur vegna þess að það verður mikill kostnaður af þeim til lengdar og hann verður meiri af þeim en ávinningurinn. Höftin munu einnig valda versnandi líf skjörum.

En hvað gerist þegar höftin hafa verið afnumin og veruleikinn án hafta blasir við? Mun íslenska krónan nýttast

okkur án þess að hún verði í einhvers konar höftum til framtíðar? Mér finnst mikilvægt að skoðað verði vandlega hvernig losun haftu tengist vali á stefnu í gjaldeyris- og gengismálum og hvort kostir í þeim efnum geri losun haftanna auðveldari. Einnig ættum við að nýta okkur þá möguleika sem kunna að skapast í þessu mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar í gegnum aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Hæstv. utanríkisráðherra hefur að vísu tilkynnt að gert hafi verið hlé á viðræðum en, virðulegur forseti, Alþingi hefur ekki falið ríkisstjórninni að slíta viðræðunum þannig að það er enn von að við nýtum þessa skynsamlegu leið þjóðinni til heilla.

[14:30]

**Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Frú forseti. Ég minnst aðeins á það í fyrri ræðu minni að mjög mikilvægt væri að við næðum í þessu ferli öllu saman, þessu viðkvæma og erfiða ferli, að efla líka traust á íslensku efnahagslífi. Þetta finnst mér mikilvægt að tala um vegna þess að mér fannst umræðan í kosningabaráttunni síðustu ekkert endilega til þess fallin þar sem svolítið mikið var verið að uppfæna erlenda fjárfesta eftir ýmsum fuglategundum, hrægum og fleira. Svoleiðis umræða gagnvart kröfuhöfum og erlendum krónueigendum er kannski ekki endilega til þess fallin, að mínu viti, að efla traust á íslensku efnahagslífi. Ég hvet því til þess að við nálgumst þetta öðruvísi og kannski af meiri sanngirni gagnvart erlendum fjárfestum. Ég held einnig að sá samtakamáttur sem við getum nýtt hér í þingsal strax núna, vegna þess að það eru allir sammála um markmiðin í þessu, ef við náum að efla hann og ef hæstv. ríkisstjórn nær að efla hann og við náum að efla hann öll saman, þá muni það líka nýtast til þess að við komum út úr þessu ferli með meira traust á íslensku efnahagslífi. Ef þetta ferli fer allt í bál og brand þá minnkar traustið.

Ég held líka, svo ég taki nú undir með hv. þm. Oddnýju G. Harðardóttur, að mjög mikilvægt sé að skoða hvað við ætlum svo að gera. Af hverju erum við með þessi höft? Það er vegna þess að við búum við krónu sem fólk treystir ekki í alþjóðlegum viðskiptum. Ef það er markmiðið þegar við komum út úr höftunum, vonandi farsalega, að búa við fljóttandi krónu án haftu þá þarf að undirbúa það ákaflega vel og rökstyðja það mjög vel að það geti gengið því annars náttúrulega breytist öll krónueign meira eða minna í snjóhengju, líka innlend. Við verðum auðvitað að komast út úr þessu ferli þannig. Ég held að við verðum að byggja upp útlutningsvatninnuvegi, við verðum að hafa gjaldmiðilsstefnu. Ætlum við að búa við áframhaldandi krónu eða ekki? Það eru margar svona stórar spurningar sem við verðum að takast á við líka.

[14:32]

**Willum Þór Þórsson (F):**

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu og hv. þm. Steingrími J. Sigfússni fyrir að hefja umræðu um afnám haftu og uppgjör gömlu bankanna. Það er gríðarlega mikilvægt efnahagslegt málefni fyrir þjóðina alla, það er klárt mál.

Ég vil jafnframt þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir

skýr svör. Þar var stórt spurt og hann svaraði því mjög vel og skilmerkilega og sagði að vandað yrði til verka. Það er mikilvægt að okkar hæfasta fólk fái til þess að leiða þetta mál.

Ég vil aðeins staldra við lokahlutann í fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem snýr að svigrúminu. Það er óumdeilt að höftin hafa hér neikvæð áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar og samkeppnishæfni hennar. Auk óæskilegs viðskiptakostnaðar, minni hagvaxtar en ella, hamlu fjárfestinga o.s.frv. eru höftin á skjön við alþjóðlegar skuldbindingar eins og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Endurheimtur kröfuhafa eru háðar einhverri óvissu sem snýr að verðmæti eignanna sem hafa verið að aukast eftir því sem betur innheimtist en ávinningurinn verður verulegur. Eins og fram kom áðan snýr þetta að snjóhengjunni, en það tengist óneitanlega áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir vegna skuldavanda eins og komið hefur fram. Þegar við leysum það mun það auka ráðstöfunartekjur heimilanna samhliða því að afnám haftanna mun stuðla að aukinni fjárfestingu, (Forseti hringir.) auknum hagvexti, lækkun vaxta-greiddsna hins opinbera og viðreisn velferðarkerfisins.

[14:35]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra svörin og vona að honum gefist tími til þess í seinni ræðu — auðvitað er tíminn knappur — að koma inn á þetta með þverpólitíska samstarfið, hvernig því verður hagað og eins kannski hvort loforð forsætisráðherrans, um nýja afnámsáætlun nú strax í september, muni standa.

Ég verð þó að lýsa nokkrum vonbrigðum með það hversu lítið virðist hafa gerst undanfarna fjóra mánuði. Ég segi það eins og er að mér fannst vera hálfgerður byrjendabragur á þessu hjá hæstv. ríkisstjórn. Það dugur ekki í afdrifaríku stórmáli af þessu tagi að yfirlýsingar séu óljósar eða jafnvel mótsagnakenndar og að ekki liggja skýrt fyrir hver hafi umboð til hvers, t.d. til þess að ræða við kröfuhafa. Hvert eiga þeir að snúa sér?

Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að kröfuhafar eigi sjálfir að taka frumkvæðið, samanber viðtal við hann 22. ágúst sl. Það telja þeir sig einmitt hafa gert, bæði bréflaga og með umsóknum til Seðlabankans. En við hverja eiga þeir að tala? Eiga þeir að biðja eftir óskipaðri sérfræðinganefnd? Eiga þeir að tala við Seðlabankann? Eiga þeir að tala við fjármálaráðherra? Eiga þeir að tala við forsætisráðherra?

Ég er áfram aðeins hugsi yfir stöðu Seðlabankans þó að ég þakki hæstv. fjármálaráðherra að öðru leyti fyrir að staðfesta að í aðalatriðum hefur verið starfað samkvæmt gildandi skipulagi í þessum efnum, það tel ég ráðlegt og tel að það hafi gefist vel. En halda ber því til haga að það er árvekni fyrri ríkisstjórnar og Seðlabankans að þakka að við erum þó í þeirri stöðu sem við erum til að hafa tók á þessum málum. Lagasetningin í mars 2012 leikur þar lykilhlutverk, að færa eignir gömlu bankanna inn fyrir gjaldeyrishöftin. Seðlabankinn verður að eiga það sem hann á að hann steig varlega til jarðar, hefur flýtt sér hægt við að setja undanþágur frá þeim lögum og tekið sér góðan tíma í að taka afstöðu til óska slitastjórnar nam nauðasamninga.

Ég er innilega sammála því að hér þarf að vanda til verka og þess vegna mega einmitt ekki kosningaloforð eins stjórnmalaflokks leiða okkur út í ógöngur. Við ætlum okkur væntanlega að láta þetta takast vel og farsælega út frá okkar þjóðarhagsmunum um leið og við ætlum ekki aftur að rústa orðspori Íslands. Við viljum væntanlega ekki horfa til þeirrar framtíðar að enginn vilji lána Íslandi fé þegar upp verður staðið og enginn fjárfestir koma nálægt okkur nema með tögnum.

[14:38]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Frú forseti. Ég vil láta þess getið undir lok þessarar umræðu að í dag verður birt á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins greinargerð sem lög gera ráð fyrir að birt sé um framgang ætíðunar um losun hafta. Þetta er það sem snýr að því sem gerst hefur og er kominn tími á að birta slíka greinargerð. Hún verður birt síðar í dag. Þar verður komið inn á hvernig gengið hefur að draga úr þrýstingi, m.a. úr aflandskrónuþrýstingnum, en að öðru leyti ætla ég að vísa til þeirrar skýrslu.

Hér er spurt: Hvert eiga kröfuhafar að snúa sér? Það hefur í sjálfu sér ekkert breyst í þeim efnunum, ekki neitt. Seðlabankinn sér um framkvæmd gjaldeyrishaftanna. Það er sagt að kröfuhafar hafi sýnt mikið frumkvæði og sýnt á sín spil. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það finnst mér ekki vera tilfellið. Það hefur jú verið kallað eftir því að fá samtál en í grundvallaratriðum hefur ekkert breyst um það við hverja kröfuhafar eiga að tala. Þeir eiga að tala við þann sem framkvæmir gjaldeyrishöftin.

Varðandi samráð stjórnmalaflokkanna hef ég tekið það fram að um það mun gilda hið sama og átt hefur við fram til þessa. Við hyggjumst, undir forustu skrifstofustjóra úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu, viðhalda því samráði.

Mönnum finnst sem lítið hafi gerst hér undanfarna 100 daga eða svo og þá segi ég bara á móti: Hefur ekki bara of lítið gerst frá árinu 2008 í þessu máli? Er ekki staðreyndin sú að við höfum lítið annað gert en að herða á höftunum? Er ekki staðreyndin sú að allt síðastliðið kjörtímabil hefur ekki verið komið á neinum samtalsþræði við kröfuhafana eða þróuð einhver aðferðafræði sem er að ganga upp? Og er þess vegna ekki rétt að anda aðeins með nefinu í jafn stóru og mikilvægu máli og þetta er og segja við sjálfan sig: Þegar við látum til skarar skriða er eins gott að við séum sammála um (Forseti hringir.) það plan sem þar á að vera til grundvallar.

Eitt get ég þó sagt, þar hefur samantekið verið unnið meira starf en ég hafði átt að mig á sem formaður í stjórnarandstöðuflokki þrátt fyrir að hafa haft greiðan aðgang að samráðsnefndinni.

### Um fundarstjórn.

Ávarpsorð í þingsal.

[14:41]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Frú forseti. Bara til að reyna með virðingu og vinsemi að fyrirbyggja bjöllusláttinn sem var í gær við þingræðu

mína þá langar mig að lesa hérna upp úr þingsköpum Alþingis. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal mæla úr ræðustól.“

Við lok þessarar greinar kemur fram:

„Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni.“

Ég hyggst klárlega gera það og hef gert hingað til, mun bæta við forskeytinu herra eða frú sem eru einmitt virðingartilfar forseta þingsins.

Þegar það kemur að valdi forseta og því sem hann á að ná fram samkvæmt þingsköpum segir í 8. gr.:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu.“

Og í 59. gr., með leyfi forseta:

„Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.“

Góð regla á við, eins og kemur fram í 8. gr., þegar kemur að störfum þingsins (Forseti hringir.) í samræmi við ákvæði stjórnarskrár, þingskapa og annarra laga. Það er góð regla þannig að ég vona bara að góð regla verði ekki brotin með miklum bjölluslátti þegar (Forseti hringir.) þingmaður ...

### Sérstök umræða.

Eignarréttur lántakenda.

[14:43]

### Jón Þór Ólafsson (P):

Frú forseti. Umræðan er um eignarrétt lántakenda og mig langar að byrja á þremur frumforsendum umræðunnar. Eignarréttur er frumréttur sérhvers einstaklings, eignarrétturinn er nefndur fyrstur frumréttinda í grunnildum sem er að finna í 2. gr. skipulagssáttmála Sjálfstæðisflokksins.

Í annan stað er það á ábyrgð innanríkisráðherra að tryggja að lögum og dómum um húsnæðislán sé framfylgt. Það kemur skýrt fram í forsetaúrskurði nr. 71 frá 24. maí á þessu ári.

Svo í þriðja lagi er ágreiningur um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla eða vísitölu eða við uppgjör slíkra skuldbindinga, það er ágreiningur um þessa lánasamninga, það virðist ekki vera neinn ágreiningur um það milli mín og stjórnarliða. Fram kemur fram í þingsályktun sem samþykkt var í sumar, nánar til tekið 5. lið þingsályktunar herra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar (Forseti hringir.) forsætisráðherra og í lögum um breytingar á lögum um meðferð einkamála, sem einnig voru samþykkt á sumarþinginu, segir að ágreiningur sé um þessa lánasamninga.

Kröfuhafar eiga kröfu á lántakendur sem eiga húseign. Eignarrétt beggja aðila þarf að verja. Umræðan snýst um leiðir til að vernda eignarrétt lántakenda. Spurningin sem ég mun halda áfram að spyrja innanríkisráðherra í haust, í vetur og í vor allt þar til svör berast ... (Forseti hringir.)

(Forseti (ValG): Ég vil minna hv. þingmann á að nota þau ávarpsorð sem viðgangast og hafa tíðkast hér í yfir 100 ár.)

... er hvaða leiðir eru færar til að verja eignarrétt lántakenda án þess þó að brjóta á eignarrétti kröfuhafa.

Í fyrsta lagi: Herra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsetisráðherra hefur markað stefnu sem (Forseti hringir.) frá Hanna Birna Kristjánsdóttir ...

**(Forseti (ValG):** Ég vil biðja hv. þingmann að nota þau ávörp sem hér hafa tíðkast.)

Innanríkisráðherra hefur lögfest í sumar flýtimeðferð dómsmála um lögmæti gengis- og verðtryggingar. Það er frábært. Það á að flýta þessum málum þannig að fólk fái loksins skorið úr um réttindastöðu sína.

Í fimm ár hafa lántakendur beðið eftir stjórnarskrárvörðum rétti sínum til að fá úrlausn varðandi réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum. Spurningin er þá: Hve lengi í viðbót þurfa þeir að bíða? Ágætt væri að fá „í besta falli“, „svona líklegast“ og þá „í versta falli“ líka.

Svo væri hægt að fara aðra leið; frá Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra getur leitað lögbanns á nauðungarsöllum á heimilum landsmanna til að vernda heildarhagsmunum neytanda þar til dómstólar taka af allan vafa um lögmæti lánanna. Það er hægt og um það er kveðið á í lögum um lögbann og dómsmál til verndar heildarhagsmunum neytanda frá 2001. Í ofanálág féll dómur í Hæstarétti á síðasta ári um að heimild sé virk um lögbann til að tryggja heildarhagsmunum neytanda. Dómurinn er hérna.

Annað sem er merkilegt í þessu máli er að í þessum sama dómi áréttar Hæstiréttur rétt lántakenda á skaðabótum ef eignarnám er framkvæmt á grundvelli óréttmætra krafna kröfuhafa, hann áréttar það. Skaðabætur, sem lántakendur geta farið fram á ef lánasamningar eru fullnustaðir, ef gengið er að eignum fólks og þær sendar á nauðungaruppböð eiga lántakendur skaðabótarétt. Þetta er áréttað og einnig ástæðan fyrir því að lögbannið var ekki samþykkt. Það segir dómur Hæstaréttar.

Í þriðja lagi hérna: Fyrir á árinu féll dómur hjá Evrópu-dómstólnum er varðar neytendavernd, er varðar nauðungarsölur og aðra fullnustugerð. Hagsmunasamtök heimilanna hafa látið gera löggilta þýðingu á dómnum og hafa fært ráðherra eintak. Þar segir að þrátt fyrir að samningsskilmálar heimili eignaupptöku og nauðungarsölu án dómsúrskurðar — og margir þeirra að gera það — séu þeir ólöglegir ef um er að ræða heimili fólks. Dómurinn byggir að stærstum hluta á tilskipun 93/13/EBE (Forseti hringir.) sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt. Spurning er: Hvernig á þá að ná fram þessum rétti á Íslandi?

[14:48]

**Forseti (Valgerður Gunnarsdóttir):**

Hv. þingmaður er vinsamlegast beðinn að nota þau ávarpsorð sem hér hafa tíðkast.

[14:48]

**Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni fyrir þessa umræðu. Ég þakka honum líka fyrir þennan ríka áhuga sem hann hefur á eignarréttinum og tilvísanir meðal annars í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Óháð því minni ég hv. þingmann á að hæstv. ráðherra ber líkt og öðrum í landinu að fylgja lögum. Hæstv. ráðherra hafa ekki umboð til ákveðinna aðgerða nema það sé veitt í gegnum lagasetningu.

Beint að umræðunni: Hér er rétt um eignarrétt lántakenda. Áður en lengra er haldið held ég að það sé mjög mikilvægt þegar við ræðum þessi mál, sem þingið hefur nú rétt mjög lengi, að við ræðum þau af mikilli yfirvegum og leitum sameiginlegra úrbóta og úrræða til að skoða alla kosti og finna lausnir fyrir þá sem helst þurfa á að halda. Auðvitað höfum við, eins og hv. þingmaður og þingheimur allur þekkir, þegar lagt drög að þeirri vinnu í þeirri þingsályktun sem var samþykkt hér í sumar þar sem hafinn er undirbúningur að því hvernig vinna skuli í heild að skuldamállum heimilanna. Og nú þegar hafa verið samþykkt lög, líkt og hv. þingmaður kom inn á, sem ég mælti fyrir á sumarþingi, um breytingu á einkamálum sem miða að því að hraðað verði dómsmálum sem lúta að ágreiningi um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla. Þau lög gilda út árið 2014 líkt og þingheimur þekkir.

Vegna ótal upplýsinga fyrir hv. þingmann og þingmenn alla stendur nú yfir vinna í innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti. Við höfum átt samstarf í allt sumar, annars vegar við að kanna hvaða leiðir séu færar til að gera eigendum yfirveðsettra eigna kleift að losna án gjaldþrots undan eftirstöðvum sem veðið stendur ekki undir og hins vegar er verið að skoða hvernig eignalausum einstaklingum verður gert kleift að greiða kostnað vegna gjaldþrotaskipta á búi sínu. Þetta er mikilvægt og skiptir miklu máli. Líkt og þingheimur þekkir er miðað við að þessar tillögur verði lagðar fram núna á haustmánuðum og síðan kynntar þegar úrlausn þessara mála liggur fyrir.

Virðulegur forseti. Það hefur verið mikið rétt og hv. þingmaður ræddi sérstaklega hér fyrir nokkru um sýslumenn í þessari umræðu. Oft beinast spjótin sérstaklega að þeim. Að hluta til er það auðvitað alveg skiljanlegt þar sem þeir framkvæmda aðfararbeiðni og nauðungarsölur. Hv. þingmaður kallaði hins vegar þessa sýslumenn alla í umræðu hér fyrir nokkru „sýslumenn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, hæstv. innanríkisráðherra“. Ég minni hv. þingmann á að innanríkisráðherra hefur ekki heimildir eða vald til að íhlutast í þessar aðgerðir sýslumanna. Slíkar heimildir eru einfaldlega ekki til staðar. Það gilda eins og ég sagði áðan í landinu lög og reglur og það er að hluta til sýslumanna að framfylgja þeim. Þegar tveir aðilar, þ.e. lánveitandi og lánþegi, gera með sér samning leggur lánþeginn oftar en ekki húsnæði sitt að veði. Þegar ekki er staðið við umsamdar greiðslur hefur lánveitandinn rétt, samkvæmt samningi, til að gera kröfu í þessa sömu eign eins og þekkt er. Sýslumenn hafa heldur engan rétt til þess að neita að framkvæma slíka beiðni eða nauðungarsölu ef hún er komin fram með löglegum hætti. Það er staðan sem við stöndum frammi fyrir, þannig að líkt og ég hef áður rétt við hv. þingmann þá þarf sérstaka lagasetningu ef þingheimur vill breyta þessu. Það er hins vegar mjög umdeilt hvernig slík lagasetning geti verið. Ef hún væri tímabundin hafa flestir löglærðir einstaklingar áhyggjur af því að það mundi koma mjög illa út gagnvart jafnræði þeirra sem lenda þá í aðgerðunum þegar þær taka gildi og gagnvart þeim sem hafa lent í þessari stöðu fyrir. Það er því nokkuð sem við þurfum að velja fyrir okkur.

Síðan er önnur framtíðarleidd sem ég hef einnig rétt og hv. þingmaður. Það er sú leið að skoða hvernig lánasamningu.

ingar eru í landinu, hvort hægt væri að bjóða lánþegum aukidið val er varðar lánasamninga. Það mundi að sjálfsögðu geta haft áhrif á kjör lánanna en gæti verið ákveðin leið til að einstaklingar gætu valið hvaða lánsform þeir kysu og þá gæti veðið tekið mið af því og gerð lánasamninga einnig. Það getur hins vegar haft, eins og bent hefur verið á, mikil og afdrifarík áhrif gagnvart til dæmis þeim sem eru að taka lán fyrir fasteign í fyrsta skipti.

Það er því að mörgu að huga í þessu.

Það er heldur ekki alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni, að ekki hafi verið brugðist við. Það er rétt að minna í því samhengi á að Fjármálaeftirlitið hefur áður beint þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að bíða með aðrar þangað til niðurstaða liggur fyrir í dómum.

Hæstv. forseti. Ég mun fá tækifæri til að koma aðeins frekar inn á það í síðara svári mínu en ítreka og áréttta ánægjuna með þessa umræðu hér en hvet okkur til að taka hana á þeim forsendum að við séum á raun ekki að vekja vonir sem síðan er ekki hægt að uppfylla heldur að við náum að vinna þannig með málin að það nýtist þeim sem helst þurfa á því að halda.

[14:53]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni fyrir að vekja máls á þessu efni og hæstv. ráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Það er rétt að þeim tilmælum hefur verið beint til fjármálafyrirtækjanna að ekki sé farið í aðgerðir gagnvart heimilum þar sem um er að ræða lán sem deilur eru um lögmæti hjá. Ég held að það sé almennt talað varhugavert að vera árum saman með eitthvert allsherjargann við nauðungarsölu vegna þess að við verðum að horfast í augu við að það er misjafn saundur í mörgu fé og auðvitað eru þess dæmi að einstaka lántakendur hafi engin skil gert á skuldbindingum sínum, ekkert inn á þær greitt, jafnvel leigt út eignirnar sem þeir hafa þannig í engum skilum stæðið með og jafnvel gengið illa um þær.

Almennt talað verður möguleikinn á nauðungarsölu að vera fyrir hendi þó að hann eigi auðvitað ekki að fara fram þegar lántakinn hefur stæðið við skuldbindingar sínar eftir því sem hann hefur getað og ágreiningur er um lögmæti lánanna.

Aðgerðir þær sem ríkisstjórnin hefur boðað í skuldamáli um vekja hins vegar ákveðnar spurningar um hvort rétt sé að heimila almennt nauðungarsölur næstu mánuði. Þannig háttar til að forsætisráðherra landsins hefur lýst því yfir að lækka eigi verðtryggð lán heimilanna í landinu um nærfellt 20%, á allra næstu mánuðum.

Það bendir til að fjölmörg heimili sem nú geta ekki staðið í skilum, þeir sem eru kannski að missa heimili sín á uppboðum, muni geta það eftir að búíð er að framkvæma þessar yfirlýsingar stjórnvalda. Þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. innanríkisráðherra hvort ekki sé rétt að fresta almennt nauðungarsölum þangað til að búíð er að leiðrétta skuldir tugþúsunda heimila í landinu svo verulega sem ætlunin er vegna þess að þessi nýja ákvörðun ríkisstjórnarinnar kalli einfaldlega á það að almennt sé nauðungarsölum frestað þangað til búíð er að lækka, um þessa 200 milljarða, (Forseti hringir.) skuldir heimilanna í landinu.

[14:56]

#### **Elsa Lára Arnardóttir (F):**

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni fyrir að vekja athygli á þessu málefni og hefja umræðu um það. Ég vil einnig þakka hæstv. ráðherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur fyrir þessi svör.

Mér finnst augljóst mál að það þurfi að auka neytendavernd, mér finnst málið snúast um það að við þurfum að við auka rétt neytenda, þar með lántakenda. Við erum neytendur sem tökum lán á lánamarkaði. Við þurfum að tryggja stöðu einstaklinga gagnvart fjármálastofnunum. Ef við náum því fram í framtíðinni náum við að stíga stórt skref í átt til réttlætis.

Ég sit í verkefnastjórn um framtíðarskipan húsnæðismála og við teljum það eitt af verkefnum okkar að skoða hvernig við getum tryggt hag neytenda betur. Ég fagna því sem Hanna Birna kemur inn á hér, þ.e. að unnið hafi verið í allt sumar og ... (Forseti hringir.)

**(Forseti (ValG):** Ég ætla að biðja hv. þingmann um að gæta að ávarpsorðum.)

Ég fagna því að hæstv. ráðherra Hanna Birna Kristjánsdóttir hafi verið að vinna að því í velferðarráðuneytinu, ásamt því starfsfólki sem þar vinnur, að skoða hvaða hugmyndir eru færar í því að gera fólki sem er með yfirveðsett- ar eignir kleift að losna undan þeim án þess að fara í gjald- þrot. Ef sú framkvæmd næst er það stórt skref í rétta átt. Ég ætla því að leyfa mér að vera bjartsýn yfir framhaldinu.

[14:58]

#### **Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Frú forseti. Það er mikilvægt að eignarréttur lántakenda sé varinn til hins ýtrasta og að ekki sé gengið að eignum fólks fyrr en í algjört öfni er komið. Einstaklingar sem taka lán með veði í íbúð sinni þurfa að vera upplýstir um rétt sinn og á hvaða forsendum lánið er tekið. Sömuleiðis að við verulegar vanefndir í greiðslu láns þurfi lánveitandi að leita réttar síns og krefjast nauðungarsölu samkvæmt réttlátum og gagnsæjum lögum og reglum miðað við rétt beggia, kröfuhafa og eiganda íbúðar.

Gerð hefur verið nokkur bragarbót undanfarið á upplýsingagjöf um þessi mál og markmiðið með þjónustu umboðsmanns skuldara er yfirleitt að fólk geti verið áfram í íbúð sinni. Stundum felur þó sala íbúðar í sér lausn vandans, bæði fyrir lántakanda og lánveitanda.

Í eftirleik hrunsins var mikilvægt að fresta nauðungarsölu en það er ekki heppilegt ástand til langs tíma. Brýnt er að bæta kjör lántakenda hér á landi almennt og þar með er talið stöðugt hagkerfi og stöðugur gjaldmiðill. Minnt er á að ef lántakandi sem lagt hefur íbúð sína að veði greiðir ekki í langan tíma af skuldbindingum sínum, leitar ekki samninga eða úrræða eða svarar ekki umleitunum þess efnis verður lánveitandi að geta gripið til lokaúrræðis sem er nauðungarsala. Mikilvægt er þó að fara með það úrræði, nauðungarsölu, með mikilli höfsemd og varúð.

[15:00]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Flest af því sem ég hefði viljað ræða um hefur komið fram og því langar

mig til að ræða um hóp sem sjaldan er talað um. Það eru leigjendur sem lenda í þeirri stöðu að leigja húsnæði sem fer á uppboð. Þeir hafa enn minni réttindi, þeir vita ekki af því að húsíð er að fara á uppboð og vakna bara einn morguninn við það að sýslumaður er kominn inn á gafl hjá þeim.

Mig langaði að spyrja hæstv. innanríkisráðherra hvort verið sé að skoða stöðu þessa hóps í ráðuneytinu eða hvort gert sé ráð fyrir að tekið verði á þeim bráðavanda í gegnum tillögurnar sem von er á úr öðru ráðuneyti um heildræna stefnu varðandi húsnæðismál. Ég hef verulegar áhyggjur af þessum hópi af því að hann hefur svo ofboðslega slæma réttarstöðu. Mig langaði bara að heyra hvort þessi hópur eða þessar tilteknu aðstæður hefðu eitthvað verið ræddar í ráðuneytinu.

Annars langar mig bara að þakka fyrir og ég vona að fundnar verði lausnir á þeim hrikalegu aðstæðum sem margar fjölskyldur lenda í og það er að missa heimili sitt, hafa kannski engar aðrar úrbætur og lenda jafnvel á götunni.

[15:02]

**Brynjar Níelsson (S):**

Hæstv. forseti. Mér finnst stundum svolítið sérkennilegt að hlusta á umræðu af þessu tagi, að eignarréttur lántakenda sé varinn, nauðungarsölum frestað o.s.frv. Þetta hefur alltaf verið þannig, eignarréttur er varinn, nauðungarsölum er frestað meðan leyst er úr ágreiningi. Eru menn allt í einu að halda því fram að svo sé ekki núna og hafi ekki verið?

Ég er gamall uppboðshaldari í Reykjavík. Ég er búinn að sinna mörgum skjólstæðingum sem lögmaður sem hafa þurft að þola fullnustuaðgerð af þessu tagi. Ég veit eiginlega ekkert um hvað menn eru að tala. Ég veit hins vegar af vanda margra. Það er ekkert þannig að þeir sem telja sig hafa málsvarnir um það að lánið sé ólöglegt fái ekki úrlausn dómstóla áður en hægt er að leysa úr réttmæti þess. Það gerist ekki þannig. Þessi umræða er öll mjög sérkennileg og menn mega ekki gleyma því heldur að lánveitandinn hefur óbein eignarréttindi í fasteigninni. Hann borgaði hana, jafnvel að öllu leyti eða að langmestu leyti.

Vandamálið er að þær eignir sem raunverulega er verið að selja á nauðungarsölu í dag — það er vegna þess að menn hafa ekkert verið að fara með ágreininginn fyrir dóm. Menn hafa jafnvel ekki greitt krónu. Þeir sem hafa greitt samkvæmt greiðslu eins og var fyrir hrun og haldið því fram að þetta (Forseti hringir.) væri ólöglegt, hefðu þeir bara haldið þeirri greiðslu áfram eru hagsmunir lánveitenda að halda viðkomandi meðan leyst er úr ágreiningi. Það er ekki alltaf hagur manna að selja.

[15:04]

**Steingrímur J. Sigfússon (Vg):**

Herra forseti. Við ræðum hér mikilvægt viðfangsefni, hvernig hagsmunir lántakenda eða neytenda í fjármálaþjónustu skuli tryggðir. Auðvitað eiga þeir að vera tryggðir í gegnum neytendalöggjöf og löggjöf á fjármálamálaaðli, meðal annars um eðlilega viðskiptahætti, eftirlit með því o.s.frv. Með því er auðvitað verið að reyna að tryggja eignarrétt á báða bóga ef við viljum kalla það svo.

Ég er hins vegar svolítið á svipuðum slóðum og síðasti

ræðumaður, ég held að það sé vandasöm nálgun að stilla hér eignarrétti upp gegn eignarrétti eins og um einsleit hugtök eða fyrirbæri sé að ræða í þessu sambandi. Málið er á vissan hátt flóknara en það. Það ber að halda því til haga að búið er að gera ýmislegt á undanförunum árum, sem viðbrögð við þessu skelfilega hruni og hremmingum almennings þar af leiðandi, til að styrkja stöðu neytenda eða lántakenda. Það hefur verið gert með því að gera verulegar úrbætur á neytendalöggjöfinni og styrkja stöðu neytenda þar með úrbótum á fjármálalöggjöfinni sjálfrí. Þar má nefna líka að stytta fyrningarfrest gjaldþrota fyrir þá sem eiga ekki annarra kosta völ en að fara þá leið o.s.frv.

Ég held að lærdómurinn sé sá að staða lántakenda, neytenda á fjármálamálaaðli, hafi verið allt of veik á Íslandi og ójafnræði mikið með aðilum, aðstöðumunurinn of mikill.

Ég tek líka undir það að í ljósi þeirra miklu væntinga sem nú hafa verið gefnar, um verulega viðbótarlánsúrslausn fyrir tugþúsundir heimila og beina lækkun skulda, kemur eðlilega upp aftur og á nýjan leik krafan eða hugsunin um það hvort ekki sé skynsamlegt að frysta ástandið einhvern veginn á meðan þannig að menn lendi ekki í þeim ósköpum að fara út í fullnustu- og nauðungaruppboð kannski rétt áður en þeir komast upp á yfirborðið með hökuna og sjá fram úr sínum skuldavanda ef það gengur eftir.

Í þessu sambandi er líka mikilvægt að hæstv. innanríkisráðherra hraði þeirri vinnu sem hún upplýsti hér um að væri í gangi. Hún gerir lítið gagn ef hún kemur eftir hálfu ári eða ári (Forseti hringir.) eftir að allt er um garð gengið. Það er mjög mikilvægt að fá í það botn strax á þessu hausti: Er skynsamlegt að grípa til (Forseti hringir.) einhverra slíkra aðgerða, tímabundið, frysta stöðuna þangað til botn fæst í móður allra kosningaloforda?

[15:07]

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (SF):**

Herra forseti. Í kjölfar hrunsins horfðust mörg heimili í augu við skulda- og greiðsluvanda vegna atvinnuleysis og gengishruns íslensku krónunnar sem olli gríðarlegu verðbólguþykki. Ítrekað var sett bann við nauðungarsölu í tíð fyrirverandi ríkisstjórnar og þegar búið var að útfæra úrræði eins og greiðsluáðlögun, sem er leið til þess að koma í veg fyrir að fjölskyldur þurfi að fara í gjaldþrot, skuldaaðlögun, sem er mildara úrræði, 110% leiðina og eftir að fyrningartími krafna í gjaldprotaskiptum var stytur í tvö ár — eftir að öll þessi úrræði höfðu verið smíðuð og búin til, því að við vorum mjög vanbúin af slíkum tækjum við hrunið, var ákveðið að nú væri opnað aftur á nauðungarsölur og mikilvægt væri að fólk leitaði í þau úrræði sem þegar væru til staðar.

Hæstv. ráðherra nefnir hér í máli sínu að mikilvægt sé að vekja ekki vonir sem ekki sé hægt að uppfylla og ég tek undir það. En það hafa verið vaktar upp miklar vonir. Við ætlum að fara í, að því er mér skilst, veraldarmet í skuldaniðurfærslu og það er eðlilegt að fólk sé ósátt við að verið sé að bera það út af heimilum sínum þegar slíkt er fram undan. Ég hefði því viljað spyrja hæstv. ráðherra hvaða áhrif lögin sem við samþykktum hér í sumar, um flýtimeðferð í dómsmálum sem tengjast gengisbundnum lánunum, eru farin að hafa, hvort þau séu farin að hafa tilætluð áhrif og

hvort hún telji ekki að ágæt tillaga hv. þm. Ögmundar Jónssonar, um frestun á nauðungarsöllum þangað til veraldarmetið hefur verið slegið, verði þá samþykkt hér í þinginu í þverpólitískri samstöðu (Forseti hringir.) til þess að fólk sem nú þegar hefur miklar væntingar geti þá fengið að sjá hver niðurstaðan verður í skuldaniðurfærslu áður en það verður borið út af heimili sínu.

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

[15:09]

Herra forseti. Ég þakka umræðuna, þakka hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hef kannski ekki mjög miklu við að bæta af því að margt gott hefur komið fram. Ég tek undir það að draga verður úr óvissu hjá lántakendum ef ágreiningur er um lögmæti lána. Mér fannst gott að heyra að tilmæli FME, um að bíða með aðfarir þangað til að niðurstaða er komin í málið, séu komin fram. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur hvort þau tilmæli hafi einhverja lagalega þýðingu. Er það skylda þessara lánafyrirtækja að bíða eða eru þetta bara orð á blaði?

[15:11]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Svo að það komi alveg skýrt fram er ég ekki að tala um það að brjóta á eignarrétti kröfuhafa. Kröfuhafar hafa eignarrétt, lántakendur hafa líka eignarrétt. Þeir hafa eignarrétt í sinni eign, þeir fengu lán frá kröfuhöfum sem eiga lánasamninga og eiga kröfur, en lántakendur eiga sína eign, sitt húsnæði.

Lög sem hafa verið innleidd vegna tilskipunar Evrópusambandsins á Íslandi — á grundvelli þeirra laga var dæmt núna fyrr á árinu. Í þeim dómi segir Evrópudómstóllinn að það sé ólöglegt að binda úl lánasamninga, þegar kemur að heimilum fólks, að hægt sé að ganga að húseigninni, þar sem fólk býr og á sitt heimili, að hægt sé að ganga að heimili fólks, meðan vafi er um þá lánasamninga sem krafan hvílir á. Þetta er alveg skýrt. Þessi lög hafa verið innleidd á Íslandi, þarf þá ekki að framfylgja þeim lögum? Og hver á að framfylgja þeim lögum? Hver ætti að framfylgja lögum þegar kemur að samningum, lánasamningum, húsnæðis-lánasamningum, hver á að framfylgja þessum lögum? Þetta þurfum við að vita.

Maður mundi halda að samkvæmt forsetaúrskurði heyrir öll þessi mál undir innanríkisráðherra, það virðist vera. Hvað finnst frú Hönnu Birnu innanríkisráðherra?

[15:12]

#### **Forseti (Kristján L. Möller):**

Forseti minnir hv. þingmann á að gæta þess að hafa í heðri rétt ávörp sem úðkast í þingsal.

[15:13]

#### **Innanríkisráðherra (Hanna Birna Kristjánsdóttir) (S):**

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa umræðu og held reyndar að þingheimur sé búinn að taka hana nokkuð oft enda ljóst að þetta er viðfangsefni sem við höfum verið að horfa til í langan tíma. Ég tek sérstaklega undir það sem

kom fram hjá nokkrum þingmönnum, og er kannski líka dálítið undirstaða þess að við þurfum að gera betur og horfa til nýrra lausna, og það er íslensk neytendavernd og íslensk neytendalöggjöf. Það er nokkuð sem við verðum að líta til í þessu samhengi og má sannarlega finna rök fyrir því að betur hefði mátt standa að því. Það er nokkuð sem ég held að við þurfum að hugleidda mjög vel í framtíðinni.

Ég tek hins vegar undir með hv. þm. Brynjari Níelssyni varðandi það að hér eru auðvitað á ferðinni, og það er það sem ég sagði í ræðu minni í upphafi, fyrstu ræðunni, firjalsir samningar milli einstaklinga. Ekki er bara um að ræða eignarrétt þess sem tekur lánið heldur líka eignarrétt þess sem veitir það. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að skoða það í samhengi. Ef við erum ósátt við eða ef menn telja að meiri fjölbreytni þurfi að vera í þessum lánasamningum er það nokkuð sem verður að taka upp með öðrum hætti.

Hv. þm. Birgitta Jónsdóttir nefndi rétt leigjenda sem ég veit að verið er að skoða sérstaklega í þeirri vinnu sem hv. þingmaður kom inn á og fer fram í velferðarráðuneytinu. Ég veit að hæstv. velferðarráðherra er mjög meðvitaður um þessa stöðu og mun skoða það í þessu samhengi.

Öðru er varðar þessi mál vísa ég líka til þess sem ég sagði hér í upphafi sem lýtur að þeirri vinnu sem fram hefur farið í sumar á grundvelli þeirrar þingsályktunartillögu sem hér var samþykkt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Þeirri vinnu á að ljúka nú í haust eins og ítrekað hefur komið fram. Ráðuneyti innanríkismála og ráðuneyti velferðarmála munu skila sínum tillögum hvað þetta varðar í lok september þannig að við erum komin á endapunkt með það og ég vona að þar séu einhverjar lausnir. En ég minni líka á það í málinu sem við ættum kannski að ræða meira sem er sú staða, sem kom réttilega fram hjá hv. þm. Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur (Forseti hringir.) hér áðan, að þessum sölum er varða nauðungarsölur hefur fækkað á umliðnum árum. Sá stóri vandi sem var til staðar, t.d. árið 2010 — það hefur fækkað þar (Forseti hringir.) og þessar sölur eru í dag að jafnaði jafn margar og þær voru árið 2003.

[15:15]

#### **Forseti (Kristján L. Möller):**

Forseti fer þess á leit við alla sem taka til máls að gæta að ræðutíma og hafa í huga rétt ávarp.

#### **Hagstofa Íslands, frh. 3. umr.**

Stjfrv., 14. mál (upplýsingar um fjárhagsmálefni). — Þskj. 115, till. til rökst. dagskrár 117.

#### **ATKVÆÐAGREIÐSLA.**

[15:18]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf) (um atkvæðagreiðslu):**

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um tillögu til rökstuddrar dagskrár þar sem óskað er eftir að þessu máli verði vísað frá. Sá minni hluti í allsherjar- og menntamálanefnd sem flytur þessa tillögu er allur tilbúinn að vinna að lausnum á skuldavanda en við meðferð nefndarinnar hefur

komið í ljós að umrætt frumvarp hefur engan sérstakan tilgang í sambandi við það að leysa skuldavandann, heldur á að fylgjast með hvernig mál þróast í framhaldinu af þeim aðgerðum sem eru boðaðar á þessu ári.

Með tilliti til þess að vafi leikur á því hvort þarna sé gengið á stjórnarskrárvarin réttindi varðandi friðhelgi einkalífsins og vegna þess að markmiðið er óskýrt og vegna þess að meðalhófs er ekki gætt þar sem gengið er mjög langt í því að sækja upplýsingar varðandi þetta mál — langt umfram það sem er hægt að sjá að tengist þeirri úrvinnslu sem þarna á að eiga sér stað — hefur verið óskað eftir því að tekinn verði lengri tími til að vinna að þessu máli og reynt að ná betri sátt um varanlega tölfraeðivinnslu varðandi skuldavandann. (Forseti hringir.) Óskað er eftir því að þessu máli verði vísað frá og ég styð þá tillögu.

[15:19]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Hér eru greidd atkvæði um tillögu til rökstuddrar dagskrár. Hv. þm. Guðbjartur Hannesson hefur gert mjög vel grein fyrir bæði þeim röksemdum sem hér eru færðar fram og tilurð þeirrar tillögu sem lögð er fram. Um er að ræða frumvarp þar sem gengið er á stjórnarskrárbundin réttindi til friðhelgi einkalífsins og ósannfærandi rök fyrir því að almannahagsmunir séu nægir til þess að það sé varjandi.

Við höfum í minni hlutanum lagt áherslu á það á öllum stigum þessa máls að við höfum ríkan vilja til þess að taka þátt í því með meiri hlutanum að útbúa löggjöf sem stenst skoðun betur en sú sem hér er undir. Það veldur mér vonbrigðum ef það verður ekki niðurstaðan hér í anda samstöðu- og samvinnustjórnsmála en tillagan fjallar sem sé um það að vísa frumvarpinu frá eins og það liggur fyrir frá nefndinni og hefja þverpólitíska vinnu sem liggir fyrir í upphafi þings í október.

[15:20]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki fleiru við að bæta þegar kemur að orðum hv. þingmanna Svandísar Svavarsdóttur og Guðbjarts Hannessonar. Mig langaði bara að nefna það sérstaklega að markmiðið með þessari tillögu er ekki að teyja málið og ég lýsi mig fullkomlega reiðubúinn til að vinna á hverjum einasta degi fram að haustþingi að því að búa til frumvarp sem stenst friðhelgi einkalífsins. Því miður gerir þetta frumvarp það ekki, það stenst ekki kröfurnar sem eru gerðar til okkar til að vernda stjórnarskrána. Þess vegna styð ég auðvitað þessa tillögu.

[15:21]

**Birgitta Jónsdóttir (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Forseti. Ég lýsi því jafnframt yfir að ég er tilbúin að vinna á hverjum einasta degi fram að 1. október til að tryggja að hægt sé að breyta frumvarpinu þannig að við getum fallist á það út frá vandaðri stjórnslu, að við þurfum ekki að upplifa það að þessi lög verði rekin aftur heim til föðurhúsanna sem gölluð. Það þarf bara eitt af fyrirtækjunum sem verið er að krefja um upplýsingar að skjóta málinu til dómstóla og ef svo fer verður mikil töf. Það er mikil

hætta á að þetta komi hreinlega til með að teyja það sem ríkisstjórnin er að leitast við að gera ef þetta verður samþykkt hér í dag.

Ég mun því styðja þessa tillögu heils hugar og jafnframt veit ég að það er vilji mjög margra þingmanna að tryggja að lögin verði almennileg.

Hættum að vera með leirburð á þessum bæ.

[15:22]

**Forsætisráðherra (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson)**

**(F)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða mál sem hafði verið samþykkt í síðustu ríkisstjórn og meira að segja sett í það fjárveiting og ekki talin þörf á því að það kæmi yfir höfuð inn í þingið vegna þess að það væri það smávægilegt.

Síðan þá hafa verið gerðar gagngerar breytingar á frumvarpinu þannig að það gengur ekki nærri því jafnlangt og áform síðustu ríkisstjórnar fólu í sér, áform sem voru samþykkt á ríkisstjórnarfundum þar sem áttu meðal annars sæti ráðherrar, hv. núverandi þingmenn, sem nú koma hér upp og vilja að málinu sé vísað frá.

Virðulegur forseti, það er ekki heil brú í þessu, þetta virðist eingöngu snúast um það að vera á móti öllu sem kemur frá nýrri ríkisstjórn. (Gripíð fram í.)

Það er víða pottur brotinn varðandi friðhelgi einkalífs, meðal annars hér á Íslandi, en þetta frumvarp bætir engu við þann vanda. Hér er um að ræða upplýsingar sem í þessu tilviki verða dulkóðaðar hjá ríkisstofnun, upplýsingar sem unnið er með víða annar staðar, meðal annars í einkafyrirtækjum. (Gripíð fram í.) Það frumvarp sem hér er til umræðu eykur ekki á vandann varðandi friðhelgi einkalífs en það getur hins vegar vel verið að full ástæða sé til að taka á þeim vanda víða annars staðar.

[15:23]

**Svandís Svavarsdóttir (Vg)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegur forseti. Það er náttúrulega þyngra en tárnum taki að hæstv. forsætisráðherra komi hingað upp á þessum tímupunkti, hafandi með svo afhjúpanði hætti ekki fylgst með umræðum. Þetta er frumvarp sem er lagt fram í hans nafni þó að hann hafi ekki sjálfur mælt fyrir því á sínum tíma. Það er vandræðalegt, það er afhjúpanði og ekki síst raunalegt fyrir hæstv. forsætisráðherra, sem á tyllidögum, blaðamannafundum og glossafhendingum ræðir um samstöðu og samráð en hefur greinilega engan áhuga á slíku þegar til þess kemur. Það er nefnilega þingræði í landinu og það er þingsins að taka afstöðu til frumvarpa sem koma frá ráðherrum á öllum tímum.

[15:25]

**Árni Páll Arnason (Sf)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að taka til máls um atkvæðagreiðsluna þegar fyrir liggur þessi skvetta frá hæstv. forsætisráðherra sem við fengum að verða vitni að áðan. Hér er ekki verið að greiða atkvæði um frumvarpið á einn veg eða annan, heldur er til atkvæðagreiðslu frávísunartillaga vegna þess að frumvarpið er vanbúið.

Hæstv. forsætisráðherra segir að það sé fáránlegt að hafa efasemdir um frumvarpið ef menn hafi á einhverjum



tímamarki hugleitt söfnun upplýsinga vegna skulda heimilanna eins og gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Rétt er að benda hæstv. forsætisráðherra á að þau frumvörp sem þá voru unnin miðuðu að því að vera forsenda aðgerða, en það liggur fyrir í þessu máli að hæstv. forsætisráðherra er búinn að lofa úrlausn handa heimilunum í nóvember en niðurstaða úr frumvarpinu á ekki að skila sér fyrir en í mars. Það liggur þar af leiðandi alls ekki ljóst fyrir til hvers er verið að safna þessum upplýsingum. Þar við bætist auðvitað að þingmenn Framsóknarflokksins tilkynna okkur það eins og hv. þm. Frosti Sigurjónsson (Forseti hringir.) hér í dag að frumvarpið eigi að vera til þess að koma í veg fyrir höfuðstólslækkun til afmarkaðra hópa. Það eigi að vera hægt að plokka af (Forseti hringir.) fólki það sem það hafi hingað til fengið í gegnum 110%-leiðina, í gegnum sérstaka skuldaaðlögun eða aðrar leiðir. Og þá er nú (Forseti hringir.) endaleysa hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli orðin alger.

[15:26]

**Helgi Hrafn Gunnarsson (P)** (*um atkvæðagreiðslu*):

Virðulegi forseti. Það hefur nú gerst aftur að efnislega umræðan fer fram löngu eftir að henni er ætlað að fara fram á hinu háa Alþingi. Ég verð að segja að þetta mál allt hefur veitt mér mikla reynslu um það hvernig Alþingi virkar, hið háa Alþingi, eða öllu heldur virkar ekki.

Mig langar að nefna sérstaklega þau atriði sem hæstv. forsætisráðherra nefndi, að þetta hefði verið í fyrri ríkisstjórn. Það er engin afsökun, það er stjórnarskráin sem hindrar þetta frumvarp. Það kemur fyrirverandi ríkisstjórn ekkert við. Þótt fyrirverandi ríkisstjórn hefði brotið mannréttindi réttlætti það ekki að við gerðum það líka.

Hvað varðar dulkóðun í grunninn hefur verið talað um að gögnin eru enn þá persónugreinanleg og verða alltaf persónugreinanleg. Þar stendur hnifurinn í kúnni. Þetta mundi hæstv. forsætisráðherra vita ef hann hefði tekið þátt í umræðunni.

Hvað varðar það að markmiðið hér sé einfaldlega að vera á móti öllu, það þarf virkilega, með fullri virðingu fyrir hinu háa Alþingi, að hafa ekkert fylgst með umræðunni til að komast að þeirri niðurstöðu. Við hvert fótmál höfum við stungið upp á hugmyndum og lýst yfir einlægum samstarfsvilja sem hefur ekki verið efast um fyrir en nú (Forseti hringir.) eins og venjulega.

[15:27]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Það er dapurlegt að hlusta á málflutning hæstv. forsætisráðherra af því að það hefur verið einlægur vilji á þessu þingi að vinna saman að málefnum og sérstaklega í nefndinni sem fjallaði um þetta mál.

Það er líka dapurlegt að hæstv. forsætisráðherra, sem er svo mikið í mun að fá þetta mál í gegn, hafi ekki verið neitt við umræðuna. Hann sást aldrei í húsinu.

Pegar hæstv. ráðherra kemur fram með slíkar fullyrðingar og segir að við ætlum ekki að vinna saman og styðja öll góð málefni sem koma frá ríkisstjórninni er það mjög vont veganesti því að við erum að fara heim að undirbúa okkur fyrir þingstörf í október. Hæstv. forsætisráðherra veit að margir þingmenn hér ætla sér að vinna út frá þeim forsend-

um og því finnst mér að hann ætti að vera maður að meiri og (Forseti hringir.) taka þessi orð til baka.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 117 felld með 33:18 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, BirgJ, BjG, BjÓ, BP, GuðbH, GStein, HHG, HHj, JÞÓ, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, SigrG, SSV, VBj.

**nei:** ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, HBK, HarB, HE, JMS, KG, KÞJ, LínS, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE.

12 þm. (ÁÞS, GBS, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl, SII, SJS, UBK, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

**já:** PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SigrM, SIJ, SilG, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞP, ÞorS, ÞórE, EKG, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BjarnB, BN, EIH, ELA, EyH, FSigurj, GÞP, HBK, HarB, HE, JMS, KG, KÞJ, LínS.

**nei:** PVB, SigrG, SSV, VBj, BirgJ, BjG, BjÓ, BP, GStein, HHG, JÞÓ, LRM, ÓP.

5 þm. (ÁPÁ, GuðbH, HHj, OH, KLM) greiddu ekki atkv.

12 þm. (SII, SJS, UBK, ÖJ, ÖS, ÁÞS, GBS, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:30]

**Páll Jóhann Pálsson (F):**

Virðulegi forseti. Í mínum huga er með þessu frumvarpi verið að stíga eitt skref til þess að leiðrétta skuldir heimilanna (Gripið fram í.) og því mun ég segja já við því. Þótt sumir kjósi að kalla það að verið sé að standa við einhver kosningaloforð þá finnst mér bara allt í lagi þó að svo sé. Við erum í rauninni að stíga eitt mikilvægt skref til þess að leiðrétta skuldir heimilanna og hver er ekki sammála um það? Þess vegna segi ég já.

[15:32]

**Árni Páll Árnason (Sf):**

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál er tilgangur þess óljós vegna þess að allar tímasetningar sem ríkisstjórnin hefur gefið upp um hvenær vænta megi úrlausnar í skuldamállum heimila og svo tímasetningar í þessu frumvarpi um hvenær gögn eiga að liggja fyrir stangast á. Það er alls ekki ljóst heldur að svona langt þurfi að ganga eins og lagt er upp með í frumvarpinu og Persónuvernd hefur gert ítarlegar athugasemdir við það. Það er hins vegar niðurstaða mín að rétt sé að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessu máli og ég mun því ekki greiða atkvæði gegn því heldur stíja hjá.

[15:34]

**Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Með því að samþykkja þessi lög erum við að heimila að safnað verði upplýsingum um öll lán einstaklinga í landinu. Ekki er nóg með það heldur verður líka skoðað í hvaða tilgangi lánin voru tekin og hvað gert var

við peningana, hvernig sem það á nú að gagnast hinni svokölluðu skuldajöfnun.

Það sem ég hef mestar áhyggjur af er hættan á því að þessi upplýsingasöfnun misfarist, að dulκόðunin afhjúpi. Þetta er persónurekjanlegt. Það eru mér mikil vonbrigði að við gátum ekki farið að þeirri tillögu að vinna málið betur og komið með tillögur að nýjum lögum sem hefðu tryggt að þessar persónuupplýsingar yrðu ekki rekjanlegar.

Það er mikil ábyrgð þeirra þingmanna sem segja já hér í dag. Ég segi nei.

[15:36]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil hafa það skýrt hér að ég styð þá viðleitni ríkisstjórnar að kortleggja og fylgjast með skuldastöðu og afkomu íslenskra heimila og vil gjarnan að fundin verði ásættanleg leið til þess að svo sé hægt. Frumvarpið sem hér var lagt fram var um margt óljóst og kemur í ljós að það stangast á við bæði persónuverndarlög og mannréttindalög. Þess vegna höfum við óskað eftir því að fá að vinna frumvarpið betur og það sem gerði svo að lokum útslagið var þegar það var upplýst að þetta væri á engan hátt forsenda fyrir því að leysa úr skuldavanda. Allar þær tillögur áttu að koma fram í haust en síðan ætti þessi tölfraði að koma einhvern tímann á vормánuðum.

Ég vil ekki þvælast fyrir í þessu máli. Við höfum lofað því að fylgja því eftir að ríkisstjórnin nái því fram að leysa úr vandanum hvað varðar skuldavandann. Því mun ég ekki greiða atkvæði en treysti á að haft verði víðtækara samráð og leitað betri lausna en var í þessu máli og sýndur minni hroki en hér hefur komið fram.

[15:38]

#### **Helgi Hjörvar (Sf):**

Virðulegur forseti. Gjarnan vildi ég styðja þau mál sem ríkisstjórnin kemur fram með og nýtist skuldsettum heimilum í landinu. Það hefur hins vegar komið fram við umfjöllun þessa máls að ríkisstjórnin mun gera tillögur um aðgerðir fyrir skuldug heimili í nóvember en þessar upplýsingar munu ekki liggja fyrir fyrr en á næsta ári og jafnvel ekki fyrr en á því þarnaesta og þess vegna að engu nýstast í skuldaaðgerðum. Þar með er réttlættingin fyrir upplýsingaöfluninni býsna vafasöm og við höfum varað við því að þessi lagasetning kunni að stangast á við stjórnarskrá og við mannréttindasáttmála um friðhelgi einkalífinsins. Þessi lög-gjöf verður þess vegna að vera á ábyrgð stjórnarinnar og hæstv. forsætisráðherra sem það flytur og ég sit hjá.

[15:39]

#### **Helgi Hrafn Gunnarsson (P):**

Virðulegi forseti. Við höfum rætt þetta mál svolítið mikið en því miður fyrir daufum eyrum eins og sést mjög skýrt þegar hæstv. forsætisráðherra stígur hér upp í pontu og talar um að minni hlutinn sé á móti öllu. Mér sýnist það vera endurunnin rök frá þarseinasta kjörtímabili gagnvart Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, ef ég skil þetta rétt. En það er mjög lélegt að hafa ekki fengið að njóta nærveru ríkisstjórnarflokkanna í þessari umræðu vegna þess að ég fullyrði, án þess að vilja leggja öðrum orð í munn, að ef þetta

þing væri ekki háð ríkisstjórnarsamstarfi og þingmenn hér inni hefðu hlustað á umræðurnar og væru að greiða atkvæði samkvæmt eigin sannfæringu þá mundi þetta frumvarp ekki ná í gegn. Það stenst ekki stjórnarskrá. Fyrir mitt leyti er þetta engin spurning, ég hef ekkert val. Þingmaðurinn segir nei.

[15:40]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Í stjórnarskrá Rómarlýðveldisins til forna fyrir rúmum tvö þúsund árum voru hamraðar tólf bronstöflur og á einni þeirra kom fram að sektin við því að kasta skeyti, óafvitandi, inn í hóp manna væri einn hrútur. Nú spyr maður sig, hver er sektin við því að þingmenn — hafandi heyrt frá Persónuvernd, stofnun sem á að verja friðhelgi einkalífis á Íslandi eða benda á ef verið er að brjóta hana — spila fjárhættuspil með stjórnarskrána og brjóta hana mögulega? Hver er sektin við því? Það er alla vega ljóst að traust til Alþingis á ekki eftir að aukast ef alþingismenn kjósa með þessu. Ég segi nei.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 124).

#### ***Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.***

Stjfrv., 48. mál (leyfilegur munur eignarliða og lífeyris-skuldbindinga o.fl.). — Þskj. 113, nál. m. brtt. 119.

[15:44]

#### **Frsm. meiri hluta efn.- og viðskn. (Ragnheiður Ríkharðsdóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Sem framsögumaður mæli ég fyrir nefndarálitu með breytingartillögu frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga ... (Forseti hringir.)

(Forseti (KLM): Forseti vill biðja um hljóð í þingsal svo að ræðumaður geti flutt mál sitt án truflana.)

... um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, (innri endurskoðun, skilyrði til greiðslu örorkulífeyris, meðferð framlags til starfsendurhæfingar, fjárfestingarheimildir, leyfilegur munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga o.fl.).

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund hennar komu Gunnar Björnsson, Anna Valbjörg Ólafsdóttir og Lilja Sturludóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Hæstv. forseti. Að 12. gr. undanskilinni er efni frumvarpsins hliðstætt efni tveggja frumvarpa sem lögð voru fram á síðasta löggjafarþingi, málum nr. 469 og 625. Þau frumvörp afgreiddi nefndin ekki á því löggjafarþingi þótt hún hefði aflað umsagna og tekið á móti nokkrum gestum.

Að mati meiri hlutans fela flestar greinar frumvarpsins í sér tillögur um tæknilegar breytingar settar fram í þeim tilgangi að samræma hugtaka- og orðanotkun á sviðum löggjafar þar sem skörunar gætir.

Virðulegur forseti. Á undanförnum missirum hafa stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins unnið að tillögum um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Ýmis atriði eru

enn óútkljáð í þeirri vinnu og að mati meiri hlutans er rétt að veita aukinn tímafrest til að leiða þá vinnu til lykta. Slík tillaga felst í b-lið 12. gr. þar sem lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilað að hafa meiri mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga en nemur 10%. Er heimildinni ætlað að gilda í allt að sex ár frá og með árinu 2008.

Frumvarpið var lagt fram 11. september sl. og mælt fyrir því degi síðar. Á fundi nefndarinnar var sú skoðun almenn að tiltekna greinar frumvarpsins þörfuðust viðameiri yfirferðar en möguleg væri á þeim skamma tíma sem eftir er af líðandi löggjafarþingi. Til þess að sú vinna teji ekki þær breytingar sem lagðar eru til í öðrum greinum leggur meiri hlutinn til þá breytingu að í frumvarpinu verði þrjár greinar þess felldar brott.

Hæstv. forseti. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. 2. gr. falli brott.
2. 8. gr. falli brott.
3. 13. gr. falli brott.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, þ.e. innri endurskoðun, meðferð framlags til starfsendurhæfingar, form og efni fjárfestingarstefnu, leyfilegur munur á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga o.fl.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var fjarverandi við afgreiðslu málsins en er fylgjandi afgreiðslunni og ritar undir álit þetta, sbr. 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Undir nefndarálitið rita Frosti Sigurjónsson, formaður nefndarinnar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, framsögumaður nefndarinnar, Willum Þór Þórsson, Sigríður Ingibjörg Inga-dóttir, Guðmundur Steingrímsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Vilhjálmur Bjarnason.

[15:48]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Við ræðum hér nefndarálit frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nú á ég sæti í þessari ágætu hv. nefnd, efnahags- og viðskiptanefnd, og glöggir lesendur taka eftir því að ég rita ekki undir nefndarálitið. Ástæðan er b-liður 12. gr. þar sem lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilað að hafa meiri mun á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga en nemur 10% í eitt ár í viðbót.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu eru í gangi viðræður um að samræma lífeyrisréttindi allra landsmanna. Þar hefur lengi verið ákveðin þrískipting sem ég er búinn að benda á ótal sinnum í gegnum tíðina úr þessum ræðustól. Það er B-deildin, LSR, sem er mjög góð lífeyrisréttindi, ekki margir með mikinn lífeyrisrétt, þ.e. ekki háan, af því að það var borgað af lágum launum, en þar er líka fólk sem er með mjög góðan lífeyrisrétt, ótrúlega góðan. Þar er skuldbinding ríkisins um 450 milljarðar sem ríkið hefur lofað að greiða. Það er reyndar ekki í fjárlögum þannig að það er ekki í mínum huga ríkisábyrgð á þeim milljörðum vegna þess að samkvæmt stjórnarskrá má ekki greiða neitt fé úr

ríkissjóði nema þess sé getið í fjárlögum eða fjáráukalögum. Ef til stykkisins kæmi og einhver fjármálaráðherra í framtíðinni stæði frammi fyrir því að greiða þetta og ætti ekki aur þá segir hann bara: Nei, það er ekki í fjárlögum eða fjáráukalögum. Honum er ekki heimilt að greiða það. Þessi skuldbinding fellur á með miklum þunga árið 2024 svona um það bil, tugir milljarða á hverju einasta ári í nokkra áratugi.

Þetta hafa menn lítið rætt um en spurningin er samt þarna. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn vilji standa við kjarasamninga opinberra starfsmanna sem eru þá að baki þessu og svo eru náttúrulega eignarréttarákvæði í stjórnarskránni sem tryggir þessa eign lífeyrisþeganna.

Svo er það A-deildin sem átti að standa undir sér. Það er meira að segja sagt í lögum að stjórnin eigi að gera tillögu til launagreiðenda um hækkun á iðgjaldi ef skuldbindingin dugi ekki til. Það hefur ekki verið farið að þessum lögum. Stjórnin hefur ekki farið að þessum lögum og þess vegna er iðgjaldið enn þá 15,5% inn í A-deildina þó að það þyrfti að vera 19,5%. Af þessum sökum vantar þarna 61 milljarð. Þetta eru litlu tölurnar í fjárlögum sem er því miður allt of lítið horft á. Menn geta rifist hérna um 10 milljónir eða eitt-hvað slíkt en þetta er sem sagt 61 milljarður í A-deildinni og hún átti að standa undir sér.

Síðan er Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sem er svipaður og B-deildin, með mjög góðan lífeyrisrétt en oft og tíðum liggja lág laun til grundvallar, og þar vantar 27 milljarða að mig minnir, það eru alla vega einhverjir tugir milljarða — ég þyrfti að fletta því upp.

Ég vil að menn horfist í augu við þennan veruleika. Ég vil að menn sjái skuldbindingar ríkisins. Ég hygg að í þeirri umræðu sem er um samræmingu lífeyrisréttinda á vinnu-markaði, bæði opinberra og annarra, eigi menn að vita af þessu — menn vita náttúrulega af þessu en að það sé öllum ljóst, líka almennum sjóðfélögum, að skuldbindingin er þvílík eins og ég nefndi. Auðvitað vita þetta flestir sem hafa lesið ársskýrslu LSR.

Fyrir utan þessi tvö kerfi, B-deildina og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og svo A-deildina, sem hvort tveggja nýtur ríkisábyrgðar á réttindunum, þ.e. réttindin eru föst en iðgjaldið breytist og það er ríkið og ríkisstofnanir sem eru launagreiðendur og bera ábyrgð á eða eiga að borga hækkad iðgjald, þá eru hinir almennu sjóðir sem voru stofnaðir 1969 í kjarasamningum og svo sett í lög 1974 að skylda væri að greiða í þá. Þeir hafa ekki svona bakhjarl. Þar verða eignir að standa undir skuldbindingum og ef ekki næst ávöxtun eða forsendur um dánarlíkur og örorkulíkur og annað bregðast þá þarf að skerða réttindin, hækka iðgjaldið eða hækka ellilífeyrisaldurinn. Það eru þessar þrjár leiðir til að laga þá stöðu og sú staða verður að standa undir sér. Lífeyrissjóðirnir urðu reyndar fyrir miklu áfalli í hrininu og það veldur því að menn hafa verið að fresta því að reikna út hina raunverulegu stöðu og taka afleiðingum hennar eins og hjá opinberu sjóðunum. Ég tel því að menn ættu að fara að horfast í augu við vandann. Þetta minnir mikið á Grikkland.

Svo er annað sem ógnar lífeyrissjóðunum. Vegna mikils offramboðs af krónum, aðallega í eigu útlendinga, hefur ávöxtunarkrafa lækkað á ríkisskuldabréfum. Það er í sjálfu sér ágætt, herra forseti, að ríkið þurfi að borga lægri vexti

en það þýðir að vaxtaviðmið lífeyrissjóðanna, raunvaxtaviðmiðið sem réttindakerfi þeirra byggir á og jafnar mun á milli eldri og yngri sjóðfélaga, 3,5%, næst ekki. Þetta er sennilega stærsta ógnin við almennu sjóðina en ekki við opinberu sjóðina því að þar eru réttindin tryggð. Það lendir á ríkissjóði ef þeir ná ekki að sýna raunávöxtun, það lendir á skattgreiðendum, á því sama fólki og þarf að skerða í almennu sjóðunum. Þetta er ekki nógu gott, þetta kerfi er ekki nógu félagslega réttlátt.

Ég tel mjög brýnt að menn fari að horfast í augu við þetta og sýni þær tölur sem um er að ræða. Ég vil reyndar ganga lengra, ég vil að ríkissjóður sýni allar skuldbindingar sem hann hefur.

Menn hafa verið að tala hér um Íbúðalánasjóð. Ég gat þess 2004 í þessum ræðustól, þegar breytingin var gerð á lánakjörum þar, að ef raunávöxtunarkrafan færi niður fyrir 4%, sem þá var í gangi, gætu myndast gífurlegar skuldbindingar á þeim bæ. Þá svöruðu menn mér: Hvað er þetta, raunvextir á Íslandi fara aldrei svo mikið niður, niður fyrir 4%, það er alveg útilokað. Núna sitjum við uppi með 2% raunvexti, reyndar 2,6% í augnablikinu en þeir fóru niður í 2% þegar verst lét. Þetta er vegna þess að það er svo mikið af krónum í eigu erlendra kröfuhafa. Ef okkur tekst að leysa þennan vanda sem við ræddum hér fyrr í dag hækkar væntanlega ávöxtunarkrafan aftur og þá lagast staða lífeyrissjóðanna hugsanlega og staða Íbúðalánasjóðs, en við þurfum að horfa á stöðuna eins og hún er í dag. Við þurfum að meta skuldbindingu Íbúðalánasjóðs.

Ég mundi vilja sjá í fjárlagafrumvarpinu, sem sést væntanlega fljótlega, að tekið yrði á þessum vanda, þar yrði einfaldlega sagt að ríkissjóður væri með svo og svo marga milljarða, væntanlega tugi eða hundruð milljarða í halla. Þannig er bara staðan, því búi er hæstv. ríkisstjórn að taka við. Þá værum við búið að horfast í augu við þann vanda og gætum farið að takast á við að leysa hann, m.a. með því að gera samkomulag við opinbera starfsmenn um að létta eitt-hvað á réttindunum, t.d. með því að hækka ellilífeyrisaldur. Það þarf hugsanlega að gera það hjá hinum lífeyrissjóðunum líka. Þar þarf hugsanlega að hækka ellilífeyrisaldurinn, ekki bara upp í 67 ár heldur upp í 69 eða 70, ég held jafnvel að við þurfum að fara enn herra til þess að milda þetta. Fyrir utan það er fólk náttúrlega miklu sprækara núna en þegar ákveðið var að hafa ellilífeyrisaldurinn í kringum 67 ár; það var Bismarck sem kom því á 1891 og þá var miðað við meðalaldur hermanna á 19. öld.

Ég er ekki alveg sáttur við þetta ákvæði. Það er búið að fella út það ákvæði sem ég er hlynntur, í 2. gr., að skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris sé að sjóðfélagi hafi farið í endurhæfingu. Það verður væntanlega tekið upp í haust og ákveðið. Ég tel að það sé allra hagur að sjóðfélaginn fari í endurhæfingu og ekki síst hans sjálfs. Nú vil ég ekki hafa forsjarhyggju en hann er jú að taka peninga úr sjóðum sem allir sjóðfélagar í viðkomandi lífeyrissjóði eiga.

Ég vildi gera grein fyrir þessari afstöðu minni. Ég skora á hv. þingheim að fara nú að horfast í augu við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir því að við okkur blasir annar vandi sem við þurfum líka að horfast í augu við og leysa, sem er sá að fjöldi ellilífeyrisþega mun tvöfaldast á næstu 15 árum, nýgengi ellilífeyrisþega. Það má segja að allir ár-

gangar Íslendinga séu jafn fjölmennir, það eru um 4.400 manns plús/mínus einhver hundruð frá 0 og upp í 55 ára aldur. Eftir það lækkar sá fjöldi mikið. Það er því að mæta okkur mikið nýgengi af fólki sem er að mínu mati miklu sprækara en var fyrir 40–50 árum. Við þurfum að taka á því með einhverjum hætti. Við þurfum að horfast í augu við þann vanda líka því að það eru jafn sterkir árgangar sem þurfa að standa undir þessum sívaxandi fjölda aldraðra sem þurfa ekki bara lífeyri, þeir þurfa líka umönnun, hjúkrun og alls konar þjónustu sem þjóðfélagið þarf að veita og til að geta veitt þá þjónustu verðum við að byggja á miklu sterkara efnahagslífi.

#### ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:05]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, ELA, FSigurj, GuðbH, GÞP, HarB, HE, HHG, JMS, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SII, SigrG, SigrM, SSv, VBj, ValG, VigH, WÞP, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁPS, BÁ, EKG, EIH, EyH, GStein, GBS, HBK, HHj, HöskP, IILG, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, LínS, SIJ, SilG, SJS, UBK, VilÁ, VilB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 119,1–3 (2., 8. og 13. gr. falli brott) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, ELA, FSigurj, GuðbH, GÞP, HarB, HE, HHG, JMS, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SII, SigrG, SigrM, SSv, VBj, ValG, VigH, WÞP, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁPÁ, ÁPS, BÁ, EKG, EIH, EyH, GStein, GBS, HBK, HHj, HöskP, IILG, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, LínS, SIJ, SilG, SJS, UBK, VilÁ, VilB, ÖS) fjarstaddir.

3.–7. og 9.–12. gr., a-liður, (verða 2.–6. og 7.–10. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, ELA, FSigurj, GuðbH, GÞP, HarB, HE, HHG, JMS, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SII, SigrG, SSv, VBj, ValG, VigH, WÞP, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁPS, BÁ, EKG, EIH, EyH, GStein, GBS, HBK, HHj, HöskP, IILG, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, LínS, SigrM, SIJ, SilG, SJS, UBK, VilÁ, VilB, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., b-liður, (verður 10. gr., b-liður) samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, ELA, FSigurj, GuðbH, GStein, HarB, HE, HHG, JMS, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, PJP, REÁ, RR, SDG, SII, SigrG, SigrM, SSv, VBj, ValG, VigH, WÞP, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

**nei:** PHB.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁPS, BÁ, EKG, EIH, EyH, GPP, GBS, HBK, HHj, HöskP, IILG, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, LínS, SIJ, SilG, SJS, UBK, VilÁ, VilB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:06]

#### **Ragnheiður Ríkharrósdóttir (S):**

Virðulegur forseti. Í þessari grein erum við að kalla eftir fresti til að sú vinna sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að vinna að, um tillögu um eitt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, geti haldið áfram. Þar eru ýmis atriði enn óútljád og þess vegna er það skoðun meiri hlutans að veita aukinn tímafrest til að leiða þá vinnu til lykta. Ég segi já.

14.–15. gr. (verða 11.–12. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁsmD, ÁsF, BirgJ, BjG, BjarnB, BjÓ, BP, BN, ELA, FSigurj, GuðBH, GPP, GStein, HarB, HE, HHG, JMS, KLM, LRM, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, SDG, SII, SigrG, SigrM, SSV, VBj, ValG, VigH, WPP, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

1 þm. (JPÓ) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ÁPS, BÁ, EKG, EIH, EyH, GBS, HBK, HHj, HöskP, IILG, JónG, KG, KJak, KaJúl, KPJ, LínS, SIJ, SilG, SJS, UBK, VilÁ, VilB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 119,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv. Frumvarpið gengur til 3. umr.

[16:08]

#### **Útbýting:**

Álversframkvæmdir í Helguvík, 50. mál, fsp. OH, þskj. 120.

Framlög til eftirlitsstofnana, 51. mál, fsp. OH, þskj. 121. Frestun á fundum Alþingis, 53. mál, stjill. forsrh., þskj. 123.

Hagstofa Íslands, 14. mál, lög þskj. 124.

Skýrslur Ríkisendurskoðunar um þróun lyfjakostnaðar og um eftirfylgni við skýrslu um Lyfjastofnun, 52. mál, álit stjórnsk.- og eftirln., þskj. 122.

#### **Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, fyrri umr.**

Þáttill. SSV o.fl., 37. mál. — Þskj. 96.

[16:09]

#### **Flm. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar sem flutt er fram af öllum þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að skipa í samráði við innanríkisráðherra nefnd með þátttöku sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka, er geri tillögu að áætlun um hvernig sveitarfélögin standi að því að bjóða leikskólaúræði strax og fæðingarorlofi lýkur. Miðað verði við að þegar fæðingarorlofið hefur verið lengt í 12 mánuði árið 2016 verði sveitarfélög um landið reidubúin að veita þjónustuna. Nefndin skili tillögum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2014.“

Hér er í raun um að ræða tillögu um ákveðinn vinnufarveg, þ.e. að setja þá hugsun í skipulegan farveg að afar mikilvægt sé að tryggja að samfélagið beri í sameiningu ábyrgð á tímabilinu frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til hið skipulega leikskólastarf tekur við. Það er viðfangsefni og hefur verið viðfangsefni ungra fjölskyldna nú um ára- og áratugaskeið að vinna úr þeim vanda sem upp kemur þegar fæðingarorlofi lýkur og áður en skipuleg daggæsla eða leikskóli tekur við. Það var þannig fyrir ekki svo mörgum árum að leikskólinn var í raun félagslegt úrræði, til að mynda á höfuðborgarsvæðinu, og er ekki fyrr en með tilkomu Reykjavíkurlistans á sínum tíma sem hann verður raunverulegt úrræði fyrir allar barnafjölskyldur.

Því er um að ræða langa sögu sem snýst um að koma til móts við breytt samfélagsástand. Við erum að tala um stór- aukna atvinnuþátttöku kvenna, miklu meiri virkni beggja kynja á vinnumarkaði sem að hluta til markar Íslandi stöðu meðal þeirra landa sem lengst eru komin í kynjajafnrétti. Það er því gríðarlega mikilvægur þáttur í því að konur hafi sterka stöðu á vinnumarkaði að samfélagið beri ábyrgð á því að tryggja örugga leikskólavistun. Leikskólinn er fyrsta skólástigið í íslenska menntakerfinu nú þegar og er ætlaður börnum undir sex ára aldri en skólaskylda hefst þá eins og við þekkjum og leikskólabörn eru ekki skólaskyld. Eigi að síður erum við öll, vænti ég, sammála um að leikskólavistun er gríðarlega mikilvægur hluti af uppeldi í þágu bæði þroska og velferðar barna á fyrstu árum ævi sinnar.

Í lögfestri markmiðslýsingu íslenskra leikskóla í lögum nr. 90/2008 segir, með leyfi forseta:

„Í leikskólum skal velferð og hagr barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Þannig er í raun og veru þessi rammi að leikskólanum lagður í lögfestri markmiðslýsingu þó að viðfangsefnið og verkefnið sé sannarlega á hendi sveitarfélaga. Undanfarin ár hefur umræðan um stöðu yngsta hópsins hins vegar vaxið á opinberum vettvangi. Yngstu börnin eiga að jafnaði ekki kost á að njóta þeirra gæða sem leikskólinn hefur upp á að bjóða og þetta stafar af því að milli loka fæðingarorlofs, sem núna lýkur um níu mánaða aldur, og þar til leikskóladyrnar opnast fyrir börnunum þá getur liðið alllangur tími enda er mjög algengt að leikskólar sveitarfélaganna veiti börnum ekki viðtöku fyrr en á aldrinum 18–24 mánaða. Foreldrar og forráðamenn ungbarna hafa því þurft að leita annarra leiða og við þekkjum þær leiðir sem oftast felast í því að vista börnin í daggæsluúrræðum í heimahúsum eða á einkareknum ungbarnaleikskólum sem hafa raunar nú nýverið verið í samfélagsumræðunni.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum ítrekað lagt áherslu á mikilvægi leikskólastigsins og það er mikilvægur þráður í pólitík okkar Vinstri grænna að halda mikilvægi leikskólastarfs til haga fyrst og fremst vegna mikilvægis jöfnunar aðstæðna fólks en ekki síður vegna

kynjafnréttissjónarmiða og svo það sem mikilvægast er af öllu en það er tækifæri ungra barna til að njóta leikskóla- vistarar og leikskólamenntunar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram nokkrum sinnum á árunum 2003 til 2005 þingsályktunartillögu um samstarfsverkefni ríkis- og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla og töluverð um- ræða hefur verið um það á sveitarstjórnarstiginu hversu mikil gjaldtakan eigi að vera á leikskólastiginu og kannski bara yfir höfuð sú umræða hvort almennt sé eðlilegt að taka há gjöld af foreldrum og fjölskyldum vegna þessarar grunn- þjónustu.

Þá erum við að tala um leikskólann. Við erum að tala um skólamáltíðir og við erum að tala um frístundaheimili. Þetta eru auðvitað allt saman viðfangsefni sveitarfélaganna og ég vil taka það sérstaklega fram að meiningin með þess- ari tillögu er alls ekki sú að seilast inn á verksvið sveitarfé- laganna heldur miklu frekar að skapa þennan samræðuvett- vang því að á meðan verið er að lengja fæðingarorlofið skref fyrir skref, okkar megin ef svo má að orði komast, af hendi ríkisvaldsins, má telja eðlilegt og æskilegt að sveitar- félögin sameinuð nálgist það hinum megin frá þannig að öll sveitarfélög séu reiðubúin til að bjóða leikskólaúrreiði strax að afloknu fæðingarorlofi árið 2016 þegar lögin komast til framkvæmda.

Í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er lögð fram er lagt til að nefndin skili tillögu til ráðherra fyrir 1. febrúar 2014 þannig að við gerum ráð fyrir að mennta- og menningar- málaráðherra, sem er ráðherra leikskólamála, setji saman samstarfshóp til að kanna möguleika á skipulegri nálgun þessa verkefnis, að setja það í skipulegan og samhæfðan far- veg, ef svo má að orði komast, í samráði við Samband sveit- arfélaga. Þau sveitarfélög sem lengst eru komin í þessum efnun og líka þau sem eru í dreifðari byggðum samfélagsins horfast í augu við allt aðra stöðu í raun.

Það sem við höfum verið að sjá undanfarin ár og áratugi er gríðarlega mikil efling leikskólastigsins, það hefur styrkst að verulegum mun. Lög um leikskóla voru sam- þykkt hér í þinginu 1991. Þá er stigið formlega gert að lög- um og fært inn í skólakerfið. Þetta voru fyrstu lög um leik- skóla sem fjölluðu um inntak starfsins, sem fjölluðu um það hvað fer fram í leikskólum og ná til barna frá því að fæð- ingarorlofi foreldra lýkur og þar til skólaskylda hefst, þ.e. það er sá tími sem lagasetningin rúmar. Í lögnum er mjög ítarleg markmiðsgrein þannig að tilgangur þessara skóla hvíldi þá fyrst á traustum lagagrunni.

Það sem mér þykir sérstaklega vænt um í þessum texta er miðlæg staða leiksins í lögnum vegna þess að þá er það fyrst nefnt sérstaklega að skólastarfið byggist á leik, á því að læra í gegnum leik. Ég hef orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að kenna um hríð á öllum skólastigum og þá hefur mér einmitt fundist að nota mætti leik miklu meira sem kennslu- aðferð á öðrum skólastigum eins og gert er á leikskólastig- inu. Frekar en að horfa til þess að bóknám færast neðar þá eigum við að færa leikinn ofar. Það er mín afstaða og ég held að það snúist líka um að efla skapandi hugsun og fjöl- breytta nálgun að skólastarfi. En það er svo sem líka við- fangsefni sem hefur verið að aukast með nýrri aðalnámsskrá grunnskóla og nýjum áherslum þar sem sköpun er einn af grunnþáttunum.

Í þessum lögum er líka lögð sú skylda á herðar sveitar- félögnum að stofna leikskóla en í lögnum frá 1994 er leikskólinn formlega skilgreindur sem fyrsta skólastigið og tekinn inn í skólakerfið. Árið 1991 var í raun fyrsta skrefið stigið í þá áttina og heitið leikskólakennari var þá fyrst not- að um fagfólk hvort sem það lýkur leikskólakennaranámi eða fóstrunámi, fagfólk sem hefur þá fram að þeim tíma borið starfsheitið föstra.

Árið 1999 sjáum við aðalnámsskrá leikskóla og 2009 er stigið það mikilvæga skref í Reykjavíkurborg að um er að ræða gjaldfrjálsa tíma fyrir fimm ára börn í leikskólum Reykjavíkur og borgin stefnir að því að stíga skref í áttina að gjaldfrjálsum leikskóla. Svo varð hrun þannig að ég held að öllum hafi verið ljóst að stórfelld áform um aukna gjald- frjálsa þjónustu fyrir fjölskyldur og heimili yrðu sett í bið en full ástæða er til að taka þessa umræðu upp aftur. Ég vil geta þess sérstaklega í þessu sambandi að við þurfum að halda hér inni allri umræðu um tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, flutning verkefna til sveitarfélaga o.s.frv. Þetta er stórt samspil sem um er að ræða en við erum að ræða um það fyrst og fremst að færa þetta viðfangsefni, sem sveitarfélögin hljóta hvert um sig að vera að glíma við, og óteljandi barnafjölskyldur úti um allt land eru að glíma við, með ábyrgum hætti í uppbyggi- legan samráðsfarveg. Ég held að það ætti að vera viðfangs- efni sem væri okkur öllum hagfelld að vinna að. Það er leið sem verður að fara þegar um er að ræða miklar breytingar og miklar kerfisbreytingar, að vinna það í breiðu samráði og ég held að menn séu að jafnaði ekki ósammála um þau markmið sem þarna eru undir.

Aðeins til upprifjunar þá var það svo að lögum um fæð- ingarorlof, sem voru sett hér árið 2000, var breytt með lög- um nr. 143/2012, þar sem lögfest var að lengja rétt til fæð- ingarorlofs í áföngum þannig að fæðingarorlofsrétturinn verður 12 mánuðir frá 1. janúar 2016 að telja. Það er gríðar- lega mikilvægt að samhliða þeirri breytingu, og við sjáum þá hreyfingu fram að þeim tímamarki í gegnum svona samráðsvinnu, verði létt af foreldrum og ungbarnafjöl- skyldum þeirri óvissu sem ríkir um dagvistunarmál og leik- skólamál, daglegt líf má segja þessara barna, þessa aldurs- hóps sem um ræðir, með því móti að sveitarfélögin sjái til þess að leikskólar þeirra standi ársögömlum börnum opnir. Það er einungis þannig sem unnt verður að tryggja að bæði velferðar- og uppellismarkmið samfélagsins, sveitarfélag- anna, ríkisins og fjölskyldnanna, nái fram að ganga.

Virðulegur forseti. Ég vona að hér verði einhver um- ræða um þessa tillögu og vænti þess að stjórnarmeirihlutinn taki þessu af alkunnun sveigjanleika og bjartsýni og færi þetta með okkur í uppbyggilegan farveg. Ég vona að nefnd- in sendi þetta til umsagnar eins og vera ber og við vinnum að því að fullnusta þessa leið ef til vill með áorðnum breyt- ingum sem nefndin leggur til íslenskum fjölskyldum til heilla.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:24]

### **Sérstök umræða.**

Sæstrengur.

[16:31]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Þessi missirin er ég afskaplega upptekin af hugtakinu verðmætasköpun. Þingið og samfélagið allt stendur frammi fyrir því að mikilvægir innviðir á við til dæmis heilbrigðiskerfið eru afskaplega illa staddir. Ljóst er að við verðum að vinna að því harðari höndum að skapa meiri verðmæti til að standa straum af kostnaði. Eins er auðviðað gríðarlega mikilvægt að huga vandlega að verðmætasköpun í þeim tilgangi að rétta af halla ríkissjóðs og til að draga úr kostnaði af vaxtagreiðslum ríkisins.

Forstjóri Landsvirkjunar hefur samkvæmt frétt Stöðvar 2 frá 26. júní sl. lýst því yfir, með leyfi forseta, að „lagning sæstrengs geti verið eitt stærsta viðskiptatækifæri sem Íslendingar standa frammi fyrir“.

Í umræðunni um sæstreng og sölu á raforku um hann er mikilvægt að hafa á hreinu um hvaða vöru er verið að ræða. Landsvirkjun selur svokallaða grunnorku sem er mjög áreiðanleg orka til iðnaðar og til einstaklinga hér á landi. Þetta er aðalsöluvara Landsvirkjunar.

Önnur vara er Landsvirkjun gæti haft upp á að bjóða með tilkomu sæstrengs er hin svokallaða stýranlega orka. Stýranleg orka er sá einstaki eiginleiki vatnsorkunnar að hægt sé að geyma raforkuna í uppistöðulónum en þessi aðferð við að geyma raforku er sú langhagstæðasta sem veröldin þekkir í dag. Stýranleg orka er ekki alveg eins áreiðanleg og grunnorkan af því að hún kemur í toppum og fer eftir skilyrðum hverju sinni.

Staðreyndin er sú að það er ekki eftirspurn eftir stýranlegri orku á Íslandi en hins vegar er ljóst að hún er gríðarleg í Bretlandi og mun fara vaxandi ef spár ná fram að ganga. Með orkustefnu þeirri er Norðmenn hafa markað sér horfa þeir stíft til þess að gera mun meiri verðmæti úr vatnsorkuverum sínum með nákvæmlega þessum hætti, að nýta þau til þess að vinna stýranlega orku. Eins og áður sagði hafa Bretland og önnur Evrópulönd sýnt þessari tilteknu vöru áhuga því að hún samrýmist vel markmiðum þeirra um val á grænni orku og getur verið liður í því að minnka notkun á óumhverfisvænum orkugjöfum sem auka kolefnisútblastur á jörðinni.

Í þessari umræðu er líka mikilvægt að koma inn á verðið sem þessar tvær mismunandi vörur bera. Landsvirkjun selur grunnorkuna á 27 dollara fyrir megavattstundina að meðaltali en við vitum að verð til stóriðju er talsvert lægra en það. Breska ríkisstjórnin kaupir endurnýjanlega orku í Bretlandi á miklu hærra verði, allt upp undir 200 dollara á megavattstundina, stundum hærra. Það er meira en sjö sinnum hærra verð en Íslendingar fá að meðaltali fyrir sína grunnorku. Þar með er ljóst að um er að ræða gríðarlegt tækifæri til að afla arðs í gegnum Landsvirkjun inn í íslenskt samfélag á sjálfbærnan hátt og í samræmi við rammaáætlun.

Árið 2012 skrifuðu bresk og íslensk stjórnvöld upp á viljayfirlýsingu um samstarf á sviði orkumála. Það ár skipaði líka þáverandi hæstv. iðnaðarráðherra, Oddný G. Harðardóttir, ráðgjafarhóp um mögulega lagningu sæstrengs. Í

honum áttu sæti fulltrúar allra þingflokka, stærstu hagsmunasamtaka landsins og fyrirtækjanna tveggja sem hlut eiga að máli, Landsvirkjunar og Landsnets. Sá ráðgjafarhópur skilaði af sér skýrslu til núverandi hæstv. ráðherra Ragnheiðar Elínar Árnadóttur þann 26. júní sl.

Ráðgjafarhópurinn reifaði málið vel og út frá mörgum hliðum en var samhljóða í sinni ályktun að það þurfi frekari upplýsingar til að unnt sé að fullyrða um þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja sæstreng milli Íslands og Bretlands. Þessi fjölbreytti hópur var sammála í þessari ályktun sinni. Enn fremur er lagt til að haldið verði áfram að kortleggja alla þætti verkefnisins innan lands um leið og leitað verði svara um möguleg rekstrar- og eignarhaldsmódel hjá viðsemjendum í Bretlandi. Þetta er sem sagt stór partur af upplýsingunum sem okkur vantar til að geta tekið afstöðu í málinu.

Í skýrslu sinni leggur ráðgjafarhópurinn til sjö skilgreindar tillögur til ráðherra. Sá fjórði er, með leyfi forseta, að „ráðuneytið leiti leiða til að afla ofangreindra upplýsinga s.s. með könnunarviðræðum við bresk stjórnvöld á grundvelli viljayfirlýsingar“ milli íslenskra og breskra stjórnvalda sem ég ræddi hér áðan.

Því vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvar standa þær viðræður? Hefur ráðherra farið eftir tillögum ráðgjafarhópsins og setið fundi með breskum stjórnvöldum til þess að kanna þetta hugsanlega einstaka viðskiptatækifæri Íslendinga?

[16:36]

#### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árnadóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu máli og gefa okkur tækifæri hér til að ræða það. Ég hef í hyggju að leggja þá skýrslu sem hv. þingmaður ræddi hér um fyrir þingið strax í haust og gefa þinginu þannig færi á að taka dýpri umræðu og vinna frekar með þetta mál en við getum gert hér í hálf tíma umræðu.

Ég tel afar mikilvægt að Alþingi komi beint að þessu máli og inn í umræðuna vegna þess að það er rétt sem hv. þingmaður nefndi, ráðgjafarhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að skoða málið frekar og að það væru fjölmörg atriði sem skoða þyrfti betur.

Í skýrslunni lagði hópurinn til að frekari skoðun, eins og ég segi, færi fram á ýmsum þáttum málsins og að frekari upplýsingar þyrftu að liggja fyrir. Í niðurstöðum hópsins kemur meðal annars fram að margir óvissuþættir fylgi slíkri framkvæmd og að nauðsynlegt sé að frekari könnun fari fram áður en hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið. Ég tek undir þessar ábendingar og tel rétt að fara sér hægt áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar í þessum efnum. Enn fremur er mikilvægt að mínu mati að slík ákvörðunartaka verði byggð á okkar forsendum og óháð þrýstingi erlendis frá.

Varðandi spurningu hv. þingmanns um hvort ég hafi setið fundi eða átt í viðræðum, og ég mun koma að því hér á eftir, tel ég að áður en við förum út í efnislegar viðræður og áður en við förum út í samninga eða könnunarviðræður við önnur ríki verðum við að vita hvar við stöndum í þessu

máli. Ég vil fá að heyra viðhorf Alþingis til þess áður en frekari skref eru tekin í þeim efnum.

Lagning sæstrengs með flutningsgetu upp á 700–1.200 megavött, eins og talað er um í skýrslunni, mun hafa í för með sér víðtæk áhrif, bæði efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg. Þar má nefna áhrif á orkuverð innan lands, aukningu þjóðartekna, hugsanleg ruðningsáhrif, umhverfisáhrif vegna nýrra virkjana og línulagna og orkuöryggi. Hver áhrifin verða er hins vegar enn að mörgu leyti óljóst og því þörf á áframhaldandi gagnaöflun áður en unnt er að taka upplýsta afstöðu til slíks verkefnis. Að auki er síðan fjölmörg tæknileg atriði sem þarfnast nánari skoðunar þar sem sæstrengurinn yrði lengsti raforkustrengur sem lagður hefur verið.

Í einfaldari mynd hefur umræðunni um sæstreng stundum verið stillt upp þannig að tveir kostir séu í boði, annaðhvort að selja raforkuna til stóriðju eða flytja hana úr landi í gegnum sæstreng. Að mínu mati er hér um talsverða einföldun að ræða og málið mun flókna en svo. Við verðum að hafa heildarmyndina í huga þegar rétt er um lagningu slíks strengs. Umræðan um stóriðju á það til að snúast að miklu leyti um nýjar virkjanir, nýjar flutningslínur og umhverfisáhrif en við verðum að hafa í huga að allir þessir þættir eiga jafnt við um lagningu sæstrengs.

Þannig er ljóst að núverandi flutningskerfi landsins er talsvert frá því að geta þjónustað sæstreng með flutningsgetu upp á 700–1.200 megavött. Áhrif sæstrengs á raforkuverð og atvinnumál hafa síðan að sjálfsögðu afar mikil áhrif á heildarmyndina og því brýnt að ítarlegar greiningar liggja fyrir áður en ákvörðun verður tekin. Á það hefur verið bent að með vísan til þess hversu umfangsmikið verkefni lagning sæstrengs er og hversu langan tíma það tekur sé ekki skynsamlegt að taka endanlega ákvörðun nema víðtæk sátt ríki um það, bæði innan Alþingis og í samfélaginu almennt.

Það er eiginlega ætlan mín með því að leggja skýrslu ráðgjafarhópsins fyrir þingið. Ég held að við þurfum að taka þessa umræðu, ræða þetta vandlega út frá öllum þessum hliðum og kanna hver hugur okkar á þinginu er og vonandi taka umræðuna meira úti í samfélaginu.

Þau álitamál sem fram koma í skýrslunni sjálfri og þau sem ég hef orðið áskynja eftir að skýrslan var kynnt eru til dæmis: Viljum við að íslensk raforka sé nýtt til atvinnuuppbyggingar á Bretlandi á sama tíma og við erum að kalla eftir aukinni fjárfestingu hérlendis og þurfum á því að halda að byggja upp atvinnu á tímum atvinnuleysis? Sætta íslensk heimili og íslenskt atvinnulíf sig við herra raforkuverð hérlendis vegna þessarar ráðstöfunar? Er eitthvað hægt að gera í því til að koma til móts við það? Viljum við ráðast í frekari virkjanir til að þetta verkefni geti orðið að veruleika? Það magn raforku sem hér um ræðir er ekki til í kerfinu í dag.

Síðan eru einnig þær spurningar hvaða ímynd sæstrengur getur haft á okkur sem útflytjanda grænnar orku. Þau grænu fyrirtæki sem hingað koma sækja í okkar sjálfbæru orku. (Forseti hringir.) Með strengnum yrðum við tengd Evrópu og því hægt að flytja orku til Íslands líka um strenginn. Fyrirtæki á þessu sviði, þar á meðal í gagnaveraiðnaðinum, (Forseti hringir.) hafa gert athugasemdir við þetta atriði.

Herra forseti. Þessi umræða er hvergi nærri tæmd og við munum taka hana nánar þegar þing kemur saman í október.

[16:42]

### **Svandís Svavarsdóttir (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga umfjöllunarefni og ráðherranum fyrir yfirferð sína. Það gladdi mig að heyra þann tón í yfirferð hennar að þetta sé umfjöllunarefni sem krefjist miklu meiri umræðu því að hér er um að ræða algjöra eðlisbreytingu, algjörlega nýja hugsun gagnvart því hvaða erindi orkuöflun á við okkur sjálf og við umheiminn.

Eins og hefur komið fram bæði hjá framsögumanni og hæstv. ráðherra kom fram í skýrslu ráðgjafarhópsins, sem lögð var fram í júní, að þessum framkvæmdum fylgir gríðarlega mikil óvissa. Til að mynda er talað um að útflutningstekjurnar geti numið allt frá 4–76 milljörðum kr. á ári. Bara það bil segir dálítið mikið um umfang óvissunnar í þessu máli.

Í öðru lagi vil ég nefna að Environice tók sérstaklega út umhverfisleg álitafni sem gætu tengst lagningu sæstrengs. Var tekið fram að það væri auðvitað lítil reynsla af framkvæmdum af þessari stærðargráðu, en þó var bent á að það mundi auka þrýsting á frekari virkjanir á Íslandi og hefði margvísleg áhrif á lífríki strandar og hafsbotsn, bæði á framkvæmdartíma og á rekstartíma. Ákveðnar tegundir gætu jafnvel yfirgefið svæðið eða dáið út og gætu ekki náð að aðlagast þessari truflun. Á rekstartímanum er svo hætt við að yfirborð breytist sem leiði til flóttu tegunda. Rafsegulsvið við strenginn var nefnt og ýmislegt því um líkt, sem er auðvitað stórmál fyrir fiskveiðiþjóð. Þrýstingur á meiri nýtingu gagnvart rammaáætlun er líka stórmál í þessu samhengi, en ég tek undir það sem hér hefur komið fram, bæði hjá framsögumanni og hæstv. ráðherra, að hér höfum við rétt aðeins tækifæri til þess að krafsa í yfirborðið á þessari mikilvægu umræðu. En ég hef tekið það að mér hér, með leyfi forseta, að halda uppi varnaðarorðum í þessari stuttu ræðu.

[16:44]

### **Oddný G. Harðardóttir (Sf):**

Virðulegi forseti. Lagning sæstrengs er stór ákvörðun og þarf að skýra mörg álitamál í tengslum við slíka ákvörðun eins og fram kom í umræðunni hér á undan. Það er hins vegar eðlilegt vegna áhættusamrar samsetningar í viðskiptamannahópi Landsvirkjunar þar sem álver eru fyrirferðarmest að ábendingar um hagkvæmni slíkrar tengingar verði skoðaðar til hlítar.

Lagning sæstrengs frá Íslandi hefði áhrif á mörgum sviðum þjóðlífsins og því væri lykilatriði að leita sáttar um svo stóra ákvörðun. Með það að leiðarljósi skipaði ég sem iðnaðarráðherra þverpólítíska nefnd á árinu 2012 með fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila. Má þar nefna m.a. fulltrúa frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarsamtökum Íslands, aðilum vinnumarkaðarins og Neytendasamtökunum.

Sú nefnd skilaði skýrslu sinni í júní sl. og komst að sameiginlegri niðurstöðu án mótaskvæða og án sérálita. Helstu kostir við lagningu sæstrengs eru sagðir vera herra verð



fyrir útlutta orku, betri nýting núverandi vatns- og jarðvarmavirkjana, bætt rekstraröryggi raforkukerfisins, betri áhættudreifing í tekjum raforkufyrirtækjanna, tækifæri á uppbyggingu annarra orkukosta, t.d. vindorku, og aukid framlaga til loftslagsmála.

Helstu ókostirnir eru sagðir vera hækkun raforkuverðs á almennum markaði og til iðnaðar, hugsanlega færri ný bein störf og aukin umhverfisáhrif. Það reynist ekki tími í þessari umræðu til þess að reifa kostina eða gallana en hvorttveggja þarf að skoða enn betur og finna lausnir á ókostunum ef til kæmi. Mætti t.d. gera langtímasamninga innan lands um lægra verð á raforku til garðyrkjubænda eða annarra atvinnugreina eða til almennings. Nefndin um raforkustreng til Evrópu leggur til að hæstv. iðnaðarráðherra heimili Landsvirkjun og Landsneti að fara í formlegar viðræður og það tel ég skynsamlegast að gera, að fá nánari upplýsingar (Forseti hringir.) og taka síðan viðtæka umræðu um málið.

[16:47]

#### **Vigdís Hauksdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Í mín- um huga snýst þetta um grunnildin, hvort við viljum vera hráefnisþjóð fyrir þjóðirnar í kringum okkur og nágannar- ríkin eða framleiðsluþjóð sem sendir frá sér fullunnar vör- ur.

Í Lissabon-sáttmálanum sem er nokkurs konar stjórnar- skrá Evrópusambandsins og aðildarríkin þurfa að undir- gangast er talað um orkumál í I. bálki sem fjallar um flokka og svið valdheimilda Evrópusambandsins sem það deilir með aðildarríkjunum. Í XVI. bálki er fjallað um samevr- ópskt netkerfi. Þar segir, virðulegi forseti, í 170. gr. að Evr- ópusambandið skuli „stuðla að uppbyggingu og þróun grunnvirkja fyrir samevrópsk flutninga-, fjarskipta- og orkunet. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því, innan ramma opinna samkeppnismarkaða, að ýta undir samteng- ingu og rekstrarsamhæfi netkerfa aðildarríkjanna, svo og aðgang að slíkum netkerfum. Þær skulu einkum taka mið af nauðsyn þess að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við miðlæg landsvæði Sambandsins.“

Síðan kemur eftirtektarvert heimildarákvæði í 3. mgr. 171. gr. en þar er Evrópusambandinu veitt heimild til að styðja verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum að- ildarríkjanna með lánatryggingum, vaxtaniðurgreiðslum eða fjármögnun.

Þarna er verið að tala um orkuafhendingu í Evrópusam- bandinu á milli ríkja Evrópusambandsins. Þetta er kannski grunnpunkturinn og hugsunin í því hvers vegna svo mikil umræða fer fram nú um þennan sæstreng. Ég minni á það að nú er búið að setja ESB-umsóknina á ís og þess vegna held ég að það fjari nú aðeins undan þessu verkefni. Þarna hef ég sýnt fram á að kannski var kominn það mikill kraftur í þetta mál vegna þess að umsóknin fór inn.

[16:49]

#### **Birgitta Jónsdóttir (P):**

Forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég er ein af þeim sem vilja fara mjög varlega í tengslum við hugmyndir um sæ- streng en hér kom fram athyglisverð hugmynd sem ég reif-

aði mjög mikið á síðasta kjörtímabili. Ég skildi ekki af hverju var ekki hægt að lækka orkuverð til gróðurhúsa- bænda þegar við áttum í svo miklum vandræðum með gjaldeyri og mjög margir voru að kíkna undan orkuverðinu, það þurfti að hækka verð á dreifikerfinu til þeirra og margir urðu að hætta starfsemi sinni. Þá var mér sagt að það væri ekki hægt út af EES-reglugerðum. Ég velti fyrir mér þeirri hugmynd sem hefur komið fram að hugsanlega mætti lækka orkuverð til gróðurhúsabænda eða annarra ef fallist yrði á þennan sæstreng og framkvæmdir á honum yrðu að veruleika.

Mig langaði bara að fá úr því skorið hvort ég hafi fengið villandi upplýsingar síðast og hvort möguleiki sé á að hæstv. ráðherra hafi einhver svör um þetta. Það kom fram í umræðunum að þetta væri tillaga að ákveðnum lausnum ef sæstrengur yrði að veruleika.

Ég hef miklar áhyggjur af tvennu. Í fyrsta lagi hækkun á raforku til heimilanna. Eitt af því sem gerir mörgum kleift að búa á Íslandi er að orkuverð er svo lágt fyrir heimilin, allt annað er svo dýrt. Er til einhver tölfræði um það hve mikið orka til heimilanna hækkar þegar farið er út í sam- bærilegar aðgerðir? Síðan finnst mér líka mjög vert að hafa í huga umhverfisáhrifin en við erum að reyna að markaðs- setja Ísland sem hagkvæman kost fyrir gagnaver út af grænni orku. Er þetta skynsamleg leið út af áhættuþáttum?

[16:51]

#### **Guðmundur Steingrímsson (Bf):**

Herra forseti. Ég fagna þessari umræðu mjög og tel þetta mjög mikilvægt mál sem við þurfum að ræða í þau á þessum sal. Auðvitað er það alveg ljóst að við munum ekki leggja sæstreng á morgun en við þurfum hins vegar að hefja þá umræðu. Hún er náttúrulega hafin en hefur ekki mikið farið fram hér finnst mér.

Mér finnst mjög mikilvægt að gera skýran greinarmun og hafa það alveg á hreinu að við erum í raun og veru að tala um tvær vörur, eins og fram kom í máli framsögu- manns; annars vegar hina stöðugu orku sem við nýtum fyrir heimilin á Íslandi og til atvinnuuppbyggingar á Íslandi, og hins vegar hina stýranlegu orku sem er núna ónýtt og við höfum ekki komið í verð. Vegna aðstæðna á raforkumark- aði t.d. í Bretlandi er ekki aðgangur að svona stýranlegri orku en heimilin þar og atvinnulífið þurfa aðgang að henni. Þar hefur myndast mjög mikil eftirspurn eftir þessari vöru sem við höfum upp á að bjóða.

Spurningin sem við þurfum að takast á við er: Viljum við selja þessa vöru? Viljum við að fyrirtæki sem eru í op- inberri eigu skili okkur arði með því að koma þessari vöru í verð eða finnst okkur það á einhvern hátt óþægilegt? Ég held að ef við höfum það algjörlega skýrt að þetta séu tvær vörur þá getum við reynt að koma í veg fyrir að önnur var- an hækki í verði við það að við seljum hina vöruna. Við þurfum bara að halda rétt á spilunum til þess að koma í veg fyrir það. Með öðrum orðum; þessi aðgerð, sæstrengur, þarf ekki að leiða til þess að verð á orku til heimila eða fyrir- tækja á Íslandi hækki, alls ekki.

Við erum með orkusölustefnu. Hún snýst að mörgu leyti um að selja orkuna mjög ódýrt til mjög stórra og einsleitra fyrirtækja sem skila aftur á móti mjög litlum beinum arði.

Eigum við frekar að reyna að stefna að því, eins og stjórn Landsvirkjunar hefur í rauninni ákveðið, að reyna að fá meiri arð (Forseti hringir.) fyrir það sem við þó virkjum? Við þurfum ekki að virkja meira til þess, það er lykilatriði, heldur bara að nýta það sem við erum að gera.

[16:54]

#### Ásmundur Friðriksson (S):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmönnum um að þessi umræða er góð og nauðsynleg. Ég held reyndar að stærsta viðskiptatækifærið felist í því að skapa á Íslandi fleiri vel launuð störf. Ég held að málið snúist um að nýta grænu orkuna okkar heima og að virðisaukinn af henni verði eftir í þjóðfélaginu. Við þurfum að skapa störf sem gefa góðar tekjur og eru hálaunastörf. Það getum við gert með því að nýta orkuna hérna heima.

Það er alveg ljóst að með því að tengjast Evrópska efnahagssvæðinu á þennan hátt, með streng, hækkum við rafmagn til íslenskra heimila um 30–50%. Við hækkum rafmagnið til atvinnulífsins um 30–50%, við sem erum alltaf að tala um að lítil og minna orkusækin fyrirtæki þurfi að fá aðstoð.

Er það virkilega hlutverk Alþingis að standa í því núna, þegar við erum að reyna að komast upp úr erfiðum vandamálum, að leggja álagur á íslensku heimili og atvinnulíf með því að ræða það að flytja út orkuna? Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki að gerast á morgun en ég held að það sé mikilvægt að við tryggjum að virðisaukinn af orkunni verði eftir í landinu.

Ég hef sagt það í gamni og alvöru að ég kann Englendingum litlar þakkir fyrir það hvernig þeir koma fram við okkur nú um stundir. Þeir vilja setja á okkur hafnbann út af makrílveiðum og ég held að við eigum ekkert að vera að þakka þeim sérstaklega fyrir það með því að senda þeim græna orku sem þeir geta baðað sig úr. Við sem þjóð eigum nýta endurnýjanlega orku hér heima og virðisaukinn af henni verði til í landinu. (Gripitð fram í.)

[16:56]

#### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Eins og hefur komið fram hefur Landsvirkjun unnið að hagkvæmnikönnun á lagningu sæstrengs til Evrópu og skilaði í sumar áfangaskýrslu um hagkvæmni þess að tengjast evrópskum raforkumörkuðum með lagningu sæstrengs. Ég tel mjög mikilvægt að í þessari vinnu hafi verið tekið tillit til allra sjónarmiða og horft á umhverfisþætti, áhrif á orkuverð innan lands og auðlinda- og orkunýtingu þjóðarinnar til langrar framtíðar. Ekki eigi að horfa til skammtímasjónarmiða á kostnað hagsmuna hins almenna raforkunotanda innan lands.

Mörg aðvörunarljós kvikna þegar horft er til þeirra áhættuþátta sem gætu fylgt í kjölfarið ef við færum inn á evrópskan raforkumarkað, samkeppnismarkaðinn þar. Gætum við tryggt íslenskum heimilum og fyrirtækjum áfram lægra verð en selt á toppverði umframorku í gegnum sæstreng? Stæðist það EES-samninginn eða væri það brot á jafnræðisreglu?

Allt bendir til þess að orkuverð innan lands mundi hækka sem mundi bitna sérstaklega hart á íbúum á köldum svæðum á landsbyggðinni sem þurfa að kynda í dag með

raforku og greiða í dag himinháa reikninga. Gætum við haldið áfram að vinna að því að jafna raforku- og húshitunarkostnað landsmanna, t.d. með jöfnunargjaldi sem legðist á hverja framléidda klövvattstund eins og starfshópur lagði til síðastliðið ár?

Þannig gæti maður spurt áfram. Hvað með afhendingaröryggi, raforkuöryggi innan lands sem er nú ekki í góðu lagi í dag á mörgum landsvæðum? Mundi ekki skapast stór- aukinn þrýstingur á virkjunarframkvæmdir með tilheyrandi ágangi á náttúruna?

Stóra spurningin er sú: Hvernig ætlum við sem þjóð að nýta orkuauðlindir okkar til langrar framtíðar til hagsbóta fyrir land og þjóð? Við þurfum að draga fram kosti og galla og horfa til þess hvað er skynsamlegt fyrir okkur sem þjóð. Skammtímagróðarsjónarmið eiga ekki að ráða för í þessum efnun fremur en öðrum.

[16:58]

#### Kristján L. Möller (Sf):

Hæstv. forseti. Á þeim ágæta degi 26. júní sl. skilaði ráðgjafarhópur iðnaðar- og viðskiptaráðherra skýrslu um lagningu sæstrengs til Evrópu í framhaldi af því framfaraskrefi sem stigið var af þáverandi iðnaðarráðherra, Oddnýju Harðardóttur, um að stofna þennan hóp og setja þessa vinnu í gang. Hann skilaði svo þessari skýrslu. Skýrslan er þó aðeins hænuskref á langri vegferð hvað þetta varðar að mínu mati. Ráðgjafarhópurinn er samhljóða í ályktun sinni um að frekari upplýsingar þurfi til að unnt sé að fullyrða um þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja streng sama hvar hann kemur að landi í Evrópu.

Ég er því algerlega sammála. Ég tel að allt of margir þættir séu enn þá óljósir, veigamiklar breytur sem háðar eru umtalsverðri óvissu, eins og t.d. bara um reiknilíkan fyrir þjóðhagslega hagkvæmni. Öll þessi atriði eins og eignarhald, lengd samninga, orkumagn og orkuverð, allt eru það óvissuþættir sem setja þarf inn og ræða og reynslan frá Noregi gerir mann hræddan um að orkuverð til almennings hafi hækkað.

Inn í það blandast auðvitað líka það sem við viljum, Íslendingar, þ.e. að nota okkar grænu orku til að gera meira hér á Íslandi og selja meira fullunna vöru frekar en að nota raforku sem hráefni til Evrópu, þannig að margt er eftir. Ég vissi hins vegar ekki, virðulegi forseti, að umræðan um lagningu sæstrengs til Evrópu eða Bretlands væri einhvern veginn samtengd ESB-umsókn, eins og hv. þm. Vigdís Hauksdóttir gat um áðan í ræðu sinni. En ég er efins, ég er oft mjög efins um þetta. Þess vegna segi ég að skýrslan er aðeins lítið skref í þessari umræðu.

Þess vegna er ég alveg sammála því, og það skulu vera mín lokaorð, að hvetja hæstv. ráðherra til að skila skýrslu hingað til Alþingis á þessum vetri, eins og mér heyrðist hún ætla að gera, til að taka almennilega umræðu á Alþingi um kostina (Forseti hringir.) og gallana og um hvað við ætlum að gera næst.

[17:01]

#### Þorsteinn Sæmundsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir hennar innlegg. Umræðan ber

með sér að þetta mál er skammt á veg komið, umræðan er óþroskuð.

Við Íslendingar búum yfir gnótt af endurnýjanlegum orku- og nýtingarmöguleikum en þær auðlindir eru ekki ótæmandi og því ber okkur að vanda vel til virkjunarkosta og okkur ber ekki síður að vanda val okkar til hvers sú orka sem leyst er úr læðingi er nýtt. Orkuauðlindina ber fyrst og fremst að nýta til að skapa fjölbreytt störf í þúsundavís um land allt til að verkfúsar hendur vinni verðmæti til útflutnings á íslensku hráefni og íslensku hugviti. Það er forsenda framfara hér á landi og að það verði eftirsóknarvert að búa hér. Því er ég efins og ég vil taka varlega undir þær hugmyndir um að nýta nýja og kannski stóra virkjunarkosti til þess eins að flytja út orku til aukinna atvinnufyrirtækja erlendis og/eða til heimilisnotkunar þar. Það er reist á sömu rökum og að flytja út útsæði eða grunnhráefni til fullvinnslu erlendis.

Nei, hæstv. forseti. Við skulum frekar kappkosta að nýta takmarkaða virkjunarkosti til uppbyggingar atvinnutækifæra innan lands til að skapa framtíðarstörf í stað þess að flytja þetta út úr landinu. Okkur er einnig nærtækara að tryggja öryggi orkuafhendingar um allt Ísland en að seilast til útlanda með það í huga að afhenda orku þar. Við skulum fara okkur hægt, en ég fagna því ef skýrslan kemur hingað til alvöruumfjöllunar á Alþingi.

[17:03]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég þakka svör ráðherra og ég þakka umræðuna sem hér hefur farið fram og er okkur gagnleg. Það er gagnlegt í þessu máli að við spyrjum gagnrýnna spurninga.

Það er svo og ég tek heils hugar undir með hv. þm. Oddnýju Harðardóttur að við eigum erfitt með að ræða þetta áfram ef við fáum ekki meiri upplýsingar. Þetta er í eins konar getgátustíl út af því að það vantar að hæstv. ráðherra fari þessi sjö skref, fari að tillögu ráðgjafarhóps sem samanstóð af fólki úr öllum flokkum og fjölda hagsmunaaðila sem allir voru sammála um að fela hæstv. ráðherra málið, gefa á hann boltann og báðu hann um að fara í þessi sjö skref svo við gætum hafið betri umræðu, upplýstari umræðu. Það er ekki nægjanlegt að við tölum saman um þetta í einhverjum getgátustíl. Okkur vantar vissulega að vita meira.

Ég tel miklu heillavænlegra að gera það, að við komum til baka í október og fáum þær upplýsingar sem beðið er um hérna, sem tillögur gera ráð fyrir, svo við getum fært umræðuna upp á næsta stig en þreytum ekki hvert annað í karpí um hvað og ef. Það gagnast okkur lítið.

[17:05]

#### **Iðnaðar- og viðskiptaráðherra (Ragnheiður E. Árna-dóttir) (S):**

Hæstv. forseti. Ég vil enn á ný þakka þessa umræðu og ég er sannfærðari nú en áður um þá ákvörðun sem ég hef tekið um að leggja skýrslu ráðgjafarnefndarinnar til þingsins til umfjöllunar. Ég hef í hyggju að óska eftir löngum og ítarlegum umræðutíma þannig að þingmönnum gefist kostur á að tjá sig í þingsalnum en skýrslan fari síðan til nefnda

þingsins. Atvinnuveganefnd liggur beint við en það er hugsanlegt að aðrar nefndir þingsins hafi einnig áhuga á að kynna sér þetta mál.

Ég er ósammála hv. þm. Björk Ólafsdóttur um að við eigum fyrst að semja og svo að ræða málið. Ég held að það sé mjög óheillavænlegt og ég vil ekki sem ráðherra þessa málaflökks fara af stað, þó að það séu ekki nema könnunarviðræður, fyrr en ég er búin að heyra sjónarmið þingsins, ræða málið.

Það hefur komið fram í umræðunum og fleiri en einn sagt að umræðan er rétt að byrja og við þurfum að vita um hvað við erum að tala áður en við förum lengra af stað. Ég tel einmitt til að forðast að við förum ofan í skotgrafir, til að forðast að við sköpum deilur, eigum við að fara vel og vandlega yfir málið, gefa okkur tíma í það í þinginu og síðan þegar sú umræða hefur átt sér stað er tímabært að stjórnvöld ákveði næstu skref. Það verða ekki frekari skref stigin fyrr en sá þingvilji er kominn fram.

Ég get ekki útalað mig um það hvaða ákvörðun verður tekin, eðlilega, þar sem sú umræða hefur ekki farið fram. En þetta er risastór ákvörðun og við tökum hana ekki á morgun eða hinn. Það er mjög gott fyrsta skref að fá þessa skýrslu og ég hvet okkur til þess þegar hún kemur fram í þinginu í október að við notum tækifærið, (Forseti hringir.) vinnum þetta saman á þinginu, ræðum málið og fáum fram ólík sjónarmið.

#### **Leikskóli að loknu fæðingarorlofi, frh. fyrri umr.**

Þáttill. SSv o.fl., 37. mál. — Þskj. 96.

[17:08]

#### **Björt Ólafsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem þingflokkur VG, Vinstri hreyfingar — græns framboðs, hefur hafið hér um leikskóla að loknu fæðingarorlofs, þ.e. leikskóla milli fæðingarorlofs og hefðbundins leikskóla sem byrjar tveggja ára. Það er í framhaldi af lögum nr. 143/2012, um rétt til fæðingarorlofs, til að tengja þá lengingu saman. Eins og fram kemur í tillögunni eru börn á Íslandi ekki skólaskyld á leikskólaaldri og mig langar að koma því að af því að mér fannst ég heyra hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur nefna í máli sínu að leikskóli væri lögboðin þjónusta. Hún er það ekki. Það eru lög um leikskóla en sveitarfélögin eru ekki skyldug til þess að reka leikskóla. Það er þannig að þau hafa samt séð sóma sinn í því að reka leikskóla og bera auðvitað af því umtalsverðan kostnað ásamt foreldrum. Því finnst mér mikilvægt í öllu tali og ályktunum frá þinginu um leikskóla að ákveðinnar hógvæðar gæti gagnvart sveitarfélögunum. Við skulum endilega hvetja til samráðs og samstarfs, ekki síst milli atvinnulífs, sveitarfélaga og Alþingis og það er gott að ríkið sé stóð til þessa.

Ég held það færi vel á því að við á Alþingi mundum leita leiða til þess að taka þátt í þeim kostnaði, til þess að brúa þetta bil og fagna umræðu og sjónarmiðum hv. þm. Svandísar Svavarsdóttur, þ.e. sjónarmiðum hennar um kynjajafnrétti sem hún reifaði hér í þessu sambandi öllu.

[17:11]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að hér skuli vera svoltíð af sveitarstjórnarfólki sem þekkir kannski akkúrat þessa hlið málaanna. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni rétt áðan að þetta er ekki lögboðin þjónusta sem við erum að ræða, enda er fjallað um það í ályktuninni að skipa samráðshópa sem hafa mjög víðtækra hagsmuna að gæta og er áætlun um hvernig hægt sé að gera þá hluti.

Þetta er afar mikilvægt mál fyrir fjölmargar fjölskyldur, ungar fjölskyldur og ég ætla að ræða málið í dag út frá hlutverkum skólastiga, út frá jafnréttis- og hagfræðilegum sjónarmiðum og hugmynd sem við Vinstri græn lögðum til á Alþingi fyrir nokkru síðan um gjaldfrjálsan leikskóla. Það er nefnilega svo að það foreldri sem gjarnan verður lengur heima eftir að fæðingarorlofi lýkur er frekar það sem hefur lægri tekjur og þar erum við konur óneitanlega í meiri hluta. Vegna launamismunar eru konur líklegri til að draga sig af vinnumarkaði þegar kostnaður við að velja daggæslu og atvinnuþátttöku er meiri en sá ávinningur sem hægt væri að afla með því að notast við hana. Með sömu rökum er líklegra að konur kjósi að vera í hlutastörfum en karlar í fullu starfi fyrstu ár barnsins. Þetta er eitt af því sem hefur myndað það sem ég vil kalla vítahring sem kjör og tækifæri kvenna á atvinnumarkaði eru.

Fórmarkostnaður þess að spara peninga og vera heimavinnandi er sá að fara á mis við reynsluna úti á vinnumarkaðnum. Þetta hefur áhrif á tækifæri fólks síðar á lífsleiðinni. Hlutverk skólastiganna hefur alla tíð verið ólíkt og má rekja til þess að Barnavinafélagið Sumargjöf setti árið 1945 á fót dagheimili sem var ætlað að jafna uppeldisskilyrði barna. Árið 1931 var fyrsti eiginlegi leikskólinn stofnaður og var þá hugsaður sem gæsluúræði fyrir börn útí vinnandi foreldra og einkum börn einstæðra mæðra. Það er svo ekki fyrr en 1944 sem leikskólinn er viðurkenndur sem fyrsta skólastigið. Heimspekingurinn John Dewey sagði reynslu og samspil mannsins við umhverfið vera grundvallaratriði í allri menntun og taldi það mikilvægara en námsgreina-bundna kennslu. Samfella þyrfti að vera í reynslu barnanna svo að athafnir og upplifanir byggðu á einhverju sem það hefði fengist við áður. Samkvæmt þessum hugmyndum Deweys ætti leikskólinn ekki að leggja áherslu á að undirbúa börnin fyrir grunnskólalagöngu heldur halda áfram að byggja við þá reynslu sem börnin taka með sér inn í fram-tíðina.

Grunnskólanám ætti hins vegar að byggja á þeirri reynslu sem börnin koma með úr leikskólanum og nota þá reynslu til að útvega börnunum viðfangsefni sem eru þeim ný og ókunnug. Stjórnvöld hafa sýnt metnað í að auka flæði á milli skólanna undanfarin ár og sá samhljómur sem finna má í námskrám þessara skólastiga eykur líkur á að samfella náist í skólalagöngu. Það hefur líka verið rætt og ritað að aukið samstarf skólastiganna sé hluti af farsælli skólabyrjun ungra barna. Í eldri tillögum Vinstri grænna um gjaldfrjálsan leikskóla kemur fram að leikskóli sé viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og fátt sem réttlæti að greitt sé fyrir skólahaldið á meðan önnur skólastig séu gjaldfrjáls eða töluvert mikið niðurgreidd. Þá hefur Félag leikskólakennara ályktað að leikskóli þurfi að vera hluti af menntakerfi samfélags-

þjónustunnar eins og önnur skólastig og að sveitarfélögin eigi að vinna markvisst að því að börnum gefist kostur á sex tíma leikskólalagöngu daglega án endurgjalds.

Við vitum öll að gjaldfrjáls leikskóli yrði kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn og mundi því leiða af sér fjölskylduvænna samfélag. Tölur frá Hagstofunni sýna fram á að skipting foreldra- og fæðingarorlofs árið 2011 var á þann veg að konur tóku að jafnaði um 180 daga en karlar einungis 81. Það er því þörf á að bregðast við. Fyrsti ávinningur með gjaldfrjálsan leikskóla væri jafnari tækifæri kynjanna til að samþætta fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku og samrýmist grundvallarhugsun Vinstri grænna. Síðasta ríkisstjórn lagði fram frumvarp um breytingu á lögum þar sem fæðingarorlof lengist úr samtals 9 mánuðum í 12 á ákveðnu tímabili. Það var liður í að bakfæra þær skerðingar sem urðu á orlofinu í kjölfar niðurskurðar frá árinu 2008. Í greinargerðinni kemur fram að feður taki fæðingarorlof í minna mæli en áður og megi það rekja að einhverju leyti til þess að karlar hafa að jafnaði hærri laun en konur og þess að hámarksorlof hafi lækkað mikið á undanförunum árum.

Í ritgerð Hildar Bjargar Vilhjálmisdóttur um gjaldfrjálsan leikskóla þar sem hún hefur að leiðarljósi jafnréttislega nálgun, kostnað og ávinning kemur meðal annars fram, með leyfi forseta:

„Einnig gæti menntunarstig í landinu hækkað og með aukinni atvinnuþátttöku mundu ráðstöfunartekjur heimilanna hækka umfram þá upphæð sem nemur leikskólalagöldum. Ef aðeins er horft til kostnaðar við að leggja af leikskólalagöld og hann miðaður við ýmis önnur útgjöld ríkis og sveitarfélaga, til dæmis barnabætur sem eru tekjutengdar. Er hægt að sýna fram á að gjaldfrjáls leikskóli ýti undir aukna virkni mæðra á meðan annars konar velferðarbætur gætu dregið úr virkni vegna hærri fórnarkostnaðar við að fara aftur út á vinnumarkað. Gjaldfrjáls leikskóli ætti því að vera forgangsatriði í velferðarhugleiðingum ríkis og sveitarfélaga. Annar ávinningur er sá að vegna lægri fórnarkostnaðar verður að teljast líklegra að konur fari fyrir út á vinnumarkað eftir fæðingarorlof, þær gætu einnig kosið að fara í nám og því gæti menntunarstig í landinu aukist. Af þessu tvennu leiðir að landsframléiðsla mun aukast og tekjur ríkis og sveitarfélaga sömuleiðis.“

Það er akkúrat þess vegna sem ég tel mjög mikilvægt að börn geti farið á leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi.

Það er ekki hægt að skýla sér á bak við það að leikskólinn sé ekki gjaldfrjáls þar sem hann er ekki skyldunám þar sem ríkið rekur framhaldsskóla og háskóla og hvorugt þeirra skólastiga er skyldunám. Það verður einnig að hætta að líta eingöngu á leikskóla sem gæslu ungra barna því að innan veggja leikskólans fer fram markvisst menntastarf eins og við vitum held ég flest hér.

Virðulegi forseti. Vissulega eiga mörg sveitarfélög erfitt eftir hrúnið og því mikilvægt að sú vinna sem er lögð til í þessari þingsályktunartillögu nái fram að ganga til að finna leiðir til að vinna þessu máli framgang. Velferðarkerfi sem kennir sig við jafnrétti ætti að hafa það sem meginmarkmið að bjóða leikskólaláss um leið og fæðingarorlofi lýkur og gera langtímaáætlun um gjaldfrjálsan leikskóla í samvinnu við sveitarfélögin. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Mjög mikilvægt er að samhlíða þeirri breytingu verði létt af ungbörnum og foreldrum þeirra óvissunni sem nú ríkir um dagvistunarmál þessa aldursþóps með því móti að sveitarfélögin sjái til þess að leikskólar þeirra standi árs-gömlum börnum opnir. Einungis með því móti er unnt að tryggja að velferðar- og uppeldismarkmið samfélagsins nái fram að ganga.“

Það kemur fram í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem heyrir undir félagsmálaráðherra að eitt af markmiðum félagsþjónustunnar sé að auðvelda foreldrum að stunda atvinnu. Í 30. gr. kemur fram að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn njóti hollra og þroskandi skilyrða, t.d. með því að sækja leikskóla. Í 33. gr. segir að sveitarstjórnin skuli tryggja framboð á leikskólarymi og skal framboðið vera í samræmi við þarfir barna. Í 1. gr. jafnréttis laga segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins,

b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu,

c. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf ...“

Það kemur líka fram í 16. gr. leikskólalaga frá því 2008 að sveitarstjórn eigi að koma á gagnvirkum samstarfi leikskóla og grunnskóla. Félagssleg tengsl og vinir þykja nauðsynleg þegar börn flytjast á milli skólastiga og barn sem fylgir vinum sínum við upphaf skólagöngu er líklegri til að upplifa ánægjulega skólabyrjun.

Að gera leikskólann formlega að fyrsta skólastiginu, þ.e. að fimm ára börn séu í raun skyldug til að sækja leikskóla, eykur líkurnar á því að börn til dæmis af erlendum uppruna sitji ekki eftir þegar kemur að vinatengslum og málkunni. Það ætti líka að geta spornað við einelti og að auki hjálpað erlendum fjölskyldum að samlagast umhverfi sínu.

Mig langar til að lesa upp nokkrar af þeim tillögum sem höfundur þeirrar ritgerðar sem ég vísaði til hér að framan telur að gott væri að skoða nánar, með leyfi forseta. Höfundur bendir á að skoða ætti:

„... hvar mikilvægast sé að stíga fyrsta skrefið í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. En sé það talið mikilvægast að báðir foreldrar komist út á vinnumarkað eða hafi tækifæri til að komast út á vinnumarkað að loknu fæðingarorlofi verður að byrja á að lækka dagvistunargjöld yngstu barna. Skoða hvort setja þurfi viðauka við lög þar sem tekið sé fram að börnum skuli tryggð dagvistun að loknu fæðingarorlofi. Helst gjaldfrjáls en að öðrum kosti ekki hærrí en sem nemur gjaldskrá leikskóla. Athuga hvornig best sé að fjármagna breytingarnar, sérstakar barnabætur eru greiddar til foreldra barna 7 ára og yngri, ein hugmynd væri að nota upphæð þess málaflokks frekar í gjaldfrjálsan leikskóla.“

Síðan bendir hún á að skoða megi hvort gjaldfrjáls leikskóli geti einnig dregið úr notkun annarra velferðarbóta eins og atvinnuleysis- eða örorkubóta og telur hún að með

aukinni atvinnuþátttöku kvenna almennt sé líklegt að landsframleiðsla hækki, en einnig sé hugsanlegt að færri vinnustundir þurfi á hverja manneskju til þess að landsframleiðsla standi í stað. Þannig yrði samfélagið í heild fjölskylduvænna.

Þetta er yfirskriftin hennar, jafnrétti og hagræn útfærsla. Þess vegna kemur hún kannski inn á þetta í tillögum sínum, hvað varðar alla þessa þætti. Málið er gott, held ég. Við vitum að það eru litlir peningar til alls staðar en málið krefst þess samt að það sé skoðað og ég held að ríki og sveitarfélög eigi að leggjast á eitt í málinu. Það er mikilvægt að tryggja öllum börnum leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi þar sem fagfólk heldur utan um þennan mannaúð fram tíðar okkar.

[17:21]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er lögð fram af þingflokki Vinstri grænna og þeirri umræðu sem hefur farið fram sem hefur verið afar málefnaleg og vönduð með rökstuðningi fyrir af hverju ástæða sé til að reyna að mæta þörfinni fyrir uppeldislegar aðstaður og umönnun og gæslu frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til að börn komast inn á leikskóla. Þetta er gamalt og nýtt baráttumál Samfylkingarinnar einnig því að þegar hér var lögð fram tillaga af fyrrverandi ríkisstjórn um að lengja fæðingarorlofið þá var einmitt eitt af markmiðunum að reyna að brúa þetta bil vegna þess að það ríkir víða mikil óvissa og það er ekki mikil samfella í þeim tilboðum sem gjarnan eru á dagvistarþjónustu eftir að fæðingarorlofi lýkur þangað til leikskóli byrjar. Þess vegna fagna ég þessari tillögu.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að sveitarfélögin eru að sjálfsögðu þeir aðilar sem verða að vinna að þessu enda kemur skýrt fram í tillögunni að það er verið að óska eftir því að ríkið taki frumkvæði að því að leiða saman aðila og ræða með hvaða hætti er hægt að koma til móts við þessa þörf. Ég vona sannarlega að jafnvel þó að hart sé í ári enn þá að okkur takist að lengja fæðingarorlofið í samræmi við þá samþykkt sem þingið hefur þegar gert og að það gangi í gegn árið 2016.

Íslendingar búa svo vel að enn eru barneignir á Íslandi með því mesta í Evrópu og eftir því sem ég best veit þá er enn verið að tala um 2,2 börn að meðaltali á hverja móður. Á sama tíma er það merkilegt að á Íslandi er atvinnuþátttaka almennt mjög mikil, ekki síst kvenna, með því mesta í heiminum. Það er auðvitað hluti af styrk okkar sem samfélags að geta búið þannig um að fólk eigi kost á því að ráða hvort það er á vinnumarkaði eða sinnir barnaupplidi. Í sjálfu sér eru það rök líka, sem hafa þegar komið fram í umræðunni, að það skipti máli fyrir börnin að fá að komast á leikskóla, vera í félagsskap, vera með öðrum börnum. Eins og hér hefur verið bent á og komið hefur fram í fjölmörgum undanfarið eru 10% af þeim börnum sem fæðast börn innflytjenda eða nýrra íbúa á Íslandi og þau börn þurfa ekki hvað síst á því að halda að komast inn á leikskóla og njóta þeirrar samveru sem þar er, bæði í gegnum leikinn og félagsskapinn sem þar er.

Þó að við ræðum þetta út frá samfélagslegum forsendum og út frá foreldrunum þá á þetta auðvitað, eins og hér hefur

komið ágætlega fram áður, að snúast fyrst og fremst um börnin. Hvað hentar þeim best? Þess vegna skiptir úrræðið miklu máli, hvort sem leikskólinn verður lengdur fyrir yngstu aldursþópna, sem er í raun og veru komið í gang í þó nokkrum sveitarfélögum, við megum ekki gleyma því, eða gripið verður til annarra lausna. Úrræðið þarf að vera vandað, það þarf mikið öryggi, vandað uppeldi, þroskavænlegt umhverfi, fræðslu og eins og ég segi góða umönnun. Við þurfum alla þessa þætti, okkur getur greint á um þetta og stundum er togast á um það hvernig börn læra og þá tek ég heils hugar undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að börn læra hvað best í gegnum leik á þessum árum og skiptir miklu máli að við nýtum okkur það betur en víða er gert í skólakerfinu núna.

Það er ekki tilviljun — og þess vegna eigum við að halda áfram — að á undanföllum árum og allt fram á þennan dag hefur Ísland verið skilgreint það land í heiminum þar sem er hvað best að vera með barn. Það hefur líka verið skilgreint að þar sé einna best að vera kona. Nú eru þessir mælikvarðar alltaf hættulegir og samanburðurinn og svo framvegis, en þarna eru þó að baki vandaðar kannanir og samanburðarupplýsingar og við eigum að leggja metnað okkar í að halda þessari stöðu þrátt fyrir þá erfiðleika sem hafa dunið á samfélagi okkar og hafa þann skýra fókus að mælikvarðinn á gott samfélag er hvernig við búum að börnunum okkar. Það er þannig í dag að við eigum leikskóla sem eru með þeim betri í heiminum. Þá tala ég af reynslu frá nokkrum löndum þar sem ég hef fengið að sjá hvernig búíð er að krökkum. Þó að auðvitað sé hægt að finna mismunandi útgáfur á Íslandi þá erum við með afar vel menntað fólk inni á leikskólum, við erum með góða aðstöðu og eigum að vanda okkur að missa það ekki niður þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu.

Ég tek því heils hugar undir þessa þingsályktunartillögu og treysti á að hún fái vandaða umfjöllun í þinginu, verði send til umsagnaradila og menn sameinist um að koma því í farveg með hvaða hætti við getum sinnt börnunum okkar best, fyrst með fæðingarorlofinu, síðan með úrræði eins og leikskóla sem þá tekur við sem er fyrsta skólastigið af mörgum í okkar kerfi. Ég treysti því á að þessi tillaga fái framgang, kannski næst það ekki, hún klárast varla á morgun en hún getur farið til umsagnar og verið endurflutt á þinginu í haust.

[17:27]

#### **Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):**

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir fagna fram kominni þingsályktunartillögu. Hún gefur okkur færi á, eins og hér er lagt til, að menntamálaráðherra í samvinnu við innanríkisráðherra sem fer með málefni sveitarfélaga verði gert kleift að setja á laggirnar nefnd til að skoða með hvaða hætti við getum brúað bil frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólinn hefst, á flestum stöðum annaðhvort eins eða tveggja ára. Ég held að það sé mikilvægt, og ég vil taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað, vegna jafnréttis kynjanna en það er engu að síður mikilvægt fyrir jafnrétti barna vegna þess að þeirra er kannski jafnréttið mest að fá að njóta þess að vera, kjósi foreldrar þeirra þess, í samskiptum við önnur börn og læri að læra í gegnum leik eins og tíðkast á flestum leikskólum í dag.

Það er hins vegar erfitt og ég hefði viljað sjá og vona að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hérna eru með þátttöku annarra hagsmunaaðila í huga, að það séu væntanlega aðilar vinnumarkaðarins. Ég held að þarft sé að þeir hagsmunaaðilar komi inn í að ræða þetta jafnt með sveitarfélögum og ríki vegna þess að það skiptir líka máli fyrir aðila vinnumarkaðarins að vel sé að þessum málum staðið fyrir börn á Íslandi. Það er einfaldlega þannig. Í dag tíðkast að flestir foreldrar vinna báðir úti og þó að um sé að ræða einstæða foreldra þá á barnið annað foreldri annars staðar og væntanlega báðir aðilar í vinnu. Og þá skiptir máli að við búum þannig um öryggi barna að það sé tryggt.

Ég vil hins vegar líka að við veltum því upp, þrátt fyrir að í samfélagsumræðunni undanfarið hafi ungbarnaleikskóli verið í umræðunni á mjög neikvæðan hátt, að til eru ungbarnaleiksskólar, sem hafa önnur rekstrarform en að vera reknir af sveitarfélagi, sem standa sig með mikilli þryði. Við þurfum frekar að setja eftirlitinu þær skyldur að fylgjast betur með en að útiloka ólík rekstrarform hvað þetta varðar. Eftirlitið er miklu mikilvægara en setja hér boð og bönn.

Einnig hefur verið rætt um hvort vera ætti gjaldfrjáls leikskóli. Í dag er það þannig, að ég held hjá flestum sveitarfélögum, að foreldrar taka þátt í 1/3 af því sem það kostar að hafa barn á leikskóla. Það er í kringum 35–40 þús. kr. sem foreldrar greiða svona vítt og breitt um landið, en kostnaðurinn liggur á bilinu 100–110 þús. kr., eða lá það a.m.k. á þeim tíma þegar ég var sveitarstjórnarmaður á árunum 2002–2007. Ég hef ekki trú á að sá kostnaður hafi lækkað heldur sé bilið áþekkt í dag eins og það var þá og það sé í kringum 1/3 sem foreldrar greiða.

Það þarf hins vegar að vera umhugsunarefni og getur verið einn þáttur þess að skoða verkefnið, hvort þetta skólastig á að vera gjaldfrjálst eður ei. Það er ekki lögboðið eins og hér hefur komið fram. Það er val sveitarfélaga og flest sveitarfélög veita þessa þjónustu og telja það skylt. Fáa sveitarstjórnarmenn hef ég hitt sem eru reiðubúnir þegar kemur að hagræðingu eða niðurskurði að slá af leikskólann. Sú þjónusta er því væntanlega komin til að vera.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað. Þingsályktunartillagan er af hinu góða. Það verður þarft að fá sjónarmið ólíkra aðila til þessa verkefnis. Við vitum að það er kostnaðarsamt en við vitum líka að kostnaðarsamt er að geyma mannaúðinn heima þegar hann getur verið á vinnumarkaði og skapað tekjur fyrir sig og fjölskyldu sína og einnig fyrir samfélagið í heild. Þingsályktunartillagan er virkilega þess virði að við skoðum hana frekar og væntanlega verður endir hennar sá að ráðherrar sem hér eru tilnefndir skipi nefnd til að fjalla um þetta verkefni.

[17:32]

#### **Þórunn Egilsdóttir (F):**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda og flutningsmanni þessarar þingsályktunartillögu, hv. þm. Svandís Svavarsdóttur, fyrir góða yfirferð og kynningu og vil ég í raun taka undir með öllum sem hér hafa talað. Þetta er mikilvægt mál sem við þurfum að skoða og finna leiðir í. Þetta

kemur ekki hvað síst inn á jafnréttismálin sem mér eru töluvert hugleikin. Eins og fram hefur komið snertir þetta náttúrlega jafnrétti barna um allt land og ekki síst jafnrétti kynjanna af því að sú er raunin að konur hafa frekar dregið sig út af vinnumarkaði þegar að því kemur að sinna börnunum á þessu æviskeiði.

En reyndin er sú að sveitarfélög víða um land hafa lagt mikinn metnað í rekstur leikskóla þrátt fyrir að það sé ekki lögbundið hlutverk þeirra og mörg hver og kannski flest sinna þessum þætti afskaplega vel með góðu starfsfólki, öflugum og góðu starfi sem okkar hlutverk er kannski að styðja og styrkja. Ég fagna því framlagningu þessarar þingsályktunartillögu og ég vona að við finnum leiðir til að finna henni farveg og þá í góðu samræði við alla hlutaðeigandi, bæði atvinnurekendur og ekki síst sveitarfélögin sem búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og við getum leitað í smiðju til til að fá umsögn og leiðbeiningar um það hvert hlutverk okkar á Alþingi ætti að vera. Ég þakka framlagningu þessarar þingsályktunartillögu.

[17:34]

#### **Pétur H. Blöndal (S):**

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Ég tel mjög mikilvægt að við hv. þingmenn förum að líta á þetta kerfi allt saman frá sjónarhorni barnsins líka. Mörg börn geta farið að heiman tveggja ára, en fá eins árs. Sum þeirra þurfa að bíða til þriggja ára aldurs til að geta farið að heiman út í heiminn. Ég þekki það mörg börn að ég veit að það er oft mikill grátur og gnístran tanna þegar er verið að venja börnin við eins og kallað er. Ég held að menn þurfi að skoða ýmsar leiðir í þessu.

Það sem gleymist alveg í þessari umræðu og er ekki nefnt í þingsályktunartillögunni er foreldraorlofið sem er til staðar í dag. Það er heimild foreldra til að taka sér ólaunað frí. Ef því er blandað saman við fæðingarorlofið og þá staðreynd að sveitarfélögin borga að meðaltali 130 þús. kr. á mánuði fyrir plássíð og það er dýrast fyrir eins árs barn, 180 þús. kr., væri hægt að láta foreldrana fá 180 þús. kr. fyrir eins árs barn skattfrjálst og blanda því saman við foreldraorlofið, sem er heimild til að taka launalaust leyfi, og fæðingarorlofið. Þá gætu foreldrar verið lengur heima en í dag, jafnvel til tveggja ára aldurs, skipst á um það.

En þá kemur að einum þætti sem vantar inn í þetta líka og það er atvinnulífið. Atvinnulífið þarf að vera sveigjanlegt og heimila t.d. foreldrum að vinna hálfan daginn hvoru og svo skiptast þau á, þau geta jafnvel notað sama bílinn, með skynsamlegri skiptingu. Þarna þarf atvinnulífið að koma inn í og bjóða foreldrum hálf dagsstörf þannig að þeir geti skipst á um að vera heima öllum til hamingju og ánægju. Það er mitt mat. Það er mjög leiðinlegt að vera með barni allan daginn, það er mikil frústrasjón, ég hef prófað fyrir langalöngu að heyra bara „bla bla“ allan daginn [Hlátur í þingsal.] og tala aldrei við fullorðið fólk. Hins vegar er mjög gefandi að vera hálfan daginn með barni og hinn helminginn með fullorðnu fólkum sem maður getur talað íslensku við.

Ég held að menn ættu að skoða þetta allt saman. Við höfum sett á fæðingarorlof í níu mánuði og hvað svo? Ég er

búinn að spyrja að þessu mörgum sinnum. Hvað svo? Ég hef ekki fengið svar. Menn eru með alls konar neyðarúr-ræði. Það eru dagmæður, ágætisfólk sem vinnur mjög gott starf en oft og tíðum er aðstaðan ekki mjög góð. Svo eru mjög dýr pláss á vöggustofum sem kosta eins og ég segi 180 þús. kr. á mánuði. Ég mundi vilja að menn skoðuðu þetta allt saman í heild sinni og alveg sérstaklega út frá sjónarhorni barnsins. Ég hef skynjað það á börnum að þau vilja fara í heimsóknir upp úr þriggja ára aldri, þá vilja þau fara að kanna heiminn utan veggja heimilisins. Þá finnst mér alveg sjálfsagt að þau fari á leikskóla. Sum þeirra geta farið tveggja ára, vissulega, en mjög fá eins árs. Þau eru reyndar ekki spurð þá, þau eru yfirleitt aldrei spurð. Þetta er alltaf einhver þvingun, neyð foreldrana, þau verða bæði að sækja vinnu.

Ég held að menn ættu að skoða það að sá kostnaður sem sveitarfélagið ber renni til foreldrana. Þetta er einmitt mikilvægt til umræðu í Þýskalandi í kosningabaráttunni þar, að kostnaðurinn renni til foreldrana og hann getur runnið þangað skattfrjálst því hann er skattfrjáls í dag. Menn fá þennan kostnað frá sveitarfélaginu, þeir borga ekki skatt af honum, þetta eru ekki hlunnindi þannig að sá kostnaður er skattfrjáls í dag.

Ég fagna þessari tillögu og ég vil að sú nefnd sem fær hana til skoðunar skoði þessa þætti sem ég hef nefnt, þ.e. hlutdeild atvinnulífsins, því sé bætt inn í þingsályktunartillöguna, og foreldraorlofið sem er í lögum í dag.

[17:38]

#### **Páll Valur Björnsson (Bf):**

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari tillögu frá hv. þingflokki Vinstri grænna og tel þessa umræðu virkilega þess virði að taka hana. Konan mín er leikskólustjóri og ég kem mikið inn á leikskóla. Mér finnst gaman að hlusta á hv. þm. Pétur H. Blöndal þegar hann talar um blessuð börnin sem eru í aðlögun, að það sé misjafnt eftir því á hvaða aldri þau eru hvernig þau þola það. Ég kom einmitt inn á leikskóla nú í síðustu viku og þar var einn í aðlögun og hann horfði á mig bænaraugum hágrátandi og spurði um mömmu — en svona er þetta.

Ég fagna sérstaklega þeim þætti sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi, það er þætti atvinnulífsins. Hvernig getum við reynt að laga atvinnulífið að börnunum en ekki börnin að atvinnulífinu? Það er einhvern veginn þannig sem við þurfum að taka alla þessa umræðu, allan þennan vinkil. Þess vegna fagna ég þessari tillögu og vona að þetta fari áfram í þann farveg að við getum rætt þetta á málefnalegan og góðan hátt. Ekkert er mikilvægara í þessu þjóðfélagi en börnin, hvernig við öllum þau upp, hvernig samfélag við viljum byggja. Það er gríðarlega mikilvægt og ekki síst á tímum eins og þessum þegar báðir foreldrar þurfa að vinna úti til að ná endum saman.

Ég hef fylgst með frændfólki mínu og öðru fólkum sem er með lítil börn — afi og amma eru ekki alltaf til taks í dag því að þau eru að vinna. (Gripid fram í.) — Já, segir hv. þm. Ragnheiður Ríkhardsdóttir. Þau eru ekki alltaf til staðar eins og var í gamla daga. Maður gat alltaf hlaupið til ömmu og afa eftir skóla og annað. Það er bara ekki þannig í dag. Ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að vera varaafi og það

er dásamlegt starf að taka það að sér. En þetta er mjög þörf umræða og við þurfum að taka á þessu af fullum krafti og einhvern veginn fá heildstæða niðurstöðu í þetta.

Það er gríðarlegur kostnaður sem fylgir þessu. Þetta kom til umræðu í sveitarstjórn í Grindavík fyrir nokkrum árum, þá var einkaskóli sem vildi koma til Grindavíkur. Það var ekki samþykkt þá. En það þarf að ræða þetta. Það er gríðarlegur kostnaður sem fylgir þessu en samfélagið — allir í samfélaginu þurfa að taka sig saman um að fá niðurstöðu í þetta og leggja sitt af mörkum til að þetta sé hægt. Eins og hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sagði áðan þá er mikilvægt að hafa mannaúðinn — þó að maður vildi náttúrulega sjá börnin heima hjá mömmu og pabba til tveggja ára aldurs að lágmarki því að ekkert er börnunum mikilvægara en foreldrarir, þeir eru kennararnir þeirra nr. eitt, tvö og þrjú, nógu snemma fara þau samt.

Ég fagna þessari tillögu og mun leggja mitt af mörkum til að við fáum góða niðurstöðu í málið.

[17:41]

#### **Flm. (Svandís Svavarsdóttir) (Vg):**

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir afar góða umræðu um framkomna þingsályktunartillögu og jákvæðar undirtektir þverpólítískt, sem er sérstaklega ánægjuleg upplifun. Þó að áður hafi verið vakin athygli á því, undir þessari umræðu, held ég að rétt sé að vekja athygli á því að hér í þingsal er um að ræða mikinn mannaúð að því er varðar reynslu af sveitarstjórnarstiginu og reynslu af uppeldi og kennslu. Hér hafa talað mjög margir kennarar af ýmsum skólastigum og sveitarstjórnarmenn sem hafa reynslu af því að sinna sveitarfélögunum og hafa haft ýmiss konar aðkomu að því að sinna börnun og framtíðinni.

Mig langar til að bregðast við örfáum punktum sem komu fram í umræðunni. Í fyrsta lagi var mér bent á það hér utan ræðustóls að í tillögunni er sagt: „nefnd með þáttöku sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila“. Þetta er yfirsjón þeirrar sem hér stendur því að sveitarfélögin eru ekki hagsmunaaðilar heldur hluti af samfélaginu. Það skiptir máli að orða þetta rétt og þetta bendir til þess að sveitarstjórnarhjarðaði í mér sé orðið eitthvað kalkað. Fólk sem var í sveitarstjórn fyrir ekki svo löngu hefur bent mér á þetta og ég heiti því að ég mun láta laga þetta áður en mælt verður fyrir tillögunni á nýju þingi.

Hv. þm. Björt Ólafsdóttir nefndi að hér hefði verið fullrytt að um lögboðna þjónustu væri ræða. Ég minnst þess ekki að hafa gert það en ef svo er þá var það ekki meiningin heldur ræddi ég um að skilgreina þyrfti þetta sem hluta af grunnþjónustu og það var hluti af þeirri pólitík sem ég var að rekja hér áðan, að fjölskyldur nytu þessarar þjónustu án endurgjalds, sem hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir fór ágætlega yfir að því er varðar aðkomu Vinstri grænna í pólitískri umræðu.

Hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir nefndi þó nokkra punkta í þessu og mér finnst áhersla hennar á jafnrétti barna gríðarlega mikilvægur punktur sem ég kom ekki að í framsögu minni. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gekk enn lengra og sagði að við þyrftum að horfa á þetta út frá sjónarhorni barnsins. Það er kannski dýrætasta veganestið í vinnu sem varðar almennt fjölskyldur og heimili í landinu. Stund-

um erum við að tala um aðgerðir til að bjarga heimilunum og horfum þá stundum bara á heimilin eins og þau séu rekstraréining. En heimilin eru líka þetta, heimilin eru líka uppeldi og daglegt líf í kringum börn og það hversu sveigjanlegt eða ósveigjanlegt atvinnulífið er til að mynda eins og hér hefur líka verið rætt og mikilvægi þess að atvinnulífið komi að þessari umræðu.

Þegar ég nefndi hagsmunaaðila þá nefndi ég það mjög vítt og gerði ráð fyrir að nefndin mundi útfæra það betur. Ég var líka að hugsa um stéttarfélög, kennarasamtökin, fagfélögin og þá aðila en auðvitað er gríðarlega mikilvægt að þarna komi inn umræðan um sveigjanlegan vinnutíma, um styttingu vinnuvikunnar, ýmislegt sem verið hefur í umræðunni varðandi samspil fjölskyldulífs og vinnumarkaðar. Þá erum við náttúrulega komin eitt skref inn í umhverfi kjarasamninga þannig að sú umræða sem hér er er ekkert eyland, enda gerum við ráð fyrir að hún taki töluverðan tíma og við höfum tímann þar til lögin hafa komist til framkvæmda til að útfæra þessa nálgun.

Af því að hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir nefndi tiltekin úrræði sem hafa verið fyrir hendi, sem hafa verið annars konar rekstrarform en nálgun opinberra aðila eða sveitarfélaga, þá fjallar þessi tillaga í sjálfu sér ekkert um það. Þar eru pólitísk bitbein og þau hafa verið rædd en mér finnst þetta ekki vera farvegurinn eða vettvangurinn fyrir þá umræðu beinlínis. Það sem hér er rætt er að sveitarfélögin hafi yfir þessu tilboði að ráða, bjóði sem sagt þennan valkost en að við séum ekki í þeirri klemmu að það séu annaðhvort lítil eða engin úrræði eða fáir aðilar sem bjóða úrræði sem eru misgóð eins og við þekkjum með misboðlegum aðstæðum, sem er að sumu leyti barn síns tíma en sums staðar mjög vel leyst. Það er gríðarlega mörg dæmi um góða leikskóla sem eru reknir af einkaaðilum sem hafa til að mynda orðið til í gegnum félagslegt frumkvæði á sínum tíma meðan þessi úrræði voru ekki einu sinni fyrir hendi. Ég vil nefna sem dæmi Barnaheimilið Ós sem var og er foreldrarekið dagheimili sem var sett á stofn af foreldrum sem höfðu kynnst úrræðum af þessu tagi erlendis hafandi verið í námi. Sá leikskóli er enn til næstum því 40 árum síðar, ég held það séu nákvæmlega 40 ár á þessu ári.

Hv. þm. Þórunn Egilsdóttir dró líka fram þennan punkt sem ég reifaði aðeins í framsögu minni, þ.e. jafnrétti barna ekki bara óháð félagslegri stöðu heldur líka óháð búsetu. Þar komum við inn á hina mismunandi stöðu sveitarfélaganna og mikilvægi þess að við séum í raun að tryggja að staða barnafjölskyldna sé jöfn óháð búsetu, að það sé ekki undir hælinn lagt að þjónusta við barnafjölskyldur sé fyrir hendi í sveitarfélögunum. Þá er ég ekki endilega að tala um einhverja löggjövingan. Ég er miklu frekar að tala um það að við nálgumst þetta þannig að það sé raunverulegt eftirsóknarvert sameiginlegt verkefni fyrir öll sveitarfélögin að búa vel að fjölskyldum. Það er auðvitað það sem maður sér og það er áhugavert að sjá það. Ég rakst á það í umræðu fyrir einhverjum mánuðum að sú breyting hefði orðið hvað varðar val á búsetu að áður fyrr hafi val á búsetu ráðist meira af starfi karlsins en sé farið að ráðast meira af skóla og möguleikum fyrir börnin, að þetta sé ákveðin samfélagsþróun sem sé að eiga sér stað. Það er því eftirsóknarvert fyrir sveitarfélög að hafa öflugna valkosti fyrir barnafjölskyldur



og ég held að allir sveitarstjórnarmenn úti um land þekki þetta á eigin skinni. Hvort sem það er íþróttaaðstaða, tónlistarnám eða hvað sem er fyrir börnin — þar með eru orðnar meiri líkur á að fólk setjist að varanlega.

Hv. þm. Pétur Blöndal fór yfir ýmsar hliðar málsins eins og hann gerir einatt og meðal annars umræðuna um heimgreiðslur sem eru heldur ekki hluti af þessari umræðu og er enn og aftur pólitískt bitbein og jarðsprengjusvæði. Rannsóknir liggja að baki því að heimgreiðsluferfi letja konur til að fara á vinnumarkaðinn og eru þess vegna kerfi sem eru varhugaverð. En um leið held ég að ef við nálgumst þessa tillögu með þverpólitískum gleraugum þá sé það eitt af því sem verði rætt, það hlýtur að vera eitt af því sem er undir en útgangspunkturinn hjá tillöguflýjtjanda er ekki sá.

Hv. þm. Páll Valur Björnsson með reynslusöguna úr fatakleanum — það skiptir vissulega miklu máli að við áttum okkur á því að þarna eru litlar sálir á ferð. Það vill svo skemmtilega til að hér er verið að tala um ömmur og afa nútímans og hér stendur fjögurra barna amma sem er ekki að sinna barnabörnunum í augnablikinu heldur að halda ræður um hve mikilvægt sé að sinna barnabörnunum. En þetta er sá veruleiki sem er uppi og við erum gæfusöm að geta nýtt okkar pólitíska innsæi og vilt til að leggja fram tillögur sem eru til góðs fyrir samfélagið í heild og ekki síst fyrir börnin og þar með fyrir framtíð þessa lands.

Ég vil að lokum þakka fyrir góða yfirferð og góða umræðu um málið. Ég vænti þess að málið fari til nefndar að lokinni þessari umræðu og nái að verða sent til umsagnar. Væntanlega mun það ekki klárast á morgun en þá mun ég mæla fyrir því í sömu eindrægni og gleði í október og ég gerði í dag.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og allsh.- og menntmn.

### ***Frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum, fyrri umr.***

Páltill. ÖJ o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

[17:51]

#### **Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):**

Hæstv. forseti. Ef umræðan gæti flætt á milli dagskrárlíða mundi ég gjarnan vilja taka undir með hv. þm. Svandísi Svavarsdóttur, að þegar fólk horfir til búsetu hygg ég að það sé alveg hárrétt, sem fram kom í hennar máli, að fólk láti sig skipta hvernig búíð er að börnum í nágrenni tilvondandi vinnustaðar.

Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum sem ég lagði fram í vor ásamt hv. þingmönnum Árna Þór Sigurðssyni og Bjarkeyju Gunnarsdóttur.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra að senda tilmæli til Íbúðalánasjóðs og áskorun til lífeyrissjóða og fjármálastofnana um að fresta öllum innheimtuaðgerðum og nauð-

ungarsölum uns niðurstaða liggur fyrir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skuldamállum heimilanna.“

Í upphafi greinargerðar með tillögunni, ályktuninni, segir:

„Í aðdraganda alþingiskosninganna og í tengslum við myndun núverandi ríkisstjórnar voru gefin út mjög afdráttarlaus loforð um aðgerðir í þágu skuldugra heimila, þar á meðal var heitið verulegri lækkun á höfuðstól lána. Þetta hefur skapað væntingar en jafnframt leitt til óvissu.“

Ég held að óhætt sé að segja að á undanförmum vikum og dögum hefur ekki dregið úr þeim yfirlýsingum sem gefnar hafa verið og þar af leiðandi þeim væntingum sem uppi eru, ekki síst eftir að menn eru farnir að tala um að slá heimsmet í skuldaniðurfærslu.

Síðar í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Eftir sem áður er staðhæft að verulegra aðgerða sé að vænta sem muni rétta hlut lántakenda. Fyrir fólk sem komið er í greiðsluþrot eða er í þann veginn að missa heimili sitt skiptir sköpum að fá boðaða úrlausn sem allra fyrst, megi það verða til að forða frá heimilismissi eða gjaldþroti. Einnig skal halda því til haga að ákveðin biðstaða hefur myndast á fasteignamarkaði og í úrvinnslu greiðsluferðleikamála. Er ástæðan meðal annars væntingar einstaklinga til þess að fá lausn sinna mála og er mikilvægt að koma til móts við þann hóp. Ef úrræði ríkisstjórnarinnar ganga eftir gæti ákveðinn hópur fengið lausn sinna mála án greiðsluferðleikaúrræða, svo sem greiðsluáðlögunar eða gjaldþrots. Af þessum sökum er mikilvægt að kanna þessa leið til að einstaklingar geti notið þessara úrræða og hlýtur það að vera auðsött þar sem ríkisstjórnin hefur gefið loforð um skjótar efndir.

Þess vegna er hér lagt til að á meðan tillögur ríkisstjórnarinnar eru í vinnslu verði Íbúðalánasjóði gefin fyriræli um að fresta öllum innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum uns niðurstaða liggur fyrir í boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar og lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum send samsvarandi áskorun.“

Þetta hefur verið til umræðu hér í þinginu að undanförmu og þá einnig 10. september sl. Þegar rætt var um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Þá viku einhverjir þingmenn í stjórnarmeirihlutunum orðum að fyrrverandi stjórnarliðum og sögðu að það skyti skökku við að þeir væru uppi með málflutning af þessu tagi og minntu á að að meðaltali, alla vega seinni hluta tímabilsins, hefðu þrjár fjölskyldur verið bornar út á dag.

Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna í bréf frá Vilhjálmi Bjarnasyni, formanni Hagsmunasamtaka heimilanna, sem hann hefur sent mér og eflaust mörgum öðrum þingmönnum. Þar gerir hann þau ummæli, sem ég vék að hér síðast, að umræðuefni. Hann segir að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi hafi engin breyting orðið. Þrátt fyrir þær yfirlýsingar og heitstrengingar sem núverandi ríkisstjórn gaf og ríkisstjórnarflokkar gáfu í aðdraganda kosninganna hafi engin breyting orðið og enn séu þrjár fjölskyldur á dag bornar út af heimilum sínum.

Ég ætla að vitna í bréfið, með leyfi forseta:

„Ég og við í Hagsmunasamtökum heimilanna höfum verið að reyna að fá ykkur þingmenn og ráðherra til að sjá að það gengur ekki að þremur fjölskyldum sé hent út á degi

hverjum. Hvernig má það vera að þið getið horft upp á það að á meðan beðið er boðaðra aðgerða ykkar sjálfra muni þrjár fjölskyldur á dag missa heimili sín sem mundu hugsanlega geta bjargast ef og þegar þessar boðuðu aðgerðir ykkar koma til framkvæmda í haust? Ef þið trúið ekki sjálfir á það sem þið eruð búnir að setja fram um lausnir handa heimilunum, hvernig getið þið þá ætlast til að við trúum því?

Ég skal trúá ykkur og ríkisstjórninni um að þið ætlið að gera eitthvað fyrir heimili landsins ef þið stöðvið nauðungarsölu og gjaldþrot strax núna á septemberþinginu. Með þessu er ég að hvetja þessa ríkisstjórn til að gera eitthvað í þessum málum strax og sannarlega er ég ekki að mæra seinustu ríkisstjórn sem stóð sig engan veginn fyrir heimili landsins.“

Það er Vilhjálmur Bjarnason, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, sem undirritar þetta bréf.

Þetta er einmitt það sem margir hafa sagt og beint gagnrýni að okkur sem höfum setið í ríkisstjórn undanfarin fjögur ár, að við höfum ekki staðið okkur sem skyldi. Það er allveg rétt að finna má að ýmsu sem við gerðum eða gerðum ekki. En þó vil ég nefna að í upphafi kjörtímabilsins var sett frost á nauðungarsölu. Það frost var framlengt að minnsta kosti einu sinni, ekki við nein gríðarleg fagnaðarlæti frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en það var gert. Það var gert meðan í ljós kæmu þau úrræði sem ríkisstjórnin hefði að bjóða fólki sem ætti í skuldaerfiðleikum. Þetta var gert.

Síðan er nauðsynlegt að setja þessi mál í sögulegt samhengi þannig að menn séu látnir njóta sannmælis í þessari umræðu. Nú vitum við að engu okkar sem hér erum finnst það í lagi þegar verið er að bera fólk út af heimilum sínum. Engu okkar finnst það vera í lagi og við viljum öll að sjálf-sögðu reyna að koma í veg fyrir það. En við verðum þá að taka alvarlega þau loforð sem sett voru fram fyrir kosningarnar og flokkarnir voru kosnir samkvæmt. Þetta voru loforðin sem fólk hafði fyrir sér þegar gengið var til síðustu alþingiskosninga.

Því miður varð reyndin ekki sú eftir hrúnið að setja lánamálin undir neyðarlögin. Það hefði verið hyggilegt að gera það. Þá er ég að horfa til gengislánanna, ég er að horfa til alls kyns misvísandi framkvæmdar og dómsuppkvaðninga varðandi lánamálin. Við hefðum getað sparað okkur mikið með því.

Ég var sammála þeim tillögum sem fram komu frá Hagsmunasamtökum heimilanna um almennar niðurfærslur. Ég taldi það vera rétta niðurstöðu. Við vorum ekki öll á einu máli í þessu og það voru engar flokkslínur í því. Misunandi sjónarmið voru uppi hvað þetta snertir. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var hins vegar alveg klár á því að þetta mætti ekki gera, en við vorum mörg á þessu máli.

Lokaorrustan að mínum dómi átti sér stað haustið 2010 í ströngum fundarhöldum sem fóru fram í Þjóðmenningarhúsinu, síðan í Stjórnarráðinu, við fjármálafrirtækina, við lífeyrissjóðina þar sem freistað var að ná samkomulagi um niðurfærslu lána, sem þessar stofnanir tækju þátt í. Það samkomulag náðist ekki, heldur sátum við uppi með hótanir frá fjármálastofnunum og ekki síst lífeyrissjóðnum um að farið yrði í alls kyns skaðabótamál um eignaupptöku ef menn voguðu sér að setja einhver lög um þetta eða þvinga

þetta fram með einhverjum stjórnvaldsaðgerðum. Enginn grundvöllur var fyrir hinu, að við næðum samkomulagi um þetta.

Hvað gerðum við þá? Þá var ákveðið að setja sérstakan skatt á fjármálafrirtækina til þess að fjármagna kjarabætur til þurfandi fólks, skuldugra heimila. Á þeim grundvelli komum við með hinar sérstöku vaxtabætur, bættum þar verulega í, til að létta undir með skuldugum heimilum. Þetta gerðum við þá. Að sjálf-sögðu er allt önnur aðgerð að lækka höfuðstólinn vegna þess að sú aðgerð er varanleg og nær inn í framtíðina en ekki hin, að koma með plásturinn á hverju ári í vaxtabótum. En fyrir einstaklinginn og fjölskylduna skiptir að sjálf-sögðu máli þegar einhver hundruð þúsunda koma inn í heimilisbókhaldið með þessum hætti. Þetta voru þær ráðstafanir sem við gripum til eftir að ljóst varð að við mundum ekki ná samkomulagi við fjármálafrirtækina og lífeyrissjóðina um skuldaniðurfærslu.

Í kosningunum settum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fram ákveðnar tillögur um hvernig unnt væri að nota vaxtabæturnar og þá hugsanlega sérstakar vaxtabætur sem yrðu fjármagnaðar með skattheimtu frá fjármálafrirtækjunum, til að lækka höfuðstól. Við tefldum þessu fram í kosningabaráttunni en gáfum engu að síður engin sver loforð, kannski líka brennd á því hvað hægt væri að okkar mati að gera og hvað við gætum staðið á að lofa afdráttarlaust gagnvart fólki sem væri í neyð.

Það voru ekki allir á þessum buxum. Framsóknarflokkurinn sérstaklega setti fram mjög ákveðin loforð og Sjálfstæðisflokkurinn gekkst inn á þau loforð með því að mynda stjórn með Framsóknarfloknum. Nú er okkur sagt að við fáum að vita í nóvember með hvaða hætti loforð um að færa niður höfuðstól lána verði framkvæmd. Síðast í dag er verið að fullyrða við okkur að þetta verði gert, og það er tíf- að á því í fjölmiðlum og í þingsal og hvar sem er að þetta verði gert. Með öðrum orðum að staðið verði við það að koma til móts við skuldugt fólk með því að færa niður höfuðstól. Allt í lagi, skyldi það ekki skipta máli fyrir skuldug heimili? Og er ekki eðlilegt að fólk sem stendur frammi fyrir því að verða borið út af heimili sínu eða missa heimili sín geri þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún sýni í verki að hún trúir á sjálfa sig, að hún trúir því sjálf að hún ætli að standa við loforð sín? Um það fjallar þessi þingsályktunartillaga, að hið sama verði gert og við gerðum sem sátum í fyrri ríkisstjórn að setja uppboðin í frost, að núverandi stjórnarflokkar geri það sama og við gerðum.

Við hétum því að gera allt sem við gætum til að koma til móts við skuldug heimili. Það er gagnrýnt að við höfum ekki gert nóg, við skulum taka þeirri gagnrýni. En við sögðum: Á meðan það er að gerast skulum við setja þetta í frost. Tillagan gengur út á þetta. Ég spyr stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og aðstandendur þessara loforða: Ætla þeir ekki að sýna okkur í verki að þeir trúir á sjálfa sig?

[18:05]

### Forseti (Óttarr Proppé):

Forseta láðist við lok 6. dagskrárliðar að senda málið til allsherjar- og menntamálanefndar og síðari umr. og er það gert hér með ef enginn hreyfir andmælum.

[18:05]

**Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Í þessari þingsályktunartillögu eru tilmæli, sem sagt, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra að senda tilmæli“ til kröfuhafa í rauninni. Það er hægt að láta ákveðna afstöðu þessara ráðherra til málsins fylgja þessum tilmælum þannig að þetta hafi smátt og smáklær, hafi smáhvata til að farið verði að þessu. Eins og kom fram í umræðum í dag, sérstökum umræðum um eignarrétt lántakenda, þá getur innanríkisráðherra þrýst á það með því að segja að hún ætli að skoða þann möguleika að sjá hvernig hún framfylgi tilskipunum frá Evrópusambandinu sem hafa verið innleiddar í íslensk lög þegar kemur að því að heimili fólks séu ekki sett á uppboð ef vafi er um lánasamningana. Við vitum öll að það er vafi um lánasamninga. Ríkisstjórnin hefur bent á þennan vafa í þingsályktunartillögum og lagafrumvörpum og talað um að flýta dómsmálum sem er mjög virðingarvert.

Í þessari þingsályktunartillögu felast tilmæli til kröfuhafa um að fresta öllum innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum. Þráttar eru sérstaklega hlyntir því, og það er partur af okkar stefnu, að ekki skuli farið í nauðungarsölur þegar kemur að heimilum fólks.

Dómafordæmi í Evrópu samkvæmt lögum sem hafa verið innleidd á Íslandi segja að það megi ekki — megi ekki — áður en dómstólar skera úr um mál, um lögmæti lánasamninga, fara í nauðungarsölur á heimilum fólks. Þetta er skýrt.

Innanríkisráðherra getur stigið fram og sagt: Þetta ætli um við að skoða. Við ætlum að skoða önnur úrræði til að setja smákraft í þessi tilmæli til kröfuhafa, til að skapa smáhvata í þessi tilmæli til kröfuhafa um að fara ekki í nauðungarsölur á heimilum fólks.

[18:08]

**Bjarkey Gunnarsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóni Þór Ólafssyni að í tillögunni eru einmitt tilmæli annars vegar og svo áskorun sem á að vera hægt að framfylgja án þess að það taki stórkostlega á kerfið. Fyrir í dag þar sem var rétt um eignarrétt lántakenda kom margt afar áhugavert fram en nú er til umræðu tillaga okkar nokkurra þingmanna Vinstri grænna til þingsályktunar um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum. Ég vona svo sannarlega að hún fái góðar undirtektir.

Stjórnvöld hafa boðað stórtækari aðgerðir til lækkunar á lánum einstaklinga í skuldavanda en dæmi eru um áður. Í umræðum um vel kunna þingsályktunartillögu ríkisstjórnarflokkanna sem dreift var á Alþingi þann 11. júní gekkst hæstv. forsætisráðherra Sigmundur Davíð Gunnlaugsson greiðlega við því að íslenskum almenningi hefði með þingsályktunartillögunni verið gefnar ástæður til að vænta þess að mjög verulegar breytingar á skuldamálum almennings væru í vændum. Með þingsályktunartillögunni hefði verið lagður grunnur, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, með leyfi forseta, „að umfangsmestu aðgerðum í þágu heimila, ekki bara á Íslandi heldur a.m.k. í Evrópu og hugsanlega heimilum öllum“. Það er ekkert minna.

Það er verið að leggja grunn að aðgerðum á heimsmaelivarkvarða, sagði forsætisráðherra og var glaðbeittur í ræðustól 27. júní síðastliðinn. Það voru sannarlega mikil tíðindi sem hæstv. forsætisráðherra flutti landsmönnum á þessu sumarþingi. Sjálfur heimsmaelivarkvarðinn átti að gilda þegar ráðstafanir í skuldamálum einstaklinga yrðu undirbúnar og framkvæmdar, ekkert minna en það. Fólk hefur svo sannarlega gert sér væntingar af minna tilefni. Orð forsætisráðherra voru sannarlega stór og tilkomumikil og hver veit nema þau hafi beinlínis verið á heimsmaelivarkvarða. En það verður að fylgja þessari sögu að enn þá eru það stóru orðin ein sem standa upp úr flatneskjulegu athafnaleysi sem ríkt hefur í skuldamálunum vöndu og margumtöluðu frá því að þau voru sögð í sumar.

Virðulegi forseti. Eins og gefur að skilja hafa bæði skuldarar og lánveitendur lagt eyrun við orðum hæstv. forsætisráðherra. Annað væri fráleitt og óábyrgt þegar aðgerðir á heimsmaelivarkvarða eru í vændum. En sumarið er liðið og enn lítið um efnidir. Vonin um skjótar aðgerðir hefur dvínnað, enda öllu vísað í ráð og nefndir. Það verður að segjast eins og er að ef íslensk stjórnmalasaga hefur kennt okkur eitthvað þá er það það að mál sem sett eru í nefndir klárast gjarnan seinna en ráð var fyrir gert í upphafi og sum aldrei.

Hér erum við nú og enn er ekki ljóst í hverju aðgerðirnar stóru felast sem þýðir vitanlega að ekki er unnt að bregðast við þeim með raunhæfum hætti. Þau skrumkennu kosningaloforð um skuldalækkun sem tóku á sig mynd í fyrrnefndri þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar hafa enn ekki megnað annað en að auka óvissu fólks um málalýktir á þeim vettvangi. Hversu mikil verður skuldalækkunin, hvaða lán verða lækkuð, hvenær gerist eitthvað af því sem boðað hefur verið? Þannig spyr fólk hvert annað, þannig spyr þú mig og sjálfsagt fleiri fulltrúa hins opinbera. Enn er fátt um svör og meðan svo er búa landsmenn við óvissu sem verður því óbærilegri sem lengra líður frá hinni mergjuðu yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra.

Þingsályktunartillagan sem hér er flutt um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum felur í sér viðbrögð við því óvissuástandi sem loforð um skuldaniðurfellingu á heimsmaelivarkvarða hafa skapað. Megintilgangur hennar er að skapa viðunandi ástand meðan þess er beðið hvaða ráðstafanir heimsmaelivarkvarðinn mun mæla út til handa skuldugum Íslendingum.

Því skal einnig haldið til haga að skammir frestir geta valdið þeim lántakendum tjóni sem eru í baráttu við fjármálafyrirtæki með fullt af sérfræðingum, lögmönnum eða annars konar sérfræðingum sem eiga að reikna út.

Virðulegi forseti. Fregni hafa borist af því að eigendur skuldsettra fasteigna ýmist veigri sér við að selja eignir sínar eða setji fyrirvara í kaupsamninga um efnidir á loforðum ríkisstjórnarinnar þar sem fólk óttast að glata rétti sínum til skuldaniðurfellingar. Það hefur verið sett ákveðið frost í markaðinn þar sem beðið er eftir aðgerðum sem áttu að koma strax í vor. Þar sem ég stóð nú sjálf í slíkum fasteignaviðskiptum hafði ég bein samskipti við fasteignasala sem staðfestu þetta.

Því hefur verið haldið fram að fyrri ríkisstjórn hafi gert lítið í skuldamálum heimilanna. Ég get ekki verið meira ósammála þó að margt megi gera betur. Allt kjörtfabilið

var unnið að lánamálum heimilanna með margvíslegum hætti. Það er ástæða til að rífa upp, eins og hv. 1. flutningsmaður þessa máls gerði áðan, að sú ríkisstjórn sem hér sat árin eftir hrun gekkst fyrir tímabundinni frýstingu af þessu tagi fljótlega eftir hrun og hún var svo síðar framlengd. Var 1. flutningsmaður þessa máls þar í fararbroddi og hvatti okkur nú til dáða að gera það aftur því að við vitum að svona stór mál verða ekki leyst með einni einfaldri aðgerð sem hentar öllum alltaf. Þess vegna höfum við efasemdir um tillögu framsóknarmanna sérstaklega, hún hittir alla vega ekki alveg í mark hjá okkur.

Eins og hv. þingmaður fór yfir áðan kom í ljós haustið 2010 þegar rætt var heilmikið við fjármálafyrirtækin og lífeyrissjóðina að þessir aðilar mundu ekki sætta sig við það að fara í slíkt, þ.e. almenna niðurfærslu. Það er auðvitað alveg þess virði að skoða þá aðferð sem þar var notuð, þ.e. að skattleggja fjármálafyrirtækin og fjármagna sérstakar vaxtabætur, eins og hér var komið inn á áðan, í staðinn fyrir að lækka skatta út um allar koppagrundir. Sú aðferð væri frekar notuð akkúrat í þessari aðgerð. Það er í rauninni ástæða til að halda þessum greiðslum áfram, a.m.k. þar til eitthvað liggur fyrir, einhverjar aðrar lausnir sem fólk getur fest hönd á.

Virðulegi forseti. Það segir sig sjálft að fyrir fólk sem er í brýnum vanda og á yfir höfði sér að missa íbúðarhúsnæði sitt gerir sér réttmætar vonir um að boðaðar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar muni rétta hlut þess. Það er af þeirri ástæðu sem við þingmenn Vinstri grænna teljum mikilvægt að kanna þá leið sem í þingsályktunartillögunni felst til að einstaklingar geti notið þessara úrræða. Ef ríkisstjórnin tekur sjálfa sig alvarlega og miðað við loforð um skjótar efnidir ætti henni ekki að verða skotaskuld úr því að reyna að telja lánamarkaðinn á að fresta innheimtuaðgerðum á uppboðum þar til ríkisstjórnin er tilbúin með sínar tillögur til framkvæmda.

[18:16]

#### **Flm. (Ögmundur Jónasson) (Vg):**

Hæstv. forseti. Ég hygg að sjónarmiðin hafi komið fram og ætla ekki að lengja þessa umræðu. Bent var á það réttilega hér að það þyrfti að vera bit í orðsendingu til Íbúðalánasjóðs um þetta efni en hugsunin í orðalagi þingsályktunartillögunnar er einmitt sú að það séu tilmæli, við getum líka kallað það skipun, en gagnvart lífeyrissjóðum og fjármálastofnunum er um að ræða áskorun vegna þess að þau heyrja ekki undir boðvald ríkisins.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir umræðuna.

Hæstv. forseti. Mér láðist að leggja fram þá tillögu að málið gengi til allsherjar- og menntamálanefndar til umfjöllunar og er það hér með gert.

[18:17]

#### **Jón Þór Ólafsson (P):**

Herra forseti. Ég var leiðrættur hérna áðan og langar að benda á að í þingsályktunartillögunni kemur fram, með leyfi forseta, að send séu tilmæli til Íbúðalánasjóðs og áskorun til lífeyrissjóða og fjármálastofnana. Það eru því tilmæli til Íbúðalánasjóðs sem þýðir víst, er mér sagt, að Íbúðalánasjóður fellur undir framkvæmdarvaldið og þar af leiðandi geta ráðherrarnir skipað þeim fyrir.

Ef svo er er þetta náttúrlega borðleggjandi dæmi, þá þarf ekki að fara í dómsmál um þetta, eða hvað? Það þarf ekki að beita lögþingi, þá er Íbúðalánasjóði bara skipað að taka ekki íbúðir eignarnámi eða setja íbúðir á nauðungarsölur ef húseignin sem lánið hvílir á er heimili fólks, þannig að það er náttúrlega borðleggjandi.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og allsh.- og menntm.

#### ***Hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, fyrri umr.***

Þáttill. OH o.fl., 44. mál. — Þskj. 106.

[18:19]

#### **Flm. (Oddný G. Harðardóttir) (Sf):**

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum. Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Guðbjartur Hannesson og Kristján L. Möller. Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að við endurskoðun laga nr. 74/2012, um veiðigjöld, á 143. lög-gjafarþingi 2013–2014 fylgi tillögur um hlut sjávarútvegs-sveitarfélaga í sérstöku veiðigjaldi. Einnig er ríkisstjórninni falið að móta tillögur um skiptingu mögulegra auðlinda-tekna af orkuauðlindum landsins milli sveitarfélaga og ríkisins. Ríkisstjórnin hafi samráð við Samtök sjávarútvegs-sveitarfélaga og Samtök orkusveitarfélaga við gerð tillagna.“

Virðulegi forseti. Hinn 5. júlí síðastliðinn var samþykkt á Alþingi að hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skyldi vinna tillögur að endurskoðun laga nr. 74/2012 sem lagðar yrðu fram á Alþingi löggjafarþingið 2013–2014. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að við endurskoðunina verði unnar tillögur um hlutdeild sjávarútvegs-sveitarfélaga í sérstaka veiðigjaldinu sem fram komi í frumvarpi um breytingar á lögum á 143. löggjafarþingi.

Auðlindastefnunefnd skilaði skýrslu sinni fyrir rétt um ári síðan um stefnumörkun í auðlindamálum. Þar er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að arður af auðlindum þjóðarinnar og takmörkuðum gæðum sé sýnilegur og að ráðstöfun hans sé einnig sýnileg, að nýting auðlinda skapi hagsæld og velferð í nútíð og framtíð, sé sjálfbær og skynsamleg og stuðli jafnframt að aukinni þekkingu.

Samkvæmt skilgreiningu um sjálfbæra þróun er hún sjálfbær ef hún uppfyllir þarfir samfélugarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að uppfylla sínar þarfir. Í samstarfi Norðurlandanna í umhverfismálum er stuðst við „þrjár víddir sjálfbærrar þróunar sem háðar eru hver annarri: hina efnahagslegu, félagslegu og vistfræðilegu. Ein þessara vídda má ekki eyðileggja forsendur þróunar hinna tveggja.“

Þingsályktunartillagan sem hér er rædd byggir á hinni samfélagslegu vídd sem varðar velferð og sátt í samfélaginu. Til þess að skapa sem víðtækasta sátt um auðlindamál þjóðarinnar telja flutningsmenn þingsályktunartillögu þess-

arar að nauðsynlegt sé að nærsamfélög fái hlutdeild í þeirri auðlindarentu sem sérleyfi að auðlindinni skapar.

Skilgreiningin sem auðlindastefnunefnd studdist við á auðlindarentu er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Auðlindarenta myndast m.a. í atvinnugrein sem byggir á sérleyfum til nýtingar náttúruauðlinda. Hún er sá umframhagnaður sem eftir stendur þegar atvinnugreinin hefur greitt allan rekstrarkostnað og staðið undir eðlilegri ávöxtun þess fjár sem bundið er í greininni með tilliti til þeirrar áhættu sem í rekstrinum felst.“

Almenn vitund um verðmæti auðlindanna og sýnilegt framlag þeirra til samfélagsins leiðir til þess að ákvarðanir um aðra ráðstöfun auðlindaarðsins eða um aflslátt til sérleyfishafa þarf að rökstyðja vel og útskýra fyrir almenningi. Þessi almenna vitund er mikilvæg en einnig er það markmið í sjálfu sér að ná sátt um auðlindanýtingu og þær atvinnugreinar sem á henni byggja. Það fyrirkomulag sem víðtæk sátt er um er líklegri til að standa til frambúðar en fyrirkomulag sem veldur viðvarandi deilum. Liður í sátt um veiðigjaldið er að nærsamfélagið sem byggir afkomu sína á nýtingu auðlindarinnar njóti hlutdeildar í auðlindarentunni sem sérleyfin að auðlindunum skapa.

Í skýrslu auðlindastefnunefndar segir meðal annars um meðferð auðlindaarðs, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á að í ljósi þess að auðlindaarður verður til vegna verðmætis auðlinda víða um land og að nærsamfélögin þurfa oft að færa fórnir og taka á sig kostnað vegna nýtingar, þróunar og hagræðingar í einstökum auðlindagreinum er bæði sjálfsagt og eðlilegt að tryggja að hluti auðlindaarðsins renni til verkefna í þessum samfélögum, ekki síst til eflingar innviða og fjölbreyttara atvinnulífs. Með þeim hætti getur auðlindaarðurinn orðið undirstaða öflugri byggða og atvinnulífs um land allt. Slík ráðstöfun er einnig mikilvæg til að tryggja sátt um fyrirkomulag auðlindamála.“

Auðlindastefnunefnd skilgreinir auðlindaarð sem hlutdeild ríkisins í auðlindarentunni sem skiptist á milli sérleyfishafa og eigenda auðlindarinnar.

Virðulegi forseti. Lagabreytingar ásamt tækniframförum hafa leitt til mikillar hagræðingar í sjávarútvegi með tilheyrandi fækkun starfa og rökun á búsetuforsendum í sjávarbyggðum víða um land. Þjóðfélagið í heild hagnast á hagræðingum sjávarútvegi en sjávarbyggðirnar greiða fyrir hagræðinguna með fækkun starfa og fækkun íbúa í kjölfarið. Kvótakerfið með framsalsrétti hefur þannig í för með sér samfélagslegan kostnað sem fallið hefur á sjávarbyggðir landsins til þessa í formi atvinnuröskunar og tekjumissis. Jafnframt leiðir hagræðingin til langtímaávinnings fyrir þjóðina í heild en stór hluti ávinningsins hefur runnið til handhafa veiðileyfanna og hin síðari ár að einhverju leyti til ríkisins í formi veiðigjalds.

Í mörgum sveitarfélögum er sjávarútvegur grundvöllur byggðarinnar og með hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu er möguleiki á stuðningi við uppbyggingu innviða og atvinnuþróun og fjölgun starfa bæði í afleiddum greinum sjávarútvegs og á öðrum sviðum. Hlutdeild sjávarútvegssveitarfélaga í sérstaka veiðigjaldinu stuðlar að starfsöryggi og auknum stöðugleika í sjávarbyggðum og betri sátt um gjaldtökuna. Þannig væri stöðum skotið undir samfélög

sem eiga sum hver undir högg að sækja. Hlutfall starfa í veiðum og vinnslu er misjafnt eftir sveitarfélögum og taka þarf tillit til þess þegar hlutdeild sveitarfélaganna í sérstaka veiðigjaldinu er ákveðið.

Sjávarauðlindin er ein meginástaða þess að byggð helst um allt land. Rekstur hafna er víða erfiður og bera sveitarfélög mörg hver mikinn kostnað af þeim rekstri sem verður til þess að önnur þjónusta við íbúana geldur fyrir þann kostnað. Þjónusta hafnanna við útgerðina er grundvöllur fyrir rekstrinum sem skilar auðlindarentu bæði til ríkisins og til útgerðarinnar. Því er sanngjarnt að sveitarfélög sem standa undir þeim rekstri fái hlutdeild í sérstaka veiðigjaldinu og vegna hafnanna mætti einnig líta til almenna veiðigjaldsins sem er hugsað sem kostnaðargreiðsla.

Deilur hafa verið í samfélaginu um framsalsheimildir og sérstaka veiðigjaldið en fyrir sjávarbyggðirnar er mikilvægt að friður ríki um starfsumhverfi útgerðarinnar. Markmiðið með hlutdeild útgerðarsveitarfélaga í veiðigjaldinu er að byggja upp öflugri sveitarfélög með sanngjarnri skiptingu auðlindarentunnar á milli ríkisins, sveitarfélaganna og útgerðarinnar og stuðla að sátt um skiptingu á auðlindaarðinum.

Alls 26 sveitarfélög mynda Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, en samtökin voru stofnuð í september 2012. Þau eru eins og segir á heimasíðu samtakanna „samtök þeirra sveitarfélaga sem hafa beinna hagsmuna að gæta varðandi nýtingu sjávarauðlindarinnar, veiðar og vinnslu, og er tilgangur samtakanna að vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í þeim málum sem tengjast nýtingu sjávarauðlindarinnar“. Mikilvægt er að hæstv. ráðherra hafi fulltrúa þeirra samtaka með í ráðum við gerð framangreindra tillagna. Með því að veita nærsamfélögum hlutdeild í auðlindarentunni er komið til móts við hina samfélagslegu vídd sjálfbærrar þróunar, velferð og sátt. Taka þarf tillit til allra þátta sjálfbærrar þróunar við ákvörðun á skiptingu tekna sem myndast vegna náttúruauðlinda þjóðarinnar.

Landsvirkjun væntir hækkana á raforkuverði í framtíðinni og því töluverðrar auðlindarentu. Í umræddri skýrslu auðlindastefnunefndar kemur fram að á ársfundi Landsvirkjunar árið 2011 hafi forstjórnin kynnt þá framtíðarsýn fyrirtækisins að á árinu 2025 gætu arð- og skattgreiðslur numið 4–8% af vergri landsframleiðslu. Það samsvarar um 70–140 milljörðum kr. miðað við verga landsframleiðslu ársins 2012, eða allt að fjórðungi tekna ríkissjóðs.

Reikna má með því að á næstu árum verði umgjörð orkuauðlindanna þannig að auðlindarenta myndist með svipuðum hætti og þegar hefur gerst í sjávarútvegi. Rétt er að löggjafinn verði tilbúinn með tillögur að skiptingu auðlindatekna af vatnsafla og jarðvarma á milli orkusveitarfélaga og ríkisins. Slík auðlindarentuinnheimta á sér þegar stað í norsku vatnsafla og er þeim tekjum skipt á milli stjórnsýslustiga til að auka sátt um nýtingu þeirra. Reynslu Norðmanna væri skynsamlegt að nýta við framangreinda tillögugerð, en þar er einnig tekið tillit til sérstöðu sveitarfélaga þar sem virkjanakostir eru verndaðir. Í nóvember 2011 voru Samtök orkusveitarfélaga stofnuð. Mikilvægt er að hæstv. ráðherra hafi fulltrúa þeirra með í ráðum við gerð tillagna.

Ég vona að eftir umræðuna í dag gangi málið til hv. atvinnuveganefndar.

[18:29]

### Lilja Rafney Magnúsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. framsögumanni þessarar tillögu til þingsályktunar fyrir framsögu hennar og kynningu á málinu. Við ræðum hérna hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum. Ég veit að það er verið að hugsa þetta þannig að verið sé að reyna að ná sátt í því umdeilda máli sem veiðigjöldin eru. Fá mál hafa verið rædd jafn mikið á þingi undanfarna mánuði og missiri og sérstök veiðigjöld og breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu í heild. Þetta er því mál sem hefur verið í mikilli umræðu úti í samfélaginu, hjá sveitarfélögunum og íbúum sjávarbyggða og hjá fólki almennt í landinu sem vill að auðlindarentan nýtist til uppbyggingar innviða alls samfélagsins.

Þá er komið að því að hugsa með hvaða hætti sé hægt að deila þessari sameiginlegu köku okkar landsmanna, auðlindum landsins, hvort sem talað er um sjávarauðlindina eða annars konar auðlindir eins og auðlindir í vatnsfalli og jarðvarma og fleiri auðlindir sem auðlindarenta kemur til með að verða tekin af fyrir sameiginlega sjóði landsmanna. Í þessari þingsályktunartillögu er gengið út frá því að ríkisvaldið í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Samtök orkusveitarfélaga móti tillögum sem lúta að því hvaða hluta af þessari köku sjávarútvegssveitarfélög og svokölluð orkusveitarfélög fái. Ég skil það þannig að verið sé að tala um að þau fái hluta af þessari köku umfram önnur sveitarfélög sem falla ekki undir orkusveitarfélög eða sveitarfélög sem eru í Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Í þeim efnum getur margt verið vandmeðfarið, eins og hvernig hægt er að útfæra það án þess að mismuna íbúum landsins með einhverjum hætti.

Í frumvarpi sem var lagt fram í vetur um heildarendurskoðun á stjórn fiskveiða voru tillögur um að sveitarfélögin fengju ákveðinn hlut af leigu aflaheimilda og sá pottur skiptist þannig að sveitarfélög fengju 40% af tekjum sem mundu verða til við að leigja úr þeim potti, ríkið 40% og 20% færu til þróunarsjóðs tengdum sjávarútvegi. En útfærslan á því var ekki frágengin og það var sett í hendur landshlutasamtökum sveitarfélaga og hagsmunaaðilum og ríkinu að koma með tillögur í þeim efnum og útfæra þær.

Það sem ég geld varhuga við varðandi þetta mál er að við séum að horfa til þeirra sveitarfélaga sem eru betur sett en mörg önnur vegna þess að þau hafa stóran hluta af atvinnutekjum sínum úr sjávarútvegi og hafa því ekki farið illa út úr kvótakerfinu. Önnur sveitarfélög sem hafa farið illa út úr kvótakerfinu sitja þá eftir og fá ekki sinn skerf af þessari sameiginlegu auðlind í formi auðlindarentunnar til þess að byggja sig upp og byggja upp innviðina í kjölfar þess að hafa misst frá sér aflaheimildir. Eins og ég hef skilið þessa tillögu þá á að taka tillit til hlutfalls starfa í viðkomandi sveitarfélögum þegar útdelingin verður og hlutfall starfa hjá þeim sveitarfélögum sem hafa farið illa út úr kvótakerfinu er því lægra. Þetta er eitt af því sem ég er hugsuð yfir.

Í fjárfestingaráætlun síðustu ríkisstjórnar voru tekjur af sérstöku veiðigjaldi markaðar í brýn verkefni vítt og breitt

um landið sem nýttist vel íbúunum og átti það jafnt við um svæði sem höfðu sjávarútveg sem aðalatvinnuveg og önnur sem voru ekki með sjávarútveg sem aðalatvinnuveg. Frekar var horft til þess hvar væri brýn þörf á að mæta veikari byggðum vítt og breitt um landið, sem er auðvitað mjög nauðsynlegt að gera.

Ég horfi líka til þessa varðandi orkusveitarfélögin í landinu. Ef hugsunin er sú að þau eigi mögulega að fá tekjur af auðlindarentu af þeirri auðlind sem þar er undir umfram önnur sveitarfélög sem eru ekki svo heppin að hafa virkjanir eða auðlindir þá horfi ég til þess hvort við séum nokkuð að gæta jafnræðis á milli sveitarfélaga.

Ég er hlynnt því að við göngum þann veg að við reynum að jafna sem mest gæðin á landsvísu. Eins og varðandi orkuna — að reynt verði að jafna orkuverð á milli sveitarfélaga á köldum svæðum og sveitarfélaga sem eru svo heppin að vera á svæðum þar sem orkuverð er lágt og hafa miklar tekjur af orkuveitum og virkjunum. Þau sveitarfélög sem nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar ættu að leggja eitt-hvað til til þess að jafna hag annarra sveitarfélaga og íbúa. Ég vil ganga út frá því að leita eigi allra leiða til þess að deila þeim hagnaði og þeim ávinningi sem er af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar, hvort sem það er vatnsafl eða jarðvarmi eða fiskimið okkar, sem best til allra landsmanna.

Ég veit ekki alveg hvort það er rétta leiðin að gera akkúrat þessum Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og Samtökum orkusveitarfélaga hærra undir höfði en öðrum sveitarfélögum sem falla ekki þarna undir. Ég vil sjá þarna jöfnuð en ekki að verið sé að ýta undir að þessi sveitarfélög hafi einhvern forgang umfram önnur að fá hluta af kökunni.

Ég held að það sé mjög brýnt að taka þessa umræðu og fara vel ofan í saumana á þessum málum. Ég veit að flutningsmönnum þessarar tillögu gengur að sjálfsögðu gott til, ég efast ekki um hug þeirra varðandi þetta mál, en ég held að við þurfum að fara mjög vel ofan í þetta (Forseti hringir.) og sjá hvernig hægt er að jafna sem best ávinningi af auðlindum landsins til allra landsmanna.

[18:40]

### Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Við fjöllum hér um tillögu til þingsályktunar sem líta má á sem fyrst og fremst leiðbeinandi tillögu fyrir þá vinnu sem er í gangi í atvinnuvegaráðuneytinu varðandi endurskoðun á löggjöfinni um fiskveiðistjórn. Það er mjög mikilvægt að mínu mati að hafa þau skilaboð skýr að við teljum að hluti af því gjaldi sem lagt er á auðlindir landsins renni til byggðarlaganna, þ.e. til sveitarfélaganna, þó að alltaf megi deila um með hvaða hætti það eigi að vera.

Ég fékk tækifæri til þess að vinna að skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða ásamt hv. þm. Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, sem var í ræðustóli áðan, þar sem okkur gafst tími til að skoða söguna. Það er svölítið forvitnilegt að skoða tímabilið í sjávarútvegi frá 1993 til okkar daga, sem sagt síðastliðin 20 ár, og hvaða leiðarstef hefur verið þar í gangi frá því að kvótakerfið var sett á og raunar sjálfsagt áður og nefndir hafa verið skipaðar til að rétta við ákveðna hluti. Rauði práðurinn í gegnum

alla þá vinnu, aftur og aftur í gegnum endurtekna vinnu, því að ákveðnir hlutir hafa alls ekki náðst í gegn, hafa verið tveir að mínu mati: Það eru annars vegar mjög rík byggðasjónarmið, sem því miður hefur ekki verið komið til móts við þrátt fyrir góðan vilja, og hins vegar þörfin á sátt í samfélaginu á milli þjóðarinnar, sem er eigandi auðlindarinnar, og þeirra sem fá leyfi til að nýta hana. Það er kannski það sem við erum enn þá að eltast við. Það hefur einhvern veginn ekki tekist á öllum þessum tíma að ná meiri hluta fyrir því á Alþingi Íslendinga í baráttunni við hagsmunaöflin á hverjum tíma að ná þessum tveimur megin sjónarmiðum fram. Ég hef ítrekað sagt í ræðustól að það er fullkomlega óþolandi fyrir atvinnugreinina, mikilvægustu atvinnugreinina í landinu, að það skuli sífellt og endalaust verið að takast á um starfsumhverfi hennar og það skuli vera pólitískt mál á fjögurra ára fresti í kosningum. Það er gríðarlega mikilvægt að við náum með einhverjum hætti sátt í þessu máli en þá verða menn að koma til móts við sjónarmið hver annars.

Það er líka forvitnilegt að skoða auðlindaumræðuna, þ.e. réttlætið í kringum nýtingu auðlinda, hverjir eiga að eiga auðlindir í landinu, hvernig á að stýra þeim og hver á að njóta arðsins. Það er heldur ekkert nýtt mál. Hér var skipað auðlindanefnd fyrir síðustu aldamót sem skilaði ítarlegri skýrslu árið 2000 þar sem tekin var heildarstefna þar sem sjávarútvegurinn var aðeins lítil hluti. Það er fróðlegt að lesa þá skýrslu vegna þess að við erum í raun enn að fjalla um sömu hlutina. Skýrslan var síðan unnin að nýju af nýrri auðlindanefnd og skilaði af sér á síðasta kjörtímabili þar sem enn er verið að reyna að finna út með hvaða hætti við eigum að deila þessum sameiginlegu auðlindum og láta þjóðina sem heild njóta arðsins.

Það var forvitnilegt, og ég hef oft verið að rifja það upp, að þegar auðlindanefndin hafði lokið störfum var skipað endurskoðunarnefnd til þess að útfæra hugmyndir frá auðlindanefndinni hvað varðar sjávarútveginn. Þar kom upp ágreiningur, sem var mjög harður á þeim tíma, um það hvernig menn ættu að taka gjald af sjávarútvegi. Rætt var um hvort það ætti að gera það með veiðileyfagjaldi eða með svokallaðri fymringarleið sem þekkt er, eða gjaldtöku sem fólst í því að menn borga fyrir afnotin í gegnum markaðsverð á auðlindinni. Niðurstaðan eftir miklar deilur og ótrúlega lítinn mun á milli þessara tveggja skoðana var að fara veiðigjaldsleiðina. Síðan var veiðileyfagjaldið lagt á, en ég hef nú sagt að illu heilli þá voru burðir Alþingis ekki meiri en að síðan var samið um hvernig ætti að leggja það á. Það var tengt afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna og megnið af þeim tíma sem leið frá því að þetta var lagt á upp úr 2000 var undanþága frá ákvæðinu og það ekki látið taka að fullu gildi vegna afkomunnar í sjávarútveginum. Samt var tillagan afkomutengd. Þannig hefur þetta verið í gegnum árin og í raun og veru hefur sjávarútvegurinn aldrei greitt það gjald sem þarna var þó lagt á. Og ekki voru það vinstri menn sem voru við stjórn á þeim tíma heldur sömu aðilar og eru núna við stjórnvölinn.

Það er mjög gaman að lesa margar setningar úr þessum skýrslum, það kemur ágætlega fram í skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða vegna þess að viðfangsefnið þar var að draga þetta fram og vinna úr því.

Ég nefni þetta hér vegna þess að ég held að það sé mikilvægt að við reynum að ná einu skrefi í viðbót. Við verðum að heita á nýja ríkisstjórn að hún þori að fylgja eftir mörgum af þeim málum sem sett voru í gang og að við hjálpumst öll að við að reyna að klára málið ef mögulegt er til þess að fá fram sátt um málið.

Það sem er mjög forvitnilegt við þessa „endurskoðunarnefnd“ árið 2001 er að fram kemur í tillögnum að nefndin leggur til að fjórðungur veiðigjalds umfram einn milljarð renni til almennrar styrkingar sveitarfélaga sem treysta á sjávarútveg í samræmi við uppruna greiðslunnar, þ.e. veiðigjöld vegna þeirra heimilda sem bundnar eru við skip í sveitarfélaginu. Það er strax komið inn hjá „endurskoðunarnefndinni“ árið 2001. Það hefur líka verið rík tilhneiging og það hefur alltaf verið sett inn í markmiðskaflann í sjávarútvegsmálunum að eitt af hlutverkunum í stjórn fiskveiða eigi að vera það að efla atvinnu og efla byggð. En þar hefur gengið á ýmsu og það er alveg rétt sem hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir bendir á að það getur verið eflit þegar menn ræða núna um að skila einhverju til sjávarútvegs-sveitarfélaga, að það eru auðvitað sveitarfélög sem misst hafa kvóta og eru ekki lengur í þeim flokki. Hvernig á að koma til móts við þau? Á hinn bóginn er Reykjavík auðvitað eitt af stóru útgerðarsveitarfélögum og nýtur svo ýmiss konar forréttinda vegna stærðarinnar og vegna þess umhverfis að hafa hér obbann af þjónustunni í landinu og miðlægu stofnanirnar fyrir landið allt. En það breytir því ekki að það er mikilvægt að tillagan komist inn í þingið og fái þar umræðu og fari til vinnslu í atvinnuvegaráðuneytinu við þá vinnu sem þar er unnin núna við endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Frekari úrræði sem notuð hafa verið til þess að reyna að jafna stöðuna eru meðal annars byggðakvótinn. Einnig hafa verið ákveðnar ívilnanir og þess vegna voru hér tillögur um að vera með ákveðinn hluta af sjávarútvegskerfinu sem væru einhvers konar pottar, eins og það var kallað, sem væru til þess að koma til móts við sérstakar aðstæður á ólíkum stöðum. Byggðastofnun hefur, ef ég hef skilið rétt — ég er nú ekki alveg viss um að ég fari rétt með töluna, en ég var að hlusta á Þórodd Bjarnason sem er stjórnformaður Byggðastofnunar — um 1.800 tonn til úthlutunar sérstaklega til sveitarfélaga þar sem skiptir mestu máli að tryggja að lífið haldi áfram þar og þau verði til sem sveitarfélög inn í framtíðina. Við megum heldur ekki gleyma því sem gert var á síðasta kjörtímabili, meðal annars varðandi strandveiðarnar, sem hefur auðvitað styrkt ákveðnar byggðir og fært líf í hafnirnar og haft veruleg áhrif. Einnig var ákvæðum breytt í sambandi við það hverjir mættu veiða síld og makríl. Smábátar hafa verið að veiða þær tegundir sem hefur þýtt að minni byggðarlög hafa getað nýtt sér það. Það hefur haft veruleg áhrif á stöðum eins og Hólmavík þar sem útgerðin er að öðru leyti farin. Þetta eru allt saman hlutir sem byggja þarf á áfram þannig að við sköpum ólíkum útgerðarformum möguleika á því að þrífast á minni stöðum um landið allt.

En hér er sem sagt tillaga sem ég vona að fái að fara til umsagnar. Þá koma menn með þau sjónarmið hvort rétt sé að binda þetta við þau sveitarfélög sem hafa orkuna eða sjávarútvegsfyrirtækin eða hvort horfa skuli til annarra

hluta. En skilaboðin sem skipta mestu máli eru skýr, við viljum að veiðileyfagjaldið verði notað til þess að efla byggðir í landinu til þess að tryggja að Ísland verði áfram í byggð. Það eru ekkert lítil skilaboð, það skiptir miklu máli að við förum að gefa skýr skilaboð um það því að það kemur alltaf annað slagið upp í umræðunni að einhver sveitarfélög verði jafnvel að leggjast af og það sé spurning um hagkvæmni og svo framvegis. Ætlum við að byggja Vestfirði eða ætlum við ekki að byggja þá? Við ætlum að byggja þá, við ætlum að halda þeim gangandi. Þá verðum við líka að setja það í forgang að hlúa að þeim þannig að byggðarlögin þar geti lifað áfram, svo ég taki bara einn landshluta sem málið fjallar meðal annars um.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og atvinnuvn.

Fundi slitið kl. 18:51.

---



## 30. FUNDUR

miðvikudaginn 18. september,  
kl. 3 síðdegis.

### Dagskrá:

1. Óundirbúinn fyrirspurnatími.
2. Frestun á fundum Alþingis, stjóll., 53. mál, þskj. 123. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
3. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða, stjfrv., 48. mál, þskj. 125, (með áorðn. breyt. á þskj. 119). — 3. umr.
4. Viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, frv., 36. mál, þskj. 95. — 1. umr.

### Fjarvistarleyfi:

Gunnar Bragi Sveinsson utanrrh., 1. þm. Norðvest.  
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. s.  
Jón Gunnarsson, 6. þm. Suðvest.  
Unnur Brá Konráðsdóttir, 4. þm. Suðurk.

[15:02]

### Útbýting:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða, 48. mál, þskj. 125.

### Óundirbúinn fyrirspurnatími.

[15:03]

### Forseti (Einar K. Guðfinnsson):

Til svara eru fjármála- og efnahagsráðherra, heilbrigðisráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra, og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra.

### Kynbundinn launamunur.

[15:03]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Í hönd fara nú kjarasamningar og fjármálaráðherra mun fara með þá fyrir hönd ríkisins, og líka er hafið samráð ríkisstjórnarinnar við aðila vinnumarkaðarins á breiðum grundvelli í aðdraganda kjarasamninga. Það er auðvitað mikilvægt við þær aðstæður að við reynum að hafa umgjörð kjarasamninganna eins góða og kostur er og tryggja að kaupmáttarávinningurinn af kjarasamningunum verði eins mikill og mögulegt er, en það er líka mikilvægt að tryggja réttlæti á vinnumarkaði.

Nýlegar kjarakannanir bæði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólanna færa okkur heim sanninn um það að kynbundinn launamunur er enn fullkomlega óásættanlegur. Hægt er að horfa nokkur ár til baka og sjá að það hefur orðið ákveðinn árangur í að draga úr kynbundnum launamun en langt í frá nægjanlega. Við höfum hins vegar dæmi úr fortíðinni um það að hægt er að vinna á kynbundnum launamun með skipulegum aðgerðum

og er mjög hollt að muna borgarstjóratið Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í því efni þar sem mikill árangur náðist í Reykjavík.

Ég vil nú velta því hér upp í ljósi hugmyndanna um tilgang kjarasamninganna, að tryggja kaupmátt og tryggja réttlæti, hvort við eigum ekki að reyna að skapa samstöðu um það á vettvangi stjórnmálanna að leggja á það áherslu í væntanlegum kjarasamningum að binda enda á aðstæður þar sem helmingur landsmanna er hlunfarinn um eðlileg laun fyrir vinnu sína, hvort við getum reynt að ná viðtækri samstöðu um að það verði forgangsmatið að auka réttlætið á vinnumarkaði í komandi kjarasamningum og að við leggjumst öll á árarar í því jafnt í opinbera geiranum sem og á hinum almenna vinnumarkaði.

[15:05]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Herra forseti. Það er ákaflega mikilvægt og göfugt verkefni að vinna að því að allir njóti sanngjarnra kjara miðað við ábyrgð og stöðu, sambærilegra launa fyrir sambærileg störf þvert á kyn. Reynsla undanfarinna ára sýnir okkur að hér er hægara um að tala en í að komast. Ég minnst mjög hástemmdra yfirlýsinga hjá síðustu ríkisstjórn í þessum efnunum og ég efast ekki um góðan hug, mikinn vilja og einbeittan ásetning fyrrverandi forsætisráðherra til þess að vinna á þessum vanda en það gerðist hins vegar afskaplega lítið. Um tíma sýndu mælingar að þróunin var í öfuga átt.

Ég held að það sé gott að byrja á því að gera sér grein fyrir að þetta er ekki áhlaupsverkefni en sá grunnur sem hv. þingmaður leggur upp hér með um að menn séu sammála um að þetta sé mikilvægt, að allir leggi sitt lóð á vogarskálarnar, hið opinbera sé tilbúið til að leggja á sig og hlusta eftir ábendingum um það sem getur skilað árangri, að við köllum eftir því sama frá aðilum vinnumarkaðar á hinum frjálsa markaði — hann skiptir máli.

Ég tel einnig að umræðan um þessa hluti og mælingarnar sem hafa verið gerðar og draga vandann upp á yfirborðið, átak hjá VR um að kynna hvers eðlis vandinn er, allt þetta hefur hjálpað. Það hefur skapast miklu betri grundvöllur smám saman fyrir því að ráðast í aðgerðir, en það hvernig þeim er síðan á endanum hrint í framkvæmd er alveg gríðarlega flókið mál, við verðum að viðurkenna það í þessari umræðu. Tilhneigingin er sú að ákvarðanir um kaup og kjör hafi áhrif upp fyrir sig og til hliðar (Forseti hringir.) Þannig að á endanum sitja menn uppi með sömu stöðu og var, bara í nýjum hlutföllum.

[15:08]

### Árni Páll Árnason (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hestv. ráðherra svörin. Það er alveg rétt hjá honum að þetta er ekki áhlaupsverkefni í þeim skilningi að við getum leyst það á einu ári. En við getum náð umtalsverðum árangri í kjarasamningum þar sem við leggjum grundvöll til nokkurra ára. Til þess þarf auðvitað að vera eindreginn vilji til að fara alla leið. Við þurfum að vera tilbúin að beita starfsmati til að meta með réttum hætti störf og starfsgeinar þar sem konur eru í miklum meiri hluta.

Við þurfum líka að hrinda í framkvæmd jafnlaunavottunninn þannig að fyrirtæki fái vottun ef þau standa sig vel og sýna að það er ekki kynbundinn launamunur hjá starfslíði þeirra. Það er með þessum aðgerðum öllum sem við erum núna komin á aðgerðastig með að hrinda í framkvæmd sem við gætum náð árangri. Það er búið að vinna mikla vinnu í að þróa staðalinn fyrir (Forseti hringir.) jafnlaunaáætlunina og núna er kominn tími aðgerða. Ég (Forseti hringir.) hvet hæstv. ráðherra til að setja þetta sem forgangsmál í (Forseti hringir.) samtölum við aðila vinnu-markaðarins.

[15:09]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Ég tel að ekki sé mikill ágreiningur á milli flokka um markmiðin í þessu. Það er einfaldlega óþolandi að fólki sé mismunandi á grundvelli kyns þegar unnin eru sambærileg störf og menn gegna sambærilegri ábyrgð. Það er bara óþolandi. Það er misrétti sem við viljum ábyggilega öll vinna gegn. Hvernig það verður best gert er greinilega stóra úrlausnarefnið.

Stundum nálgast menn umræðuna þannig að það beri að einblína á stéttir þar sem einkum eru konur að störfum og menn hafa þá dregið fram að þar virðast launin almennt vera lægri. Það er auðvitað ein leið, en mér sýnist að almennt hafi það orðið til þess að aðrir sem telja sig gegna sambærilegri ábyrgð hafi um leið litið til þeirra breytinga sem þar hafa orðið á kaupum og kjörum og sagt að það eigi þá um leið að eiga við sig.

Nýjasta dæmið um þetta er þegar laun voru hækkuð hjá hjúkrunarfræðingum. Það er mjög greinilega uppi almenn krafa um (Forseti hringir.) það innan launþegahreyfingarinnar að horfa til þess sem þar (Forseti hringir.) gerðist, alveg óháð því að þar var að uppistöðu til um kvennastétt að ræða.

*Friðlýsing Þjósárvera.*

[15:10]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. umhverfis- og auðlindaráðherra. Í viðtali við hæstv. ráðherra í *Morgunblaðinu* síðasta mánudag kemur fram að hann segist telja að almenn sátt sé um verndun Þjósárvera. Eins og kunnugt er frestaði hæstv. ráðherra því að staðfesta friðlýsingu Þjósárvera nú í sumar og var það gert allskýndilega, mér er meira að segja sagt að búið hafi verið að baka kökurnar fyrir friðlýsinguna þegar ákveðið var að fresta þeirri athöfn, hæstv. ráðherra getur kannski staðfest það hér á eftir.

Í ljósi þeirra orða hæstv. ráðherra — sem ég tek undir, ég tel að almenn sátt ríki um verndun þessa svæðis — langar mig að inna hann eftir því hvort ekki standi til að ljúka því friðlýsingarferli sem hafið var. Hæstv. ráðherra gaf jú þá skýringu að borist hefðu athugasemdir sem þyrfti að fara sérstaklega yfir. Mér hefur borist til eyrna að nú þegar sé búið að vinna úr þeim athugasemdum þannig að mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort og þá hvenær standi til að ljúka því að staðfesta friðlýsingu Þjósárvera.

[15:12]

#### **Umhverfis- og auðlindaráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta og áhugaverða fyrirspurn og gott tækifæri til að taka enn einu sinni einmitt þessa umræðu um Þjósárverin. Til að koma því enn og aftur alveg á hreint, sé einhver í vafa um þann vilja sem sá sem hér stendur hefur gagnvart því, er engin spurning að ég tel, eins og kom fram í blaðaviðtalinu, almenna sátt ríkja og hef satt best að segja engan hitt sem er ekki sammála því að friðlýsa beri Þjósárverin, alla vegu ekki undir það síðasta, og ég mun stefna að því áfram.

Það er rétt að það komu fram athugasemdir á síðustu stundu og kökurnar höfðu verið bakaðar og pönnukökurnar einnig. Ég held að því hafi verið komið í frost og verið bjargað og það bíður bara þeirrar stundar þegar við köllum til þessarar samkomu og ég hlakka reyndar til þess.

Markmið þess sem hér stendur er að undirrita friðun Þjósárvera en ég vil ekki gefa tímasetningu á það. Það er rétt sem kom fram hjá fyrirspyrjanda, það komu fram athugasemdir og þegar ég fór að skoða þær í framhaldinu — af því að það gafst ákaflega lítil tími til að yfirfæra það þegar þær komu fram, það stóð til að ganga frá þessari friðlýsingu dagana þar á eftir — kom í ljós að þær voru á ákveðnum rökum reistar. Það þarf að leysa úr þeim vanda sem þar kom upp og það er unnið að því núna í ráðuneytinu og ég vænti þess að því ljúki fyrr en seinna. Ég mun sjálfur eiga samtöl fljótlega við sveitarstjórnarmennina sem er á þessu svæði og reyna að finna þær lausnir sem hugsanlega þarf að leysa úr, í það minnsta koma málinu aftur á hreyfingu þannig að við getum gengið (Forseti hringir.) frá því að friðlýsa Þjósárverin.

[15:14]

#### **Katrín Jakobsdóttir (Vg):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég hjó auðvitað eftir því að hann vildi ekki koma með neinar tímasetningar en fullvissaði okkur um að kökurnar væru allar komnar í frystikistuna. Við vitum að kökur geta verið ansi lengi í frysti þannig að það er engin vísbending og ég vil því inna hæstv. ráðherra aftur eftir því. Það kom fram í máli hans að vinna stæði yfir og að það ætti eftir að ræða við sveitarfélög. Til að ljúka þessari fyrirspurn vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sjái í raun og veru nokkuð því til fyrirstöðu á þessu stigi máls að það geti gengið eftir í öllu falli bráðlega, að ljúka þessari friðlýsingu sem ég spurði um áðan.

[15:15]

#### **Umhverfis- og auðlindaráðherra (Sigurður Ingi Jóhannsson) (F):**

Virðulegi forseti. Ég held að það megi alveg fullyrða að hægt sé að gera það bráðlega. Ástæðan fyrir því að ekki var hægt að klára það í sumar var að í ljós kom að ekki voru allir með það á hreinu hvar mörkin á friðlandinu lægju og ég vil standa faglega að málum, fá allt upp á borðið og finna þá lausn sem allir geta sætt sig við. Það er unnið að

því og ég vænti þess að það taki frekar skemmri tíma en lengri þannig að við getum klárað málið og glaðst yfir því að eftir 40 ára baráttu sé hægt að friðlýsa Þjórsvérin.

*Þverfagleg samvinna í heilbrigðisþjónustu.*

[15:16]

#### **Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Sjaldan hefur verið svo mikil þörf á markvissri nýtingu mannafla í heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir byltingarkenndar framfarir í þekkingu og færni fagfólks eru megindrættir í skipulagi og skiptingu verkefna og ábyrgðar þeir sömu og voru áratugum fyrir þessar miklu framfarir. Faghópum heilbrigðisþjónustu hefur fjölgað og þekking hefur stóraukist í öllum faghópum. Aukin þekking og færni nýtist skjólstæðingum og hefur ótvíræð áhrif á öryggi heilbrigðisþjónustunnar. Margar vísbendingar eru þó hér á landi um að þekking og færni heilbrigðisfagfólks sé ekki nýtt sem skyldi á sjúkrahúsum og í heilsugæslu. Rannsóknir sýna að markvisst samstarf fagaðila sem eru sérfræðingar hver á sínu sviði og axla ábyrgð til samræmis eykur öryggi þjónustu og hefur jákvæð áhrif á starfsorku og starfsánægju.

Nú er brýnt að hvetja stjórnendur í heilbrigðisþjónustu til að endurskoða skipulag starfa, þverfaglegt samstarf og útteilingu ábyrgðar í ljósi mikilla breytinga á þekkingu og færni mannafla. Til dæmis er öfugsnúið að lækna verji tíma og starfsorku til að kvitta upp á meðferð annarra sérfræðinga eins og sjúkraljálfa og iðjuþálfa. Það er líka öfugsnúið að þeir verji tíma sínum og starfsorku í að ávísu lyfjum sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafa þekkingu og færni til að annast.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvaða áætlanir liggja fyrir á þessu kjörtímabili til að efla þverfaglega samvinnu og til að bæta markvissa nýtingu þekkingar og færni mannafla til hagsbóta fyrir skjólstæðinga, starfsfólk og rekstur heilbrigðisþjónustu hér á landi.

[15:18]

#### **Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina og veit til þess að hún hefur mikla og djúpa þekkingu á þessum málaflokki eins og áður hefur komið fram í okkar ágætu samtölum þar sem við höfum skipst á upplýsingum.

Það er alveg rétt að skipulag og verkferlar í heilbrigðisþjónustunni eru bömm síns tíma. Það gengur hægt að koma fram breytingum á þessu en ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda um það að þekking og færni starfsfólks í okkar þjónustu á þessu sviði ríkisins, í heilbrigðisþjónustunni, er gríðarlega mikil og við höfum fullt færi til að nýta þá þekkingu betur.

Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi er brýnt að endurskoða skipulag starfa. Ég tel raunar að við höfum tekið örliðið skref með stjórnendum Landspítala – háskólasjúkrahúss um daginn þar sem við mæltumst til þess að stjórnendur spítalans færu að endurskipuleggja samstarf og þverfaglega vinnu til að nýta meðal annars krafta og þekkingu betur á viðkomandi sviðum. Þegar þetta er gert og við tökum svona

lítil skref þá hljóma oft og tíðum gamalkunnar raddir sem setja þetta allt í samhengi við kjarabaráttu eða álagsstigið sem er eins og það er. Það er því erfitt að koma þessum breytingum í gegn. Ég tel að sú reynsla sem við munum fá út úr því verkefni sem Landspítali – háskólasjúkrahús er að fara í nýtist okkur fyrir það þarfa og brýna verk sem lýtur að því að taka stærri skref í þessum efnum. Ég hef ákveðnar hugmyndir um það sem ég skal koma að í mínu síðara svari þar sem tíminn er nú þegar á þrotum. Málefnið er stórt og mikið og þarf langa og góða umræðu. (Forseti hringir.)

[15:20]

#### **Sigrún Gunnarsdóttir (Bf):**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég vil bara minna á hversu mikla hagkvæmni það felur í sér að nýta betur mannafla, ekki síst eykur það öryggi þjónustunnar að nýta mannaflann vel og það eflir fagmennsku og starfsánægju fólksins sem okkur er mjög umhugað um þessa dagana.

Ég vil líka minna á mikilvægi þess að hafa markvisst samráð við fulltrúa faghópa við endurskoðun á heilbrigðisþjónustunni bæði á sjúkrahúsinu og ekki síst innan heilsugæslunnar.

[15:21]

#### **Heilbrigðisráðherra (Kristján Þór Júlíusson) (S):**

Virðulegi forseti. Varðandi þær áherslur sem við höfum verið að ræða í heilbrigðismálum hyggjumst við einbeita okkur að því að endurskipuleggja heilsugæsluna fyrst af öllu til þess að mynda í rauninni þann hjúp sem þarf að vera um aðra þjónustu sem veitt er á sviði heilbrigðismála. Við hyggjumst gera það og hefjast handa um áramót í þeim efnum, vonandi. Við ætlum okkur að taka upp þjónustustýringu í heilbrigðiskerfinu til þess að reyna að ná tökum á því að stýra flæði sjúklinga milli heilsugæslu, sérfræðinga og sjúkrahúsa. Þetta eru svona stærstu málin sem ég get nefnt að svo stöddu í þá veru sem við hyggjumst beita okkur til þess að reyna að koma betri skikk og stjórnun á þennan mikilvæga málaflokk.

Ég veit til þess eftir samtöl mín við fulltrúa ýmissa faghópa (Forseti hringir.) sem þessu tengjast að það er fullur vilji hjá því ágæta fólki til að leggja (Forseti hringir.) þessum verkefnum lið.

*Lög um fjárreiður ríkisins.*

[15:23]

#### **Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Spurning mín er til hæstv. fjármálaráðherra um lög um fjárreiður ríkisins og nokkuð oft boðaða endurskoðun þeirra laga. Ég skal viðurkenna að það tengist auðvitað áhuga mínum á nýbyggingu Landspítala og fjárfestingum lífeyrissjóða sem talið er vera um 150 milljarðar kr. á ári. Þeir hafa frekar fá tækifæri núna sérstaklega þegar gjaldþyrishöft eru og annað. Auðvitað vitum við öll að mjög brýnt er að bæta húsakost Landspítalans og ég tel að það eigi að gera með nýbyggingu. En samkvæmt núgildandi fjárreiðulögum bæri Landspítala og öðrum ríkisstofnunum í A-hluta ríkisreiknings að gjaldfæra byggingarkostn-

að á framkvæmdatíma, þ.e. ekki má færa byggingar til eignar og afskrifta á notkunartíma. Þetta þýðir að hugsanlega nýbyggingu Landspítalans upp á 50 milljarða þyrfti að fjármagna á byggingartíma með framlögum úr ríkissjóði og eins og sagt hefur verið held ég að þeir peningar séu ekki til á næstu árum.

En með margboðaðri endurskoðun fjárreiðulaga hefur verið rætt um að þeim yrði breytt þannig að ríkisstofnanir í A-hluta færi fullt rekstrar- og eignabókhalld. Ef fasteignir Landspítalans, nýbyggingar, yrðu til dæmis settar í sérstakt fasteignafélag, við skulum segja bara Landspítalinn ohf., þá gæti Landspítalinn fengið bygginguna til afnota gegn leigugjaldi en byggingin yrði færð til eignar hjá fasteignafélaginu.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta einu færnu leiðina til að byggja nýjan Landspítala og bæta húsakost hans, að gera það á þennan hátt. Þess vegna er það spurning mín til hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra: Verður nýtt frumvarp um fjárreiður ríkisins lagt fram á næsta þingi og þá hvenær?

[15:25]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Herra forseti. Nýtt frumvarp til laga um opinber fjármál er í lokafrágangi í fjármálaráðuneytinu og ég hyggst mæla fyrir því nú í haust. Hugsanlegt er að það komi inn sem eitt af okkar fyrstu málum. Þetta mál hefur verið í undirbúningi í langan tíma, lengst af í tíð fyrri ríkisstjórnar en það hefur verið unnið í góðu samstarfi við fjölmarga aðila innan stjórnsýslunnar, m.a. við fjárlaganefnd Alþingis, og verið sniðið af því það helsta sem menn hafa haft út á málið að setja þó að markmiðunum með setningu laganna hafi aldrei verið fórnad.

Varðandi það hvort lögin opni fyrir möguleika á því að fara í sérstaka fjármögnun á Landspítalanum tel ég að við verðum að nálgast málið út frá almennum viðmiðunum en kannski ekki einstökum verkefnum og í fyrsta lagi gera okkur í grein fyrir því að jafnvel þótt skuldsetning vegna byggingar Landspítalans kæmi ekki inn í A-hlutann eins og við þekkjum uppjörið í dag breytir það engu um að ríkið mundi á endanum þurfa að standa undir afborgunum og greiðslu vegna framkvæmdarinnar. Ég tel að við þurfum að fara afar varlega í að taka stórfamkvæmdir út fyrir sviga, út fyrir efnahag hjá ríkinu inn í einhver sérstök félög og blekkja okkur með því að þannig höfum við fundið upp einhverja peningavél, tímavél til þess að skauta yfir tímabil þar sem þröngt er í ári hjá okkur.

Það geta hins vegar vel verið góð rök fyrir því að setja á fót sérstök félög, t.d. þegar menn eru að leiða saman einkaframtak og opinbera aðila til þess að fjármagna einstaka framkvæmdir samkvæmt sérstöku fyrirkomulagi, en þá finnst mér ávallt að áhættan þurfi um leið að vera dreifð en ekki öll í fanginu á ríkinu.

[15:27]

#### **Kristján L. Möller (Sf):**

Hæstv. forseti. Nú er það svo að ég get játað að ég er mjög ánægður með fyrri hluta svars hæstv. fjármálaráð-

herra, þ.e. að nýtt frumvarp sé að koma og verði eitt af fyrstu málunum á næsta þingi. Ég fagna því mjög vegna þess, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að það hefur staðið lengi til. Ég sagði áðan að spurning mín væri vegna áhuga á byggingu nýs Landspítala og ég sagði einnig að ef við Íslendingar ætlum að byggja nýjan Landspítala, sem mjög mikil þörf er á, sæi ég ekki nokkra einustu leið aðra en að gera það á þann hátt að ríkissjóður afli sér lánsfé — beinast liggur við hjá lífeyrissjóðunum sem eru sneisafullir af peningum og vantar fjárfestingartækifæri — og að við getum sameinast um það hér á Alþingi að þetta verði verkefni næstu fjögur, fimm ár. Það verði stóra verkefnið sem skapar atvinnu og eykur hagvöxt, það sem við erum að tala um að vanti í þjóðfélaginu, og okkur vantar sannarlega nýjan spítala. Við skulum hafa í huga að það kostar mikla fjármuni úr ríkissjóði ef við ætlum að halda áfram (Forseti hringir.) að klastra við eða lagfæra (Forseti hringir.) þann spítalann sem er í notkun núna (Forseti hringir.) og ég tel einfaldlega að við Íslendingar (Forseti hringir.) eigum það inni hjá okkur sjálfum að byggja nýjan (Forseti hringir.) spítala.

[15:28]

#### **Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Við getum verið sammála, ég og hv. þingmaður, um að það er orðið mjög mikilvægt og brýnt verkefni að laga aðbúnað á Landspítalanum. Er engin önnur leið fær en að stofna slíkt félag og taka þetta út fyrir efnahag ríkisins? Jú, ég tel að fleiri leiðir séu færar. Í því sambandi getum við í fyrsta lagi horft til þess hvort ríkið búi hugsanlega yfir einhverjum eignum sem það getur selt, bæði til að greiða niður skuldir en líka til þess að ráðstafa í önnur brýn samfélagsleg verkefni eins og þetta. Í öðru lagi getum við með því að auka umsvifin í hagkerfinu vænst þess að innan skamms sé ríkissjóður kominn í betri færi til þess að fara í stærri framkvæmdir. Í þriðja lagi getum við horft til þess að við höfum í mjög mörg ár verið með risaverkefni í gangi í samgöngumálum, við erum nýbúin að setja 12 milljarða Norðfjarðargöng af stað og erum í stórum framkvæmdum (Forseti hringir.) víða annars staðar, og kannski kemur einhvern tímann að því að við spyrjum (Forseti hringir.) okkur hvort þeim fjármunum væri betur beint (Forseti hringir.) inn í heilbrigðiskerfið.

#### *Rekstur Landhelgisgæslunnar.*

[15:30]

#### **Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Fjölmíðlar sögðu frá því í morgun að varðskipið Þór hefði einungis verið á sjó í 80 daga af þeim 260 sem liðnir eru af árinu, en á síðasta ári hefði varðskipið verið samtals 125 daga á sjó. Skipið var þó ekki í rekstri þrjá mánuði á því ári vegna vélarviðgerðar í Noregi.

Það er óþarfi að rekja það hvað Landhelgisgæslan gegnir mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar, m.a. björgunarverkefnum og er varðskipið Þór sérstaklega til þess búið að sinna stærri björgunarverkunum og viðbúnaði sem minni skipin hafa ekki tök á að sinna. Þess vegna er það mikið

áhyggjuefni ef varðskipið Þór, sem byggt var fyrir 5 milljarða kr. og kom svo að lokum til landsins með nokkrum herkjum og var, eins og ég sagði, síðan í vélarviðgerð eftir að það kom til landsins, getur ekki nýst sem skyldi í þeim mikilvægu og brýnu verkefnum sem það á að sinna. Í frétt fjölmiðla í morgun er haft eftir forsvarsmönnum Landhelgisgæslunnar að kostnaður við flugdeild Gæslunnar hafi farið vaxandi undanfarin ár og þess vegna hafi þurft að skera niður í rekstri skipaflotans.

Mig langar að inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvernig hann lítur á rekstrarumhverfi Landhelgisgæslunnar í þessu sambandi og hvort ekki sé að hans mati mikilvægt að tryggja Landhelgisgæslunni fjármuni til að halda úti bæði þyrlusveit og skipaflotanum, ekki síst í ljósi þess öryggishlutverks sem Landhelgisgæslan gegnir. Er við því að búast að boðaður niðurskurður upp á 1,5% verði látinn bitna á Landhelgisgæslunni?

Það eru spurningar mínar til hæstv. fjármálaráðherra.

[15:32]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Það er þannig að í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2013 var einfaldlega ekki gert ráð fyrir því að Landhelgisgæslan hefði meira svigrúm en birtist í þessum tölum til að halda varðskipinu úti. Við erum alveg sammála um það, hygg ég, ég og hv. þingmaður, að Landhelgisgæslan gegnir gríðarlega miklu öryggishlutverki og reyndar mjög víðtæku hlutverki í hinni stóru landhelgi okkar og tölurnar eru ákveðin mælikvarði á það hvert við erum komin í niðurskurðinum. Það er auðvitað á fleiri sviðum sem við erum farin að sjá að ekki verður lengra gengið í því að gæta aðhalds. Fyrir komandi ár verður þess gætt að Landhelgisgæslan fái í það minnsta sambærilegt fjármagn og hún hefur haft en svigrúmið er afskaplega takmarkað til að fara að auka til einstakra stofnana. Í þessum fyrirspurnatíma rétt áðan var til dæmis verið að spyrjast fyrir um hvað hægt væri að gera á heilbrigðissviðinu og við munum þurfa að forgangsraða þegar við komumst aftur í stöðu til að bæta í framlögin.

Í víðara sambandi er það svo um Landhelgisgæsluna að segja að það er sorglegt að vera að leigja þyrilur á því háa verði sem greitt er í leigugjald fyrir þær og dapurlegt fyrir okkur að hafa ekki verið í stöðu til að fjárfesta frekar í þyrilunum til að spara fjármuni til lengri tíma. En staðan er einfaldlega þannig að þegar menn hafa ekki úr neinu að spila þá getur verið erfitt að komast ekki á útsölu en menn fara ekki á útsölu ef þeir eru með tóma vasa.

[15:34]

**Árni Þór Sigurðsson (Vg):**

Herra forseti. Já, það er dýrt að vera fátækur, ekki sælt eins og segir í kvæðinu heldur dýrt, það er alveg rétt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans en ég bendi samt á það sem hefur komið fram í fréttum a.m.k., að kostnaður við þyrlusveit Landhelgisgæslunnar hafi aukist vegna aukinna útkalla. Það eru auðvitað þáttur sem ekki er hægt að sjá alveg fyrir og við horfumst auðvitað í augu við

það. Ef tilefni til útkalla í þyrlusveitinni verða fleiri en gert er ráð fyrir þá sjáum við hvað er að gerast, þá er því mætt með því að skera niður útgjöld til reksturs skipanna. Ég hef áhyggjur af þessari stöðu. Við höfum áður tekið hér á þingi umræðu um öryggismál sjómanna og ég held að flestir séu sammála um að það er mjög mikilvægt að huga að þeim og láta ekki þau lenda undir niðurskurðarhnífnum. Ég ítreka þau sjónarmið mín við hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) að það er mjög mikilvægt að tryggja rekstur skipa Landhelgisgæslunnar. Það er líka dýrt að láta þau vera bundin við bryggju.

[15:36]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Landhelgisgæslan hefur á þessum úthaldsdögum einblínt á það að geta sem best tryggt öryggi sjómanna hér heima fyrir. Það er engum blöðum um það að fletta að miðað við þá fjármuni sem úr er að spila hefur Landhelgisgæslan haldið mjög vel á þessum málum, einmitt þannig að öryggisins sé gætt eins og kostur er. Við getum síðan talað okkur hásum um það hversu miklu betur við viljum gera í þessum málaflökki. Þessi umræða fór meðal annars fram þegar fjárlög voru samþykkt fyrir yfirstandandi ár um fjárveitingar til Landhelgisgæslunnar og afleiðingar af því að ekki væri meira svigrúm eins og við erum hér að ræða um. Þetta er hluti af miklu stærri umræðu.

Ein besta leiðin til að geta gert betur er sú að fá aftur líf í hagkerfið. Í augnablikinu er fjárfesting allt of lítil. Það er meginverkefnið og þá munum við geta gert betur þarna.

*Afbrigði um dagskrármál.*

ATKVÆÐAGREIDSLA.

[15:38]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

*Mannaskipti í nefndum.*

[15:38]

**Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

Forseta hefur borist erindi frá þingflokki Pírata, dagsett í dag, um mannskipti í nefndum, samanber 16. gr. þingskapa, þannig að Jón Þór Ólafsson taki sæti Birgittu Jónsdóttur í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd en Birgitta Jónsdóttir taki sæti Jóns í umhverfis- og samgöngunefnd. Skoðast það samþykkt ef hinn hreyfir andmælum.

*Frestun á fundum Alþingis, ein umr.*

Stjill., 53. mál. — Þskj. 123.

[15:39]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinna. Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 18. september 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2013.

Virðulegi forseti. Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPŠ, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, JMS, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, ÓP, PVB, PJP, PHB, REÁ, RR, SII, SigrG, SigrM, SilG, SJS, VBj, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

**nei:** JÞÓ.

14 þm. (BjÓ, FSigurj, GBS, HHj, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl, SDG, SIJ, SSv, UBK, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 127).

### ***Skuldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.***

Stjfrv., 48. mál (leyfilegur munur eignarliða og lífeyris-skuldbindinga o.fl.). — Þskj. 125.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

**já:** ÁPÁ, ÁPŠ, ÁsmD, ÁsF, BÁ, BirgJ, BjG, BjarnB, BP, BN, EKG, EIH, ELA, EyH, GuðbH, GÞÞ, GStein, HBK, HarB, HE, HHG, JMS, KG, KÞJ, KLM, LRM, LínS, OH, ÓP, PVB, PJP, REÁ, RR, SII, SigrG, SigrM, SilG, SJS, VBj, ValG, VigH, VilÁ, VilB, WÞÞ, ÞorS, ÞórE, ÖJ.

2 þm. (JÞÓ, PHB) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BjÓ, FSigurj, GBS, HHj, HöskÞ, IIG, JónG, KJak, KaJúl, SDG, SIJ, SSv, UBK, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 128).

### ***Viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, 1. umr.***

Frv. SJS og KaJúl, 36. mál (lánsveðslán). — Þskj. 95.

[15:41]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):**

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila, þ.e. svokölluð lánsveð. Frumvarpið er á þingskjali 95 og er 36. mál þessa þings. Flutningsmaður málsins ásamt mér er hv. þm. Katrín Júlíusdóttir.

Hér er á ferðinni einfalt frumvarp til heimildar laga til handa ríkissjóði Íslands, þ.e. að ríkið fái heimild til að stuðla að lækkuðum eftirstöðva lánsveðslána lífeyrissjóða, lána sem tekin voru fyrir 1. janúar 2009, með því að greiða til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem svarar allt að 90% kostnaðar við niðurfærslu á eftirstöðvum slíkra lána. Lífeyrissjóðirnir mundu annast um framkvæmdina en ríkið tæki þátt í kostnaðinum af niðurfærslunni sem næmi allt að þessum mörkum.

Um það hefur orðið samkomulag við lífeyrissjóði, sem ég kem nánar að á eftir, að greiðslum ríkisins yrði þannig hagað að þær kæmu í þremur jöfnum áföngum í janúarbyrjun árin 2014, 2015 og 2016 og bæru greiðslur tveggja síðari árána vexti upp á 3,25%.

Að öðru leyti er frumvarpið um að hafa skuli samráð við og tryggja samþykki Fjármálaeftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA sem og Samkeppniseftirlitsins um framkvæmdina og að lífeyrissjóðirnir efni að sínu leyti samkomulagið með því að hafa staðfest þátttöku sína í því.

Um forsögu málsins er það að segja, virðulegur forseti, að hér er á ferðinni sá vandi sem skapast af því að á undan-gengnum árum keyptu menn fasteignir í talsverðum mæli og tóku til þess lán hjá lífeyrissjóðum en höfðu ekki veðrými á sinni eigin eign og fengu það þá oftast lánað hjá einhverjum tengdum aðilum. Þannig sýndi gagnaöflun á árinu 2012 að tæplega 10 þúsund af um 100 þúsund fasteignaviðskiptum á árunum 2000–2011 voru fjármögðuð að einhverju leyti með lánuðum veðum eða lánnum sem veð voru veitt fyrir í annarri eign. Athugun leiddi enn fremur í ljós að heildarfjöldi þessara skuldara var um 6.700. Af þeim höfðu tæp 4 þúsund nýtt lánin beinlínis til að fjármagna íbúðar-kaup, því að að sjálfsögðu nýttu menn sér lánsrétt sinn hjá lífeyrissjóði í einhverjum mæli. Þeir fengu til þess lánað veð en notuðu fjármunina til annars en íbúðarkaupa. Þau lán eiga að sjálfsögðu ekki við hér, það er ekki verið að ræða um að færa höfuðstól þeirra niður.

Það kom sömuleiðis fram við gagnasöfnun á árinu 2011 og 2012 að það er nokkuð erfitt að fá heildaryfirlit eða sýn yfir þennan hóp í heild sinni og einnig að átta sig nákvæmlega á stöðu hans í dag einfaldlega vegna þess að margir í þessum hópi hafa væntanlega jafnframt verið með gjaldþrengis- eða gengistryggð lán og fengið einhvern endurútreikning á þeim og staða þeirra hefur þar af leiðandi lagast. Sömuleiðis hefur þessi hópur í einhverjum mæli notið góðs af svonefndri 110%-leið og þá í þeim tilvikum að fasteign viðkomandi var orðin yfirveðsett og umfram 110% þannig að menn fengu einhverja niðurfærslu á lánunum sem stóðu á eigninni í eigu lántakans, en að sjálfsögðu hafa lánsveðin þá ekki verið hreyfð í þeim tilvikum.

Menn reikna því með að vandinn hafi eitthvað minnkað en hann er engu að síður tilfinnanlegur og hefur legið all-lengi fyrir að það vandkvæði væru við að tryggja þessum hluta hópsins sambærilega úrlausn og 110%-leiðin gerði almennt gagnvart öðrum. Það á sérstaklega við þegar lánin voru frá lífeyrissjóðum.

Bankar og önnur fjármálaþyrirtæki hafa í talsverðum mæli fundið lausn á þessu máli, sérstaklega þegar um er að ræða að báðir aðilar, sá sem lánið tók og sá sem lánaði veðið, voru í viðskiptum hjá sama banka. Er ástæða til að ætla

að þá hafi almennt unnist úr málum viðkomandi þannig að þeir hafi fengið sambærilega úrlausn og aðrir að breyttu breytanda. En þegar lánin voru hjá lífeyrissjóðum hefur lítill gerst.

Vandinn var mönnum í sjálfu sér ljós þegar samkomulagið tókst um 110%-leiðina í desember 2010, sem undirritað var 15. janúar 2011. Þá var ásetningur aðila sem að því samkomulagi stóðu, ríkisins, lífeyrissjóðanna og fjármála-fyrirtækjanna eða bankanna, að skoða það í framhaldinu hvernig hægt væri að takast á við þennan afmarkaða þátt málsins. Það reyndist hægara sagt en gert og mætti segja af því talsverðar sögur hversu strembanar þær viðræður voru og voru lífeyrissjóðirnir ákaflega á varðbergi gagnvart því að taka á sig kostnað sem menn gætu haldið fram að væri að einhverju leyti á kostnað sjóðfélaganna og eignar þeirra í réttindum í lífeyrissjóðunum.

Í raun er það svo að lífeyrissjóðirnir gerðu það að for-takslausu skilyrði fyrir þátttöku í samstarfi að þessu leyti að leiðir fyndust til þess að tryggja að ekki væri um beina skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarréttindum sjóðfélaganna að ræða. Hafa stjórnendur lífeyrissjóða að sjálfsögðu mikið til síns máls í þeim efnum að hlutverk þeirra er að sjálfsögðu að gæta þeirra réttinda.

Það breytir ekki hinu að þetta eru líka þeir sjóðfélagar sem lánin tóku á grundvelli lánsréttar hjá lífeyrissjóðum sínum og vandi þessa hóps er tilfinnanlegur. Í mjög miklum mæli er hér um ungt fólk að ræða, iðulega fólk sem keypti sína fyrstu eign á þessum árum og fékk lánað veð hjá for-eldrum eða systkinum. Það verður því ekki deilt um samfélagslegt mikilvægi þess að finna lausn á þessum vanda og lífeyrissjóðirnir eiga líka mikið í húfi að málið leysist vel. Við höfum af hálfu ríkisins fært fram þau rök að með þessu batni þær eignir sem eftir standa, greiðsluviljinn aukist og lífeyrissjóðirnir eigi þar af leiðandi líka mikilla hagsmuna að gæta í því að úr þessu greiðist og að reikna megi það til fjár. Þar af leiðandi sé eðlilegt að lífeyrissjóðirnir taki að talsverðu leyti þátt í kostnaðinum.

Það er líka ljóst að það mun draga mjög úr þörfinni fyrir sársaukafullar og kostnaðarsamar fullnustuaðgerðir af hálfu lífeyrissjóða sem hafa óumdeilanlega í för með sér kostnað. Í bankakerfinu er jafnvel talið að reikna megi með að um 20% fari í slíkar aðgerðir í forni kostnaðar og eignarýrnun- ar og annarra slíkra hluta.

Eftir gríðarlega langt og strembið samningaþóf náðist loks samkomulag og var sameiginleg viljayfirlýsing undirrituð í aprílmánuði sl. af fjórum ráðherrum í þáverandi ríkis- stjórn og forsvarsmönnum lífeyrissjóða og Landssamtaka lífeyrissjóða. Allir stærstu lífeyrissjóðirnir voru þátttakendur í því samstarfi þar sem búið er um málið með þeim hætti að meginþorri kostnaðarins lendi að vísu vissulega á ríkis- sjóði enda höfðu menn þá sætt sig við að þannig yrði það að vera, ætti að ráðast í þessa aðgerð, en þó taki lífeyris- sjóðirnir þátt í kostnaði sem nemur á bilinu 10–15%, aldrei minna en 10% og ekki meira en 15%. Lausleg áætlun var að niðurstaðan gæti orðið nálægt 12% hjá lífeyrissjóðum og 88% hjá ríki.

Það er rétt að halda til haga að lífeyrissjóðirnir sam- kvæmt þessu samkomulagi taka líka að sér að annast um alla framkvæmdina og bera kostnaðinn af því. Þeir leggja í

raun út fyrir niðurfærslunni og ríkið greiðir sitt til baka á þremur árum með tiltölulega hagstæðum kjörum þannig að í reynd má segja að þátttaka lífeyrissjóðanna sé verðmætari en sem nemur þessum hundráðshlutföllum einum saman.

Eitt af skilyrðum samkomulagsins, eigi það að ganga eftir og komast til framkvæmda, er að ríkisstjórn afli nauð- synlegra lagaheimilda til þess að skuldbinda ríkissjóð til að endurgreiða lífeyrissjóðunum kostnað. Lífeyrissjóðirnir vilja hafa fast land undir fótum áður en þeir hefja fram- kvæmdina varðandi það að aðgerðin njóti tilskilins stuð- nings á Alþingi og að nauðsynlegar heimildir komi í lög til þess að ríkið geti endurgreitt þeim kostnaðinn á næstu þremur árum. Að sama skapi er það eitt af skilyrðum sam- komulagsins að lífeyrissjóðirnir hafi staðfest formlega þátt- töku í því með samþykktum í viðkomandi stjórnnum og að framkvæmdin standist skoðun eftirlitsaðila.

Vandinn er, að ég hygg, flestum þingmönnum vel kunnur, að minnsta kosti þeim sem sátu hér á síðasta kjörtíma- bili. Þá var oft rætt um vanda þessa hóps. Það er alveg ljóst að hann stendur eftir og er tilfinnanlegur í samanburði við ýmsa aðra. Hefur orðið umtalsverð tóf á því að þessi hópur fengi sambærilega úrlausn og margir aðrir hafa fengið, sér- staklega í gegnum 110%-leiðina, og einnig er uppi ójafn- ræði á milli þeirra sem tóku lánin hjá lífeyrissjóðunum og eru með lánuð veð vegna þeirra og hinna sem voru með lánsveð í bankakerfinu. Þar hefur unnist úr málum en ekki í tilviki lífeyrissjóðanna.

Að mínu mati er því engin spurning um að það er mikil- vægt jafnræðis- og sanngirnismál að þetta nái fram að ganga.

Þrátt fyrir stórbrotin loforð núverandi stjórnarflokka um aðgerðir í þágu skuldssettra heimila var ekki víkið sérstak- lega að högum þessa hóps í þeim loforðum og var ekki fjallað um hann sérstaklega í vor í þingsályktunartillögu tengdri skuldamálu heimilanna. Ég bind vonir við að það sé ekki ávísun á að ríkisstjórnin og núverandi stjórnarflok- kar og meiri hluti vilji skilja þennan hóp eftir í einhverri óvissu. Það er afar mikilvægt að tekinn verði af allur vafi um það hvort vilji stendur til að fullnusta samkomulagið og í raun hefði þurft að ná því máli fram í vor. Ég batt vonir við að ríkisstjórnin yrði með þetta mál að eigin framkvæði á vorþingi en svo varð ekki. Ráð hafði verið fyrir því gert að leitað yrði eftir heimildunum strax á vorþingi og lífeyris- sjóðirnir miðuðu undirbúningsvinnu sína við það. Strax í framhaldi af samkomulaginu hófst vinna við að móta verk- lagsreglur og undirbúa framkvæmdina sem verður, eins og áður segir, á vegum lífeyrissjóðanna, en þangað til tekið er af skarið um að nauðsynlegar lögheimildir fáiast á Alþingi er hætt við að málið liggji í bið.

Þess vegna er nú þetta frumvarp flutt, til að ýta við mál- inu, þótt ég hefði gjarnan viljað komast hjá því og þá auð- vitað vegna þess að ríkisstjórnin sjálf og meiri hlutinn hefðu sinnt málinu. En svo er nú ekki. Til þess að koma til móts við þennan hóp var þó gripið til þess ráðs, og það er rétt að halda því til haga, að sérstakar lánsveðsvaxtabætur standa nú til boða þeim sem eru yfirveðsettir og skuldsettir langt umfram aðra vegna þess að þeir hafa ekki notið úr- ræðanna vegna þröskuldarins, hinna lánuðu veða. Allt að 500 millj. kr. verða nú greiddar til þeirra sem sitja uppi með

mikla veðsetningu og þunga vaxtabyrði af lánnum sem ekki hafa tekið neinni niðurfærslu af þessum sökum. En það er að sjálfsögðu ekki varanleg aðgerð heldur eingöngu viðurkenning á því að úrlausnin fyrir þennan hóp hefur dregist umtalsvert umfram aðra. Flestir sem ekki voru með lánuð veð á eignum sínum fengu 110%-niðurfærsluna á árinu 2011 og þar af leiðandi er að verða komin tveggja ára töf hvað þennan hóp snertir.

Menn geta vissulega fært fyrir því rök að þessi hópur sé ekki algjörlega í sambærilegri stöðu og þeir sem ekki fengu lánuð veð því að vissulega fengu menn þessi veð lánuð og væntanlega hafa báðir aðilar gert sér grein fyrir því hvað í því fólst, annars vegar að menn reyrdu sér skuldbindingu umfram veðsetningarrými á viðkomandi eign og einhverjir velviljaðir aðilar lánuðu veðin. Það breytir þó engu um þá stöðu sem viðkomandi hópur er í og þetta eru kannski um það bil síðustu lánin sem sómakært fólk vill láta lenda í vanskilum út af vegna þess að þriðji aðili verður fórnarlamb þess ef ekki er greitt af þessum lánnum. Ég þekki margt ungt fólk sem er nákvæmlega í slíkri stöðu og hefur þurft að leggja hart að sér til að halda hlutunum gangandi þessi ár og biður í óþreyju eftir því að loksins fáist nú botn í málið.

Það leið varla sá dagur á meðan viðræður okkar stóðu við lífeyrissjóðina að ekki væri spurst fyrir um stöðu málsins og ég giska á að einhverjir hv. þingmenn þekki það að enn er verið að spyrja um hvort ekki sé nú að komast botn í málið.

Hér var í salnum áðan hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra og starfandi forsætisráðherra í einum og sama mannum. Ég hefði óskað eftir því að hæstv. ráðherra gæti verið hér örlítið viðstaddur umræðuna áður en ég lýk máli mínu því að ég hef áhuga á því að leggja fyrir hann ósköp einfalda spurningu. Hún er um afstöðu núverandi ríkisstjórnar til þessa máls og hvort þess sé að vænta að það njóti stuðnings þar. Eins og ég sagði hefði ég helst kosið að þurfa ekki að flytja málið vegna þess að það væri þá þegar komið í farveg. En ég held að það megi ekki dragast lengur en þá í allra mesta lagi fram í fyrstu vikur októbermánaðar að það fáist á hreint hvort efna á þetta samkomulag og fara í þessa aðgerð. Hún er nú ekki stór í sniðum, satt best að segja, borið saman við ýmislegt sem nú er á dögum. Það er erfitt að áætla nákvæmlega hvert umfangið gæti orðið en besta nálgun sem við töldum okkur komast að í vor eða á útmánuðum síðastliðnum var að líkleg stærðargráða væri 2, 2,5 til 3 milljarðar króna og hlutur ríkisins þá 85%–90% af því. Það eru talsverðir fjármunir en endurgreiðslurnar mundu dreifast á þrjú ár. Það vegur nú ekki stórt í sambengi við ýmislegt annað, enda á þetta ekki einvörðungu að ráðast af því heldur verður að horfa til hins að hér er um mikilvægt félagslegt jafnræðis- og sanngirnismál að ræða.

Hér gengur hæstv. starfandi forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra í salinn og er handhægt að hafa hann í einum og sama mannum, eins og segir í vísabroti, því að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra, án þess að það þurfi að lengja umræðuna mikið, enda skal ég þá leifa af ræðutíma mínum, svari því ósköp einfaldlega: Hefur ríkisstjórnin tekið málið til skoðunar? Hver er afstaða núverandi ríkisstjórnar, og þá ekki síst fjármála- og efnahagsráðherra,

til þess að fullnusta þetta samkomulag? Er þess að vænta — ef Alþingi verður ekki svo röskt að afgreiða einfaldlega málið og gera það að lögum í dag sem væri nú sómi að, það er afar einfalt og þarf ekki að vefjast fyrir mönnum ef vilji stendur til, en ég er ekki alveg svo bjartsýnn, herra forseti — að fjármálaráðherra muni þá sjálfur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sjá til þess að lagt verði til við Alþingi á þinginu sem byrjar 1. október að ríkið fái fullnægjandi lögheimildir til að efna samkomulagið? Það væri ósköp handhægt og þægilegt fyrir hæstv. ráðherra að skutla þessu inn í frumvörp, sem ég geri ráð fyrir að hann flytji, um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða fjárflyunarfrumvörp tengd fjárlagafrumvarpi, bandorm eða hvað það nú verður, og þá mættu slíkar heimildir að sjálfsögðu mjög vel falla þar með í frumvarpi til fjárukalaga eða annars staðar.

Það er rétt að taka það fram að samkomulagið, þegar það var í fæðingu, var kynnt fyrir forustumönnum þáverandi stjórnarandstöðuflokka, þar á meðal hæstv. núverandi fjármála- og efnahagsráðherra. Ég átti með honum fund og hæstv. ráðherra tók eftir atvikum vel í það, en hann er hér til svara þannig að ég þarf ekki að endursegja það. Ég gerði sömuleiðis ítrekaðar tilraunir til að ná fundi með formanni Framsóknarflokksins, hæstv. núverandi forsætisráðherra. Það gekk nú ekki en við áttum símtöl um málið og ég setti hann inn í efni þess og kynnti honum það þannig og málið var unnið þannig að þáverandi stjórnarandstöðuflokkum var fullkunnugt um að í fæðingu væri loksins þetta samkomulag. Það á því ekki að koma mönnum að óvörum. Vissulega heyrði ég þau sjónarmið þá og hef gert það áður og var nú ekki skrytið, að mönnum fannst þátttaka lífeyrissjóðanna í þessu fullnánasarg. Það væri fulllitið sem þeir tækju á sig og óþarflega mikið sem endaði með kostnaði ríkisins. Það sjónarmið skil ég vel, að mönnum finnst þetta skrytín hlutföll. Menn gætu sagt sem svo að þeir vildu gera tilraun til að fá lífeyrissjóðina til að taka á sig stærri hlut. En ég get fullvissað menn um að allt var reynt sem hægt var til þess að sannfæra þá um að það gæti verið réttlæt看legt að þeir bæru þarna stærri hlut. Niðurstaðan varð þessi eftir gríðarlega langar, erfiðar og harðar viðræður. Ég verð því miður að segja að ég er ekki bjartsýnn á að það hafi neitt upp á sig að reyna að fara í þann leiðangur aftur. Við sátum fund eftir fund með forustumönnum lífeyrissjóðanna, fjórir ráðherrar í ríkisstjórn, og reyndum að sannfæra þá með öllum mögulegum rökum sem við gátum að þeir gætu vel réttlætt að taka eitthvað meiri hluta af kostnaðinum á sig, en þeir mættu vopnaðir sínum lögfræðialitum og úttektum og niðurstaðan varð þessi. Ég mæli því með því að menn eyði ekki tíma í það, það mun fyrst og fremst tefja enn fyrir því, óttast ég, að hópurinn fái úrlausn sinna mála.

En ég vona að svör hæstv. fjármálaráðherra verði jákvæð og gladaður manna skal ég þá taka þátt í því í októbermánuði að skutla í gegn þeim heimildum sem ríkið þarf til þess að framkvæmdin geti þá loksins farið á fulla ferð. Ef ekki og viðbrögðin verða eitthvað daufleg mun ég ekki láta málið niður falla.

Ég mælist svo til þess, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.



[16:01]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir bæði framlagningu þessa frumvarps og ræðuna. Ég vil spyrja hann þriggja spurninga.

Í fyrsta lagi: Þarf ekki að taka fram að þau lán sem hér er um að ræða hafi runnið til kaupa á íbúðum? Ég get ekki lesið það út úr lagatextanum sjálfum. Eða er ætlunin að hafa öll lánsveð þarna undir? 41% er vegna annarra þarfa, framfærslu og annars slíks.

Í öðru lagi: Lán sem tekin voru fyrir 2004 hafa hækkað minna en eign sem keypt var, hlutfallslega hafa þau hækkað minna, og þau hafa líka að jafnaði hækkað minna en laun viðkomandi einstaklings. Er eðlilegt að fella slík lán niður? Er eðlilegt að maður sem hefur „grætt“ á því að hafa keypt eign fyrir 2004 vegna þess að eignin hefur hlutfallslega hækkað meira en lánið og hann á auðveldara með að borga af því að launin hafa hækkað meira en lánið — er eðlilegt að taka fé úr ríkissjóði til að borga það? Nú stendur ríkissjóður ekkert voðalega vel.

Í þriðja lagi er það spurningin um aðstoð foreldra við börn sín, þetta var yfirleitt þannig: Telur hv. þingmaður eðlilegt að maður sem hjálpaði börnunum sínum til að kaupa stærri íbúð en einhver annar gat keypt, einhver sem ekki átti foreldra sem höfðu laust veð — er eðlilegt að sá sem átti ríka foreldra fái niðurfellda skuld sem hinn fékk ekki, sá sem gat ekki keypt sér stóra íbúð?

[16:03]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Varðandi fyrstu spurninguna er alveg ljóst í samkomulaginu, sem er fylgigagn með þessu máli, þ.e. hin sameiginlega viljafirlýsing, að þetta tekur eingöngu til þeirra lána, þess hluta lánanna sem var varið beint til húsnæðiskaupa. Þar er viðmiðunin gamalkunnug, það eru lán sem stofna rétt til greiðslu vaxtabóta, ekki önnur. Það kemur reyndar fram í greinargerðinni að þar er sundurgreindur sá fjöldi lántakenda sem notaði lánsveðsláan til húsnæðiskaupa frá hinum og það er rúmur helmingur þeirra 6.700 sem það átti við um.

Varðandi lán sem tekin voru fyrir 2004 og þá með lánuðum veðum er þetta út af fyrir sig allt rétt sem hv. þingmaður segir, að sá hópur naut auðvitað nokkurra ára þar sem fasteignirnar hækkuðu meira en lánin og meira en verðlag. Í þeim skilningi geta menn sagt að hann eigi inni gagnvart því. En þá eru náttúrlega minni líkur á því að um þessa yfirveðsetningu sé að ræða, þannig að það mun nú væntanlega ekki eiga við í miklum mæli. Að sjálfsögðu er sá hópur verst settur og mest yfirveðsettur sem tók lánin á allra óhagstæðasta tíma á toppi fasteignabólunnar árið 2007, það leiðir af hlutarins eðli. Einnig hið að samkomulagið slær þann varnagla við að lánin verða aldrei færð niður fyrir upphaflegt veðsetningarhlutfall eignar lántakandans. Þar verður dregið strik þannig að það getur þýtt að niðurfærslan verður minni en niður að 110%. Það er upphaflega veðsetningarhlutfallið niður að þeim mörkum eða niður í 110% sem lánið verður fært í. Ég geri ráð fyrir að þetta tvennt leiði til þess að þetta muni mjög sjaldan eiga við um þann hluta hópans sem tók lán fyrir 2004.

Varðandi svo það hvort við eigum að fara að reyna eitt-hvað að flokka félagslegar aðstæður hópans og fara í samjöfnuð við fólk sem var öðruvísi stött í þessum efnun, ég held að (Forseti hringir.) það verði torsótt leið. Við verðum fyrst og fremst að gera það (Forseti hringir.) upp við okkur: Viljum við aðstoða þennan hóp eða ekki?

[16:06]

**Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):**

Herra forseti. Það er greinilegt að það vantar inn í frumvarpstextann tilvísun í þetta samkomulag, sem ég hef nú ekki lesið í hörgul en úr því verður bætt þegar málið kemur inn í hv. efnahags- og viðskiptanefnd því að ég sit þar og ég mun leggja það til að bætt verði úr textanum.

Svo varðandi þá sem keyptu fyrir 2004, að veðsetningarhlutfallið eigi ekki að lækka samkvæmt því sem hv. þingmaður sagði niður fyrir það sem það var þegar lánið var tekið og því fá væntanlega flestir sem keyptu fyrir 2004 ekki neitt.

Síðan er það spurningin með aðstoð foreldra. Nú eru sumir þessara foreldra illa settir, þeir hafa ekki miklar tekjur og skulda í eigninni sinni og jafnvel er hætta á að þeir missi eignina ef gengið verður að veðinu og þess eru dæmi. Hins vegar eru aðrir sem ég mundi segja að væru moldríkir og búa í skuldlausri eign að öðru leyti en þessu láni og hafa miklar tekjur og miklar eignir o.s.frv. Ég er viss um að þeir gleðjast yfir því að lánið sem þeir veittu veð fyrir sé greitt upp. Hvar er þá aðstoðin sem þau voru að veita börnunum sínum? Ætlar ríkið að hjálpa þeim að aðstoða börnin sín við að kaupa eignina? Þetta er ekki alveg svona einfalt. Ég hefði gjarnan viljað sjá tekið eitthvert tillit til fjárhagslegrar stöðu þess sem á veðið þannig að við stöndum ekki í svona löguðu. Ég vil jafnframt benda á að staða ríkissjóðs, sem á að borga þetta allt saman, er mjög slæm.

Hér er talað illa um lífeyrissjóðina, það er talað um að þeir hafi tregðast við o.s.frv. Ég vil benda hv. þingmanni á að allir almennu lífeyrissjóðirnir standa undir öllum skuldbindingum sínum með eignum og ef verið er að skerða eignirnar þarf að skerða lífeyri hjá almennum sjóðfélögum en ekki hjá ríkisstarfsmönnum, ekki hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þar eru réttindin tryggð.

[16:08]

**Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) (andsvar):**

Herra forseti. Ég held að sterkustu sanngirniss- og réttlætisrökin í þessu máli stofnist með því að líta á lántakandann sjálfan og stöðu hans, ekki spurninguna um efnahag foreldra eða annað því um líkt. Þetta er, segjum bara ungt fólk sem keypti íbúð, tók til þess lán og það þurfti veð annars staðar frá til þess að klára kaupin, en það ætlar að standa við sitt. Það vill borga sín lán. (Gripið fram í.) Það situr fast í yfirveðsettri eign og er að því leyti til í mjög erfiðri stöðu. Að sjálfsögðu vill enginn þurfa að leita til þess sem lánaði honum veð og biðja um hjálp frá honum. Við skulum ganga út frá því að almennt vilji þetta fólk eins og aðrir sjá um sig sjálft. Þvert á móti held ég að það sé þannig að í sumum tilvikum leggi menn óheyrilega hart að sér áður en þeir láta þann lenda í vandræðum sem lánaði þeim veðið.

Til þess að þessi hópur komist í sambærilega stöðu og 110%-leiðin þýddi fyrir flesta verður að ná veðhlutföllunum niður. Hugsunin á bak við þá leið var ekki bara sú að aðstoða með greiðslubyrði lánanna með því að færa þau niður að 110% veði. Hún var líka sú að færa skuldirnar þannig niður að menn sætu ekki fastir árum saman í bullandi yfirveðsettri eign. 110%-leiðinni var ætlað að verða að 100% leið og síðan 90% leið með því að fasteignaverð hækkaði meira en lánin og það hefur þegar gerst. Það þýðir aftur að menn geta losað sig út úr stöðunni án þess að labba í burtu með bullandi skuldir, þ.e. að lánið er þá ekki nema í svipuðum mörkum og fasteignin gefur við sölu.

Þessi hópur hefur ekki fengið þá úrlausn. Hann situr áfram fastur í 130–150% veðsetningu samtals með veðum á íbúð viðkomandi og hinu lánaða veði. Það er út úr þeirri stöðu (Forseti hringir.) sem við viljum koma þessum hóp.

[16:10]

### Útbýtt utan þingfundar 30. september:

Álversframkvæmdir í Helgúvík, 50. mál, svar iðn.- og viðskrh., þskj. 131.

Árangur vinnuarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk, 31. mál, skýrsla fél.- og húsnrh., þskj. 129.

Framlög til eftirlitsstofnana, 51. mál, svar fjmrh., þskj. 130.

[16:10]

### Útbýting:

Nýtingarhlutfall Akureyrarflugvallar, 54. mál, fsp. HHj, þskj. 126.

[16:11]

### Ögmundur Jónasson (Vg):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál. Ég geri orð fyrsta flutningsmanns frumvarpsins, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússonar, einfaldlega að mínum. Þar kom mjög vel fram hvers vegna þetta mál er lagt fram og ég tel að við þurfum ekki að hafa um það mjög langa umræðu, einfaldlega vegna þess að mönnum flestum eru málavextir kunnir.

Ég er feginn því að hæstv. fjármálaráðherra er viðstaddur umræðuna og skýrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa grafalvarlega máls. Ég hygg að einhver erfíðustu mál sem við þurfum að glíma við á síðasta kjörtímabili og tengjast skuldavanda heimilanna hafi verið mál tengd Dróma annars vegar og síðan þessi lánsveð hins vegar.

Það er ekki verið að tala illa um lífeyrissjóðina, það er rangt hjá hv. þm. Péturi H. Blöndal. (Gripíð fram í.) Það er rétt, þeir tregðuðust við, það er lýsing á því sem gerðist. Það voru okkur mikil vonbrigði hve erfíðir lífeyrissjóðirnir voru til samstarfs í þessu efni og það er rangt að setja málin inn í þá jöfnu sem hv. þm. Pétur Blöndal gerir, að það sé ávísun á tap lífeyrissjóðanna að koma til móts við lántakendur með þeim hætti sem við lögðum til vegna þess að í raun og sann teljum við að með þeim aðgerðum sé verið að koma í veg fyrir tap lífeyrissjóðanna eða að þeir verði af greiðslum inn í sína sjóði.

Það má deila um kosti og galla þess að lána veð. Það hefur gengið upp í gegnum tíðina, í aðalatriðum. Fólk hefur fengið lánað veð í íbúð pabba og mömmu, systkina og

frændfólks og yfirleitt hefur það gengið upp. Síðan verður efnahagshrun á Íslandi og fólk sem er skulduð vafið lendir í miklum greiðsluvanda og gripíð er til margvíslegra ráðstafana. Ein af þeim ráðstöfunum sem gripíð er til almennt í fjármálakerfinu er sú leið sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vísaði til, hin svokallaða 110%-leið sem byggir á því að lán eru færð niður hafi þau verið þar fyrir ofan.

Það gildir hins vegar ekki um lánin hjá þeim sem eru með lánsveð. Einstaklingur sem fær lánað veð í íbúð pabba og mömmu eða skyldfólks meðhöndlar lánin og skuldbindingarnar sem þær væru þeirra eigin, enda eru þær það. Einstaklingurinn borgar af láninu jafnt hvort veðið hvílir á eigin eign eða eign skyldmenna. Það sem þá stendur út af er að láta þessa almennu hjálparaðgerð sem fjármálakerfið innleiddi ná til þessa fólks líka. Það var ekki gert og í því er félagslegt ranglæti, teljum við, og mjög sárt ranglæti vegna þess að það er eitt að tapa sinni eign íbúð, það er annað og verri að tapa íbúða annarra. Það er hið sára í þessu.

Ég leyfi mér að fagna yfirlýsingum hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar varðandi Dróma um þann ásetning stjórnvalda að reyna að taka á því máli sem við höfðum á okkar vinnsluborði lengi og reyndum að þoka áfram, en það er eins með það og margt annað að það hefur reynst þrautin þyngri.

Þessir samningar við lífeyrissjóðina, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að, voru langvinnir og ég get borið vitni um að þar var mikið reynt. Ég vil líka taka undir varnaðarorð um að ætla að frekari samningaviðræður í þeim búðum muni skila miklum árangri. Ég held að þær muni ekki gera það, því miður. Mér fannst hryggilegt að lífeyrissjóðirnir, sem byggja afkomu sína á lögbundnum greiðslum allra landsmanna, alls launafólks inn í sína sjóði, skyldu ekki sýna meiri félagslega ábyrgð í því efni. Ég harmaði það. Það er skoðun, ég er ekki að tala illa um einn eða neinn, þetta er skoðun mín. Tregðan er mjög raunveruleg, ég get borið vitni um það.

Ég bíð þess spenntur að heyra hvað ríkisstjórnin ætlar að gera. Ég hef ekki orðið var við annað en að hún vilji taka af alvöru á málinu og ásetningurinn sé sá og ég gef mér að það verði reynt að gera. Ég tel þetta vera mjög mikið réttlætismál. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að málið verður ekkert samþykkt núna, hér og nú, ekki í dag, það á að fara að slíta þinginu. En eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði er ástæða til að leggja málið fram, fá um það umræðu vegna þess að inni í bráðaaðgerðum ríkisstjórnarinnar var það því miður ekki að finna í haust. Ég man ekki eftir tilvísun í það í haust en ég vona að við fáum frumvarp þess efnis á fyrstu dögum þingsins þegar það kemur saman í október.

[16:17]

### Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir góða ræðu. Ég hnaut reyndar um eitt og það var að lífeyrissjóðirnir hefðu tregðast við og ekki sýnt, ég held að hann hafi notað orðin félagslegan þroska.

Nú er það þannig að almennu lífeyrissjóðirnir geta ekki borgað lífeyri með neinu öðru en eignum sínum, ekki neinu öðru. Þess vegna er þetta bara spurningin um hvort þeir ætli að vera góðir við lántakendur sem tóku lán hjá þeim, hugs-

anlega eru þeir sjóðfélagar en kannski eru þeir það ekki lengur heldur fluttir í annan sjóð. Ætla þeir að gera vel við þá og skerða lífeyri hjá öllum? Það er hinn nakti veruleiki.

Það var gert ráð fyrir því að þeir mundu lækka kröfurnar um 12% í þessu fræga samkomulagi sem þarf að setja inn í lagatextann ef það á að hafa eitthvert gildi. Þeir eru í þeirri stöðu, þeir hefðu hugsanlega tapað, væntanlega 12%, vegna þess að það þarf þrennt að bregðast. Skuldarinn þarf að bregðast, hann þarf nánast að verða gjaldþrota, greiðslu-byrði skuldarans þarf að bregðast, hann þarf að vera í þeirri stöðu að geta ekki borgað, og sá sem á veðið þarf líka að bregðast. Þá fyrst tapa lífeyrissjóðirnir eignum sínum og verða að skerða aðra sjóðfélaga.

Svo vil ég benda á, eins og áðan, að opinberu sjóðirnir — sem við erum báðir í og hv. þingmaður hefur stýrt slíkum sjóði í fjölda, fjölda ára, hann var formaður stjórnar LSR — þurfa ekki að skerða eitt né neitt. Þetta skiptir þá engu máli vegna þess að réttindin eru tryggð með lögum og iðgjaldið hækkar þá á ríkissjóð eða aðra launagreiðendur, þ.e. skattgreiðendur, sama fólk og er að tapa hjá almennu sjóðunum.

[16:19]

### Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég skal líka hrósa hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu, fyrir hans hatt. Reyndar er hún svo góð að hún er orðin sígild. Ég hef heyrt hana flutta svona fimm, sex sinnum á ári frá því að ég tók setu á Alþingi árið 1995 og hún gengur út á það að reyna að setja af stað sundrunu, ósætti á milli launafólks út af lífeyrismálum.

Það er alveg rétt, ég hef tekið þátt í stjórnun lífeyrissjóða og ég hef verið í starfi fyrir samtök launafólks. Ég get frætt hv. þingmann um það að þegar setið var við samningaborð og rætt um kaup og kjör, kaupið, þá var það iðulega gert með hliðsjón af lífeyrissjóðum og menn voru spurðir: Viltu láta ganga á lífeyrissjóðinn? Og menn völdu. Menn völdu og lögðu áherslu á að hluti af kjörnum færi inn í lífeyrissjóðina.

Síðan voru gerðar breytingar á lífeyrissjóðunum sem gengu í gildi í byrjun árs 1997 þar sem opinbera kerfið varð tvískipt, gamla sjóðnum var lokað, kallað B-deild, og sett á fót annað kerfi, A-deild, sem er stigakerfi og sem síðan þarf að horfa á með hliðsjón af arðsemi sjóðanna til langs tíma og þá er það metið í samræmi við annað sem snertir kjörin við samningaborð, þannig að opinberir starfsmenn ekkert síður en aðrir eru með öll kjörin undir þegar lífeyrissjóðirnir eru annars vegar.

Það sem þetta mál snýst um er að fólk sem hefur fengið veð að láni hjá foreldrum eða ættingjum en er að greiða af lánnum sínum sitji við sama borð og aðrir gera í okkar þjóðfélagi. Ég vænti þess að við fáum jákvæð viðbrögð frá ríkisstjórninni og ætla ekkert annað.

[16:21]

### Pétur H. Blöndal (S) (andsvar):

Herra forseti. Já, það er rétt hjá hv. þingmanni, ég er búinn að halda þessa ræðu allt of oft en einhvern veginn virðist hún ekki skiljast. Það sem ég hef verið að reyna að segja alla tíð, það er ekkert á móti opinberum starfsmönnum. Ég er að reyna að segja að það skiptir engu máli fyrir hina op-

inberu lífeyrissjóði hvaða álögur eru lagðar á þá, það skiptir akkúrat engu máli. Það skiptir heldur ekki máli hvaða ávöxtun þeir ná. Af hverju ekki? Vegna þess að í lögum stendur að réttindin séu föst. Það er iðgjaldið sem breytist hjá A-deildinni og skuldbindingin hjá B-deildinni, og hún er orðin 450 milljarðar. Við erum því ekki að tala um lágur upphæðir. Þarna ætla menn að bæta í — já, já, já, vera félagslegir og góðir og allt slíkt.

Allt í lagi. Og lífeyrissjóðirnir tregðast við að samþykkja, þeir tregðast við. Þannig tala menn. Menn eru að tala um að skerða eigi lífeyri hjá almennu verkafólki, það eru menn að tala um. Það heitir að tregðast við að ganga til samkomulags og vera allt of lengi að ræða um það og allt svoleiðis. Það er ekki neitt gamanmál fyrir stjórnir lífeyrissjóðanna að vera að semja um að afsala sér einhverjum eignum.

Svo er það þannig að staða lántakenda er afskaplega misjöfn. Eins og ég nefndi eru til menn sem hafa lánað veð sem eiga eignina skuldlausu að öðru leyti og hafa góðar tekjur og geta vel ráðið við þetta. Svo er líka margt ungt fólk sem tók lán, hefur verið í námi. Nú eru þetta verkfræðingar eða lögfræðingar og hafa mjög góðar tekjur og geta vel borgað af þessum lánnum.

Þetta er því mjög víðtæk flóra og svo er náttúrulega fjöldi fólks í verulega miklum vanda bæði varðandi eignir og skuldir og alveg sérstaklega við að horfa upp á það að hugsanlega missi pabbi og mamma eignirnar sínar.

[16:23]

### Ögmundur Jónasson (Vg) (andsvar):

Hæstv. forseti. Ég hrósaði hv. þm. Pétur H. Blöndal hér áðan. Ég ætla að leyfa mér að draga aðeins úr því hrósi og fá það merkt í (Gripið fram í.) þingtíðindin. Mér finnst það ekki vera fallegur eða góður málflokkur að segja að það sem vaki fyrir okkur sé að skerða kjörin hjá verkafólki. Það er ekki það sem stendur til að gera. Ég ítreka það sem hv. þingmaður telur svo erfitt fyrir okkur, hinn almenna mann, að skilja varðandi vísu hans í lífeyrismálum — ég er að segja þetta: Ef lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna rísa ekki undir skyldum sínum þá er það rétt að breyta þarf iðgjaldinu. Það þarf að taka ákvörðun um það og sú ákvörðun er rædd við kjaraborðið líka. Hún er líka rædd við kjaraborðið (Gripið fram í: ... lögum ...) þegar menn ræða um kaupið.

Í lögum hefur alltaf verið kveðið á um lífeyrissjóðindin. Það hefur ekki breytt því að í samningaviðræðum við kjaraborð er horft á launin með tilliti til þeirra réttinda sem fólk nýtur og kostar peninga og kostar fjármuni. Að sjálfsögðu er það gert. Þetta er því heildstæð mynd sem alltaf er til umfjöllunar og umræðu við gerð kjarasamninga.

[16:25]

### Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Í framsöguræðu var vikið að því hver stefna ríkisstjórnarinnar væri í þeim málum sem snúa að lánsveðum og útstandandi hluta þess vanda sem skapast hefur vegna þess að lífeyrissjóðir hafa ekki séð sér fært að fella niður kröfu sem byggir á lánsveði þrátt fyrir hina almennu 110%-niðurfærsluleið sem nokkuð breið samstaða tókst um á sínum tíma.

Ekki er hægt að ræða þetta mál án þess að láta þess getið að samkomulag sem gert var við lífeyrissjóðina var gert einungis fjórum dögum fyrir kosningar, 23. apríl, en kosið var 27. apríl. Í greinargerð með frumvarpinu kemur sú dagsetning réttléga fram en þar segir líka að menn hafi gert sér grein fyrir þessum vanda um vorið 2012.

Nú atvikaðist þetta þannig að okkur í stjórnarandstöðu þess tíma var gerð grein fyrir því að í fæðingu væri samkomulag og ég átti ágætissamtöl við þáverandi ráðherra sem fór fyrir málinu, (Gripíð fram í.) atvinnu- og nýsköpunarráðherra þess tíma, sem hafði lengi unnið að málinu. Ég heyrði reyndar einnig frá lífeyrissjóðunum og gerði út af fyrir sig ekki athugasemd við að ríkisstjórnin gengi frá samkomulaginu, en það hlaut öllum að vera ljóst að kosningar voru eftir örfáa daga og það var ákveðin óvissa um það hvað þá tæki við.

Ég vil segja almennt um þetta mál að ég hef mjög mikinn skilning á því að þörf sé til að binda enda á þau útistandandi vandamál sem hér er verið að reyna að ná utan um. En þetta er ekki einfalt mál. Ef við veltum fyrir okkur til dæmis hvernig 110%-leiðin kom til framkvæmda á sínum tíma þá var hún framkvæmd þannig að fært var niður að 110% og eftir atvikum ef þörf krafði lengra niður samkvæmt því samkomulagi, jafnvel niður fyrir 110%, ef greiðslustaða viðkomandi skuldara var með þeim hætti. Og þegar sú greiðslustaða var skoðuð var meðal annars tekið með í reikninginn að viðkomandi gæti haft lán þar sem lánsveð var að baki, þannig að 110% úrræðið tók beinlínis með í reikninginn að það kynni að vera undirliggjandi lánsveð sem hafði þá verið horft til þegar greiðslustaða viðkomandi skuldara var stillt af.

Ég hef mikinn skilning á því sem segir í frumvarpinu um að reyna að jafna stöðu þeirra sem fengu niðurfærslu samkvæmt samkomulaginu frá 15. janúar 2011, sem sagt um 110%-leiðina, og annarra sem höfðu lánsveð. En maður verður samt að spyrja sig: Er staða þessara hópa nákvæmlega hin sama? Er hún að öllu leyti sambærileg? Þegar við tölum um 110% veð er hægt að líta þannig á að í lánsveðstilfellinu sé í reynd ekkert veð til staðar heldur megi ganga út frá því að krafa á lánsveðið sé gefin eftir óháð öllum öðrum aðgerðum sem er verið að grípa til. Ég verð í því sambandi sérstaklega að vísa til þess að þegar greiðslustaða skuldarans er metin var á sínum tíma líka tekið með í reikninginn hvað viðkomandi var að greiða af því láni sem lánsveð hafði verið veitt fyrir. Það hlýtur að skipta einhverju máli í þessari mynd.

Annað sem skiptir máli er að samkomulagið við lífeyrissjóðina gerir ekki ráð fyrir öðru í sjálfu sér en að ríkið taki á sig bróðurpartinn. Í þessu frumvarpi er talað um 90%, í samkomulaginu frá sínum tíma eða í þeirri viljayfirlýsingu sem vísað hefur verið til var talað um 88% og 12%, þ.e. að ríkið taki allan bróðurpartinn af þeim kostnaði. Samningurinn við lífeyrissjóðina er gerður fjórum dögum fyrir kosningar. Það eru ekki til fjármunir á fjárlögum yfirstandandi árs til að standa undir þeirri greiðslu sem þar er verið að ræða um og það er meginástæðan fyrir því að ríkisstjórnin hefur ekki hrint þessu samkomulagi í framkvæmd.

Ég lít þannig á að mál sem snerta stöðu þeirra sem hafa veitt lánsveð eða tekið lán og fengið lánsveð hljóti að falla í

sama farveg og skuldamál almennt, þ.e. að þau hljóti að þurfa að skoðast samhliða öðrum úrræðum sem nú eru til skoðunar, en ég ætla ekki að draga í efa orð framsögumanns þessa máls þegar hann segir að hann telji ólíklegt að frekari viðræður við lífeyrissjóðina skili mikið meiri árangri. Mér sýnist að það sé alveg skýr lína hjá lífeyrissjóðunum að þeir telji sig geta réttlætt þessa eftirgjöf upp að þessu marki, um 10–12%, og þá væntanlega eins og ég hef skilið það með því að segja: Ja, það yrði á endanum okkar kostnaður af því að leysa til okkar veð, standa í uppboðum og innheimtuadgerðum ef látið yrði reyna á tryggingar fyrir lánunum. Og með vísan til þess fyrirséða kostnaðar geti þeir tekið á sig þetta hlutfall af niðurfellingu lánsins, enda taki ríkið á sig allan kostnaðinn að öðru leyti.

Það sem yrði þá sérstakt í þessu máli er að í öðrum tilvikum hafa lántakendur ýmist fengið leiðréttingu vegna endurútreiknings á gengistryggðum lánunum — það finnst mér kannski að sé dálftíð sérstakt tilvik vegna þess að í raun eru menn þar bara að fá réttan útreikning á lánin sín, þeim hafa ekki verið færðar neinar gjafir, þeir hafa þá í raun og veru fengið réttan lagalegan skilning á samningsstöðu sinni — en aðrir hafa fengið niðurfelld lán með 110%-leiðinni og þar með talin lánsveð í frjálsum samningum við sína viðskiptabanka, bankarnir hafa sýnt þeim þætti málsins góðan skilning.

Í tilvikum Íbúðalánasjóds tel ég mig muna það rétt að af þeim sem voru með yfirveðsetningu, yfir 110%, hafi u.þ.b. helmingurinn sótt um að fá leiðréttingu. Af þeim helming sem sótti um hafi helmingurinn fengið niðurfellingu þannig að 3/4 þeirra sem voru með yfir 110% hafi þá annaðhvort fengið neitun eða einfaldlega ekki sótt um, væntanlega þá vegna þess að viðkomandi hafi ekki talið sig uppfylla skilyrði eða ekki verið tilbúinn til þess að undirgangast þau skilyrði sem þar voru undir.

Hér erum við hins vegar að tala um það sem stendur út af. Það eru þau tilvik þar sem menn hafa fengið leiðréttingu upp á 110% en eftir stendur þetta lánsveð. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eitt verði látið yfir alla ganga alveg óháð greiðslustöðu og alveg óháð því að þegar lánin voru stillt af í 110%, eða eftir atvikum neðar, hafi þá þegar verið tekið tillit til þess að til staðar væri greiðslubyrði af láni sem lánsveð hafði verið veitt fyrir. Mér finnst það vera alla vega til umhugsunar, en ég held að vandfundinn verði sá þingmaður á Alþingi sem kemur hingað upp og gerist alveg sérstakur talsmaður þess að alls ekki verði tekið á þessum lánsveðsmálum og enginn fái felldar niður skuldir sem byggja á lánsveðum. Það er ekki sérstaklega vinsælt hlutverk.

Mér finnst hins vegar miklu skipta þegar við tölum okkur til niðurstöðu um þetta að tryggt sé að það úrræði haldist vel í hendur við röksemdafærsluna fyrir því sem þegar hefur verið gert og í því sambandi verði hæfilegt tillit tekið til þess að það er ekki hið sama skuldsetning og greiðsluvandi.

[16:35]

#### **Guðbjartur Hannesson (Sf):**

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þessari umræðu um frumvarp til laga um viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila. Ég vil þakka hæstv. fjármála- og efnahagsráðherra fyrir að taka þátt í umræðunni.

Þó að hæstv. ráðherra hafi ekki getað gefið skýr svör heyr-ist mér að hann hafi skilning á þessu vandamáli enda er það svo sem orðið gamalkunnugt eftir tilraunir til að leiðrétta þá skuldaaukningu sem varð eftir hrunið.

Það er auðvitað mjög mikilvægt engu að síður að fá svör því nú líða nokkrir mánuðir þangað til við sjáum hver úr-ræðin verða. Það hefur verið gefin klár yfirlýsing um að hér verði almennar leiðréttingar. Það er smátt og smátt að skýr-ast að eitthvert tillit verði svo tekið til þess sem búið er að gera. Við eigum auðvitað eftir að fá svör við því að fullu og öllu. Hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hefur tal-að um að eðlilegt væri að skoða hvað menn hafa fengið, til dæmis í gegnum 110%-leiðina. Það muni þá verða dregið frá, að minnsta kosti að þeim hluta, ef um almenna leiðrét-tingu verður að ræða.

Þá hlýtur maður að spyryja: Verður það gert líka varð-andi sérstaka skuldaaðlögun, greiðsluvandaúrræðin sem voru hjá umboðsmanni skuldara? Verður það gert með sér-stöku vaxtagreiðslurnar, þ.e. sérstakar vaxtabætur sem allir fengu og voru allt upp í 30–50% af vaxtakostnaði hvers árs? Verða þær dregnar frá? Verður lánsveðsmálið tekið þar inn í og skoðað sérstaklega, því að það er ekki sjálfgefið?

Ég ætlast ekki til að þessu sé svarað á þessari stundu en það skiptir mjög miklu máli að svörin komi nokkuð fljótt vegna þess að þarna er enn þá 4 þús. manna hópur, að minnsta kosti, sem hefur beðið eftir svörum frá því að 110%-leiðin var ákveðin í desembermánuði 2010.

Það kom auðvitað einn vandi strax í ljós sem við lentum í vandræðum með þegar 110%-leiðin var farin. Það er samt ástæða til þess að vekja athygli á því, sem hér kom fram, að hún var unnin í mikilli sátt vegna þess að fyrrverandi ríkis- stjórn vann þessi mál með stjórnarandstöðunni líka. Það varð þverpólítísk samstaða um að fara 110%-leiðina. Ég get upplýst það til gamans líka, vegna þess að það er ákveðinn misskilningur uppi: 110%-leiðin er ákveðin í desember, af hverju skyldi hún hafa verið 110%? Það var vegna þess að þá lá fyrir að fasteignaverð mundi hækka um 10%, fast- eignamat mundi hækka um 10% í janúar. Í rauninni átti þetta að vera 100%-leið. En af því að menn vissu að hækka- unin átti að koma til framkvæmda í janúar varð þetta 110%-leið.

Þá lá fyrir, þegar menn fóru út í þessa leið, að ákveðinn hópur, tveir hópar raunar, var annars vegar með ábyrgðar- menn á lánunum og svo lánsveð hins vegar. Þá sögðu bank-arnir og Íbúðalánasjóður: Þetta eru tryggðir peningar. Við ætlum ekki að gefa þá eftir eða borga til baka til fólks. Þetta eru tryggðir peningar, það eru örugg veð á bak við þetta, annars vegar ábyrgðarmaður og hins vegar lánsveð.

Framkvæmdin var þó þannig að sumir gerðu betur, sér- staklega bankarnir sem tóku það frumkvæði sjálfir, enda var þetta lágmarksákvæði, þ.e. að menn gátu gert betur og sumir gerðu það. Þeir skoðuðu hvort það að ganga að ábyrgðarmönnum eða lánsveðum mundi raska högum þeirra sem höfðu veitt ábyrgðina eða lánsveðin. Ef það stefndi í að viðkomandi aðili sem hafði lánað veð eða skrif- að undir sem ábyrgðaraðili væri ekki borgunarmaður fyrir þessu og það mundi hugsanlega þýða að hann tapaði eign- um sínum var þetta gefið eftir.

En þetta gekk ekki heilt yfir og það var glíman okkar á

þessum tíma í samningum við lífeyrissjóðina. Röksemdin var sú að það að gefa eftir varðandi lánsveðin mundi bæta lánasafn lífeyrissjóðanna. Það átti ekki að vera til þess að tapa peningum, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal letur í skína. Rökin voru þau, og voru í gegnum alla leiðréttinguna og er að mörgu leyti enn þá rökstuðningur núverandi ríkis- stjórnar, að það muni bæta efnahagslífið og bæta almennt stöðu þeirra sem eiga lánin að menn hreinsi til í þeim og taki til og tryggi að endurgreiðslan verði betri í staðinn fyrir að menn stoppi greiðslur eins og sumir hafa gert.

Þetta var umhverfið sem við glímdum við. Því miður, eins og hér hefur komið fram, náðist ekki samkomulag um þetta fyrr en rétt fyrir kosningar. Þar með gáfum við ákveð- in skilaboð, fyrrverandi ríkisstjórn, um það hvernig við vildum að þetta yrði leyst, þrátt fyrir að lausnin væri ekki fullnægjandi eða eins og við hefðum kannski helst viljað. Og nú biðjum við um að núverandi ríkisstjórn sendi þessum hópi klár skilaboð um hvað hún vilji gera — ekki á næsta ári, heldur sem fyrst. Þess vegna höfum við kallað eftir því að þetta mál yrði tekið fyrir og nú hefur hæstv. ráðherra komið og rætt það. Við biðjum um að þessum hópi verði svarað í byrjun nýs þings í október. Við náum þessu ekki í gegn í dag eða á þeim mínútum sem eftir eru af þessum fundi.

Þetta hefur til dæmis verið eitt af þeim málum sem hafa þvælst mjög fyrir í úrvinnslu hjá umboðsmanni skuldara. Þar hefur verið í boði greiðsluáðlögun, það hafa náðst samningar, það hefur verið farið í gegnum mjög langt ferli, allt upp í tveggja ára ferli, búið að leggja allar skuldir á borðið, búið að fella niður jafnvel tugi prósentu og síðan er sagt: Við ætlum að fella þessi lán niður. Þið borgið þetta, það er það sem þið ráðið við, en lánsveðið fellur á láns- veðshafann.

Staðreyndin er sú að ungt fólk er ekki tilbúið til þess að senda slíkan reikning yfir á fjölskyldu sína, foreldra eða systkini. Það hefur því horfið frá greiðsluáðlöguninni sem átti að hreinsa af þeim skuldirnar. Þetta er vandamálið í hnotskurn. Fólk er að pína sig endalaust, það getur ekki far- ið í gjaldþrot, því að þá fellur það yfir á fjölskylduna eða aðstandendur. Það er í raun og veru í skuldafangelsi til langs tíma ef við finnum ekki einhverja lausn á vandanum. Það er ástæðan fyrir því að við erum að glíma við þetta.

Ég ætla ekki að eyða tímanum hér lengur. Þetta mál er flutt af hv. þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni og Katrínu Júlíusdóttur, en ég vildi skerpa á því að þetta mál var komið svona langt fyrir kosningar. Það er okkur mikið í mun að þessum hópi verði ekki gleymt, við skuldam hon- um skýr svör og heitum á hæstv. ríkisstjórn að sinna þess- um málaflokki. Til þess er málið flutt, og við stöndum heils hugar á bak við það að reynt verði að fara þessa leið. Ef ekki þá verði þessum hópi að minnsta kosti sinnt sérstak- lega í gegnum almennu aðgerðirnar þannig að hann fái úr- lausnir í samræmi við aðra og losi sig þannig úr skuldafjötr- um.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og efn.- og viðskn.

**Þingfrestun.****Forseti (Einar K. Guðfinnsson):**

[16:45]

Hv. alþingismenn. Komið er að lokum síðasta fundar Alþingis á þessu 142. löggjafarþingi. Samkomulag varð um það milli þingflokka á sumarþinginu að efna til þessara septemberfunda áður en nýtt þing kæmi saman en 143. löggjafarþing verður sett þriðjudaginn 1. október, eftir tæpar tvær vikur. Þá verður fjárlagafrumvarp lagt fram, svo sem kveðið er á um í 42. gr. stjórnarskrárinnar, en í fyrsta sinn mun þá reyna á nýtt ákvæði þingskapa um að samhliða fjárlagafrumvarpi verði lögð fram frumvörp um breytingar á lögum sem útgjöld og tekjur fjárlagafrumvarpsins byggjast á.

Frá upphafi lá ljóst fyrir að þinghaldið að þessu sinni stæði alls í sex daga og það hefur staðist. Hér hafa farið fram málefnalegar umræður um fjölmörg mál innan þess nauma stakks sem þinginu var skorinn. Þó svo að pólitískur ágreiningur hafi komið skýrt fram í umræðum einkenndust þær af hófstillingu og málefnalegu innleggi þingmanna. Þá hafa nefndir starfað jafnt að úrvinnslu þingmála sem til þeirra var vísað og undirbúningi verkefna vegna lagasetningar sem gera má ráð fyrir að verði á dagskrá þingsins á komandi vetri. Ekki er vafi á því að þetta mun verða til gagns við þingstörfin sem hefjast í byrjun næsta mánaðar.

Á þessum stutta tíma nú á haustdögum hefur Alþingi verið starfsamt. Fimmtán óundirbúnum fyrirspurnum hefur verið svarað. Fram hafa farið fimm sérstakar umræður á þeim sex þingdögum sem hér hafa verið. Lögð var áhersla á það af forseta að allir þingflokkar sem þess óskuðu ættu þess kost að hefja slíka umræðu og gekk það eftir. Þá bárust sex skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum sem bornar voru upp á sumarþingi. Fjögur frumvörp voru lögð fram og tvö þeirra hafa orðið að lögum. Loks voru fjórar þingsályktunartillögur auk þingfrestunartillögu lagðar fram. Mælt var fyrir þremur þeirra og þeim vísað til viðeigandi þingnefndar auk þingfrestunartillögunnar sem hefur verið afgreidd. Nefndafundir voru um það bil 35 og stóðu í 47 klst. samtals. Einnig fóru nokkrar nefndir í vettvangsferðir og heimstóttu stofnanir og fyrirtæki.

Ég vil við lok þessa fundar þakka hv. alþingismönnum samstarfið og þá sérstaklega varaforsetum, formönnum þingflokka og formönnum stjórn málaflokkanna. Starfsfólki Alþingis þakka ég sömuleiðis fyrir þeirra mikilvægu störf.

[16:47]

**Fjármála- og efnahagsráðherra (Bjarni Benediktsson) (S):**

Forseti Íslands gjörir kunnugt:

„Ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 142. löggjafarþings, frá 18. september 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2013.

Gjört á Bessastöðum, 16. september 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.

---

 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég því yfir að fundum Alþingis 142. löggjafarþings er frestað.

Ég óska alþingismönnum, starfsmönnum þingsins og landsmönnum öllum allra heilla.

---

 Fundi slitið kl. 16:49.